a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
b. Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþágu er veitt fyrir. Gjaldið sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum, og skal upphæð þess við það miðuð.

c. Skylt er hundeigenda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
e. Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski ekki ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara, til óþæginda.
f. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.
g. Skráðum bændum skal heimilt að halda hunda án gjalds og einnig er leyfilegt að skrá viðurkennda veiðihunda án gjalds.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hofsóshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. janúar 1975.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Þórunn Klemenzdóttir.

30. janúar 1975. Nr. 36.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Stóra-Langadalsár og Setbergsár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Stóra-Langadalsár og Setbergsár.
Heimili þess og varnarþing er í Skógarstrandarhreppi í Snæfellsnesssýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Stóra-Langadalsá og Setbergsá en þær eru: Narfeyri, Ytra-Leiti, Stóri-Langidalur, Klettakot, Haukabrekka, Klungurbrekka, Litli-Langidalur ytri, Litli-Langidalur fremri, Setberg og Ós.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangveiða.
Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Félagið starfar í tveimur deildum. Skal önnur deildin vera fyrir Stóra-Langadalsá, en hin deildin fyrir Setbergsá. Skal hvor deild sjá um sérmál sín, hún ráðstafar veiði í sínu umdæmi með þeim takmörkunum, sem aðalfundur félagsins setur.

5. gr.

Stjórn hvorrar deildar skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundum deilda til þriggja ára í senn, fyrir marslok ár hvert. Stjórnarmenn þessir ganga úr stjórn á víxl þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár.

Hvor deild skal hafa skýrslur og greinargerðir tilbúnar þremur vikum fyrir aðalfund félagsins.

6. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formenn beggja deilda, og þriðji maður, sem skal kosinn á aðalfundi félagsins, til þriggja ára í senn. Kjósa skal tvo varamenn til tveggja ára í senn og tvo endurskoðendur, einnig til tveggja ára, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

Nú hlýtur stjórnarmaður, varamaður eða endurskoðandi kosningu sem formaður í annarri hvorri deild félagsins, og kýs þá aðalfundur nýjan mann í hans stað.

Aðalfundur kýs formann félagsins úr hópi stjórnarmanna.

7. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

8. gr.

Aðalfund skal halda fyrir aprílok ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

9. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

10. gr.

Aðri af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

11. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. janúar 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

5. febrúar 1975. Nr. 37.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Matthildar Sveinsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. febrúar 1975.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Matthildar Sveinsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Matthildar Sveinsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt fyrirmælum í erfðaskrá Matthildar Sveinsdóttur, Bræðraborgarstíg 55, Reykjavík, dags. 29. febrúar 1972.

3. gr.

Stofnframlag sjóðsins er kr. 100 000.00, er lagt skal fram af eigum dánarbús Matthildar Sveinsdóttur. Söluandvirði íbúðar dánarbúsins að Bræðraborgarstíg 55, Reykjavík skal lagt við höfuðstól sjóðsins, þegar hún verður seld svo og aðrar eigur er kynnu að verða eftir, að loknum endanlegum skiptum dánarbúsins.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í sparisjóði eða banka á Akranesi og þar skal sparisjóðsbókin geymd, eða í ríkistryggðum verðbréfum.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja eldri konur, ógiftar eða einstæðar á Akranesi til að geta búið út af fyrir sig, eða til að greiða mismun þann, sem þarf til að geta búið í eins manns herbergi á elliheimili.

Komi það fyrir, að ekki sé þörf fyrir styrkinn handa slíkri konu eða konum, má nota hann til hjálpar blindum, eða lömuðum og fötluðum á Akranesi.

6. gr.

Árlega má nota ⅘ hluta vaxta sjóðsins, en ⅕ hluti vaxta skal ætíð leggjast við höfuðstól sjóðsins. Sé sjóðurinn ekki það stór, að að gagni megi koma, verður hann að vera óhreyfður á vöxtum, þar til að gagni megi koma.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum: Presti þjóðkirkjunnar á Akranesi (aðalprestinum, ef fleiri eru en einn), Sturlaugi Böðvarssyni, systursyni Matthildar, eða að honum látnum, elsta afkomanda hans, karli eða konu, búsettum á Akranesi, og þriðji aðili skal tilnefndur af þessum tveimur og skal hann vera úr stjórn Kvenfélags Akraness, I. O. G. T. á Akranesi eða öðru líknarfélagi á staðnum. Sjóðstjórnin ákveður hverju sinni úthlutun úr sjóðnum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal hafa á hendi reikningsskil hans og sömuleiðis halda gjörðabók um úthlutanir.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á þessari skipulagsskrá.

Reykjavík, 30. janúar 1975.

f. h. sjóðstjórnar
Benedikt Sveinsson, hrl.

Nr. 38. 31. janúar 1975.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Patrekshrepps.

TAFLA I. Orku- og aflverð, fastagjöld og mælaleigur.

Númer gjald-skrárl.	Heiti gjaldskrárliða með skýringum	Orku-verð kr/kWst.	Fastar greiðslur í kr.		Númer á mælal.
			Daggreiðslur	Ársgr.	
	A — LÝSING				
1.1.	án fastagjalds	26,30			0 1
1.2.	með fastagjaldi	10,65	0,20/m²	73	0 1
1.3.	Götur og Patrekshöfn	7,05			0 3
	B — HEIMILI				
2.1.	með fastagjaldi	6,50	2,45/herbergi	895	0 1
2.2.	— 3 —	2,50	0,78/amper	285	0 1
2.3.	— / —	1,40	1,56/amper	888	0 3
2.3.	— / —	0,87	3,12/amper	1.339	0 3
	C — IÐNAÐUR OG VERSLUN				
3.1.	smávélar	10,65			0 2
3.2.	stór notkun	2,12	18,65/kW (C 9)	6.807	0 4
	D — HITUN				
4.1.	án rofs	3,45			0 1
4.2.	með rofi, 2 kl/á dag	2,40			0 3
4.3.	með rofi, 3 kl/á dag	1,40			0 3
4.3.	með rofi, 14 kl/á dag	0,87			0 3
	F — ANNAÐ				
5.1.	Sérsamningar				
5.2.	Lokun og enduropnun veitu, útsending lokunarmanns	538,00	á reikning		
	MÆLALEIGUR				
0 1	Einfasa almenn án stjórnt.		2,60/mælingu	950	
0 2	Einfasa með stjórntækjum og þrífasa án stjórnt.		4,10/mælingu	1.500	
0 3	Þriggja fasa m/stjórnt.		8,15/mælingu	2.975	
0 4	Þriggja fasa m/aflmælingu		15,45/mælingu	5.340	

UPPLÝSINGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI

1. **Mælieiningar raforku eru kílówattstundir (kWst.) og kílówött (kW.). Þó er heimilt að miða mælingu við voltamper (VA.) ef raunstuðull á mælistað verður** lægri en 0.8.
2. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má miða aflúttak við 80% af uppsettu afli.
3. Auk fyrrnefndra mælieininga er reiknað fast lágmarksgjald, er miðast við stærð húsnæðis. Í íbúðarhúsnæði miðast gjaldið við fjölda herbergja, en fermetrafjölda í öðru húsnæði, þar sem það á við.
4. Notkun eftir gjaldskrárliðum A- 1.2 og C- 3.1, má mæla með sama mæli og einnig notkun B- 2.1 og D- 4.1 til 4.4.
5. Rafveitunni er heimilt að áætla notkun notenda í samræmi við meðalnotkun hans og innheimta greiðslur samkvæmt þeirri áætlun.
6. Ef reikningur samkvæmt gjaldskrá er ekki greiddur fyrir 15. dag næsta mánaðar eftir að álestur fór fram, er rafveitustjóra heimilt að innheimta vexti af skuldinni. Vextir reiknast mánaðarlega og miðast við yfirdráttarvexti á almennum hlaupareikningum.
7. Tengigjöld greiðast þegar tengingu er lokið.
8. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd, svo að til lokunar hafi komið, eða lokunarmaður sendur út, skal taka gjald kr. 500.00 á hverja innheimtu (reikning) sem krafin er. Ef óskað er eftir opnun utan venjulegs dagvinnutíma, skal gjaldið vera helmingi hærra (kr. 1000.00). Lokunarmaður tekur ekki við greiðslu.
9. **Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafar**laust, og eigi opnuð aftur fyrr en úr hefur verið bætt og notandinn hefur greitt fyrir kr. 500.00 á skrifstofu rafveitunnar.
10. Raforkusala til hitunar er háð flutningsgetu kerfisins að dómi rafveitustjóra og fyrirmælum hans um tengingu og búnað hitunartækja, svo sem að notandi kosti segulrofa fyrir hitalagnir. Rafmagnsofnar og önnur hitatæki skulu vera fasttengd. Rafveitustjóri ákveður stillingu á rofaklukkum.

11. **Tenging við veitukerfið.**

Í samræmi við umsókn, ákveður rafveitustjóri stærð, gerð og búnað tengingar (heimtaugar) eða spennistöðvar. Stofngjöld tenginga samkvæmt töflu II. miðast við 3ja fasa jarðlínutengingu og notkunarstaði á skipulögðum svæðum, og að umsækjandi hafi fengið byggingarleyfi án kvaða. Rafveitunni skal sent afrit eða ljósrit af byggingarleyfum.

Ef lengd heimtaugar fer yfir 15 metra, reiknast yfirlengdargjald samkvæmt **töflu II. Er þá mælt frá stofnvara notanda, eftir greiðfærri leið, að lóðarmörkum** við götu.

Bráðabirgðatenging, breyting á tengingu, viðbótartenging eða aukning á flutningsgetu tengingar og tenging utan skipulagðra svæða, greiðist samkvæmt útlögðum kostnaði.

Tenging um loftlínu skal vera 20% ódýrari en greint er í töflu II.

Ef loftlínu er breytt í jarðlínuheimtaug, skal greitt fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnum kostnaði hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.

Ef setja þarf spennistöð, sem að mestu leyti er í þágu eins notanda, skal **hann leggja til lóð og húsnæði fyrir stöðina, sem fullnægir settum reglum um** gerð og frágang spennistöðva, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Þegar um er að ræða tengingu á nýjum húsum, ber væntanlegum notanda að fá samþykki rafveitunnar fyrir staðsetningu og fyrirkomulagi tengingarinnar (heimtaugarinnar), áður en byggingarframkvæmdir hefjast. Ef svo er **ekki gert, er rafveitunni heimilt að krefja notanda um greiðslu á sannanlegum aukakostnaði sem hún hefur lagt í vegna þessa, auk heimtaugargjaldsins.**

Séu aðstæður að einhverju leyti óvenjulegar, er varða **tengingu** við veitukerfið, er heimilt að krefja aukagjalds.

Rafveitunni er ekki skylt að leggja heimtaug á tímabilinu frá 1. des. til 1. maí nema ef notandi samþykkir að greiða þann umframkostnað sem af frosti í jörðu kann að leiða.

TAFLA II. Tenging við veitukerfið/ heimtaugargjöld.

Málstraumur stofnvara/spenna	Stofngjöld tenginga eða heimtauga	Yfirlengdargj. eða kostnaður kr./meter
63 amp. 220/380 volt	kr. 26 905	1 076
100 — 220/380 —	— 32 285	1 345
125 — 220/380 —	— 39 460	1 616
200 — 220/380 —	— 62 780	2 153
300 — 220/380 —	— 125 555	2 690

Tenging með meiri flutningsgetu eða annari spennu, greiðist samkvæmt kostnaði.

SKÝRINGAR MEÐ TÖFLU I

A. Lýsing.

1.1 Lýsing án fastagjalds. Taxti fyrir alla notkun, sem ekki er seld undir öðrum liðum í þessari gjaldskrá.

1.2 **Lýsing** með fastagjaldi af stærð húsnæðis. Taxtinn aðallega ætlaður **fyrir** verslanir, vinnustofur, skrifstofur og þ. h. staði. Tveir fermetrar jafngilda einum í göngum, geymslum og þvílíkum stöðum.
Eftir þessum gjalrskrárlið má selja rafmagn til **notkunar** á **vinnustöðum** meðan á byggingu stendur, án fastagjalds.

B. Heimili.

2.1 Fastagjaldið miðast við stofur, hol, svefnherbergi og eldhús, 5—25 m², ef herbergi eru minni, reiknast hálft gjald, en af stærri tvöfalt.

Ef um smáatvinnurekstur er að ræða, er fær raforku um heimilismælinn, þá reiknast þar tvöfalt fastagjald samkvæmt lið 1.2 og eftir sömu reglum.

C. Iðnaður og verslun.

3.1 **Fyrir** litlar vélar og tæki í verslun og iðnaði. Þegar rafmagn til ljósa (taxti 1.2) er mælt með sama mæli, reiknast fast gjald af m² gólffletar samkvæmt þeim taxta.

3.2 Afl og orkumæling. Gjaldstofn fastagjalds er aflúttak í kílówöttum (kW C- 9 á reikningum rafveitunnar). Ársafl reiknast hæsta meðalafl mælt í 15 mínútur.

Ársafl reiknast aldrei lægra en 3 kW þegar um hreina vélanotkun er að ræða, en lágmark 10 kW ef raforka til ljósa er einnig seld um sama mæli. Reiknast þá til viðbótar fastagjald samkvæmt lið 1.2, þar sem lýsing er. Heimilt er að takmarka aflúttak samkvæmt þessum lið í allt að 2 klst. á dag á mestu álagstímum.

D. Hitun.

4.1 Heimilt er að selja órofna heimilisnotkun (B—2.1) um sama mæli og D—4.1 til 4.4, reiknast þá til viðbótar fastagjald 4.4 samkvæmt taxta B—2.1 sinnum 5 (1.75×5 á herbergi á dag).

F. Annað.

5.1 Sérsamningar. Ef sérstaklega stendur á, getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis um stundarsakir, að því tilskyldu, að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

Hreppsnefnd ákveður greiðslur fyrir gatna- og hafnarlýsingu, að fengnu áliti rafveitunefndar. Einnig greiðslu fyrir stofn- og viðhaldskostnað götulýsingar.

Ýmis ákvæði.

Söluskattur 15%, 1% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðarhitunar, 2% til niðurgreiðslna á landbúnaðarafurðum og 13% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, samtals 32%, eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í töflu I, þessarar gjaldskrár.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að gilda sbr. heimild í auglýsingu nr. 7 23. janúar 1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 245 30. júlí 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 31. janúar 1975.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

31. janúar 1975. Nr. 39.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.

Smásöluverð.

I. GJALDSKRÁRLIÐIR

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

11.	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	36.00 á kWst.
12.	Fast gjald	—	F1 + F2
	Orkugjald	—	19.40 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

21.	Fast gjald	—	F1 + F3
	Orkugjald	—	9.30 á kWst.

Markmæling:

23.	Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	kr.	49 000.00 á ári
	Aflgjald umfram 4 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	6 635.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	1.35 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	9.30 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

31.	Fast gjald	—	F1 + F2
	Lágmarksgjald	—	48 × F1 á ári
	Orkugjald	—	19.40 á kWst.
32.	Aflgjald, lágmark 3 kW	—	36 000.00 á ári
	Aflgjald, umfram 3 kW	—	9 710.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1 + F3
	Orkugjald	—	3.60 á kWst.
34.	Til súgþurrkunar á tímabilinu frá 1. júní til 31. október:		
	Aflgjald	—	3 620.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	1.50 á kWst.

4. Húshitun.

41.	Fast gjald	—	F1 + F4
	Orkugjald	—	5.05 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
42.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1 + F4
	Orkugjald	—	2.14 á kWst.
	Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		

Markmæling.

43.	Fast gjald	—	F1
	Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	—	15 720.00 á ári
	Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	3 144.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	1.20 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	9.30 á kWst.
	Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		
44.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1 + F4
	Orkugjald	—	1.10 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. að degi til.		

5. Utanhússlýsing.

51.	Fast gjald	—	F1
	Fyrir hvert götuljósker	—	5 × F1 á ári
	Orkugjald	—	4.40 á kWst.
52.	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	9.50 á kWst.

6. Lokun fyrir veitu.

Gjöld fyrir lokun og enduropnun á veitu vegna vanskila eru samtals kr. 1 730.00 fyrir hvert skipti.

II. SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Föst gjöld.

F1	.....	kr.	280.00	á mánuði
F2	a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. ..	—	10.40	á m^2 á mán.
	b) Gangar, geymslur o. þ. h.	—	5.20	á m^2 á mán.
F3	.....	—	110.00	á gjaldeiningu á mánuði.

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili. Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki gangar, baðherbergi né geymslur. Herbergi 5 ferm. eða minna reiknast hálft, en 25 ferm. eða stærra tvö.

b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h. 20 ferm., mælt innan útveggja.

c) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 ferm. eða minna, ein gjaldeining. Hverja næstu 100 ferm., ein gjaldeining.

d) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 ferm. fyrir vinnslurúm, 40 ferm. fyrir geymslurúm.

F4	Hvert uppsett kW	kr.	600.00	á ári

2. Mestaaflsmæling.

1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalálag.
2. Gjaldskrárliður 32.
Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskylt afl meðaltal tveggja hæstu álestra.
Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

3. Véla- og tækjaálag.

1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku meðan fasviksstuðull er undir 0.8.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni. Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F4.

4. Verð til hitunar.

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð díselolíu í Reykjavík til olíukyndingar kr. 13.70 hver lítri. Við hverja 10 aura útsöluverðsbreytingu, frá grunnverði reiknað á kyndingarolíu skal hitaverð lækka eða hækka hver kWst. um 4.0 aura á gjaldskrárlið 41, 1.7 aura á lið 42, 1.5 aura á lið 43 og 0.9 aura á lið 44. Einnig skal kWstgjald á gjaldskrárlið 23 lækka eða hækka um 1 eyri hver kWst., við sömu verðbreytingu á olíu.

5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis samkv. ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á díselstöðvarsvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskrám um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins.

IV. ANNAÐ

Söluskattur og hliðstæð gjöld 19% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWstgjaldi á gjaldskrárlið 23. Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða. Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. febrúar 1975, sbr. auglýsingu nr. 7 23. janúar 1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 324 23. október 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 31. janúar 1975.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 40. 31. janúar 1975.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Miðneshrepps

I. RAFORKA

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 33.63 hverja kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á kr. 16.65 hverja kwst. auk fastagjalds, sem er kr. 102.45 á hvern fermeter gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 50.50 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á kr. 8.61 hverja kwst. auk mælaleigu.

C. Vélanotkun o. fl.

1. Um kwst.mæli á kr. 16.65 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 9 407.00.
2. Vélanotkun til bráðabirgða um kwst.mæli á kr. 16.65 hverja kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kw:
   a) Um kwst.mæli á kr. 2.80 hverja kwst. auk fastagjalds kr. 9 407.00. Notað afl telst vera mesta meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung á kw.
   b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kwst.mæli á kr. 2.80 hverja kwst. auk fastagjalds kr. 8 902.00 á hvert kw. í málraun uppsettra véla á árinu.

   Heimilt er að rjúfa straum í allt að þrem stundum á dag samkv. þessum gjaldskrárlið (C-3) kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.
4. Um afl- og orkumæli:
   a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 9 407.00 á kw. á ári.
   b) Af allri notkun kr. 2.80 hverja kwst.

   Samkvæmt þessum gjaldskrárlið heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósanotkunar kr. 103.00 á hvern ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 41.00 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 81.00 á hvern ferm. á ári.

D. Hitun án söluskatts frá 1. des. 1973.

1. Um kwst.mæli á kr. 4.20 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 2.22 hverja kwst.
3. Um afl- og orkumæli:
   a) Á kr. 2.22 hverja kwst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á árinu kr. 1 745.00 hvert kw.
   b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.
4. Um kwst.mæli á 1.15 kr. hverja kwst. með rofi frá kl. 8—23.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 10.21 hver kwst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 16.65 hver kwst.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á kr. 3.11 hver kwst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til 22.00 eða um tvígjaldsmæli á kr. 2.39 hver kwst. á tímanum frá kl. 22.00 til 8.30 og kr. 8.10 hver kwst. frá kl. 8.30 til 22.00.

Til gatna- og hafnarlýsingar svo og vinnulýsingar við nýbyggingar og aðrar mannvirkjagerð á kr. 16.65 hver kwst.

Alla rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum 60 amp. og minni	kr. 50.00	á mán.
2.	Af þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 61.00	- —
3.	Af þrífasa mælum 50 amp. og 100 amp.	— 102.00	- —
4.	Af þrífasa mælum 100 amp. og yfir	— 173.00	- —
5.	Af mestaaflsmælum 100 amp. og minni	— 161.00	- —
6.	Af mestaaflsmælum yfir 100 amp.	— 305.00	- —
7.	Af álagsstýriliðum minni gerð	— 173.00	- —
8.	Af álags- og stýriliðum stærri gerð	— 305.00	- —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal leigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld miðast við aflþörf notanda, sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugargjald ákveðst þannig:

Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafl kva.	Heimtaugargjald kr.
3 × 60	22	38 730.00
3 × 100	38	57 100.00
3 × 200	75 sp.	112 110.00
3 × 350	132	183 500.00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í, svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum, enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr.	8 160.00
Fyrir 60 amp. þrífasa	—	10 210.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar, skal notandinn greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu eða óveður há útivinnu. Sé um óskipulögð svæði að ræða eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður skal greiða heimtaugargjald samkv. reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandinn greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar, svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 1 220.00 á hvern mæli.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 1 220.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR O. FL.

Söluskattur er innfalinn í gjaldskránni svo og viðlagagjald og verðjöfnunargjald nema annað sé ákveðið.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að gilda sbr. heimild í auglýsingu nr. 7 23. janúar 1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 343 28. október 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 31. janúar 1975.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

31. janúar 1975. Nr. 41.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

11. Um kwst.mæli á kr. 34.00 hverja kwst.
12. Um kwst.mæli á kr. 14.50 á hverja kwst. auk fastagjalds af gólffleti í rúmi því, er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

a) Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 11.40 á ferm. á mánuði.
b) Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. l. kr. 5.80 á ferm. á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kwst.mæli kr. 8.50 á hverja kwst. auk fastagjalds er nemi kr. 63.00 á mánuði af hverju herbergi.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, hol og eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm., telst sem hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun.

31. Um einn kwst.mæli þannig: Á kr. 23.40 kwst.ársnotkun.
32. Til matvælaiðnaðar, ef uppsett vélaafl fasttengdra véla er yfir 1.0 kwst.:
    a) **Kr. 6.90 hver kwst.**, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
    b) Kr. 9.30 hver kwst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.
    c) Um afl- og orkumæla (mestaaflsmæla) þannig reiknað:
    Aflgjald af notuðu afli kr. 9 370.00 á kw. á ári.
    Orkugjald af allri orkunotkun kr. 3.24 á kwst.
    d) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:
    Um kwst.mæli á kr. 3.24 hverja kwst., auk fastagjalds, kr. 7 400.00 á ári fyrir hvert kw. í málraun véla.

D. Hitun.

41. Til húshitunar um kwst.mæli kr. 4.00 hver kwst.
42. Til húshitunar um kwst.mæli kr. 2.11 hver kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.
43. Til húshitunar um kwst.mæli kr. 1.90 enda megi rjúfa strauminn í allt að 4½ klst. á tíma mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.

Önnur skilyrði fyrir rafnotkun til hitunar.

a. Að vélarafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli kr. 14.50 hver kwst.
2. Til götu- og hafnarlýsingar kr. 3 830.00 á ári hvert ljósker, enda kosti rafveitan nýbyggingar, rekstur og viðhald ljósakerfisins.
   Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1.
   Þegar sérstaklega stendur á er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.

Greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum 50 amp. og minni	kr. 63.00	á mán.
2.	Af þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 65.00	- —
3.	Af þrífasa mælum 50—100 amp.	— 90.00	- —
4.	Af mestaaflsmælum 100 amp. og minni	— 160.00	- —
5.	Af mestaaflsmælum stærri en 100 amp.	— 200.00	- —

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði mælitækja.

Leigan innheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

		Stofngjald kr.	Lengdargjald kr.
1.	60 A 1-fasa	3 240.00	1 380.00
2.	60 A 3-fasa	3 240.00	1 680.00
3.	100 A 3-fasa	9 600.00	1 900.00
4.	200 A 3-fasa	33 000.00	2 890.00

Lengd heimtaugar reiknast í heilum metrum frá lóðarmörkum eða næsta útitengikassa að stofntengikassa hússins. Rafveitan ákveður legu heimtaugar.

Gjaldskrá þessi gildir á skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitinga- og bílskúra greiðast eftir reikningi.

Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir reikning, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 300.00.
2. Ef fundin er óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandi hefur greitt kr. 300.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Innifalið í gjaldskrá þessari er 19% söluskattur og 13% verðjöfnunargjald. Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi skv. heimild í auglýsingu nr. 7 23. janúar 1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 344 4. nóvember 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 31. janúar 1975.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

31. janúar 1975. Nr. 42.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.

Heildsöluverð.

Gjaldskrá þessi er miðuð við afhendingu raforkunnar með 6—11 kV spennu og mælingu hennar á þeirri spennuhlið.

Gjaldskráin gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæðis þeirra.

Einnig er heimilt að selja öðrum raforkukaupendum samkvæmt þessari gjaldskrá, enda sé þá greitt fyrir minnst 800 kW afl og fyrir 6—11 kV aðfærsluveitu frá aðalkerfi Rafmagnsveitna ríkisins, miðað við fjarlægð, aflnotkun og samningsbundna tímalengd notkunar.

Rafmagnsveitunum er heimilt að afhenda orkuna á hærri spennu en gjaldskrá þessi miðast við, enda sé um það gerður sérstakur samningur á milli Rafmagnsveitnanna og þess kaupanda, sem í hlut á.

Rafmagnsgjald.

Aflgjald	5 843 krónur á árskW
+ Orkugjald:	
Fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klst. nýtingartíma á árskW	185.1 eyrir á kWst.
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	107.0 aurar á kWst.
Fyrir notkun umfram 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	53.5 aurar á kWst.

Aflmæling.

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálagstoppa ársins, mældra sem 30 mínútna meðalálag á afhendingarstað.

Ársnýting.

Ársnýtingartími á klst. er raforkunotkun eins almanaksárs í kWst. deild með þeim álagstoppi á kW, sem greiða skal fyrir.

Ákvörðun aflgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs, og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

Fasviksstuðull.

Gjaldskráin miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0.85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi, skal kílówattstundarverð skv. 2. grein umræddS mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir slíkt lágmark.

Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans miðað við umsamið afl og áætlaða orku og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur. Mánaðargreiðslurnar falla í gjalddaga fyrsta dag hvers mánaðar eftir á, og eindagi er í lok þess mánaðar. Lánavextir greiðist af fyrsta mánuði skuldar en vanskilavextir eftir eindaga, hvort tveggja samkvæmt almennum reglum Seðlabanka Íslands um hæstu leyfilegu vexti á hverjum tíma.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynnt skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda, sbr. 76. gr. Orkulaga nr. 58/1967.

Önnur ákvæði.

Um önnur ákvæði gildir reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins. Hvorki verðjöfnunargjald né söluskattur er innifalinn í verðinu.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58/1967 og staðfestri reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins frá 1968 til að taka gildi 1. janúar 1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis frá 14. maí 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 31. janúar 1975.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

3. febrúar 1975. Nr. 43.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Sauðárkróks

I. RAFORKA

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1. Til almennrar lýsingar um kwst. mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 33.30 á kwst.

1.2. Til almennrar lýsingar um kwst. mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 11.90 á kwst.
Fastagjald af gólffleti í rúmi því, er lýsa skal:
Verslanir, skrifstofur, vinnustaðir o. þ. h. ..... — 175.00 á m² á ári
Geymslur og gangar þeim tilheyrandi ..... — 57.70 á m² á ári

1.3. Til hafnarlýsingar um kwst mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 9.55 á kwst.

1.4. Raforku til ljósa í beituskúrum má selja án mælis .. — 24.586 árskw.
enda sé spennan 32 volt og skriflegur samningur gerður um notkunina.

2. Almenn heimilisnotkun.

2.1. Um kwst. mæli þannig reiknað:
a. Grunngjald ..... — 57.50 á mán.
b. Orkugjald af allri notkun ..... — 7.55 á kwst.
c. Fastagjald af hverju herbergi ..... — 57.50 á mán.

Við útreikning á herbergjagjöldum, skal telja öll herbergi sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m², eða minna, reiknast hálft, en 25 m² eða stærra, tvö.

3. Vélanotkun.

3.1. Um kwst. mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 19.00 á kwst.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til lýsingar, og reiknast þá að auki fermetragjald af gólffleti eftir sömu reglum og gilda um lið 1.2., en er þriðjungi lægra.

Raforku til nota um vinnulagnir meðan á byggingu stendur má selja um kwst.mæli eftir þessum gjaldskrárlið. Þá eru engin fastagjöld reiknuð önnur en mælaleiga samkvæmt kafla II.

3.2. Um afl og orkumæla:

Fastagjald	kr. 8 568.00	á ári
Orkugjald	— 2.89	á kwst.
Aflgjald af notuðu afli, lágm. 2 kw.	— 8 568.00	á ári á kw.

Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið.

Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2., og lágmarksaflgjald, sem svarar 20 kw.

3.3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kwst. mæli:

Fast gjald	kr. 8 568.00	á ári
Orkugjald	— 2.89	á kwst.
Fastagjald, miðað við málraun véla, lágmark 2 kw.	— 7 100.00	á ári á kw.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

4. Hitun.

4.1. Til húshitunar, roftími 2 × 1.5 klst. á dag, um kwst. mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald án söluskatts	— 2.14	á kwst.

4.2. Önnur hitanotkun, roftími 2 × 1.5 klst. á dag, um kwst. mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald	— 2.71	á kwst.

4.3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. á dag, um kwst. mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald	— 2.20	á kwst.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:
Minnsta ársnotkun sé 6 000 kwst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um mæla.
c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minna	kr. 45.00	á mán.
2. Af þrífasa mælum 50 amp. og minna	— 75.00	á mán.
3. Af þrífasa mælum 50—100 amp.	— 105.00	á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verðmæti mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengs heimtaugar fram úr 15 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara:	Jarðstrengur Lágmark kr.	Yfirlengd kr./m
63 A 1-fasa	31 800.00	1 040.00
63 A 3-fasa	41 160.00	1 200.00
100 A 3-fasa	48 960.00	1 400.00
125 A 3-fasa	59 600.00	1 700.00
200 A 3-fasa	78 900.00	1 880.00
300 A 3-fasa	164 500.00	2 640.00

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir greiðist samkvæmt kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stystu greiðfærri leið að lóðarmörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínudreifistöð.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkvæmt kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 600.00.
2. Ef fundin er við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 600.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Söluskattur 15%, 1% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðarhitunar, 2% til niðurgreiðslna á landbúnaðarafurðum og 13% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, samtals 32%, eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I og II kafla gjaldskrár þessarar, nema annars sé sérstaklega getið.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi skv. heimild í auglýsingu nr. 7 23. janúar 1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 326 24. október 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 3. febrúar 1975.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu- Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing.

11.	Til almennrar lýsingar um kwst.mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	33.00 á kwst.
12.	Til almennrar lýsingar um kwst.mæli: Orkugjald	—	9.80 á kwst.
	Fastagjald af gólffleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja:		
	Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	160.00 á m² á ári
	Geymslur og gangar þeim tilheyrandi	—	60.00 á m² á ári
13.	Til götulýsingar um kwst.mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	9.80 á kwst.
14.	Til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	16.50 á kwst.

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

21.	Til heimilisnotkunar um kwst.mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	7.40 á kwst.
	Fastagjald af hverju herbergi	—	660.00 á ári
	Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálft, en 25 m² eða stærra tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð.		
22.	Til matargerðar í gisti- og veitingastöðum og öðrum slíkum stöðum, enn fremur súgþurrkunar, enda séu öll tæki fasttengd, um kwst.mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	7.40 á kwst.

3. Vélanotkun o. fl.

31.	Um kwst.mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	16.50 á kwst.
	Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12, en þriðjungi lægra.		

32. Um afl- og orkumæla:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 2.50 á kwst.
Aflgjald, lágmark 2 kw. ..... — 25 440.00 á ári
Aflgjald, umfram 2 kw. ..... — 8 480.00 á kw. á ári
Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili. Aflnotkunin mælist sem meðalálag yfir 15 mín.
Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12 og lágmarksaflgjald af 20 kw.

33. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kwst.mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 2.50 á kwst.
Aflgjald, lágmark 2 kw. ..... — 21 952.00 á ári
Aflgjald af uppsettum kw. í málraun véla umfram 2 kw. ..... — 6 736.00 á kw. á ári
Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8, getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

41. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag.
Um kwst.mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 4.44 á kwst.

42. Til húshitunar, roftími 2×1½ klst. á dag.
Um kwst. mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 1.88 á kwst.

43. Til húshitunar, roftími allt að 15 klst. að degi til.
Um kwst.mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 1.13 á kwst.

44. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. að degi til.
Um kwst.mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 2.22 á kwst.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að aflnotkun hitunar sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.

c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt reglum er gilda um leigu mæla.
d. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða mælaleigu sem hér segir:

1. Af einfasa kwst.mælum 40 A og minni ..... kr. 528.00 á ári
2. Af þrífasa kwst.mælum 50 A og minni ..... — 1 188.00 á ári
3. Af þrífasa kwst.mælum yfir 50 A og til 100 A ..... — 1 332.00 á ári

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, enn fremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 11% af verði tækjanna.

II. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun	Heimtaugargjald kr.	Yfirlengdargjald Jarðstr. kr/m	 Loftl. kr/stólpa
63 A 1-fasa	31 800.00	1 040.00	13 200.00
63 A 3-fasa	41 160.00	1 200.00	15 300 00
100 A 3-fasa	48 960.00	1 400.00	17 500.00
200 A 3-fasa	78 900.00	1 880.00	
315 A 3-fasa	164 500.00	2 640.00	
300 kVA sp.	230 300.00	Samkv. kostnaði.	
500 kVA sp.	381 600.00	— —	

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum eða næsta útitengikassa að stofnvarkassa (eða stofntengikassa) hússins. Rafveitan ákveður legu heimtaugar.

Í nýjum byggingahverfum er rafveitunni heimilt að jafna yfirlengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Þegar stækka þarf heimtaug eða spenni vegna ákveðins notanda, skal hann greiða mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Heimtaugargjald bráðabirgða-heimtauga í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greitt sem hér segir:

63 A 1-fasa ..... kr. 6 700.00
63 A 3-fasa ..... — 9 400.00

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal tekið yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaði.

Heimtaugargjald skal greitt áður en straum er hleypt á heimtaug.

Ýmis ákvæði.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 4 660.00 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrsta árshelmingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 650.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt gjald kr. 650.00 til rafveitunnar.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni, svo og viðlaga- og verðjöfnunargjald, nema af seldri raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi sbr. heimild í auglýsingu nr. 7/1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 305 9. október 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 14. febrúar 1975.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

5. febrúar 1975. Nr. 45.

SAMÞYKKT

um stjórn Grindavíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Grindavíkur er skipuð 7 bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 18, 10. apríl 1974.

2. gr.

Bæjarstjórn Grindavíkur er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn og skal engu máli, er varðar sérstaklega hagsmuni hans til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.
   1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið, enn fremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
   2. Bæjarstjórn á að hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun, eða samkv. annarri ákvörðun bæjarstjórnar.

3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.

4. Bæjarstjórn skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.

B. Bæjarstjórn hefur yfirumsjón verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk, eftir því sem ástæða þykir til.

C. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum svo og endurskoðendur reikninga bæjarins, enn fremur skipar hún fasta starfsmenn skv. þeim reglum, sem um getur í 39. gr.

D. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður gjaldskrá bæjarfyrirtækja eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

II. KAFLI
Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmings bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð, skal kjósa að nýju og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest fengu atkvæðin.

Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum uns kosinn hefur verið forseti. Ef hvorugur forseti er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr, eða varaforseti, eða verður varanlega forfallaður frá störfum í bæjarstjórn áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók, og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Forseti sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.

5. gr.

Bæjarstjórn kýs sér tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar, og hafa skrifarar í samráði við forseta eftirlit með því, að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal geta þess, hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók, og skulu viðstaddir fulltrúar undirrita hana. Hver sá fulltrúi, sem eigi er sammála hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

7. gr.

Reglulega fundi heldur bæjarstjórn fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 17.00, ef mál eru fyrir hendi. Fundum bæjarstjórnar skal ljúka eigi síðar en á miðnætti. Þó er heimilt að halda fundi áfram ef ⅔ bæjarfulltrúa samþykkja. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að fella niður fundi í júlí- og ágústmánuði. Ef fundur ferst fyrir vegna helgi eða af öðrum orsökum, skal hann haldinn einhvern næstu daga svo fljótt, sem við verður komið.

Aukafundi skal halda samkv. ákvörðun bæjarstjóra eða forseta eða ef minnst þrír bæjarfulltrúar æskja þess skriflega, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni. Bæjarstjóri ákveður stað og stund til aukafundarhalds og boðar til hans með svo löngum fyrirvara, sem unnt er.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfunda.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmætra nefnda, sem kunna að þurfa staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar skv. 2. gr. samþykktar þessarar sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra bæjarráði, lögmætri nefnd eða bæjarfulltrúa að málið sé á dagskrá tekið.
3. Lögmætar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á um að fjalla að lögum. Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð, eigi síðar en kl. 12 daginn næstan fyrir fund.

Bæjarstjóri skal senda öllum bæjarfulltrúum dagskrá næsta fundar. Skal miða við að dagskráin berist bæjarfulltrúum fyrir kl. 18.00 og eigi síðar en kl. 20.00 daginn fyrir fund.

Í dagskrá skal tilkynna fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur, sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, svo og annarra gagna, sem til upplýsinga geta orðið um málefni á dagskrá, eftir því sem bæjarstjóri telur nauðsynlegt.

Ef ákveðinn verður aukafundur skv. 2. mgr. 7. gr. skal að jafnaði boðað til hans með dagskrá.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði, að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki ⅔ viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.

9. gr.

Á reglulegum fundarstað bæjarstjórnar skal auglýsa reglulega fundi bæjarstjórnar um leið og dagskrá er borin út til bæjarfulltrúa og greina þar dagskrá fundar og aukafundi svo fljótt, sem við verður komið.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað sé áskilið í samþykkt þessari.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram tillögu um hvert það mál, sem til umræðu er svo og breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu, eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar. En veita skal forseti fundarmönnum ráðrúm til þess að semja tillögu á fundi, ef þörf krefur.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu eða nefndar eða með því að fresta því.

Forseti sker úr því, hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu nema hina árlegu fjárhagsáætlun bæjarins, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.

Um þessi mál skulu fram fara tvær umræður og líða ein vika hið skemmsta milli umræðna.

13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að bæjarfulltrúi réttir upp hægri hönd. Nafnakall skal hafa, ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar eða 3 bæjarfulltrúar hið fæsta. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð. Nöfnum varafulltrúa skal bæta í skrána í réttri röð í stað nafna þeirra, sem fjarstaddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal. Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti metur gild. Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan sig.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér samtímis hljóðs, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Bæjarstjórn getur heimilað, ef ⅔ bæjarfulltrúa samþykkja, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundi, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

15. gr.

Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd um fundarsköp.

Ef bæjarfulltrúi vill beina sérstakri fyrirspurn til bæjarstjóra, skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða.

16. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Ef bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargerð nefndar, skal hann í upphafi taka fram hvaða lið eða liði fundargerðar hann óski að ræða, og má ekki ræða nema eitt mál í einu.

Ekki má lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi.

17. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum sé hætt.

Þá getur forseti, hvenær sem er lagt til að umræðum skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvo tíma, meðan nokkur bæjarfulltrúa er á mælendaskrá.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust. Hver bæjarfulltrúi getur borið fram slíkar tillögur, og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

18. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sé góðar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann og nefna þau ummæli er hann vítir. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi framar á þeim fundi. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur, slíta fundi.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

19. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar, nema lögmæt forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í bæjarráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá, sem verið hefur forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða annarri nefnd, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

20. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl bæjarins.

21. gr.

Hver bæjarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

Eftir hverjar bæjarstjórnarkosningar ákveður bæjarstjórn hver verða skuli þóknun bæjarfulltrúa á næsta kjörtímabili, svo og nefnda er laun taka.

22. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd, eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamenn skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem óskar þess, lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

24. gr.

Á fyrsta bæjarstjórnarfundi í júní skulu kosnir 3 bæjarfulltrúar í bæjarráð og jafnmargir til vara. Kosning bæjarráðs gildir, uns nýtt bæjarráð hefur verið kosið. Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði, en ekki hefur hann þar atkvæðisrétt, nema hann sé kjörinn í ráðið.

Bæjarráð kýs sér formann og varaformann og má kjósa bæjarstjóra, þótt ekki sé hann kjörinn í ráðið.

Bæjarráð getur leyft að flokkur, sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en ekki í bæjarráði, megi tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi.

Bæjarráð skal halda fund að jafnaði hálfsmánaðarlega. Heimilt er þó að fella niður annan hvorn fund í júlí- og ágústmánuði. Aukafund skal halda, ef bæjarstjóri ákveður það, eða a. m. k. tveir bæjarráðsmenn óska þess skriflega.

Bæjarstjóri undirbýr dagskrá bæjarráðsfunda. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé tilgreint á dagskrá, en skylt er þó að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar, ef þess verður óskað.

Formaður sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum, úrskurðar ágreiningsmál, sem rísa kunna út af fundarsköpum. Þeim úrskurði má skjóta til úrlausnar bæjarráðs.

Bæjarráði er heimilt að ráða fundarritara utan bæjarráðs.

Í gerðabók skal greint frá því, hvar fundur sé haldinn og hvenær, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari. Þar skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau hljóta.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því sem þau geta átt við.

25. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Grindavíkurkaupstaðar, að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarráð tekur samkv. heimild 36. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 fullnaðarákvörðun um þau mál, sem til þess koma, nema um veruleg fjárhagsatriði sé að ræða eða málefni, þar sem ákvörðun bæjarstjórnar er sérstaklega áskilin að lögum, enda sé eigi ágreiningur í bæjarráði né við bæjarstjóra um slíkar ákvarðanir.

26. gr.

Bæjarráð hefur eftirlit með fjárhagsstjórn bæjarins, sbr. 47. gr. laga nr. 58/1961. Það undirbýr árlega fjárhagsáætlun bæjarins og sér um, að reikningar hans séu samdir.

Bæjarráð ákveður, hvernig varið skuli fé því, sem ætlað er til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki tekið fram í fjárhagsáætlun.

27. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, þegar til umræðu eru málefni, sem störf þeirra snerta og þess er óskað.

IV. KAFLI
Um bæjarstjóra.

28. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meirihluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meirihluta bæjarstjórnar, og getur þá ráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

29. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt, að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál. Skylt er bæjarstjóra að hafa ákveðinn viðtalstíma og sé hann auglýstur á skrifstofu bæjarins.

30. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundi bæjarstjórnar og bæjarráðs skv. 24. gr. og hefur þar sömu réttindi og skyldur og bæjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega fram tekið í þessari samþykkt.

Ekki hefur hann atkvæðisrétt, nema jafnframt sé hann bæjarfulltrúi. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs.

31. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun, og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun hans færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið.

Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar ályktunum bæjarráðs, sbr. 2. mgr. 25. gr.

32. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögboðin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt bæjarstjórnar, má ekki greiða nema til komi samþykki bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjórn ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð bæjarráðs til slíks.

33. gr.

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans, nema bæjarstjórn feli öðrum. Bæjarstjóri getur falið honum meðferð tiltekinna málaflokka í umboði sínu, en þá samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur um þau málefni.

Hann hefur með höndum umsjón með skrifstofum bæjarins og daglega stjórn á fjármálum bæjarsjóðs undir yfirstjórn bæjarstjóra, þar á meðal innheimtu tekna bæjarins.

V. KAFLI
Endurskoðendur.

34. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo endurskoðendur til eins árs í senn og tvo til vara til þess að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til þessa starfs.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun ekki síðar en 30. júní ár hvert.

VI. KAFLI
Um kosningu nefnda o. fl.

35. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn, auk þeirra, sem áður getur, til þess að fara með tiltekin málefni, eftir því sem lög mæla fyrir:

A. **Til eins árs á júnífundi ár hvert:**

1. Þrjá bæjarfulltrúa og þrjá til vara í bæjarráð.
2. Þrjá menn í yfirkjörstjórn við bæjarstjórnarkosningar og þrjá til vara.
3. Þrjá menn í yfirkjörstjórn við alþingiskosningar og þrjá til vara.

B. **Til fjögurra ára á fyrsta fundi eftir bæjarstjórnarkosningar.**

1. Fimm menn í hafnarnefnd og fimm til vara, einnig formann og varaformann nefndarinnar.
2. Fjóra menn í byggingarnefnd, þar af tvo innan bæjarstjórnar og tvo utan bæjarstjórnar og fjóra varamenn á sama hátt.
3. Fjóra menn í stjórn Sjúkrasamlags Grindavíkur og fjóra til vara. Auk þess skipar ráðherra til viðbótar formann og varaformann stjórnarinnar.
4. Fimm menn í skólanefnd og fimm til vara.

5. Þrjá menn í heilbrigðisnefnd og þrjá til vara.
6. Þrjá menn í barnaverndarnefnd og þrjá til vara.
7. Þrjá menn í rafveitunefnd og þrjá til vara.
8. Þrjá menn í bókasafnsnefnd og þrjá til vara.
9. Fimm menn í fjallskilanefnd.
10. Þrjá menn í fegrunarnefnd og þrjá til vara.
11. Þrjá menn í náttúruverndarnefnd og þrjá til vara.
12. Tvo menn í sáttanefnd og tvo til vara.
13. Tvo forðagæslumenn.
14. Tvo menn í áfengisvarnanefnd. Auk þess á sæti í nefndinni einn fulltrúi skipaður af ráðherra og er hann formaður nefndarinnar.
15. Þrjá menn í íþróttaráð og þrjá til vara.
16. Þrjá menn í félagsmálaráð og þrjá til vara.
17. Einn mann til að framkvæma millimat.
18. Einn markavörð.
19. Fjóra menn í sjó- og verslunardóm.
20. Níu fulltrúa í eigendafélag Félagsheimilisins Festi.
21. Þrjá menn í gatnanafnanefnd.
22. Einn fulltrúa á aðalfund Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. og einn til vara.
23. Einn fulltrúa á aðalfund Fiskimjöls & Lýsis hf. og einn til vara.
24. Tvo fulltrúa í sundlaugarnefnd og tvo til vara.

36. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykkt bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn skal litið svo á að umboð nefndarmanna falli niður þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni, þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt.

37. gr.

Allar fastanefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál, lagðar fyrir bæjarstjórn sbr. 1. lið 8. gr.

VII. KAFLI

Um starfsmenn bæjarins.

38. gr.

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn bæjarins og bæjarstofnana og veitir þeim lausn eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Lausar stöður skal auglýsa til umsóknar nema bæjarstjórn ákveði annað, en bæjarstjóri ákveður um slíkar auglýsingar að öðru leyti, þar á meðal hvernig auglýsa skuli.

Bæjarráð getur ákveðið, hver almenn skilyrði skuli gilda um skipan í stöður hjá bænum svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Sá maður, sem hlotið hefur fasta skipun í stöðu, á rétt á að halda henni, meðan hann rækir stöðuna þannig, að ekki verði að fundið.

Bæjarráð getur sett starfsmönnum erindisbréf og kveðið á um starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlíta breytingu á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Grindavíkur hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 38 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. febrúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 46. 30. janúar 1975.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Laxár í Hrútafirði.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Laxár í Hrútafirði. Heimili þess og varnarþing er í Bæjarhreppi, Strandasýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Laxá, en þær eru Kjörseyri I, Kjörseyri II, Laxárdalur I, Laxárdalur II, Laxárdalur III, Hlaðhamar I og Hlaðhamar II.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðarbók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn og samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. janúar 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

14. febrúar 1975. Nr. 47.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu í Njarðvík.

1. gr.

Hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnarinnar í Njarðvík.

Óheimilt er skipum í Njarðvíkurhöfn að taka vatn annars staðar í Njarðvík en úr æðum vatnsveitu Njarðvíkurhrepps, og eingöngu á þeim stöðum, sem vatnsveitan ákveður.

2. gr.

Hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps hefur æðsta vald í málefnum vatnsveitunnar, en í umboði hennar fer sveitarstjóri, oddviti eða hver sá, sem hreppsnefnd ræður til þess, með daglega umsjón, rekstur og framkvæmd starfa er vatnsveituna varða.

3. gr.

Hver sá, er á húseign við götu eða veg, sem vatnsæð liggur um, á rétt á að tengja vatnsæð frá henni á eigin kostnað við húsið, enda sé það reist með samþykki bygginganefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsnot til annarra þarfa skulu jafnan leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, er vatn nota, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar, nema að fengnu leyfi vatnsveitustjóra. Vatnsveitustjóri getur fyrirskipað breytingar á eldri vélum og tækjum, ef nauðsyn krefur.

Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur á götuæðum sé ávallt nægilegur.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum í samráði við slökkviliðsstjóra.

4. gr.

Óheimilt er að spilla vatnslindum í landi hreppsins með jarðraski eða mannvirkjagerð, og þess skal gætt, að grunnvatn í hreppnum spillist ekki af völdum olíu eða aðrennslisefna, sem valdið geta tímabundinni eða varanlegri mengun grunnvatns.

Heimilt er hreppsnefnd að banna mannvirkjagerð eða umgang manna og búfjár á ákveðnum svæðum í hreppnum, ef það hefur í för með sér hættu á mengun neysluvatns.

5. gr.

Hver sá, er veldur skemmdum á eignum vatnsveitunnar, eða á annan hátt bakar henni skaða, skal bæta það að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Engum er heimilt án leyfis vatnsveitustjóra eða slökkviliðsstjóra að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

6. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í einkaeign eða eign vatnsveitunnar.

7. gr.

Sá, er óskar eftir að leggja vatnsveituæð að húsi sínu, leggja nýlagnir, gera breytingar á eða viðbætur við eldri vatnslagnir, skal með nægum fyrirvara fá til þess leyfi hjá vatnsveitunni.

Umsóknir skulu skrifaðar á eyðublöð, sem fást í skrifstofu vatnsveitunnar, og skulu þær undirritaðar af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans, ásamt pípulagningameistara þeim, sem verkið á að annast.

Með umsókninni fylgi uppdráttur af vatnslögninni í tvíriti og eigi minni mælikvarða en 1:100.

Uppdrátturinn skal gerður af þar til hæfum manni, er hlotið hefur til þess löggildingu sveitarstjórnar.

8. gr.

Pípulagningameistarar, löggiltir af sveitarstjórn, hafa einir rétt til þess að annast vatnslagnir, og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri vatnslögnum. Þeir bera og ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við samþykkt þessa, nánari fyrirmæli, er kunna að verða sett, og samþykktan uppdrátt.

Ef pípulagningameistari brýtur í bág við fyrirmæli samþykktar þessarar eða reglna, settra samkvæmt þeim, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, getur vatnsveitan veitt honum áminningu. Enn fremur má svipta hann löggildingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

9. gr.

Vatnsveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa.

Engar vatnsæðar má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni.

Vatnsveitan hefur rétt til þess að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseiganda, og sé það gert, skal pípulagningarmeistari sá, er ábyrgð ber á verkinu, vera viðstaddur og aðstoða starfsmenn vatnsveitunnar við prófunina.

Álíti eftirlitsmaður vatnsveitunnar, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

10. gr.

Vatnsveitan lætur leggja vatnsleiðslur, aðalæðar og götuæðar.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi vatnsveitunnar.

Allar vatnsæðar frá vatnsveituæðum að húsi og í því eru eign húseiganda og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi.

Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra skuli lagður af starfsmönnum hennar, en á kostnað húseiganda.

Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum, ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja sama húsæðakerfi við tvær eða fleiri heimæðar.

11. gr.

Til að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal innheimta vatnsskatt af fasteignum, og skal skatturinn miðaður við gjaldskrá vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta af öllum húsum í lögsagnarumdæmi hreppsins, sem standa við götu eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja. Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu og ákveður þá vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskatt má leggja á verksmiðjur, fiskvinnsluhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, og ákveður sveitarstjórn gjald fyrir hvern m^3.

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til sem í 3. mgr. segir, og skal þá vatnsveitan ákveða aukaskatt samkvæmt áætlaðri notkun.

Nú sættir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig eigi við ákvörðun vatnsveitunnar á aukavatnsskatti, og getur hann þá krafist þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið eftir vali vatnsveitunnar og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

Sveitarstjórn getur ákveðið, að vatn til heimilisþarfa verði selt eftir mæli og sett um það sérákvæði.

12. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast sveitarstjóri reikningshald innheimtu og greiðslur vatnsveitunnar.

13. gr.

Um gjöld og innheimtu þeirra gilda ákvæði gjaldskrár.

14. gr.

Verði vatnsnotandi uppvís að óhóflegri notkun vatns eða hlíti ekki fyrirmælum vatnsveitunnar um viðhald eða breytingu vatnsæða, hefur vatnsveitan rétt til þess að loka heimæð hans að undangenginni aðvörun.

15. gr.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem vatnsveitan hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt og getur þá vatnsveitan látið vinna það, sem þarf, á kostnað viðkomandi aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan innheimta hjá aðila, og má beita lögtaki, ef þörf krefur.

16. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, sem reglugerð þessi fjallar um. Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til þess.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er af hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Stjórnartíðindi B 6, nr. 20—47. Útgáfudagur 13. mars 1975.

STJÓRNARTÍÐINDI B 7 — 1975

28. febrúar 1975. 73 Nr. 48.

AUGLÝSING
um hækkun gjaldskrár.

Ráðuneytið hefur heimilað hækkun gildandi gjaldskrár Hitaveitu Reykjavíkur um 23%, er taki gildi frá og með 1. mars 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1975.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

20. febrúar 1975. Nr. 49.

REGLUGERÐ
um breyting á reglugerð nr. 91 20. mars 1973, um fyrirtæki, sem starfa að loftflutningum.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Leyfishafa er skylt að kaupa og viðhalda tryggingum í samræmi við ábyrgð þá, sem hann ber samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma.

Tryggingar þær, sem að framan getur, skal kaupa hjá vátryggjanda, sem hefur varnarþing hér á landi í þeim málum, sem rísa kunna út af tryggingum þessum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlist þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 20. febrúar 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Stjórnartíðindi B 7, nr. 48—49. Útgáfudagur 28. febrúar 1975.

B 10

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Nr. 50. 74 25. febrúar 1975.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 393 31. desember 1974, um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu og um lágmarksstærðir fisktegunda.

1. gr.

2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Einnig er bannað að kaupa eða selja fisk, sem telst til þessara tegunda, ef hann er smærri en segir í þessari grein. Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar má þó 5% af karfaafla hverrar veiðiferðar vera undir 500 gr. að þyngd hver fiskur.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni og 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. febrúar 1975.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

Nr. 51. 19. febrúar 1975.

REGLUGERÐ

um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

1. gr.

Útflutningsgjald það af sjávarafurðum, sem innheimt hefur verið samkvæmt 1.—3. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 19 16. apríl 1973 um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með áorðnum breytingum skv. 1.—3. tl. 5. gr. laga nr. 106 31. desember 1974, um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar, skal frá og með 12. febrúar 1975 vera sem hér segir fyrir þær afurðir sem framleiddar eru frá og með 1. janúar 1975:

1. Kr. 3 000.00 á hvert útflutt tonn greiðist af frystum karfa- og ufsaflökum og þurrkuðum saltufsa.
2. Kr. 5 250.00 á hvert útflutt tonn greiðist af saltfiski — öðrum en þurrkuðum ufsa — saltfiskflökum, söltuðum þunnildum, saltfiskbitum og söltuðum gellum.
3. Kr. 5 940.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum — öðrum en karfa- og ufsaflökum — frystum hrognum, söltuðum hrognum ót. a., frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Nemi gjald samkvæmt töluliðum 1—3 meiru en svarar 4½% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.

Um útreikning, álagningu og innheimtu útflutningsgjalds samkvæmt grein þessari fer að öðru leyti eftir lögum nr. 19 16. apríl 1973, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 2 13. febrúar 1975 um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu og öðlast þegar gildi, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. febrúar 1975.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

13. febrúar 1975. Nr. 52.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1975:

Vélskelflett rækja	Ísl. kr. á lb. Cif.
1. 10×4×1 lb. blokkfryst	283.00
2. 24×1 lb. blokkfryst	295.00
3. 24×450 gr. sérfryst	295.00
4. 6×2 kg, 5×2 kg og 4×2 kg sérfryst	295.00
5. 4×2.5 kg sérfryst	295.00
6. 2×5 kg sérfryst	295.00
7. 4×7 kg sérfryst	295.00
8. 1×25 lbs. sérfryst	295.00
9. 15×200 gr. sérfryst	300.00
10. Í saltlegi	283.00

Verðbil verður 4% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. febrúar 1975.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Gylfi Þórðarson.

GJALDSKRÁ

yfir gjald af einkasöluvörum.

Áhöfnum og farþegum, sem hafa við komu til landsins meðferðis meira magn af einkasöluvörum en heimilt er að hafa án greiðslu gjalda, skal heimilt að greiða af því, sem umfram er, sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 272/1969 og 2. gr. reglugerðar nr. 117/1972, einkasölugjöld svo sem segir í gjaldskrá þessari, enda hafi viðkomandi vörum verið framvísað við tollgæslu, áður en tollskoðun hófst í farangri viðkomandi:

		0.375 l	0.75 l
A.	Áfengi:		
1.	Rauðvín, hvítvín, heit vín, vermouth og aperitívar	kr. 250	kr. 500
2.	Íslenskar áfengistegundir	— 700	— 1350
3.	Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, rom, líkjörar svo og aðrar sterkar tegundir ót. a.	— 1000	— 2000

B. Reyktóbak:
Kr. 800 pr. dús. eða lbs.

C. Vindlingar:
Kr. 1000 pr. karton.

D. Vindlar:

Smávindlar	kr. 110	pr. 10	stk.
Meðalstærð	— 330	— 25	—
Vindlar aðrir	— 550	— 25	—

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir, skal greitt hlutfallslega.

Gjaldskrá þessi er sett skv. heimild í 5. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá nr. 106/1974 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 28. febrúar 1975.

F. h. r.
Þorsteinn Ólafsson.

Björn Hafsteinsson.

Nr. 54. 14. febrúar 1975.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags kr. 100 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 200 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 1. mars 1975.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. febrúar 1975.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

14. febrúar 1975. Nr. 55.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til sérfræðinga.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða sérfræðingi, er þeim er vísað til af samlagslækni, kr. 300 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 500 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þetta gjald dregst frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 sbr. lög nr. 62/1974 til að öðlast gildi 1. mars 1975.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. febrúar 1975.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

14. febrúar 1975. Nr. 56.

AUGLÝSING

um staðfestingu á ráðgerðri legu Vaðlaheiðarvegar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest uppdrátt af ráðgerðri legu Vaðlaheiðarvegar, á bilinu frá Hallandsnesi að Svalbarðseyri.

Félagsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Stjórnartíðindi B 8, nr. 50—56. Útgáfudagur 13. mars 1975.

STJÓRNARTÍÐINDI B 9 — 1975

Nr. 57. 78 21. febrúar 1975.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr 154 1963, um skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir og prestaköll, sbr. stjórnarráðsbréf nr. 189/1967, augl. nr. 71/1968, augl. nr. 143/1971, augl. nr. 74/1972 og stjórnarráðsbréf nr. 234/1973, um breytingar á þeirri skiptingu.

Að fengnum tillögum safnaðarráðs Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum 2. gr. 1. tölul. laga nr. 35 1970, um skipan prestakalla o. fl., og samkvæmt meðmælum biskups Íslands, er eftirfarandi breyting gerð á skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir og prestaköll, sem ákveðin var með augl. nr. 154/1963 og breytingum skv. stjórnarráðsbréfi nr. 189/1967, augl. nr. 71/1968, augl. nr. 193/1971, augl. nr. 74/1972 og stjórnarráðsbréfi nr. 234/1973:

Á eftir 20. tölulið (Breiðholtsprestakall) komi nýr töluliður, er orðist svo:

21. Fellaprestakall:

Fellasókn nær yfir Fellahverfi og Vesturberg í Breiðholtshverfi, sem takmarkast af norðurenda Vesturbergs og eftir Austurbergi, að húsinu nr. 20 (meðtalið) við Austurberg, að meðtöldu Keilufelli. Síðan af línu, sem dregin væri við Suðurfell, Breiðholtsbraut og Höfðabakka að Vesturhólum.

Hólahverfi, þar sem ráðgerð er ný sókn, sem myndist af öllum götum, sem nefndar eru -hólar í nafni sínu, að meðtöldum Hólabrekkuskóla og byggðinni austan Austurbergs að Keilufelli og Austurbergi 20, skal njóta prestsþjónustu frá Fellaprestakalli, þar til annað verður ákveðið.

Innheimta sóknargjalda 1975 skal miðuð við ofangreinda breytingu.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. febrúar 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Baldur Möller.

Nr. 58. 7. febrúar 1975.

AUGLÝSING

um skiptingu Keflavíkurprestakalls og stofnun sérstaks prestakalls í Njarðvíkum.

Að fengnum tillögum biskups og samkvæmt ósk viðkomandi sóknarnefnda, er hér með ákveðið, í samræmi við tilætlan laga um skipan prestakalla o. s. frv., nr. 35 9. maí 1970, 3. gr. 2. málsl. sbr. 1. málsl., sbr. einnig 2. gr. 1. tölul. og 11. gr., að Keflavíkurprestakalli skuli skipt, þannig að Ytri-Njarðvíkur- og Innri-Njarðvíkursóknir myndi sérstakt prestakall: Njarðvíkurprestakall, með prestsetri í Njarðvíkum. Keflavíkurprestur gegnir þjónustu í Njarðvíkursóknum þar til hið nýja prestakall tekur til starfa um áramótin 1975—76.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. febrúar 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Baldur Möller.

Stjórnartíðindi B 9, nr. 57—58. Útgáfudagur 17. mars 1975.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 — 1975

REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netaveiðisvæði í Faxaflóa.

1. gr.

Frá birtingu reglugerðar þessarar til 1. júní 1975 eru allar veiðar í botnvörpu og flotvörpu óheimilar á svæði, innan lína, sem dregnar eru réttvísandi vestur frá Stafnesi og réttvísandi suður frá Malarrifsvita.

2. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varða þau brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. mars 1975.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 10, nr. 59. Útgáfudagur 26. mars 1975.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 — 1975

Nr. 60. 80 26. mars 1975.

AUGLÝSING

um heimild til hækkunar rafmagnsverðs.

Ráðuneytið hefur frá og með 1. apríl n. k. heimilað Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitu Hafnarfjarðar 10% hækkun á grunngjaldi raforku skv. núgildandi gjaldskrá þeirra.

Iðnaðarráðuneytið 26. mars 1975.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 61. 7. mars 1975.

REGLUR

um skipun og störf prófdómara við skóla gagnfræðastigsins.

I. Skipun prófdómara.

1. Prófdómara við unglinga-, mið- og gagnfræðaskóla skal skipa til 2ja ára í senn.
2. Til starfsins skal velja menn, sem hafa sérþekkingu í þeirri grein eða greinum, sem þeir eiga að dæma. Skal þá miðað fyrst og fremst við það, að þeir hafi háskólapróf eða kennarapróf og kennslureynslu. Sé eigi völ á manni til starfsins, sem fullnægir þessum skilyrðum, er heimilt að víkja frá þeim.
3. Eigi skal að jafnaði skipa þann mann prófdómara við skóla, sem kennir við skólann.
4. Miða skal fjölda skipaðra prófdómara við það, að eigi komi fleiri en 400 úrlausnir á hvern prófdómara. Heimilt er þó að víkja frá þessu ákvæði, sé um að ræða mann, sem eigi gegnir öðru starfi, meðan á úrvinnslu prófa stendur.
5. Stjórnskipaðir prófdómarar skulu vera við eftirtalin próf:
   a. Unglingapróf, í íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði.
   b. Landspróf miðskóla, í öllum námsgreinum. Sama gildir um önnur miðskólapróf, séu þau lokapróf.
   c. Gagnfræðapróf, í öllum greinum.
   d. Próf úr framhaldsdeildum gagnfræðaskóla, í öllum greinum.

II. Störf prófdómara.

1. Prófdómari skal vera á prófstað, þegar próf er tekið, nema sérstakur trúnaðarmaður sé í hans stað. Honum ber að rjúfa innsigli prófa, sem send eru frá menntamálaráðuneytinu, og fylgjast með framkvæmd þeirra og hlutast til um, að settum reglum um prófið sé fylgt.
2. Prófdómari skal ásamt kennara gefa einkunnir í munnlegum prófum. Að loknu skriflegu prófi tekur kennari við úrlausnum, leiðréttir þær og dæmir, en síðar prófdómari, og koma þeir sér saman um einkunn. Óski prófdómari hins vegar að fá prófúrlausnir strax að loknu prófi, skal sá háttur á hafður.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Einkunnir skulu síðan færðar á prófskýrslur eða í prófbók, og ber prófdómara að staðfesta með undirskrift sinni, að einkunnir séu rétt innfærðar.

3. Þegar um er að ræða próf, sem eigi eru samræmd á viðkomandi skólastigi, heldur samin á vegum skólans, ber prófdómara, áður en próf er lagt fyrir nemendur, að athuga prófverkefnið og samþykkja það.
4. Greiðslur til prófdómara fyrir störf þeirra skulu fara eftir gjaldskrá, sem menntamálaráðuneytið setur. Gjaldskráin miðast við tegund og gerð prófa, og skal ákveðinn verkefnafjöldi reiknaður í tímaeiningum.

Reglur þessar gilda fyrst um sinn þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið.

Í menntamálaráðuneytinu, 7. mars 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

17. mars 1975. Nr. 62.

REGLUGERÐ

um orlof kennara og skólastjóra samkvæmt lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

1. gr.
Um orlofsumsókn.

Umsókn um orlof skal vera á eyðublaði, sem menntamálaráðuneytið lætur gera. Umsókn um orlof á næsta skólaári sendist ráðuneytinu fyrir 1. nóvember. Í umsókn skal taka fram eftirfarandi:

a) Tilgreina skal menntastofnun og námsgrein eða námsgreinar þegar um er að ræða reglulegt nám. Sé um að ræða námsferð, þá á hvers vegum ferðin er farin, hvert fara skuli og í hvaða tilgangi.
b) Hvort umsækjandi hefur sótt um eða fengið styrk til fararinnar frá öðrum en menntamálaráðuneytinu.
c) Hvort umsækjandi hefur áður fengið orlof eða styrk frá menntamálaráðuneytinu eða fyrir milligöngu þess.
d) Hvort umsækjandi hefur áður sótt um orlof, en ekki fengið.
e) Aðrar upplýsingar, sem umsækjandi telur skipta máli.

2. gr.
Skilyrði fyrir veitingu orlofs.

Umsækjandi, sem æskir orlofs, skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum og skuldbindingum:

a) Hafa gegnt kennaraembætti í 10 ár samtals, miðað við fullt starf, settur eða skipaður, til að fá orlof allt að einu ári með föstum embættislaunum.
b) Hafa gegnt kennaraembætti í 5 ár samtals miðað við fullt starf, settur eða skipaður, til að fá 2—4 mánaða orlof með föstum embættislaunum.
c) Sá sem gegnir eða hefur gegnt sem settur eða skipaður hlutastöðu, þá eigi minna en hálfu starfi, þann árafjölda sem tilskilinn er í a- og b-liðum (10 ár og 5 ár), á rétt á að sækja um orlof. Ef orlof er veitt verða launin á orlofstímanum í hlutfalli við starfstímalengd, annars vegar miðað við fullt starf í 10 ár (a-liður), hins vegar miðað við fullt starf í 5 ár (b-liður).
d) Umsækjandi skuldbindur sig til að starfa að skólamálum eða kennslu á vegum ríkisins a. m. k. þrjú ár að orlofi loknu.
e) Innan 6 mánaða frá því að orlofi lauk skal orlofsþegi senda menntamálaráðu-

neytinu skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum. Skýrslan skal miðuð við að unnt sé að birta hana síðar, og hefur ráðuneytið til þess fulla heimild.

Enginn getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof en nemur tveggja ára embættislaunum.

3. gr.

Afgreiðsla umsókna.

Stefnt skal að því að afgreiðsla orlofsumsókna vegna næsta skólaárs fari fram fyrir lok janúarmánaðar ár hvert.

4. gr.

Orlof í sérstöku skyni.

Menntamálaráðuneytið getur auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig sérstakt, tiltekið nám, gegn veitingu orlofs og/eða styrkja.

Umsækjendur um slík orlof og/eða styrki skulu fullnægja þeim skilyrðum, sem tilgreind eru í 2. gr., liðum b—e.

5. gr.

Um styrki veitta af orlofsfé.

a) Af fé því, sem veitt er í fjárlögum hverju sinni til orlofs kennara og skólastjóra, er ráðuneytinu heimilt að veita styrki þeim, sem orlof hafa fengið, sbr. 40. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, 3. mgr. Umsóknir um slíka styrki skulu hafa borist ráðuneytinu fyrir 15. mars, og skal þar greina ástæður fyrir umsókninni, t. d. kostnað vegna ferðalaga, skólagjöld, húsnæðiskostnað o. fl. Menntamálaráðuneytið lýkur afgreiðslu þeirra styrkumsókna fyrir 15. apríl.

b) Menntamálaráðuneytið getur eitt sér eða í samráði við aðra aðila efnt til allt að 3ja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar starfa ekki, og veitt til þess styrk af orlofsfjárveitingu, sem nemur allt að ⅔ af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum ferðum, enda fullnægi þeir þeim skilyrðum, sem greind eru í 2. gr., lið b.

6. gr.

Um missi orlofsfjár eða endurgreiðslu.

a) Vanræki orlofsþegi að skila skýrslu um nám sitt og starf á orlofstímanum, sbr. 2. gr., e-lið og/eða að orlofi hafi ekki verið varið eins og lög og reglugerð mæla fyrir um, getur það varðað launamissi fyrir orlofstímabilið, svo og endurgreiðslu styrkja. Ef menntamálaráðuneytið ákveður að endurheimta laun og/eða styrk orlofsþega, skal krafa um það gerð innan 1½ árs frá lokum orlofstímabils.

b) Nú hættir orlofsþegi störfum að kennslu eða öðrum skólamálum áður en 3 ár eru liðin frá lokum orlofs og án þess að knýjandi ástæður séu fyrir hendi og getur þá menntamálaráðuneytið krafist endurgreiðslu á orlofslaunum og/eða styrkjum í hlutfalli við, hve lengi orlofsþeginn hefur starfað að orlofi loknu. Áður en ákvæði þessu er beitt, leitar ráðuneytið eftir rökstuddri greinargerð orlofsþega um ástæður fyrir því að hann hætti störfum og einnig skal leita umsagnar nefndar þeirrar, er starfar samkvæmt 8. gr. þessarar reglugerðar.

Réttur ráðuneytisins til endurheimtu fyrnist á einu ári frá því að ráðuneytinu var tilkynnt um brottför úr starfi.

7. gr.

Um skiptingu orlofs.

a) Þegar sá sem fengið hefur tveggja til fjögurra mánaða orlof samkvæmt 2. gr., a-lið, hefur náð 10 ára starfsaldri, getur hann aftur sótt um orlof þannig að orlof hans verði þá eitt ár, ef ráðuneytið verður við umsókn hans.

b) Sá, sem starfað hefur í 10 ár og fengið orlof samkv. 2. gr., a-lið, getur tvískipt því orlofi sínu.
c) Nú skiptir orlofsþegi orlofi sínu og skal þá orlofs- og/eða styrkfjárhæð reiknuð sem hlutfall af árslaunum eins og þau eru, þegar hvor hluti orlofs er tekinn.

8. gr.
Um úthlutun orlofs og styrkja.

Fimm manna nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar, geri tillögur til ráðuneytisins um úthlutun orlofs og styrkja. Nefndin skal þannig skipuð: Tveir skipaðir af ráðuneytinu án tilnefningar og skal annar jafnframt vera formaður nefndarinnar, þrír skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra barnakennara, Landssambands framhaldsskólakennara og Félags háskólamenntaðra kennara. Skipunartímabil nefndarinnar er 4 ár. Nefndin skal m. a. taka tillit til eftirfarandi atriða:

a) Hvers konar nám umsækjendur hyggjast stunda og hversu það muni nýtast viðkomandi stofnun eða skólakerfinu í heild.
b) Hvort umsækjandi hafi áður lagt fram fullgilda orlofsumsókn, en ekki fengið eða getað notað sér orlofið.
Að öðru jöfnu skal sá ganga fyrir, sem áður hefur sótt.
c) Nefndin metur í hverju einstöku tilfelli, hvort starfsaldur skuli ráða röð annars jafngildra umsókna.
d) Að öllum jafnaði skal ekki veita orlof samtímis tveim eða fleiri starfsmönnum sömu stofnunar.
e) Nú sækja hjón, sem bæði fullnægja orlofsskilyrðum, um orlof samtímis samkvæmt 2. gr., a, b og c-liðum. Má þá veita báðum orlof, enda meti ráðuneytið gild rökin fyrir því að bæði hljóti orlof samtímis. Ákvæði d-liðar hér á undan skulu ekki taka til hjóna.

9. gr.
Yfirlitsskýrsla um orlofsveitingar.

Að loknu hverju orlofsári gerir menntamálaráðuneytið skýrslu um orlofsveitingar, og skulu þar m. a. koma fram eftirfarandi upplýsingar um orlofsþega.

a) Nafn, starfsaldur við kennslu og vinnustaður.
b) Lengd orlofs.
c) Áður fengið orlof.
d) Hvar og hvernig orlofinu var varið.
e) Tölulegar upplýsingar um heildarfjárveitingu til orlofs og styrkja, svo og fjöldi orlofsumsókna á orlofsárinu.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 40. gr., sbr. 87. gr., laga nr. 63/1974, um grunnskóla, öðlast þegar gildi.

Skal um veiting orlofs fyrir skólaárið 1975/76 farið eftir ákvæðum reglugerðarinnar svo sem við getur átt.

Í menntamálaráðuneytinu, 17. mars 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Stjórnartíðindi B 11, nr. 60—62. Útgáfudagur 3. apríl 1975.

STJÓRNARTÍÐINDI B 12 — 1975

Nr. 63. 84 7. apríl 1975.

REGLUGERÐ

um innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal innheimt sérstakt innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum. Gjald þetta skal innheimt af öllum bifreiðum að undanskildum ökutækjum í eftirtöldum tollskrárnúmerum:

87.02.31 Sjúkrabifreiðar og snjóbifreiðar.
87.02.32 Snjósleðar.
87.02.38 Sjúkrabifreiðar, sem jafnframt eru ætlaðar til sérstakra annarra nota.
87.03.01 Slökkviliðsbifreiðar.
87.03.02 Snjóplógar.
87.03.03 Kranabifreiðar.
87.03.09 Aðrar bifreiðar til sérstakrar notkunar.

2. gr.

Gjaldið af gjaldskyldum bifreiðum og bifhjólum er ákveðið 50% af tollverði (cif-verði) ökutækis, sbr. ákvæði II. kafla laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl.

Þó skal af tollverði dráttarbifreiða í tnr. 87.01.20, almenningsbifreiða í tnr. 87.02.20 og vörubifreiða að burðarþoli 6 tonn og þar yfir í tnr. 87.02.33 og 87.02.34 einungis innheimta 25% innflutningsgjald.

Þá skal enn fremur aðeins innheimta í peningum við tollafgreiðslu 25% innflutningsgjald af bifreiðum til leigubifreiðastjóra, sem hafa akstur allt að 8 farþega leigubifreiða til fólksflutninga að aðalstarfi og af bifreiðum sendibifreiðastjóra, sem hafa akstur sendibifreiða að aðalstarfi. Af bifreiðum þessara aðila, sem hafa slíkan akstur að aukastarfi, skal við tollafgreiðslu innheimta í peningum 38% innflutningsgjald. Um framkvæmd eftirgjafar þessarar skal fara á sama hátt og segir í reglum ráðuneytisins um eftirgjöf á tolli skv. 41. tl. 3. gr. tollskrárlaga, og gilda þær reglur á sama hátt um eftirgjöf innflutningsgjalds eftir því sem við á.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 16. gr., sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 18/1975 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 7. apríl 1975.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

Stjórnartíðindi B 12, nr. 63. Útgáfudagur 9. apríl 1975.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 — 1975

10. apríl 1975. 85 Nr. 64.

REGLUGERÐ

um takmörkun á síldveiðum íslenskra skipa í Norðursjó, Skagerak og á svæði VI (a) vestan Skotlands.

1. gr.

Allar síldveiðar íslenskra skipa í Norðursjó og Skagerak eru bannaðar nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins. Gildir þetta á svæði, sem takmarkast að norðan af 62°00 n.br. að vestan af 4°00 v.lgd. frá 62°00 n.br. að strönd Skotlands og í Ermarsundi af 1°00 v.lgd. Að austan takmarkast svæðið af línu, sem dregin er milli Skagen og Pater Noster vita.

Enn fremur eru allar síldveiðar íslenskra skipa vestan Skotlands, á svæði VI (a) samkvæmt korti Alþjóðahafrannsóknaráðsins, háðar leyfum sjávarútvegsráðuneytisins. Svæði þetta markast að austan af 4°00 v.lgd. frá strönd Skotlands að 60°30 n. br. að norðan af 60°30 n.br. vestur að 5°00 v.lgd., þaðan af 60°00 n.br. vestur að 12°00 v.lgd., að vestan af 12°00 v.lgd. suður að 54°30 n.br. austur til strandar Írlands. Milli Írlands og Skotlands markast svæðið af 55°00 n.br.

2. gr.

Ráðuneytið getur bundið veiðileyfi skv. 1. gr. þeim skilyrðum, er þurfa þykir til þess að tryggja að síldarafli sé ætlaður til manneldis eingöngu og framkvæmd þeirra veiðikvóta og reglna, sem samþykktar hafa verið eða kunna að verða samkvæmt 7. gr. alþjóðasamnings um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, er gerður var í London 24. janúar 1959.

3. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varðar brot viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 14 30. mars 1960.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 14 30. mars 1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti, sbr. auglýsingu nr. 8 27. júní 1963, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 214 4. júlí 1974 um takmörkun á síldveiði íslenskra skipa í Norðursjó og Skagerak.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. apríl 1975.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

REGLUGERÐ

um náttúruverndarþing.

1. gr.

Náttúruverndarþing kemur saman þriðja hvert ár. Hlutverk þess er að fjalla um náttúruvernd landsins og gera tillögur um röðun þeirra verkefna, sem það telur brýnast að leysa í náttúruverndarefnum.

2. gr.

Á Náttúruverndarþingi eiga sæti:

1. Fulltrúi kjörinn af hverri náttúruverndarnefnd.
2. Einn fulltrúi fyrir hvert af eftirfarandi samtökum: Samband dýraverndunarfélaga Íslands, Ferðamálaráð, Fuglaverndarfélag Íslands, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Landvernd, Bandalag íslenskra skáta, Skógræktarfélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Ungmennafélag Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Æskulýðssamband Íslands, Bandalag íslenskra farfugla, Ferðafélag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Arkitektafélag Íslands, náttúruverndarsamtök, er hlotið hafa viðurkenningu Náttúruverndarráðs: Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, Náttúruverndarsamtök Austurlands, Náttúruverndarsamtök Suðurlands, Náttúruverndarfélag Suðvesturlands, Náttúruverndarsamtök Vesturlands og Vestfirsk náttúruverndarsamtök.
3. Þrír fulltrúar fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands, sérfróðir um jarðfræði, grasafræði og dýrafræði. Tveir fulltrúar fyrir verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands (einn frá líffræðiskor og annar frá jarðfræðiskor). Einn fulltrúi frá Félagi náttúrufræðinema við Háskóla Íslands.
4. Einn fulltrúi fyrir hvern þingflokk á Alþingi.
5. Náttúruverndarráð, aðalmenn og varamenn.
6. Eftirtaldir embættismenn: Búnaðarmálastjóri, flugmálastjóri, framkvæmdastjóri rannsóknaráðs, landgræðslustjóri, landlæknir, formaður eiturefnanefndar, siglingamálastjóri, yfirdýralæknir, framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, framkvæmdastjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, fulltrúi frá Háskóla Íslands, orkumálastjóri, skipulagsstjóri, skógræktarstjóri, vegamálastjóri, veiðimálastjóri, þjóðminjavörður, fulltrúi frá menntamálaráðuneytinu, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins, framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs og vita- og hafnarmálastjóri.

3. gr.

Náttúruverndarráð boðar þingið, undirbýr dagskrá þess og leggur fyrir það skýrslu um störf sín. Formaður ráðsins setur þingið og stýrir því, uns það hefur kosið forseta. Þingið setur sér þingsköp.

Seta á Náttúruverndarþingi er ólaunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði ráðherra.

4. gr.

Náttúruverndarráð er skipað sjö mönnum. Sex þeirra kýs Náttúruverndarþing óbundinni kosningu, að undanskildum fulltrúum í 6. lið 2. gr. Hinn sjöunda skipar

menntamálaráðherra, áður en kosning fer fram, og er hann formaður ráðsins. Varamenn skulu valdir jafnmargir á sama hátt til sama tíma.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 2. apríl 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

9. apríl 1975. Nr. 66.

SAMÞYKKT

um hundahald í Hvammstangahreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Hvammstangahreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í hreppnum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.

b. Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum, og skal upphæð þess við það miðuð.

c. Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.

d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila,sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.

e. Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski ekki ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara, til óþæginda.

f. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á. m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

g. Skráðum bændum skal heimilt að halda hunda án gjalds og einnig er heimilt að skrá viðurkennda veiðihunda án gjalds.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal honum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Hvammstangahrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. apríl 1975.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Þórunn Klemenzdóttir.

Nr. 67. 11. apríl 1975.

AUGLÝSING

um hækkun raforkuverðs í heildsölu og smásölu.

Ráðuneytið hefur heimilað Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins og Andakílsárvirkjun hækkun heildsöluverðs raforku um 11% frá og með 15. apríl 1975.

Ráðuneytið hefir, frá sama tíma, heimilað Rafmagnsveitu Reykjavíkur 4.3% hækkun og Rafveitu Hafnarfjarðar 4.73% hækkun smásöluverðs raforku, sbr. og auglýsingu ráðuneytisins nr. 60 26. mars 1975. Frá sama tíma er þeim öðrum rafveitum, er sæta verða fyrrgreindri hækkun heildsöluverðs raforku, og þess óska, heimiluð samsvarandi hækkun að skaðlausu á smásöluverði seldrar raforku, eða allt að 5.5%.

Iðnaðarráðuneytið, 11. apríl 1975.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

Stjórnartíðindi B 13, nr. 64—67. Útgáfudagur 16. apríl 1975.

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 — 1975

31. janúar 1975. 89 Nr. 68.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, er hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.-mæli á kr. 34.32 hverja kwst.
2. Um kwst.-mæli á kr. 16.40 hverja kwst. auk fastagjalds er nemi kr. 4 454.00 á ári fyrir allt að 25 m^2 gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og kr. 83.00 fyrir m^2 umfram 25 m^2. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 42.00 á m^2 á ári.

   Séu notaðir flúrskinslampar, natriumlampar eða kvikasilfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásum, er heimilt að miða orkugjald skv. 1. og 2. tölulið við kílóvoltamperstundir í stað kílówattstunda.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.-mæli á kr. 7.45 hverja kwst. og auk þess fastagjald kr. 767.00 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.-mæli á kr. 16.40 hverja kwst.
2. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 5 kw. Aflgjald skv. kwst.-mæli á kr. 8 123.00 hvert árs-kw. Auk þess skal greitt orkugjald skv. kwst.-mæli á kr. 2.92 hverja kwst. Minnsta aflgjald er kr. 40 616.00 á ári. Verði raunstuðullinn lægri en 0.8 er heimilt að miða aflgjaldið við 90% af mestu kVA-notkun í stað mestu kw.-notkunar.

D. Hitun.

1. Um kwst.-mæli á kr. 5.73 hverja kwst.
2. Um kwst.-mæli á kr. 7.62 hverja kwst.
3. Um kwst.-mæli á kr. 2.05 hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar.
4. Um kwst.-mæli á kr. 2.68 hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar.
5. Um kwst.-mæli á kr. 1.07 hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

6. Um kwst.-mæli á kr. 1.40 hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.
Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:
a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, þegar þess er krafist.
d) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
e) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, þegar þess er krafist og skal þá tekið fram við hvaða minnsta útihita hitaþörfin er miðuð.

E. Stórnotkun.

1. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 200 kw.
Aflgjald: kr. 14 806.00 hvert árs-kw.
Orkugjald: kr. 1.65 hverja kwst.
Sala skv. þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
2. Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur:
Um kwst.-mæli á kr. 18.01 hverja kwst.
3. Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu: Kr. 47 100.00 hvert árskílówatt, þótt mælitækjum verði ekki við komið, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað eða viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði samkv. tillögu rafveitunefndar, sem skal gerð árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
4. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. Mælaleiga.

1. Af einfasa mælum kr. 40.00 á mánuði.
2. Af þrífasa mælum til og með 100 A, kr. 96.00 á mánuði.
3. Af þrífasa mælum yfir 100 A, kr. 161.00 á mánuði.
4. Af mestumælum kr. 246.00 á mánuði.
5. Ársleigan eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.

II. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðlínuheimtaugar fram úr 15 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Jarðlína Lágmark Kr.	Jarðlína Yfirlengd Kr./m	Loftlína Lágmark Kr.	Loftlína Yfirlengd Kr./stólpa
	220 V kerfi			
63 A 1-fasa	26 800	1 500	20 300	19 700
100 A 1-fasa	32 400	1 790	25 700	24 600
63 A 3-fasa	33 400	1 790	25 700	24 600
100 A 3-fasa	41 500	2 030	29 200	30 700
125 A 3-fasa	51 900	2 270	36 500	32 200
200 A 3-fasa	81 000	3 080	57 800	36 800
300 A 3-fasa	116 800	3 750		
	380 V kerfi			
63 A 1-fasa	26 800	1 500	23 000	19 700
63 A 2-fasa	32 400	1 500	25 700	23 000
63 A 3-fasa	45 400	1 790	34 900	24 600
100 A 3-fasa	71 800	2 030	51 900	30 700
125 A 3-fasa	89 600	2 270	63 000	32 200
200 A 3-fasa	140 500	3 080	99 400	36 800
300 A 3-fasa	202 500	3 750		

Fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að þurfa dreifistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi kr. 1 110.00 á hvert kVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 425, 500 og 630 A. Yfirlengdargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.

Lengd jarðlínuheimtaugar, 63—200 A í 220 V kerfi og 63—125 A í 380 V kerfi reiknast frá varkassa stystu greiðfæru leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug af ofangreindum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa. Þveri jarðlínuheimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.

Lengd stærri jarðlínuheimtaugar, en að ofan greinir, reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegarlengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Yfirlengdin reiknast sem yfirlengd jarðlínu skv. töflu, þótt heimtaugin sé tekin frá loftlínu.

Lengd loftlínuheimtaugar, 63—100 A í 220 og 380 V kerfi, reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu, stystu greiðfæru leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi en 40 m svo að hún nái löglegri hæð skal greitt umframgjald kr. 10 800.00 fyrir stólpann.

Séu tvær eða fleiri heimtaugar sameiginlegar að hluta er rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina skv. kostnaði, en gera honum viðvart um það fyrir fram.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin eða ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðlínuheimtaug, vegna breytinga á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá,

þegar breytingin fer fram. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, Garðahrepps og Bessastaðahrepps.

III. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar fyrir veituna hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 660.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 660.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Sé opnað utan venjulegs vinnutíma, er þó heimilt að krefjast opnunargjalds samkv. kostnaði.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Rafveitunefnd er heimilt að breyta hitatöxtum rafmagns til samræmingar við nágrannaveiturnar.
2. Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 48% af þeirri hækkun.
3. Fyrir full 5% sem kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytingar á grunnkaupi eða kaupgjaldsvísitölu eftir 1. febrúar 1973, er rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá þessa um 4%.

Breyting og hækkun gjaldskrár skv. ofanrituðu, 1—3, er því aðeins gild að til komi sérstakt samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Söluskattur 15%, 1% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðarhitunar, 2% til niðurgreiðslna á landbúnaðarafurðum og 13% verðjöfnunargjald, samtals 32%, eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema á töxtum D.1, D.3 og D.5.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi sbr. heimild í auglýsingu nr. 7 23. janúar 1975.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 263 23. september 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 31. janúar 1975.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Njarðvíkurhrepps.

1. gr.

Af hverri fasteign, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu hreppsins skal greiða árlegan vatnsskatt til vatnsveitunnar.

Álagningarstofn vatnsskattsins skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóðar samkv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28, 29. apríl 1963.

Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.30% af framangreindu mati.

Lágmarksupphæð vatnsskatts fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1 500.00.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og skal þá greiða vatnsskatt samkvæmt samþykktum uppdráttum. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár sem bygging þess hefst.

2. gr.

Sé vatn selt eftir mæli skal greiða kr. 4.00 fyrir hvern rúmmetra vatns. Af vatnsmælum greiðist stofngjald kr. 2 500.00 og fastagjald kr. 1 500.00 á ári.

3. gr.

Framantalin gjöld skv. 1. og 2. grein eru miðuð við byggingavísitölu 1455 stig og breytast einu sinni á ári til samræmis við byggingavísitöluna eins og hún er í árslok hverju sinni. Hækkun eða lækkun má þó ekki vera meiri en 50%.

4. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari greiðast af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 árin eftir gjalddaga þess með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

5. gr.

Um gjalddaga og innheimtu vatnsskatts fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Stykkishólms.

1. gr.

Vatnsveita Stykkishólms er eign Stykkishólmshrepps. Heimili hennar og varnarþing er í Stykkishólmi.

2. gr.

Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps fer með yfirstjórn vatnsveitunnar og ber ábyrgð á skuldbindingum hennar. Hreppsnefnd og sveitarstjóri annast daglegan rekstur og framkvæmdir vatnsveitunnar, en heimilt er að ráða sérstakan vatnsveitustjóra eða umsjónarmann til að sjá um eftirlit eða framkvæmdir við vatnsveituna, ef þess gerist þörf.

3. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, en skrifstofa hreppsins annast allt reikningshald. Reikningarnir skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar sveitarsjóðs og fylgja þeim ár hvert.

4. gr.

Stykkishólmshreppur hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, svo og til hafnarinnar í Stykkishólmi.

5. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja vatnsæðar svo víða um kauptúnið, sem þörf krefur og fært þykir, svo húseigendur eigi aðgang að þeim við veg, götu eða opin svæði, sem hús þeirra liggja að.

6. gr.

Allar vatnsæðar frá dreifikerfi vatnsveitunnar, að húsi og í því, eru eign húseiganda og ber hann kostnað af lagningu þeirra og viðhaldi. Vatnsveitan getur ákveðið að heimæðar eða hluti þeirra skuli lagðar af starfsmönnum vatnsveitunnar, en á kostnað húseigenda.

7. gr.

Hver sá, er óskar að fá vatnsæð tengda húsi sínu, gera endurbætur eða breytingar á eldri lögnum, skal sækja um það til hreppsnefndar og gera grein fyrir áætlaðri vatnsþörf og til hvers vatnið skuli notað. Vatnsveitan sér um tengingu frá vatnsveituæð gegn sérstöku tengigjaldi.

Allar lagnir skulu lagðar undir eftirliti starfsmanna vatnsveitunnar og ber húseiganda að fara í öllu eftir fyrirmælum þeirra að því er snertir efni og frágang.

8. gr.

Hverjum húseiganda og notanda er skylt að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær ef leki kemur að þeim. Skal þess sérstaklega gætt að ekki frjósi í leiðslunum. Ef eldri vatnsæðar liggja svo grunnt í jörðu, að hætta sé á, að í þeim frjósi, ber húseiganda að láta bæta úr því á þann hátt, sem starfsmenn vatnsveitunnar telja fullnægjandi.

Enginn má eyða vatni að óþörfu.

Ekki má tengja dælur eða aflvélar í samband við vatnsveituna né tengja saman æðar vatnsveitunnar og önnur veitukerfi, t. d. sjóveitur, nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar.

9. gr.

Starfsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna og lóðir, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem sett eru í samband við vatnsveituna. Ef þeim þykir umbúnaði í einhverju ábótavatn, skal húseiganda skylt að bæta úr því tafarlaust. Ella getur vatnsveitan látið vinna verkið á kostnað eiganda.

10. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á vatnsæðum eða tækjum, sem við þær eru tengd, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Vatnsskatt ber að greiða að fullu, þótt lokað sé fyrir vatnið af þessum ástæðum.

11. gr.

Vatnsveitan hefur rétt til að takmarka vatnsnotkun, ef skortur er á vatni eða loka fyrir vatnið vegna hreinsunar eða framkvæmda við vatnsveituna. Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar teljast, hvort sem er á vatnsæðum vatnsveitunnar eða í einkaeign. Óheimilt er öðrum en slökkviliði, lögreglu og starfsmönnum að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar nema með sérstöku leyfi.

12. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af reksturstruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar, takmörkun á vatnsnotkun eða af öðrum ástæðum.

13. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal árlega greiða vatnsskatt af öllum húsum, sem standa við vegi eða opin svæði og vatn er lagt í. Vatnsskattinn skal miða við fasteignamatsvirðingu og ákveður hreppsnefndin vatnsskattinn.

14. gr.

Hreppsnefndin getur ákveðið að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum og einstaklingum, sem nota mikið vatn, t. d. frystihús, vinnslustöðvar, iðjuver o. fl. og selja vatn eftir mælingu, eða ákveða að allt vatn skuli selt eftir mælingu. Skal þá vatnsveitan sjá um uppsetningu mælanna og kosta eðlilegt viðhald þeirra, en skemmdir af mannavöldum eða frostum ber húseiganda að bæta. Ef mælingu verður eigi við komið má ákveða sérstakt gjald fyrir hverja framleiðslu- eða vinnslueiningu.

15. gr.

Vatnsskattur skal vera 7,5% — sjö og hálfur af búsundi — af fasteignamatsverði húsa. Lágmarksgjald af hverju íbúðarhúsi eða hverri einstakri íbúð skal vera kr. 3 000.00. Af öðrum húsum en íbúðarhúsum skal lágmarksgjald vera kr. 6 000.00. Af bílaþvottaplönum greiðist aukaskattur kr. 10 000.00.

16. gr.

Ef vatn er selt eftir mæli skal greiða kr. 6.00 fyrir hvern m^3. Auk þess skal leiga fyrir hvern mæli vera kr. 500.00 á ári. Gjalddagar samkvæmt þessari grein skulu vera fjórir: 31. mars, 30. júní, 30. sept., 31. des.

17. gr.

Fyrir vatn í skip í höfninni greiðist kr. 50.00 fyrir hvern m^3 og auk þess afgreiðslugjald kr. 250.00 að degi en kr. 500.00 að nóttu. Gjaldið greiðist við móttöku.

18. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, og ef mælingu verður eigi komið við, skal greiða gjald, sem hreppsnefnd ákveður.

19. gr.

Í stofngjald (tengigjald) skal greiða kr. 25.00 fyrir hvern rúmmetra húsa að 2000 m³ síðan kr. 5 00 fyrir rúmmetra.

20. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við byggingarvísitölu 1455 stig og breytast með henni. Hækkun eða lækkun má þó ekki vera meiri en 50% án samþykkis ráðuneytis.

21. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 15. janúar og 15. júní ár hvert, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

22. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og eru þau tryggð með lögveði í viðkomandi eign næstu tvö ár eftir gjalddaga og ganga þau fyrir hvers konar samnings- og aðfararveði.

23. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 20 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Sektin rennur í sveitarsjóð.

Ef einhver veldur skemmdum á vatnsveitunni skal hann bæta þær eftir mati tveggja óvilhallra manna.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Stykkishólmshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir vatnsveitu Stykkishólms nr. 143/1970.

Félagsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 71. 17. febrúar 1975.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Kr. 36.66 hver kwst. til lýsingar.
2. Kr. 10.40 hver kwst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 5 303.00 á ári fyrir 25 m² gólfflöt, eða minna af gólffleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 157.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m².

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kæliskápa og 1-fasa nótora upp að 3 kw. og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kw. sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfflatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um tvo kwst.-mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Kr. 36.66 hver kwst. til ljósa og kr. 8.40 hver kwst. til suðu og hitunar.
2. Kr. 6.94 hver kwst. til heimilisnotkunar. Auk þess greiðist fastagjald kr. 55.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar íbúðar. Við útreikning á gólffleti skal telja öll herbergi og eldhús, enn fremur ganga, baðherbergi, geymslur og bílskúra.
3. Sértaxti Sundlaugar Akureyrar. Kr. 6.93 hver kwst. og fastagjald ákveðið af stjórn Rafveitu Akureyrar.

C. Vélanotkun.

1. Kr. 17.70 hver kwst. til iðnaðar.
2. Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kw. er að ræða og notkunartími er meiri en 1 000 klst. á ári, kr. 5 843.00 hvert kw. upp að 50 kw. og kr. 3.00 hver kwst. fyrir fyrstu 200 000 kwst. ársnotkun.
3. Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kw. er að ræða og notkunartími er meiri en 1 000 klst. á ári, kr. 5 191.00 hvert kw. sem er fram yfir 50 kw. og kr. 2.82 hver kwst. sem er umfram 200 000 kwst.
4. Kr. 10.38 hver kwst., ef um meira en 30 kw. er að ræða og notkunartími er meiri en 1 000 klst. á ári.
5. Kr. 10.90 hver kwst., fyrir búrekstur.
6. Sértaxti Gefjunar, kr. 1.33 hver kwst. og kr. 11 056.00 hvert kw.
7. Sértaxti Iðunnar, gufuketill, kr. 1.42 hver kwst.

D. Hitun.

1. Kr. 2.20 hver kwst. til upphitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en ½ klst. í senn.
2. Kr. 2.97 hver kwst. til upphitunar um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.
3. Kr. 1.73 hver kwst. til upphitunar um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
4. Kr. 1.28 hver kwst. til upphitunar (næturhitun), ef straumurinn er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.
5. Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 1.30 hver kwst. á tímabilinu 1. okt. til 30. apríl.
6. Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 1.13 hver kwst. á tímabilinu 1. maí til 30. sept.

E. Hitun í iðnaði.

1. Kr. 4.73 hver kwst. til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kwst. á ári.
2. Kr. 6.15 hver kwst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.
3. Kr. 3.00 hver kwst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
4. Kr. 3.58 hver kwst. til súgþurrkunar.
5. Sértaxti Málmhúðunarinnar, kr. 3.26 hver kwst. til iðnaðar.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi kosti tengingu stjórntækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

Önnur notkun.

1. Rafveitustjórn getur, með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Upp að 30 A. kr.	30—50 A. kr.	50—100 A. kr.	100—500 A. kr.	Yfir 500 A. kr.
1-fasa kwst.-mælar	536.00	660.00	718.00	—	—
3-fasa kwst.-mælar	879.00	1 392.00	1 794.00	2 989.00	6 574.00
Tvígjalds- og mestastr.-mælar ..	—	1 794.00	2 989.00	4 814.00	9 638.00
Skiptirofar/skiptiklukkur	—	2 219.00	—	—	—

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNARGJALD

Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar, kr. 550.00. Enn fremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

IV. HEIMTAUGARGJÖLD

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Akureyrar, og skal það greitt við umsókn, eða samtímis og greiðsla annarra byggingargjalda fer fram.
2. Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun		Stofngjald Jarðstr. kr.	Stofngjald Loftlína kr.	Lengdargjald Jarðstr. kr./m	Lengdargjald Loftlína kr./stólpi	Umframgjald Loftlína kr./stólpi
25 A	1-fasa	—	6 000.00	—	Innif.	11 000.00
25 A	3-fasa	—	8 800.00	—	—	15 400.00
63 A	1-fasa	44 000.00	8 800.00	Innif.	—	15 400.00
63 A	3-fasa	48 400.00	10 200.00	—	—	17 000.00

Málstraumur Málraun		Stofngjald Jarðstr. kr.	Stofngjald Loftlína kr.	Lengdargjald Jarðstr. kr./m	Lengdargjald Loftlína kr./stólpi	Umframgjald Loftlína kr./stólpi
110 A	3-fasa	60 000.00	12 100.00	—	—	21 000.00
200 A	3-fasa	34 100 00	—	2 500.00	—	—
315 A	3-fasa	103 400.00	—	3 400.00	—	—
300 KVA	3-fasa	275 000.00	—	Skv. kostn.	—	—
500 KVA	3-fasa	440 000.00	—	Skv. kostn.	—	—
800 KVA	3-fasa	715 000.00	—	Skv. kostn.	—	—

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt samningi hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í hitaveitu.
7. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 m innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur og verðjöfnunargjald, svo og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalin í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29 apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 355 18. nóvember 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 17. febrúar 1975.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

25. febrúar 1975. Nr. 72.

SAMÞYKKT

um hundahald í Tálknafjarðarhreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Tálknafjarðarhreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í hreppnum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum og skal upphæð þess við það miðuð.
c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
d) Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski ekki ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara, til óþæginda.
f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts) svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir sé um að ræða minni brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Sveitarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum, eða öll leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. febrúar 1975.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Þórunn Klemenzdóttir.

Nr. 73. 24. febrúar 1975.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 41 24. mars 1956 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. reglugerð nr. 36 10. febrúar 1972.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Vinningar eru samanlagt 4800 að tölu í öllum 12 flokkum og eru samanlagt að verðmæti a. m. k. kr. 163 800 000.00 miðað við smásöluverð. Stjórn D.A.S. ákveður fjölda vinninga og verðmæti þeirra í hverjum flokki. Verðmæti vinninga að meðaltali í hverjum flokki skal vera svipað.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 4 200.00, en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki er kr. 350.00. Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu,

skal greiða fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum þeim flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast gildi 10. apríl 1975.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 54 13. febrúar 1974.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. febrúar 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 74.

REIKNINGUR

Lífeyrissjóðs bænda.

Rekstrarreikningur frá 1. jan. til 31. des. 1974.

Tekjur:

Framlag neytenda skv. áætlun	kr.	107 835 000		
Tilfærsla vegna 1973	—	1 506 899		
Tilfærsla vegna 1971 og 1972	—	176 487		
			kr.	106 151 614
Iðgjöld framleiðenda skv. áætlun	kr.	71 890 000		
Tilfærsla vegna 1973	—	1 004 599		
Tilfærsla vegna 1971 og 1972	—	117 658		
			—	70 767 743
Iðgjöld launþega v/1973			—	7 970
Iðgjöld launþega v/1974			—	31 766
Mótframlög atvinnurekenda			—	59 608
Vaxtatekjur			—	21 602 679
Framlög vegna eftirlauna:				
Ríkissjóður Íslands	kr.	42 399 176		
Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	25 439 506	—	67 838 682
			Kr.	266 460 062

Gjöld:

Eftirlaun skv. I. kafla	kr.	1 156 747		
Eftirlaun skv. II. kafla	—	67 838 682		
Laun og önnur rekstrargjöld	—	3 469 500		
			kr.	72 464 929
Endurgreidd iðgjöld framleiðenda	kr.	8 909		
Réttindafl. o. fl. v/iðgj. do.	—	92 377		
Réttindaflutn. framl. atvinnurek.	—	126 284		
			—	227 570
		Tekjuafgangur	—	193 767 563
			Kr.	266 460 062

Efnahagsreikningur 31. desember 1974.

Eignir:

Búnaðarbanki Íslands, innstæður	kr.	51 411 394
Óinnheimt iðgjöld skv. áætlun stjórnar	—	50 558 199
Skuldabréf	—	300 304 836
Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	5 647
	Kr.	402 280 076

Skuldir:

Ríkissjóður Íslands	kr.		198 270
Óskipt iðgjöld	—		65 850
Umboðsmenn framleiðenda	—		81 056
Höfuðstóll 1. jan. 1974	kr.	208 167 337	
Höfuðstóll, tekjuafgangur 1974	—	193 767 563	
	—		401 934 900
	Kr.		402 280 076

Reykjavík, 18. febrúar 1975.

Pétur Sigurðsson.

Við undirritaðir, sem erum skipaðir endurskoðendur skv. 4. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda, höfðum endurskoðað framanskráðan rekstrarreikning 1. jan.—31. des. 1974 og efnahagsreikning 31. desember 1974, sem samdir eru eftir bókhaldi sjóðsins.

Skuldabréfin bera eftir á greidda vexti sem verða bókfærðir á greiðsluári.

Tilgreind skuldabréf og bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 18. febrúar 1975.

Vigfús Gunnarsson. *Örn Marinósson.*

Nr. 75. 20. febrúar 1975.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Móðurmálssjóð Kvennaskólans í Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. febrúar 1975:

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Móðurmálssjóðs Kvennaskólans í Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Móðurmálssjóður Kvennaskólans í Reykjavík".

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af 5, 10 og 20 ára nemenddum Kvennaskólans í Reykjavík á 100 ára afmælisdegi skólans 1. október 1974. Stofnfé sjóðsins er kr. 117 500.00 (eitthundraðogsautjánþúsundogfimmhundruð).

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla rækt nemenda við móðurmál sitt. Veita má verðlaun á lokaprófi og landsprófi miðskóla, ef ástæða þykir til en fresta má veitingu ef svo ber undir.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir, gjafir og önnur skyld fjárframlög. Heimilt er að verja allt að ¾ árstekna sjóðsins til verðlauna. Aldrei má skerða höfuðstól.

5. gr.

Sjóðurinn er í vörslu skólastjóra Kvennaskólans í Reykjavík og ákveður hann ásamt móðurmálskennurum skólans úthlutun úr sjóðnum.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

4. mars 1975. Nr. 76.

SAMÞYKKT

um hundahald í Hellukauptúni.

1. gr.

Hundahald í Hellukauptúni sæti þeim takmörkunum, sem kveðið er á um í 2. gr. þessarar samþykktar.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í kauptúninu, leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
b. Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem leyfi er veitt fyrir. Gjaldið, sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í kauptúninu og skal upphæð þess við það miðuð.
c. Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingarfélagi. Við árlega greiðslu leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi, í fylgd aðila, sem fullt vald hefur yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
e. Leyfi fyrir einstökum hundum eru jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa kauptúnsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um kauptúnið fara, til óþæginda.
f. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á. m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum, er heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir leyfi til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi leyfi til hundahalds. Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. mars 1975.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Þórunn Klemenzdóttir.

Nr. 77. 7. mars 1975.

REGLUGERÐ

um ársreikninga vátryggingarfélaga.

1. gr.

Vátryggingarfélag skal semja ársreikning fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma efnahagsreikning, rekstrarreikning og ársskýrslu.

Ársreikningur skal undirritaður af stjórn félags og framkvæmdastjóra. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi, skal hann undirritaður með fyrirvara og koma skal fram hvers eðlis fyrirvarinn er.

Ársreikningur skal lagður fyrir endurskoðendur eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund.

2. gr.

Reikningsár vátryggingarfélags sé 12 mánuðir. Við stofnun félags eða breytingu á reikningsári, má tímabilið vera skemmra eða lengra, þó ekki lengra en 18 mánuðir.

3. gr.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum, uppsetningu, sundurliðun og heiti liða.

Ársreikningi fylgi upplýsingar um veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar. Einnig skulu fylgja honum skýringar á einstökum liðum í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, sbr. 15. gr.

4. gr.

Efnahagsreikningur vátryggingarfélags sýni eignir, skuldir og eigið fé félagsins í lok reikningsárs.

Á fylgiskjali 2 með reglugerð þessari er að finna form efnahagsreiknings, og skulu þeir liðir, sem þar koma fram vera sérgreindir og í þeirri röð, er þar greinir.

Frekari greining skal gerð, þar sem nauðsynlegt er, til að skýr mynd fáist af efnahag félagsins.

Víkja má frá heitum einstakra liða, ef það leiðir óhjákvæmilega af rekstri og starfsemi viðkomandi félags og að því leyti, sem það samrýmist góðri reikningsskilavenju.

5. gr.

Flokkun eigna milli veltufjármuna og fastafjármuna skal almennt við það miðuð, að meðal veltufjármuna séu eignir, sem ætlunin er, eða mögulegt er, að breyta í handbært fé eða aðrar eignir innan eins árs, en meðal fastafjármuna séu eignir, sem ætlaðar eru til lengri notkunar eða eru bundnar til lengri tíma en eins árs.

Flokkun skulda milli skammtímaskulda og langtímaskulda skal byggð á sömu grundvallarreglu og áðurnefnd flokkun milli veltufjármuna og fastafjármuna, þannig að skuldir, sem falla í gjalddaga innan árs, eða þar um bil, falli undir skammtímaskuldir, en skuldir eða lán til lengri tíma teljast til langtímaskulda.

6. gr.

Eignir, sem ekki eru ætlaðar til varanlegrar eignar eða notkunar fyrir félagið, þ. e. veltufjármuni, má ekki eignfæra á hærra verði en kostnaðarverði eða raunvirði, ef það er lægra. Veltufjármuni má þó færa á hærra verði en kostnaðarverði í þeim sérstöku tilvikum, sem það getur samrýmst góðri reikningsskilavenju.

Útistandandi iðgjöld og aðrar útistandandi skuldir má aldrei telja á hærra verði en ætla má að fyrir þær fáist.

Þegar útistandandi iðgjöld eru eignfærð, sem eldri eru en eins árs, skal mynda mótreikning, afskriftareikning iðgjalda, fyrir heildarfjárhæð þeirra. Þá fjárhæð skal gjaldfæra á rekstrarreikning og færa til lækkunar útistandandi iðgjöldum í efnahagsreikningi. Víkja má frá ákvæðum þessarar málsgreinar í þeim tilvikum, sem um forgangskröfur er að ræða eða öruggar tryggingar hafa verið lagðar fram fyrir útistandandi iðgjöldum.

Einnig skal mynda mótreikning fyrir aðrar útistandandi skuldir, sem rétt þykir að afskrifa vegna óvissu um raunvirði þeirra.

7. gr.

Eignir, sem ætlaðar eru til varanlegrar eignar eða notkunar fyrir félagið, þ. e. fastafjármuni, má ekki færa á hærra verði en kostnaðarverði. Til kostnaðarverðs telst kostnaður við endurbætur, sem færður hefur verið sérstaklega á reikningsárinu eða eignfærður hefur verið á fyrri reikningsárum. Fastafjármuni má annars ekki, að undanteknum ákvæðum 4., 5. og 8. mgr. þessarar greinar, færa á hærra verði en bókfært verð þeirra er í efnahagsreikningi síðasta reikningsárs.

Fastafjármunir, sem rýrna að verðgildi vegna aldurs, slits eða af hliðstæðum ástæðum, skulu árlega fyrndir a. m. k. um þá fjárhæð, er nemur verðrýrnuninni, nema viðkomandi eign hafi þegar verið fyrnd nægilega. Fyrna skal, þótt tap sé eða verði á rekstrarreikningi.

Ef raunvirði fastafjármuna er lægra en bókfært verð þeirra samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar, ber að lækka verð viðkomandi eignar að því marki, sem telja verður nauðsynlegt samkvæmt góðri reikningsskilavenju.

Ef raunvirði fastafjármuna er verulega hærra en bókfært verð þeirra í efnahagsreikningi síðasta reikningsárs, má hækka bókfært verð þeirra, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., enda sé hækkunin talin varanleg.

Þá fjárhæð, sem hækkun fastafjármuna nemur, má aðeins nota sem hér segir:

1. Til nauðsynlegrar niðurfærslu á öðrum fastafjármunum.
2. Til að mæta tapi.
3. Til hækkunar á hlutafé eða stofnfé.
4. Til að leggja í endurmatssjóð, sem aðeins má nota í þeim tilgangi, sem um getur í liðum 1—3.

Þá lækkun fastafjármuna, sem ekki verður jöfnuð samkvæmt liðum 1 eða 4 að framan, má jafna með sérstakri fyrningu.

Langtímakröfu má færa á áætluðu raunvirði, enda þótt hún hafi verið færð með lægra verði í síðasta efnahagsreikningi sem vafasöm eða verðlaus.

Viðskiptavild (good-will) má ekki færa til eignar í efnahagsreikningi vátryggingarfélags.

Kostnað við stofnun félags, svo sem kostnað við skráningu félagsins, útgáfu hlutabréfa o. þ. h., má ekki eignfæra.

Verðbréf, sem opinber gengisskráning er til um, má ekki færa á hærra verði en á síðasta skráðu kaupverði í lok reikningsársins.

8. gr.

Skuldamegin í efnahagsreikningi vátryggingarfélags skal færa tryggingasjóð, er greinist í iðgjaldasjóð og bótasjóð. Hjá líftryggingarfélagi nefnist sjóðurinn tryggingarsjóður, sbr. 27. gr. laga nr. 26/1973.

Iðgjaldasjóður vátryggingarfélaga, annarra en líftryggingafélaga, svarar til þess hluta áhættuiðgjaldsins og öryggisálags, sem tilheyrir næsta ári (árum), áætlunum vegna endurgreiðslna, kostnaðarálags vegna ógreidds kostnaðar og annarra greiðslna en tjóna, sem ógreiddar kunna að vera vegna viðkomandi vátryggingar.

Iðgjaldasjóður líftryggingarfélaga nær til heildarverðmætis allra gildandi líftrygginga reiknað samkvæmt samþykktum reikningsgrundvelli, sbr. 2. tl. 23. gr. laga nr. 26/1973.

Bótasjóður vátryggingarfélaga, annarra en líftryggingarfélaga, svarar til heildarverðmætis ábyrgða félaganna vegna vátryggingarkrafa af völdum tjónaatburða, sem orðið hafa og óuppgerðar eru í lok reikningsársins. Sé bótasjóður sem réttast mat á þessu heildarverðmæti, og sé þess gætt að taka tillit til áfallinna ótilkynntra tjóna. Áætla skal tjón með hliðsjón af verðlagsþróun og taka tillit til vaxta og kostnaðar, sem ætla má, að falli á þau.

Bótasjóður líftryggingarfélaga nær til heildarverðmætis gjaldfallinna en ógreiddra tryggingafjárhæða og ágóðafjárhæða.

Eignamegin í efnahagsreikningi skal færa hlut endurtryggjenda í tryggingasjóði og skal honum skipt í hluta þeirra í iðgjaldasjóði og bótasjóði.

9. gr.

Vátryggingarfélag skal ár hvert leggja minnst 10% en mest 25% af hreinum hagnaði ársins í áhættusjóð. Verði áhættusjóður hærri en nemur 25% af iðgjaldatekjum einhvers árs, mega framlög lækka eða falla niður það ár.

Áhættusjóði má einungis verja til að mæta tapi vegna óvenjulegra tjónagreiðslna eitthvert ár. Áhættusjóð má þó einungis skerða að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra eftir meðmælum tryggingaeftirlits, sbr. 19. gr. laga nr. 26/1973.

Áhættusjóð ber að færa sem sérstakan lið skuldamegin í efnahagsreikningi.

10. gr.

Rekstrarreikningur vátryggingarfélags skal gerður þannig, að hann gefi skýra mynd af því, hvernig hagnaður eða tap reikningsársins hefur myndast.

Í rekstrarreikningi skulu heildartekjur af öllum rekstri félagsins á reikningsárinu koma fram.

Á fylgiskjali 1 með reglugerð þessari er að finna form rekstrarreiknings, og skulu þeir liðir, sem þar koma fram vera sérgreindir og í þeirri röð, sem þar greinir. Frekari greining skal gerð, þar sem nauðsynlegt er, til að skýr mynd fáist af rekstri félagsins. Víkja má frá heitum einstakra liða, ef það leiðir óhjákvæmilega af rekstri félagsins.

11. gr.

Iðgjöld ársins, sem færast í rekstrarreikning, eru iðgjöld bókfærð á reikningsárinu að frádregnum endurgreiðslum og niðurfellingum og að viðbættum iðgjaldasjóði frá fyrra ári, en að frádregnum iðgjaldasjóði til næsta árs, sbr. 8. gr.

Hluti endurtryggjenda í iðgjöldum (endurtryggingariðgjöld) er skilgreindur á hliðstæðan hátt.

Iðgjöld skulu að jafnaði bókfærð um leið og vátryggingarsamningur tekur gildi og félagið ber áhættu vegna hans.

Færa skal heildarfjárhæð iðgjalda þ. e. án frádráttar á umboðslaunum og öðrum hliðstæðum kostnaði og gildir það bæði um frum- og endurtryggingariðgjöld til félagsins og endurtryggingariðgjöld til endurtryggjenda.

Tjón ársins, sem færast í rekstrarreikning, eru tjón bókfærð á reikningsárinu, að viðbættum bótasjóði til næsta árs og að frádregnum bótasjóði frá fyrra ári, sbr. 8. gr.

Hluti endurtryggjenda í tjónum er skilgreindur á hliðstæðan hátt.

12. gr.

Fengin umboðslaun og ágóðahluti eru tekjur, sem félagið hefur fengið frá öðrum vátryggingarfélögum eða umboðsmönnum þeirra vegna vátryggingarsamninga.

Greidd umboðslaun og ágóðahluti eru annars vegar gjöld vegna hliðstæðra viðskipta og nefnd eru í 1. mgr. og hins vegar umboðslaun til umboðs- og sölumanna félagsins.

Ekki skal færa til tekna á reikningsárinu umboðslaun, sem greidd eru af þeim hluta iðgjalda, sem yfirfærð eru til næsta árs, nema sérstök rök mæli með því.

13. gr.

Í rekstrarreikningi skal heildarfjárhæð vaxtatekna og vaxtagjalda koma fram. Sama gildir um gengishagnað og gengistap vegna breytinga á skráningu erlends gjaldeyris.

14. gr.

Rekstrarreikningi vátryggingarfélags skal fylgja yfirlit um iðgjöld, tjón, umboðslaun og kostnað sundurliðað á vátryggingargreinar.

Gengishagnað og gengistap, vaxtatekjur og vaxtagjöld skal sundurliða á vátryggingargreinar eftir því sem unnt er.

Á fylgiskjali 3 með reglugerð þessari er að finna form slíkrar sundurliðunar og skulu þeir liðir, sem þar koma fram vera sérgreindir og í þeirri röð, sem þar greinir. Ávallt skal greina heildarfjárhæðir vegna frumtrygginga annars vegar og endurtrygginga hins vegar, svo og sundurliðun á einstakar vátryggingagreinar, sem félagið hefur leyfi til að reka. Frekari greining skal gerð, ef nauðsynlegt er til að skýr mynd fáist af starfsemi félagsins.

Rekstrarreikningi endurtryggingarfélags skal fylgja hliðstætt yfirlit og um er rætt í 1. og 2. mgr. með sundurliðun á vátryggingargreinar, eftir því sem við getur átt.

15. gr.

Í skýringum með ársreikningi skal gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísun til viðeigandi liða í ársreikningi, komi þau ekki greinilega fram í ársreikningnum sjálfum.

1. Eignahluta í öðrum félögum og annað áhættufé skal sundurliða. Þar skal greina nafn hvers félags, nafnverð eignahluta og bókfært verð í efnahagsreikningi.
2. Sundurliða skal nafnverð og bókfært verð verðbréfa í innlend og erlend verðbréf.
3. Gera skal grein fyrir ávöxtun líftryggingarsjóðs og þeim verðmætum, sem eru eign hans með sundurliðun í samræmi við 28. gr. laga nr. 26/1973.
4. Varanlega rekstrarfjármuni skal sundurliða. Þar komi fram kostnaðarverð í ársbyrjun samkvæmt efnahagsreikningi fyrra árs ásamt eldri endurmatshækkunum. Þá skal greina heildarverð hækkunar og lækkunar þessara eigna á reikningsárinu ásamt afskriftum og niðurfærslum á reikningsárinu og samtölu þeirra til loka reikningsársins. Gera skal grein fyrir endurmatshækkunum fastafjármuna, fjárhæð þeirra og ráðstöfun. Niðurstöður þessara skýringa skulu vera

samanburðarhæfar við einstaka eignaliði í efnahagsreikningi og við afskriftir í rekstrarreikningi.

5. Greina skal gildandi fasteignamatsverð fasteigna og brunabótamatsverð þeirra.
6. Hafi félagið lánað verðmæti til stjórnarmanna eða starfsmanna þess, skal upplýst um heildarfjárhæð slíkra lána. Sama gildir um skuldir eða lán til hluthafa eða annarra eignaraðila félagsins, nema um eðlilegar skuldir sé að ræða, sem til er stofnað vegna vátryggingarviðskipta.
7. Greina skal frá því, ef gerðar hafa verið breytingar á mati veltufjármuna eða afskriftum fastafjármuna eða gerðar aðrar breytingar frá ársreikningi síðasta árs, sem hafa veruleg áhrif á afkomu ársins eða hafa að öðru leyti verulega þýðingu.
8. Greina skal frá heildarfjárhæð eigna og skulda í erlendum gjaldeyri eða þeim liðum efnahagsreiknings, sem háðir eru gengisáhættu.
9. Gera skal grein fyrir afskriftarreikningi iðgjalda og annarra útistandandi skulda og árlegum breytingum þeirra sbr. 4. gr.
10. Þar sem aðstæður leyfa, skal sundurliða gengishagnað og gengistap eftir uppruna, eins og hér greinir:
    1) Almennir viðskipta- og geymslufjárreikningar.
    2) Tryggingasjóður.
    3) Bankainnstæður og verðbréf.
11. Gera skal grein fyrir skattalegri stöðu félagsins, sýna þá gjaldstofna, sem skattar reikningsársins eru reiknaðir af, og heildarfjárhæð þeirra.
12. Breytingar þær, sem orðið hafa á hinum ýmsu liðum eigin fjár frá efnahagsreikningi síðasta árs, skal sundurliða.

16. gr.

Í ársskýrslu skal gefa upplýsingar um atriði, sem eru mikilvæg við mat á fjárhagslegri stöðu félagsins og afkomu þess á reikningsárinu, og ekki koma fram í efnahags- og rekstrarreikningi eða skýringum með þeim. Þetta á einnig við um mikilvæg atriði, sem fram hafa komið eftir lok reikningsársins.

Ársskýrsla skal veita upplýsingar um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu.

Stjórn vátryggingarfélags skal í ársskýrslu gera tillögu um ráðstöfun á hagnaði félagsins eða jöfnun taps.

17. gr.

Vátryggingarfélög, sem leyfi hafa til vátryggingarstarfsemi hér á landi, skulu senda tryggingaeftirliti ársreikninga sína innan mánaðar frá því, að þeir voru samþykktir á félagsfundi, þó eigi síðar en 6 mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ársreikningum skulu fylgja gögn í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. 39. gr. laga nr. 26/1973, að því leyti, sem upplýsingarnar er ekki að finna í ársreikningnum sjálfum.

18. gr.

Ársreikningar vátryggingarfélaga skulu staðfestir af tryggingaeftirliti og skal það birta þá í Lögbirtingablaði.

Birta skal efnahagsreikning og rekstrarreikning svo og þær skýringar félagsins skv. 15. gr. reglugerðar þessarar, sem tryggingaeftirlitið telur mikilvægar.

19. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða fésektum eða varðhaldi.

20. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 56. grein laga nr. 26/1973, sbr. 17. gr. sömu laga.

Reglugerðin taki gildi nú þegar og skulu ákvæði hennar gilda fyrir uppgjör frá og með reikningsárinu 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. mars 1975.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal 1

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 19...

		Reiknings-árið	Liðið ár
IÐGJÖLD			
Iðgjöld ársins	—		—
Endurtryggingariðgjöld	—		—
	—		—
TJÓN			
Eigin iðgjöld		—	
Tjón ársins	—		—
Hluti endurtryggjenda í tjónum	—		—
	—		—
Eigin tjón		—	—
Iðgjöld ÷ tjón		—	—
UMBOÐSLAUN			
Fengin umboðslaun og ágóðahluti	—		—
Greidd umboðslaun og ágóðahluti	—		—
	—		—
		—	—
Iðgjöld ÷ tjón ÷ umboðslaun		—	—
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD			
Vaxtatekjur	—		—
Arður	—		—
Tekjur af fasteignarekstri	—		—
Annað	—		—
	—		—
	—		—
Vaxtagjöld	—		—
Rekstrarkostnaður fasteigna (án afskrifta)	—		—
	—		—
		—	—
		—	—

		Reiknings-árið	Liðið ár
SKRIFSTOFU- OG STJÓRNUNARKOSTNAÐUR			
Laun og launatengd gjöld	—		—
Annar kostnaður	—		—
	—	—	—
		—	—
GENGISMUNUR			
Gengishagnaður	—		—
Gengistap	—		—
	—	—	—
		—	—
AFSKRIFTIR		—	—
HAGNAÐUR/TAP AF REGLULEGRI STARFSEMI		—	—
ÓREGLULEGAR TEKJUR OG GJÖLD			
Hagnaður af sölu fastafjármuna		—	—
Annað (sundurliðist)		—	—
HAGNAÐUR/TAP ÁN SKATTA		—	—
TEKJU- OG EIGNASKATTUR, REIKNAÐIR		—	—
HAGNAÐUR TIL RÁÐSTÖFUNAR/TAP		—	—
TIL RÁÐSTÖFUNAR			
Óráðstafað frá fyrra ári		—	—
Hagnaður/Tap ársins		—	—
		—	—
RÁÐSTÖFUN			
Lagt í áhættusjóð		—	—
Lagt í skattalegan varasjóð		—	—
Óráðstafað til næsta árs		—	—
.....		—	—
.....		—	—

Fylgiskjal 2

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir:

	Reiknings-árið	Liðið ár
VELTUFJÁRMUNIR		
Sjóður og bankainnstæður:		
Sjóður	—	—
Bankainnstæður innanlands	—	—
Bankainnstæður erlendis	—	—
	—	—
	—	—
Skammtímakröfur		
Innlend vátr.félög, þ. m. t. geymslufé	—	—
Innlendir umboðsmenn	—	—
Aðrir innlendir skuldunautar	—	—
Erlendir skuldunautar, þ. m. t. geymslufé	—	—
Víxlaeignir	—	—
Iðgjaldainnheimtur	—	—
Aðrar skammtímakröfur	—	—
	—	—
	—	—
Áfallnir vextir	—	—
	—	—
	—	—
Veltufjármunir	—	—
FASTAFJÁRMUNIR		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Skrifstofuhúsgögn, vélar og áhöld	—	—
Bifreiðar	—	—
Fasteignir	—	—
Annað	—	—
	—	—
	—	—
Áhættufjármunir og langtímakröfur		
Hlutabréf og stofnfé í öðrum félögum	—	—
Innlend verðbréf	—	—
Erlend verðbréf	—	—
Aðrar bundnar innstæður og kröfur	—	—
	—	—
	—	—
Eigin hlutabréf	—	—
	—	—
	—	—

	Reiknings-árið	Líðið ár
Fastafjármunir	—	—
HLUTI ENDURTRYGGJENDA Í (LÍF)TRYGGINGASJÓÐI		
Iðgjaldasjóður	—	—
Bótasjóður	—	—
Hluti endurtryggjenda í (líf)tryggingasjóði	—	—
Eignir samtals	—	—

31. DESEMBER 19 ...

Skuldir og eigið fé:

SKAMMTÍMASKULDIR		
Innlendir bankar	—	—
Innlend vátr.félög, þ. m. t. geymslufé	—	—
Innlendir umboðsmenn	—	—
Aðrir innlendir skuldheimtumenn	—	—
Erlendir skuldheimtumenn, þ. m. t. geymslufé	—	—
Ógreiddur arður	—	—
Ógreiddir skattar	—	—
Ógreiddir reiknaðir skattar	—	—
Aðrar skammtímaskuldir	—	—
Skammtímaskuldir	—	—
LANGTÍMASKULDIR		
Veðskuldir	—	—
Aðrar langtímaskuldir	—	—
Langtímaskuldir	—	—
(LÍF) TRYGGINGASJÓÐUR		
Iðgjaldasjóður	—	—
Bótasjóður	—	—
(Líf)tryggingasjóður	—	—
ÁHÆTTUSJÓÐUR	—	—
BUNDIÐ ÓSKATTLAGT FJÁRMAGN		
Skattalegur varasjóður	—	—
Annað	—	—
Bundið fjármagn	—	—

	Reikningsárið	Liðið ár
EIGIÐ FÉ		
Bundið:		
Hlutafé, stofnfé	—	—
Arðjöfnunarsjóður	—	—
Aðrir sjóðir (sundurliðist)	—	—
	—	—
FRJÁLST		
Óráðstafað eigið fé	—	—
Annað	—	—
Eigið fé	—	—
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS	—	—

Fylgiskjal 3

YFIRLIT UM EINSTAKAR VÁTRYGGINGARGREINAR 19...

	Samtals	Frumtrygging. Sundurliðun á vátryggingar greinar og samtala	Endurtrygging. Sundurliðun á vátryggingar greinar og samtala
IÐGJÖLD ÁRSINS	—	—	—
Iðgjöld bókfærð á árinu	—	—	—
Breyting iðgjaldasjóðs	—	—	—
Iðgjaldasjóður f. f. ári	—	—	—
Iðgjaldasjóður t. n. árs	—	—	—
ENDURTRYGGINGARIÐGJÖLD	—	—	—
Iðgjöld bókfærð á árinu	—	—	—
Breyting iðgjaldasjóðs	—	—	—
Iðgjaldasjóður f. f. ári	—	—	—
Iðgjaldasjóður t. n. árs	—	—	—
EIGIN IÐGJÖLD	—	—	—
TJÓN ÁRSINS	—	—	—
Tjón bókfærð á árinu	—	—	—
Breyting bótasjóðs	—	—	—
Bótasjóður t. n. árs	—	—	—
Bótasjóður f. f. ári	—	—	—

	Samtals	Frumtrygging. Sundurliðun á vátryggingar greinar og samtala	Endurtrygging. Sundurliðun á vátryggingar greinar og samtala
HLUTI ENDURTRYGGJENDA Í TJÓNUM	—	—	—
Tjón bókfærð á árinu	—	—	—
Breyting bótasjóðs	—	—	—
Bótasjóður t. n. árs	—	—	—
Bótasjóður f. f. ári	—	—	—
EIGIN TJÓN	—	—	—
EIGIN IÐGJÖLD ÷ EIGIN TJÓN	—	—	—
UMBOÐSLAUN	—	—	—
Fengin umboðslaun og ágóðahluti	—	—	—
Greidd umboðslaun til umboðs- og sölumanna	—	—	—
Greidd umboðslaun og ágóðahluti til annarra	—	—	—
IÐGJÖLD ÷ TJÓN ÷ UMBOÐSLAUN (vergur hagnaður)	—	—	—
SKRIFSTOFU- OG STJÓRNUNARKOSTNAÐUR			
Laun og launatengd gjöld	—	—	—
Annar kostnaður	—	—	—
	—	—	—
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD			
Vaxtatekjur	—	—	—
Vaxtagjöld	—	—	—
	—	—	—
GENGISMUNUR			
Gengishagnaður	—	—	—
Gengistap	—	—	—
	—	—	—
HLUTFALLSTÖLUR			
Vergur hagnaður í % af heildariðgjöldum	—	—	—
Heildartjón í % af heildariðgjöldum	—	—	—
Eigin tjón í % af eigin iðgjöldum	—	—	—
Iðgjaldasjóður í % af heildariðgjöldum	—	—	—
Bótasjóður í % af heildariðgjöldum	—	—	—

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1975:

Óverkaður saltfiskur

Stórfiskur nr. 1	kr. 225,00
Millifiskur nr. 1	— 217,00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 187,00

Verð á öðrum gæðaflokkum er ákveðið í hlutföllum söluverða.

Verð þessi miðast við f. o. b. Verðbil verður 3% og gildir bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 75% af verðbreytingu að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. mars 1975.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

14. mars 1975. Nr. 79.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um nám og starfsréttindi lyfjatækna nr. 183 4. júní 1973.

1. gr.

12. gr. orðist svo:

Lokapróf skulu haldin í maímánuði, sem hér segir:

1. Verklegt próf í afgreiðslu lyfseðla og lyfjagerð.
2. Verklegt próf í vöruþekkingu.
3. Skriflegt próf í heilbrigðis- og hreinlætisháttum, almennri lyfjafræði og lyfjaþekkingu.
4. Skriflegt próf í lyfjalöggjöf, lyfjaverðlagningu, eyðublaðatækni og afgreiðslutækni.

Kennarar útbúa prófverkefni í samráði við skólastjórnina. Skólastjórn skipar prófdómara.

Einkunnir skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 upp í 10.

Til að standast lokapróf skólans, þarf neminn að hafa fengið að minnsta kosti einkunnina 5 í hverju hinna fjögurra, ofannefndra prófa.

Geti nemi ekki gengið undir próf vegna sjúkdóms skal hann skila læknisvottorði. Skal honum þá heimilt að ganga undir sjúkrapróf, sem halda skal við fyrsta tækifæri í samráði við skólastjóra og skólastjórn.

Nemi, sem ekki stenst lokapróf en óskar að þreyta hið næsta lokapróf, sem haldið verður, skal vinna á tímabilinu milli prófa, sem nemi í lyfjabúð. Innritist slíkur nemi til lokaprófs, sem seinna yrði haldið, þá skal hann vinna sem nemi í lyfjabúð eigi skemur en sex næstu mánuði fyrir prófið.

Slíkur nemi skal færa námsferilsbók, samkvæmt 5. tölulið fylgiskjals við reglugerð þessa.

Enginn getur gengið undir lokapróf oftar en þrisvar, nema að fengnu leyfi heilbrigðisráðuneytisins.

Þeir, sem ganga undir lokapróf, samkvæmt ákvæði 1. og 2. gr. til bráðabirgða í þessari reglugerð geta þó aðeins gengið undir lokapróf tvisvar, nema að fengnu leyfi heilbrigðisráðuneytisins.

2. gr.

Reglugerð þessi tekur þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 14. mars 1975.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 80. 13. mars 1975.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli loðnuafurða fyrir framleiðslutímabilið 16. febrúar til loka loðnuvertíðar 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið 16. febrúar til loka loðnuvertíðar 1975.

Loðnumjöl, $ 5,00 á próteineiningu í lest.
Loðnulýsi, $ 400,00 fyrir hverja lest.
Verðbil verður ekkert.
Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, $ 1 = 149,20.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 62,5% af verðbreytingum frá grundvallarverði á loðnumjöli, en 30% á loðnulýsi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. mars 1975.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli freðfisks fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögu stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfisk fyrir framleiðslutímabilið 1. jan. til 31. maí 1975:

	Ísl. kr. á lb. Cif.
Þorskur:	
4×14 m/r interl.	76.24
4×14 r/l og 8×7 r/l	91.45
10×5, 3×18 og 4×12	139.42
5×10 og 4×13	145.42
4×15	148.35
12×1	148.35
Blokk	104.48
Blokk 24½	108.08
Ýsa:	
10×5 og 3×18	146.23
12×1	153.80
Blokk	97.50
Steinbítur:	
8×7 r/l	76.12
10×5	129.72
12×1	129.72
Blokk	80.98
Karfi:	
8×7 m/r	69.14
10×5 m/r	71.25
10×5 r/l	76.77
12×1	83.65
Blokk	61.29
Ufsi:	
8×7 r/l	67.14
4×6 kg	73.43
10×5	81.16
Blokk	58.21
Langa:	
8×7 r/l	79.03
10×5	141.00
Blokk	84.07

Grálúða:

Heilfryst	69.95
Blokk, U.S.S.R.	75.87
Heilfrystur fiskur	34.85

Verðbil verði 3% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. mars 1975.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

Nr. 82. 7. mars 1975.

GJALDSKRÁ

fyrir gatnagerðargjald A í Ísafjarðarkaupstað.

1. Gjaldstuðlar.

1.1. Gjaldstuðlar til A-gjalds.

Einbýlishús rúmmál allt að 550 m³	7.0%
Einbýlishús rúmmál umfram 550 m³	10.0%
Tvíbýlishús 2 hæðir	4.5%
Þríbýlishús 3 hæðir	4.0%
Fjölbýlishús	1.8%
Par-, rað-, og keðjuhús 1 hæð	6.0%
Par-, rað-, og keðjuhús 2 hæðir	4.5%
Stallahús	5.0%
Verslunar- og skrifstofuhús	8.0%
Skemmubyggingar 1 hæð	3.0%
Annað atvinnuhúsnæði	2.5%
Allar byggingar á fyllingu og þar sem fjarlægja þarf mannvirki á kostnað bæjarsjóðs	10.0%

1.2. Athugasemdir við 1.1.
Af kjöllurum, jarðhæðum og rishæðum, sem ekki eru notaðar til íbúðar eða atvinnureksturs svo og bifreiðageymslum skulu gjöld samkvæmt 1.1. vera 50% af gjaldstuðli viðkomandi húss.

2. Gjaldeining og vísitöluákvæði.

2.1. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu miðuð við byggingarkostnað „vísitöluhússins" og er sá kostnaður kr. 13.525,00 per rúmmetra miðað við vísitölu 1455 stig 1. janúar 1975.

2.2. Bæjarstjórn skal vera heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðlana sbr. grein 1.1. hvern um sig eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

3. Um gjalddaga og gjaldfrest.

3.1. Bæjarráð setur reglur um gjalddaga við hverja úthlutun lóða og tekur ákvörðun um gjaldfrest.

3.2. Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á samanber lög nr. 51/1974, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af Bæjarstjórn Ísafjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. mars 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

7. mars 1975. Nr. 83.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjald A í Ísafjarðarkaupstað.

1. Almenn ákvæði.

1.1. Bæjarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjald á lóðir í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, eftir því sem nánar segir í reglugerð þesseri. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

1.2. Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu fyrir bundið slitlag.

1.3. Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin og skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjaldið samkvæmt gjaldskrá, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni, sbr. þó grein 1.5.

1.4. Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismuni á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna.

1.5. Hafi byggingarleyfi verið veitt í byggingarnefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta byggingarinnar, sem byggingarleyfið er endurnýjað fyrir, að frádregnu því gatnagerðargjaldi, sem áður hefur verið greitt af sama áfanga.

1.6. Lóðin er veitt í því ástandi, sem hún er í við afhendingu hennar, og á lóðarhafi engar kröfur á hendur bæjarfélagsins síðar, vegna ástands hennar. Lóðarhafi skal hlíta byggingarskilmálum svo og öðrum þeim lögum og reglum, sem til greina kunna að koma og settar kunna að verða.

2. Gjaldstofn.

2.1. Upphæð gatnagerðargjalda skal miðast við ákveðinn hundraðshluta byggingarkostnaðar per rúmmetra „vísitöluhússins".
Gjaldskráin er því háð vísitölu byggingarkostnaðar og skal breytast árlega.

2.2. Gjöldin skulu og miðast við brúttórúmmál húss. Rúmmál skal reikna samkvæmt grein 17.1.1. í Byggingarsamþykkt fyrir Ísafjörð. Rúmmál skal reiknað eftir samþykktum uppdráttum. Sé uppdráttur nýrra húsa ekki fyrir hendi, skal til bráðabirgða miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi skal miðað við eftirtaldar stærðir:

Einbýlishús ásamt bílgeymslu 500 m^3.
Par-, rað-, keðju-, stalla-, tvíbýlis- og þríbýlishús 400m^3/íbúð.
Fjölbýlishús 300m^3/íbúð.

Fyrir önnur hús skal áætla nýtingarhlutfall lóðar 0,3—0,5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar hverju sinni, þ. e. ef samþykkt deiliskipulag kveður ekki á um nýtingarhlutfallið.
Meðalhæð skal reikna 3,5 m.

3. Um afsögn veittrar lóðar og lækkun gatnagerðargjalds.

3.1. Óski lóðarhafi eftir að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi. Heimilt er þó að fresta endurgreiðslunni eins og hér segir:
50% gatnagerðargjaldsins greiðist eftir 6 mán.
Eftirstöðvar greiðast eftir 12 mán.
Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt að fullu, þegar sú lóðaráthlutun fer fram.

3.2. Bæjarstjórn getur samkv. tillögu bæjarráðs ákveðið að lækka eða fella niður gatnagerðargjald á íbúðarhúsalóðum, sem óbyggðar eru í annars byggðum hverfum og að mati byggingarnefndar eru verulega erfiðar og dýrar í byggingu miðað við venjulega byggingartækni á hverjum tíma. Einnig er bæjarstjórn heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af fjölbýlishúsum samkvæmt þessari grein.
Þá er bæjarstjórn og heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjöld af iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, enda liggi til þess fullgild rök hverju sinni. Enn fremur getur bæjarstjórn ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum að byggingar séu sérhæfðar og/eða afbrigðilegar um notkun og annað slíkt.

3.3. Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á samanber lög nr. 51/1974, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.
Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

4. Um ágreining.

4.1. Bæjarráð sker úr ágreiningi, er rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af Bæjarstjórn Ísafjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut kunna að eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. mars 1975.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Bjargar Kristófersdóttur, f. 22. des. 1886 - d. 9. mars 1971, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. mars 1975.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Bjargar Kristófersdóttur, f. 22 des. 1886 - d. 9. mars 1971.

1. gr.

Sjóður þessi er gefinn af Þorgeiri Kristni Jónssyni, f. 24. mars 1898, til minningar um konu hans og heitir Styrktarsjóður Bjargar Kristófersdóttur, f. 22. des. 1886— d. 9. mars 1971.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000.00 — eitt hundrað þúsund krónur — sem gefið er af eiginmanni hinnar látnu, Þorgeiri Kristni Jónssyni, f. 24. mars 1898, sem nú dvelur að Hrafnistu, Reykjavík.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera ævinlega í umsjá Ásprestakalls í Reykjavík og afhentur því. Hann skal og hlýta forsjá safnaðarnefndar þess prestakalls, að því leyti, sem skipulagsskrá þessi leyfir. Reikningur sjóðsins skal lesinn upp endurskoðaður á safnaðarfundi árlega.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa þjónandi sóknarprestur Ásprestakalls og einn af afkomendum áðurgreindra hjóna, hinn fyrsti er Júlíus Gunnar Þorgeirsson. Þegar hann andast skal þjónandi sóknarprestur tilnefna annan niðja að höfðu samráði við aðra niðja hjónanna.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera sá, að veita fátækum fjárstyrk, eða að hjálpa fólki, sem orðið hefir fyrir tjóni af völdum slysfara eða á annan hátt. Úr sjóðnum má þó verja fé til styrktar Áskirkju, með samþykki þess niðja hjónanna, sem í stjórn er.

6. gr.

Sjóðinn skal stjórnin varðveita eftir því, sem hægt er í verðtryggðum skuldabréfum eða á annan verðtryggan hátt.

7. gr.

Auk þess, sem áður getur, skal stjórn sjóðsins freista að afla honum aukins fjár, t. d. með útgáfu minningarspjalda, sem m. a. verði höfð á boðstólum við útfarir.

8. gr.

Úthluta má árlega helmingi af tekjum sjóðsins, þó ekki fyrr en eftir tíu ár frá sjóðsstofnun. Það sem fram yfir verður árlega úthlutun skal leggja við höfuðstólinn.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 30. júní 1974.

Þorgeir Kristinn Jónsson.

REGLUGERÐ

um álagningu gatnagerðargjalds við byggðar götur í Egilsstaðakauptúni.

1. gr.

Húseigendur í Egilsstaðakauptúni skulu greiða til sveitarsjóðs Egilsstaðahrepps gatnagerðargjald fyrir hús og lóðir um leið og götur eru lagðar bundnu slitlagi. Til útreiknings skal nota eftirfarandi einingartölur:

A.	1.	Einbýlishús m/bifreiðageymslu að 400 m^3	kr. 125 000
	2.	Parhús að 400 m^3	— 100 000
	3.	Tvíbýlishús á 2 hæðum, tveggja hæða íbúðarhús m/allt að 4 íbúðum og raðhús á 1 hæð að 400 m^3	— 80 000
	4.	Raðhús á 2 hæðum að 400 m^3	— 60 000
	5.	Fjölbýlishús á 2 hæðum m/allt að 8 íbúðum að 300 m^3	— 50 000
	6.	Fjölbýlishús á 3 hæðum eða fleiri, m/fl. en 8 íbúðum að 300 m^3	— 35 000
	7.	Verslunar- og skrifstofuhús per m^3	— 200
	8.	Iðnaðarhús og vörugeymslur per m^3	— 150
	9.	Umframstærðir í íbúðahúsum per m^3	— 200
	10.	Ef byggt er við eldri hús og stærð þeirra verður meiri en lágmarksstærð skal greiða sama gjald fyrir umframstærðir og áður greinir.	
B.	1.	Lóðarhafar greiði í gatnagerðargjald kr. 40,00 af hverjum m^2 lóðar.	
C.	1.	Bifreiðastæði greiða húseigendur sjálfir.	

Öll gjöld eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í nóvember 1974.

2. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds samkv. 1. gr. skal miðast við þá byggingarvísitölu, sem í gildi er þegar lagning bundins slitlags fer fram.

3. gr.

Gatnagerðargjald samkv. 1. gr. skal greitt á fjórum árum með jöfnum afborgunum. Gjalddagar eru 15. júlí ár hvert, í fyrsta sinn sama ár og lagning bundins slitlags fer fram. Lokagreiðslu skal þó ekki innheimta fyrr en endanlega hefur verið gengið frá viðkomandi götu.

4. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, næstu tvö ár eftir gjalddaga og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki, samkv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Egilsstaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 12. mars 1975.

F. h. r.

Haligrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

AUGLÝSING

um niðurfellingu aðflutningsgjalda af ýmsum vörum til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í 21. tl. 3. gr. laga nr. 6 5. mars 1974, um tollskrá o. fl., til að fella niður aðflutningsgjöld af eftirtöldum vélum, tækjum, fylgihlutum og viðgerðarefnum, sem ætluð eru til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær.

Tollskrárnúmer:	Vöruheiti:
27.10.60	Smurningsolía, þ. á. m. háhitasmurolía.
27.10.79	Háþrýstivökvi.
28.35.00	Mólýbden dísúlfíð duft.
28.54.00	Tvíildi.
29.02.00	Arklone P, L og E. Hreinsiefni fyrir ýmis nákvæmnistæki flugvéla, sem hreinsuð eru í þar til gerðum vélum.
29.04.21	Ísvarnarvökvi.
32.12.00	Súrþéttiefni. Þéttiefni (t. d. Epocast og kísilefnablanda).
34.02.09	Yfirborðsvirk hreinsiefni (t. d. Alkaline 280, Ardrox og Cee Bee).
34.05.01	Flugvélabón, Jove Wadpol.
35.06.01	Lím til flugvélaviðgerða.
36.04.00	Hvellhettur fyrir slökkvitæki.
36.08.00	Hylki með eldfimum efnum vegna lóðninga.
37.01.01	Röntgenfilmur (Crystallex Films, Microtex Films).
38.17.00	Slökkviefni.
38.19.11	Háþrýstivökvi (t. d. Skydrol).
38.19.16	Hvatar og herðar.
38.19.19	Framkallari vegna röntgenskoðunar og málmþreytuleitar. Rakasalt. Magnaglo efni (Dry Concentrate) til notkunar við leit að málmþreytu með rafsegli.
39.01.02	Fenóplast (Phenolic Microballons). Polyureth.
39.02.83	Teflonpípur.
39.07.36	Plastvörur til tækninota í flugvélum.
39.07.37	Tengi, t. d. fyrir háþrýstileiðslur í flugvélum.
39.07.45	Ljósskýlur (Lens) úr plasti fyrir flugvélar.
39.07.65	Plastrúður, sérstaklega gerðar fyrir flugvélar.
39.07.78	Bréfamöppur fyrir vinnuskjöl frá framleiðendum flugvéla enda merktar þeim, t. d. Boeing o. s. frv.
39.07.89	Plötur úr plasti með áletrun, t. d. upplýsingum um, hvar neyðarútgangur sé.
40.09.09	Slöngur úr gúmmíi.
40.14.04	Þéttingar, t. d. í háþrýstitæki og mæla fyrir hemla, glugga og hurðir í flugvélum.
40.14.05	Vörur úr gúmmíi til tækninota í flugvélum.
42.04.00	Vörur úr leðri til tækninota í flugvélum.

Tollskrárnúmer:	Vöruheiti:
45.04.03	Þéttingar úr korki, t. d. fyrir ýmiss konar skoðunarlúgur í flugvélum.
48.18.00	Bréfamöppur fyrir vinnuskjöl frá framleiðendum flugvéla enda merktar þeim.
48.19.09	Áprentaðir merkimiðar á farangur farþega (Baggage Tags). Áprentaðir merkimiðar fyrir gáma og fleiri tegundir flutningsumbúða.
49.06.00	Tæknilegir uppdrættir.
49.11.01	Prentað mál, t. d. sérfræðilegir upplýsingabæklingar (Service Bulletins).
49.11.09	Óútfyllt prentuð eyðublöð, t. d. farseðlar.
58.02.09	Gólfteppi, tilsniðin í flugvélar.
62.02.09	Gluggatjöld, tilsniðin í flugvélar.
62.05.02	Björgunarvesti. Björgunarrennur (Chutes). Háð samþykki skipaskoðunarstjóra.
62.05.19	Viðvörunarborðar. Öryggisbelti. Sætahlífar (Seats Covers) úr eldþolnu efni til notkunar á sætum ákveðinna tegunda flugvéla.
68.06.00	Hálkuvari (Safety Walk). Trefjaull (Scotchbrite) með slípiefni.
68.13.01	Þéttingar í útblásturskerfi flugvéla.
68.13.09	Vörur úr asbesti til tækninota í flugvélum.
70.08.00	Glerrúður, sérstaklega gerðar fyrir flugvélar.
73.14.02	Öryggisbindivír.
73.20.00	Tengi, t. d. fyrir háþrýstikerfi í flugvélum.
73.24.00	Súrefnisflöskur.
73.29.03	Keðjur, notaðar t. d. við stjórn á jafnvægisstýrum.
73.32.00	Boltar, rær, skífur; notaðar á fjölmörgum stöðum í flugvélum, t. d. í sambandi við festingu á hjólabúnaði, hæðar- og hliðarstýrum, enn fremur varnaglar, augaboltar, spenniklemmur o. fl.
73.35.00	Fjaðrir og gormar, notað á fjölmörgum stöðum í flugvélum, t. d. í sambandi við hjóla- og stýrisbúnað o. fl.
73.40.59	Baulur og slönguklemmur. Læsingasmellur og krækjur á varningsfestingabönd í flugvélum.
74.03.02	Öryggisbindivír.
74.08.00	Tengi í súrefnis- og mælitækjakerfi í flugvélum.
74.15.00	Boltar, rær, skífur, hnoð; aðallega notað við festingar flugmælitækja.
76.02.01	Prófílar úr áli.
76.03.09	Álplötur.
76.04.00	Álborðar.
76.06.01	Prófílpípur úr áli.
76.06.09	Álpípur.
76.07.00	Tengi í súrefnis- og mælitækjakerfi í flugvélum.
76.16.03	Hnoð, boltar, skrúfur o. þ. h. úr áli, notað við smíði (samsetningu) flugvéla.
82.03.00	Tengur, gatjárn, pípuskerar, þjalir, skrúflyklar, klippur, enda sérstaklega gert til viðgerða á flugvélum.
82.04.00	Handverkfæri ýmiss konar, m. a. dragar (Pullers), enda sérstaklega gerð til viðgerða á flugvélum.

Tollskrárnúmer:	Vöruheiti:
82.05.00	Skiptiverkfæri, t. d. í loftbora (til að hnoða, skrúfa o. s. frv.), rafmagnsborvélar o. fl., enda sérstaklega gerð til viðgerða á flugvélum.
83.01.09	Lásar, sérstaklega gerðir fyrir flugvélar.
83.02.01.	Dyralokur og lamir, t. d. úr áli, notað m. a. á skoðunarlúgur.
	Stangarlamir.
83.07.02	Siglingaljós.
83.09.00	Holhnoð úr áli, notuð við smíði og viðgerðir á flugvélum á stöðum, sem ekki er hægt að koma verkfærum við. Er þá notast við sérstök tæki, sem fletja út enda hnoðanna.
83.14.00	Plötur með áletrun, m. a. í mælaborð flugvéla, (t. d. metacal).
84.10.01-09	Háþrýstidælur og eldsneytisdælur í flugvélar.
84.11.02-09	Sogdælur og þjöppur í flugvélar.
84.17.13	Rafmagnskaffivélar, enda gerðar fyrir straum og spennu, sem notuð eru í flugvélum.
84.17.19	Smurolíukælar í flugvélar.
84.18.29	Olíusíur í flugvélahreyfla.
	Síur með ávirka eiginleika (Alumina).
84.21.00	Fjarstýrð slökkvitæki í flugvélahreyfla, sérstaklega hönnuð fyrir það hlutverk.
	Blásturshreinsitæki.
84.22.09	Tjakkar og talíur til að lyfta flugvélum og stórum hlutum þeirra.
84.49.00	Loftborar, mikið notaðir við viðhald og viðgerð flugvéla, hnoðun o. fl., enda sérstaklega gerðir í því skyni.
84.59.29	Órafknúinn ræsibúnaður, þ. e. Auxiliary Power Units, loftknúinn og notaður við ræsingu þotuhreyfla.
	Rúðuþurrkur, hannaðar fyrir flugvélar.
	Hreyfar (Actuators), t. d. til að lyfta og setja niður hjólbúnað, opna og loka hjólhúsi flugvéla o. s. frv.
84.61.09	Lokar og hanar, notaðir t. d. á fjölmörgum stöðum í háþrýstikerfi og bensínkerfi flugvéla.
84.62.00	Kúlu-, kefla-, og nálaleg, notuð víða í flugvélum, t. d. hjólaleg og leg í jafnvægis-, hæðar- og hliðarstýrum.
84.64.00	Þéttihringir (plötur), t. d. í olíusíur flugvélahreyfla.
85.01.02	Spennar 1000 kw og minni til notkunar í flugvélum.
85.01.04	Riðstraumsrafhreyflar með spennu og tíðni, sem hæfir flugvélum.
85.01.09	Rafhreyflar með spennu, sem hæfir flugvélum og ætlaðir eru til að knýja ýmiss konar útbúnað á þeim.
	Spennar til nota við ræsingu hreyfla.
	Afriðlar.
85.03.09	Rafhlöður (Aircraft Batteries).
85.04.09	Rafgeymar, venjulega 24 - 27½ volt.
	Einnig aðrar gerðir, t. d. neyðarrafgeymar.
85.05.00	Rafmagnsborvélar, enda sérstaklega gerðar til flugvélaviðgerða.
85.08.00	Rafbúnaður, t. d. rafkerti o. fl., sem bundið er flugvélahreyflum.
85.12.07	Rafmagnshitaelement, t. d. vegna útskolunar frá salernum flugvéla, til varnar gegn frosti.
	Einnig til hitunar á Pilot-pípu fyrir flughraðamæla o. fl.
85.13.00	Sambyggðir heyrnar- og hljóðnemar handa flugáhöfnum (Headset)
85.14.00	Eyrnaskjól með heyrnartæki.
	Hljóðnemar.

Tollskrárnúmer:	Vöruheiti:
85.15.31	Ratsjár og radíómiðunartæki í flugvélar.
85.15.32	Radíósendi- og móttökutæki í flugvélar, þar með neyðarsendar.
85.17.01	Rafmagnsbrunaaðvörunarkerfi.
85.17.09	Rafmagnsbúin hljóð- og ljósmerkjatæki í flugvélar, t. d. blikkandi ljós.
85.18.00	Rafmagnsþéttar í radíó- og ratsjártæki flugvéla.
85.19.01	Rofar allt að 5 og yfir 30 amper. Skiptarar og liðar.
85.19.02	Vör til og með 5 amper.
85.19.04	Falir, tenglar, klær og tengibúnaður til og með 5 amper og 30-200 amper.
85.19.05	Tengikassar og annar tengibúnaður ót. a.
85.19.06	Viðnám.
85.19.09	Aðrir rofar.
85.20.00	Rafmagnsperur í ýmis lýsingartæki í flugvélum.
85.21.01	Rafeindalampar í ratsjár og radíótæki í flugvélum.
85.21.02	Ljósnemar.
85.21.03	Smárar.
85.21.04	Kristallar.
85.25.20	Rafmagnshituð affrysti- og daggarþurrktæki fyrir rúður í flugvélum.
85.23.09	Einangraður rafmagnsþráður, sérstaklega hannaður fyrir rafmagnskerfi, ratsjár og radíókerfi í flugvélum.
85.25.00	Einangrar, t. d. fyrir flugvélaloftnet.
87.14.01	Farangursvagnar. Hjól fyrir hreyfilstól.
87.14.09	Farþegatröppur, byggðar á vagn.
89.01.21	Björgunarbátar. Háð samþykki skipaskoðunarstjóra.
90.02.09	Linsur í umgerð (slækkandi), t. d. vegna álesturs á lóran og fleiri tæki í flugvélum.
90.04.01	Reykgleraugu til notkunar fyrir flugmenn, ef reykur myndast í stjórnklefa. Glerin hafa þann eiginleika, að vel sést, þótt mikill reykur myndist.
90.14.01	Áttavitar í flugvélar. Sjálfstýritæki í flugvélar.
90.14.09	Hæðarmælar, lofthraðamælar, stig- og fallmælar, gervisjónhringsmælar (Artificial Horizons), beygju- og hallamælar Machmælar, hraðbreytimælar (Accelerometers); allt til nota í flugvélum.
90.16.00	Reikniskífur, hornamælar, míkrómælar, hnoðamælar (Gauge-Rivets), átaksmælar, enda notaðir sérstaklega í sambandi við viðgerðir flugvéla.
90.18.00	Súrefnisöndunartæki til nota í flugvélum.
90.22.00	Tæki til mekanískrar prófunar á styrkleika og þrýstiþoli, t. d. hörkumælar og styrkmælar fyrir dúka vegna flugvélaviðgerða.
90.23.02	Hitamælar, notaðir í flugvélum við uppkeyrslu.
90.24.01	Hitastillar, t. d. notaðir í hitakerfi flugvéla.
90.24.09	Þrýstimælar, t. d. í háþrýstikerfi og fyrir þrýsting andrúmslofts í flugvélum. Magnmælar og rennslismælar, t. d. fyrir eldsneyti flugvéla.
90.26.29	Mælar, sem sýna t. d. eyðslu eldsneytis o. fl. miðað við ákveðinn tíma eða vegalengd, sérstaklega gerðir fyrir flugvélar.

Tollskrárnúmer:	Vöruheiti:
90.27.01	Snúningshraðamælar fyrir flugvélar.
90.27.09	Ýmsir teljarar til notkunar í flugvélum.
90.28.09	Amper- og voltmælar, einnig aðrir rafmagnsmælar í stjórnborði flugvéla.
90.29.09	Varahlutir í mælitæki, sem njóta undanþágu í tollskrárnúmerum 90.23, 90.24 og 90.26 til 90.28.
91.03.00	Klukkur, sérstaklega gerðar fyrir flugvélar.
91.11.00	Varahlutir í klukkur, sem flokkast undir tnr. 91.03.00.
94.01.09	Sæti í flugvélar.

Það skilyrði er sett fyrir framangreindri niðurfellingu, að innflytjandi lýsi því yfir á aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu hverju sinni, að varan sé eingöngu ætluð til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær.

Niðurfellingin tekur einungis til þeirra innflutningsaðila, sem stunda rekstur og viðgerðir á flugvélum í atvinnuskyni. Í vafatilvikum ber innflytjanda að sýna tollyfirvöldum fram á með vottorði viðkomandi skattstofu, að hann hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna af flugvélarekstri, flugvélaframleiðslu eða flugvélaviðgerðum næstliðið skattár.

Með auglýsingu þessari er felld úr gildi auglýsing ráðuneytisins nr. 327 frá 14. nóvember 1973 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 6. mars 1975.

F. h. r.
Þorsteinn Ólafsson.

Björn Hafsteinsson.

15. febrúar 1975. Nr. 87.

AUGLÝSING

um umferð í Grindavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Grindavíkur, eru hér með gerðar eftirgreindar breytingar á umferð í Grindavík:

1. Umferð fólksbifreiða er bönnuð um athafnasvæði nýju hafnarbryggjunnar.
2. Bifreiðastöður fólksbifreiða eru bannaðar á bryggjunum „Gosa“ og „Svíra“.
3. Hraunbraut í Grindavík verður aðalbraut.

Bæjarfógetinn í Grindavík, 15. febrúar 1975.

Jón Eysteinsson, settur.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs og hafnarstjórnar, hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Stöðvunarskylda verður á Frakkastíg sunnanverðum gagnvart umferð um Njálsgötu.
2. Biðskylda verður á tengigötum inn á Sundagarða.
3. Hámarkshraði ökutækja á hafnarsvæði í Sundahöfn verður 30 km. miðað við klukkustund.
4. Bifreiðastöður verða bannaðar:
   a) Á hafnarbökkum (Sundabakka og Korngarði).
   b) Á Sundagörðum og tengigötu frá Sundabakka til suðausturs.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 5. mars 1975.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. febrúar 1975.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 89. 7. mars 1975.

SAMÞYKKT

um hundahald á Akureyri.

1. gr.

Hundahald er bannað á Akureyri, að undanteknum þarfahundum á lögbýlum.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í bænum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu heilbrigðisfulltrúa og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
b) Árlega skal greiða í bæjarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem bæjarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í bænum og skal upphæð þess við það miðuð. Hundar, sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum í bænum eru undanþegnir þessu gjaldi.
c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds, skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni, að tryggingin sé í fullu gildi.
d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvara er um hönd höfð.
e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró bæjarbúa og séu hvorki þeim, né öðrum, sem um bæinn fara, til óþæginda.
f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á. m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Bæjarstjórn er heimilt hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 7. mars 1975.

Jón Ingimarsson.
F. h. r.

Þórunn Klemenzdóttir.

7. mars 1975. Nr. 90.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyttu skipulagi í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 4. mars 1975 staðfest breytingu á áður staðfestu skipulagi í Reykjavík að því er varðar eftirfarandi:

1. Deiliskipulag reits milli Hofsvallagötu, Ægisíðu, Kaplaskjólsvegar og Hagamels.
2. Breytt skipulag á svæði milli Bæjarháls og Vesturlandsvegar, austan Höfðabakka, sem áður var skipulagt sem útivistarsvæði, en er nú skipulagt sem iðnaðarsvæði.

Uppdrættir þessir hafa hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hafa verið samþykktir af borgarstjórn Reykjavíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 7. mars 1975.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

28. febrúar 1975. Nr. 91.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennslið að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 39.36 fyrir hvern rúmmetra vatns. Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

a. Fyrir mæla allt að ¾″ ..... kr. 341.10
b. Fyrir mæla allt að 1-2″ ..... — 765.30
c. Fyrir mæla allt að 3″ ..... — 1.530.50

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss: (utanmál)	m³	Heimæðagjald							
Allt að	400	109 310.00 kr.							
400—	2000	109 310.00 —	fyrir	400 m³	+	87.50	kr/m³	þar	yfir
2000—	6000	249 230.00 —	—	2000 —	+	74.50	—	—	—
6000—	10000	546 557.00 —	—	6000 —	+	65.70	—	—	—
Meira en	10000	808 906.00 —	—	10000 —	+	57.00	—	—	—

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá Hitaveitunni og skal þá greiða kr. 13 118.00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 588.00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. mars 1975, sbr. augl. nr. 48 28. febrúar 1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 261 17. sept. 1974.

Iðnaðarráðuneytið 28. febrúar 1975.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

24. mars 1975. Nr. 92.

SAMÞYKKT

um hundahald á Seltjarnarnesi.

1. gr.

Hundahald er bannað á Seltjarnarnesi, að undanskildum leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötluðu fólki, samkvæmt læknisráði.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita þeim Seltirningum, sem nú halda hunda, undanþágu til hundahalds meðan dýrið lifir, með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu fógeta fyrir 1. apríl 1975 og þar fái eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.

b) Árlega skal greiða í bæjarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem bæjarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í bænum og skal upphæðin við það miðuð. Gjaldið skal greitt við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrir fram árlega.

c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds, skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.

d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn á leikvelli, skóla, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvara er um hönd höfð.

e) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatt) svo og fyrirmælum, er heilbrigðisnefnd setur.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Seltjarnarness, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 24. mars 1975.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Þórunn Klemenzdóttir.

Nr. 93. 24. mars 1975.

SAMÞYKKT

um sorphreinsun í Hólmavíkurhreppi.

1. gr.

Hólmavíkurhreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kauptúnsins. Fer hún fram undir stjórn sveitarstjórnar og með umsjón heilbrigðisnefndar Hólmavíkurhrepps.

2. gr.

Sérhver húseigandi eða leigjandi í Hólmavíkurhreppi er skyldugur að nota þær aðferðir og tæki við sorpgeymslu og hreinsun, sem sveitarstjórnin ákveður.

3. gr.

Sérhver húseigandi, sem notast við sorphreinsun sveitarfélagsins skal greiða þau gjöld vegna sorphreinsunar, sem sveitarstjórn ákveður.

4. gr.

Sorpið, sem sett er í sorpílátin má vera allt venjulegt heimilissorp. Meðal sorps, sem ekki má setja í sorppoka, er mold, möl, grjót, mykja, byggingarsorp, (timbur, múrblokkir) og stærri trjágreinar.

5. gr.

Ekki má setja meira sorp í pokana en svo, að auðveldlega megi loka þeim þegar skipt er um poka. Fyllsta hreinlætis skal gætt umhverfis sorppoka.

6. gr.

Pakka skal inn beittum og oddhvössum hlutum s. s. glerbrotum, áður en þeir eru settir í sorppokana.

7. gr.

Bannað er að setja eldfima vökva s. s. olíu og bensín í sorpílát, hvort sem er laust eða í umbúðum.

8. gr.

Sorphreinsun fer ekki fram á helgidögum eða eftir kl. 23 á virkum dögum. Sorphreinsun skal framkvæmd minnst 36 sinnum á ári.

9. gr.

Kvörtun vegna sorphreinsunar skal koma skriflega til sveitarstjórnar.

10. gr.

Minnst einn sorppoki skal vera fyrir hverja fjölskyldu.

11. gr.

Hverjum íbúðareiganda ber að sjá til þess, að alltaf sé til nóg af pokum svo að þeir yfirfyllist ekki milli tæminga.

12. gr.

Sorppokar eru afhentir við hverja tæmingu, en aðrar gerðir poka má ekki nota.

13. gr.

Sorppokarnir skulu vera í sorpgrindum, sem sveitarstjórnin hefur samþykkt, sorpgrindur skulu vera á stöðum sem eru aðgengilegir fyrir sorphreinsunarmenn á lóð húss þess, sem þær tilheyra. Hafa skal greiðfæran stíg ca. 90 cm breiðan að sorpgrind. Sveitarstjórn er heimilt að taka sérstakt gjald ef sorpstaða er mjög óaðgengileg. Sorpgrindaeigendur verða að sjá um að hafa grindurnar í góðu ásigkomulagi og endurnýja þær ef þörf þykir.

14. gr.

Ef sorpið er svo mikið eða í því formi, að ekki hæfi viðurkenndum sorpílátum skal húseigandi annast sorphreinsun eða senda inn beiðni þess efnis að sveitarfélagið annist hreinsunina gegn sérstöku gjaldi.

15. gr.

Mold, möl, grjót og svipuð efni, sem ekki má setja í sorppoka, skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar, sem gilda um þess konar efni.

16. gr.

Bílhræ og brotajárn skal flytja á afmarkað svæði sem sveitarstjórn ákveður.

17. gr.

Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppokana.

18. gr.

Fyrirferðarmiklum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku skulu forráðamenn heimila og atvinnurekstrar koma á sorphreinsunartæki, þegar sorphreinsun fer fram, eða í sorphaugsstað skv. fyrirmælum sveitarstjórnar.

19. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Sveitarstjórn er þó heimilt að innheimta með fasteignagjöldum hvers árs áætlað kostnaðarverð þeirra sorppoka, sem viðkomandi fasteign eyðir á árinu.

20. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með brot á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

21. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Hólmavíkurhrepps, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 24. mars 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Þórunn Klemenzdóttir.

Nr. 94. 27. febrúar 1975.

AUGLÝSING

um friðland á Hornströndum.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa svæðið norðvestan Skorarheiðar í Norður-Ísafjarðarsýslu, og er það friðland.

Mörk svæðisins eru þessi:

Úr botni Hrafnsfjarðar um Skorarheiði í botn Furufjarðar, lína um Skorarlæk frá ósi í Skorarvatn og meðfram suðurströnd vatnsins, en síðan bein lína úr austasta hluta vatnsins í þá kvísl, við upptök, sem næst gengur vatninu og fellur í Furufjarðarós, ásamt 200 m breiðri spildu þar suður af.

Reglur þessar gildi um svæðið:

1. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðmum (115 m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Umferð vélknúinna farartækja á landi utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema með leyfi Náttúruverndarráðs.
3. Leyfi landeiganda, sem í hlut á, þarf til allra veiða, eggjatöku og annarra hlunnindanytja á svæðinu. Leyfi Náttúruverndarráðs þarf ef eigi er um að ræða bundnar nytjar, svo sem viðhald túna og garða.

4. Heimilt er að ganga um svæðið og fara um það með hesta. Þó er skylt að ganga þannig um, að ekki sé spillt gróðri, dýralífi, minjum, mannvirkjum né öðrum verðmætum. Náttúruverndarráð setur nánari reglur viðvíkjandi umferð um hið friðlýsta svæði.
5. Náttúruverndarráð og aðrar stofnanir, sem í hlut eiga, skulu stuðla að vernd menningarminja, gera greiðfærar gamlar götur og viðhalda vörðum.
6. Bannað er að beita búpeningi á friðlandið. Þó tekur þetta ekki til hesta þeirra, sem ferðast um landið, meðan á ferð þeirra stendur.
7. Náttúruverndarráð setur nánari reglur um afnot landeigenda af eignum sínum á hinu friðlýsta svæði.
8. Náttúruverndarráð hefur samráð við Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps um nánari framkvæmd á reglum þessum.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess, sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið 27. febrúar 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Knútur Hallsson.

25. mars 1975. Nr. 95.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 18. febrúar til 31. maí 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 18. febrúar til 31. maí 1975:

Vélskelflett rækja.	Ísl. kr. á lb. Cif.
1. 10×4×1 lb. blokkfryst	308.20
2. 24×1	321.30
3. 24×450 gr. sérfryst	321.30
4. 6×2 kg. 5×2 kg. og 4×2 kg. sérfryst	321.30
5. 4×2,5 kg. sérfryst	321.30
6. 2×5 kg. sérfryst	321.30
7. 4×7 kg. sérfryst	321.30
8. 1×25 lbs. sérfryst	321.30
9. 15×200 gr. sérfryst	326.70
10. Í saltlegi	308.20

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. mars 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.


Þórður Ásgeirsson.

AUGLÝSING
um friðland í Vatnsfirði.

25. mar

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, hefur Náttú
verndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa þann hluta Vatnsfjarðar, sem tilgreine
er hér á eftir, og með þeim mörkum og reglum sem hér segir:

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:
Með Þverá og síðan Mikladalsá frá ósi að upptökum. (2) Þaðan beina stefnu
hátind Klakks. (3) Eftir það landamerki Brjánslækjar á sýslumörkum að vesta
og norðan, og til austurs eins langt og lönd Brjánslækjar og Uppsala ná allt tí



móts við brúnir Fossárfjalls ofan Uppsaladals. (4) Að fjallsbrún liggja mörkin með klettavegg þeim sem er skammt austan við klettinn Hörg, svo langt sem hann nær, og þaðan skemmstu leið til sjávar. Eyjar og hólmar á Vatnsfirði eru háðir ákvæðum friðlýsingarinnar.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi eru háðar leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Almenningi er heimil för um svæðið og dvöl á því, í lögmætum tilgangi, enda sé góðrar umgengni gætt. Umferð um eyjar og hólma er háð leyfi. Stefnt skal að því að merkja leiðir fyrir gangandi og ríðandi ferðamenn.
3. Akstur utan vega og merktra slóða er óheimill án leyfis.
4. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir eða aðrar minjar að óþörfu.
5. Berjatínsla, önnur en til neyslu á staðnum, svo og veiði á fugli og fiski er óheimil án leyfis.
6. Beit búfjár sem og aðrar hefðbundnar nytjar haldast svo sem verið hefur. Þó er heimilt að takmarka beit á einstökum svæðum, ef nauðsyn þykir til þess bera, svo sem vegna skógverndar, í samráði við ábúendur og leigjendur.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.
Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 25. mars 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

24. mars 1975. Nr. 97.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Mosfellshrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Mosfellshrepps selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Mosfellssveit og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Mosfellshrepps.

2. gr.

Hitaveita Mosfellshrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrstu tvo mánuðina, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðar verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, 1. desember ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

Vatnsgjald kr. 600.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils, sem skiptist þannig;

Flutningsgjald kr. 200.00.

Heitt vatn kr. 400.00.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin þriðja hvern mánuð, og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem sveitarstjórn ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Mosfellshrepps skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð, kr. 130 300.00.

Heimæðargjald skal greiðast þegar heimæð hefur verið lögð, áður en hún tengist hitakerfi hússins skv. þá gildandi gjaldskrá.

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1455 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða. Að óbreyttum nú gildandi lögum um verðstöðvun, er hækkun gjalda skv. þessari gr. háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 1 000.00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Mosfellshrepps skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitunefnd og sveitarstjórn Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. mars 1975.

Gunnar Thoroddsen.

Jóhannes Guðfinnsson.

24. mars 1975. Nr. 98.

REGLUGERÐ

um Hitaveitu Mosfellshrepps.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fjarhitun í Mosfellshreppi.

Stjórn Hitaveitu.

2. gr.

Hitaveita Mosfellshrepps, hér eftir nefnd hitaveitan, er eign Mosfellshrepps og fer hreppsnefnd með stjórn hitaveitunnar.

Einnig getur hreppsnefnd skipað sérstaka stjórn yfir hitaveituna.

Einkaleyfi hitaveitu.

3. gr.

Hitaveitan hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmis Mosfellshrepps, sem ekki brjóta í bág við áður gerða samninga við Reykjavíkurborg.

Hitaveitan getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast fjarhitun á tilteknum svæðum undir yfirstjórn hitaveitunnar.

Utanhússlagnir.

4. gr.

Hitaveitan lætur leggja allar utanhússlagnir; Aðalæðar, dreifiæðar, og heimæðar inn í hús samanber þó 2. málsgrein 3. gr.

5. gr.

Þeim, sem húseign á við götu, eða veg, þar sem dreifiæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitunarkerfi hússins við hitaveituæðina. Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, getur hitaveitan ákveðið, að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

6. gr.

Hitaveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á dreifiæðum sínum, svo og heimæðum og lögnum að vatnsmæli eða rennslishemli og telst dreifikerfið ná þangað og vera eign hitaveitunnar.

7. gr.

Sá varmi, sem hitaveitan lætur í té, er ætlaður til upphitunar húsa og almennra heimilsnota.

Nú kemur fram ósk um að nota varma til annarra þarfa en greinir í 1. málsgrein og þarf þá til þess heimild hitaveitunnar.

8. gr.

Réttur húseiganda til afnota af hitaveituvatni skuldbindur ekki hitaveituna til þess að tryggja, að þrýstingur á dreifiæðum hennar sé ávallt nægilegur.

Ábyrgð hitaveitu.

9. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á henni vegna frosta, rafmagnsbilunar eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir, ef rennsli í æð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerðar og annars slíks.

10. gr.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitunarkerfi húss.

Ef hitaveitan óskar ekki eftir að nota slíkt afrennslisvatn getur hún leyft notkun þess til upphitunar á t. d. geymslu, bílskúr eða gróðurhúsi. Hitaveitan getur þó jafnan afturkallað slík leyfi, ef hún þarf á vatninu að halda.

Notandi skal sjá um að leiða hitaveituvatn frá hitakerfi sínu í frárennsli hússins. Óheimilt er að leiða það þannig heitara en 50°C.

Tenging við hitaveitu.

11. gr.

Áður en tengt er við hitaveitu skal liggja fyrir uppdráttur samþykktur af byggingarnefnd. Hitaveitan skal vera til aðstoðar byggingarnefnd í málum, sem snerta hitalagnir. Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitunarkerfum, sem breyta á, getur hitaveitan krafist þess, að þeir séu gerðir, eftir því sem nauðsynlegt er, og ber húseigandi allan kostnað af því.

Við gerð uppdrátta skal miða við reglur byggingarsamþykktar.

Eftirlit.

12. gr.

Starfsmenn hitaveitunnar skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að pípulögnum, bæði innan húss og utan. Húseiganda er skylt að láta þeim í té þær upplýsingar, er máli geta skipt um hitun hússins.

Dælur á heimæðum.

13. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar, nema skriflegt leyfi hitaveitunnar sé fyrir hendi og þannig sé frá dælu gengið, að ekki valdi óþægindum.

Viðurlög við brotum.

14. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem hitaveitan hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari eða verk er ekki unnið á viðeigandi hátt, og er þá hitaveitunni heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur, á kostnað hlutaðeigandi aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði en innheimta síðan hjá hlutaðeigandi aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. mars 1975.

Gunnar Thoroddsen.

Jóhannes Guðfinnsson.

27. febrúar 1975. Nr. 99.

SAMÞYKKT

um hundahald í Mosfellshreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Mosfellshreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum, búsettum í hreppnum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
b. Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum og skal upphæð þess við það miðuð. Hundar, sem notaðir eru við búrekstur í hreppnum, eru undanþegnir þessu gjaldi.
c. Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni, að tryggingin sé í fullu gildi.
d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum.
Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
e. Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara, til óþæginda.
f. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á. m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og

fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins.

Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Sveitarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Mosfellshrepps, staðfestist hér samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 27. febrúar 1975.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Þórunn Klemenzdóttir.

Nr. 100. 20. mars 1975.

SAMÞYKKT
um hundahald í Grindavík.

1. gr.

Hundahald er bannað í Grindavík.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingum, búsettum í bænum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu bæjarins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem skal jafnan vera í ól um háls hundsins.
b. Árlega skal bæjarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem bæjarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn skal nota til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í bænum og skal upphæð þess við það miðuð. Hundar, sem notaðir eru við búrekstur í bænum, eru undanþegnir þessu gjaldi.
c. Skylt er hverjum hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Smalahundar skulu þó einnig vera undanþegnir þessu ákvæði á tímabilinu frá kl. 8.00 að morgni til kl. 22.00 að kvöldi. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skólahús, matvöruverslanir, fiskvinnslustöðvar, eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
e. Leyfi fyrir einstökum hundum, sem og undanþága fyrir smalahunda sbr. d-lið, er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró bæjarbúa og séu hvorki þeim né öðrum, sem um bæinn fara, til óþæginda.

f. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á. m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti, skal hundinum komið fyrir í geymslu. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Grindavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 20. mars 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Þórunn Klemenzdóttir.

7. mars 1975. Nr. 101.

SAMÞYKKT

Veiðifélags Borgarfjarðar.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Borgarfjarðar. Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður á heimili.

2. gr.

Félagssvæði er fiskihverfi Hvítár í Borgarfirði og nær það til allra jarða í veiðifélögum á félagssvæðinu samkvæmt jarðaskrám þeirra.

3. gr.

Félagið er samband eftirtalinna veiðifélaga:

Grímsár og Tunguár, Flókadalsár, Reykjadalsár, Þverár, Norðurár, Gljúfurár, Gufár, Hvítár og Norðlingafljóts.

Félög þessi starfa samkvæmt staðfestum samþykktum sínum sem sjálfstæð veiðifélög. Hvert félag ráðstafar veiði í sínu umdæmi, samkvæmt 44. gr. laga nr. 76/1970 um lax og silungsveiði, a—d liðum.

4. gr.

Veiðifélag Borgarfjarðar vinnur, með þeim undantekningum, sem 3. gr. kveður á um, að veiði- og fiskiræktarmálum í samræmi við ákvæði VIII. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Það annast meðal annars fiskirækt á félagssvæðinu, hefur meðalgöngu um samskipti félaganna innbyrðis, og er sameiginlegur málsvari þeirra út á við.

5. gr.

Fundir Veiðifélags Borgarfjarðar skulu vera fulltrúafundir. Á aðalfundi sínum kýs hvert félag fulltrúa á fundi félagsins, 1 fyrir hverja 15 félagsmenn eða brot úr þeirri tölu, og jafnmarga til vara. Formaður félags er sjálfkjörinn fulltrúi þess á fundi Veiðifélags Borgarfjarðar.

Aðalfundur er lögmætur, ef mættir eru ⅔ kjörinna fulltrúa. Formaður félags skal, strax að loknum aðalfundi, tilkynna formanni Veiðifélags Borgarfjarðar um kjör fulltrúa og varafulltrúa.

6. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, er aðalfundur kýs til þriggja ára í senn, þó þannig, að á fyrsta aðalfundi skal einn ganga úr með hlutkesti og annar á öðrum aðalfundi. Þrír menn skulu kosnir í varastjórn eftir sömu reglum. Kosnir skulu tveir endurskoðendur eftir sömu reglu, og einn til vara, til eins árs í senn.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Milli aðalfunda fer stjórnin með öll mál, er félagið varða og sér um fjárreiður þess og framkvæmdir. Þó skal hún kveðja til fundar formenn sambandsfélaganna, þegar taka þarf afstöðu til meiri háttar málefna.

7. gr.

Aðalfundur Veiðifélags Borgarfjarðar skal haldinn árlega fyrir 1. maí.

Um fundarboðun fer eftir lögum um lax- og silungsveiði.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá framkvæmdum síðastliðins árs, og leggur fram endurskoðaða reikninga til samþykktar. Þar skal ræða og gera ályktanir um framtíðarstarf félagsins og annað er það varðar.

8. gr.

Kostnað af starfsemi félagsins skal jafnað niður á félögin, eftir samþykktum aðalfundar hverju sinni.

9. gr.

Samþykkt þessari má breyta á aðalfundi, ef ⅔ fulltrúar samþykkja það, enda sé þess getið í fundarboði, að um slíka breytingu sé að ræða, og breytingartillögurnar hafi verið kynntar á fundum félaganna. Nú verður breyting á samþykktum ekki afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

10. gr.

Brot gegn samþykktum þessum varða sektum samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. mars 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka.

1. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands hefur hinn 1. janúar 1972 stofnað til nýrra lánaflokka, sem nánar eru greindir í 2. gr., sem sett er til staðfestingar þessara flokka og skilmála þeirra.

2. gr.

A. Skipalán II.

1. Lán vegna nýsmíði stál- eða eikarskipa innanlands.

Hámarkslán skulu vera 75% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 20 ár.

2. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í stál- eða eikarskip, svo og vegna heimsiglingarkostnaðar skipa, sem keypt eru erlendis.

Hámarkslán eru 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr., vegna endurbóta og tækjakaupa, en 66,7—75% vegna meiriháttar endurbóta og 66,7% vegna kaupa á aflvél. Hámarkslánstími er 5 ár vegna tækjakaupa, 5—7 ár vegna endurbóta, 7 ár vegna kaupa á aflvél og 7—10 ár vegna meiriháttar endurbóta. Um lánstíma og hámark heimsiglingarlána fer eftir aðalláni.

3. Lán vegna nýsmíði súðbyrðinga og 12 rúmlesta og minni furubáta, innanlands.

Hámarkslán skulu vera 70% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 10 ár.

4. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í súðbyrðinga og 12 rúmlesta og minni furubáta.

Hámarkslán er 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr., vegna endurbóta og tækjakaupa, en 50—70% vegna meiriháttar endurbóta og 50% vegna kaupa á aflvél. Hámarkslánstími er 3 ár vegna tækjakaupa, 3—5 ár vegna endurbóta, 5 ár vegna kaupa á aflvél, og 5—7 ár vegna meiriháttar endurbóta.

5. Lán vegna nýsmíði botnvörpunga innanlands.

Hámarkslán skulu vera 75% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 20 ár.

6. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í botnvörpunga, svo og vegna heimsiglingarkostnaðar skipa, sem keypt eru erlendis.

Reglur um hámarkslán og hámarkslánstíma eru þær sömu og um stál- og eikarskip.

7. Lán vegna nýsmíði opinna báta, innanlands.

Hámarkslán skulu vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 8 ár. Áskilin er sérstök aukatrygging.

8. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í opna báta.

Hámarkslán skulu vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 3—5 ár. Áskilin er sérstök aukatrygging.

9. Lán vegna nýrra og notaðra skipa, sem keypt eru erlendis.

Hámarkslán skulu vera 66,7% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 20 ár að frádregnum aldri skips. Áskilið er, að erlent lán a. m. k. jafnhátt láni Fiskveiðasjóðs úr þessum flokki, fáist. Lán Fiskveiðasjóðs verður í sömu mynt og með sömu vöxtum og sömu gjalddögum og erlenda lánið. Andvirði láns Fiskveiðasjóðs verður innstæða hjá sjóðnum í erlendri mynt og af þeirri innstæðu er hið erlenda lán, sem skipinu fylgir, greitt jafnóðum og það gjaldfellur. Mismunur afborgunar af innstæðunni í Fiskveiðasjóði og láninu úr Fiskveiðasjóði, breytist á hverjum gjalddaga í svonefnt afleitt lán. Lán í þessum flokki eru því í raun aldrei til lengri tíma, en erlenda lánið, sem skipinu fylgir. Hins vegar lengja afleiddu lánin lánstímann í ofangreint hámark.

10. Lán leidd af lánum vegna nýrra og notaðra skipa, sem keypt eru erlendis: (sbr. lið nr. 9 í 2. gr. A).

Gjalddagar þessara lána eru 1. maí og 1. nóvember ár hvert. Fyrsta vaxtagreiðsla er á fyrsta gjalddaga eftir að lánið byrjar að myndast, en fyrsta afborgunargreiðsla er á fyrsta gjalddaga eftir að lánið er fullmyndað.

11. Skipasmíðalán.

Þessi lán eru bráðabirgðalán, sem veitt eru vegna innlendrar nýsmíði fiskiskipa og útborguð í áföngum eftir því, sem framkvæmdum miðar. Skipasmíðalán eru tryggð með 1. veðrétti í nýsmíðinni. Skipasmíðalán greiðist upp af andvirði láns, þegar nýsmíðinni er lokið, ásamt áföllnum vöxtum.

B. Fasteignalán II.

1. Lán til hraðfrystihúsa vegna nýbyggingar, endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.

2. Lán til síldarverksmiðja og fiskimjölsverksmiðja vegna nýbyggingar, endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.

3. Lán til fiskvinnsluhúsa, annarra en 1. og 2., vegna nýbyggingar, endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.

4. Lán til nýbyggingar, endurbóta á og/eða véla- og tækjakaupa í aðrar þær fasteignir, er efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi.

3. gr.

Til tryggingar lánum úr öllum skipalánaflokkum, er taldir voru í 2. gr. A, er alltaf áskilinn 1. —fyrsti— veðréttur í skipinu, bátnum eða nýsmíðinni.

Vextir af lánum til nýrra og notaðra skipa, sem keypt eru erlendis (liður nr. 9 í 2. gr. A) skulu vera þeir sömu og Fiskveiðasjóður greiðir af erlendu innstæðunni og ákveður Fiskveiðasjóður vaxtaprósentuna með hliðsjón af vöxtum erlenda frumlánsins.

Vextir af lánum úr öllum öðrum skipalánaflokkum, sem taldir voru í 2. gr. A (þ. e. a. s. Skipalán II, liður nr. 1—11, að frátöldum lið nr. 9) verða þeir vextir, sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður á hverjum tíma. Vextirnir greiðast eftir á, tvisvar á ári og verða gjalddagar þeirra svo og afborgana, 1. maí og 1. nóvember ár hvert. Gjalddagar þessir eiga þó ekki við bráðabirgðalán vegna skipa í smíðum, sbr. lið nr. 11, né lán vegna skipakaupa erlendis sbr. lið nr. 9.

Hámarkslán úr fasteignalánaflokkum, er taldir voru í 2. gr. B, er 60% miðað við 1. veðrétt, en minnkar sem nemur áður áhvílandi lánum ef 1. veðréttur fæst ekki. Hámarkslánstími er 10—15 ár vegna nýbygginga og 5 ár vegna endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.

Vextir af lánum úr öllum fasteignalánaflokkum, sem taldir voru í 2. gr. B (þ. e. a. s. Fasteignalán II, liður nr. 1—4) verða þeir vextir, sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður á hverjum tíma. Vextirnir greiðast eftir á, tvisvar á ári, og verða gjalddagar þeirra, svo og afborgana 1. maí og 1. nóvember ár hvert.

4. gr.

Við ákvörðun hámarkslánsfjárhæðar skal alltaf miða við kostnað framkvæmda eða virðingu verðmætisaukningar vegna framkvæmda, þá upphæðina, er lægri reynist. Ef um tjónabætur er að ræða, eru þær dregnar frá mats- og kostnaðarverði.

5. gr.

Eftir 1. janúar 1972 hafa ekki verið veitt og afgreidd ný lán úr þeim lánaflokkum, er til voru fyrir 1. janúar 1972, öðrum en eftirtöldum:

a. **Lán í dollurum eða annarri erlendri mynt vegna véla- og tækjakaupa í skip, sem eru 75 rúmlestir og stærri.**

Þessi lán eru endurlán erlendra lána með sömu kjörum og þau.

b. **Gengisjöfnunarlán.**

Ný lán úr þessum flokki verða með þeim kjörum, sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður á hverjum tíma.

c. **Lán leidd af lánum vegna skipakaupa erlendis.**

Lán í erlendri mynt vegna skipakaupa erlendis, sem veitt voru og afgreidd fyrir 1. janúar 1972, mynda svonefnd afleidd lán. Þessi afleiddu lán dreifast á eldri lánaflokka.

d. **Lán tryggð með veði í skipasmíðastöðvum.**

Þessi lán eru endurlán lána úr Framkvæmdasjóði Íslands og með sömu kjörum og þau.

6. gr.

Öll lán úr Fiskveiðasjóði, veitt og afgreidd eftir 1. janúar 1972, önnur en bein endurlán og gengisjöfnunarlán, skulu vera háð breytingum á gengi íslenskrar krónu eða breytingum á gengi hvers þess gjaldeyris, sem Fiskveiðasjóður skuldar í (sbr. heimild í 16. gr. l. nr. 75/1966). Séu lánin ekki beinlínis í erlendri mynt, skal tilgreint í veðskuldabréfi hve hár hundraðshluti eftirstöðva lánsins á hverjum tíma sé háður breytingum á gengi. Framkvæmd þessara ákvæða skal vera á þann veg, að breytist gengi íslenskrar krónu, eða breytist gengi einhvers þess gjaldeyris, sem Fiskveiðasjóður skuldar í, skal Fiskveiðasjóður deila þeirri fjárhæð, sem erlendar skuldir sjóðsins, aðrar en þær sem hafa verið endurlánaðar beint með sömu kjörum, hækka eða lækka um í krónutölu vegna gengisbreytingarinnar, niður á þau lán úr sjóðnum,

er háð eru breytingum á gengi í réttu hlutfalli við þann hluta ógreiddra eftirstöðva viðkomandi lána, sem háður er slíkum breytingum, þannig, að eftirstöðvar þessara lána hækki eða lækki þá þegar samtals í krónutölu um sömu fjárhæð og erlendar skuldir Fiskveiðasjóðs, aðrar en þær, sem endurlánaðar hafa verið beint með sömu kjörum, hækka eða lækka um. Við niðurdeilingu af þessu tagi skal eingöngu miðað við útborgaðan hluta lána. Hækki eða lækki erlendar skuldir Fiskveiðasjóðs af þessum sökum svo verulega í krónutölu, að ekki rúmist innan þeirra marka, er viðkomandi veðskuldabréf sjálf setja, ber sjóðurinn sjálfur það tap eða fær þann hagnað, sem á milli ber. Við alla túlkun á orðalagi þessarar greinar skal það vera höfuðviðmiðun, að Fiskveiðasjóður verði skaðlaus af öllum gengisbreytingum.

7. gr.

Opnaður hefur verið nýr lánaflokkur til endurlána á vísitölutryggðum lánum.

Öllum lántakendum, sem loforð fá eða hafa fengið um lán að fjárhæð kr. 500 000 eða meira, sem falla undir lánaflokka, sem taldir eru í 2. gr., aðra en þá, sem taldir eru í 9., 10. og 11. tölulið A-liðar, skal skylt að taka 10 hundraðshluta lofaðrar fjárhæðar að láni úr þessum flokki.

Lán úr þessum flokki eru alltaf veitt samhliða öðrum lánum og verða til jafn langs tíma og þau, þó aldrei til lengri tíma en 12 ára. Eigi lántaki rétt á láni til lengri tíma en 12 ára skal lánið úr þessum flokki vera til 12 ára, en afborganir af samhliða láninu vera lægri fyrstu 12 árin, þannig að heildar lánsfjárhæðin endurgreiðist með jöfnum afborgunum á heildar lánstímanum miðað við upphaflegar fjárhæðir lánanna.

Lán úr þessum flokki skal endurgreiða með jöfnum árlegum afborgunum og er gjalddagi þeirra 20. júlí ár hvert.

Af lánunum skal greiða í vexti 6,25% á ári og greiðast vextirnir eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir í fyrsta sinn næsta 20. júlí eftir að lán er afgreitt.

Til viðbótar hverri einstakri greiðslu vaxta og afborgunar af lánum úr þessum flokki skal lántakandi greiða á hverjum gjalddaga, eða greiðsludegi, sé hann síðar, verðuppbót af vaxta- og afborgunargreiðslu lánsins, er miðast við hækkun byggingarvísitölu frá lántökudegi til greiðsludags. Lækki byggingarvísitalan niður fyrir þann stigafjölda er gilti við afgreiðslu lánsins, skulu greiðslur vaxta og afborgana fara fram á nafnverði. Miðað er við byggingarvísitölu þá, er kveðið er á um í lögum nr. 25/1957 og síðari breytingar, er á henni kunna að verða gerðar.

Heimilt er að greiða aukaafborgun af lánum úr þessum flokki á gjalddögum lánanna, enda sé tilkynnt um slíka ákvörðun eigi síðar en 5. júní ár hvert. Af slíkum aukaafborgunum greiðist sama vísitöluálag og greiða ber af hinum samningsbundnu endurgreiðslum lánanna.

Af lánunum skal greiða við afgreiðslu 1% í lántökugjald.

Dráttarvextir skulu vera 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði.

Öllum þeim, er lán fá að fjárhæð kr. 500 000 eða meira, sem falla undir lánaflokka, sem taldir eru í B. lið 2. gr. reglugerðarinnar, skal skylt að taka 25 hundraðshluta lofaðrar fjárhæðar að láni úr þessum flokki.

Greiði lántakendur aukaafborgun af lánum úr þessum flokki ber þeim jafnframt að greiða hlutfallslega sömu aukaafborgun af þeim lánum, sem samhliða voru veitt úr öðrum lánaflokkum.

Gjalddaga, vexti, dráttarvexti og lántökugjöld af lánum úr þessum lánaflokki ákveður stjórn Fiskveiðasjóðs hverju sinni og fer um þau atriði eftir þeim vísitölutryggðu lánum, sem sjóðurinn hefur til endurlána hverju sinni.

Lánsskilyrði samkvæmt þremur síðustu málsgreinum hér á undan skulu þó aðeins taka til lána, sem veitt eru eftir 1. nóvember 1974.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórn Fiskveiðasjóðs er heimilt að opna á árinu 1975 nýjan lánaflokk vegna breytinga á skuldum sjávarútvegs og fiskvinnslu úr lausaskuldum í lengri lán.

Framkvæmd lánveitinga úr þessum flokki skal vera á þann veg, að viðskiptabankar lántakenda gera tillögur um fjárhæð veðskuldabréfa sem þeir taka við af viðskiptamönnum sínum, ef stjórn Fiskveiðasjóðs fellst á kaup bréfanna.

Við ákvörðun lánveitinga verði tekið mið af stöðu og lausaskuldum lántakenda. Lánveitingar vegna lausaskulda utan bankanna skulu ákveðnar sérstaklega og miðast heildarfjárhæð þeirra við það fé, sem til þeirra er ætlað úr Gengishagnaðarsjóði og endurgreiðast lán þessi á 2 árum.

Lán vegna lausaskulda innan bankanna endurgreiðast að jafnaði á fimm árum, en geta í sérstökum tilvikum verið til lengri tíma, þó aldrei til lengri tíma en tíu ára.

Lán úr þessum flokki skulu tryggð með fyrsta eða fyrsta samhliða veðrétti í fiskiskipum eða með veði í atvinnuhúsnæði lántakenda innan við 60% af matsverði þess. Við veðsetningu skal þess gætt að til tryggingar hverju skuldabréfi sé aðeins veðsett eitt fiskiskip og/eða ein eða fleiri fasteignir sama aðila.

Auk áðurgreindra veðtrygginga skulu viðkomandi viðskiptabankar takast á hendur einfalda ábyrgð á skilvísri og skaðlausri fullnustu lántakenda við Fiskveiðasjóð.

Gjalddagar lána úr þessum flokki skulu vera 1. maí ár hvert.

Vextir af lánum úr þessum flokki, skulu vera 16% ársvextir og greiðast þeir eftir á 1. maí ár hvert. Hækki eða lækki almennir útlánsvextir, skulu vextirnir breytast í samræmi við það.

Dráttarvextir skulu reiknast 1½% fyrir hvern byrjaðan mánuð.

Af lánum úr þessum flokki skal greiða við afgreiðslu 1% lántökugjald.

Fiskveiðasjóður skal fjármagna lánveitingar úr þessum flokki með því að gefa út skuldabréf, sem hann afhendir viðskiptabönkunum. Skuldabréf þessi skulu samanlagt verða jafnhá útlánunum og til nákvæmlega jafn langs tíma og þau. Fiskveiðasjóður greiði þó aldrei af þeim bréfum er hann þannig gefur út, hærri fjárhæð í afborganir og vexti, en hann hefur á hverjum tíma innheimt af sjálfum útlánunum.

Gengið er út frá því, að Seðlabanki Íslands endurkaupi þau skuldabréf, er Fiskveiðasjóður hefur samkvæmt ofanskráðu gefið út og afhent viðskiptabönkunum og verða þau þá með sjálfskuldarábyrgð viðkomandi viðskiptabanka.

Allar lánveitingar og skuldabréfaskipti sem fjallað er um í bráðabirgðaákvæði þessu, skulu fara fram á árinu 1975.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 75 13. maí 1966 um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. mars 1975.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

AUGLÝSING

um náttúruvætti í Surtarbrandsgili.


Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr 47/1971 um náttúruvernd hefur náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að lýsa Surtarbrandsgil náttúruvætti.

Þessi mörk gilda um svæðið:

Að sunnan, vestan og norðan hábrún gilsins, en að austan skemmstu leið fyrir mynni þess.

Þessar reglur gilda um náttúruvættið:

1. Almenningi er, að fengnu leyfi ábúanda á Brjánslæk, heimil för um gilið.
2. Bannað er að brjóta eða fjarlægja á annan hátt steingervinga, þar með surtarbrand, nema til komi sérstakt leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.



Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.
Ráðuneytið er samþykkt framangreindri ákvörðun, er tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 2. apríl 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

28. febrúar 1975. Nr. 104.

AUGLÝSING

um breytingu á verði lyfja samkv. Lyfjaverðskrá I frá 10. júlí 1973.

Frá og með 1. mars 1975 tekur gildi breyting á verði lyfja samkvæmt Lyfjaverðskrá I frá 10. júlí 1973.
Samkvæmt því skal leggja 23.7% á verð samkvæmt verðskránni og fellur þá jafnframt niður 17.9% álag, sem heimilað var með auglýsingu ráðuneytisins dags. 17. október 1974.
Heildsöluálagning á lyfjaefni verður 14% og smásöluálagning 75% frá sama tíma. Vinnugjöld verða óbreytt.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. febrúar 1975.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

2. apríl 1975. Nr. 105.

AUGLÝSING

um friðlýsingu gervigíga í Álftaveri.

Skv. heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa gervigígana í landi Holts I og II, Herjólfsstaða I og II og Hraunbæjar í Álftaveri, ásamt næsta nágrenni, og er svæðið náttúruvætti.
Mörk náttúruvættisins eru þessi:

(1) Úr Langaskeri í (2) Alviðru, þaðan að austurenda Fjalhöfða. (3) Úr Fjalhöfða í Nónvörðu. (4) Síðan í suðurbrún Köldungshóls. (5) Þaðan í Dýralækjarsker. (6) Þaðan aftur í Langasker.

Um svæðið gilda þessar reglur:

1. Bannað er að raska jarðmyndunum á svæðinu með efnistöku eða öðru. Óheimilt er að reisa mannvirki, sem spilla útliti gíganna eða breyta svipmóti þeirra á annan hátt.
2. Beit og aðrar hefðbundnar nytjar skulu haldast svo sem verið hefur. Samráð skal haft um ræktun.
3. Almenningi er heimil för um svæðið og dvöl á því í lögmætum tilgangi enda sé góðrar umgengni gætt. Umferð vélknúinna farartækja um svæðið utan vega er þó óheimil að nauðsynjalausu og bannað er að aka utan í gígunum.



Leyfi Náttúruverndarráðs þarf til undanþágu frá reglum þessum. Ráðið getur falið náttúruverndarnefnd Vestur-Skaftafellssýslu umboð sitt til framkvæmdar á friðlýsingunni að nokkru eða öllu leyti.

Um viðurlög við brotum á reglum þessum fer að náttúruverndarlögum.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 2. apríl 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Stjórnartíðindi B 14, nr. 68—105. Útgáfudagur 25. apríl 1975.

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 — 1975

17. apríl 1975. 153 Nr. 106.

REGLUGERÐ

um Norðfjarðardeild Viðlagasjóðs.

I. KAFLI

1. gr.

Norðfjarðardeild er deild úr Viðlagasjóði með sérstakan fjárhag og reikningshald. Stjórn Viðlagasjóðs er einnig stjórn Norðfjarðardeildar og um hana gilda einnig ákvæði 1.—6. og 8. gr. reglugerðar nr. 62/1973 um Viðlagasjóð.

2. gr.

Hlutverk Norðfjarðardeildar eru þessi:

1. Að bæta eignatjón af völdum snjóflóða þeirra, er féllu í Norðfirði 20. desember 1974.
2. Að bæta fjárhagstjón aðstandenda þeirra, er fórust af völdum snjóflóðanna sbr. 7. gr.
3. Að greiða eðlilegan kostnað af björgun verðmæta, olíuhreinsun og hreinsun rústa og athafnasvæða.
4. Að stuðla svo sem unnt er að endurreisn atvinnufyrirtækja í Norðfirði, sem eyðilögðust eða skemmdust í snjóflóðunum.

3. gr.

Í störfum sínum skal stjórn sjóðsins hafa samráð við bæjarstjórn Neskaupstaðar og aðra opinbera aðila, sem um málefni Norðfirðinga fjalla.

Þegar stjórn Viðlagasjóðs fjallar um stefnumarkandi mál, sem sérstaklega varða Norðfjarðarmálefni, skal hún gefa þingmannanefnd þeirri, sem forsætisráðherra hefir skipað til að hafa milligöngu milli Viðlagasjóðs og heimaaðila í Neskaupstað, kost á að taka þátt í umræðum um slík mál, áður en ákvörðun er tekin.

II. KAFLI

4. gr.

Tekjur Norðfjarðardeildar eru þessar:

1. 32% af viðlagagjaldi samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 5/1975.
2. Framlög og önnur aðstoð, sem berast kann frá erlendum og innlendum aðilum vegna snjóflóðanna í Norðfirði og ekki er beint til annarra nafngreindra aðila.

Stjórn Viðlagasjóðs er heimilt að taka bráðabirgðalán í því skyni að standa undir nauðsynlegum greiðslum, þar til tekjur berast sjóðnum.

III. KAFLI

5. gr.

Deildin skal greiða þann kostnað Almannavarna ríkisins og Siglingamálastofnunar ríkisins vegna snjóflóðanna í Norðfirði, sem að mati stjórnar Viðlagasjóðs telst eðlilegur björgunarkostnaður verðmæta og til er stofnað fyrir 1. mars 1975.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Eftir 1. mars 1975 greiðir deildin aðeins þann kostnað Almannavarna ríkisins og Siglingamálastofnunar ríkisins, sem leiðir af starfsemi, sem framkvæmd er að beiðni eða með samþykki sjóðsstjórnar.

6. gr.

Deildin greiðir eðlilegan kostnað, sem varð eftir 26. des. 1974 við björgun verðmæta úr rústum og undan snjóflóði, kostnað við hreinsun og aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekara tjón enda sé slíkur kostnaður ekki bótaskyldur af öðrum aðilum.

Sjóðsstjórnin skal hafa eftirlit með því að ráðstafanir þessar séu framkvæmdar með sem hagkvæmustum hætti og kostnaði við þær í hóf stillt. Einungis skal greiða þann kostnað, sem er bein afleiðing af snjóflóði.

Deildinni er heimilt skv. ákvörðun sjóðsstjórnar hverju sinni að greiða kostnað vegna björgunaraðgerða á tímabilinu 20. til 26. desember 1974, þó ekki almenn vinnulaun.

7. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að greiða bætur til þeirra manna, sem misstu sannanlegan framfæranda sinn í snjóflóðunum.

Einnig er stjórninni heimilt að greiða eftirlifandi maka eða sambýling bætur vegna fjárhagstjóns síns.

Bætur þessar skulu reiknaðar samkvæmt venjulegum reglum við ákvörðun dánarbóta í skaðabótamálum og til frádráttar skulu koma allar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og vátryggingarfélögum, þó ekki líftryggingar.

Þá er sjóðnum heimilt að greiða bætur til þeirra, sem hlutu tímabundna eða varanlega örorku í snjóflóðunum.

Enn er stjórninni heimilt að bæta röskun á stöðu og högum eftirlifandi maka, sambýlings og ólögráða barna eftir venjulegum skaðabótareglum.

Ákvörðun stjórnar sjóðsins um bótaskyldu og bótafjárhæð samkvæmt þessari grein er endanleg.

8. gr.

Eigi síðar en 1. júní 1975 skal stjórn Viðlagasjóðs tilkynna með opinberri auglýsingu hvernig haga skuli bótum úr sjóðnum fyrir það tjón, sem orðið hefur á fasteignamannvirkjum í Neskaupstað af völdum snjóflóðanna og ekki fæst bætt frá öðrum aðilum.

Þeir aðilar, sem telja sig hafa orðið fyrir bótaskyldu tjóni skulu tilkynna kröfu sína til skrifstofu Viðlagasjóðs eigi síðar en 1. júlí 1975.

9. gr.

Bætur skulu greiddar eftir þessum meginreglum:

1. Mannvirki sem eyðilagst hafa með öllu eða ekki eru viðgerðarhæf að áliti trúnaðarmanna Viðlagasjóðs skal bæta með brunabótamatsverði þeirra eins og það verður samkv. reglum Brunabótafélags Íslands þegar greiðsla bóta hefst að viðbættri hækkun skv. byggingarvísitölu frá því að brunabótamatsverð var síðast ákveðið. Nú liggur ekki fyrir brunabótamat eignar eða aukið hefur verið við eignina eða hún verið endurbætt á þann hátt, sem áhrif hefur á brunabótamat síðan brunabótamat var seinast gert, skulu trúnaðarmenn sjóðsstjórnar meta hið ómetna og skal það þá bætt samkv. því.

   Eign í leigulóð eða leigulandi skal metin eftir sömu reglum og við ákvörðun eignarskatts og bætt samkvæmt því.

   Þegar sjóðurinn hefur greitt bætur fyrir fasteign samkv. 1. og 2. mgr. þessa tölul. eða samið um þær skulu eigendur afsala sjóðnum öllum rétti sínum til fasteignarinnar.

Að fengnu afsali sbr. 3. mgr. þessa tölul. ber sjóðnum að afsala bæjarsjóði Neskaupstaðar slíkri fasteign. Verð ákveðist með samkomulagi eða að mati dómkvaddra manna.

2. Telji stjórn Viðlagasjóðs mannvirki viðgerðarhæf skal hún láta trúnaðarmenn sína meta hæfilegan viðgerðarkostnað á skemmdum sem orðið hafa af völdum snjóflóðanna.

3. Nú hefur lausafé manna, vélar eða tæki sannanlega glatast eða eyðilagst af völdum snjóflóðanna og skal deildin bæta það tjón eftir mati trúnaðarmanna sinna þegar það hefur farið fram.

Hafi lausafé, vélar eða tæki skemmst án þess að eyðileggjast skal stjórn Viðlagasjóðs fylgjast með því að viðgerð fari fram á sem hagkvæmastan hátt og kostnaði sé stillt í hóf. Skemmdirnar skal bæta með greiðslu á hæfilegum viðgerðarkostnaði, enda sé viðgerð hafin fyrir árslok 1975.

Við möt sín skulu trúnaðarmenn sjóðsins fylgja svo sem unnt er reglum þeim og venjum sem skapast hafa á vegum Ríkisábyrgðasjóðs.

Bætur, sem greiddar hafa verið af vátryggingarfélögum, skulu ætíð koma til frádráttar bótum frá sjóðnum.

10. gr.

Bætur fyrir íbúðarhúsnæði sem eyðilagst hefur skal greiða á einu ári frá 20. desember 1974 að telja, að jafnaði með fjórum jöfnum greiðslum.

Kr. 169.00 á mánuði fyrir hvert kW í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum barna og í gisti- og veitingahúsum.

Um kWst.-mæli án fastagjalds, þannig:

A.2. **Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verður felld undir aðra liði gjaldskrárinnar:**
Kr. 32.42 fyrir hverja kWst.

B.2. **Til véla og vinnulagna í byggingum í smíðum og til véla við Akraneshöfn:**
Kr. 16.89 fyrir hverja kWst.

Eftir þessum lið má einnig selja raforku til skipa við Akraneshöfn. Gjald miðast við hverja byrjaða tólf tíma og allt að 40% af ástimplaðri flutningsgetu tengla er verða 3 × 35 A og 3 × 63 A 220 V.

C.2. **Til véla í matvælaiðnaði:**

Kr. 5.99 fyrir hverja kWst., enda sé uppsett rafafl fastra véla yfir 40 kW og árlegur nýtingartími vélanna eigi skemmri en 1200 kWst. á hvert uppsett kW þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag um hádegið á tíma mesta álags. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til rafsuðu málma.

E.2. **Til götu- og hafnarlýsingar:**

Samkvæmt árlegri ákvörðun bæjarstjórnar Akraness, og kosti rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Um mestaálagsmæli þannig:

A.3. **Til atvinnufyrirtækja með meira en 40 kW afl, sem mesta ársálag.**

Kr. 7 781.00 fyrir hvert kW mesta álags á árinu og kr. 2.31 fyrir hverja kWst.

II. KAFLI
HITANOTKUN

Um kWst.-mæli á:

D. 1. kr. 4.86 á kWst. án rofs.
D. 2. — 2.94 á kWst. með allt að 1½ klst. rofi á sólarhring.
D. 3. — 2.73 á kWst. með allt að 2½ klst. rofi á sólarhring.
D. 4. — 2.18 á kWst. með allt að 4½ klst. rofi á sólarhring.
D. 5. — 1.55 á kWst. með allt að 14½ klst. rofi á sólarhring.

D. 6. — 1.79 á kWst. ef notkun fer fram eingöngu á tímabilinu frá 1. maí til 15. október ár hvert. Roftími er allt að 3 klst. á sólarhring. Einnig má selja eftir þessum taxta orku, sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

Eftir taxta D. 3 má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið.

Gjaldið breytist með útsöluverði á dísilolíu í Reykjavík, á hverjum tíma og miðast hér við grunnverð kr. 15.40 á olíulítra. kWst.-gjaldið standi jafnan á heilum eyri.

Sala til hitanotkunar er háð nánari ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:

a. Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar), að dómi rafveitustjóra.
b. Að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álag, að dómi rafveitustjóra.
c. Verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu, að dómi rafveitustjóra og rafveitunefndar.

Notendur rafhita skulu fá skrifleg leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Þar skal greint frá hve mikið afl er heimilt að setja upp og hvaða gjaldalið skuli greitt eftir. Ef tvö ár eru liðin frá útgáfu slíks leyfis, en notkun ekki hafin, skal leyfið endurnýjað. Sé það ekki gert, fellur leyfið úr gildi.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

d. Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum búnaði, og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum samkvæmt II. kafla.
e. Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafhitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunar og settum reglum. M. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum, hitastillar notaðir.
f. Að notkun um mæli hitalagnarinnar sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþegin þessu ákvæði er þó notkun samkvæmt taxta D. 1. Ef notkun er minni en 6000 kWst. á ári, er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. notkun eða færa notkunina yfir á taxta D. 1.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja raforku eftir sérstökum samningi, í hvert skipti.

III. KAFLI
MÆLA- OG ROFALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi:

1.	Af einfasa kWst.-mæli, allt að 30 amp.	kr.	21.80 á mán.
2.	Af þrífasa kWst.-mæli, 50 amp. og minni	—	43.70 - —
3.	Af þrífasa kWst.-mæli, yfir 50 amp. til 200 amp.	—	106.10 - —
4.	Af þrífasa kWst.-mæli, yfir 200 amp.	—	158.10 - —

Af klukkurofum skal notandinn greiða leigu sem hér segir:

1.	Af ein- eða tvípóla kl.rofa 40 amp. og minni	kr.	135.50 á mán.
2.	Af þrípóla kl.rofa 60 amp. og minni	—	173.00 - —
3.	Af þrípóla kl.rofa yfir 60 amp. til 200 amp.	—	217.50 - —
4.	Af þrípóla kl.rofa yfir 200 amp.	—	276.70 - —
5.	Af fjarstýrandi klukkurofa	—	45.00 - —

Af öðrum mælitækjum og rofum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði tækisins. — Leiguna skal innheimta um leið og gjald fyrir raforkuna.

IV. KAFLI
TENGIGJÖLD
(Heimtaugagjöld)

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. — Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða tengigjald, sem hér segir:

Gjaldskrárliður Nr.	Málstraumur stofnvara 220 V kerfi amp.	380 V kerfi amp.	Flutningsgeta miðuð við stærð stofnvara kVA	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða loft.h. allt að 30 m kr.
1.1	2 × 60	1 × 60	13	13 422.00
1.2	3 × 60	2 × 60	22	18 864.00
1.3	3 × 100	3 × 60	38	27 055.00
1.4		3 × 100	66	44 556.00
1.5	3 × 200		76	50 685.00
1.6	3 × 350	3 × 200	132	83 138.00
1.7		3 × 350	231	142 072.00

Fyrir vinnuheimtaugar fyrir hús í byggingu á skipulögðum svæðum skal greiða kr. 4 900.00. — Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa. — Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern meter umfram fyrstu 15 metrana þannig: Yj = (1173 + 13 × kVA) kr.m. — Yfirlengd loftlínu reiknast á hvern meter umfram fyrstu 30 metrana þannig: Yl = (192 + 9 × kVA) kr.m., að viðbættum kr. 9 875.00 á hvern stólpa í umfram-línu.

Tengigjöld miðuð við stærð spenna:

Gjaldskrárliður nr.	Stærð spennis kVA	Tengigjald kr.
2.1	150	94 332.00
2.2	300	188 663.00
2.3	500	299 942.00
2.4	750	445 520.00

Tengigjald skal reikna eftir þessum gjaldskrárlið, þegar spennistöð er byggð, að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir, að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja, að öllu leyti, settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Kostnaður notandans við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald eftir kostnaði skv. reikningi rafveitunnar. Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

V. KAFLI
OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 665.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 665.00 gjald í skrifstofu rafveitunnar.

Í framangreindum verðum er innifalinn 20% söluskattur, nema í II. kafla, sölu til hitanotkunar, en á þá sölu er ekki lagður söluskattur. Á I. kafla gjaldskrárinnar er einnig lagt 13% verðjöfnunargjald.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akraness nr. 341 25. október 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 26. mars 1975.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 142. 9. apríl 1975.

SAMÞYKKT

um hundahald í Egilsstaðahreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Egilsstaðahreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í hreppnum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
b. Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum, og skal upphæð þess við það miðuð.
c. Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila,sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
e. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á. m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

f. Skráðum bændum skal heimilt að halda hunda án gjalds og einnig er heimilt að skrá viðurkennda veiðihunda án gjalds.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal honum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Egilsstaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að gilda í eitt ár til reynslu og skal þá endurskoðuð.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. apríl 1975.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Þórunn Klemenzdóttir.

25. apríl 1975. Nr. 143.

AUGLÝSING

um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.—9. bekk skólaárið 1975—1976.

1. Auglýsing þessi tilgreinir þann ramma sem miða skal við þegar stundaskrá nemenda í 1.—9. bekk skólaárið 1975—1976 er ákveðin. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 124 frá 5. apríl 1974.
2. Neðangreindur stundaskrárrammi tiltekur það meðaltal kennslustunda sem hver nemandi skal fá á viku hverri. Undantekning frá þessu er þó neðsta lína töflunnar, „Kennarastundir til ráðstöfunar", sbr. 3. lið.

3. Auk þeirra nemendastunda sem stundaskrárramminn tilgreinir fær skóli **kennarastundir til ráðstöfunar** sem svarar einni vikustund á hverja 25 nemendur.
   Þessar stundir má skóli nota m. a. til þess að skipta bekkjardeild í kennslu eða til viðbótarnáms án þess að föst stundaskrá nemenda lengist fyrir vikið.
   Heimilt er skóla að flytja umræddar kennarastundir milli bekkja ef ástæða er talin til.

4. Um frávik frá því sem tilgreint er í stundaskrárrammanum gilda ákvæði Námsskrár fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri, útg. af menntamálaráðuneytinu 1960. Auk þess getur menntamálaráðuneytið veitt sérstakar undanþágur eða fráviksheimildir ef rökstuddar óskir berast um slíkt.

Skipting stundaskrár.

Námsgreinar	Bekkur									
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9. landspróf	9. aðrar deildir
Móðurmál (þ. á m. lestur og skrift)	10	10	10	9	9	8	6	5	6	5
Stærðfræði	4	4	4	4	5	5	5	5	6	4
Átthagafræði	3	4	4							
Kristin fræði			1	2	2	2	2			
Saga, félagsfræði og landafræði				4	3	3	4	4	4	3
Líffræði, eðlis- og efnafræði				2	3	3	4	4	6	3
Danska				3	3	3	3	4	5	3
Enska						3	4	4	5	4
Tónmennt	1	1	1	1	1	1	1	1		
Mynd- og handmennt			3—4	4	4	4	4	4		4
Heimilisfræði[1]							1—4	0—4		
Íþróttir[2]	2	2	2	2	3	3	3	3	3	3
Valgreinar[3]								3	2	8
Vikulegar kennslustundir/nemenda	20	21	25	31	33	35	37	37	37	37
Vikulegar kennslustundir í mínútum	800	840	1 000	1 240	1 320	1 400	1 480	1 480	1 480	1 480
Kennarastundir til ráðstöfunar	1	1	1	1	1	1	1	1		

Skýringar: 1) Heimilisfræði og sund eru ekki meðtalin í summunni nema lágmarkstími í heimilisfræðum.
2) Við tilgreinda íþróttatíma bætist sund.
3) Upplýsingar um valgreinar í 9. bekk fylgja námsskrá 7., 8. og 9. bekkjar.

Menntamálaráðuneytið, 25. apríl 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

STJÓRNARTÍÐINDI B 17 — 1975

30. apríl 1975. 249 Nr. 144.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 169 21. ágúst 1970, um söluskatt.

1. gr.

17. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Söluskattskyldir aðilar skulu annað hvort hafa í aðalbókhaldi sínu sérstaka reikninga fyrir þær fjárhæðir, er færa skal á söluskattskýrslu, eða færa þær í sérstakar undirbækur eða yfirlit, sem byggð eru á aðalbókhaldinu. Færslum skal þannig hagað, að rekja megi einstakar fjárhæðir á söluskattskýrslu til þeirra gagna, sem á er byggt, bæði að því er varðar skiptingu heildarveltu og frádráttar.

Þær smásöluverslanir, sem ekki hafa aðstöðu til að halda söluskattskyldri og söluskattfrjálsri sölu aðgreindri á sölustigi, skulu halda innkaupum á söluskattfrjálsum vörum greinilega aðgreindum í bókhaldi sínu frá öðrum innkaupum. Auk þess skal annað hvort reikna útsöluverð söluskattfrjálsra vara á hverjum einstökum innkaupareikningi og færa útsöluverðið sérstaklega í bókhald eða sundurliða í bókhaldi hin söluskattfrjálsu innkaup í álagningarflokka og reikna síðan útsöluverð innkaupanna í hverjum álagningarflokki í lok hvers uppgjörstímabils. Í stað þess að færa útsöluverð söluskattfrjálsra innkaupa í aðalbókhaldi, er heimilt að færa það í sérstakar undirbækur eða yfirlit, sem byggð eru á aðalbókhaldinu.

Þeir aðilar sem jöfnum höndum framleiða og selja til neytenda bæði söluskattskyldar og söluskattfrjálsar vörur og ekki geta haldið sölunni aðgreindri á sölustigi, skulu reikna og færa útsöluverð hinna keyptu eða framleiddu vara á þann hátt sem segir í 2. mgr.

Fyrir gjalddaga hvers uppgjörstímabils skal stemma af og skrá niðurstöður þeirra reikninga, bóka eða yfirlita, sem færslur á söluskattskýrslu byggjast á. Meðal frádráttar frá heildarveltu á söluskattskýrslu færist útsöluverð keyptra vara, sem undanþegnar eru söluskatti, reiknað og fært á þann hátt sem segir í 2. mgr. þessarar greinar að frádreginni sannanlegri rýrnun. Heimilt er að beita ákvæðum 2. mgr. við færslu söluskattskyldra vara, þar sem það þykir auðveldara í framkvæmd, t. d. þegar söluskattskyld sala er aðeins lítill hluti heildarsölunnar.

Öll gögn varðandi söluskattskýrslur skulu geymast eins og önnur bókhaldsgögn.

2. gr.

19. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Reikningar og nótur skulu bera greinilega með sér, hvort söluskattur er innifalinn í heildarfjárhæð eða ekki. Þegar söluskattur er ekki innheimtur af heildarfjárhæð reiknings, skal söluskatturinn tilgreindur sérstaklega, og koma skal greinilega fram, af hvaða fjárhæð hann er reiknaður.

Við sölu til endurseljenda skal halda vörum, sem undanþegnar eru söluskatti aðgreindum frá öðrum vörum, þannig að heildarverð hinna skattfrjálsu vara komi greinilega fram á reikningum séu þær ekki færðar á sérstaka reikninga eða nótur.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 22. gr. laga nr. 11 28. apríl 1975, um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara og í 27. gr. laga nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 30. apríl 1975.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 145. 30. apríl 1975.

AUGLÝSING

um niðurfellingu söluskatts af nokkrum tegundum matvöru.

Fjármálaráðherra hefur ákveðið að nýta heimild í 22. gr. laga nr. 11 frá 28. apríl 1975 til að fella niður söluskatt frá og með 1. maí 1975 af vörum, sem falla undir eftirfarandi tollskrárnúmer, sbr. lög nr. 6/1974 um tollskrá og fleira:

Tollskrárnúmer	Vöruheiti
07.01.20	Tómatar
07.01.31	Laukur
07.01.39	Annað nýtt grænmeti
08.01.10	Bananar, nýir
08.01.30	Ýmsir ávextir, nýir
08.02.10	Appelsínur, tangarínur, mandarínur og klementínur
08.02.21	Sítrónur
08.02.21	Aðrir citrónávextir
08.03.10	Fíkjur, nýjar
08.04.10	Vínber, ný
08.05.00	Hnetur, nýjar
08.06.10	Epli
08.06.20	Perur og kveður
08.07.00	Steinaldin, ný
08.08.00	Ber, ný
08.09.01	Melónur
08.09.09	Aðrir nýir ávextir
09.01.11	Kaffi í smásöluumbúðum
09.01.12	Kaffi í öðrum umbúðum
09.02.00	Te
18.05.01	Kakaoduft, ósykrað í smásöluumbúðum
18.05.09	Kakaoduft, ósykrað í öðrum umbúðum
18.06.01	Kakaoduft, sykrað
19.07.00	Brauð, skonrok og aðrar algengar brauðvörur án viðbætts sykurs, hunangs, eggja, feiti, osts eða ávaxta
19.08.00	Kökur, kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur, einnig með kakaoi enda innihaldi vörur þessar minna en 30% af þunga af súkkulaði

Niðurfelling söluskatts tekur jafnt til innlendrar framleiðslu er félli undir ofangreind tollskrárnúmer sem innflutnings.

Undanþágur skv. auglýsingu þessari taka þó ekki til sölu þessara vara í veitingahúsum, greiðasölustöðum, smurbrauðsstofum og öðrum hliðstæðum sölustöðum, né heldur til sölu vara, sem unnar eru úr þessum vörum.

Smásöluverslanir, sem selja bæði söluskattfrjálsa og söluskattskyldar vörur skulu halda innkaupum á skattfrjálsum og skattskyldum vörum aðgreindum í bókhaldi eins og nánar er ákveðið í reglugerð fjármálaráðuneytisins 30. apríl 1975 um það efni. Þær verslanir, sem eiga birgðir af áður nefndum vörum í byrjun maímánaðar 1975 og njóta vilja frádráttar frá heildarveltu vegna þeirra við söluskattsuppgjör fyrir þann mánuð, skulu senda skattstjóra birgðaskrá með söluskattskýrslu fyrir maímánuð.

Þeir aðilar, sem selja söluskattfrjálsar vörur til endurseljenda skulu halda þeirri sölu aðgreindri frá annarri sölu á sölureikningum.

Fjármálaráðuneytið, 30. apríl 1975.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Þorsteinn Geirsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 18 — 1975

Nr. 146. 252 4. mars 1975.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Borgarnes.

I. KAFLI
Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Borgarneshöfn takmarkast að austan innan línu, sem hugsast dregin úr syðstu töngum Borgareyja inn Borgarfjörð, í 500 m fjarlægð frá syðstu töngum Stóru-Brákareyjar og Borgarness, móts við Kveldúlfshöfða, og hornréttri línu upp í höfðann, að vestan innan línu, sem hugsast dregin úr vesturtöngum Borgareyja inn Borgarfjörð og Borgarvog, í 200 m fjarlægð frá Dílatanga og hornréttri línu upp í tangann. Að sunnan takmarkast hafnarsvæðið af línu þvert um fjörðinn 400 m fyrir innan nyrsta tanga Borgareyja.

Á landi eru takmörk hafnarsvæðisins þessi:

Lóðin liggur í framanverðri Stóru-Brákarey og er um 6000 fermetrar að stærð. Um takmörk lóðarinnar og stærð vísast að öðru leyti til lóðarleigusamnings hafnarinnar frá 22. mars 1946.

II. KAFLI
Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Borgarness hefur á hendi stjórn hafnarinnar undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins. Hreppsnefndin kýs þriggja manna hafnarstjórn og jafnmargra til vara. Hafnarstjórn kýs sér formann og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra. Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og sveitarstjórnar.

Hafnarstjórn hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni og sér um viðhald og umbætur á henni, stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd sveitarstjórnar. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast ásamt þeim.

3. gr.

Sveitarstjóri er hafnarstjóri nema öðruvísi sé ákveðið af hreppsnefnd.

4. gr.

Hafnarstjóri hefur fyrir hönd hafnarstjórnar yfirumsjón með viðhaldi og umbótum á höfninni og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta og stjórnar fjárhaldi og daglegum rekstri hafnarinnar. Hafnarstjóri getur falið starfsmönnum hafnarinnar að annast þessi störf í sínu umboði.

5. gr.

Hreppsnefnd skipar fasta starfsmenn, svo sem hafnarvörð, eftir tillögu hafnarstjórnar og setur þeim erindisbréf.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

III. KAFLI
Um almenna reglu í höfninni og á hafnarsvæðinu.

6. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu í höfninni og landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans eða þeirra starfsmanna annarra, er hafnarstjórn setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér gerður óréttur af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar lipurðar og kurteisi í starfi sínu.

7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða hindra önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

Fólk, sem fer um hafnarsvæðið, er þar á eigin hættu og ábyrgð.

8. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum í höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins og í eldavélum skipsins og á lögboðnum ljóskerjum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

9. gr.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina aða á henni.

Skipum er bannað að blása í flautur eða lúðra á höfninni frá kl. 24:00 að kveldi til kl. 7:00 að morgni, nema umferðin gefi tilefni til.

10. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi, vírum, vöruleifum, umbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað sem hafnarstjóri vísar til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíur, lýsi, olíusora eða annað sem mengun veldur.

Ber að hlýta í öllu reglugerð um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, sem sett er skv. 3. gr. laga nr. 77 frá 10. maí 1966. Er hafnarstjóra heimilt að ákveða gjald, er innheimta má á staðnum fyrir hvers konar mengunarbrot.

11. gr.

Geymsla á tómum bensíntunnum eða ílátum undan eldfimum efnum svo og öðru, sem sprengi- eða eldhætta stafar af, er bönnuð á bryggjum, hafnarbökkum eða á hafnarsvæðinu.

12. gr.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka, eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvaltegundir, eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflunum eða óþægindum í höfninni, nema leyfi hafnarstjóra komi til þess hverju sinni.

IV. KAFLI
Um legu skipa á höfninni og afgreiðslu þeirra.

13. gr.

Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far.

14. gr.

Þegar skip leitar hafnar skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarvarðar, sem vísar honum á legustað.

Leggist skipið að hafnarmannvirki, skulu landfestar bundnar, þar sem starfsmenn hafnarinnar segja til um.

15. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir til að ætla að sótthætta geti stafað af því, ber hafnarverði að sjá um, að fylgt sé þeim reglum, sem settar eru í lögum um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

16. gr.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekki er unnið við, mega aldrei liggja þannig í höfninni að þau tálmi vinnu við önnur skip, og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt. Ef ekki er orðið við boðum starfsmanna hafnarinnar í þessum efnum, er heimilt að færa skipið á kostnað eiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna hafnarverði með minnst tveggja tíma fyrirvara.

17. gr.

Sé nauðsynlegt talið, að skipum, sem fermd eru eða affermd, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa er utar liggja, yfir þilfar hinna. Skipshöfn og farþegum þeirra skipa sem utar liggja, er einnig heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

18. gr.

Í sérhverju skipi, sem ekki hefur leyfi hafnarvarðar til að liggja mannlaust á höfninni, skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær.

Skal hann sjá um, að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu, og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni er leiða kann af vanrækslu í þessu efni.

19. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa að tilvísun hafnarvarðar. Séu landfestar úr járni, skulu þær vera klæddar þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð um bryggju eða hafnarbakka, og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þess ekki nægilega gætt, getur hann krafist þess, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, óski hafnarvörður þess.

20. gr.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur er þau hleypa burt vatni á annan hátt. Búa skal svo um með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina.

21. gr.

Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því.

22. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarstjórnar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

23. gr.

Áður en kjölfesta er flutt í skip eða úr skipi, skal hafnarverði gert viðvart. Ákveður hann, hvar það skuli fara fram. Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skipsins og hafnarbakkans, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt getur hafnarvörður stöðvað verkið uns bætt hefur verið úr því, sem áfátt er. Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum, þangað sem hafnarvörður vísar til.

24. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skal sá, er séð hefur um lestun eða losun, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

V. KAFLI

Um skip, sem lagt er í lægi.

25. gr.

Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnarstjóri leyfir. Skipunum skal lagt undir umsjá hafnarvarðar og legufæri ákveðin í samráði við hann.

Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.

26. gr.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi í höfninni, skal ekki sjaldnar en á fjórtán daga fresti fara út í það til að líta eftir, hvort legufæri eða annað hefur farið úr lagi eða bilað. Ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Leyfi hafnarstjórnar til að leggja skipi í lægi er bundið því skilyrði, að ef skipið sekkur láti eigandi þess taka það upp eða sprengja það sundur, svo að það skemmi ekki höfnina. Sé því ekki fullnægt innan tiltekins frests, getur hafnarstjórnin látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

27. gr.

Heimilt er að leggja skipi í lægi á höfninni, þó það sé mannlaust, sé það svo þétt, að áliti hafnarstjórnar, sem getur framkvæmt eða látið framkvæma á því rannsókn á kostnað eiganda, að ekki stafi af því nein hætta.

Á skipum þessum skal tendrað ljós samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, er liggja fyrir akkeri.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilkynna hafnarstjórn um umsjónarmann búsettan í því lögsagnarumdæmi, sem höfnin er í, sem skal hafa umsjón skipsins á hendi og skal skipstjóri ganga úr skugga um, að hafnar-

stjórn sé samþykk útnefningu umsjónarmannsins. Hafnarstjórn getur krafist, ef henni finnst ástæða til, að umsjónarmaður hafi skipstjóraréttindi og hafi búsetu það nálægt hafnarsvæðinu, að auðvelt sé að ná til hans í tæka tíð, ef færa þarf skipið eða til annarra aðgerða, er skipið snertir.

Hafnarvörður beinir til umsjónarmannsins öllum þeim fyrirskipunum er skipið varða, en umsjónarmaður annað hvort framkvæmir fyrirskipanir hafnarvarðar eða sér um að þær séu framkvæmdar. Verði dráttur á því, skal hafnarvörður láta framkvæma verkið á kostnað skipseiganda.

VI. KAFLI

Um fermingu og affermingu eldfims og hættulegs varnings.

28. gr.

Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki koma inn á höfnina, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess.

Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma.

Tilkynningaskylda nær til efna, sem samkvæmt International Maritime Dangerous Goods Code flokkast í flokka 1, 2, 3 og 5.

Í tilkynningu skal greina nafn á varningi, magn, pökkun og lestun. Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: Púður, dýnamit, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, aceton, terpentínu, toulol, kosangas, kalcíumkarbit, ammoníumnitrat, natríumklórat.

29. gr.

Losun á vörum, sem um ræðir í 28. gr. skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni.

Álíti hafnarstjóri, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, getur hann stöðvað verkið, uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.

Hlíta skal í einu og öllu ákvæðum laga og reglugerðar um brunavarnir og brunamál.

30. gr.

Skylt er að hafa öryggisvörslu við skip, sem ferma eða afferma eldfiman flutning.

Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið.

31. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, sem um ræðir í 28. gr. skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsiglu, en á nóttunni rautt ljósker.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

32. gr.

Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju eða hafnarbakka og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt sem hafnarstjóri krefst þess. Sé það eigi gert, lætur hafnarstjóri gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

33. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki komið við um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

34. gr.

Nú veldur skip skemmdum eða mengun í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni, áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu, að dómi hafnarstjóra.

35. gr.

Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er úr höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

36. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt 18. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

37. gr.

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar eða eru brotlegir við reglugerð þessa.

38. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við, samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Borgarness.

39. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Borgarneskauptún, nr. 12 20. febrúar 1930, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 4. mars 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Borgarness.

I. KAFLI

Um hafnargjöld í Borgarnesi.

1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttó-stærð skipanna, eins og hún er mest, skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Lestagjöld.

2. gr.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 6.00 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 3.00 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 6.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 400.00 á brúttórúmlest þó aldrei minna en kr. 2000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Heimilt er hafnarstjórn að veita 20% afslátt á lestagjöldum.

Bryggjugjöld.

3. gr.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 3.00 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 324.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Vörugjöld.

4. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

5. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til annarrar hafnar og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft vörugjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara áfram með sama skipi, enda sé það ákveðið í farmskrá, greiðist ekkert vörugjald.

6. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
b. Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
c. Innlend mjólk og rjómi, sem flutt er til hafnarinnar.
d. Póstur og venjulegur farþegaflutningur.

7. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum, og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir skipið kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

8. gr.

Af vörum, sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna greiðist hálft vörugjald.

Heimilt er hafnarstjórn að veita magnafslátt allt að 40%.

Semja skal um slíkan afslátt hverju sinni.

9. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðast eins og þar segir.

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 110.00/tonn:

Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni (meira en 100 t.) svo sem bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, sement laust og sekkjað, vikur, sekkjaður áburður, sekkjuð kornvara.

2. fl.: Gjald kr. 230.00/tonn:

Þungavarningur svo sem sekkjavörur, ósunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingavörur, þökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir.

3. fl.: Gjald kr. 640.00/tonn:

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður.
b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.

c. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

1. fl.: Gjald kr. 64.00 fyrir hvern rúmmeter:

Vörur flokkaðar eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%:

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 50.00.

Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

11. gr.

Fyrir að leggja vöru á land hafnarinnar, skal greiða kr. 2.00 fyrir hvern fermetra, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burtu innan tveggja sólarhringa. Gjald betta reiknast fyrir hvern sólarhring. Sama gjald skal greiða fyrir tæki og áhöld hvers konar, sem einstaklingar eiga og láta eða vilja láta standa á landi hafnarinnar. Gjald fyrir slík tæki, sem og mikið vörumagn, má ákveða með samningi við hafnarnefnd.

12. gr.

Gjald fyrir lóðir, geymsluhús eða tæki, sem leigð eru einstaklingum eða félögum, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða samkvæmt samningi.

Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir gjöld þau, sem hér eru fram talin, skal greidd samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

II. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

13. gr.

Skrifstofa hafnarinnar sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin þar.

14. gr.

Skipstjóri eða formaður báts ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda.

Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna, svo og annarra gjalda, er skipinu ber að greiða. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi, uns gjöldin eru að fullu greidd.

Þar sem ekki eru í gjaldskrá þessari ákveðnir fastir gjalddagar, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

15. gr.

Vörugjald og leigu fyrir lóðir hafnarinnar samkvæmt 11. gr. greiði móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar en sendandi af vörum, sem fluttar eru frá höfninni.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur er komið í höfnina.

Skipstjóra og afgreiðslumanni er óheimilt að afhenda vörurnar, uns gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum eða andvirði þeirra uns gjaldið er greitt.

16. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 12. gr. hafnalaga. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Dráttarvextir 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð reiknast 2 mánuðum eftir gjalddaga.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

19. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 4. mars 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

20. mars 1975. Nr. 148.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Eskifjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Eskifjarðarhöfn takmarkast af línu, er hugsast dregin frá Hólmanestá yfir fjörðinn að vestanverðri Stekkseyri.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í hafnarsjóð Eskifjarðar og skal honum varið til þess að gera umbætur á höfninni og mannvirkjum er henni tilheyra, svo og til leiðbeiningar við innsiglinguna.

Bæjarstjórn Eskifjarðar kýs fimm manna hafnarstjórn og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn og hefur hún undir yfirstjórn bæjarstjórnar, framkvæmd

hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni og eignum hennar, stýrir öllum framkvæmdum þar að lútandi, annast fjárhald hafnarinnar, innheimtu og reikningsskil fyrir hennar hönd.

Bæjarstjórnin veitir fé úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, að fengnum tillögum hafnarstjórnar og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á eignum hans eins og öðrum eignum sveitarfélagsins.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim. Hafnarstjórn skal semja fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn, eins og fyrir er mælt í hafnalögum.

3. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjórn eða umboðsmaður hennar. Til aðstoðar hafnarstjórnar skulu vera svo margir starfsmenn sem þurfa þykir. Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn að fengnum tillögum hafnarstjórnar og setur þeim starfsreglur.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

4. gr.

Hafnarstjórn sér um að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni og enn fremur þeirra starfsmanna, er hafnarstjórn setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjórn, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa, eða öðrum störfum sem þar eru framkvæmd.

6. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa á höfninni. Við flutning á eldfimum efnum ber öllum hlutaðeigandi að haga sér samkvæmt gildandi lögum og reglum um brunavarnir.

Álíti hafnarstjórn eða starfsmaður hennar, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er heimilt að stöðva verkið uns gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema leyfi hafnarstjórnar komi til hverju sinni.

7. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip né þétta eldri skip eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarstjórnar og með þeim skilmálum sem hún ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna nema með leyfi hafnarstjórnar eða umsjónarmanns.

8. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni, frá skipum er þar liggja, né flytja það úr landi út í höfnina. Einnig er stranglega bannað að kasta nokkru því í höfnina er óþrifum kann að valda.

Innan hafnartakmarkanna má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki, né breyta þeim mannvirkjum sem nú eru og ekki heldur fylla upp, né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarstjórnar og/eða bæjarstjórnar komi til.

IV. KAFLI
Um legu skipa og meðferð þeirra í höfninni.

9. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma eða afferma, mega aldrei leggjast svo í höfninni, að tálmi afgreiðslu annarra skipa og skulu þau í hvert sinn skyld að hlýða boði hafnarstjórnarinnar eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau skuli leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggju að eigi sé nægilegt rúm fyrir önnur skip að komast að og frá. Skip eða bátar mega aldrei leggja svo frá sér strengi eða festar, að tálmi umferð. Festar skipa má aldrei leggja yfir alfaraleið.

10. gr.

Skipum þeim og bátum, er liggja við sérstök legufæri á höfninni, má ekki leggja svo, að hindri eða tefji umferð um höfnina. Hafnarstjórn getur ákveðið, hvar og hvernig legufærum skipa og báta skuli lagt.

Nú tregðast eigandi eða skipstjóri við að hlýða boðum hafnarstjórnar eða starfsmanna hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni og getur þá hafnarstjórn látið gera það á ábyrgð og kostnað eiganda.

11. gr.

Í sérhverju skipi, að undanskildum skipum, er hafa leyfi hafnarstjórnar til að liggja mannlaus í lægi á höfninni eða í skipakví, skal jafnan vera a. m. k. einn maður, er tekið getur á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

12. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggju, nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjum eða hafnarbökkum. Þyki þessa eigi nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr tafarlaust. Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og bakka eða bryggju ef krafist er.

13. gr.

Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því.

Ekki má hleypa vatni á bryggjur eða hafnarmannvirki að óþörfu.

14. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það að áliti hafnarstjórnar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjórn láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er henni heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

V. KAFLI
Um notkun hafnarmannvirkja.

15. gr.

Meðan hafnarstjórn ákveður ekki annað, er skipum heimilt að leggjast við bryggju og hafnarbakka í þeirri röð sem þau koma. Þó skulu þau skip, sem sigla

eftir fyrirfram ákveðnum ferðaáætlunum, flytja póst og farþega, hafa rétt til að fá afgreiðslu við bryggju, þótt önnur séu þar fyrir og verða þau að víkja meðan hin eru afgreidd. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða að áliti hafnarstjórnar eða umboðsmanns hennar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, sé þess krafist. Enn fremur er hafnarstjórn eða umboðsmanni hennar heimilt að vísa skipum frá bryggjum, sé það álitið nauðsynlegt vegna veðurs.

16. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma á við bryggju eða hafnarbakka, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa sem utar liggja yfir þilför hinna á bálkabrúm eða á annan hátt er henta þykir. Svo og er farþegum þeirra skipa er utar liggja, heimil umferð um þilför þeirra skipa er nær liggja.

17. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skips og hafnarbakkans, bryggjunnar eða bátanna, svo ekkert falli fyrir borð. Sé þessa ekki gætt getur hafnarstjórn eða starfsmenn hafnarinnar stöðvað verkið uns bætt hefur verið úr því sem áfátt var.

Kjölfestu má eigi láta annars staðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar, sem hafnarstjórn eða umsjónarmaður vísar til.

18. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal skipstjóri eða afgreiðslumaður, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjórn sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiðir allan kostnað sem af því leiðir.

19. gr.

Þeir munir eða vörur sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggjum eða hafnarbakka og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjórnar. Skal flytja burt vörur og muni jafnskjótt og hún krefst þess.

VI. KAFLI

Um geymsluskip og skip sem lagt er í lægi.

20. gr.

Sérstakt leyfi hafnarstjórnar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfnina skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi og skal leyfið bundið því skilyrði, að eigandi láti taka það upp ef það sekkur eða láti sprengja það í sundur, svo það skemmi eigi höfnina, og sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarstjórn látið gera það á kostnað eiganda. Hafnarstjórn ákveður í hvert sinn, hvar slíku skipi skuli lagt, enda hafi umboðsmaður vátryggjenda, skipsins áður samþykkt legufærin, með skriflegri yfirlýsingu. Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði skipaskoðunarmanns, að skip hans sé svo þétt að eigi stafi nein hætta af hvað leka snertir, þó það sé mannlaust og er honum þá leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja, án þess að menn séu á því, á þeim tíma árs er ekki verður heimtað ljós á skipinu. Skylt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarstjórn krefst þess.

Ljós skulu vera á skipum þessum á þeim tímum er vitar loga.

21. gr.

Meðan skip liggur mannlaust á höfninni skal ekki sjaldnar en einu sinni í viku fara út í það, til þess að líta eftir hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað og ef svo reynist skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á skipum þeim, sem lagt er í lægi í höfninni.

VII. KAFLI
Um hafnargjöld á Eskifirði.

22. gr.

sé fundarritari. Þá skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Bæjarráð getur leyft að flokkur, sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en ekki fulltrúa í bæjarráði, megi tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétti.

25. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn Bolungarvíkurkaupstaðar að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin, skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarráð skal gera tillögur til bæjarstjórnar í þeim málum, sem fyrir bæjarráði liggja.

Bæjarráð getur þó tekið lokaafgreiðslu í þeim málum, sem bæjarstjórn hefur vísað til þess til fullnaðarafgreiðslu.

26. gr.

Bæjarráð hefur umsjón og stjórn á fjárhag bæjarins, undirbúning fjárhagsáætlana, tillögur til úrskurðar á reikningum bæjarins, samning skýrslu um eignir og skuldir bæjarins, svo og eftirlit með bókhaldi hans og innheimtu gjalda. Enn fremur stjórn og umsjón með vegamálum bæjarins, vinnuvélum bæjarins, holræsum, götum, vatnsveitu, vatnssölu og götulýsingu, lóða- og fasteignamálum, brunamálum, sjúkrahúss- og elliheimilismálum, barnaleikvöllum og dagheimili allt eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar og reglugerðum þar að lútandi.

Í þeim tilvikum, að sérstökum nefndum bæjarstjórnarinnar er falið að hafa með höndum fyrrgreinda málaflokka, skal bæjarráð fjalla um fjárhagshlið málanna.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn hvernig varið skuli fé til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki fram tekið í fjárhagsáætlun.

27. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef það eða bæjarstjóri óskar þess, þegar til umræðu eru þau málefni, sem störf þeirra snerta.

V. KAFLI
Um bæjarstjóra.

28. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími hans skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar. Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma. Ráðningarsamningur er uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara. Á ráðningarkjörtímabilinu þarf uppsögn ráðningarsamnings tvær umræður í bæjarstjórn.

Nú næst ekki meirihluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo og að bæjarstjóri er í andstöðu við meirihluta bæjarstjórnar, getur þá ráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

29. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál.

Skylt er bæjarstjóra að hafa ákveðinn daglegan viðtalstíma og sé hann auglýstur í skrifstofu bæjarins.

30. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega fram tekið í þessari samþykkt. Hann á einnig sæti í fastanefndum. Ekki hefur hann atkvæðisrétt í bæjarstjórn, bæjarráði eða í fastanefndum, nema hann sé til þess kjörinn.

Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefndum.

31. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni afrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

32. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt bæjarstjórnar, má ekki greiða, nema til komi samþykkt bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð bæjarráðs til slíks.

33. gr.

Bæjarstjóra er heimilt í samráði við bæjarráð að fela öðrum að gegna störfum sínum um skemmri tíma. Stendur sú ákvörðun óhögguð, nema bæjarráð ákveði aðra tilhögun. Ef um lengri forföll en tvo mánuði er að ræða, skal bæjarstjórn setja mann til að gegna starfi hans.

VI. KAFLI

Endurskoðendur.

34. gr.

Bæjarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn til að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til endurskoðunarstarfa.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d. liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert. Kjörnir endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

35. gr.

Bæjarráð er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikninga kaupstaðarins og fyrirtækja hans sbr. 26. gr. Jafnframt getur það falið honum að hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga og gæta þess, að kröfum í lögum og reglum um bókhald og endurskoðun sveitarfélaga sé fullnægt. Senda skal hann bæjarráði skýrslu um niðurstöður sínar áður en bæjarráð gerir tillögu um afgreiðslu ársreikninga til bæjarstjórnar.

VII. KAFLI

Nefndir.

36. gr.

Bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin mál eftir því, sem lög mæla fyrir og samkvæmt sérstakri samþykkt bæjarstjórnar í júní ár hvert:

A. Til eins árs:

1. Byggingarnefnd, fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
2. Hafnarnefnd, fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
3. Framfærslunefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
4. Kjörskrárnefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
5. Æskulýðsráð, fimm aðalmenn og fimm til vara.
6. Atvinnumálanefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
7. Barnaleikvallanefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
8. Endurskoðendur reikninga bæjarsjóðs, hafnarsjóðs, Sjúkraskýlis og vatnsveitu, tveir aðalmenn og tveir til vara.
9. Kjörstjórn, þrír aðalmenn og þrír til vara.
10. Stjórn íþróttavallar, einn aðalmaður og einn til vara.
11. Stjórn F. H. B., þrír aðalmenn og þrír til vara.
12. Fóðurgæslumaður, einn aðalmaður og einn til vara.

B. Til fjögurra ára:

1. Skólanefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
2. Menningarráð, fimm aðalmenn og fimm til vara.
3. Framtalsnefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
4. Heilbrigðisnefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
5. Barnaverndarnefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
6. Bókasafnsstjórn, fimm aðalmenn og fimm til vara.
7. Brunamálanefnd, þrír aðalmenn og þrír varamenn.
8. Landbúnaðarnefnd, er jafnframt fari með fjallskil, þrír aðalmenn og þrír til vara.
9. Áfengisvarnarnefnd, sex aðalmenn og sex til vara.
10. Sjó- og verslunardómur, sjö aðalmenn og sjö til vara.
11. Sáttanefnd, tveir aðalmenn og tveir til vara.
12. Náttúruverndarnefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
13. Fegrunarnefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
14. Millimatsnefnd, einn aðalmaður og einn til vara.
15. Í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands, einn aðalmaður og einn til vara.

C. Aðrar nefndir skv. skrá.

Nefndir, sem starfa á vegum bæjarstjórnar skulu kjósa sér formann.

Formenn skulu sjá um, að nefndir séu boðaðar til fundar.

Ef tveir nefndarmenn hið fæsta, óska eftir, að fundur sé haldinn í nefnd þeirri, sem þeir eiga setu í, geta þeir farið fram á það við nefndarformann og skal hann þá boða nefndina saman til fundar svo fljótt sem auðið er.

Einnig getur bæjarstjóri boðað, að fundir skulu haldnir í nefndum, ef honum þykir ástæða til, til að ræða ýmis bæjarmál.

37. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefnda er ákveðinn, skal litið svo á, að umboð nefndarmanna falli niður þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt.

38. gr.

Allar nefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda, svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál, lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

39. gr.

Byggingarnefnd skipa 4 menn auk bæjarstjóra, sem er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar lögum samkvæmt. Tveir hinna kjörnu fulltrúa nefndarmanna skulu vera bæjarfulltrúar, en tveir utan bæjarstjórnar.

Byggingafulltrúa er skylt að sitja fundi byggingarnefndar. Byggingarnefnd annast byggingamálefni bæjarins samkvæmt fyrirmælum í lögum og samþykktum um þau mál.

40. gr.

Í hafnarnefnd er forseti bæjarstjórnar sjálfkjörinn formaður. Í nefndina eru kosnir tveir menn úr bæjarstjórn og tveir menn utan hennar og jafnmargir til vara valdir á sama hátt. Nefndin annast hafnarmálefni samkvæmt hafnalögum og hafnarreglugerð, sér um innheimtu hafnargjalda og reikninga hafnarsjóðs og hefur umsjón með störfum starfsmanna hafnarinnar.

Bæjarstjóri er hafnarstjóri.

41. gr.

Framfærslunefnd er skipuð þrem mönnum og þrem til vara. Hún hefur á hendi stjórn framfærslumála og um störf nefndarinnar fer að framfærslulögum.

Bæjarstjóri er framfærslufulltrúi.

42. gr.

Í kjörskrárnefnd skulu kosnir þrír bæjarfulltrúar og þrír til vara. Nefndin sér um endurskoðun kjörskrárstofns í tæka tíð fyrir allar almennar kosningar.

43. gr.

Stjórn sjúkraskýlis og heilsugæslustöðvar skal annast umsjón og eftirlit með rekstri fyrrgreindra stofnana og gera tillögur til bæjarráðs um málefni stofnananna.

Læknar stofnananna, hjúkrunarkona og forstöðukona Sjúkraskýlisins, skulu eiga sæti á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

44. gr.

Í landbúnaðarnefnd skulu kosnir þrír aðalmenn og þrír til vara.

Nefndin sé bæjarstjórninni til ráðuneytis um landbúnaðarmál. Hún skal einnig sjá um fjallskil.

45. gr.

Barnaheimilanefnd skal annast umsjón og eftirlit með rekstri barnaheimila og gera tillögur til bæjarráðs um málefni þeirra.

Forstöðumaður heimilis og fulltrúi kosinn af starfsfólki skulu eiga sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

VIII. KAFLI

Um starfsmenn bæjarins.

46. gr.

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn bæjarins, og veitir þeim lausn eftir því, sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

IX. KAFLI

Fastar stöður skulu að jafnaði auglýstar til umsóknar, en heimilt er þó bæjarstjórn (bæjarráði) að skipa í stöðu án slíkrar auglýsingar. Bæjarstjórn (eða bæjar-

Bæjarstjórn getur falið bæjarráði og forstöðumönnum bæjarstofnana að ráða

47. gr.

Um réttindi og skyldur starfsmanna bæjarstjórnar gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eftir því sem við getur átt, nema annað sé sérsvo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

einskis af launum við þá breytingu.

í ákveðnar stöður.

Breytingar á samþykktinni.

staklega ákveðið í samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjóri f. h. bæjarstjórnar getur sett starfsmönnum erindisbréf og ákveðið starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlýða breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir ráð) getur ákveðið hver almenn skilyrði skulu gilda um skipan í stöður hjá bænum,

Til þess að gera breytingar á samþykkt þessari, þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meirihluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. apríl 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

24. febrúar 1975. Nr. 153.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Grindavíkur.

1. Raforka.

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A-1. Um kwst. mæli á kr. 33.63 hverja kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A-2. Um kwst. mæli á kr. 16.65 hverja kwst. auk fastagjalds, sem er kr. 102.45 á hvern fermeter gólffletar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 50.50 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst. mæli á kr. 7.68 hverja kwst. auk fastagjalds kr. 74.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi

og eldhús, en ganga, baðherbergi og geymslur skal ekki telja. Herbergi sem minna er en 5 m² skal telja sem hálft, en stærra en 25 m² sem tvö.

C. Vélanotkun o. fl.

C-1. Um kwst. á mæli á kr. 16.65 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 9 407.00.

C-2. Vélanotkun til bráðabirgða um kwst. mæli á kr. 16.65 hverja kwst.

C-3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kw:

a) Um kwst. mæli á kr. 2.80 hverja kwst. auk fastagjalds kr. 9 407.00. Notað afl telst vera mesta meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung á kw.
b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kwst. mæli á kr. 2.80 hverja kwst. auk fastagjalds kr. 8 902.00 á hvert kw. í málraun uppsettra véla á árinu.

Heimilt er að rjúfa straum í allt að þrem stundum á dag samkv. þessum gjaldskrárlið (C-3) kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C-4. Um afl- og orkumæli:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 9 407.00 á kw. á ári.
b) Af allri notkun kr. 2.80 hverja kwst.

Samkvæmt þessum gjaldskrárlið heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósanotkunar kr. 103.00 á hvern m² í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 41.00 á hvern m² í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 81.00 á hvern m² á ári.

D. Hitun
án söluskatts frá 1. des. 1973.

D-1. Um kwst. mæli á kr. 4.20 hverja kwst.

D-2. Um kwst. mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 2.22 hverja kwst.

D-3 Um afl- og orkumæli:

a) Á kr. 2.22 hverja kwst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á árinu kr. 1 745.00 hvert kw.
b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D-4. Um kwst. mæli á 1.15 kr. hverja kwst. með rofi frá kl. 8—23.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 10.21 hverja kwst. enda sé notkunin mæld um sér mæli og suðutæki fasttengd.

Til nota um vinnulagningar við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 16.65 hverja kwst.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á kr. 3.11 hverja kwst. ef straumur er rofin frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli á kr. 2.39 hverja kwst. á tímanum frá kl. 22.00—8.30 og kr. 8.10 hverja kwst. frá kl. 8.30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsingar svo og vinnulýsingar við nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð á kr. 16.65 hver kwst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C-E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. Mælaleiga.

Rafveitustjóri ákveður stað og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

Af einfasamælum 60 amp. og minni	kr.	50.00 á mán.
Af þrífasamælum 50 amp. og minni	—	61.00 á mán.
Af þrífasamælum 50 amp. og 100 amp	—	102.00 á mán.
Af þrífasamælum 100 amp. og yfir	—	173.00 á mán.
Af mestaaflsmælum 100 amp. og minni	—	161.00 á mán.
Af mestaaflsmælum yfir 100 amp.	—	305.00 á mán.
Af álagsstýriliðum, minni gerð	—	173.00 á mán.
Af álagsstýriliðum, stærri gerð	—	305.00 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal leigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. Heimtaugargjöld.

Heimtaugargjöld miðast við aflþörf notanda, sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugargjald ákveðst þannig:

Gjaldskrárliðir	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafl kwa.	Heimtaugargjald kr.
1.	3 × 60	22	38 730.00
2.	3 × 100	38	57 100.00
3.	3 × 200	75 sp.	112 110.00
4.	3 × 350	132	183 500.00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í, svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum, enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr.	8 160.00
Fyrir 60 amp. þrífasa	—	10 210.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar, skal notandinn greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður há útivinnu. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður, skal greiða heimtaugargjald samkv. reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandinn greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar, svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. Opnunargjöld.

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 1 220.00 á hvern mæli.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 1 220.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. Söluskattur o. fl.

Innifalin í gjaldskránni er söluskattur, viðlaga- og verðjöfnunargjald, nema af raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Grindavíkur hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr 353 15. nóvember 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1975.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 154. 27. febrúar 1975.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Njarðvíkur og Rafveitu Voga og Vatnsleysustrandarhrepps.

Raforka.

Rafveitur Njarðvíkur, Voga og Vatnsleysustrandarhrepps selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kwst. mæli á kr. 33.65 hver kwst.
2. Um kwst. mæli á kr. 13.20 hver kwst., auk fastagjalds er nemi kr. 167.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 50.00 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst. mæli á kr. 8.00 hver kwst., auk þess skal greiða fastagjald kr. 3.45 á mánuði af gólfflatarfermetra íbúðar. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

3. Vélanotkun.

1. Um kwst. mæli á kr. 18.65 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 5 110.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 17.30 hver kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- og mjólkuriðnað er yfir 20 kw:
   a) Um kwst. mæli á kr. 5.90 hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, í mesta álagstíma rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kostar klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits, með að rofið sé á tilskildum tímum.
   b) Um tvígjaldsmæli kr. 37.20 hver kwst., í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en kr. 5.90 hver kwst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 9 332.00 fyrir hvert kw. mest notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mín meðalálag og auk þess kr. 3.45 á notaða kwst. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 97.00 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h., en kr. 42.20 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 77.70 annars staðar.

5. Hitun.

1. Um kwst. mæli á kr. 2.25 hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kwst. mæli á kr. 1.10 hver kwst. í 9 klst. á tímanum frá klukkan 22 til 7.
3. Um kwst mæli á kr. 4.30 hver kwst., án rofs.

Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar:

a) Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
d) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis, er hita skal þegar þess er krafist.

6. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 10.75 hverja kwst., enda sé notkun mæld með sérmæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur um kwst. mæli á kr. 20.40 hver kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst. mæli á kr. 3.45 hver kwst. á tímanum frá klukkan 22 til 8.30 og kr. 8.00 hver kwst. á tímanum frá klukkan 8.30 til 22.
4. Til gatnalýsingar á kr. 11.45 hver kwst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárliði, skal setja eftir gjaldskrárlið 1-1.

7. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum, sem hér segir:

Af einfasa mælum upp að 30 amper	kr. 50.00 á mán.
Af þrífasa mælum 50—220 amper	— 177.60 á mán.
Af þrífasa mælum upp að 50 amper	— 66.60 á mán.
Af þrífasa mælum yfir 220 amper	— 249.75 á mán.
Af liða fyrir álagsstýringu	— 233.10 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leiga er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

8. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 221.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 1 221.00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar, skal hann sæta ábyrgð skv. lið nr. 2, nema þyngri refsing liggi við.

9. Heimtaugargjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun, og jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi töflu:

Gjaldskrárliður	Málstraumur stofnvara í 3 × 220 v kerfi amper	Málstraumur stofnvara í 3 × 380 v kerfi amper	kva.	Heimtaugargjald
1.	2 × 60	1 × 100	13	kr. 30 090.00
2.	3 × 60	2 × 60	22	— 39 195.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	— 56 200.00
4.			50 sp	— 66 580.00
5.		3 × 100	66	— 92 730.00
6.	3 × 200	3 × 125	75	— 112 410.00
7.		3 × 200	100 sp	— 133 110.00
8.	3 × 350	3 × 300	132	— 184 550.00
9.			150 sp	— 211 630.00
10.			200 sp	— 266 255.00
11.	3 × 350	3 × 350	231	— 301 230.00
12.			300	— 423 425.00
13.			500	— 707 425.00

sp = spennir.

Rafveitan leggur ekki jarðlínu heimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknist frá lóðarmörkum við götu, stystu leið að

varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda) skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en skeri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metra þannig:

Yj — (312+kVA) kr./m. Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metra þannig: Yl — (62+3 kVA) kr/m. að viðbættum kr. 13 952 00 á hvern staur í umframlengd. Sé bráðabirgðaheimtaug lögð í vinnuskúr eða hús í byggingu, er greitt fyrir hana eins og hér segir:

60 amper einfasa	kr. 7 392.00
60 amper þrífasa	— 8 857.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð og/eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

10. Ýmis ákvæði.

Söluskattur 15%, viðlagasjóðsgjald 1% og 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðarhitunar, 2% til niðurgreiðslna á landbúnaðarafurðum og 13% verðjöfnunargjald eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar nema á töxtum 5—1 til 5—3.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi samkvæmt heimild í auglýsingu nr. 7 23. janúar 1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 327 25. október 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 27. febrúar 1975.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Vestmannaeyja.

I. RAFORKA

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A 1. Um kWst.-mæli á kr. 19.96 hver kWst.

A 2. Um kWst.-mæli á kr. 8.87 hver kWst., auk fastagjalds af gólffleti, er nemi kr. 89.00 á ferm. á ári í rúmi því, er lýsa á.

A 3—6. Heimilt er að selja fyrirtækjum raforku til lýsingar jafnhliða annarri notkun um einn kWst.-mæli, og greiðist þá fastagjald af gólffleti þess rúms, er lýsa skal. Fastagjaldið nemi 8-földum mismun á kWst.-gjaldi samkv. A 1 og kWst.-gjaldi þess gjaldskrárliðar, sem greitt er eftir.

B. Almenn heimilisnotkun.

B 1. Um kWst.-mæli þannig reiknað:

a. Orkugjald kr. 8.32 hver kWst.

b. Grunngjald (mælisleiga innifalin):
Af einfasamælingu kr. 887.00 á ári.
Af þrífasamælingu kr. 1 774.00 á ári.

c. Herbergisgjald kr. 887.00 á ári.

Til herbergja í íbúð skal telja eldhús og öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi.

Herbergi, sem er minna en 5 ferm., skal reikna sem hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minna en 10 ferm., má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 ferm. jafngilda einu herbergi og 5 ferm. hálfu herbergi.

C. Vélanotkun o. fl.

C 1. Um kWst.-mæli á kr. 14.41 hver kWst.
Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast lágmarksgjalds, er nemi andvirði 200 kWst. á ári á hvert kW í málraun véla.

C 2. Um kW/kWst.-mæli þannig reiknað, enda sé málraun véla yfir 40 kW:

a. Aflgjald af mældu afli kr. 10 491.00 á hvert kW á ári. Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalálag ársins.

b. Orkugjald:
0—2500 kWst./kW kr. 3.32 hver kWst.
2500—4000 kWst./kW kr. 1.92 hver kWst.
Yfir 4000 kWst./kW kr. 0.96 hver kWst.

C 3. Um kWst.-mæli þannig reiknað, enda sé málraun véla yfir 40 kW:

a. Aflgjald af uppsettu afli véla kr. 9 442.00 á hvert kW í málraun véla.

b. Orkugjald:
0—2500 kWst./kW kr. 3.32 hver kWst.
2500—4000 kWst./kW kr. 1.92 hver kWst.
Yfir 4000 kWst./kW kr. 0.96 hver kWst.

Ofangreindir taxtar C 2 og C 3 fylgja kaupverði Rafveitu Vestmannaeyja á raforku, þannig að hlutfallsleg álagning rafveitunnar sé ávallt sú sama (þ. e. 35% á taxta C 2).

Orkugjald miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0.85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi skal kWst.-gjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0.85.

Tenging rafsuðuspenna er háð leyfi rafveitustjóra og getur hann takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólahringsins. Auk þess getur hann krafist, að fasviksstuðull spennanna sé eigi lægri en 0.85.

D. Hitun.

D 1. Um kWst.-mæli á kr. 2.64 hver kWst. til húshitunar (án söluskatts og verðjöfnunargjalds).

D 3. Um kWst.-mæli á kr. 3.51 hver kWst. til hitunar (með söluskatti og verðjöfnunargjaldi).

Skilyrði fyrir sölu raforku til hitunar eru, að:

Vélaafl, spennar og götulínur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

Búnaði öllum sé hagað samkv. fyrirmælum rafveitustjóra, en kostaður af notanda.

Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mesta samtímaafl og ársorkuþörf húsrýmis þess, sem hita skal.

F. Önnur raforkunotkun.

F 1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 8.32 hverja kWst., enda sé notkunin mæld með sérmæli og tæki fasttengd.

F 2. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 15.53 hverja kWst.

F 4. Til götu- og hafnarlýsingar á kr. 55 459.00 hvert kW/ár uppsett afl. Rafveitan leggur til búnað til lýsingarinnar og sér um viðhald hans.

F 5. Til götu- og útilýsingar á kr. 22 184.00 hvert kW/ár uppsett afl, enda eigi notandi allan búnaðinn til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans.

Alla aðra rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó með samþykki rafmagnsnefndar selja raforku eftir sérstökum samningi við kaupanda.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður gerð og stærð mælitækja fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Leiga af mælum greiðist sem hér segir:

1.	Af einfasa kWst.-mælum 60 A og minni	kr.	277.00 á ári
2.	Af þrífasa kWst.-mælum 60 A og minni	—	554.00 - —
3.	Af þrífasa kWst.-mælum (straumspennamælum)	—	915.00 - —
4.	Af mestaaflsmælum 60 A og minni	—	1 775.00 - —
5.	Af mestaaflsmælum yfir 100 A (straumspennamælum)	—	1 775.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru hér, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

Leigan innheimtist samtímis raforkugjaldinu.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Vestmannaeyja. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugargjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ Málraun	Stofngjald Kr.	Lengdargjald[1] Kr./m
63 A einfasa	57 200	1 320
63 A þrífasa	62 700	1 650
100 A þrífasa	74 800	1 980
200 A þrífasa	121 000	2 750
315 A þrífasa	242 000	3 850
300 kVA þrífasa	352 000	skv. kostnaði
500 kVA þrífasa	583 000	skv. kostnaði
800 kVA þrífasa	935 000	skv. kostnaði

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugargjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

		Lengdargjald[1][2]	
		Jarðstrengur	Loftlína
Málstraumur	Stofngjald	Kr./m	Kr./staur
63 A einfasa	10 450	1 320	19 800
63 A þrífasa	14 300	1 650	22 000
100 A þrífasa	15 400	1 980	26 400

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málstraum spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi, t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

---

1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem rafveitan hefur samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 858.00 sé um ítrekun að ræða.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 858.00 á skrifstofu rafveitunnar.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

17% söluskattur, 2% viðlagasjóðsgjald og 1% gjald til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu, ásamt 13% verðjöfnunargjaldi, er innifalið í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 351 12. nóvember 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 1. apríl 1975.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

5. maí 1975. Nr. 156.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 145 frá 30. apríl 1975 um niðurfellingu söluskatts af nokkrum tegundum matvöru.

Við lista yfir vörur, sem felldur er niður söluskattur af frá og með 1. maí 1975, bætist eftirfarandi:

Tollskrárnúmer:	Vöruheiti:
21.02.10	Kaffiextraktar, kaffikjarnar, kaffiseyði og vörur úr þessum efnum.
21.02.20	Extraktar, kjarnar og seyði úr tei eða mate og vörur úr þessum efnum.

Fjármálaráðuneytið, 5. maí 1975.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Þorsteinn Geirsson.

REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1974.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1974.

Tekjur:

Vextir af bankainnstæðum		kr. 13 524.10
		Kr. 13 524.10

Gjöld:

Tekjur umfram gjöld		kr. 13 524.10
		Kr. 13 254.10

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1974.

Eignir:

Bankainnstæður		kr. 136 671.40

Skuldir:

Höfuðstólsreikningur:		
Hrein eign pr. 1. jan. 1974,	kr. 123 147.30	
Hreinar tekjur árið 1974,	— 13 524.10	
		kr. 136 671.40
		Kr. 136 671.40

Samgönguráðuneytið, 26. mars 1975.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 158.

REIKNINGUR

Minningargjafasjóðs Landspítala Íslands 1974.

Rekstursreikningur fyrir árið 1974.

Tekjur:

Samúðarskeyti Landspítalans og minningargjafir afh. í Rvík	kr. 5 434 326.00	
÷ 15% þóknun til L.S.Í.	— 813 410.00	
	Kr. 4 620 916.00	
Vaxtatekjur 1974		kr. 3 604 549.18
		Samtals kr. 8 225 465.18

Gjöld:

Ýmis kostnaður 1974	kr. 191 371.00
Styrkveitingar 1974	— 410 000.00
Tekjur fl. í efnahagsreikning	— 7 624 094.18
	Samtals kr. 8 225 465.18

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1974.

Eignir:

Bankainnstæður:		
Ávísanareikningur	kr. 53 032.90	
Bankabækur	— 26 727 543.30	
Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands		— 57 000.00
Spariskírteini 1. fl. 1974 C 1136—1140		— 250 000.00
		Kr. 26 780 576.20
	Samtals kr.	27 087 576.20

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1974	kr. 26 463 482.02	
Afh. Landspítala af tekjum áranna 1970—73	— 7 000 000.00	
		kr. 19 463 482.02
Hreinar tekjur 1974:		
1. Til ráðstöfunar árið 1978 skv. 5. gr. skipulagsskrár		— 3 600 000.00
2. Lagt við höfuðstól		— 4 024 094.18
	Samtals kr.	27 087 576.20

Nr. 159.

REIKNINGUR

Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1974.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1974.

Tekjur:

Vextir af bankainnstæðum	kr. 24 825.60
	Kr. 24 825.60

Gjöld:

Tekjur umfram gjöld	kr. 24 825.60
	Kr. 24 825.60

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1974.

Eignir:

Bankainnstæður	kr. 250 522.00
	Kr. 250 522.00

Skuldir:

Höfuðstólsreikningur:		
Hrein eign pr. 1. jan. 1974,	kr. 225 696.40	
Hreinar tekjur árið 1974,	— 24 825.60	
		kr. 250 522.00
		Kr. 250 522.00

Samgönguráðuneytið, 26. mars 1975.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um hækkun raforkuverðs í heildsölu.

Ráðuneytið hefur heimilað Laxárvirkjun, Akureyri, að hækka heildsöluverð seldrar raforku um 11% — ellefu af hundraði.

Iðnaðarráðuneytið, 28. apríl 1975.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 161. 21. apríl 1975.

REGLUGERÐ

um takmörkun á loðnuveiðum íslenskra skipa í Norðvestur-Atlantshafi.

1. gr.

Allar loðnuveiðar íslenskra skipa í Norðvestur-Atlantshafi eru bannaðar nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins. Gildir þetta á svæði, sem markast af línu sem dregin er frá stað á strönd Rhode Island á 71°40′ v.lgd. réttvísandi í suður til 39°00′ n.br., þaðan í austur til 42°00′ v.lgd., þaðan í norður til 59°00′ n.br., þaðan í vestur til 44°00′ v.lgd., og þaðan norður til Grænlandsstrandar.

2. gr.

Ráðuneytið getur bundið veiðileyfi samkvæmt 1. gr. þeim skilyrðum, er þurfa þykir til þess að tryggja framkvæmd þeirra veiðikvóta og reglna, sem samþykktar hafa verið eða kunna að verða samkvæmt alþjóðasamningi um fiskveiðar á Norðvestur- Atlantshafi, sem undirritaður var í Washington 8. febrúar 1949, ásamt síðari bókunum.

3. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 56 12. maí 1970.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 56 12. maí 1970 um framkvæmd alþjóðasamnings um fiskveiðar í Norðvestur- Atlantshafi, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. apríl 1975.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Líknarsjóð Margrétar Árnadóttur, Alviðru, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. apríl 1975.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Líknarsjóð Margrétar Árnadóttur, Alviðru.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Líknarsjóður Margrétar Árnadóttur, Alviðru, og er stofnaður af eftirlifandi manni hennar, Magnúsi Jóhannessyni, Alviðru í Ölfushreppi, Árnessýslu.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er minningargjöf sjóðstofnanda um konu sína, að fjárhæð kr. 1 000 000.00 — ein milljón króna — Tekjur sjóðsins eru vextir af þessum höfuðstól, gjafir og aðrar tekjur, sem honum kunna að áskotnast, svo og þeir fjármunir sjóðstofnanda, sem óráðstafaðir kunna að vera úr dánarbúi hans, sbr. arfleiðslugerning dags. í dag.

3. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í banka eða sparisjóði, eða með því að kaupa fyrir það ríkisskuldabréf. Jafnframt sé þess gætt, að ávaxta það með hæstu vöxtum, og verðtryggja það, eftir því sem kostur er.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja heilbrigðis- og líknarmál í Árnessýslu, og skal verja til þess tekjum sjóðsins að nokkru eða öllu leyti, en aldrei má þó skerða höfuðstól hans. Hlutverk sjóðsins er nánar tiltekið: a) að hjálpa sjúku, einstæðu eða öldruðu fólki, sem á í heilsufarserfiðleikum, b) að kaupa, eða leggja fram með öðrum til kaupa á lækningartækjum fyrir Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi. Stjórn sjóðsins er heimilt að fresta úthlutun eða framlögum úr sjóðnum og færa þau milli ára.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera í höndum stjórnar Kvenfélags Selfoss á hverjum tíma, ber hún ábyrgð á sjóðnum, og sér um úthlutun úr honum. Reikningar sjóðsins skulu gerðir upp um áramót hver, og því næst sendast sýslumannsembættinu á Selfossi til athugunar og endurskoðunar. Reikningarnir skulu því næst birtir árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Selfossi, 26. apríl 1975.

Magnús Jóhannesson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Jakobínu Magnúsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. apríl 1975.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Jakobínu Magnúsdóttur, fædd 26. 1. 1899, dáin 7. 5. 1957.

1. gr.
Sjóðurinn heitir minningarsjóður Jakobínu Magnúsdóttur.

2. gr.
Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Jakobínu Magnúsdóttir hjúkrunarkonu, stofnanda kvenskátastarfs á Íslandi, af systur hennar Guðrúnu Magnúsdóttur.

3. gr.
Stofnfé sjóðsins var kr. 50 000.00. Sjóðnum hafa frá stofndegi borist ýmsar gjafir og einnig hefur hann verið efldur með ýmsum fjáröflunarleiðum á vegum kvenskátafélags Reykjavíkur. Sjóðurinn er nú kr. 645 889.00. Öflun fjár er nú lokið.

4. gr.
Tilgangur sjóðsins er að styrkja skátastarf í Reykjavík og starfsemi eldri kvenskáta að mati sjóðsstjórnar hverju sinni. Höfuðstóll sjóðsins skal aldrei vera lægri en kr. 50 000.00.

5. gr.
Ákveðið er, að sjóðurinn verði undir stjórn Félags eldri kvenskáta. Skal stjórn sjóðsins skipuð þrem fulltrúum, kosnum á aðalfundi. Stjórnin er kosin til 3 ára og skiptir sjálf með sér verkum.

6. gr.
Endurskoðandi sjóðsins skal vera endurskoðandi Skátasambands Reykjavíkur.

7. gr.
Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 24. febrúar 1975.

Guðrún Magnúsdóttir.

Nr. 164. 14. apríl 1975.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 128/1974, um dagvistunarheimili.

1. gr.
Við 1. mgr. 15. gr. bætist:
Með heildargólfrými er hér átt við innanmál, þ. e. stærð innan útveggja og skilrúm reiknast ekki með í stærðarmálinu.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 14. apríl 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

14. apríl 1975. Nr. 165.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna **Magnúsar** Benjamínssonar, úrsmíðameistara og Sigríðar Einarsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. apríl 1975.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs hjónanna Magnúsar Benjamínssonar, úrsmíðameistara og Sigríðar Einarsdóttur.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins er dánargjöf Magnúsar Benjamínssonar úrsmíðameistara og konu hans Sigríðar Einarsdóttur samkvæmt arfleiðsluskrá dags. 21. ágúst 1954, en Magnús Benjamínsson andaðist 2. mars 1942 og Sigríður Einarsdóttir andaðist 3. maí 1956. Höfuðstóllinn nemur alls kr. 2 637 736.00 miðað við 31. desember 1974.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja rannsóknastarfsemi í læknisfræði, sérstaklega skal þó stuðla að rannsóknum hjartasjúkdóma, leita aðferða við greiningu þeirra og ráða gegn þeim. Verja má 4/5 af árlegum tekjum sjóðsins eftir 1. jan. 1975 í þessu skyni, en afgangur lagður við höfuðstól, þegar rekstrarkostnaður sjóðsins hefur verið greiddur.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum þannig: Formanni Kvenfélagsins Hringsins, yfirlækni eða prófessor við Barnaspítala Hringsins ásamt prófessorum við lyfja- skurð- og röntgendeildir Landspítalans. Stjórnin kýs formann og ritara úr sínum hópi, og heldur fundargerðabók. Fundargerðir skulu undirritaðar í lok fundar. Fundur skal boðaður af formanni, sem ákveður fundarstað og fundartíma, en fundur er því aðeins lögmætur, að þrír af stjórnarmönnum séu mættir.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða.

Stjórnin skal leitast við, að ávaxta eignir sjóðsins á þann hátt, að rýrnun höfuðstóls verði sem minnst, t. d. með því að ávaxta hann í vísitölutryggðum skuldabréfum eða fasteignum.

5. gr.

Stjórnin ákveður hverjir hljóta styrk úr sjóðnum. Heimilt er að hafa samvinnu við stjórn Vísindasjóðs Landspítalans um úthlutun þeirrar upphæðar, er hún ákveður að til úthlutunar komi hverju sinni. Afl atkvæða ræður, bæði hvað varðar ráðstöfun eigna og styrkveitinga úr sjóðnum.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Kvenfélagsins Hringsins.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 166. 14. apríl 1975.

GJALDSKRÁ

um holræsi á Bíldudal.

1. gr.

Tengigjöld.

Fyrir hvert íbúðarhús kr. 10 000.00, en séu fleiri en ein íbúð í húsi, þá skal greiða kr. 7 500.00, fyrir hverja viðbótaríbúð. Af öðru húsnæði skal tengigjald vera kr. 20.00 pr. m^3.

2. gr.

Árlegt holræsagjald.

Árlegt holræsagjald skal vera 0.22% af fasteignamatsverði húsa eða einstakra íbúða, hámark 10.00, pr. m^3 íbúðar, lágmark íbúðarhús 8.00 kr., lágmark önnur hús 5.50 kr. Holræsagjald skal aldrei vera lægra en kr. 1 500.00.

Gjaldskrá þessa má hækka (eða lækka) um allt að 50%.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. apríl 1975.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 167. 14. apríl 1975.

REGLUGERÐ

um holræsi á Bíldudal.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsi. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsi.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi kauptúnsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast maður, sem hreppsnefnd felur það,

undir yfirumsjón hreppsnefndar. Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi þessara aðila og er mönnum skylt að hlýta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsisins og annað þess háttar, er máli skiptir í sambandi við það.

3. gr.

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í að greiða holræsagjald til hreppsins árlega, auk tengigjalds, við hverja tengingu.

4. gr.

Húseigendum ber að greiða holræsagjaldið og bera þeir einir ábyrgð á greiðslu þess. Holræsagjaldið má taka lögtaki og er það tryggt með lögveði í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjalddagi holræsagjaldsins er 15. janúar ár hvert.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. apríl 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

10. apríl 1975. Nr. 168.

SAMÞYKKT

um sorphreinsun á Akranesi.

1. gr.

Akranesbær annast sjálfur eða býður út alla sorphreinsun innan skipulagðra svæða bæjarfélagsins, samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar. Fer hún fram undir yfirstjórn bæjarstjórnar og með umsjón heilbrigðisnefndar Akraness.

2. gr.

Sérhverjum húseiganda er skylt að haga sorpgeymslu og sorphirðingu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar, fyrirmælum heilbrigðisnefndar, og samþykktum bæjarstjórnar Akraness.

3. gr.

Við hverja húseign skal vera sorpgeymsla, gerð fyrir sorppoka. Sorppokum skal koma fyrir í grind eða skáp, sem sveitarfélagið hefur samþykkt.

Húseigendum ber sjálfum að kosta uppsetningu og viðhald grinda og sorpskápa.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og allur aðgangur að þeim og frágangur þeirra í fullu samræmi við ákvæði byggingarsamþykktar Akraness grein 3.10.

4. gr.

Almenn sorphirða greiðist af bæjarsjóði. Þó skal notandi greiða árlegt gjald, er miðast við andvirði þeirra poka, er hann notar. Gjald þetta ákveðst árlega af bæjarstjórn og verður innheimt með fasteignagjöldum.

5. gr.

Í sorppoka má setja allt venjulegt heimilissorp, svo sem matarleifar, umbúðir, fatnað, blöð, pappír og úrgang frá lóðum, annað en mold, torf, grjót og stórar greinar.

Ekkert má setja í pokana, sem getur skemmt þá (t. d. óinnpökkuð glerbrot), eða sem er svo þungt, að hætt sé við að þeir rifni við flutning. Óheimilt er að setja eldfima vökva, s. s. olíu og bensín, í sorpílát, hvort sem er laust eða í umbúðum.

Gæta skal þess að fylla sorppoka ekki meira en svo, að auðveldlega megi loka þeim.

Sorphirðumönnum er heimilt að skilja eftir poka, sem eru fylltir um of, rifnir eða svo þungir að hætta sé á að þeir rifni.

6. gr.

Allt það sorp, er eigi verður látið í sorppoka eða sem hirða þarf örar en samþykkt þessi gerir ráð fyrir, skulu hlutaðeigendur annast um sjálfir, á eigin kostnað, sé ekki um annað samið.

Skylt er þeim að hlíta til fulls fyrirmælum bæjarstjórnar og heilbrigðisnefndar um umgengni og notkun sorphauga.

7. gr.

Sorphirða skal framkvæmd sem næst vikulega. Um stórhátíðir skal framkvæma aukahreinsun, eftir því sem við verður komið. Við hverja tæmingu skilja sorphirðumenn eftir nýjan poka í hverri grind. Aukapoka má fá keypta í verslunum eða Áhaldahúsi bæjarins. Sorphirðumenn mega ekki hnýsast í pokana eða fjarlægja úr þeim hluti.

8. gr.

Verslunar- og iðnaðarstaðir skulu hafa svo margar grindur sem heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegar. Sorphirðan tekur að sér að fjarlægja pappakassa, séu þeir margir saman og bundnir í hæfilega stór búnt.

Matstofum, kjöt- og fiskverslunum og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum starfsemi, er krefst tíðari sorphirðu að mati heilbrigðisnefndar, ber sjálfum að annast og kosta þá aukasorphirðu.

Sorphirða bæjarins getur þó tekið að sér slík verk gegn ákveðnu gjaldi.

9. gr.

Hverjum húseiganda er skylt að halda lóðum sínum og öðrum umráðasvæðum hreinum og fjarlægja þaðan allt, er veldur óþrifnaði og flytja það á sorphauga bæjarins.

Bannað er að urða olíuleifar og önnur efni, sem mengað geta jarðveg og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjóinn. Skal þeim eytt eða brennt á tryggilegan hátt eftir því sem kostur er á, og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna bæjarins.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 20 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

Með brot á samþykktinni skal fara að hætti opinberra mála.

11. gr.

Kvörtunum vegna sorphirðu skal koma skriflega til Bæjarskrifstofunnar, Kirkjubraut 8, eða til Áhaldahúss bæjarins.

12. gr.

Samþykkt þessi miðast við skipti á aðferð við sorphirðu frá sorptunnum í poka og skulu skipti fara fram í áföngum, samkvæmt nánari ákvörðun bæjarstjóra.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Akraness staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. apríl 1975.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Þórunn Klemenzdóttir.

23. apríl 1975. Nr. 169.

SAMÞYKKT

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss í Biskupstungum nr. 359 26. nóvember 1974.

3. gr. breytist þannig:

Tölubl. 1. Í stað orðanna: „48 000 sekl" komi: „68 000 sekl."

Tölul. 2. Fasteignagjöld:

a. Í stað orðanna „kr. 54.00 pr. rúmm. á ári" komi: kr. 76.00 pr. rúmm. á ári.

b. Í stað orðanna „kr. 36.00 pr. rúmm. á ári" komi: kr. 52.00 pr. rúmm. á ári.

Breyting þessi, sem samþykkt er af Stjórnarnefnd Laugarásshéraðs staðfestist hér með samkv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 23. apríl 1975.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar og samkvæmt heimild í 65. grein umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með ákveðið að bifreiðastöður skuli bannaðar á Digranesvegi norðanverðum á svæðinu milli Skólatraðar og brautar þeirrar, sem liggur frá Digranesvegi að Kópavogsskóla.

Ákvæði auglýsingar þessarar öðlast þegar gildi.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 25. apríl 1975.

Sigurgeir Jónsson.

Nr. 171. 28. febrúar 1975.

AUGLÝSING

um breytingu á verði lyfja samkvæmt Lyfjaverðskrá II, frá 1. febrúar 1975.

Frá og með 1. mars 1975 tekur gildi breyting á Lyfjaverðskrá II frá 1. febrúar 1975. Samkvæmt því hækkar útsöluverð lyfja eins og það er greint í skránni um 15½%. Heildsöluálagning verður 14% og smásöluálagning 59% frá sama tíma. Vinnugjöld verða óbreytt.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. febrúar 1975.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 172. 17. apríl 1975.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Allur akstur er bannaður í Austurstræti á milli Lækjargötu og Pósthússtrætis. Akstur með vörur að verslunum þar, verður þó leyfður á virkum dögum frá kl. 07.00 til kl. 11.00, á laugardögum þó aðeins frá kl. 07.00 til kl. 09.00. Á sömu tímum verður einnig heimilaður akstur bifreiða með merki fatlaðra. Hámarksöxulþungi bifreiða, sem notaðar eru við vöruflutninga að fyrirtækjum við Austurstræti, göngugötuna, verði 4 tonn.
2. Bannað verður að stöðva og leggja bifreiðum við Bankastræti að norðanverðu frá vesturgafli húss nr. 3 við Bankastræti að Lækjargötu.

Framangreindar reglur taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 17. apríl 1975.

Sigurjón Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Keflavíkurflugvöll.

1. **Lendingargjöld.**

1.1. Lendingargjald skal miða við leyfðan hámarksþunga flugvélarinnar (Aircraft Gross Weight) og reiknast brot úr tonni sem heilt tonn.

1.2. Í millilandaflugi skal fyrir hverja lendingu greiða lendingargjald sem hér segir:

kr. 659.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega allt að 14 tonnum.

— 542.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 15 til 29 tonn.

— 483.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 30 til 49 tonn.

— 454.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 50 tonn og þar yfir.

2. **Stæðisgjöld.**

2.1. Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst. en fyrir næstu 24 klst. eða brot þar af, skulu greidd stæðisgjöld sem hér segir:

2.2. Millilandaflug:

Vænghaf flugvélar		Leiga á sólarhring
Undir 12	m	kr. 240.00
12—18	—	— 480.00
18—24	—	— 705.00
24—30	—	— 950.00
yfir 30	—	— 1 050.00

3. **Önnur ákvæði.**

3.1. Heimilt er að fella niður gjöld sem hér segir:

3.1.1. Lendingar- og stæðisgjöld af flugvélum íslenska ríkisins og flugvélum sem það tekur á leigu.

3.1.2. Lendingar- og stæðisgjöld af flugvélum, sem eingöngu flytja erlenda þjóðhöfðingja eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og fylgdarlið þeirra.

3.1.3. Lendingargjöld af flugvélum í reynsluflugi að aflokinni viðgerð, enda sé viðkomandi flugvél í áætlunarflugi.

3.1.4. Lendingar- og stæðisgjöld af björgunarflugvélum.

3.1.5. Lendingargjöld af flugvélum, sem snúa við til flugvallarins vegna vélarbilunar eða slæmra veðurskilyrða, hafi ekki verið millilent á öðrum flugvelli.

3.1.6. Heimilt er að veita 50% afslátt af stæðisgjöldum fyrir þann tíma, sem er umfram sjö sólarhringa.

3.1.7. Að öðru leyti er flugvallarstjóra heimilt að fella niður lendingar- og stæðisgjöld, þegar sérstaklega stendur á.

3.2. Lendingar- og stæðisgjöld skulu staðgreiðast. Þó skal flugvallarstjóra heimilt að veita allt að 60 daga greiðslufrest, sé sérstaklega um það samið.

3.3. Framangreind lendingar- og stæðisgjöld skulu breytast í samræmi við gengisbreytingar krónunnar, þannig að gjöldin hækki eða lækki í hlutfalli við slíkar breytingar.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, til þess að öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir flugvöllinn frá 24. ágúst 1973.

Utanríkisráðuneytið, 21. apríl 1975.

Einar Ágústsson.

Páll Ásg. Tryggvason.

Nr. 174. 11. apríl 1975.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, er hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 39.84 hverja kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 19.04 hverja kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 5 171.00 á ári fyrir allt að 25 m^2 gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, kr. 97.00 fyrir hvern m^2 umfram 25 m^2. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 49.00 á m^2 á ári.

Séu notaðir flúrskinslampar, natriumlampar eða kvikasilfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásum, er heimilt að miða orkugjald skv. 1. og 2. tölulið við kílóvoltamperstundir í stað kílówattstunda.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 8.65 hverja kWst. og auk þess fastagjald kr. 890.00 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélanotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 19.04 hverja kWst.
2. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 5 kW. Aflgjald skv. kW-mæli á kr. 9 430.00 hvert árs-kW. Auk þess skal greitt orkugjald skv. kWst.-mæli á kr. 3.40 hverja kWst. Minnsta aflgjald er kr. 47 150.00 á ári. Verði raunstuðullinn lægri en 0,8 er heimilt að miða aflgjaldið við 90% af mestu kVA-notkun í stað mestu kW-notkunar.

D. Hitun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 6.60 hverja kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 8.85 hverja kWst.

3. Um kWst.-mæli á kr. 2.37 hverja kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar.
4. Um kWst.-mæli á kr. 3.11 hverja kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar.
5. Um kWst.-mæli á kr. 1.24 hverja kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.
6. Um kWst.-mæli á kr. 1.62 hverja kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, þegar þess er krafist.
d) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
e) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, þegar þess er krafist og skal þá tekið fram, við hvaða minnsta útihita hitaþörfin er miðuð.

E. Stórnotkun.

1. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkunin minnst 200 kW.
Aflgjald: kr. 17 186.00 hvert árs-kW.
Orkugjald: kr. 1.92 hverja kWst.
Sala skv. þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
2. Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur:
Um kWst.-mæli á kr. 20.91 hverja kWst.
3. Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu: Kr. 54 700.00 hvert árskílówatt, þótt mælitækjum verði ekki við komið, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað eða viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði samkv. tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
4. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. Mælaleiga.

1. Af einfasa mælum kr. 47.00 á mánuði.
2. Af þrífasa mælum til og með 100 A, kr. 112.00 á mánuði.
3. Af þrífasa mælum yfir 100 A, kr. 186.00 á mánuði.
4. Af mestumælum kr. 286.00 á mánuði.
5. Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.

II. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu: Fari lengd jarðlínuheimtaugar fram úr 15 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Jarðlína Lágmark Kr.	Jarðlína Yfirlengd Kr./m	Loftlína Lágmark Kr.	Loftlína Yfirlengd Kr./stólpa
	220 V kerfi			
63 A 1-fasa	30 900	1 730	23 400	22 700
100 A 1-fasa	37 400	2 060	29 600	28 400
63 A 3-fasa	38 500	2 060	29 600	28 400
100 A 3-fasa	48 800	2 340	33 600	35 400
125 A 3-fasa	59 800	2 620	42 100	37 100
200 A 3-fasa	93 300	3 550	66 600	42 400
300 A 3-fasa	134 600	4 330		

Málstraumur stofnvara	Jarðlína Lágmark Kr.	Jarðlína Yfirlengd Kr./m	Loftlína Lágmark Kr.	Loftlína Yfirlengd Kr./stólpa
	380 V kerfi			
63 A 1-fasa	30 900	1 730	26 500	22 700
63 A 2-fasa	37 400	1 730	29 600	26 500
63 A 3-fasa	52 300	2 060	40 200	28 400
100 A 3-fasa	82 700	2 340	59 800	35 400
125 A 3-fasa	103 300	2 620	72 600	37 100
200 A 3-fasa	161 900	3 550	114 600	42 400
300 A 3-fasa	233 300	4 330		

Fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að að þurfa dreifistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi kr. 1 221 á hvert kVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 425, 500 og 630 A. Yfirlengdargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.

Lengd jarðlínuheimtaugar, 63—200 A í 220 V kerfi og 63—125 A í 380 V kerfi heiknast frá varkassa stystu greiðfæra leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug af ofangreindum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa. Þveri jarðlínuheimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með. — Lengd stærri jarðlínuheimtaugar, en að ofan greinir, reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Yfirlengdin reiknast sem yfirlengd jarðlínu skv. töflu, þótt heimtaugin sé tekin frá loftlínu. Lengd loftlínuheimtaugar, 63—100 A í 220 og 380 V kerfi, reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu stystu greiðfæra leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi en 40 m, svo að hún nái löglegri hæð, skal greitt umframgjald kr. 12 500.00 fyrir stólpann. Séu tvær eða fleiri heimtaugar sameiginlegar að hluta er rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga. Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina skv. kostnaði, en gera honum viðvart um það fyrir fram.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin eða ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðlínuheimtaug, vegna breytinga á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, Bessastaðahrepps og hluta Garðahrepps.

III. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar fyrir veituna hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 800.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 800.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar. Sé opnað utan venjulegs vinnutíma, er þó heimilt að krefjast opnunargjalds samkv. kostnaði.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Rafveitunefnd er heimilt að breyta hitatöxtum rafmagns til samræmingar við nágrannaveiturnar.

Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 48% af þeirri hækkun.

Fyrir full 5% sem kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga á grunnkaupi eða kaupgjaldsvísitölu eftir 1. febrúar 1973, er rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá þessa um 4%. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild, að til komi sérstakt samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Söluskattur 18%, 1% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðarhitunar og 13% verðjöfnunargjald, samtals 33%, eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema á töxtum D. 1, D. 3 og D.5.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 15. apríl 1975, sbr. auglýsingu nr. 67 11. apríl 1975.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis ásamt breytingum á henni.

Iðnaðarráðuneytið, 11. apríl 1975.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI
GILDISSVIÐ

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

II. KAFLI
Heimtaugargjöld.

2. gr.

2.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

2.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

2.3 Aðalheimtaugar.

Heimtaugargjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu.

Málstraumur/málraun		Stofngjald kr.	Lengdargjald[1] kr./m
63A	1-fasa	57 810	Innifalið
63A	3-fasa	62 390	—
100A	—	74 170	—
200A	—	119 540	—
315A	—	249 130	—
300kVA	—	348 170	Samkv. kostnaði
500kVA	—	581 160	—
800kVA	—	929 340	—

2.4 Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugargjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu.

Málstraumur		Stofngjald	Lengdargjald 1) 2)	
			Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./staur
63A	1-fasa	10 250	1 520	19 300
63A	3-fasa	14 390	1 520	22 460
100A	—	15 270	1 960	25 740

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málstraum spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

---

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.
Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

2.5 Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

2.6 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafmagnsveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

2.7 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

3. gr.

Fellur niður.

4. gr.

Fellur niður.

5. gr.

Fellur niður.

III. KAFLI
Mælaleiga.

6. gr.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem notuð eru á hverjum stað í sambandi við sölu á raforku.

Ársleiga eftir mælitæki skal vera sem hér segir:

Tegund mælitækis:	Upp að 30 A kr.	35—50 A kr.	55—100 A kr.	Yfir 100 A kr.
Einfasa kwst-mælar, hemilmælar og lausar skiptiklukkur einar sér	270.00			
Þrífasa kwstmælar, þrífasa hemilmælar, einfasa frádráttarmælar, lausir	598.00	1 003.00	1 158.00	1 930.00
Tvígjaldsmælar, mestumælar	1 003.00	1 158.00	1 833.00	2 937.00

Rofar	Upp að 30 A kr.	35—50 A kr.	55—100 A kr.	Yfir 100 A kr.
1 × 10 A—2 × 30 A	1 505.00			
3 × 15 A—3 × 60 A	1 833.00			
3 × 100 A—3 × 350 A	4 438.00			

Ársleiga eftir önnur mælitækji skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Ekki skal greiða leigu eftir mæla, sem notaðir eru skv. 3. tl. 8. gr.

Leiga skal greidd samtímis gjaldi fyrir raforku.

IV. KAFLI
Sala raforku.

7. gr.

Verð á raforku til lýsingar skal ákveðið sem hér segir:

7.1 Kr. 34.27 hver kwst., sem seld er um kwst.-mæli.

7.2 Kr. 47 069.97 hvert árskw til útilýsingar, þótt mælitækjum verði ekki við komið, svo og raforku til götulýsingar, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað eða viðhaldskostnað að fullu, eftir ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

7.3 Kr. 9.08 hver kwst., sem seld er um kwst.-mæli. Auk þess ber þá að greiða fastagjald, er nemi kr. 4 706.99 á ári fyrir allt að 25 ferm. gólfflatarmáls rýmis þess, er lýsa skal, og kr. 145.31 fyrir hvern ferm. umfram 25 ferm. Fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með 3.5.

7.4 Kr. 9 752.46 hvert árskw. og öll notkun kr. 9.08 hver kwst., ef um meira en 2,5 kw-afl er að ræða og árlegur notkunartími meiri en 2000 klst. Verði aflmælingu skv. þessum lið ekki beitt, skal reikna fyrir hvern fermetra gólfflatarmáls 15 W á kr. 5 902.56 árskw. Sé notuð lýsing með flúorlömpum, er heimilt að miða gjald skv. 1.—4. tl. við VA í stað W.

8. gr.

Verð á raforku til almennrar heimilisnotkunar skal ákveðið sem hér segir:

8.1 Raforka til ljósa um sérmæli skal seld skv. 1. tl. 7. gr., en raforka til heimilisvéla um sérstakan mæli skal seld á kr. 8.53 hver kwst.

8.2 Heimilt er að selja raforku til notkunar á skrifstofum, verslunum og verkstæðum skv. lið 8.1.

8.3 Kr. 8.48 hver kwst., sem seld er um kwst.-mæli. Lágmarksgjald kr. 424.00 á ársfjórðungi.

8.4 Kr. 7.43 hver kwst., sem seld er um sérmæli til suðunotkunar í veitingahúsum, gistihúsum og öðrum slíkum stöðum.

8.5 Kr. 7.43 hver kwst., sem seld er til súgþurrkunar á heyi.

8.6 Kr. 25 423.02 hvert árskw, sem selt er um hemilmæli og auk þess kr. 6.95 hver kwst. fyrir umframnotkun. Hemilstilling skal vera minnst 500 W, að viðbættum 100 W fyrir hvert íbúðarherbergi umfram tvö.

8.7 Kr. 25 423.02 hvert árskw, sem selt er um hemilmæli til notkunar í skrifstofum, verslunum og verkstæðum. Umframnotkun skal seld á kr. 6.95 og hemilstilling miðuð við 500 W fyrir fyrstu 25 ferm. gólfflatar eða minna, og síðan 100 W fyrir hverja 12 ferm. eða minna. Beita skal 3. tl. 7. gr. við ákvörðun gjaldsins. Ef óskað er hærri hemilstillingar en um getur í þessum tölulið, skal gjaldið vera kr. 47 069.97 hvert árskw.

8.8 Kr. 6.44 hver kwst., þegar orkan er seld sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum fyrir börn og elliheimilum. Taxti þessi tekur ekki til starfsmannabústaða þeirra, sem eru utan aðalbygginga viðkomandi stofnunar.

9. gr.

Verð á raforku til vélarekstrar skal ákveðið sem hér segir:

9.1 Kr. 17.10 hver kwst., sem seld er um kwst.-mæli.

9.2 Kr. 3 421.43 hvert uppsett árskw og öll notkun kr. 6.68 hver kwst.

9.3 Ef raforkan er seld um mestu-mæla fyrir mesta notað afl, skal greiða fyrir notkun sem hér segir:
Kr. 5 731.26 á árskw.
Auk þess skal greiða kr. 2.92 fyrir hverja kwst.

9.4 18 567.05 fyrir hvert árskw, sem selt er um heimilmæli, og kr. 9.08 hver kwst. sem umfram er. Rafmagnsveitan ákveður stillingu hemilmælis hverju sinni. Raforku til hitunar í iðnaði má selja skv. þessum lið.

9.5 Kr. 18.02 fyrir hverja kwst., sem seld er til vinnuvéla, vinnuljósa og annarra nota við húsbyggingar, meðan á framkvæmdum stendur.

10. gr.

Verð á raforku til hitunar skal ákveðið sem hér segir:

10.1 Kr. 3.59 hver kwst., seld um kwst.-mæli, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kwst. á ári.

10.2 Kr. 2.18 hver kwst. (án söluskatts), sem seld er um kwst.-mæli, ef straumur er rofinn allt að tveim klst., tvisvar á dag.

10.3 Heimilt er að selja raforku til heimilisnota á kr. 2.36 hverja kwst. (án söluskatts), en þá skal fastagjald vera kr. 7 137.43 á ári fyrir eins herbergis íbúð og kr. 3 280.83 að auki fyrir hvert herbergi, sem þar er fram yfir, allt að kr. 20 274.30 á ári.

10.4 Kr. 3.12 hver kwst. fyrir notkun til hitunar á neysluvatni, stóra kæliklefa og fyrir vatnsdælur í íbúðarhúsum.

10.5 Kr. 1.58 hver kwst. (án söluskatts), sem seld er um kwst.-mæli, ef straumur er rofinn með klukkurofa í tvær klst. tvisvar á dag.

10.6 Kr. 1.00 hver kwst. (án söluskatts), sem seld er um kwst.-mæli, ef straumurinn er rofinn með klukkurofa kl. 9—21, enda séu fyrir hendi nægilega stórir hitageymar til dagsnotkunar. Þegar um er að ræða hitun á húsrými, sem er stærra en 2000 rúmmetrar, eða aðra hliðstæða notkun á afli, er heimilt að láta raforku í té á tímanum kl. 12.30—15.30.

10.7 Kr. 1.75 hver kwst., sem seld er um tvígjaldsmæla á tímabilinu kl. 22:00—9:00 og kr. 7.43 hver kwst., sem seld er á tímabilinu kl. 9:00—22:00.

11. gr.

Rafmagnsveitan má, með samþykki borgarráðs, selja raforku eftir sérstökum samningi.

Heimilt er að setja sérstök skilyrði um raforkusölu til ígripanotkunar fleiri en eins aðila um sama mæli, svo sem um hafnarskápa, og annars staðar, þar sem þess er talin þörf, þar með talið að krefjast fyrirframgreiðslu og tengigjalds. Rafmagnsveitunni er heimilt að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá þeim notendum, sem kaupa orku samkv. aflgjaldskrá.

12. gr.

Borgarstjórn ákveður gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu.

13. gr.

Rafmagnsveitu Reykjavíkur er heimilt að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar samkvæmt hlutfallsgrundvelli, sem fæst úr síðasta ársreikningi Rafmagnsveitunnar, enda sé grundvöllurinn lagður fyrir stjórnarnefnd veitustofnana borgarinnar til staðfestingar. Ef fyrirhuguð gjaldskrárhækkun nemur meira en 20% skal leita staðfestingar ráðherra.

Þættir þeir, sem tekið skal tillit til eru: orkukaup, verðjöfnunargjald, kostnaður vegna launa, vélakostnaður, efnis og vaxtagjalda. Gjaldskrárbreytingar samkvæmt framansögðu er heimilt að framkvæma allt að tvisvar á ári. Fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar skulu tilkynntar Orkustofnun, áður en þær taka gildi.

Telji Borgarstjórn Reykjavíkur nauðsyn á, að ráðstafanir séu gerðar til að draga úr rafmagnsnotkun, er henni m. a. heimilt að hækka rafmagnsverðið á notkun umfram meðalnotkun á hverjum gjaldskrárlið allt að 10-földu verði. Í útreikningi meðalnotkunar skal tekið tillit til orku- og aflþarfar.

14. gr.

Verð á orku um hvern mæli reiknist í heilum krónum, þannig að færri aurum en 50 sé sleppt, en ella sé upphæðin hækkuð upp í næstu heila krónu.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.

Nú er notuð heimild til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda með greiðslu gjalda, skv. gjaldskrá þessari, og skal þá taka gjald, kr. 780.00 fyrir að setja straum á að nýju.

16. gr.

Ef í ljós kemur við skoðun, að notuð eru óleyfileg vör eða of stór, skal loka veitunni tafarlaust, og er ekki heimilt að opna hana að nýju, fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 780.00, til Rafmagnsveitunnar.

17. gr.

Skilyrði fyrir sölu raforku til hitunar skv. 10. gr. eru þau, að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsstjóra, notandi kosti tengingu klukkurofa og búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafmagnsstjóra.

18. gr.

Í útreikningi á fjölda herbergja í íbúð skal aðeins telja stofur og svefnherbergi o. þ. h., en ekki eldhús. Herbergi minna en 5 m^2 skal telja sem hálft, en þar sem herbergjastærð fer fram úr 25 m^2 skal reikna hverja byrjaða 25 m^2 sem eitt herbergi. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m^2 má reikna með þeirri meðalstærð. Þegar heildartala herbergja hefur verið reiknuð samkvæmt þessu skal hún hækkuð upp í næstu heila tölu, ef stendur á hálfu.

19. gr.

Söluskattur 17%, 1% viðlagasjóðsgjald og 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðahitunar eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

20. gr.

Verðjöfnunargjald, 13% samkvæmt lögum um verðjöfnunargjald af raforku er innifalið í gjöldum þeim, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

21. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir gjaldendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

22. gr.

Gjaldskrá þessa skal endurskoða í heild eigi síðar en að fimm árum liðnum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi skv. heimild í auglýsingu nr. 3 13. janúar 1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 262 17. september 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 23. janúar 1975.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI
GILDISSVIÐ

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

II. KAFLI
Heimtaugargjöld.

2. gr.

2.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

2.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

2.3 Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu.

Málstraumur		Stofngjald kr.	Lengdargjald[1] kr./m
63A	1-fasa	66 320	Innifalið
63A	3-fasa	71 580	—
100A	—	85 090	—
200A	—	137 150	—
315A	—	285 830	—
300kVA	—	399 460	Samkv. kostnaði
500kVA	—	666 770	—
800kVA	—	1 066 230	—

2.4 Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugargjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu.

Málstraumur		Stofngjald	Lengdargjald 1) 2)	
			Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./staur
63A	1-fasa	11 760	1 750	22 150
63A	3-fasa	16 510	1 750	25 760
100A	—	17 510	2 250	29 530

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

---

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.
Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

2.5 Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

2.6 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafmagnsveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

2.7 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

3. gr.

Fellur niður.

4. gr.

Fellur niður.

5. gr.

Fellur niður.

III. KAFLI
Mælaleiga.

6. gr.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem notuð eru á hverjum stað í sambandi við sölu á raforku.

Ársleiga eftir mælitæki skal vera sem hér segir:

Tegund mælitækis:	Upp að 30 A kr.	35—50 A kr.	55—100 A kr.	Yfir 100 A kr.
Einfasa kwst-mælar, hemilmælar og lausar skiptiklukkur einar sér	312.00			
Þrífasa kwstmælar, þrífasa hemilmælar, einfasa frádráttarmælar, lausir	692.00	1 160.00	1 338.00	2 231.00
Tvígjaldsmælar, mestumælar	1 160.00	1 338.00	2 119.00	3 391.00

Rofar	Upp að 30 A kr.	35—50 A kr.	55—100 A kr.	Yfir 100 A kr.
1 × 10 A—2 × 30 A	1 740.00			
3 × 15 A—3 × 60 A	2 119.00			
3 × 100 A—3 × 350 A	5 131.00			

Ársleiga eftir önnur mælitæki skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Ekki skal greiða leigu eftir mæla, sem notaðir eru skv. 3. tl. 8. gr.

Leiga skal greidd samtímis gjaldi fyrir raforku.

IV. KAFLI
Sala raforku.

7. gr.

Verð á raforku til lýsingar skal ákveðið sem hér segir:

7.1 Kr. 39.62 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli.

7.2 Kr. 54 412.49 hvert árskW til útilýsingar, þótt mælitækjum verði ekki við komið, svo og raforku til götulýsingar, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað eða viðhaldskostnað að fullu, eftir ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

7.3 Kr. 10.50 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli. Auk þess ber þá að greiða fastagjald, er nemi kr. 5 441.24 á ári fyrir allt að 25 ferm. gólfflatarmáls rýmis þess, er lýsa skal, og kr. 167.97 fyrir hvern ferm. umfram 25 ferm. Fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með 3.5.

7.4 Kr. 11 273.76 hvert árskW, og öll notkun kr. 10.50 hver kWst., ef um meira en 2,5 kW-afl er að ræða og árlegur notkunartími meiri en 2000 klst. Verði aflmælingu skv. þessum lið ekki beitt, skal reikna fyrir hvern fermetra gólfflatarmáls 15W á kr. 6 823.31 árskW. Sé notuð lýsing með flúrlömpum, er heimilt að miða gjald skv. 1.—4. tl. við VA í stað W.

8. gr.

Verð á raforku til almennrar heimilisnotkunar skal ákveðið sem hér segir:

8.1 Raforka til ljósa um sérmæli skal seld skv. 1. tl. 7. gr., en raforka til heimilisvéla um sérstakan mæli skal seld á kr. 9.87 hver kWst.

8.2 Heimilt er að selja raforku til notkunar á skrifstofum, verslunum og verkstæðum skv. lið 8.1.

8.3 Kr. 9.81 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli. Lágmarksgjald kr. 490.50 á ársfjórðungi.

8.4 Kr. 8.59 hver kWst., sem seld er um sérmæli til suðunotkunar í veitingahúsum, gistihúsum og öðrum slíkum stöðum.

8.5 Kr. 8.59 hver kWst., sem seld er til súgþurrkunar á heyi.

8.6 Kr. 29 388.80 hvert árskW, sem selt er um hemilmæli og auk þess kr. 8.04 hver kwst. fyrir umframnotkun. Hemilstilling skal vera minnst 500 W, að viðbættum 100 W fyrir hvert íbúðarherbergi umfram tvö.

8.7 Kr. 29 388.80 hvert árskW, sem selt er um hemilmæli til notkunar í skrifstofum, verslunum og verkstæðum. Umframnotkun skal seld á kr. 8.04 og hemilstilling miðuð við 500 W fyrir fyrstu 25 ferm. gólfflatar eða minna, og síðan 100 W fyrir hverja 12 ferm. eða minna. Beita skal 3. tl. 7. gr. við ákvörðun gjaldsins. Ef óskað er hærri hemilstillingar en um getur í þessum tölulið, skal gjaldið vera kr. 54 412.49 hvert árskW.

8.8 Kr. 7.44 hver kWst., þegar orkan er seld sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum fyrir börn og elliheimilum. Taxti þessi tekur ekki til starfsmannabústaða þeirra, sem eru utan aðalbygginga viðkomandi stofnunar.

9. gr.

Verð á raforku til vélarekstrar skal ákveðið sem hér segir:

9.1 Kr. 19.77 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli.

9.2 Kr. 3 955.15 hvert uppsett árskW og öll notkun kr. 7.72 hver kWst.

9.3 Ef raforka er seld um mestu-mæla fyrir mesta notað afl, skal greiða fyrir notkun sem hér segir:
Kr. 6 625.29 á árskW.
Auk þess skal greiða kr. 3.38 fyrir hverja kWst.

9.4 Kr. 21 463.36 fyrir hvert árskW, sem selt er um hemilmæli, og kr. 10.50 hver kWst., sem umfram er. Rafmagnsveitan ákveður stillingu hemilmælis hverju sinni. Raforku til hitunar í iðnaði má selja skv. þessum lið.

9.5 Kr. 20.83 fyrir hverja kWst., sem seld er til vinnuvéla, vinnuljósa og annarra nota við húsbyggingar, meðan á framkvæmdum stendur.

10. gr.

Verð á raforku til hitunar skal ákveðið sem hér segir:

10.1 Kr. 4.16 hver kWst., seld um kWst.-mæli, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.

10.2 Kr. 2.51 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst.-mæli, ef straumur er rofinn allt að tveim klst., tvisvar á dag.
10.3 Heimilt er að selja raforku til heimilisnota á kr. 2.71 hverja kWst. (án söluskatts), en þá skal fastagjald vera kr. 8 250.81 á ári fyrir eins herbergis íbúð og kr. 3 792.61 að auki fyrir hvert herbergi, sem þar er fram yfir, allt að kr. 23 436.91 á ári.
10.4 Kr.3.60 hver kWst fyrir notkun til hitunar á neysluvatni, stóra kæliklefa og fyrir vatnsdælur í íbúðarhúsum.
10.5 Kr. 1.81 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst.-mæli, ef straumur er rofinn með klukkurofa í tvær klst. tvisvar á dag.
10.6 Kr. 1.14 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst.-mæli, ef straumurinn er rofinn með klukkurofa kl. 9—21, enda séu fyrir hendi nægilega stórir hitageymar til dagsnotkunar. Þegar um er að ræða hitun á húsrými, sem er stærra en 2000 rúmmetrar, eða aðra hliðstæða notkun á afli, er heimilt að láta raforku í té á tímanum kl. 12.30—15.30.
10.7 Kr. 2.03 hver kWst., sem seld er um tvígjaldsmæla á tímabilinu kl. 22:00—9:00 og kr. 8.59 hver kWst., sem seld er á tímabilinu kr. 9:00—22:00.

11. gr.

Rafmagnsveitan má, með samþykki borgarráðs, selja raforku eftir sérstökum samningi.

Heimilt er að setja sérstök skilyrði um raforkusölu til ígripanotkunar fleiri en eins aðila um sama mæli, svo sem um hafnarskápa, og annars staðar, þar sem þess er talin þörf, þar með talið að krefjast fyrirframgreiðslu og tengigjalds. Rafmagnsveitunni er heimilt að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá þeim notendum, sem kaupa orku samkv. aflgjaldskrá.

12. gr.

Borgarstjórn ákveður gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu.

13. gr.

Rafmagnsveitu Reykjavíkur er heimilt að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar samkvæmt hlutfallsgrundvelli, sem fæst úr síðasta ársreikningi Rafmagnsveitunnar, enda sé grundvöllurinn lagður fyrir stjórnarnefnd veitustofnana borgarinnar til staðfestingar. Ef fyrirhuguð gjaldskrárhækkun nemur meira en 20% skal leita staðfestingar ráðherra.

Þættir þeir, sem tekið skal tillit til eru: orkukaup, verðjöfnunargjald, kostnaður vegna launa, vélakostnaður, efnis og vaxtagjalda. Gjaldskrárbreytingar samkvæmt framansögðu er heimilt að framkvæma allt að tvisvar á ári. Fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar skulu tilkynntar Orkustofnun, áður en þær taka gildi.

Telji Borgarstjórn Reykjavíkur nauðsyn á, að ráðstafanir séu gerðar til að draga úr rafmagnsnotkun, er henni m. a. heimilt að hækka rafmagnsverðið á notkun umfram meðalnotkun á hverjum gjaldskrárlið allt að 10-földu verði. Í útreikningi meðalnotkunar skal tekið tillit til orku- og aflþarfar.

14. gr.

Verð á orku um hvern mæli reiknist í heilum krónum, þannig að færri aurum en 50 sé sleppt, en ella sé upphæðin hækkuð upp í næstu heila krónu.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.

Nú er notuð heimild til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda með greiðslu gjalda, skv. gjaldskrá þessari, og skal þá taka gjald, kr. 780.00 fyrir að setja straum á að nýju.

16. gr.

Ef í ljós kemur við skoðun, að notuð eru óleyfileg vör eða of stór, skal loka veitunni tafarlaust, og er ekki heimilt að opna hana að nýju, fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 780.00, til Rafmagnsveitunnar.

17. gr.

Skilyrði fyrir sölu raforku til hitunar skv. 10. gr. eru þau, að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsstjóra, notandi kosti tengingu klukkurofa og búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafmagnsstjóra.

18. gr.

Í útreikningi á fjölda herbergja í íbúð skal aðeins telja stofur og svefnherbergi o. þ. h., en ekki eldhús. Herbergi minna en 5 m^2 skal telja sem hálft, en þar sem herbergjastærð fer fram úr 25 m^2 skal reikna hverja byrjaða 25 m^2 sem eitt herbergi. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m^2 má reikna með þeirri meðalstærð. Þegar heildartala herbergja hefur verið reiknuð samkvæmt þessu skal hún hækkuð upp í næstu heila tölu, ef stendur á hálfu.

19. gr.

Söluskattur 17%, 2% viðlagasjóðsgjald og 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðahitunar eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

20. gr.

Verðjöfnunargjald, 13% samkvæmt lögum um verðjöfnunargjald af raforku, er innifalið í gjöldum þeim, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

21. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir gjaldendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

22. gr.

Gjaldskrá þessa skal endurskoða í heild eigi síðar en að fimm árum liðnum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 15. apríl 1975 sbr. auglýsingu nr. 67 11. apríl 1975. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur ásamt breytingum á henni.

Iðnaðarráðuneytið, 11. apríl 1975.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hrísey, nr. 9 9. janúar 1973.

1. gr.

26. grein orðist þannig:

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

2. gr.

Greinar nr. 26—47 falla niður og breytist röð eftirfarandi greina í samræmi við það.

3. gr.

1. setning 2. málsgreinar 48. greinar, sem verður 27. grein, orðist þannig: Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 25. apríl 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 178. 25. apríl 1975.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Hríseyjar.

I. KAFLI

Um hafnargjöld í Hríseyjarhöfn.

1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttó-stærð skipanna, eins og hún er mest, skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Lestagjöld.

2. gr.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 6.00 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 3.00 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 6.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 400.00 á brúttórúmlest þó aldrei minna en kr. 2000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Bryggjugjöld.

3. gr.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 3.00 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 324.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Hafnsögugjald.

4. gr.

Hvert það skip sem fær hafnsögumann til leiðsögu inn á höfnina eða frá henni, um höfnina eða milli hafnarmannvirkja, skal greiða hafnsögugjald.

5. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 1200.00 fyrir hvert skip, auk kr. 3.00 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
b. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c. Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 250.00 í hafnsögusjóð.

Vörugjöld.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til annarrar hafnar og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft vörugjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara áfram með sama skipi, enda sé það ákveðið í farmskrá, greiðist ekkert vörugjald.

8. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
b. Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
c. Innlend mjólk og rjómi, sem flutt er til hafnarinnar.
d. Póstur og venjulegur farþegaflutningur.

9. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum, og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir skipið kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

10. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðast eins og þar segir.

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 110.00/tonn:

Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni (meira en 100 t.) svo sem bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, sement laust og sekkjað, vikur, sekkjaður áburður, sekkjuð kornvara.

2. fl.: Gjald kr. 230.00/tonn:

Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, ósunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingavörur, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir.

3. fl.: Gjald kr. 640.00/tonn:

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður.
b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
c. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

4. fl.: Gjald kr. 64.00 fyrir hvern rúmmeter:

Vörur flokkaðar eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%:

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 50.00.

Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

11. gr.

Fyrir að leggja vöru á land hafnarinnar, skal greiða kr. 2.00 fyrir hvern fermetra, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burtu innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hvern sólarhring. Sama gjald skal greiða fyrir tæki og áhöld hvers konar, sem einstaklingar eiga og láta eða vilja láta standa á landi hafnarinnar. Gjald fyrir slík tæki, sem og mikið vörumagn, má ákveða með samningi við hafnarnefnd.

12. gr.

Gjald fyrir lóðir, geymsluhús eða tæki, sem leigð eru einstaklingum eða félögum, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða samkvæmt samningi.

Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir gjöld þau, sem hér eru fram talin, skal greidd samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

II. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

13. gr.

Skrifstofa hafnarinnar sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin þar.

14. gr.

Skipstjóri eða formaður báts ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda.

Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna, svo og annarra gjalda, er skipinu ber að greiða. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi, uns gjöldin eru að fullu greidd.

Þar sem ekki eru í gjaldskrá þessari ákveðnir fastir gjalddagar, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

15. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar gengið hefur verið frá farmskrá.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum eða andvirði þeirra uns gjaldið er greitt.

16. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b, tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Dráttarvextir 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð reiknast 2 mánuðum eftir gjalddaga.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 25. apríl 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 179. 25. apríl 1975.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Siglufjarðarkaupstað. nr. 111, 10. ágúst 1956.

1. gr.

Yfirskrift VII. kafla orðist þannig:

Um gjöld til hafnarinnar.

2. gr.

22. gr. orðist þannig: Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

3. gr.

3. mgr. 15. gr. og greinar nr. 23—36 falla niður og breytist töluröð eftirfarandi greina og kafla í samræmi við það.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 25. apríl 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 180. 25. apríl 1975.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Siglufjarðarkaupstaðar.

I. KAFLI

Um hafnargjöld í Siglufjarðarhöfn.

1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

um breytingu á reglugerð nr. 78 1. apríl 1974 um jöfnun flutningskostnaðar á sementi.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi nær til eftirtalinna verslunarstaða, sem jafnframt eru tollhafnir:

Reykjavík	Neskaupstaður
Akranes	Eskifjörður
Ísafjörður	Vestmannaeyjar
Siglufjörður	Keflavík
Akureyri	Keflavíkurflugvöllur
Húsavík	Hafnarfjörður
Seyðisfjörður	

Auk þess nær jöfnun flutningskostnaðar á sementi til eftirtalinna verslunarstaða:

Borgarnes	Hrísey
Rifshöfn	Svalbarðseyri
Ólafsvík	Grenivík
Grundarfjörður	Grímsey
Stykkishólmur	Kópasker
Búðardalur	Raufarhöfn
Króksfjarðarnes	Þórshöfn
Patreksfjörður	Vopnafjörður
Tálknafjörður	Bakkafjörður
Bíldudalur	Borgarfjörður eystri
Þingeyri	Egilsstaðir
Flateyri	Reyðarfjörður
Suðureyri	Fáskrúðsfjörður
Bolungarvík	Stöðvarfjörður
Súðavík	Breiðdalsvík
Norðurfjörður	Djúpivogur
Hólmavík	Höfn í Hornafirði
Borðeyri	Kirkjubæjarklaustur
Hvammstangi	Vík í Mýrdal
Blönduós	Hella
Skagaströnd	Hvolsvöllur
Sauðárkrókur	Selfoss
Hofsós	Þorlákshöfn
Ólafsfjörður	Grindavík
Dalvík	

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 62 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 30. apríl 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Yngvi Ólafsson.

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald pr. hvert tonn af sementi skuli vera kr. 1 150 frá 15. maí 1975, þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna, og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 15. maí 1975.

F. h. r.
Yngvi Ólafsson.

Gylfi Knudsen.

6. maí 1975. Nr. 204.

AUGLÝSING

um merkingu unninna kjötvara sem seldar eru í smásölu.

1. gr.

Skylt er að merkja allar unnar kjötvörur sem seldar eru í smásölu í neytendaumbúðum hér á landi. Auglýsing þessi tekur þó ekki til niðursoðinna kjötvara.

2. gr.

Á eða í umbúðum vörunnar skulu vera greinilegar upplýsingar á íslensku, sem lesa má án þess að rjúfa umbúðir, (vörumerkingarseðill), um eftirtalin atriði:

a) Heiti vörunnar og framleiðsluhátt.
b) Samsetningu vörunnar, ef um samsetta vöru er að ræða, svo og aukefni. Æskilegt er að tilgreina næringargildi.
c) Geymsluaðferð og meðferð fyrir neyslu.
d) Nettóþyngd innihalds og eftir atvikum einingarfjölda.
e) Einingarverð og söluverð vörunnar.
f) Nafn og heimilisfang framleiðanda vörunnar og/eða þess aðila sem búið hefur um vöruna.
g) Pökkunardag vörunnar. Tilgreina skal síðasta söludag sé þess nokkur kostur.

3. gr.

Um merkingar vara á grundvelli auglýsingar þessarar og aðra framkvæmd fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga nr. 24 frá 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, og ákvæðum reglugerðar nr. 284 frá 19. september 1973, um merkingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara sem seldar eru í smásölu.

4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með heimild í 6. gr. laga nr. 24 frá 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, og 1. gr. reglugerðar nr. 284 frá 19. september 1973, um merkingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara sem seldar eru í smásölu, öðlast gildi hinn 1. júní 1976.

Viðskiptaráðuneytið, 6. maí 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Gylfi Knudsen.

Nr. 205. 2. maí 1975.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Austur-Skaftafellssýslu, nr. 76 17. mars 1969.

1. gr.

67. gr. orðist svo:

Ökuhraða bifreiða skal ávallt stilla svo, að komist verði hjá slysum og þannig, að umferð um götuna sé ekki trufluð, og má ökuhraði aldrei vera meiri en 45 km. á klukkustund. Þar sem bifreiðarstjóri sér skammt frá sér, í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem vegur er sleipur og þar sem mikil umferð er, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo að ekki slettist á aðra vegfarendur, gangstéttir eða byggingar.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935 um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. maí 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Stjórnartíðindi B 19, nr. 200—205. Útgáfudagur 23. maí 1975.

STJÓRNARTÍÐINDI B 20 — 1975

23. maí 1975. 397 Nr. 206.

AUGLÝSING

um niðurfellingu söluskatts af nokkrum tegundum matvöru.

Fjármálaráðherra hefur ákveðið að nýta heimild í 22. gr. laga nr. 11 frá 28. apríl 1975 til að fella niður söluskatt frá og með 1. maí 1975 af vörum, sem falla undir eftirfarandi tollskrárnúmer, sbr. lög nr. 6/1974 um tollskrá og fleira:

Tollskrárnúmer	Vöruheiti
07.01.20	Tómatar
07.01.31	Laukur
07.01.39	Annað nýtt grænmeti
08.01.10	Bananar, nýir
08.01.30	Ýmsir ávextir, nýir
08.02.10	Appelsínur, tangarínur, mandarínur og klementínur
08.02.21	Sítrónur
08.02.29	Aðrir citrusávextir
08.03.10	Fíkjur, nýjar
08.04.10	Vínber, ný
08.05.00	Hnetur, nýjar
08.06.10	Epli
08.06.20	Perur og kveður
08.07.00	Steinaldin, ný
08.08.00	Ber, ný
08.09.01	Melónur
08.09.09	Aðrir nýir ávextir
09.01.11	Kaffi í smásöluumbúðum
09.01.12	Kaffi í öðrum umbúðum
09.02.00	Te
18.05.01	Kakaoduft, ósykrað í smásöluumbúðum
18.05.09	Kakaoduft, ósykrað í öðrum umbúðum
18.06.01	Kakaoduft, sykrað
19.07.00	Brauð, skonrok og aðrar algengar brauðvörur án viðbætts sykurs, hunangs, eggja, feiti, osts eða ávaxta
19 08.00	Kökur, kex og aðrar iburðarmeiri brauðvörur, einnig með kakaoi enda innihaldi vörur þessar minna en 20% af þunga af súkkulaði.
21.02.10	Kaffiextraktar, kaffikjarnar, kaffiseyði, og vörur úr þessum efnum
21.02.20	Extraktar, kjarnar og seyði úr tei eða mate og vörur úr þessum efnum.

Niðurfelling söluskatts tekur jafnt til innlendrar framleiðslu er félli undir ofangreind tollskrárnúmer sem innflutnings.

Undanþágur skv. auglýsingu þessari taka þó ekki til sölu þessara vara í veitingahúsum, greiðasölustöðum, smurbrauðsstofum og öðrum hliðstæðum sölustöðum

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

né heldur til sölu vara, sem unnar eru úr þessum vörum. Sælgæti eða súkkulaðikex, sem yfirleitt er selt í stykkjatali, er ekki heldur undanþegið, þótt súkkulaðiinnihald þess sé undir framangreindum mörkum.

Smásöluverslanir, sem selja bæði söluskattfrjálsar og söluskattskyldar vörur skulu halda innkaupum á skattfrjálsum og skattskyldum vörum aðgreindum í bókhaldi eins og nánar er ákveðið í reglugerð fjármálaráðuneytisins 30. apríl 1975 um það efni. Þær verslanir, sem eiga birgðir af áður nefndum vörum í byrjun maímánaðar 1975 og njóta vilja frádráttar frá heildarveltu vegna þeirra við söluskattsuppgjör fyrir þann mánuð, skulu senda skattstjóra birgðaskrá með söluskattskýrslu fyrir maímánuð.

Þeir aðilar, sem selja söluskattfrjálsar vörur til endurseljenda skulu halda þeirri sölu aðgreindri frá annarri sölu á sölureikningum.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 145 frá 30. apríl 1975 og auglýsingar um breyting á auglýsingu nr. 145 frá 30. apríl 1975.

Fjármálaráðuneytið, 23. maí 1975.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Þorsteinn Geirsson.

Nr. 207. 23. maí 1975.

AUGLÝSING

um niðurfellingu tolla af ýmsum lyfjum.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að beita heimild í 21. gr. laga nr. 11 28. apríl 1975 og fella niður tolla af eftirtöldum lyfjum:

A. Lyfjum sem falla undir tollskrárnúmer 30.01.00 og 30.02.00.
B. Sérlyfjum sem skráð eru á sérlyfjaskrá.
C. Óskráðum sérlyfjum sem falla undir tollskrárnúmer 30.03.09 og flutt eru til landsins með heimild heilbrigðisyfirvalda skv. 3. mgr. 54. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963.

2. gr.

Lyf fær því aðeins tollmeðferð samkvæmt framanskráðu, að við tollafgreiðslu liggi fyrir staðfesting Lyfjaeftirlits ríkisins með áritun á vörureikning, að um lyf upptalið í A, B eða C-lið 1. gr. sé að ræða.

3. gr.

Auglýsing þessi birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 23. maí 1975.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.

Stjórnartíðindi B 20, nr. 206—207. Útgáfudagur 26. maí 1975.

STJÓRNARTÍÐINDI B 21 — 1975

27. maí 1975. 399 Nr. 208.

REGLUGERÐ

um launajöfnunarbætur.

1. gr.

Á tímabilinu 1. október 1974 til 31. maí 1975 og þar til heildarsamtök aðila vinnumarkaðanna hafa samið um annað, skulu launagreiðendur greiða launajöfnunarbætur í stað almennrar verðlagsuppbótar á laun umfram þá verðlagsuppbót, sem svarar til kaupgreiðsluvísitölu 106.18 stig, sem hér segir:

A) Laun lægri en 50 000 kr.

Á laun, sem eru lægri en 50 000 krónur á mánuði fyrir fulla dagvinnu, miðað við kaupgreiðsluvísitölu 106.18 stig greiðast 3 500 króna bætur á mánuði til þeirra, sem skila fullum dagvinnutíma, en hlutfallslega lægra til annarra.

Mánaðarlaun 50 000 kr. samsvara 11 538 kr. vikukaupi $\left(\frac{\text{mánaðarkaup} \times 12}{52}\right)$ og 288.50 kr. tímakaupi $\left(\frac{\text{mánaðarkaup}}{173.33}\right)$.

Viku- og mánaðarkaup er reiknað í heilum krónum, en tímakaup í tugum aura.

3 500 kr. bætur á mánuði samsvara þannig 808 kr. bótum á viku og 20.20 kr. bótum á klst.

Eftirfarandi dæmi sýna kaupbreytingar skv. lögunum og er miðað við vísitölu 106.18. Í svigum eru tilgreind grunnlaun skv. vísitölu 100.

Kaup í sept. 1974		(grunnlaun)	+ launajöfnunarbót	Kaup í okt.—nóv.
50 000	á mánuði	(47 089.85)	+ 3 500	= 53 500
45 000	— —	(42 380.86)	+ 3 500	= 48 500
11.538	— viku	(10 866.45)	+ 808	= 12 346
10.393	— —	(9 788.10)	+ 808	= 11 201
288.50	— klst.	(271.71)	+ 20.20	= 308.70
259.60	— —	(244.49)	+ 20.20	= 279.80

B) Laun 50 000—53 000 kr.

Á laun á bilinu 50 000 til 53 500 krónur fyrir fulla dagvinnu, miðað við kaupgreiðsluvísitölu 106.18 stig greiðast 3 500 króna bætur á mánuði að frádreginni þeirri fjárhæð, sem kauptaxtinn er hærri en 50 000 krónur á mánuði, til þeirra, sem skila fullum dagvinnutíma, en hlutfallslega lægri til annarra.

Í framangreindu felst, að mánaðarlaun á bilinu kr. 50 000 til kr. 53 500 verða öll kr. 53 500. Á sama hátt verður vikukaup á bilinu kr. 11 538 til kr. 12 346 allt kr. 12 346 og tímakaup á bilinu kr. 288.50 til kr. 308.70 allt kr. 308.70.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

C) Bætur á yfirvinnukaup.

Bætur á yfirvinnukaup greiðast hlutfallslega þannig, að gildandi tengsl yfirvinnu- og dagvinnukauptaxta haldist.

Öll ákvæði kaup- og kjarasamninga um deilitölur og prósentutölur við útreikning yfirvinnukaups skulu haldast, en miðað verði við launaupphæðir eftir að launajöfnunarbætur hafa verið reiknaðar.

D) Grunnkaupsbreytingar.

Grunnkaupshækkanir, sem verða á gildistíma reglugerðar þessarar og umsamdar voru með kjarasamningum stéttarfélaga fyrir 1. okt. 1974 skulu ekki valda missi launajöfnunarbóta. Eftir 3% grunnkaupshækkun 1. des. 1974 skv. samningi mundi kaup reiknast þannig:

Grunnkaup $\times$ 1.03 $\times$ 1.0618 + launajöfnunarbætur = kaup í desember.

Miðað við, að grunnkaupsþáttur launa í dæmum þeim, sem getið er í A-lið taki 3% hækkun frá og með 1. desember 1974, verða laun í desember 1974 til maíloka 1975 eftirfarandi (sbr. þó 6. gr. reglugerðar þessarar):

Gunnlaun til 30.11.1974	Grunnlaun frá 01.12.1974	Laun með verðlags-uppb. 6.18%	Launa-jöfnunar-bætur	Laun frá 01.12.1974
47 089.85	48 502 55	51 500.00	3 500.00	55 000.00
42 380.86	43 652.29	46 350.00	3 500.00	49 850.00
10 866.45	11 192.44	11 884.00	808.00	12 692.00
9 788.10	10 081.74	10 705.00	808.00	11 513.00
271.71	279.86	297.20	20.20	317.40
244.49	251.82	267.40	20.20	287.60

Af þessu leiðir, að mánaðarlaun þannig breytt á bilinu kr. 51 500 til kr. 55 000 verða öll kr. 55 000. Á sama hátt verður vikukaup á bilinu kr. 11 884 til kr. 12 692 allt kr. 12 692 og tímakaup á bilinu kr. 297.20 til kr. 317.40 allt kr. 317.40.

Grunnkaupshækkanir, sem heildarsamtök launþega hafa samið um eða öðlast eftir 1. mars 1975 skulu ekki valda missi launajöfnunarbóta.

2. gr.

Hugtökin „full dagvinna“, „regluleg dagvinna“ og „yfirvinnutími“ skal í hverju einstöku tilviki skilgreina skv. ákvæðum gildandi kaup- og kjarasamnings stéttarfélags viðkomandi starfsmanns og vinnuveitanda.

A) Afleiddir kauptaxtar (hlutfallstaxtar).

Þegar ákvarða skal, hvort greiða skuli launajöfnunarbætur á kauptaxta, sem er hlutfall af öðrum hærri eða lægri kauptaxta (grunntaxta) skal meta hinn afleidda kauptaxta sem sjálfstæðan, þótt áður umsamið hlutfall raskist. Þess skal gætt, að afleiddi taxtinn sé reiknaður af grunntaxtanum án launajöfnunarbóta.

Dæmi: Mánaðarkaup.

a) Grunntaxti kr. 50 000 verður kr. 53 500 með launajöfnunarbót.
80% hlutfallstaxti er kr. 40 000 og verður kr. 43 500 með launajöfnunarbót.

b) Grunntaxti kr. 60 000 verður óbreyttur kr. 60 000.
80% hlutfallstaxti er kr. 48 000 og verður kr. 51 500 með launajöfnunarbót.

c) Grunntaxti kr. 50 000 verður kr. 53 500 með launajöfnunarbót.
120% hlutfallstaxti er kr. 60 000 og verður óbreyttur kr. 60 000.

B) Álög og kaupaukar.

Með taxta skal telja hvers konar álög og kaupauka, sem ekki svara með beinum og ótvíræðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna.

a) Sem dæmi um álög, er leggja skal við kaupið áður en til álita kemur, hvort greiða skuli launajöfnunarbætur eru: aldurshækkanir, starfsþjálfunarhækkun, löggildingarálag, námskeiðsálag, verkstjóraálag, flokksstjóraálag, óþrifaálag, yfirborgun, viðgerða- og breytingaálag, þungaálag, tengivagnaálag, hæðarálag, erfðisálag, mótortillegg, kælitillegg, talstöðvartillegg, olíutillegg, fjarverutillegg. Upptalning þessi er ekki tæmandi heldur aðeins leiðbeinandi.

b) Sem dæmi um greiðslur (kaupauka), sem geta svarað með beinum og ótvíræðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna og teljast þá ekki til taxta, þegar skoðað er, hvort greiða skuli launajöfnunarbætur, eru t. d.: verkfærapeningar, flutningapeningar, fæðispeningar, fatapeningar, fataþvottapeningar.

Þetta gildir þó aðeins að því marki sem greiðslur þessar eru endurgreiðsla á raunverulega útlögðum kostnaði viðkomandi launþega eða greiðsla fyrir yfirvinnu (t. d. vegna flutninga utan umsamins vinnutíma).

Launajöfnunarbætur valda ekki hækkun á framangreindum álögum í krónutölu, enda er reikningsgrundvöllur óbreyttur. Á þetta bæði við a)- og b)-liði hér að framan.

C) Vaktaálag og taxti.

Vaktaálag skal ekki teljast með taxta nema að því leyti sem það kann að vera hærra en svarar til yfirvinnu-, næturvinnu- og helgidagaálags.

Dæmi:

a) Vaktavinna er unnin á tímabilinu kl. 0800 — kl. 2400 mánudaga—föstudaga og vaktir ganga til. Þetta reiknast sem 40 stundir í dagvinnu, 10 stundir í eftirvinnu og 30 stundir í næturvinnu.

$$\text{Meðalálag á vinnustund er } \frac{40 \times 1 + 10 \times 1.4 + 30 \times 1.8}{80} = 1.35$$

Einungis sá hluti vaktaálags, sem væri hærri en 35% við þessa vinnutímaskiptingu skal teljast með kauptaxta fyrir reglulega dagvinnu áður en til álita kemur, hvort á hann skuli reikna launjöfnunarbætur.

3. gr.

Þegar metin er hæð mánaðarlauna fyrir fulla dagvinnu skv. ákvæðisvinnutöxtum til ákvörðunar launajöfnunarbóta skal m. a. taka tillit til þess vinnuálags, sem fylgja kann ákvæðisvinnu.

A) Launajöfnunarbætur í ákvæðisvinnu.

Skv. framanskráðu skal meta hverja klst., sem unnin er í ákvæðisvinnu sem 1.2 klst. þannig að 173.3 klst. í ákvæðisvinnu teljast jafngilda 208 klst. (207.96) í tímavinnu.

Launajöfnunarbætur til ákvæðisvinnufólks skal því aðeins greiða, að mánaðartekjur miðað við fulla dagvinnu deilt með 1.2 séu lægri en kr. 53 500.

Launaupphæðir (mánaðar-, viku- og tímakaup) í 1. gr. reglugerðar þessarar margfaldaðar með 1.2 geta gilt um ákvæðisvinnufólk, þegar meta skal rétt þess til launajöfnunarbóta.

Launajöfnunarbætur til ákvæðisvinnufólks skulu gerðar upp mánaðarlega eftir á á grundvelli vinnutíma og tekna í liðnum mánuði.

Þrátt fyrir framangreinda meginreglu um mánaðarlegt uppgjör eftir á er heimilt að miða uppgjör launajöfnunarbóta til ákvæðisvinnufólks við annað tímabil en mánuð, t. d. viku eða verkþátt, ef öðru verður ekki komið við.

Launajöfnunarbætur á greiðslu (uppgjör) fyrir ákvæðisvinnu koma ekki til greina nema vinnutímaskýrslur liggi til grundvallar, samþykktar af verkkaupa eða umboðsmanni hans.

Launajöfnunarbætur skal aldrei taka inn í reiknitölur ákvæðisverka eða kauptaxta ákvæðisvinnufólks.

B) Umreiknað kaup ákvæðisvinnufólks.

Þegar finna á dagvinnutímakaup ákvæðisvinnufólks, sem unnið hefur í dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu á liðnu tímabili skal nota eftirfarandi reglu og er þá miðað við, að eftirvinnuálag sé 40% og nætur- og helgidagaálag sé 80% en sé álagið annað breytast margfelditölur formúlunnar til samræmis við það:

$$\frac{L}{(DS \times 1 + ES \times 1.4 + NHS \times 1.8) \times 1.2} = DK$$

Í sviganum er sýnt, hvernig breyta skuli heildarvinnutíma í dagvinnueiningar.

L = launatekjur á útreikningstímabili.
DS = dagvinnustundir.
ES = eftirvinnustundir.
NHS = nætur- og/eða helgidagavinnustundir.
DK = dagvinnutímakaup.

Launajöfnunarbætur eru sú krónutala, sem DK er lægra en kr. 308.70 margfölduð með fjölda dagvinnueininga útreikningstímabilsins. Launajöfnunarbætur mega þó ekki vera hærri en kr. 20.20 á dagvinnueiningu, sbr. ákvæði D-liðar 1. gr. um grunnkaupshækkun.

Dæmi:

a) Maður hefur unnið í ákvæðisvinnu eina viku og haft kr. 25 000 í laun. Hann hefur unnið 40 klst. í dagvinnu, 10 stundir í eftirvinnu og 10 stundir í nætur- og/eða helgidagavinnu.
Launajöfnunarbætur reiknast þannig:

$$\frac{25\,000}{(40 \times 1 + 10 \times 1.4 + 10 \times 1.8) \times 1.2} = \text{kr. } 289.40$$

308.70 — 289.40 = kr. 19.30 launajöfnunarbætur á klst.

Heildarlaunajöfnunarbætur á viku: 19.30 × 72 = kr. 1 389.60. (72 er heildarvinnutími umreiknaður í dagvinnueiningar).

b) Maður hefur unnið í ákvæðisvinnu í eina viku og haft kr. 20 000 í laun. Hann hefur unnið 40 klst. í dagvinnu og 10 klst. í eftirvinnu. Launajöfnunarbætur eru:

$$\frac{20\,000}{(40 \times 1 + 10 \times 1.4 + 0 \times 1.8) \times 1.2} = 308.60$$

308.70 — 308.60 = 0.10 launajöfnunarbætur á klst. Heildarlaunajöfnunarbætur eru: 0.10 × 54 = 5.40.

c) Maður hefur unnið í ákvæðisvinnu í eina viku og haft kr. 18 000 í laun. Hann hefur unnið í 40 klst. í dagvinnu og 10 klst. í eftirvinnu. Launajöfnunarbætur eru:

$$\frac{18\,000}{(40 \times 1 + 10 \times 1.4 + 0 \times 1.8) \times 1.2} = \text{kr. } 277.80$$

308.70 — 277.80 = kr. 30.90. Launajöfnunarbætur eru þó aðeins kr. 20.20 á klst. (hámark bóta í dagvinnueiningu) × 54 = 1 090.80. (54 er heildarvinnutími umreiknaður í dagvinnueiningar).

4. gr.
Vaktaálag.

Vaktaálög haldist óbreytt að hundraðshluta skv. gildandi samningum, sbr. þó C-lið 2. gr. reglugerðar þessarar.

Neðra þrep vaktaálags í samningum opinberra starfsmanna hækki í sama hlutfalli og yfirvinnukaup í lægsta launaflokki.

5. gr.
A) Kauptrygging á fiskiskipum.

Á kauptryggingu sjómanna á fiskiskipum skal greiða launajöfnunarbætur eins og á almenn mánaðarlaun þó þannig að hækka skal launamörkin kr. 50 000 og kr. 53 500 um 35%. Greiðast því launajöfnunarbætur að fjárhæð kr. 4 725 á kauptryggingu, sem er lægri en kr. 67 500, en kauptrygging á bilinu kr. 67 500 til kr. 72 225 verður að viðbættum launajöfnunarbótum kr. 72 225.

B) Launajöfnunarbætur til sjómanna á togurum yfir 500 brúttórúmlestir.

Þegar ákvarða skal launajöfnunarbætur til sjómanna á togurum þessum skal nota eftirfarandi reglu til að finna hæð mánaðarlauna fyrir fulla dagvinnu:

Deila skal í heildarmánaðarkaupið (fastakaup + aflahlut + álag sbr. 2. gr.) með 1.8.

Ef mánaðarlaun þannig umreiknuð eru lægri en kr. 50 000 skal reikna á þau fullar launajöfnunarbætur kr. 3 500.

Á mánaðarlaun skv. framansögðu, sem eru á bilinu kr. 50 000 til 53 500 greiðist kr. 3 500 bætur á mánuði að frádreginni þeirri fjárhæð, sem launin eru hærri en kr. 50 000.

Ef mánaðarlaun skv. framansögðu eru kr. 53 500 eða hærri skal ekki reikna á þau launajöfnunarbætur.

Heimilt er að nota annað viðmiðunartímabil en mánuð, sé það talið nauðsynlegt.

C) Launajöfnunarbætur til farmanna.

Þegar ákvarða skal launajöfnunarbætur til farmanna skal nota eftirfarandi reglu til að finna hæð mánaðarlauna fyrir fulla dagvinnu: Deila skal í mánaðarkaupið að viðbættum álögum (sbr. 2. gr.) með 1.1. Ef mánaðarlaun þannig fengin eru kr. 50 000 eða lægri skal reikna á þau fullar launajöfnunarbætur kr. 3 500. Ef mánaðarlaun skv. framansögðu eru kr. 53 500 eða hærri skal ekki reikna á þau launajöfnunarbætur.

Mánaðarlaun skv. framansögðu, sem eru á bilinu kr. 50 000 til kr. 53 500 verða að viðbættum launajöfnunarbótum kr. 53 500.

6. gr.

Þar sem ekki er annars getið í reglugerð þessari eru launatölur miðaðar við kaupgreiðsluvísitölu 106.18.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum í 2. gr. laga nr. 13/1975 og hefur sama gildistíma og lögin.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum nema þyngri viðurlög séu ákveðin með öðrum lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari fara að hætti opinberra mála.

Forsætisráðuneytið, 27. maí 1975.

Geir Hallgrímsson.

Björn Bjarnason.

Nr. 209. 27. maí 1975.

REGLUGERÐ

um ákvörðun og innheimtu sérstaks verðálags á búvöru.

1. gr.

Við verðlagningu búvöru frá 1. desember 1974, samkvæmt II. kafla framleiðsluráðslaga nr. 101/1966, skal hækka verð á mjólk, kindakjöti, nautakjöti og kartöflum sem því svarar, að launaliður verðlagsgrundvallar búvöru hækki um 5.5%. Hækkun þessi miðast við launalið verðlagsgrundvallar eins og hann varð við haustverðlagningu 1974, og hún skal haldast til 31. maí 1975, og þar til annað verður ákveðið.

Verðhækkun sú, er um ræðir í fyrri málsgr., er ákveðin til þess að standa straum af greiðslu launajöfnunarbóta til tekjulágra bænda, sbr. ákvæði 3. og 4. gr. laga nr. 13 23. maí 1975, um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga verðlagsmál o. fl.

2. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar verðálag það, er um ræðir í 1. gr., að höfðu samráði við Sexmannanefnd.

3. gr.

Verðálag það, er um ræðir í 1. gr., kemur fram í hækkuðu heilsöluverði og útsöluverði á mjólk og mjólkurvörum, kindakjöti, nautgripakjöti og kartöflum, eftir gildandi starfsreglum Sexmannanefndar, sbr. og II. kafla laga nr. 101/1966.

Verðhækkun þessi skal ekki hafa áhrif á ákvörðun vinnslu- og dreifingarkostnaðar á umræddum vörum, né á krónuupphæð smásöluálagningar.

4. gr.

Aðilar, sem dreifa umræddum vörum í heildsölu, skulu greiða andvirði verðálagsins jafnóðum til Framleiðsluráðs landbúnaðarins, eftir nánari ákvörðun þess. Þessir aðilar eru og skyldir til að láta í té söluskýrslur og hvers konar aðrar upplýsingar, sem með þarf í þessu sambandi að dómi Framleiðsluráðs.

Framleiðsluráði er heimilt að draga gjaldfallið verðálag frá niðurgreiðslufé, sem sama söluaðila ber, og það jafnt þótt verðálag sé vegna búvöru, sem ekki er greidd niður af ríkissjóði.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til aðila, sem framleiða mjólk og selja hana beint til neytenda.

5. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins gerir reikningsskil um tekjur af verðálagi samkvæmt 1. gr. og um ráðstöfun þeirra. Reikningsskil þessi skulu endurskoðuð af endurskoðendum Framleiðsluráðs.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 13 23. maí 1975, um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl., og hún öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 27. maí 1975.

Geir Hallgrímsson.

Björn Bjarnason.

27. maí 1975. Nr. 210.

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með botn- og flotvörpu umhverfis Kolbeinsey.

1. gr.

Frá og með 28. maí 1975 eru veiðar með botnvörpu og flotvörpu bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi innan markalínu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá Kolbeinsey (67°08'8 n.br., og 18°40'6 v.lg.).

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkv. ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni eða samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni svo og samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. maí 1975.

Gunnar Thoroddsen.

Jón L. Arnalds.

GJALDSKRÁ

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hvergerðis nr. 306 9. október 1974.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. **Fastagjöld:**

1. Gróðurhús, 100 m² og stærri, kr. 1 700.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 700.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. **Vatnsgjöld:**

1. Gróðurhús kr. 190.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 530.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr gjaldskrárinnar orðist svo:
Heimæðagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:
Hús allt að 300 m³ kr. 70 000.00.
Hús 300—2000 m³ kr. 70 000.00 fyrir 300 m³ og kr. 52.00 hvern m³ þar yfir.
Hús stærri en 2000 m³ kr. 160 000.00 fyrir 2000 m³ og kr. 44.00 hver m³ þar yfir.
Stofngjald fyrir hvern aukahemil á sama inntaki er kr. 8 500.00.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Gjöld samkvæmt þessari reglugerð miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. mars 1975. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta gjöldunum í samræmi við þær breytingar, sem verða kunna á vísitölunni.
Heimild til hækkunar skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 13. maí 1975.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 212. 6. maí 1975.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Ólafsvíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 6. maí 1975 staðfest aðalskipulagsuppdrátt fyrir Ólafsvík.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Ólafsvíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 6. maí 1975.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Stjórnartíðindi B 21, nr. 208—212. Útgáfudagur 28. maí 1975.

STJÓRNARTÍÐINDI B 22 — 1975

REGLUGERÐ

um rekstrarkostnað grunnskóla.

1. gr.

Ríki og sveitarfélög greiða rekstrarkostnað skóla á grunnskólastigi samkvæmt því, sem segir í lögum nr. 63/1974, um grunnskóla, sbr. l. nr. 49/1967, um skólakostnað, og eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð þessari.

2. gr.

Reki sveitarfélög með samþykki menntamálaráðuneytisins skóla á gagnfræðastigi samkvæmt skilgreiningu eldri laga og/eða forskóla fyrir 5—6 ára börn undir sömu stjórn og grunnskóla (7—16 ára) skiptist og greiðist rekstrarkostnaður eftir sambærilegum reglum.

3. gr.

Ríkissjóður greiðir mánaðarlega beint til aðila: Föst mánaðarlaun fræðslustjóra, skólastjóra, kennara og annars skólastarfsfólks sem menntamálaráðuneytið ræður, setur eða skipar og sem tekur föst mánaðarlaun.

Ríkissjóður greiðir beint til aðila:

a. Laun stjórnskipaðra prófdómenda við samræmd lokapróf grunnskóla og önnur samræmd próf sem menntamálaráðuneytið leggur skólum til skv. 58. gr. grunnskólalaga, svo og laun stjórnskipaðra trúnaðarmanna við samræmd könnunarpróf skv. 61. gr. sömu laga, hvort tveggja að úrskurðuðum reikningum.
b. Greiðslur til skólastjóra vegna ákvæða 4. mgr. 11. gr. kjarasamnings B.S.R.B. frá 15. des. 1973 og sambærilegar greiðslur, sem leiða af beinum samningum ríkissjóðs við stéttarfélög skólastjóra og kennara.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið og landshlutasamtök sveitarfélaga stofna fræðsluskrifstofur og standa sameiginlega að rekstri þeirra.

Af rekstrarkostnaði fræðsluskrifstofu greiðir ríkissjóður:

a. Laun fræðslustjóra samkvæmt kjarasamningum á hverjum tíma.
b. Helming af viðhaldi húsa og húsaleigu fyrir fræðsluskrifstofur, enda hafi leigan verið samþykkt af menntamálaráðuneytinu fyrirfram.
c. Helming af ferðakostnaði fræðslustjóra í embættiserindum samkvæmt reglum, sem menntamálaráðuneytið setur.
d. Árlegt framlag, er að hámarki miðast við nemendafjölda í grunnskólum umdæmisins, þannig að á fyrstu 2200 nemendur koma 1.4 stundir á nemanda og 0.4 stundir á nemanda eftir það. Við greiðslu úr ríkissjóði skal hver stund greidd með dagvinnukaupi í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi. Framlag þetta er háð a. m. k. jafnháu framlagi þeirra landshlutasamtaka, sem í hlut eiga.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

5. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum mánaðarlega eftir á með milligöngu viðkomandi fræðsluskrifstofu áætlaðan endurkræfan launakostnað vegna kennslu og annarra starfa, sem ekki eru greidd mánaðarlega fyrirfram.

Greiðslur þessar eru miðaðar við rekstraráætlun fyrir viðkomandi skólaár, gerðar fyrir lok fyrra skólaárs, enda hafi hún hlotið samþykki fræðslustjóra, sveitarstjórna, er hlut eiga að máli, og menntamálaráðuneytisins.

Gerð þessarar rekstraráætlunar skal lokið svo tímanlega (sbr. þó 7. gr.) að menntamálaráðuneytið geti gert fjárlagatillögur vegna næsta almanaksárs innan þeirra tímamarka er fjárlagatillögum eru sett. Greiðslur þessar breytast til samræmis við breytingu á launatöxtum.

Greiðsluuppgjör vegna launakostnaðar með viðbótargreiðslum til sveitarfélaga eða endurkröfu ríkissjóðs vegna ofgreiðslna skulu fara fram eftir hver áramót með heildaruppgjöri samkvæmt 6. gr.

6. gr.

Heildaruppgjör milli sveitarfélaga og ríkissjóðs fer fram um hver áramót fyrir undangengið almanaksár, sbr. þó 28. gr.

Hið síðasta 30 dögum eftir fullnægjandi skil, að dómi menntamálaráðuneytisins, skal uppgjör fara fram með lokagreiðslu úr ríkissjóði eða bókfærslu inneignar ríkissjóðs hinn 31. desember ár hvert.

Við greiðslur upp í áætlaðan kostnað næsta almanaksárs skal taka tillit til hinnar bókfærðu inneignar ríkissjóðs.

7. gr.

Í síðasta lagi þrem vikum áður en kennsla hefst að hausti skal skólastjóri og skólanefnd endurskoða áður gerða áætlun um rekstrarkostnað skóla og áætlaða kostnaðarskiptingu milli sveitarfélags og ríkis. Komi í ljós við þá endurskoðun, að forsendur áætlunarinnar hafi breyst að verulegu leyti af öðrum ástæðum en launa- og verðlagsbreytingum, svo sem breytingum á áætluðum nemendafjölda, skipulagi skóla o. s. frv., er skólastjórn og skólanefnd skylt að endursemja áætlunina og leggja fyrir fræðslustjóra til afgreiðslu hið fyrsta.

Ennfremur skal sveitarstjórn, eða skólanefnd í umboði hennar, í síðasta lagi þrem vikum áður en skóli tekur til starfa, ganga frá endanlegri skipulagningu skólaaksturs, samningum við akstursaðila og annarri skipulagningu vegna fjarlægðarkostnaðar og leggja fyrir fræðslustjóra til afgreiðslu hið fyrsta.

8. gr.

Kennarastundir, sem ríkissjóður greiðir eða endurgreiðir og falla undir hámarksákvæði 9. gr., ráðast af eftirfarandi:

a)	Forskóli	fyrir	5	og	6	ára	nemendur	15 stundir
	1. bekkur	—			7	—	—	22 —
	2. —	—			8	—	—	24 —
	3. —	—			9	—	—	27 —
	4. —	—			10	—	—	32 —
	5. —	—			11	—	—	34 —
	6. —	—			12	—	—	35 —
	7. —	—			13	—	—	37 —
	8. —	—			14	—	—	37 —
	9. —	—			15	—	—	37 —

að viðbættum þeim kennarastundafjölda sem leiðir af skiptingu bekkjardeilda í verklegri kennslu í skyldunámsgreinum svo sem handmenntum. Skal fjöldi í þeim námshópum að jafnaði eigi minni en 12 nemendur og má fjölgun

kennarastunda af þessum ástæðum vera allt að 3 stundir á hverja bekkjardeild nemenda á 3.—9. námsári.

Af framangreindum stundafjölda ber einungis að telja þær stundir sem eru í samræmi við þá námsskrá, sem menntamálaráðuneytið gefur út eða ákveðnar eru samkvæmt sérstökum heimildum þess.

b) Nemendafjöldi í bekkjardeildum 1.—6. bekkjar er sem hér segir:

Sé 4 yngstu aldursárgöngum kennt saman, allt að 12 nemendur í deild.
Sé 3 aldursárgöngum kennt saman, allt að 17 nemendur í deild.
Sé 2 aldursárgöngum kennt saman, allt að 22 nemendur í deild.

Fræðslustjóri getur aukið nemendafjölda um allt að fjóra í deild umfram framangreint.

Sé tveimur eða fleiri aldursárgöngum kennt saman í deild skal hámarksstundafjöldi miðast við elsta viðkomandi árgang, sbr. framangreinda töflu.

Séu bekkjardeildir skipaðar einum árgangi, skal meðalfjöldi nemenda í bekkjardeildum að frátöldum hjálparbekkjum vera allt að 28.

c) Hjálparkennsla í hjálparbekkjum eða stuðningskennsla einstaklingsbundin eða í hópum, samkvæmt áætlun sem metin hefur verið og samþykkt af fræðslustjóra.

d) Leiðsögn við hópnám í bókasafni, allt að 1 stund á viku á hverja 30 nemendur á 5.—9. námsári, enda sé um að ræða reglubundna starfsemi umfram kennslu skv. a-lið.

e) Sé víxlkennsla viðhöfð, er heimilt að fjölga nemendastundum um allt að 15% á viku frá ákvæðum a-liðar, en þó eigi umfram þá hlutfallslegu skerðingu skólatíma, sem af víxlkennslunni leiðir. Hlutfallslega skerðingu skal miða við 7 mánaða (28 kennsluvikna) árlegan kennslutíma fyrir 1.—3. bekk og 7½ mánaðar árlegan kennslutíma fyrir 4.—9. bekk.

f) Stundir til ráðstöfunar innan hámarks samkvæmt 10. gr.

9. gr.

Greiðsla eða endurgreiðsla ríkissjóðs á þeim kennslustundum, sem taldar eru í 8. gr., miðast við heildarstundafjölda (H), sem ákvarðast af fjölda nemenda samtímis í skóla og meðaltali nemendastunda í bekkjardeildum sem hér segir:

1. Fjöldi nemenda samtímis í skóla (NS) finnst þannig:
   Leggja skal saman margfeldin af fjölda nemenda í hverri bekkjardeild og kennsluvikum deildarinnar og deila í þá samtölu með kennsluvikum skólans. Sem kennsluvikur skal einungis telja raunverulegar starfsvikur, þ. e. án leyfa.
2. Meðaltal nemendastunda í bekkjardeildum (MS) finnst þannig:
   Leggja skal saman margfeldin af nemendastundum í hverri bekkjardeild og kennsluvikum deildarinnar. Í þá samtölu skal deila með samanlögðum kennsluviknafjölda allra bekkjardeilda.
3. Stundafjöldi skólahverfis (T) með hliðsjón af fjölda nemenda samtímis í skóla (NS), finnst samkvæmt eftirfarandi reglum:
   a) Allt að 20 nemendur: 3 stundir á nemanda.
   b) 21—100 nemendur: 20 stundir og að auki 2 stundir á nemanda.
   c) 101—350 nemendur: 60 stundir og að auki 1.6 stundir á nemanda.
   d) Fleiri en 350 nemendur: 130 stundir og að auki 1.4 stundir á nemanda.
4. Heildarstundafjöldi til viðmiðunar (H), sbr. fyrstu málsgrein, finnst sem margfeldi af T úr 3. lið og MS úr 2. lið deilt með 32.2 eða

$$H = \frac{T \cdot MS}{32.2}$$

Heildarstundafjöldinn (H) miðast við alla nemendur skólahverfisins að meðtöldum forskólanemendum. Sé útibú rekið frá aðalskóla skal þó kennslustundafjöldi þess reiknaður út sérstaklega.

10. gr.

Sé heildarfjöldi kennslustunda í grunnskóla samkvæmt liðum a—e í 8. gr. minni en hámarksstundafjöldi skv. 9. grein, má skólastjóri verja allt að 75% af mismuninum til aukinnar kennslu eða annarra þarfa skólans, þó ekki meira en 1% af hámarksstundafjölda.

Þar sem tveir eða fleiri grunnskólar eru í sama skólahverfi skal skólanefnd í samráði við skólastjóra ákveða skiptingu umframstunda.

11. gr.

Ríkissjóður greiðir auk kennarastunda sem tilgreindar eru í 9. gr. eftirfarandi kennslu:

a) Kennarastundir vegna skiptingar bekkjardeilda og hlutfallslegrar aukningar kennslustunda í verklegum greinum umfram 3 stundir á viku til jafnaðar í 3.—9. bekk skv. áætlun samþykktri af fræðslustjóra.
b) Kennslu vegna orlofs kennara.
c) Sjúkrakennslu skv. samþykki fræðslustjóra.
d) Forfallakennslu, sbr. reglur nr. 227/1958 um vottorðsskyldu kennara í veikindaforföllum.
e) Sundkennslu skv. námsskrá.
f) Allt að tveim kennarastundum á viku á hvern nemanda umfram ákvææði 9. gr. sem að mati tilkvaddra sérfræðinga fellur undir ákvæði c-, d- og e- liða 51. gr. laga nr. 63/1974, og stundar nám í sérskólum eða sérbekkjum eða almennum bekkjum innan grunnskólans. Kennslufyrirkomulag skal hafa hlotið samþykki viðkomandi fræðslustjóra. Sé að mati fræðslustjóra nauðsynlegt að halda uppi kennslu umfram þessi ákvæði úrskurðast greiðsluþátttaka ríkissjóðs hverju sinni.

12. gr.

Til stjórnunar grunnskóla greiðir ríkissjóður stundafjölda er miðast við allt að 7% af hámarksfjölda heildarstunda (H) skv. 9. grein, þó ekki minna en 5 stundir á viku.

Stundafjölda þessum skal ráðstafað á eftirfarandi hátt:

a. til lækkunar á kennsluskyldu skólastjóra skv. þeim reglum sem um hana gilda sbr. ákvæði kjarasamninga.
b. til lækkunar á kennsluskyldu yfirkennara samkvæmt reglum sem menntamálaráðuneytið setur.
c. til greiðslu á launum fyrir almenn skrifstofustörf í skólum.
d. til greiðslu á launum fyrir sameiginlega þjónustu í skólahverfum, þar sem fleiri en einn grunnskóli er starfandi. Um greiðslur þessar skal gert sérstakt samkomulag við menntamálaráðuneytið í hverju einu tilviki.

Nái stundafjöldi, sem varið er til lækkunar á kennsluskyldu á viku skv. lið a og b ekki viðmiðunarstundafjölda sbr. 1. málsgrein (7% af H) skal stundafjöldi sem á vantar virtur með dagvinnutímakaupi í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi, og leggur ríkissjóður allt að þeirri fjárhæð fram hverja viku á kennslumánuðum skólans (mán. = 4 vikur).

Lækkun kennsluskyldu skólastjóra vegna stjórnunar heimavistar er ekki hluti af ráðstöfunarstundum skv. þessari grein og fer þar um skv. kjarasamningum.

13. gr.

Ríkissjóður greiðir vegna starfa við bókasöfn og umsjónar með kennslugögnum sem samsvarar 6% af heildarstundafjölda (H) skv. 9. grein og skal hver slík klukkustund virt með dagvinnutímakaupi í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi. Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um störf í bókasafni og eftirlit með kennslugögnum. Séu skólasöfn og almenningsbókasöfn sameinuð skulu hlutaðeigandi aðilar gera samkomulag sín í milli um greiðsluhlutfall rekstrarkostnaðarins og sá samningur staðfestur af menntamálaráðuneytinu.

Að öðru leyti vísast til sérstakrar reglugerðar um skólasöfn.

Framangreind ákvæði koma til framkvæmda með þeim hætti að í stað 6% af hámarksstundafjöldanum komi 3% fyrir skólaárið 1975/76, en við bætist 0.5% á ári uns náð er 6% skólaárið 1981/82.

14. gr.

Til starfa að skipulögðu félagslífi nemenda á daglegum skólatíma eða utan hans greiðir ríkissjóður að hámarki á kennsluviku í hverju skólahverfi fjárhæð er miðast við:

a. 5 klukkustundir og að auki 3.7 klukkustundir fyrir hverja 100 nemendur í skólahverfinu, séu þeir samtals færri en 700. Fyrir brot úr hundraði greiðist sambærilegt hlutfall af 3.7 klst.
b. 4.4 klukkustundir á hverja 100 nemendur séu þeir samtals 700 eða fleiri. Um brot af hundraði fer sem í a-lið.

Hver stund skal virt með dagvinnukaupi í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi. Fjárhæð þessari skal ráðstafa skv. nánari reglum sem menntamálaráðuneytið setur.

Framangreind ákvæði koma til framkvæmda með þeim hætti að 5 klukkustundir skv. a-lið koma fyrir skólaárið 1975/76, en sá tímafjöldi, er byggist á 3.7 klukkustundum skv. a-lið og 4.4 klukkustundum skv. b-lið kemur að helmingi til framkvæmda skólaárið 1975/76, og hækkar síðan jafnt ár hvert uns hámarksákvæðum hér að framan er náð skólaárið 1980/81.

15. gr.

Greiða skal launatengd gjöld af fjárframlögum er fara til starfa þeirra, sem um er getið í 11. gr. c, 13. gr. og 14. gr. Störf þessi skulu að öllum jafnaði launuð með dagvinnutímakaupi í samræmi við samninga opinberra aðila við starfsmenn sína.

Ekki er heimilt að nota fé það, sem hér um ræðir til greiðslu á yfirvinnu skólastjóra, kennara eða annarra fastráðinna starfsmanna nema sérstaklega standi á og til komi samþykki fræðslustjóra.

Séu kennara í föstu starfi, settum eða skipuðum, falin störf skv. ákvæðum fyrrnefndra greina lækkar við það kennsluskylda hans. Lækkun á kennsluskyldu kennara vegna annarra starfa í þágu skóla skal ekki verða til þess að kennsla hans samkvæmt stundaskrá verði unnin í yfirvinnu.

Hinn skerti hluti kennarastarfsins skal metinn til fjár samkv. kjarasamningum. Vinnutími kennarans að félagsmálum skal vera sama hlutfall af árlegum vinnutíma félagsmálaleiðbeinanda í heilli stöðu og fyrrnefnd fjárhæð er af árslaunum hans.

Umráðafé það, er skólinn hefur til þessarar starfsemi, lækkar um fjárhæð jafnháa launagildi stöðuskerðingarinnar.

16. gr.

Ríkissjóður greiðir fyrir gæslustörf við heimavistir, skv. reglum sem settar eru þar að lútandi, sbr. reglur um greiðslur fyrir gæslustörf í heimavistarskólum á skyldunámsstigi nr. 56/1974.

Við grunnskóla þar sem heimanakstri með nemendur er haldið uppi, greiðir ríkissjóður að fullu kostnað við nauðsynlega gæslu í biðtíma nemenda, en þó því aðeins að akstur sé skipulagður þannig, að enginn nemandi þurfi að jafnaði að bíða fyrir eða eftir kennslutíma lengur en eina og hálfa klukkustund.

Skólastjóri gerir áætlun um þörf slíkrar gæslu er meta skal með tilliti til stundarskrár akstursnemenda annars vegar en skipulags á akstri hins vegar. Skólastjóri sendir áætlun um gæslu í biðtíma til fræðslustjóra er kveður endanlega á um stundafjölda vegna starfans.

17. gr.

Af rekstrarkostnaði mötuneyta og mataraðstöðu fyrir nemendur grunnskóla endurgreiðir ríkissjóður eftirfarandi:

a. Launakostnað skv. reglum, sem menntamálaráðuneytið setur að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga. Starfsfólk það, sem hér um ræðir, er starfsfólk hlutaðeigandi sveitarfélaga nema skólabrytar („skólaráðskonur").
b. Ríkissjóður greiðir eða endurgreiðir rekstrarkostnað í mötuneytum fyrir kennara grunnskóla að því marki sem til framkvæmda koma ákvæði kjarasamninga kennara um matar- og kaffiaðstöðu á vinnustað.

18. gr.

Menntamálaráðuneytið getur heimilað einstökum fræðsluumdæmum eða skólahverfum að reka tilraunaskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs og þá um leið veitt undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða, svo sem um námsskrá, starfstíma skóla, kennslutilhögun, kennslumagn o. s. frv., sbr. 65. gr. grunnskólalaga.

Umsókn um slíka heimild skal fela í sér nákvæma kostnaðaráætlun og komi í ljós að tilraunakennslan hafi aukinn kostnað í för með sér, skal fylgja umsókninni yfirlýsing frá viðkomandi sveitarstjórn (sveitarstjórnum) að hún greiði helming kostnaðaraukans, þ. m. talinn launakostnaðarauka.

Heimild til starfrækslu tilraunaskóla skal aðeins veitt til eins árs í senn. Við endurnýjun slíkrar heimildar skal liggja fyrir umsögn trúnaðarmanna ráðuneytisins um hvernig tilraunin hafi tekist og rökstuðningur um gildi áframhalds hennar. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um kennslustofnanir, sem að öllu leyti eru reknar á kostnað ríkissjóðs.

Um Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands fer eftir ákvæðum um hann í reglugerð um Kennaraháskóla Íslands.

19. gr.

Í skólaheimavistum fyrir nemendur sem falla undir ákvæði c, d og e liða 51. gr. laga um grunnskóla endurgreiðir ríkissjóður sveitarfélögum helming kostnaðar við gæslu, þjónustu, við endurnýjun tækja og búnaðar, viðhald húsa, kennslutækja og innanstokksmuna, svo og húsaleigu.

Af launakostnaði við matseld, vörslu og aðstoð við nemendur í dagvistun (skólaathvarfi) endurgreiðir ríkissjóður laun einnar forstöðukonu, auk þess sem samsvarar launum starfsstúlku í hálfu starfi fyrir hverja 16 nemendur eða annað hlutfall úr heilu starfi sé um aðra nemendatölu að ræða.

Allar endurgreiðslur eru háðar áætlun samþykktri af menntamálaráðuneytinu fyrir upphaf skólahalds ár hvert. Við endurgreiðslu skal taka tillit til almennra launahækkana og hækkana á öðrum kostnaðarliðum, sem samþykktir voru í áætlun.

Kostnað vegna matvæla og sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu þessara nemenda endurgreiðir ríkissjóður að hálfu.

Um rekstur þessara stofnana gilda að öðru leyti sömu ákvæði og um almenna grunnskóla.

20. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í samráði við fræðsluráð komið á fót deild við heimavistargrunnskóla í fræðsluumdæminu fyrir þá nemendur umdæmisins, er aðstoðar þurfa við skv. 51. gr. a- og b-lið, og gerir þá um það samning við viðkomandi skólahverfi.

Um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði og rekstri slíkrar starfsemi skulu gilda sömu reglur og í reglugerð um sérstofnanir skv. 52. gr. grunnskólalaga nema um annað semjist milli menntamálaráðuneytisins og viðkomandi skólahverfis.

21. gr.

Nú nægir grunnskóla ekki áætlaður kennarastundafjöldi samkvæmt 8.—14. gr. þessarar reglugerðar til þess að tilskilinni kennslu samkvæmt viðmiðunarstundaskrá menntamálaráðuneytisins, svo og hjálparkennslu og annarri lögboðinni þjónustu grunnskóla við nemendur verði framfylgt. Skal þá fræðslustjóri í umboði ráðuneytisins athuga sérstaklega kennsluaðstöðu og skipulag skólastarfsins. Ber honum í samráði við skólastjóra að kanna hvort unnt sé að gera þær breytingar á skólaskipan og skólastarfi er nægi til þess að lögboðin þjónusta verði veitt innan marka áðurnefndrar greinar. Nú verður niðurstaða könnunarinnar sú, að dómi fræðslustjóra, að við gildandi aðstæður séu ekki framkvæmanlegar þær breytingar er dygðu til þess að lögboðin starfsemi gæti rúmast innan kostnaðarákvæða fyrrnefndra greina. Greiðir ríkissjóður þá það sem á vantar.

Í slíkum tilvikum skal fræðslustjóri jafnan fylgjast með því hvort aukinn fyrirsjáanlegur nemendafjöldi í skólahverfi eða samgöngubætur geti leitt til umbóta. Skal hann gera menntamálaráðuneytinu og hlutaðeigandi skólanefnd og skólastjóra grein fyrir því, hvort slíkar umbætur á skólaskipan og skólastarfi virðast mögulegar, þ. á m. breytingar á skólahverfum, sbr. 16. gr. grunnskólalaga, eða samvinna skólahverfa í milli.

22. gr.

Þeir nemendur einir, sem lengri skólaleið eiga en 1500 m., koma til greina varðandi þátttöku ríkissjóðs í kostnaði sveitarfélaga vegna skólaaksturs grunnskólanema eða öðrum tilkostnaði er komið gæti í stað skólaaksturs.

Eigi má dagleg samanlögð akstursleið nemenda fara fram úr 60 km. né aksturstími við venjulegar aðstæður fram úr 90 mín. að jafnaði.

23. gr.

Þar sem hægt er að nýta almenningsvagna þannig að samanlagður göngu-, bið- og akstursstími nemenda sé ekki lengri en 90 mínútur að jafnaði, endurgreiðir ríkissjóður sveitarfélagi helming miðaverðs almenningsvagna fyrir viðkomandi aldursflokk.

24. gr.

Sé ekki hægt að nýta almenningsvagna, en skólasókn nemenda þó háð daglegum akstri eða einhverjum þeirra valkosta, sem taldir eru í liðum b til d hér á eftir, greiðist ákveðið ríkisframlag á nemanda. Þetta ríkisframlag er margfeldi af skóladögum nemanda, stystu skólaleið hans (einföld akstursleið), allt að 30 km. og allt að kr. 25.20 á km. sem grunnfjárhæð miðuð við verðlag á sérleyfisakstri í apríl 1975, og breytist hlutfallslega með breytingum á sérleyfistöxtum Póst- og símamálastjórnar. Verði breytingar á töxtum vörubifreiðastjóra eða fólksbifreiðastjóra á skólaárinu, án þess að taxtabreytingar verði á sérleyfisakstri, skal taka tillit til þeirra breytinga.

Náist samkomulag um framlag ríkissjóðs samkvæmt framangreindri reglu er skólanefnd í umboði sveitastjórna heimilt að ráðstafa framlaginu til:

a. Kostnaðar vegna skipulagðs skólaaksturs innan eða út fyrir skólahverfi.
b. Kostnaðar við að koma nemanda í vist í nágrenni skóla og/eða á eðlilegri skólaakstursleið.
c. Greiðslu til forráðamanna til þess að aka nemendum að skóla eða að akstursleið skólabifreiðar.
d. Kostnaðar við að koma nemanda að heimavistarskóla utan skólahverfis.

Skólanefndum í umboði sveitarstjórna er heimilt að bjóða foreldrum nemenda einn þeirra kosta, er taldir eru að framan undir lið b—d en er þó ekki skylt að skipuleggja akstur þeirra vegna, verði sá kostnaður meiri en kostnaður vegna einhvers valkostar b—d liða hér að framan, enda sé að dómi fræðslustjóra tryggt, að nemandi fái jafngóða námsaðstöðu við þann valkost.

25. gr.

Óski sveitarfélag ekki eftir föstu ríkisframlagi á nemanda skv. 23. gr., endurgreiðir ríkissjóður allt að 85% af daglegum aksturskostnaði.

Á sama hátt endurgreiðir ríkissjóður sveitarfélögum allt að 85% af kostnaði við helgarakstur nemenda í heimavistarskólum séu þeir búsettir í skólahverfinu.

Greiðslur þessar miðast við að gætt sé fyllstu hagkvæmni í skipulagningu aksturs ins og er samþykki viðkomandi fræðslustjóra áskilið.

Menntamálaráðuneytið lætur sveitarfélögum í té leiðbeinandi aksturstaxta.

Framangreind ákvæði gilda ennfremur um skipulagðan akstur, þar sem honum verður við komið, að skólum og/eða bekkjardeildum sbr. 52. gr. grunnskólalaga, 4. mgr., sem ætlaður er nemendum, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi.

Hafi sveitarfélög skipulagt akstur grunnskólanemenda og geti forskóla- og framhaldsskólanemendur nýtt sér þann akstur, er það heimilt.

26. gr.

Þar sem þannig hagar til að ekki er aðstaða til þess að veita kennslu í tilteknum námsgreinum á grunnskólastigi, svo sem í leikfimi, sundi, handmenntum, heimilisfræðum o. fl., og leita verður aðstöðu utan skólaseturs, er skólanefndum í umboði sveitarstjórna heimilt að skipuleggja akstur að fengnu samþykki fræðslustjóra.

Endurgreiðslur ríkissjóðs fara fram skv. 25. gr.

27. gr.

Menntamálaráðuneytið getur greitt fyrirfram áætlaðan aksturskostnað í þeim tilvikum er sveitarfélög festa kaup á skólabifreið. Fyrirframgreiðsla þessi skal þó eigi vera hærri en sem nemur hlutdeild ríkissjóðs í áætluðum aksturskostnaði hlutaðeigandi sveitarfélaga tvö skólaár.

28. gr.

Endurgreiðsla ríkissjóðs vegna skólaaksturs fer fram mánaðarlega og eftir á. Menntamálaráðuneytið lætur gera eyðublöð fyrir áætlun um akstur og uppgjör hans og sendir þau sveitarfélögum.

Ef akstursaðstæður reynast óvenju erfiðar í skólahverfi um lengri tíma af völdum veðráttu samkvæmt umsögn umdæmisverkfræðings Vegagerðar ríkisins er ráðuneytinu heimilt að hækka framlag sitt til hlutaðeigandi sveitarfélags fyrir það tímabil um allt að 10%.

Ennfremur greiðir ríkissjóður umsamið greiðsluhlutfall sitt í hækkunum, sem eru í samræmi við taxtabreytingar á sérleyfisakstri á umsömdu aksturstímabili. Verði breytingar á töxtum vörubifreiðastjóra eða fólksbifreiðastjóra á skólaárinu, án þess að taxtabreytingar verði á sérleyfisakstri, skal taka tillit til þeirra breytinga.

Á árinu 1975 fer endurgreiðsla ríkissjóðs á skólaaksturskostnaði þó þannig fram:
a) vegna seinni hluta skólaársins 1974/75, eftir 1. júlí 1975.
b) vegna aksturs fyrri hluta skólaársins 1975/76 með uppgjöri skv. 6.gr.

29. gr.

C. Þvotta- og baðklefar.

28. gr.
Almennt.

Um þvottaskálar og fyrirkomulag þeirra vísast til kafla um búningsherbergi að svo miklu leyti, sem þörf er fyrir þvottaskálar og böð.

29. gr.
Fjöldi þvottaskála og steypibaða.

1. Að venju skal vera 1 þvottaskál fyrir hverja 5 starfsmenn.
2. Sé vinna óþrifaleg eða valdi verulegri óhreinkun eða óhollustu, skal vera 1 þvottaskál fyrir hvern starfsmann.
3. Við störf, sem ekki valda óhreinindum, skal hafa minnst 1 þvottaskál fyrir hverja 10 starfsmenn.
4. Þvottaskálar, sem komið er fyrir á salerni eða í lokuðu forrými að þeim, reiknast ekki með tölu þvottaskála fyrir þvotta- og baðklefa.
5. Þar, sem menn þurfa steypiböð vegna óhreininda eða svita, er þeir verða fyrir við störf sín, skulu vera minnst 2 steypiböð fyrir hverja 10 menn.

30. gr.
Gólf, veggir og loft.

1. Stærð gólfflatar skal vera í samræmi við ákvörðun í 32. gr. um innréttingu og búnað.
2. Lofthæð skal minnst vera 2,5 m og um hallandi loft skal farið eftir ákvæðum í 35. gr. um kaffi- og matstofur.
3. Gólf, veggir og loft skulu að öðru leyti vera samkvæmt ákvæðum III. kafla A, um búningsherbergi.

31. gr.
Lýsing, hitun og loftræsting.

1. Dagsbirta er æskileg, en er ekki krafist.
2. Raflýsing skal vera góð og jöfn.
3. Hitun skal vera þannig, að ekki valdi almennt óþægindum.
4. Loftræsting skal vera um glugga eða með vélbúnaði, sem ekki veldur teljandi hávaða eða óþægilegum súg.
5. Allur rafbúnaður skal fara eftir ákvæðum um rafbúnað á stöðum, þar sem gufa og vatnsagi er.

32. gr.
Innrétting og búnaður.

1. Sérhvert þvottastæði við þvottaskál skal vera minnst 60 cm á breidd. Fjarlægð milli andstæðra þvottaskála og fjarlægð þvottaskála og andstæðs veggjar skal vera í samræmi við ákvörðun í III. kafla A, um búningsherbergi.
2. Við þvottaskálar skal tengt heitt og kalt vatn með lokuðu frárennsli frá skál til niðurfalls.
3. Innangengt skal vera milli baðs og búningsherbergis.
4. Í baðklefa skal vera niðurfall, en gólfhalli eða gerð gólfs ekki þannig, að hætta sé á, að menn renni eða detti af þeim sökum.

5. Framan við steypiböð skal vera fatahengi. Hita baðvatnsins skal vera hægt að stilla hverjum til hæfis.
6. Í þvotta- og baðklefum skal vera spegill, snagi, sápa, sápuskál og öskubakkar, séu reykingar leyfðar.

33. gr.

Kjallararými.

Kjallararými má nota til þvotta- og baðklefa, enda fullnægi það að öðru leyti skilyrðum, sem sett eru um ofanjarðarrými til sömu nota.

D. Kaffi- eða matstofur.

34. gr.

Almennt.

Í matstofu skal verkamaður bæði geta matast og hvílst frá vinnu sinni. Matstofa skal því bæði vera björt, þægilega skipulögð og bjóða góðan þokka, bæði að litavali, þrifum og þægindum. Þvottaskálar skulu vera á aðgengilegum stað framan við matstofu. Sé langt á milli vinnurýmis og matstofu, skal fatahengi komið fyrir framan hana, svo og salerni, samanber ákvæði um snyrtiherbergi.

35. gr.

Gólfflatarmál, lofthæð.

Lágmark gólfflatarmáls skal vera 1,2 m^2 fyrir hvern mann. Hæð undir loft sé minnst 2,5 m. Sé loftið hallandi má ekki reikna með þeim gólffleti, sem lægra er frá til lofts en 2,2 m.

36. gr.

Gerð gólfa, veggja og lofta.

Gólf, loft og veggir skulu gerð úr efni, sem auðvelt er að þrífa.
Þau skulu vera einangruð þar, sem þess gerist þörf.

37. gr.

Lýsing, hitun og loftræsting.

1. Lýsing og hitun skal vera sú sama og við kyrrsetustörf og jafnframt þannig, að meirihluta starfsfólksins finnist hún sem þægilegust.
2. Opnanlegir gluggar skulu að jafnaði vera ¼ alls flatarmáls glugganna. Sé loftræsting of lítil um þá glugga, sem fyrir eru, skal loftræsta fullnægjandi á annan hátt án óþæginda fyrir þá, sem í matstofu dvelja.

38. gr.

Búnaður.

1. Borð skulu vera hæfilega há og nægjanlega mörg svo allir, geti samtímis matast þvingunarlaust. Sæti ber að hafa af réttri hæð og með góðum bakstuðningi.
2. Alla hluti innanstokks skal vera auðvelt að þrífa. Þeir skulu vera áferðarsléttir og ekki með raufum.
3. Eldhús og búnaður þess skal vera aðgengilegt, en þó aðgreint frá matsal þar, sem því verður við komið. Öll skilyrði til að hreinsa matarílát og borðbúnað skulu vera fullnægjandi miðað við viðurkennda og eðlilega heilbrigðishætti.

39. gr.
Kjallararými.

Sé kjallararými notað fyrir matstofur, skulu gerðar sömu kröfur til þess og gert er til starfsrýmis ofanjarðar.

IV. KAFLI
Útgönguleiðir.

40. gr.

1. Sérhver innanhússvinnustaður skal vera þannig gerður, að frá honum verði komist á greiðan hátt, ef eld, jarðskjálfta eða annan voða ber að höndum.
2. Með innanhússvinnustað er hér átt við allar vistarverur starfsfólks, ganga, svalir og stiga, sem eru í tengslum við vinnustaðinn, auk vinnustaðarins sjálfs.
3. Allir gangar, stigar, forrými og önnur rými, sem nota má til útgöngu, skulu ávallt vera greiðfær og hindrunarlaus og jafnframt vel merkt. Farið skal eftir löglegri lágmarksbreidd og hæð sbr. byggingarsamþykkt fyrir skipulagsskylda staði. Þar, sem margt fólk starfar, skal það jafnan haft í huga, að allir geti komist út á sem skemmstum tíma, ef þörf krefur. Þeir, sem starfa tímabundið við þrönga eða erfiða vinnuaðstöðu, t. d. í geymi eða kjallararými með ógreiðfærri uppgönguleið, skulu ávallt njóta gæslu annarra starfsmanna og hjálpargagna eða tækja, eftir því, sem við getur átt til að greiða fyrir upp- eða útgöngu þaðan.

V. KAFLI
Viðurlög.

41. gr.

Brot gegn reglugerð þessarri varða sektum samkvæmt ákvæðum laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nr. 23/1952, sbr. lög nr. 52/1955.

42. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessarri skal fara að hætti opinberra mála.

VI. KAFLI
Gildistaka.

43. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. maí 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Keflavíkur og Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA

Rafveitur Keflavíkur og Gerðahrepps selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Um kWst.-mæli á kr. 40.00 hver kWst.
12. Um kWst.-mæli á kr. 15.60 hver kWst., auk fastagjalds, er nemi kr. 175.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 60.70 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kWst.-mæli á kr. 10.00 hver kWst.

C. Vélanotkun.

31. Um kWst.-mæli á kr. 22.20 hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 4 384.00 hvert uppsett kW. vélanna.
32. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum kr. 9.10 hver kWst.
33. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW.
    a. Um kWst.-mæli á kr. 6.40 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tíma.
    b. Um tvígjaldsmæli á kr. 38.00 hver kWst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en kr. 7.10 hver kWst. utan þess tíma.
    c. Um tvígjaldsmæli á kr. 38.00 hver kWst. í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn, en kr. 7.10 hver kWst. utan þess tíma.
34. Um mæli á kr. 8 200.00 fyrir hvert kW. mesta notaðs afls á árinu mælt, sem 15 mínútna meðalálag og auk þess kr. 4.33 á notaða kWst.
35. Ef ekki eru tök á að mæla mesta notað afl má selja þannig:
    Um mæli á kr. 5 377.00 fyrir hvert uppsett kW. vélanna og auk þess kr. 4.33 á notaða kWst.
    Ef fasviksstuðull er lægri en 0,85, getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkaður upp í það gildi.
    Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda tilfinnanlegum spennutruflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhringsins.

D. Hitun.

41. Um kWst.-mæli á kr. 4.44 hver kWst., án rofs.
42. Um kWst.-mæli á kr. 2.22 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.

43. Um kWst.-mæli á kr. 1.20 hver kWst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 2200 til 0700. Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við kr. 1.10 á kWst. og söluverð dísilolíu í Keflavík kr. 5.80 hver lítri. Fyrir hverja 10 aura, sem olían lækkar eða hækkar, lækkar eða hækkar kWst. um: Á gjaldskrárlið 41 3 aura, gjaldskrárlið 42 1.7 aura og gjaldskrárlið 43 1 eyri.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu, til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

51. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á kr. 12.00 hver kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.
52. Til nota fyrir vinnuljósalagnir meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 22.40 hver kWst.
53. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 2.90 hver kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til kl. 22.00, eða um tvígjaldsmæli á kr. 3.70 hver kWst. á tímanum frá kl. 22.00 til 8.30 og kr. 9.10 hver kWst. frá kl. 8.30 til kl. 22.00.
54. Til gatnalýsingar á kr. 9.10 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarrar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1.

Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C-E. (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjunum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr.	60.60	pr.	mán.
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	—	72.20	—	—
3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp.	—	180.00	—	—
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	—	271.00	—	—
5. Af álagsstýringarliðum	—	271.00	—	—

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 290.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 1 290.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Keflavíkur og Rafveitu Gerðahrepps. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

Heimtaugargjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu.

Málstraumur/ málraun		Stofngjald kr.	Lengdargjald[1] kr/m
63A	1-fasa	66 320.00	Innifalið
63A	3-fasa	71 580.00	—
100A	—	85 090.00	—
200A	—	137 150.00	—
315A	—	285 830.00	—
300kVA	—	399 440.00	Samkv. kostnaði
500kVA	—	666 770.00	—
800kVA	—	1 066 230.00	—

Heimtaugargjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu.

			Lengdargjald[1] [2]	
Málstraumur		Stofngjald	Jarðstrengur	Loftlína
63A	1-fasa	11 760.00	1 750.00	22 150.00
63A	3-fasa	16 510.00	1 750.00	25 760.00
100A	3-fasa	17 510.00	2 250.00	29 530.00

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni, í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma — og kemur til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

---

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.
Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi nú þegar sbr. og auglýsingu nr. 7 23. janúar 1975 og auglýsingu nr. 67 11. apríl 1975 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er eldri gjaldskrá úr gildi felld.

Iðnaðarráðuneytið, 12. maí 1975.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

15. maí 1975. Nr. 227.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Grenlækjar.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Grenlækjar. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Skaftárósi og vatnasvæði hans, en þær eru: Hólmur, Hátún, Efri-Vík, Syðri-Vík, Þykkvibær I, Seglbúðir, Eystra-Hraun, Ytra-Hraun, Fossar, Arnardrangur, Efri-Steinsmýri, Syðri-Steinsmýri, Múlakot, Hörgsland I og II og Hörgslandskot.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda fyrir aprílok ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 75, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. maí 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Nr. 228. 15. maí 1975.

ARÐSKRÁ

Veiðifélags Selár í Vopnafirði.

Aðalfundur Veiðifélags Selár í Vopnafirði, haldinn að Torfastöðum 26. 10. 1974, samþykkir eftirfarandi arðskrá fyrir félagið:

	%
Hauksstaðir	1.0
Rjúpnafell	3.2
Fremri-Hlíð	1.9
Ytri-Hlíð	2.1
Vakursstaðir	1.6
Fagurhóll	5.0
Lýtingsstaðir	4.3
Breiðamýri	4.9
Fremri-Nýpur	8.0
Ytri-Nýpur	17.6
Hámundarstaðir	4.6
Hvammsgerði	4.6
Hróaldsstaðir	18.4
Áslaugarstaðir	5.4
Leifsstaðir	2.7
Þorvaldsstaðir	9.7
Hamar	3.7
Mælifell	1.3
	100.0%

Arðskrá þessi tekur gildi 1. janúar 1976.

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. maí 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

27. maí 1975. Nr. 229.

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Hreppar Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaður eru eitt fjallskilaumdæmi. Kaupstaðurinn og hver hreppur innan fjallskilaumdæmisins er sérstök fjallskiladeild. Sýslunefnd getur heimilað sameiningu tveggja eða fleiri fjallskiladeilda, óski viðkomandi sveitarstjórnir eftir sameiningu að undangengnu fundarsamþykki meiri hluta fjallskilaskyldra aðila í hverri eða hvorri fjallskiladeild, enda hafi verið boðað til fundarins með dagskrá.

2. gr.

Sýslunefnd hefur á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála í fjallskilaumdæminu, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn annast stjórn og framkvæmd þeirra í hverri fjallskiladeild.

3. gr.

Oddviti sveitarstjórnar annast stjórn fjallskilamála í sinni fjallskiladeild, en heimilt er sveitarstjórn að fela öðrum það verk. Skal hún þá að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum kjósa mann, og annan til vara, til þess að hafa á hendi framkvæmd fjallskilamála fjallskiladeildarinnar undir yfirstjórn sveitarstjórnar og nefnist hann fjallskilastjóri.

Þar sem fjallskiladeildir hafa verið sameinaðar, er sveitarstjórnum skylt að kjósa fjallskilastjóra á sameiginlegum fundi. Fái tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða.

Fjallskilastjóri skal sjálfur vera við aðalrétt í hvert skipti, sem þar er réttað, stjórna sundurdrætti og ráða þar réttarrúmi öllu.

Heimilt er sveitarstjórn að fela fjallskilastjóra bókhald allt fjallskilanna vegna og innheimtu á fjallskilagjöldum.

Fjallskilastjóra ber þóknun fyrir störf sín úr hrepps- eða bæjarsjóði.

II. KAFLI

Um bókhald og fjallskilasjóði.

4. gr.

Í hverri fjallskiladeild ber að halda fjallskilabók staðfesta af oddvita sýslunefndar. Í hana skal rita allt það, sem máli skiptir um afréttar- og fjallskilamál í deildinni. Sýslunefnd semur skrá yfir allar afréttir innan deildarinnar og þar skal lýst merkjum þeirra og tekið fram, hvaða jarðir eiga upprekstur á hverja afrétt, svo og hverjir séu afréttareigendur. Þá ber að skrá allar breytingar á afréttum og réttindum yfir þeim.

Eftirrit af skrá þessari ber að senda til oddvita sýslunefndar. Skal hún þar færð í sérstaka bók, sem afréttarskrá heitir og fylgir skjölum sýslunnar. Auk þessa getur sýslunefnd krafist eftirrits af fjallskilabókum að öðru leyti, eftir því sem hún telur þörf á.

5. gr.

Hver fjallskiladeild færir sérstakt bókhald, og skal fjallskilareikningur endurskoðaður á sama hátt og sveitarsjóðsreikningur.

Til þess að standa straum af þeim kostnaði, er af fjallskilum leiðir, getur sveitarstjórn stofnað sjóð, sem fjallskilasjóður nefnist. Úr honum skal greiða kostnað við byggingu og viðhald aðalrétta. Um aukaréttir fer eftir ákvörðun sveitarstjórna. Kostnað við smölun og leitir, sem sveitarsjóði annars ber að greiða, þóknun til fjallskilastjóra, svo og öll önnur gjöld, sem af fjallskilum leiða og ekki hefur verið jafnað niður á fjáreigendur sem dagsverkum, skal greiða úr fjallskilasjóði.

Tekjur sjóðsins eru:

a. Niðurjafnað gjald á allt sauðfé og stóðhross í hreppnum.
b. Andvirði óskilafjár.
c. Björgunar- og fundarlaun fyrir fé og hross, sem bjargað er úr ógöngum, eða finnast í eftirleitum samkv. 24. gr. fjallskilasamþykktar og 54. gr. laga um fjallskil.
d. Bætur fyrir gangnarof samkv. 41. gr. fjallskilalaga.
e. Tillag úr sveitarsjóði eftir fyrirmælum sveitarstjórnar og 39. gr. laga um fjallskil.

Reikningur sjóðsins skal endurskoðaður árlega ásamt sveitarsjóðsreikningum og færður inn í fjallskilabók.

III. KAFLI

Um afréttir og notkun þeirra.

6. gr.

Land, sem fjallskilaframkvæmd tekur til, skiptist í afréttir og heimalönd. Þar sem almenningar (óbyggðir) þurfa hreinsunar við, tekur og fjallskilaframkvæmd til þeirra, eftir því sem þörf krefur og nánar er fyrir mælt í lögum um fjallskil og samþykkt þessari.

7. gr.

Heimilt er sveitarstjórnum að gangast fyrir því, hverri í sinni fjallskiladeild, að gerð sé sveitarsamþykkt um, að nota megi heimalönd til upprekstrar, enda sé það vilji eigenda. Skal í fjallskilabók skýrt tekið fram, hvar og hver þau lönd séu og tala fjár þess er á þau má reka. Upprekstrarheimalönd ber að skoða sem afréttir, að því er snertir löggöngur að hausti, aðrar en eftirleitir. Samþykktir um upprekstrarheimalönd öðlast því aðeins gildi, að sýslunefnd samþykki þær.

8. gr.

Hve margt afréttarpenings má reka á hverja afrétt fer eftir lögum um fjallskil nr. 42, 1969 III. kafla.

9. gr.

Upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags eiga allir búfjáreigendur, sem landafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði.

Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, fer eftir fornri venju eða samningum.

Um afréttargjald til eiganda afréttarlands fer eftir samningi eða ef samkomulag næst ekki, eftir ákvörðun viðkomandi sveitarstjórnar. Þó getur sá aðili, sem eigi vill una ákvörðun sveitarstjórnar krafist mats dómkvaddra manna um gjaldhæð.

Ákvörðun um afréttargjald, hvort heldur ákveðin er með samningi eða eftir mati, gildir aldrei fyrir lengri tíma en 6 ár í senn.

IV. KAFLI
Um vorsmölun og rekstur til afrétta.

10. gr.

Sveitarstjórnum er heimilt að ákveða eina vorsmölun.

11. gr.

Rétt er að sauðfé sé rekið á afrétt eða upprekstrarheimalönd, eftir því sem við verður komið. Heimilt er þó að hafa fé í eyjum og sauðheldum girðingum yfir sumarið. Geti fjáreigandi ekki fengið upprekstrarleyfi ber honum að leita aðstoðar sveitarstjórnar.

12. gr.

Innansveitarmenn skulu sitja fyrir utansveitarmönnum um upprekstur á afrétti og sýslubúar fyrir utansýslubúum.

V. KAFLI
Um fjallskil að hausti.

13. gr.

Haustgöngur skulu hefjast 18. september.

Ganga skal afréttir og upprekstrarheimalönd að minnsta kosti tvisvar á hausti hverju. Gangnadögum má breyta, ef nauðsyn ber til, fyrir eitt haust í senn, enda sé þess gætt að breytingin nái til þeirra leitarsvæða, er saman liggja, sbr. 45. gr. fjallskilalaga. Tilkynna ber sveitarstjórnum hreppa þeirra, sem kindavon eiga í réttum hreppsins, hvenær gengið verður. Þá skal og smala heimalönd öll. Meta má smölun heimalanda sem fjallskil að einhverju leyti. Skal þá víðátta landsins höfð til hliðsjónar.

14. gr.

Ekki síðar en hálfum mánuði fyrir göngur skal sveitarstjórn raða gangnadagsverkum og öðrum áætluðum fjallskilakostnaði niður á fjáreigendur í fjallskiladeildinni og aðra þá er nota þar upprekstrarland á því ári. Raða skal dagsverkum niður eftir fjártölu. Leggja skal jafnmargar kindur í dagsverk hjá öllum fjáreigendum hvort sem þeir eiga margt eða fátt. Þá skal og tilnefna réttarstjóra við aukaréttir, sundurdráttarmenn í réttir innan hrepps og utan og gangnaforingja fyrir gangnasvæði fjallskiladeildarinnar. Enginn getur skorast undan að vera gangnaforingi, nema hann sé ófær til þess sakir elli eða heilsuleysis.

15. gr.

Sá sem rekur fé á utansveitarafrétt, tilkynni það sveitarstjórn fyrir 15. júlí ár hvert. Vanræki hann þetta, getur sveitarstjórn gert honum full fjárskil heima í sveitinni fyrir allt sitt fé. Sama gildir um þá menn, er rétt hafa til að taka utansveitarfé í afréttarland sitt, enda séu þeir skyldir að tilgreina tölu fjárins og annast öll skil á því.

16. gr.

Nú gengur margt fé leyfislaust í afrétt annarra sveita, skal þá sveitarstjórn þeirrar sveitar, er fé á, skyld til að kveðja menn í fyrstu og aðrar göngur í þær sveitir, sem fyrir ágangi verða, eftir kröfu sveitarstjórnar.

Krafa um slíka gangnamenn skal byggð á fjártölu í fyrstu skilaréttum næsta haust á undan. Þó má draga frá það fé, sem krefjandi á í fyrstu réttum hjá þeirri sveit, sem krafin er um gangnamenn.

17. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur til að gera þau fjallskil, sem sveitarstjórn leggur á hann, og eru í samræmi við fjallskil þau, sem öðrum sveitarbúum er gert að leysa af hendi. Bágstöddum einyrkjum má veita undanþágu frá fjallskilum, að einhverju eða öllu leyti, einnig þeim, sem hafa fé sitt í eyjum eða sauðheldum girðingum sumarlangt, samkv. 11. gr.

18. gr.

Sveitarstjórnir skipa fjallskiladeildum í gangnasvæði og ákveða hvernig göngum skuli hagað, og hvað gangnamenn séu margir í hverjum göngum. Skal skrá það í fjallskilabók.

19. gr.

Gangnaforingjar skulu vera sjálfir í göngum, nema gild forföll hindri, ber þeim þá að setja fullgilda menn í staðinn. Gangnaforingi sker úr um það, hverjir séu fullgildir gangnamenn. Óhlýðnist gangnamaður gangnaforingja eða sýni hirðuleysi, telst það sem gangnarof og varðar sömu viðurlögum og vanræksla á að inna af hendi fjallskil. Gangnaforingjum ber skylda til að tilkynna fjallskilastjóra um gangnarof. Sá sem mætir ekki í göngur, á þeim stað og tíma, þar sem hann hefur verið skipaður, og tilkynnir gangnaforingja ekki forföll, svo unnt sé að fá mann í hans stað, skal greiða fyrir gangnarof sem svarar einu og hálfu gangnadagsverki, eins og það er metið á hverjum tíma, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

20. gr.

Gangnaforingjar skulu sjá um, að fjallsöfn séu rekin tafarlaust til rétta. Telst það gangnarof, ef gangnamaður yfirgefur safnið fyrr en í rétt er rekið, þó að smölun sé lokið. Leyfa má sveitarstjórn að fjallsöfn séu rekin í heimaréttir til sundurdráttar í seinni göngum, ef gangnaforingi ábyrgist ókunnugt fé til skilaréttar.

21. gr.

Ef grunur leikur á, að fé sé enn á afréttum eftir að löggöngum lýkur, skal fjallskilastjóri sjá um, að eftir því sé leitað svo fljótt sem kostur er.

Smölunarkostnaður sé greiddur úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði viðkomandi sveitarfélags.

22. gr.

Nú liggja öræfi, þar sem fjárvon kann að vera, að afréttum eða öðrum sumargöngulöndum, og skal þá sýslunefnd hlutast til um, að þau séu leituð að minnsta kosti einu sinni á hausti. Fé sem finnst í öræfaleitum má sveitarstjórn láta lóga.

23. gr.

Sveitarstjórn skal sjá um, að eftir réttir á haustum séu öll heimalönd rækilega smöluð samtímis, svo oft sem þurfa þykir, og að afbæjarfé komist til réttra eigenda.

Skyldur er hver bóndi að hirða kindur, sem finnast í heimalandi hans eftir að fjallskilum er lokið. Sé það innansveitarfé ber honum að tilkynna eigendum það. Annars skal tilkynna sveitarstjórn. Kostnað við tilkynningu og geymslu fjárins ber eigendum þess að greiða.

24. gr.

Nú verður fjár vart í ógöngum, og er þeim þá skylt, er sér, að tilkynna það oddvita viðkomandi sveitarfélags. Skal hann þá leitast við að fá færa menn til að

bjarga fénu, ef fært þykir. Sé björgun óframkvæmanleg eða of hættuleg að dómi björgunarmanna eða aðstæður það örðugar, að tvöfalt verð fjárins hrökkvi ekki fyrir björgunarkostnaði, er skylt að skjóta féð, sé það unnt. Takist björgun kinda úr slíkum ógöngum, greiðir eigandi kindar hálft verð hennar fyrir björgun, en sveitarsjóður, þar sem eigandi er heimilisfastur, hinn hluta kostnaðar. Náist kind eða kindur hins vegar ekki lifandi, skal sýslusjóður bera kostnað vegna tilraunarinnar, enda samþykki sýslumaður reikninga.

VI. KAFLI
Um réttir og réttahald.

25. gr.

Sveitarstjórn ber að sjá um, að til sé á hverjum réttarstað hæfilega stór fjárrétt og nægilegt dilksrými við hverja rétt, svo og að réttinni sé vel við haldið.

Réttir í fjallskiladeildum skulu vera:

Í Skeggjastaðahreppi	Aðalréttir 2:	Miðfjarðarrétt
		Bakkarétt
Í Vopnafjarðarhreppi	Aðalrétt:	Fellsrétt
Í Hlíðarhreppi	Aðalréttir 2:	Hallgeirsstaðarétt
		Ketilsstaðarrétt
Í Jökuldalshreppi	Aðalréttir 4:	Hákonarstaðarétt
		Klausturselsrétt
		Hofteigsrétt
		Mælihólsrétt
Í Fljótsdalshreppi	Aðalréttir 2:	Melarétt
		Múlarétt
Í Fellahreppi	Aðalrétt:	Ormarsstaðarétt
Í Tunguhreppi	Aðalréttir 2:	Hallfreðarstaðarétt
		Heiðarselsrétt
Í Hjaltastaðarhreppi	Aðalrétt:	Kóreksstaðarétt
Í Borgarfjarðarhreppi	Aðalrétt:	Brandsbalarétt
Í Seyðisfjarðarhreppi	Aðalréttir 2:	Hánefsstaðarétt
		Dvergasteinsrétt
Í Seyðisfjarðarkaupstað	Aðalrétt:	Á Fjarðaröldu eða í Haga

Tilfærsla á rétt, bygging nýrrar, svo og niðurfelling réttar, skal skráð í fjallskilabók.

26. gr.

Hver aukarétt heyrir undir aðalrétt sömu fjallskiladeildar. Úrtíningsfé úr aukaréttum skal rekið eða flutt til aðalréttar af mönnum, sem sveitarstjórn hefir til þess hvatt. Enginn má reka fé frá aðalrétt, fyrr en úrtíningur hefur verið að fullu sundur dreginn, nema fjallskilastjóri leyfi.

27. gr.

Sundurdráttur að aðalrétt skal hafinn svo snemma dags, sem unnt er. Draga skal eftir markaskrám, eftir því sem þörf krefur. Hreppstjóri tilnefnir 2 menn í markadóm. Markadómur sker úr um vafamörk. Verði markadómsmenn ósammála sker hreppstjóri úr. Úrskurði markadóms verður ekki hrundið. Með ómerkinga og annan óskilapening skal farið samkvæmt VIII. kafla fjallskilalaga.

VII. KAFLI
Um meðferð ómerkinga og óskilafjár.

28. gr.

Hver sá, sem fjallskil innir af höndum, hvort heldur við smölun afrétta eða heimalanda, skal leitast við að handsama, svo fljótt sem verða má, ómerkinga, sem vart kann að verða og auðkenna þá, ef þeir fylgja móður.

Nú koma ómerkingar eða annað óskilafé til réttar, og skal þá draga það í sérstakan dilk, þar sem menn eiga kost á að leiða mæður til ómerkinga og sanna eignarrétt sinn á öðru óskilafé.

29. gr.

Ómerkingum og óskilafé, sem kemur fyrir í skilaréttum og ekki finnast eigendur að, skal þegar lógað í sláturhúsi, og sér hreppstjóri um, að svo sé gert. Áður en slíku fé er lógað, skal skrifa nákvæma lýsingu á því, þar sem getið sé marks og annarra einkenna, er eigendur gætu helgað sér það eftir.

Óskilafé, sem fram kemur eftir réttir og ekki finnast eigendur að, eða ekki kemst til eigenda vegna fjarlægðar, skal farið með á sama hátt.

Allt óskilafé, sem fargað er, skal lagt inn á reikning, þannig að greiða megi út verð hverrar kindar, ef eigandi finnst.

Annan óskilapening, svo sem hross og nautgripi, skal hreppstjóri selja á opinberu uppboði með 12 vikna innlausnarfresti.

30. gr.

Fyrir árslok skulu hreppstjórar birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um förgun óskilafjár, hver í sínum hreppi, eða um sölu, ef um óskilahross eða nautgripi er að ræða. Skal í tilkynningu greint mark og auðkenni hverrar skepnu, eftir því sem kostur er, og skorað á rétta eigendur að gefa sig fram og sanna rétt sinn innan tiltekins tíma.

31. gr.

Af sláturverði ómerkinga og annars óskilafjár og andvirði seldra hrossa og nautgripa greiðist áfallinn kostnaður. Eftirstöðvar andvirðis greiðast eiganda, ef hann sannar eignarrétt sinn innan tiltekins tíma, ella í fjallskilasjóð eða sjóði þeirra fjallskiladeilda, þar sem óskilapeningurinn kom fyrir.

VIII. KAFLI
Um markaskrá.

32. gr.

Markaskrá skal vera í tveimur köflum.

1. **kafli:** Eyrnamörk í töluröð eftir stafrófi. Þar aftan við í sömu línu komi nafn eiganda, heimili og hreppur eða kaupstaður.
2. **kafli:** Brennimörk eftir stafrófsröð og nöfn markeigenda aftan við. Enginn má nota tölustafi eða táknmyndir eingöngu sem brennimark.

33. gr.

Hver hreppur skal hafa hreppsmerki og er hverjum fjáreiganda skylt að merkja með því fullorðið fé sitt. Skal hyrnt fé merkt með brennimerki á vinstra horni, en kollótt fé með plötu í vinstra eyra.

Hreppsmerki skulu vera eftirfarandi:

Í Skeggjastaðahreppi N-1, í Vopnafjarðarhreppi N-2, í Jökuldalshreppi N-3, í Hlíðahreppi N-4, í Tunguhreppi N-5, í Fellahreppi N-6, í Fljótsdalshreppi N-7, í Hjaltastaðahreppi N-8, í Borgarfjarðarhreppi N-9, í Seyðisfjarðarhreppi N-11 og í Seyðisfjarðarkaupstað N-12.

34. gr.

Um fjármörk og merkingar á búfé fer að öðru leyti eftir IX. kafla laga nr. 42, 1969 um fjallskil.

IX. KAFLI

Almenn ákvæði.

35. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi sveitarstjórna út af fjallskilamálum. Enn fremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja þess háttar mál fyrir sýslunefnd og úrskurð hennar.

36. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 5 000.00 til kr. 50 000.00, og skal fara með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Norður-Múlasýslu hefur samið, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58, 29. mars 1961, og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42, 12. maí 1969, til þess að öðlast gildi frá og með 1. júlí 1975 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Norður-Múlasýslu frá 29. maí 1934 ásamt síðari breytingum.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. maí 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

20. maí 1975. Nr. 230.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Miðneshrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Um kWst. mæli á kr. 39.60 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2 Um kWst. mæli á kr. 19.50 hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 121.00 á hvern fermeter gólffletar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 59.40 á ári af hverjum ferm.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst. mæli á kr. 10.00 á hverja kWst. auk mælaleigu.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1 Um kWst. mæli á kr. 19.50 hverja kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 11 026.00.

C—2 Vélanotkun til bráðabirgða um kWst. mæli á kr. 19.50 hverja kWst.

C—3 Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

a) Um kWst. mæli á kr. 3.30 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 11 020.00. Notað afl telst vera mesta meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWst. mæli á kr. 3.30 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 10 434.00 á hvert kW. í málraun uppsettra véla á árinu.

Heimilt er að rjúfa straum í allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið (C—3) kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4 Um afl- og orkumæli:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 11 026.00 á kW. á ári.

b) Af allri notkun kr. 3.30 hverja kWst.

Samkvæmt þessum gjaldskrárlið heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósanotkunar kr. 121.00 á hvern ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 48.40 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 95.00 á hvern ferm. á ári.

D. Hitun án söluskatts frá 1. des. 1973.

D—1 Um kWst. mæli á kr. 4.20 hverja kWst.

D—2 Um kWst. mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 2.70 hverja kWst.

D—3 Um afl- og orkumæla:

a) á kr. 2.70 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 2 136.00 hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4 Um kWst. mæli á kr. 1.43 hverja kWst. með rofi frá kr. 8.00—23.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húsahitunar.

a) Að vélarafl, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.

c) Að notandi kosti tengingu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkv. gjaldskrá.

d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérrofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.

e) Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.

f) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem hita skal, skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 12.00 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota um vinnulagningar við byggingar meðan á byggingu stendur um kWst. mæli á kr. 19.50 hverja kWst.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst. mæli á kr. 3.65 hverja kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til 22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 2.90 hver kWst. á tímanum frá kl. 22.00 til 8.30 og kr. 9.50 hver kWst. frá kl. 8.30 til 22.00.

Til gatna- og hafnarlýsingar svo og vinnulýsingar við nýbyggingar eða aðra mannvirkjagerð á kr. 19.50 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum 60 amp. og minni	kr. 60.00	á mán.
2.	Af þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 70.00	— —
3.	Af þrífasa mælum 50 amp. og 100 amp.	— 120.00	— —
4.	Af þrífasa mælum 100 amp. og yfir	— 210.00	— —
5.	Af mestaaflsmælum 100 amp. og minni	— 190.00	— —
6.	Af mestaaflsmælum yfir 100 amp.	— 360.00	— —
7.	Af álagsstýriliðum minni gerð	— 205.00	— —
8.	Af álagsstýriliðum stærri gerð	— 360.00	— —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

Heimtaugargjöld miðast við aflþörf notanda, sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugargjald ákveðst þannig:

III. HEIMTAUGARGJÖLD

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafl kVA.	Heimtaugargjald kr.
1.	3× 60	22	46 200.00
2.	3×100	38	67 100.00
3.	3×200	75 sp.	132 000.00
4.	3×350	132	220 000.00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er greiðast samkv. kostnaðarreikningi. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varakassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í, svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum, enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr.	9 600.00
Fyrir 60 amp. þrífasa	—	12 100.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar, skal notandinn greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður há útivinnu. Sé um óskipulögð svæði að ræða eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður, skal greiða heimtaugargjald samkv. reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar spennistöðvarinnar, svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 1 430.00 á hvern mæli.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 1 430.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGAR

Hreppsnefnd Miðneshrepps er heimilt að hækka gjöld, eða lækka, samkv. gjaldskrá þessari um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur. Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting til hækkunar skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalið í gjaldskrá er 33% vegna söluskatts og verðjöfnunargjalds.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi nú þegar og sbr. auglýsingu nr. 67/1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 40 31. janúar 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 20. maí 1975.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 23 — 1975

12. júní 1975. 457 Nr. 231.

AUGLÝSING

um dómsorð Kjaradóms, uppkveðnum 4. júní 1975 í málinu nr. 1/1975: Bandalag starfsmanna ríkis og bæja gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

1. gr.

1. gr. aðalkjarasamnings aðila orðist svo:

1. mgr. Föst mánaðarlaun starfsmanns, sem gegnir fullu starfi skv. 8. gr., skulu vera eins og segir í neðangreindum launaflokkum frá og með 1. mars 1975 fyrir launaflokka 10. til 24., og frá 1. maí 1975 fyrir launaflokka 25. og hærri, skv. nánari ákvæðum samnings þessa, miðað við kaupgreiðsluvísitölu 106,18, og að meðtöldum launajöfnunarbótum, sbr. lög nr. 13/1975.

Launaflokkur	1. þrep	2. þrep	3. þrep	4. þrep	5. þrep
10	42 387	42 387	43 646	46 764	48 622
11	42 387	43 646	46 746	48 622	50 500
12	43 646	46 746	48 622	50 500	52 564
13	46 746	48 622	50 500	52 564	55 192
14	48 622	50 500	52 564	55 192	57 820
15	50 500	52 564	55 192	57 820	59 911
16	52 564	55 192	57 820	59 911	61 583
17	55 192	57 820	59 911	61 583	63 255
18	57 820	59 911	61 583	63 255	64 926
19	59 911	61 583	63 255	64 926	66 597
20	61 583	63 255	64 926	66 597	69 053
21	63 255	64 926	66 597	69 053	71 508
22	64 926	66 597	69 053	71 508	73 965
23	66 597	69 053	71 508	73 965	76 420
24	69 053	71 508	73 965	76 420	79 752
25	71 508	73 965	76 420	79 752	83 085
26	73 965	76 420	79 752	83 085	86 418
27	76 420	79 752	83 085	86 418	89 751
28	79 752	83 085	86 418	89 751	93 082
B1	96 976	96 976	96 976	96 976	96 976
B2	102 238	102 238	102 238	102 238	102 238
B3	107 500	107 500	107 500	107 500	107 500
B4	112 763	112 763	112 763	112 763	112 763
B5	118 901	118 901	118 901	118 901	118 901
B6	122 321	122 321	122 321	122 321	122 321
B7	125 844	125 844	125 844	125 844	125 844
B8	129 472	129 472	129 472	129 472	129 472

2. mgr. Laun skv. þessari grein skulu hækka um 3% frá 1. júní 1975, svo sem um var samið hinn 1. mars 1974.

B 58

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

2. gr.

2. mgr. 14. gr. aðalkjarasamnings aðila orðist svo:

Vaktaálag skal frá 1. mars 1975 að telja vera 132 kr. á klst. hjá starfsmönnum í 19. launaflokki og þar fyrir neðan, en 136 kr. á klst. hjá starfsmönnum, er taka laun í 20. launaflokki og ofar.

3. gr.

Aðalkjarasamningur aðila frá 15. desember 1973, sbr. samning um breytingu á þeim samningi frá 1. mars 1974, sbr. og ákvæði laga nr. 13/1975 um launajöfnunarbætur o. fl. að því er tekur til greiðslu verðlagsuppbótar, framlengist að öðru leyti óbreyttur.

4. gr.

Greiðslum gjaldfallinna mánaðarlauna, skv. 1. ákvæði dómsorðs þessa, fyrir tímabilið 1. mars 1975 til 30. júní 1975 skal lokið 20. júní 1975.

Fjármálaráðuneytið, 12. júní 1975.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Guðmundur Einarsson.

Nr. 232. 12. júní 1975.

AUGLÝSING

um dómsorð Kjaradóms, uppkveðnum 4. júní 1975 í málinu nr. 2/1975: Bandalag háskólamanna gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

1. gr.

1. gr. aðalkjarasamnings aðila orðist svo:

1. mgr. Föst mánaðarlaun starfsmanns, sem gegnir fullu starfi skv. 7. gr., skulu vera eins og segir í neðangreindum launaflokkum frá og með 1. mars 1975 fyrir launaflokka A1 til A15, og frá 1. maí 1975 fyrir launaflokka A16 og hærri, skv. nánari ákvæðum samnings þessa, miðað við kaupgreiðsluvísitölu 106,18, og að meðtöldum launajöfnunarbótum sbr. lög nr. 13/1975.

Launaflokkur	1. þrep	2. þrep	3. þrep	4. þrep	5. þrep
A1	42 387	42 387	43 616	46 787	48 646
A2	42 387	43 616	46 787	48 646	50 506
A3	43 616	46 787	48 646	50 506	52 584
A4	46 787	48 646	50 506	52 584	55 208
A5	48 646	50 506	52 584	55 208	57 833
A6	50 506	52 584	55 208	57 833	59 910
A7	52 584	55 208	57 833	59 910	61 585
A8	55 208	57 833	59 910	61 585	63 230
A9	57 833	59 910	61 585	63 230	64 961
A10	59 910	61 585	63 230	64 961	66 582
A11	61 585	63 230	64 961	66 582	69 097
A12	63 230	64 961	66 582	69 097	71 504
A13	64 961	66 582	69 097	71 504	74 019
A14	66 582	69 097	71 504	74 019	76 425
A15	69 097	71 504	74 019	76 425	79 706
A16	71 504	74 019	76 425	79 706	83 096
A17	74 019	76 425	79 706	83 096	86 377

Launaflokkur	1. þrep	2. þrep	3. þrep	4. þrep	5. þrep
A18	76 425	79 706	83 096	86 377	89 768
A19	79 706	83 096	86 377	89 768	93 049
A20	83 096	86 377	89 768	93 049	96 111
A21	86 377	89 768	93 049	96 111	99 173
A22	89 768	93 049	96 111	99 173	102 235
A23	93 049	96 111	99 173	102 235	106 391
A24	96 111	99 173	102 235	106 391	109 344
A25	99 173	102 235	106 391	109 344	112 297
A26	102 235	106 391	109 344	112 297	115 250
A27	106 391	109 344	112 297	115 250	118 859
A28	109 344	112 297	115 250	118 859	122 278
A29	112 297	115 250	118 859	122 278	125 799
A30	115 250	118 859	122 278	125 799	129 426

2. mgr. Laun skv. þessari grein skulu hækka um 3% frá 1. júní 1975, svo sem á var sæst 14. maí 1974.

2. gr.

Í stað „kr. 112.00“ í 12. gr. aðalkjarasamnings komi: kr. 136.00 frá 1. mars 1975.

3. gr.

Aðalkjarasamningur aðila skv. dómsorði í Kjaradómsmáli nr. 2/1973 og sátt frá 14. maí 1974, sbr. og ákvæði laga nr. 13/1975 um launajöfnunarbætur o. fl. að því er tekur til greiðslu verðlagsuppbótar, framlengist að öðru leyti óbreyttur.

4. gr.

Greiðslum gjaldfallinna mánaðarlauna, skv. 1. ákvæði dómsorðs þessa, fyrir tímabilið 1. mars 1975 til 30. júní 1975 skal lokið 20. júní 1975.

Fjármálaráðuneytið, 12. júní 1975.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Guðmundur Einarsson.

Nr. 233. 460 13. maí 1975.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I. HEITT VATN

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli kr. 39.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil kr. 11 466.00 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils. Minnsta magn vatns sé 1 l/mín fyrir hverja 100 m³ húsnæðis.

Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. MÆLALEIGA

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

1.	Fyrir mæla allt að ¾″	kr. 415.00	á mán.
2.	Fyrir mæla frá 1—2″	— 760 00	— —
3.	Fyrir hemla	— 415.00	— —

III. HEIMÆÐAGJALD

Heimæðagjald miðað við heildarrúmmál húsa er sem hér segir:

Allt að 400 m³ kr. 83 000.00

400 til 2000 m³, kr. 83 000.00 af 400 m³ + kr. 69.00 á m³ og þar yfir að 2000 m³.

2000 m³ kr. 193 400.00 + kr. 57.00 á m³ þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 12 100.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulegt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal að fullu greitt þegar tengingu heimæðar er lokið.

IV. OPNUNARGJALD

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 820.00.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Selfosshrepps, staðfestist hér með til að taka gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 346 5. nóvember 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 13. maí 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Húsavíkur nr. 285 18. desember 1970, með síðari breytingum.

A-liður 4. gr. orðist þannig:

Fastagjald, kr. 420.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald, kr. 924.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 13. maí 1975.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

15. maí 1975. Nr. 235.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykjahlíðar, Skútustaðahreppi.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Reykjahlíð og Vogum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð Hitaveitu Reykjahlíðar staðfestri 4. nóvember 1971.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir fyrir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Þangað til varanleg lausn hefur fundist varðandi útfellingu steinefna í vatni hitaveitunnar, gildir sú bráðabirgðaráðstöfun, að gjöld fyrir afnot heita vatnsins miðast við rúmmál húsa.

II. KAFLI

5. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald kr. 15 600.00 á ári fyrir hvert hús.

b. Vatnsgjald kr. 65.00 á ári pr. m^3. Þó skal reikna hálft gjald af bifreiða- og vélageymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum.

Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 5. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiða til innheimtumanns eða í Samvinnubankanum á Húsavík. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjalddaga. Heimilt er að reikna dráttarvexti á gjaldfallnar vanskilaskuldir.

III. KAFLI

7. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 300 m^3 kr. 58 300.00.

Hús 300—2000 m^3 kr. 58 300.00 fyrir 300 m^3 og kr. 51.00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Hús stærri en 2000 m^3 kr. 144 500.00 fyrir 2000 m^3 og kr. 38.00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er kr. 9 000.00.

8. gr.

Gjöld skv. 5. og 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingakostnaðar.

Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða, og að fenginni heimild iðnaðarráðuneytisins.

IV. KAFLI

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, auk kr. 1 000.00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Reykjahlíðar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitunefnd og sveitarstjórn Skútustaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er eldri gjaldskrá sama efnis úr gildi felld.

Iðnaðarráðuneytið, 15. maí 1975.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

16. maí 1975. Nr. 236.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Seltjarnarness nr. 313 11. október 1974.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald, kr. 960.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 16. maí 1975

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

22. maí 1975. Nr. 237.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga, nr. 387 27. desember 1973.

A-liður 4. gr. orðist þannig:

Fastagjald, kr. 600.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald, kr. 1 200.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 22. maí 1975.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 238. 27. maí 1975.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps nr. 322 8. nóvember 1973.

4. gr. orðist þannig:

Hitaveitan tekur leigu af hemlum og skal hún vera kr. 320.00 á hemil á mánuði. Vatnsgjald er kr. 570.00 fyrir hvern lítra á mínútu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. maí 1975.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 239. 26. maí 1975.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar — 31. maí 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi grundvallarverð á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar — 31. maí 1975:

Söltuð ufsaflök.

15/20	.....	kr. 220.00
21/25	.....	— 215.00
26/30	.....	— 207.00
31/35	.....	— 200.00
36/40	.....	— 192.00

Verð þessi eru c. i. f. Verðbil verður 3% er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum nema 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. maí 1975.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

23. maí 1975. Nr. 240.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaðina í Reykjavík.

Einstök skipti, fullorðnir	kr.	60.00
— — börn	—	25.00
10 miða kort fullorðnir	—	400.00
— — — börn	—	150.00
Gufubað	—	120.00
Leiga á sundfötum	—	40.00
Sundnámskeið fullorðnir, 20 st.	—	1 500.00
— börn 20 st.	—	1 000.00

Íþróttafélög:

16 ára og eldri, 10 miðar	—	200.00
Yngri en 16 ára, 10 miðar	—	120.00

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Með gjaldskrá þessari er úr gildi felld gjaldskrá nr. 285 18. september 1974.

Félagsmálaráðuneytið, 23. maí 1975.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

21. maí 1975. Nr. 241.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jónasar Halldórssonar og Ara Hermannsonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. maí 1975.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Jónasar Halldórssonar og Ara Hermannssonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður hinn 15. sept. 1974 til minningar um Jónas Halldórsson bónda, Leysingjastöðum, og Ara Hermannsson bankagjaldkera, Blönduósi, en þeir létust af slysförum hinn 25. ágúst 1973.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000.00 og er það lagt fram af foreldrum Jónasar, þeim Halldóri Jónssyni bónda og konu hans, frú Oktavíu Jónasdóttur, búendum á Leysingjastöðum.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Búnaðarbanka Íslands, útibúinu á Blönduósi, eða á annan tryggilegan hátt að mati sjóðsstjórnarinnar.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hjálparsveit skáta, Blönduósi og Slysavarnardeildina Blöndu á Blönduósi til kaupa á tækjum og búnaði til sameiginlegra nota við æfinga-, björgunar- og leitarstörf eða öðru því, sem stjórn sjóðsins telur mesta nauðsyn á, á hverjum tíma.

Óheimilt er að nota fé sjóðsins til reksturs þessara sveita, en heimilt er sjóðsstjórninni að veita þeim félögum sveitanna, sem sérstaklega mikinn áhuga og mikið starf leggja fram, lán úr sjóðnum með venjulegum bankakjörum til kaupa á þeim áhöldum og búnaði, sem þarf í „einstaklingsútbúnað", enda leggi lánþeginn fram fullnægjandi tryggingu að mati sjóðsstjórnarinnar og greiði lánið upp eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar hverju sinni. A. m. k. skulu líða 5 ár frá því að félagi fær lán þar til hann getur öðlast umsóknarrétt öðru sinni.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

5. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku minningargjöfum og öðrum gjöfum.

Sérstök þar til gerð bók skal liggja frammi hjá formönnum sveitanna og skal færa í þær stutt æviágrip þeirra, sem minningargjafir eru gefnar um. Skulu gefendur annast ritun þeirra.

6. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita fé úr sjóðnum eftir því sem henni þykir henta, þó þannig að óheimilt er að skerða höfuðstól sjóðsins að viðbættum 1/10 hluta vaxta hvers árs.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipa til eins árs í senn, en hana skulu skipa: Halldór Jónsson, eða maður tilnefndur af honum og/eða konu hans, frú Oktavíu Jónasdóttur. Maður tilnefndur af Hjálparsveit skáta Blönduósi. Maður tilnefndur af Slysavarnadeildinni Blöndu á Blönduósi. Skulu menn þessir skipta með sér verkum. Er þeirra hjóna Halldórs og frú Oktavíu nýtur ekki lengur við eða þau óska eftir að hætta að hafa beina aðild að umsjón sjóðsins skal í þess stað maður tilnefndur af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu taka sæti í stjórn sjóðsins. Endurskoðendur reikninga sýslusjóðs Austur-Húnavatnssýslu skulu endurskoða reikninga sjóðsins árlega.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi alla framkvæmd fjárveitinga sjóðsins, reikningshald og fjárreiður allar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

SAMÞYKKT

um hundahald í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Hundahald er bannað í Vestmannaeyjum.

2. gr.

a) Sækja skal skriflega um undanþágu til hundahalds til bæjarskrifstofunnar. Sé undanþága veitt, skal eigandi hundsins fá afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.

b) Árlega skal bæjarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem bæjarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í kaupstaðnum og skal upphæðin við það miðuð.

c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Lágmarks vátryggingarfjárhæð skal vera samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni, að tryggingin sé í fullu gildi.

d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Sé hundurinn bundinn á einkalóð skal taumurinn ekki vera lengri en svo að hundurinn komist hvergi út af lóðinni. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, fiskvinnslustöðvar, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.

e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski ekki ró íbúa kaupstaðarins, og séu hvorki þeim né öðrum, sem um kaupstaðinn fara, til óþæginda.

f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Yfirvöld skulu þó ávallt gefa leyfishafa kost á því, að koma hundinum á brott úr kaupstaðnum.

Bæjarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að fela Hundavinafélagi Vestmannaeyja að framkvæma í sínu umboði þau störf, sem bæjarstjórn er falið að annast samkvæmt samþykkt þessari, enda sé fyrirgreiðsla við hundaeigendur óháð aðild að hundavinafélaginu.

4. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. maí 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Þórunn Klemenzdóttir.

VIÐAUKI

við byggingarsamþykkt Laugardalshrepps nr. 54/1967 sbr. auglýsingu nr. 23/1967.

I. KAFLI
Um sumarbústaði.

1. gr.

Sumarbústaður samkvæmt samþykkt þessari, er hús, sem aðeins er ætlað til samfelldrar dvalar að sumri til, en á öðrum tímum árs aðeins endrum og eins, einkum um helgar.

2. gr.

Reisa má sumarbústaði á þeim svæðum í hreppnum, þar sem slíkt er ákveðið í aðalskipulagi, svo og á þeim svæðum öðrum, þar sem hreppsnefnd og skipulagsstjórn ríkisins samþykkja.

3. gr.

Nú óskar eigandi (eigendur) lands, þar sem reisa má sumarbústaði, heimildar til að skipta því í sumarbústaðalönd, og skal hann þá senda hreppsnefnd uppdrátt af landinu ásamt tillögum sínum um skipulag landsins í stórum dráttum, sbr. reglugerð nr. 217/1966 25. gr.

Ef hreppsnefnd eða skipulagsstjórn geta ekki fallist á tillögur, samkvæmt 1. mgr., skal hún svo fljótt sem verða má, tilkynna landeiganda hverju hún telur áfátt.

4. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að landeigandi leggi fram land undir vegi og sameiginleg útivistarsvæði allt að ⅓ heildarflatarmáls þeirra sumarbústaðalanda, er samþykkt hennar nær til, sbr. 30. gr. í lögum nr. 19/1964.

5. gr.

Þegar hreppsnefnd og skipulagsstjórn hafa samþykkt tillögu að skipulagi landsins og heimilað skiptingu, samkvæmt 3. gr., skal eigandi láta gera uppdrátt að hverju landi fyrir sig, sem hann selur eða leigir, í mælikvarða ekki minni en 1:1000, og skal sá uppdráttur fylgja afsali.

Á uppdrætti skal sýna:

1. Hugsanlega staðsetningu húss, bílastæða og bílskýlis, ef um slíkt verður að ræða.
2. Vatnsból (þar með taldar borholur eftir vatni), sem kunna að vera á landinu eða í næsta nágrenni þess, ef hætta er talin á mengun þess.
3. Fyrirhugaða rotþró, nema sýnt sé fram á að veita megi skólpi brott á annan hátt, en ekki má setja rotþró nær mörkum en 10 metra.
4. Raflínur og aðrar lagnir, sem taka þarf tillit til í sambandi við notkun landsins.
5. Hvar aðkoma að landinu sé fyrirhuguð frá opinberum vegi og hver sé stærð landsins, en að jafnaði skulu sumarbústaðalönd ekki vera minni en 0,5 hektarar, nema í sumarbústaðahverfum, þar skal lágmarksstærð lóðar vera 2000 m².

6. gr.

Þegar eigandi sumarbústaðalands ráðstafar slíku landi með afsali eða leigusamningi, skal hann kynna kaupanda (leigutaka) hverjum skilyrðum byggingarleyfi og notkun lands er háð.

Ekki má þinglýsa afsali eða leigusamningi, nema hreppsnefnd hafi hafnað forkaupsrétti (forleigurétti) og staðfest þá ákvörðun með áritun á afsal eða leigusamning. Við áritun á afsal eða leigusamning skal þess gætt, að skilyrða, samkvæmt 1. mgr., sé getið í texta eða á viðfestu blaði, þannig að ekki verði um villst.

Í afsali (leigusamningi) eða á viðfestu blaði skal taka fram eftirfarandi atriði eftir því sem þau geta átt við:

1. Til hve langs tíma byggingarleyfið gildir, en hreppsnefnd ákveður þann tíma fyrir hvert einstakt svæði, þar sem heimilt er að reisa sumarbústaði. Leyfistími skal þó aldrei vera lengri en 25 ár í senn.
2. Hámarksstærð sumarbústaðar er 45 m². Að jafnaði má hann ekki vera hærri en ein hæð og skulu teikningar af bústaðnum lagðar fram í þríriti ásamt afstöðumynd.
3. Sumarbústaður má ekki standa nær mörkum en 10 metra og ekki nær vegi en 15 metra. Girðingar á mörkum skulu vera limgerði eða lágar einfaldar girðingar, nema hreppsnefnd heimili annars konar girðingu.
4. Sumarbústaðir skulu gerðir úr timbri eða öðru léttu efni.
5. Eiganda sumarbústaðar er skylt að ganga frá rotþró eða skólpveitu, olíugeymi vegna upphitunar, þar sem slíkt er leyft og geymslu sorps svo og eyðingu þess (brottflutningi) þannig að fullnægjandi sé að dómi hreppsnefndar (heilbrigðisnefndar).
6. Eiganda er skylt að hlíta reglum, er hreppsnefnd kann að setja um lagnir vatns og frárennslis, rafmagns og síma og annan tæknilegan umbúnað.
7. Eftir að byggingarleyfi er fallið úr gildi, getur hreppsnefnd krafist þess, að sumarbústaður og önnur mannvirki verði fjarlægð henni að kostnaðarlausu. Tilkynna skal slíka ákvörðun með a. m. k. 1 árs fyrirvara.

   Ef sumarbústaði er svo illa við haldið eða ásigkomulag hans að öðru leyti þannig, að til verulegrar óprýði er, og eigandi sinnir ekki áminningu um að bæta úr innan hæfilegs tíma, er hreppsnefnd heimilt að láta fjarlægja hann á kostnað eiganda. Heimild er þó háð því, að tveir dómkvaddir menn votti, að ástand bústaðarins sé slíkt, sem að framan greinir.
8. Um þrifnað á sumarbústaðalöndum og aðkeyrslu, skulu gilda ákvæði heilbrigðis- og lögreglusamþykkta hreppsins, eftir því sem þær geta átt við.
9. Í leigusamningi eða afsali skal auðkenna land með nafni og/eða númeri, þannig að ekki verði um villst.
10. Jafnframt því, að hreppsnefnd veitir leyfi til skiptingar lands í sumarbústaðalönd greiðir landkaupandi eða leigjandi:

    Við afhendingu byggingarleyfis í hreppssjóð sérstakt gjald eftir reglum, er hreppsnefnd setur. Gjald þetta skal vera fyrir 25 m² hús kr. 10 000.00 síðan kr. 1 000.00 til viðbótar á hvern fermetra umfram 25 m². Hámarksgjald skal þó vera kr. 25 000.00 og er þá miðað við hámarksstærð, samkvæmt 2. tl. 6. gr.

    Auk þessa er hreppsnefnd heimilt að innheimta eftirlitsgjald að fjárhæð kr. 1 000.00 árlega af hverju sumarbústaðalandi vegna nauðsynlegrar gæslu og eftirlits.

    Á gjöld samkvæmt grein þessari má koma álag sem nemur hækkun vísitölu byggingarkostnaðar, eftir að reglugerð þessi öðlast gildi.

7. gr.

Byggingarnefnd veitir byggingarleyfi fyrir sumarbústöðum, og skulu uppdrættir gerðir eftir þeim reglum, sem settar eru í byggingarsamþykkt, eftir því sem þær geta átt við.

8. gr.

Nú óskar eigandi lands, þar sem reisa má sumarbústaði, að skipuleggja þar sumarbústaðasvæði, er sé undir stjórn félagssamtaka, og skulu þá gilda reglur 2.—6. gr., eftir því sem þær geta átt við. Heimila má, að land slíks sumarbústaðasvæðis sé óskipt, og er þá leyfilegt að reisa stærri sumarbústaði, en segir í 6. gr., þó eigi stærri en 50 m².

Ef um er að ræða sumarbústaðasvæði, eins og að ofan greinir, getur hreppsnefnd áskilið til tekna samræmda gerð húsa, að því er varðar þök og útlit. Hún getur og áskilið, að á skipulagi séu sýnd sameiginleg leiksvæði, gróðurbelti, gangstígar, bílastæði og annað slíkt. Um gerð og viðhald sameiginlegra mannvirkja, skal höfð hliðsjón af 3. kafla laga nr. 19/1959 um réttindi og skyldur sameigenda.

9. gr.

Nú vill eigandi sumarbústaðalands, selja það, með eða án mannvirkja og hefur þá hreppssjóður forkaupsrétt.

10. gr.

Nú rís ágreiningur milli landeiganda og hreppsnefndar um skilning á samþykkt þessari eða framkvæmd hreppsnefndar á henni, og sker þá ráðherra úr.

Viðauki þessi sem saminn er og samþykktur af hreppsnefnd Laugardalshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1905 sbr. lög nr. 84/1943 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. maí 1975.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 244. 24. maí 1975.

SAMÞYKKT

um hundahald í Húsavíkurkaupstað.

1. gr.

Hundahald er bannað í Húsavíkurkaupstað.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingum, búsettum í kaupstaðnum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu kaupstaðarins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
b. Árlega skal bæjarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem bæjarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í kaupstaðnum og skal upphæð þess við það miðuð.
c. Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.

d. **Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd** með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir eða aðra þá staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð. Sama gildir og um aðrar verslanir í kaupstaðnum. Bannað er að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, leikhús, félagsheimili, kvikmyndahús, sundlaug og hótel. Bannað er að fara með hund inn á skipulögð leiksvæði barna.

e. **Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski ekki ró íbúa** kaupstaðarins, og séu hvorki þeim né öðrum, sem um bæinn fara, til óþæginda.

f. **Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á. m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.**

g. Skráðum bændum skal heimilt að halda hunda án gjalds og einnig er leyfilegt að skrá viðurkennda veiðihunda án gjalds.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal honum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. maí 1975.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Þórunn Klemenzdóttir.

26. maí 1975. Nr. 245.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins um raforkusölu í heildsölu.

I. GJALDSKRÁRLIÐIR

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

11.	Fast gjald	kr.	F 1.
	Orkugjald	—	42.00 á kWst.
12.	Fast gjald	—	F 1 + F 2.
	Orkugjald	—	22.70 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

21.	Fast gjald	—	F 1 + F 3.
	Orkugjald	—	10.90 á kWst.
	Markmæling:		
23.	Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	—	57 296.00 á ári
	Aflgjald umfram 4 kW að hámarksaflsstillingu 20 kW	—	7 758.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	1.35 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	10.90 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

31.	Fast gjald	—	F 1 + F 2
	Lágmarksgjald	—	48 × F 1 á ári
	Orkugjald	—	22.70 á kWst.
32.	Aflgjald, lágmark 3 kW	—	42 095.00 á ári
	Aflgjald, umfram 3 kW	—	11 354.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F 1 + F 3
	Orkugjald	—	4.20 á kWst.
34.	Til súgþurrkunar á tímabilinu frá 1. júní til 31. október.		
	Aflgjald	—	4 233.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F 1
	Orkugjald	—	1.80 á kWst.

4. Húshitun.

41.	Fast gjald	—	F 1 + F 4
	Orkugjald	—	5.05 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
42.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F 1 + F 4
	Orkugjald	—	2.14 á kWst.
	Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		
	Markmæling:		
43.	Fast gjald	—	F 1
	Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	—	15 720.00 á ári
	Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	3 144.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	1.20 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	9.30 á kWst.
	Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		
44.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F 1 + F 4
	Orkugjald	—	1.10 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. að degi til.		

5. Utanhússlýsing.

51.	Fast gjald	—	F 1
	Fyrir hvert götuljósker	—	5×F 1 á ári
	Orkugjald	—	5.20 á kWst.
52.	Fast gjald	—	F 1
	Orkugjald	—	11.10 á kWst.

6. Lokun fyrir veitu.

Gjöld fyrir lokun og enduropnun á veitu vegna vanskila eru samtals ..... fyrir hvert skipti.	—	2 023.00

II. SKILGREINAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Föst gjöld.

F 1	kr.	327.00	á mánuði
F 2 a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	12.20	á m^2 á mán.
b) Gangar, geymslur o. þ. h.	—	6.10	á m^2 á mán.
F 3	—	129.00	á gjaldeiningu á mánuði

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki gangar, baðherbergi né geymslur.
Herbergi 5 ferm. eða minna reiknast hálft, en 25 ferm. eða stærra tvö.

b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h. 20 ferm., mælt innan útveggja.

c) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 ferm. eða minna, ein gjaldeining. Hverja næstu 100 ferm., ein gjaldeining.

d) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 ferm. fyrir vinnslurúm, 40 ferm. fyrir geymslurúm.

F 4 Hvert uppsett kW	kr.	600.00	á ári

2. Mestaaflsmæling.

1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalálag.
2. Gjaldskrárliður 32.
Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskbræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskylt afl meðaltal tveggja hæstu álestra.
Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

3. Véla og tækjaálag.

1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi.
Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku meðan fasviksstuðull er undir 0.8.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.
Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F 4.

4. Verð til hitunar.

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð díselolíu í Reykjavík til olíukyndingar kr. 13.70 hver lítri. Við hverja 10 aura útsöluverðsbreytingu, frá grunnverði reiknað á kyndingarolíu skal hitaverð lækka eða hækka hver kWst. um 4.0 aura á gjaldskrárlið 41, 1.7 aura á lið 42, 1.5 aura á lið 43 og 0.9 aura á lið 44. Einnig skal kWstgjald á gjaldskrárlið 23 lækka eða hækka um 1 eyri hver kWst., við sömu verðbreytingu á olíu.

5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis samkv. ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á díselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskrám um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins.

IV. ANNAÐ

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWstgjaldi á gjaldskrárlið 23. Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. júní 1975, skv. auglýsingu nr. 201 22. maí 1975, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er eldri gjaldskrá sama efnis úr gildi felld.

Iðnaðarráðuneytið, 26. maí 1975.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 246. 5. júní 1975.

REGLUR

um sérstaka skráningu bifreiða til notkunar um stundarsakir hér á landi.

1. gr.

Heimilt er að skrá samkvæmt reglum þessum bifreiðir, sem inn eru fluttar án greiðslu aðflutningsgjalda.

Heimild þessi tekur aðeins til ónotaðra bifreiða, sem keyptar eru hér á landi, og hafa eigi verið skráðar áður hérlendis eða erlendis.

Reglur þessar ná eigi til bifreiða þeirra, sem úrlendisréttar njóta.

2. gr.

Rétt til að fá bifreið skráða samkvæmt reglum þessum hefur sá maður, sem staddur er hér á landi, en hefur átt lögheimili erlendis a. m. k. næstliðin 2 ár, og

ekki jafnframt átt lögheimili hér á landi. Skráning er háð því, að eigandi bifreiðarinnar skuldbindi sig til að hlíta eftirtöldum almennum skilyrðum:

a. Að hann aki bifreiðinni sjálfur, maki hans eða launaðir ökumenn hans.
b. Að bifreiðin verði ekki lánuð, leigð eða notuð til flutninga gegn greiðslu.
c. Að hann flytji bifreiðina til útlanda, þegar hann fer af landi brott.
d. Að hann hlíti þeim nánari reglum, sem settar kunna að verða um bifreiðir þessar og eftirlit með þeim.

Skráningartími er 3 **mánuðir.**

3. gr.

Heimilt er að framlengja skráningartíma bifreiðar, sem skráð hefur verið samkvæmt 1., sbr. 2. gr., um 3 mánuði í senn, allt að tólf mánuðum frá fyrstu skráningu, enda færi hinn skráði eigandi sönnur á, að hann fullnægi eftirtöldum frekari skilyrðum:

a. Að hann hafi hvorki launaða atvinnu hér á landi né reki hér atvinnufyrirtæki.
b. Að hann hafi ekki tekið sér lögheimili hér á landi.
c. Að hann hafi ekki flutt búslóð sína hingað til lands.

Nú eru framangreind skilyrði eigi fyrir hendi, og er þá í undantekningartilvikum heimilt að framlengja skráningartíma um þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum frá fyrstu skráningu.

4. gr.

Nú eru skilyrði fyrir skráningu bifreiðar samkvæmt 2. gr. eða framlengingu skráningar samkvæmt 3. gr. rofin eða forsendur skráningar niður fallnar, og skal lögreglustjóri þá þegar í stað taka bifreiðina úr notkun.

5. gr.

Þegar gildistíma skráningar lýkur, er notkun bifreiðar óheimil hér á landi, enda hafi venjuleg skráning ekki farið fram. Nú hefur bifreið eigi verið flutt úr landi fyrir lok gildistíma skráningar, og skal hún þá tekin úr notkun.

6. gr.

Lögreglustjórinn í Reykjavík og bæjarfógetinn á Akureyri annast skráningu og framlengingu skráningartíma bifreiða samkvæmt reglum þessum. Áður en skráning eða framlenging skráningar fer fram, skal liggja fyrir yfirlýsing tollyfirvalds um, að skilyrði skráningar eða framlengingar, sbr. 2. og 3. gr., séu fyrir hendi, svo og gögn um að lögmæltum reglum um vátryggingu og skoðun hafi verið fullnægt.

Fyrir skráningu bifreiðar skal greiða gjald til ríkissjóðs, kr. 2 000.00, en fyrir framlengingu hverju sinni, kr. 1 000.00 og annast viðkomandi lögreglustjóri innheimtu þess.

7. gr.

Á hverri bifreið, sem skráð er samkvæmt reglum þessum, skulu vera skráningarmerki að framan og aftan. Skráningarmerkin skulu vera með fjórum hvítum tölustöfum (0001—9999), 90 mm á hæð, á svörtum grunni. Á hvorri hlið skráningarmerkis skal vera 45 mm lóðrétt rauð rönd. Vinstra megin skal skrá með hvítum tölustöfum röð þess mánaðar og hægra megin tvo síðustu tölustafi þess árs, þegar gildistíma skráningar lýkur.

Bifreiðaeftirlit ríkisins sér um gerð skráningarmerkja, sem viðkomandi lögreglustjóri lætur í té gegn því gjaldi, sem ráðuneytið ákveður.

Auk skráningarmerkis skal bifreið búin íslensku þjóðernismerki (ÍS).

8. gr.

Í skráningarskírteini skal tilgreina, hvenær gildistíma skráningar lýkur.

9. gr.

Ákvæði reglna þessara gilda með sama hætti um bifhjól. Skráningarmerki þeirra skulu vera 90 mm á hæð og stafir minni í sama hlutfalli.

10. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

11. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 10. tölulið 3. gr. laga nr. 6 5. mars 1974 um tollskrá o. fl., sbr. og umferðarlög nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. júní 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 247. 29. maí 1975.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akraness.

I. KAFLI
RAFORKUSALA

Rafveita Akraness selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Almenn notkun.

A.1. **Til lýsingar:** Um kWst.-mæli á kr. 8.41 hverja kWst. auk fastagjalds er reiknast þannig:

Kr. 13.80 á mánuði af hverjum m^2 gólffletar, er lýsa skal. Þó skal aðeins reikna helming gólffletar til gjalda í göngum og geymslum o. þ. h. Einnig í sjúkrahúsum, elliheimilum og vistheimilum fyrir börn. Ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.

B.1. **Til heimilisnotkunar:** Um kWst.-mæli á kr. 7.14 hverja kWst. auk fastagjalds, er reiknast þannig:

Kr. 60.30 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m^2, skal reikna sem hálft, en ef herbergi er stærra en 25 m^2 skal reikna hverja byrjaða 25 m^2 sem herbergi.

C.1. **Til véla:** Um kWst.-mæli á kr. 8.41 hverja kWst. auk fastagjalds, er reiknast þannig:

Kr. 178.30 á mánuði fyrir hvert kW í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum barna og í gisti- og veitingahúsum.

Um kWst.-mæli án fastagjalds, þannig:

A.2. **Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verður felld undir aðra liði gjaldskrárinnar:**
Kr. 34.20 fyrir hverja kWst.

B.2. **Til véla og vinnulagna í byggingum í smíðum og til véla við Akranesshöfn:**
Kr. 17.82 fyrir hverja KWst.
Eftir þessum lið má einnig selja raforku til skipa við Akranesshöfn. Gjald miðast við hverja byrjaða tólf tíma og allt að 40% af ástimpluðri flutningsgetu tengla er verða 3×35 A og 3×63 A. 220 V.

C.2. **Til véla í matvælaiðnaði:**
Kr. 6.32 fyrir hverja kWst, enda sé uppsett rafafl fastra véla yfir 40 kW og árlegur nýtingartími vélanna eigi skemmri en 1200 kWst. á hvert uppsett kW þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag um hádegið á tíma mesta álags. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til rafsuðu málma.

E.2. **Til götu- og hafnarlýsingar:**
Samkvæmt árlegri ákvörðun bæjarstjórnar Akraness, og kosti rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Um mestaálagsmæli þannig:

A.3. **Til atvinnufyrirtækja með meira en 40 kW afl, sem mesta ársálag.**
Kr. 8 209.00 fyrir hvert kW mesta álags á árinu og kr. 2.44 fyrir hverja kWst.

II. KAFLI
Hitanotkun.

Um kWst.-mæli á:

D. 1. kr. 5.13 á kWst. án rofs.
D. 2. 3.10 á kWst. með allt að 1½ klst. rofi á sólarhring.
D. 3. 2.88 á kWst. með allt að 2½ klst. rofi á sólarhring.
D. 4. 2.30 á kWst. með allt að 4½ klst. rofi á sólarhring.
D. 5. 1.63 á kWst. með allt að 14½ klst. rofi á sólarhring.
D. 6. 1.89 á kWst. ef notkun fer fram eingöngu á tímabilinu frá 1. maí til 15. október ár hvert. Roftími er allt að 3 klst. á sólarhring. Einnig má selja eftir þessum taxta orku, sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

Eftir taxta D. 3. má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið.

Gjaldið breytist með útsöluverði á díselolíu í Reykjavík, á hverjum tíma og miðast hér við grunnverð kr. 16.25 á olíulítra. KWst. gjaldið standi jafnan á heilum eyri.

Sala til hitanotkunar er háð nánari ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:

a. Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar), að dómi rafveitustjóra.

b. Að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álag, að dómi rafveitustjóra.

c. **Verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu, að dómi rafveitustjóra og rafveitunefndar**
Notendur rafhita skulu fá skrifleg leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Þar skal greint frá hve mikið afl er heimilt að setja upp og hvaða gjaldalið skuli greitt eftir. Ef tvö ár eru liðin frá útgáfu slíks leyfis, en notkun ekki hafin, skal leyfið endurnýjað. Sé það ekki gert, fellur leyfið úr gildi.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

d. Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum búnaði, og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum samkvæmt 2. kafla.

e. Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafhitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum. M. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum, hitastillar notaðir.

f. Að notkun um mæli hitalagnarinnar sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþegin þessu ákvæði er þó notkun samkvæmt taxta D.1. Ef notkun er minni en 6000 kWst. á ári, er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. notkun eða færa notkunina yfir á taxta D.1.
Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja raforku eftir sérstökum samningi, í hvert skipti.

III. KAFLI
MÆLA- OG ROFALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi:

1.	Af einfasa kWst. mæli, allt að 30 amp.	kr. 21.80	á mán.
2.	Af þrífasa kWst.-mæli 50 amp. og minni	— 43.70	— —
3.	Af þrífasa kWst.-mæli yfir 50 amp. til 200 amp.	— 106.10	— —
4.	Af þrífasa kWst.-mæli yfir 200 amp.	— 158.10	— —

Af klukkurofum skal notandinn greiða leigu sem hér segir:

1.	Af ein- eða tvípóla kl.rofa 40 amp. og minni	kr. 135.50	á mán.
2.	Af þrípóla kl.rofa 60 amp. og minni	— 173.00	— —
3.	Af þrípóla kl.rofa yfir 60 amp. til 200 amp.	— 217.50	— —
4.	Af þrípóla kl.rofa yfir 200 amp.	— 276.70	— —
5.	Af fjarstýrandi klukkurofa	— 45.00	— —

Af öðrum mælitækjum og rofum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði tækisins.
Leiguna skal innheimta um leið og gjald fyrir raforkuna.

IV. KAFLI
TENGIGJÖLD
(Heimtaugargjöld).

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða tengigjald, sem hér segir:

Gjaldskrárliður Nr.	Málstraumur stofnvara 220 V kerfi amp.	380 V kerfi amp.	Flutningsgeta miðuð við stærð stofnvara kVA	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða loft.h. allt að 30 m kr.
1.1	2 × 60	1 × 60	13	13 422.00
1.2	3 × 60	2 × 60	22	18 864.00
1.3	3 × 100	3 × 60	38	27 055.00
1.4		3 × 100	66	44 556.00
1.5	3 × 200		76	50 685.00
1.6	3 × 350	3 × 200	132	83 138.00
1.7		3 × 350	231	142 072.00

Fyrir vinnuheimtaugar fyrir hús í byggingu á skipulögðum svæðum skal greiða kr. 4 900.00.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern meter umfram fyrstu 15 metrana þannig: Yj = (1173 + 13 × kVA) kr./m.

Yfirlengd loftlínu reiknast á hvern meter umfram fyrstu 30 metrana þannig: Yl = (192+9 × kVA) kr./m., að viðbættum kr. 9 875.00 á hvern stólpa í umframlínu.

Tengigjöld miðuð við stærð spenna:

Gjaldskrárliður nr.	Stærð spennis kVA	Tengigjald kr.
2.1	150	94 332.00
2.2	300	188 663.00
2.3	500	299 942.00
2.4	750	445 520.00

Tengigjald skal reikna eftir þessum gjaldskrárlið, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir, að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja, að öllu leyti, settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Kostnaður notandans við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

Þessi gjaldskrá tengigjalda, gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald eftir kostnaði skv. reikningi rafveitunnar. Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

V. KAFLI
OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 665.00.
2. Ef fundin er óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 665 gjald í skrifstofu rafveitunnar.

Í framangreindum verðum er innifalinn 20% söluskattur, nema í kafla 2, sölu til hitanotkunar, en á þá sölu er ekki lagður söluskattur. Á 1. kafla gjaldskrárinnar er einnig lagt 13% verðjöfnunargjald.

Hækki innkaupsverð á raforku er hitaveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 50% af þeirri hækkun, þó aðeins að til komi sérstakt samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestis hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi sbr. augl. nr. 67 11. apríl 1975, og til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er eldri gjaldskrá úr gildi felld.

Iðnaðarráðuneytið, 29. maí 1975.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 248. 14. maí 1975.

REGLUGERÐ

um Stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins og er myndaður samkv. 37. gr. laga nr. 31, 1973.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt og 4 menn, sem stjórn Búnaðarfélags Íslands kýs, einn úr hverjum landsfjórðungi, og skulu þeir kosnir er nýkjörið Búnaðarþing kemur saman.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru þær, sem kveðið er á um í 37. gr. laga nr. 31, 1973. Eru þær 20% af söluverði ógeltra hesta til útflutnings og 10% af verði útfluttra hryssna. Útflytjendur hrossa skulu standa skil á þessu gjaldi til Búnaðarfélags Íslnads eigi síðar en þrem mánuðum eftir að hrossin eru flutt úr landi.

4. gr.

A. Að styrkja hrossaræktarsambönd, stofnræktarfélög og stofnræktarbú til kaupa á kynbótahrossum.
   1. Styrkja kaup á kynbótahestum, sem hlotið hafa I. og II. verðlaun, og öðrum álitlegum stóðhestum, sem yrðu að öðrum kosti fluttir úr landi. Styrkfjárhæð má nema 30 til 50% af kaupverði.
   2. Styrkja kaup á efnilegum ungum stóðhestum. Styrkfjárhæð má nema 20 til 40% af kaupverði.
   3. Styrkja kaup á kynbótahryssum, er hlotið hafa I. og II. verðlaun, sem annars yrðu fluttar úr landi. Styrkfjárhæð má nema 10 til 20% af kaupverði.

B. Að lána hrossaræktarsamböndum, stofnræktarfélögum og stofnræktarbúum til kaupa á kynbótahrossum.
   1. Veita lán til kaupa á ættbókarfærðum stóðhestum, sem annars yrðu fluttir úr landi. Miðað skal við, að styrkur og lánsfjárhæð geti numið allt að 80% af kaupverði.

2. Veita lán til kaupa á ungum stóðhestum. Miða skal við, að lánsfjárhæð og styrkur geti numið allt að 60% af kaupverði.
3. Veita lán til kaupa á ættbókarfærðum hryssum. Lánsupphæð skal miðuð við, að styrkur og lán geti numið allt að 50% af kaupverði.

5. gr.

Lán þessi skulu vera til 5 ára gegn veði í viðkomandi hrossi, enda sé hrossið tryggt á fullnægjandi hátt. Vextir af láninu skulu vera almennir sparisjóðsvextir.

6. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins með samþykki stjórnar Búnaðarfélags Íslands að kaupa stóðhesta handa stóðhestastöð ríkisins, sem hrossaræktarsambönd eða hrossaræktarbú sjá sér ekki fært að kaupa, ef stjórnin telur þá dýrmæta til ræktunar innanlands, en ella yrðu þeir seldir úr landi eða vanaðir.

7. gr.

Ef fjárhagur sjóðsins yrði þröngur hafa hrossaræktarsambönd forgang fram yfir stofnræktarfélög og stofnræktarbú til styrkja og lána.

8. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Búnaðarfélags Íslands, sem lætur ávaxta það fé, sem í honum er geymt og annast félagið reikningshald hans. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir með reikningum Búnaðarfélags Íslands.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. maí 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

29. maí 1975. Nr. 249.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Sauðárkróks.

I. RAFORKA

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing:

1.1.	Til almennrar lýsingar um kWst. mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	38.00 á kWst.
1.2.	Til almennrar lýsingar um kWst. mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	13.60 - —
	Fastagjald af gólffleti í rúmi því, er lýsa skal:		
	Verslanir, skrifstofur, vinnustaðir o. þ. h.	—	201.00 á m² á ári
	Geymslur og gangar þeim tilheyrandi	—	66.35 - — - —

1.3. Til hafnarlýsingar um kWst. mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 11.00 á kWst.

1.4. Raforku til ljósa í beituskúrum má selja án mælis .. — 28 274.00 árskW.
enda sé spennan 32 volt og skriflegur samningur gerður um notkunina.

2. Almenn heimilisnotkun:

2.1. Um kWst. mæli þannig reiknað:

a. Grunngjald	kr.	66.00	á mán.
b. Orkugjald af allri notkun	—	8.60	- kWst.
c. Fastagjald af hverju herbergi	—	66.00	- —

Við útreikning á herbergjagjöldum, skal telja öll herbergi sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m², eða minna, reiknast hálft, en 25 m² eða stærra, tvö.

3. Vélanotkun:

3.1. Um kWst. mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 22.00 á kWst.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til lýsingar, og reiknast þá að auki fermetragjald af gólffleti eftir sömu reglum og gilda um lið 1.2., en er þriðjungi lægra.

Raforku til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, má selja um kWst. mæli eftir þessum gjaldskrárlið. Þá eru engin fastagjöld reiknuð, önnur en mælaleiga, samkvæmt kafla II.

3.2. Um afl og orkumæla:

Fastagjald	kr.	9 853.00	á ári
Aflgjald af notuðu afli, lágm. 2 kW.	—	9 853.00	hvert árskW.
Orkugjald	—	3.32	á kWst.

Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið.

Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2., og lágmarksaflgjald, sem svarar 20 kW.

3.3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kWst. mæli:

Fastagjald	kr.	9 853.00	á ári
Orkugjald	—	3.32	á kWst.
Fastagjald, miðað við málraun véla, lágmark 2 kW. .	—	8 165.00	hvert árskW.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólahrings.

4. Hitun: ..

4.1. Til húshitunar, roftími 2 × 1½ klst. á dag, um kWst. mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald án söluskatts ..... kr. 2.40 á kWst.

4.2. Önnur hitanotkun, roftími 2 X 1½ klst. á dag, um kWst. mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 3.12 - —

4.3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. á dag, um kWst. mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 2.53 á kWst.
Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:
Minnsta ársnotkun sé 6 000 kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um mæla.
c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og ákvörðun sú er skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni ..... kr. 52.00 á mán.
2. Af þrífasa mælum 50 amp. og minni ..... — 86.00 - —
3. Af þrífasa mælum 50—100 amp. ..... — 121.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengs heimtaugar fram úr 15 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur Lágmark kr.	Yfirlengd kr./m.
63A 1-fasa	36 570.00	1 196.00
63A 3-fasa	47 334.00	1 380.00
100A 3-fasa	56 304.00	1 610.00
125A 3-fasa	68 540.00	1 955.00
200A 3-fasa	90 735.00	2 162.00
300A 3-fasa	189 175.00	3 036.00

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir greiðist samkvæmt kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stystu greiðfærri leið að lóðarmörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínudreifistöð.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkvæmt kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildi í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 700.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 700.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Söluskattur 20% auk 13% verðjöfnunargjalds, samtals 33%, eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema á taxta 41.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi nú þegar sbr. og auglýsingu nr. 67 11. apríl 1975 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er eldri gjaldskrá, nr. 43 3. febrúar 1975 úr gildi felld.

Iðnaðarráðuneytið, 29. maí 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 250. 21. maí 1975.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Hildarsjóð við Kvennaskólann í Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. maí 1975.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hildarsjóð við Kvennaskólann í Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Hildarsjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Hildi Ólafsdóttur, sem fæddist 3. apríl 1949 og dó af slysförum í Kópavogi 24. janúar 1963.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er það fé sem safnað var í Kvennaskólanum meðal skólasystra og kennara Hildar dánarárið, kr. 32 000.00 það fé sem safnað var meðal skólasystra vorið 1975, kr. 70 000.00 ásamt gjöf foreldra Hildar kr. 10 000.00. Tekjur sjóðsins eru vextir af innstæðufé hans og gjafir, sem honum kunna að berast.

4. gr.

Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna, svo og annarra gjalda, er skipinu ber að greiða. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi, uns gjöldin eru að fullu greidd.

Þar sem ekki eru í gjaldskrá þessari ákveðnir fastir gjalddagar, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

15. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar gengið hefur verið frá farmskrá.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum eða andvirði þeirra uns gjaldið er greitt.

16. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b, tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipsgjöld tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Dráttarvextir 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð reiknast 2 mánuðum eftir gjalddaga.

Skipsgjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 11. júní 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUR

um öryggisráðstafanir á fiskiskipum með skutrennu.

1. gr.

Á fiskiskipum, sem reglur þessar fjalla um, skal vera eftirgreindur búnaður, og skal hann notaður undir yfirumsjón skipstjórnarmanna eftir því sem aðstæður gefa tilefni til:

a. Að minnsta 5 viðurkennd öryggisbelti úr sterku efni, búin keng til að krækja í líflínu og sylgju, þannig gerðri að fljótlega megi girðast beltinu og sleppa því af sér.
b. Að minnsta kosti 5 líflínur af viðurkenndri gerð, þannig úr garði gerðar að slaki dragist sjálfkrafa af þeim.
c. Öryggishjálmar. Fjöldi hjálmanna á hverju skipi skal miðast við fjölda þeirra, sem á þilfari vinna.

2. gr.

Tveir bjarghringir skulu staðsettir sitt hvoru megin við skutrennu, búnir ljósi. Bjarghringirnir skulu koma til viðbótar þeim, sem hingað til hafa verið fyrirskipaðir.

3. gr.

Fiskiskip, sem falla undir ákvæði þessara reglna og samið hefur verið um smíði á eftir gildistöku þeirra, skulu búin vökva- eða rafknúnum skutrennuloka. Má þetta vera stálþil, sem fellur í stokk neðan þilfars, eða annar búnaður jafngildur að mati siglingamálastjóra, enda skal fyrirkomulag vera háð samþykki hans hverju sinni.

Ofangreint gildir einnig um gömul skip, sem kynnu að verða keypt til landsins eftir gildistöku reglnanna.

4. gr.

Óheimilt er að einn og sami maður hafi samtímis með höndum stjórn skips og spila.

5. gr.

Gerðar skulu ráðstafanir til að draga úr hálku á togþilfari, t. d. með rafsuðupunktum, stállistum eða á annan þann hátt, sem best hentar hverju sinni.

6. gr.

Jafnframt skulu vera fyrir hendi á hverju fiskiskipi, sem reglur þessar ná til, 5 létt björgunarvesti af viðurkenndri gerð, sem sjómenn við vinnu á afturdekki geta haft innan hlífðarfata er þeir telja það nauðsynlegt.

7. gr.

Um borð í fiskiskipum, sem reglur þessar fjalla um, skal vera búnaður til slökkvistarfa, sams konar og um getur í 10. gr. reglna nr. 260 2. okt. 1969 um eldvarnir í fiskiskipum.

8. gr.

Færibönd og aðrar vélar á vinnuþilfari og í lestum skipa þeirra, sem hér um ræðir skulu búnar hlífum að því marki, að þeir sem við þær vinna með tilhlýðilegri aðgæslu, eigi ekki á hættu líf- eða heilsutjón.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í lögum nr. 52 12. maí 1970 um eftirlit meðskipum, staðfestast hér með til að öðlast gildi 1. okt. 1975 og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. júní 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Nr. 271.

REIKNINGUR

sjóðsins Gerðuminning 1974.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1974			kr.	198 329.07
2. a) Áheit Ólafar Sigurjónsd.	kr.	1 000.00		
b) Happdrættislán ríkissjóðs 1973-C (gjöf A. G.)	—	1 000.00		
			—	2 000.00
3. Vextir á árinu				
a) í Landsbankanum	—	11 476.30		
b) í Útvegsbankanum	—	38.63		
c) af spariskírteinum skv. kaupnótu	—	1 770.00		
			—	13 284.93
		Samtals	kr.	213 614.00

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. janúar 1975				
í Landsb. viðskiptab. nr. 5470	kr.	62 215.00		
í Útvegsb. bankab. nr. 10081	—	399.00		
			kr.	62 614.00
Verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs 1974, 1. fl.				
2 á 50 þús. nr. CO 1563—64	—	100 000.00		
5 á 10 þús. nr. BO 1382—1386	—	50 000.00		
			—	150 000.00
Happdrættislán ríkissjóðs 1973-C nr. 086306			—	1 000.00
		Samtals	kr.	213 614.00

Reykjavík, 20. janúar 1975.

Anna Gísladóttir.

Við undirritaðar höfum í dag farið yfir ársreikning sjóðsins ásamt tilheyrandi fylgiskjölum og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 27. janúar 1975.

Guðrún Markúsdóttir. Vigdís Jónsdóttir.

REIKNINGUR

Fiskveiðasjóðs Íslands 1974.

Efnahagsreikningur 31. desember 1974.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum út á:			
	a) Fiskiskip		kr.	7 556 259 440.00
	b) Hraðfrystihús		—	884 682 034.00
	c) Síldar- og fiskimjölsverksmiðjur		—	86 477 844.00
	d) Aðrar fiskvinnslustöðvar		—	234 334 939.00
	e) Skipasmíðastöðvar og dráttarbrautir		—	109 270 827.00
	f) Ýmsar fasteignir (verbúðir o. fl.)		—	50 210 116.00
2.	Fyrirframgreiðslur vegna innlendrar skipasmíði o. fl.		—	1 068 087 923.00
3.	Verðbréf		—	58 624 727.00
4.	Ýmsir skuldunautar		—	19 587 120.00
5.	Bankainnstæður:			
	a) Fiskveiðasjóður	kr. 204 734.00		
	b) Stofnfjársjóður	— 260 255 978.00		
			—	260 460 712.00
			Kr.	10 327 995 682.00

Skuldir:

1.	Skuldir við innlenda banka	kr.	1 447 200 919.00
2.	Skuldir í erl. mynt	—	3 847 553 415.00
3.	Framlagsreikningur Seðlabanka, Landsbanka, Útvegsb.	—	175 393 000.00
4.	Innstæður lántakenda vegna erlendra lána til skipakaupa	—	2 076 994 950.00
5.	Stofnfjársjóður fiskiskipa	—	260 255 978.00
6.	Viðskiptamenn	—	33 837 752.00
7.	Sumarsíldveiðar 1968. Lög nr. 79/1968 17. gr. B	—	6 739 402.00
8.	Gengisjöfnunarstyrkur. Lög nr. 79/1968 17. gr. A	—	7 036 577.00
9.	Skuld á bankaláni nr. 1025 í Seðlabanka	—	10 552 955.00
10.	Eigið fé	—	2 462 430 734.00
		Kr.	10 327 995 682.00

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Reykjavík, 21. janúar 1975.

Sverrir Júlíusson.

Guðjón Halldórsson.
Svavar Ármannsson.

Við undirritaðir höfum endurskoðað reikningsfærslu og bókhald sjóðsins á árinu, fylgiskjöl, lánsskjöl, verðbréf og bankareikninga og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 3. febrúar 1975.

Einar Bjarnason. *Birgir Finnsson.*

Með vísun til yfirlýsingar endurskoðenda úrskurðar stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ársreikninga sjóðsins 1974 rétta.

Reykjavík, 4. febrúar 1975.

Davíð Ólafsson. *Jóhannes Elíasson.* *Björgvin Vilmundarson.*
Á. Jakobsson. *Jónas H. Haralz.*

Með skírskotun til framanritaðra yfirlýsinga endurskoðenda og sjóðsstjórnar eru ársreikningar Fiskveiðasjóðs Íslands 1974 hér með staðfestir.

Reykjavík, 16. apríl 1975.

Matthías Bjarnason.

Rekstrarreikningur 1974.

Gjöld:

1.	Kostnaðarreikningur	kr.	35 857 248.20
2.	Vextir greiddir á árinu	—	572 084 119.50
3.	Lántökugjöld	—	18 270 000.00
4.	Lagt í Stofnsjóð	—	435 000 000.00
5.	Lagt í Afskriftareikning	—	17 000 000.00
6.	Lagt í Varasjóð	—	47 620 527.00
7.	Yfirfært til næsta árs	—	2 430 734.00
		Kr.	1 128 262 628.70

Tekjur:

1.	Yfirfært frá fyrra ári	kr.	4 671 977.80
2.	Af útflutningsgjaldi	—	75 870 954.00
3.	1% af fob. verði útfluttra sjávarafurða	—	199 434 173.00
4.	Mótframlag ríkissjóðs vegna 1% af fob. verði	—	227 434 173.00
5.	Framlag ríkissjóðs	—	35 000 000.00
6.	Vextir, innheimtir á árinu	—	585 851 350.90
		Kr.	1 128 262 628.70

Nr. 273.

REIKNINGUR

Minningargjafasjóðs Landspítala Íslands 1974.

Rekstursreikningur fyrir árið 1974.

Tekjur:

Samúðarskeyti Landspítalans og minningargjafir afh. í Rvík	kr.	5 434 326.00	
÷ 15% þóknun til L.S.Í.	—	813 410.00	
		kr.	4 620 916.00
Vaxtatekjur 1974		kr.	3 604 549.18
		Samtals kr.	8 225 465.18

Gjöld:

Ýmis kostnaður 1974	kr.	191 371.00
Styrkveitingar 1974	—	410 000.00
Tekjur fl. í efnahagsreikning	—	7 624 094.18
Samtals	kr.	8 225 465.18

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1974.

Eignir:

Bankainnstæður:			
Ávísanareikningur	kr.	53 032.90	
Bankabækur	—	26 727 543.30	
		kr.	26 780 576.20
Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands		—	57 000.00
Spariskírteini 1. fl. 1974 C 1136—1140		—	250 000.00
Samtals		kr.	27 087 576.20

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1974	kr.	26 463 482.02	
Afh. Landspítala af tekjum áranna 1970—73	—	7 000 000.00	
		kr.	19 463 482.02
Hreinar tekjur 1974:			
1. Til ráðstöfunar árið 1978 skv. 5. gr. skipulagsskrár		—	3 600 000.00
2. Lagt við höfuðstól		—	4 024 094.18
Samtals		kr.	27 087 576.20

Minningargjöf um Hans Natansson og Kristínu Þorvaldsdóttur.

Eignir:

Innstæða í Söfnunarsjóði, aðaldeild nr. 456	kr.	29 176.00
Samtals	kr.	29 176.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1974	kr.	26 524.00
Vaxtatekjur	—	2 652.00
Samtals	kr.	29 176.00

Minningargjöf um Jóhann Guðmundsson og börn hans: Stefán, Ólafíu, Elísabetu, Sveinbjörn og Steinunni.

Eignir:

Innstæða í Búnaðarbanka nr. 60749	kr.	35 112.80
Samtals	kr.	35 112.80

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1974	kr.	30 845.90
Vaxtatekjur	—	4 266.90
Samtals	kr.	35 112.80

Minningargjöf um Hans Wíum, sýslumann.

Eignir:

Innstæða í Landsb. bók nr. 5468	kr.	18 867.00
Samtals	kr.	18 867.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1974	kr.	16 572.30
Vaxtatekjur	—	2 294.70
Samtals	kr.	18 867.00

Minningargjöf um Þórunni Jónassen.

Eignir:

Innstæða í Landsb. bók nr. 5469	kr.	38 676.00
Samtals	kr.	38 676.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1974	kr.	33 972.20
Vaxtatekjur	—	4 703.80
Samtals	kr.	38 676.00

Minningargjöf um Vigfús G. Melsted.

Eignir:

Innstæða í Landsb. bók nr. 5462	kr.	24 635.00
Samtals	kr.	24 635.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1974	kr.	21 640.00
Vaxtatekjur	—	2 995.00
Samtals	kr.	24 635.00

Minningargjöf um Guðbjörgu Þorsteinsdóttur.

Eignir:

Innstæða í Landsb. bók nr. 5467	kr.	83 375.00
	Samtals kr.	83 375.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1974	kr.	73 235.90
Vaxtatekjur	—	10 139.10
	Samtals kr.	83 375.00

Minningargjöf um Gísla Oddson, skipstjóra.

Eignir:

Innstæða í Landsb. bók nr. 5466	kr.	69 502.00
	Samtals kr.	69 502.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1974	kr.	61 050.00
Vaxtatekjur	—	8 452.00
	Samtals kr.	69 502.00

Sjóður Guðlaugar Jónsdóttur og Guðjóns Björnssonar.

Eignir:

Innstæða í Landsb. bók nr. 5471	kr.	387 943.00
	Samtals kr.	387 943.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1974	kr.	340 765.20
Vaxtatekjur	—	47 177.80
	Samtals kr.	387 943.00

Sjóður Marsibilar Illugadóttur.

Eignir:

Innstæða í Landsb. bók nr. 5463	kr.	92 803.00
	Samtals kr.	92 803.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1974	kr.	81 517.30
Vaxtatekjur	—	11 285.70
	Samtals kr.	92 803.00

Reykjavík, 12. janúar 1975.
María Sigurðardóttir.

Við undirritaðar höfum yfirfarið reikninga þessa, borið þá saman við tilheyrandi skjöl og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 8. febrúar 1975.
Sigr. Brynjólfsdóttir. Vilborg Gunnlaugsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingarsamþykkt fyrir Gerðahrepp í Gullbringusýslu.

Samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905, um byggingasamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. desember 1943, um breytingar á þeim lögum og skipulagslög nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingasamþykkt fyrir Gerðahrepp.

Byggingasamþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd þá, sem félagsmálaráðuneytið hefur staðfest og birt með auglýsingu nr. 23/1967 í B-deild Stjórnartíðinda.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júní 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

5. júní 1975. Nr. 275.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sigurlaugar Sigurðardóttur fyrrverandi húsfreyju á Fjalli, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. júní 1975.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigurlaugar Sigurðardóttur fyrrverandi húsfreyju á Fjalli.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigurlaugar Sigurðardóttur á Fjalli.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 6. janúar 1975 af Kvenfélagi Seyluhrepps í Skagafjarðarsýslu til minningar um Sigurlaugu Sigurðardóttur húsfreyju á Fjalli, er andaðist 15. október 1974. Hún var fædd 6. janúar 1848. Hún var ein af stofnendum félagsins og fyrsti formaður þess.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000.00 — eitthundraðþúsundkrónur —. Sjóðinn skal geyma og ávaxta á sem hagkvæmastan hátt á hverjum tíma að mati sjóðstjórnar, í Búnaðarbankanum á Sauðárkróki, í ríkistryggðum skuldabréfum eða öðrum verðtryggðum eignum. Vextir og gjafir, sem sjóðnum kunna að áskotnast, skulu leggjast við höfuðstól. Sjóðinn má eigi skerða meira en svo, að höfuðstóll nemi lægri fjárhæð en krónum 10 000.00.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja tónlistaraðstöðu og tónlistarstarfsemi við Varmahlíðarskóla, svo og bókasafn skólans.

Síðar er heimilt að styrkja sérstaklega efnilega nemendur frá Varmahlíðarskóla til tónlistar- og söngnáms.

5. gr.
Stjórn sjóðsins skulu skipa þrjár konur, sem kjósa skal árlega á aðalfundum félagsins, ásamt jafnmörgum til vara.
Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

6. gr.
Stjórn sjóðsins skal halda gjörðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrá þessa, styrkveitingar og allt annað, er sjóðnum viðkemur.

7. gr.
Stjórn sjóðsins ákveður og ráðstafar styrkveitingu úr sjóðnum hverju sinni.

8. gr.
Stjórnin semur árlega reikninga sjóðsins, og skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendum Kvenfélags Seyluhrepps.

9. gr.
Ef til þess kemur, að Kvenfélag Seyluhrepps hættir starfsemi sinni, skal skólanefnd Varmahlíðarskóla taka við stjórn sjóðsins og inna af hendi þau störf, sem henni eru falin samkvæmt framanrituðu.

10. gr.
Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 276. 5. júní 1975.

REGLUGERÐ

um landgræðslustörf skólafólks.

1. gr.
Landgræðsla ríkisins og Landvernd velja verkefni fyrir landgræðslustörf skólafólks á því sviði, sem Landgræðslu ríkisins varðar. Á sama hátt velja Skógrækt ríkisins og skógræktarfélög verkefni í þágu skógræktar.

2. gr.
Búnaðarsambönd skipuleggja landgræðslustörf á sambandssvæðum utan Reykjavíkur. Heimilt er búnaðarsamböndum að leita samvinnu við Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins, gróðurverndarnefndir og náttúruverndarsamtök um verkefnaval.

3. gr.
Fyrrgreindir aðilar skulu gera tillögu til skólastjóra viðkomandi skóla um verkefni og hvaða daga árs skuli unnið.

4. gr.
Ef henta þykir, má mynda héraðs- eða landshlutanefndir, er í væru fulltrúar fyrrnefndra aðila, til samningar um verkefni og framkvæmd þeirra.

5. gr.
Fyrir 1. mars ár hvert skulu liggja fyrir tillögur um verkefni, og skal þá einnig hafa verið gengið frá því, hvaða aldursflokkur og skólar verða kvaddir til starfa á árinu.

6. gr.

Vélavinna, áhaldakaup, verkstjórn og annan tilfallandi kostnað, er leiðir af framkvæmd þessara laga, greiðist úr ríkissjóði, og verði tekin upp sérstök fjárveiting í þessu skyni.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 58/1974, um landgræðslustörf skólafólks, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 5. júní 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

18. júní 1975. Nr. 277.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufél.	kr. 3 500.00
2.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 1 100.00
3.	Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 1 100.00
4.	Fyrir tilkynningu um breyt. á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breyt. á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 1 100.00
5.	Fyrir tilkynningu um, að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	— 200.00
6.	Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 1 600.00
7.	Fyrir fjármark	— 350.00
8	Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross .	— 200.00
9.	Fyrir innköllun, þrjár birtingar	— 1 700.00
10.	Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 700.00
11.	Fyrir einkaleyfisumsókn	— 700.00
12.	Fyrir ógildingarstefnu	— 1 700.00
13.	Fyrir dómsbirtingu	— 1 700.00
14.	Fyrir tilkynningu um iðjuleyfi	— 500.00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með 150 krónum fyrir hvern dálkssentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. ágúst 1975. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 40 4. janúar 1974, um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. júní 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 98 26. mars 1973, um breyting á reglugerð nr. 202 11. september 1970, um lánveitingar húsnæðismálastjórnar úr Byggingarsjóði ríkisins.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

3. gr. reglugerðar nr. 202/1970 orðist svo:

Lán samkvæmt a-lið 2. gr. þessarar reglugerðar skulu greidd lántakanda í peningum og komi til útborgunar í þrennu lagi í hlutfalli við byggingarstig húsnæðisins.

Veiting fyrsta hluta lána miðast við fokheld hús. Eindagi fyrir skil á fokheldisvottorðum er síðasti dagur hvers mánaðar.

Stefna skal að því, að eigi líði lengri tími en 6 mánuðir milli útborgunar hvers lánshluta, enda hafi íbúðin náð tilskildu mati samkvæmt virðingargerð matsmanna Veðdeildar Landsbanka Íslands eða dómkvaddra matsmanna.

Þegar virðing fer fram, skal lántakandi leggja fram það eintak teikninga af íbúðinni, sem hann hefur fengið sent frá Húsnæðismálastofnuninni og skulu virðingarmenn gæta þess, að húsið sé byggt samkvæmt þeirri teikningu.

Lánveiting fellur niður hafi lántakandi ekki vitjað lánsins innan 6 mánaða frá fyrsta útborgunardegi hvers lánshluta.

2. gr.

10. gr. 2. mgr. orðist svo:

Eigi umsækjandi íbúð, þegar hann leggur inn umsókn um lán, skal hann leggja inn sölusamning áður en annar hluti lánsins er greiddur og þinglýst afsal áður en þriðji hlutinn kemur til greiðslu.

3. gr.

31. gr. reglugerðar nr. 202/1970 orðist svo:

Þeir sem óska að fá lán samkvæmt þessum kafla reglugerðarinnar, skulu sækja um ákveðna lánsfjárhæð á þar til gerðu umsóknareyðublaði, er húsnæðismálastjórn lætur í té. Umsóknir skulu berast fyrir 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert og eigi síðar en 12 mánuðum eftir að kaupum er þinglýst. Lánveitingar fara að jafnaði fram fjórum sinnum á ári miðað við framangreinda eindaga.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 30 12. maí 1970, sbr. lög nr. 72/1972, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 4 13. janúar 1975.

Félagsmálaráðuneytið, 13. júní 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjóðinn Þjóðhátíðargjöf Norðmanna, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. maí 1975.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóðinn Þjóðhátíðargjöf Norðmanna.

Stofnfé sjóðsins er gjöf frá norsku þjóðinni í tilefni 1100 ára búsetu á Íslandi. Forsætisráðuneytið hefur í samráði við ríkisstjórnina sett sjóðnum eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Stofnfé sjóðsins 1 000 000.00 — ein milljón norskra króna — sem norska stórþingið samþykkti að gefa Íslendingum, skal mynda höfuðstól sjóðsins. Höfuðstólinn má auka með fjárupphæðum, sem síðar kunna að berast sjóðnum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins skal varðveitt í Noregi undir umsjá íslenska sendiráðsins þar og ávaxtað á hæstu leyfilegum vöxtum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að auðvelda Íslendingum að ferðast til Noregs. Í þessu skyni skal veita viðurkenndum félögum, samtökum, og skipulögðum hópum ferðastyrki til Noregs í því skyni að efla samskipti þjóðanna t. d. með þáttöku í mótum, ráðstefnum, eða kynnisferðum, sem efnt er til á tvíhliða grundvelli. Ekki skal úthlutað ferðastyrkjum til einstaklinga, eða þeirra sem eru styrkhæfir af öðrum aðilum.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal ársskýrsla sjóðstjórnar afhent forsætisráðuneytinu fyrir 1. febrúar hvert ár.

5. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal standa óskertur, en vaxtatekjum hans skal ráðstafað árlega til að stuðla að tilgangi sjóðsins.

6. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu auglýstir til umsóknar í fjölmiðlum samkvæmt nánari ákvæðum er sjóðstjórn ákveður. Úthlutun ferðastyrkjanna skal fara fram árlega. Lögð skal áhersla á að veita styrki sem renna til beins ferðakostnaðar, en umsækjendur beri sjálfir dvalarkostnað í Noregi.

7. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera þrír menn; sendiherra Noregs á Íslandi skal sjálfskipaður, en tveir stjórnarmanna skulu skipaðir af forsætisráðuneytinu til fjögurra ára í senn. Láti stjórnarmaður af störfum fyrir lok starfstímabils skal strax skipa annan mann í hans stað er sitji út skipunartímann. Stjórnin kýs formann og varaformann úr sínum hóp.

8. gr.

Forsætisráðuneytið sér um ritara- og skrifstofustörf sjóðsins samkvæmt nánara samkomulagi milli ráðuneytisins og sjóðstjórnar.

9. gr.

Kostnaður vegna starfa stjórnar er greiddur úr sjóðnum.

10. gr.

Ef nauðsyn krefur setur stjórnin sér starfsreglur er hafa að geyma nánari fyrirmæli um starfsemi sjóðsins.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta í samráði við forsætisráðuneytið.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 280. 2. júní 1975.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi grundvallarverð á framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1975:

5 × 5 lbs. í skel garndreginn.

7— 9	$ 5.40	pr.	lb.	Cif.	U.S.A.
9—12	$ 5.13	—	—	—	—
12—15	$ 4.86	—	—	—	—
15—18	$ 4.19	—	—	—	—
18—24	$ 3.69	—	—	—	—
24—30	$ 3.24	—	—	—	—
30—45	$ 2.70	—	—	—	—

5 × 3 kg. í skel með görn.

7—15	Lire	2 300	pr.	lb.	Cif.	Milano.
10—20	—	2 300	—	—	—	—
15—30	—	1 710	—	—	—	—
20—35	—	1 710	—	—	—	—
30—40	—	1 250	—	—	—	—
30—45	—	1 250	—	—	—	—
35—60	—	975	—	—	—	—
45—60	—	975	—	—	—	—

Viðmiðunarverð er miðað við viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar ($ 1 = 151.20) og Lírum (Lír. 100 = 24.24) 23. maí 1975.

Verðbil verður 6%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. júní 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing.

11. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 38.00 á kWst.

12. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 11.40 - —
Fastagjald af gólffleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja: .....
Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. ..... — 186.00 á m² á ári
Geymslur og gangar þeim tilheyrandi ..... — 70.00 - — - —

13. Til götulýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 11.40 á kWst.

14. Til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 19.00 - —

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

21. Til heimilisnotkunar um kWst.-mæli:
Orkugjald ..... kr. 8.60 á kWst.
Fastagjald af hverju herbergi ..... — 768.00 á ári
Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálft, en 25 m² eða stærra tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.

22. Til matargerðar í gisti- og veitingastöðum og öðrum slíkum stöðum, enn fremur súgþurrkunar, enda séu öll tæki fasttengd, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 8.60 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

31. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 19.00 á kWst.
Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12, en þriðjungi lægra.

32. Um afl- og orkumæla:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald	kr.	2.90	á kWst.
Aflgjald, lágmark 2 kW	—	29 592.00	á ári
Aflgjald, umfram 2 kW	—	9 864.00	á kw. á ári

Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili. Aflnotkun mælist sem meðalálag yfir 15 mín.

Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12 og lágmarksaflgjald af 20 kW.

33. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald	—	2.90	á kWst.
Aflgjald, lágmark 2 kW	—	25 536.00	á ári
Aflgjald, af uppsettum kW í málraun véla umfram 2 kW	—	7 836.00	á kw. á ári

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

4. Hitun.

41. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald	kr.	5.16	á kWst.

42. Til húshitunar, roftími $2 \times 1\frac{1}{2}$ klst. á dag. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald	—	2.20	- —

43. Til húshitunar roftími allt að 15 klst. að degi til. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald	—	1.32	- —

44. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. að degi til. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald	—	2.58	- —

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta ársgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að aflnotkun hitunar sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.

b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt reglum er gilda um leigu mæla.
d. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða mælaleigu sem hér segir:

1. Af einfasa kWst.-mælum 40 A og minni ..... kr. 614.00 á ári
2. Af þrífasa kWst.-mælum 50 A og minni ..... — 1 382.00 á ári
3. Af þrífasa kWst.-mælum yfir 50 og til 100 A ..... — 1 550.00 á ári

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, enn fremur klukkurofum, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu.

Málstraumur Málraun		Heimtaugargjald kr.	Yfirlengdargjald Jarðstr. kr/m	Loftl. kr/stólpa
63 A	1-fasa	37 000.00	1 210.00	15 400.00
63 A	3-fasa	47 880.00	1 400.00	18 800.00
100 A	3-fasa	56 950.00	1 630.00	24 000.00
200 A	3-fasa	91 780.00	2 190.00	
315 A	3-fasa	191 350.00	3 070.00	
300 KVA	3-fasa	267 890.00	Samkv. kostn.	
500 KVA	3-fasa	443 880.00	Samkv. kostn.	
800 KVA	3-fasa	710 500.00	Samkv. kostn.	

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum eða næsta útitengikassa að stofnvarkassa (eða stofntengikassa) hússins. Rafveitan ákveður legu heimtaugar.

Í nýjum byggingarhverfum er rafveitunni heimilt að jafna yfirlengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal hann greiða mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í þágu hans, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greitt sem hér segir:

63 A 1-fasa ..... kr. 8 000
63 A 3-fasa ..... — 11 000

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaði.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 5 420.00 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra árshelmingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 760.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt gjald, kr. 760.00 til rafveitunnar.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni, svo og viðlaga- og verðjöfnunargjald, nema af seldri raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka þegar gildi, sbr. og heimild í auglýsingu nr. 67/1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 44 14. febrúar 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1975.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 — 1975

26. júní 1975. 545 Nr. 282.

REGLUGERÐ

um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af bensíni (bensíngjald), og skal gjaldið nema kr. 16.00 af hverjum lítra.

2. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af hjólbörðum, notuðum og nýjum og gúmmíslöngum á bifreiðar og bifhjól (gúmmígjald), og skal gjaldið nema kr. 45.00 af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna, sem fylgja bifreiðum, er fluttar eru til landsins.

3. gr.

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum, sem hér segir:

a. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en bensín — öðrum en leigubifreiðum til mannflutninga — og eru minna en 4 tonn að leyfðri heildarþyngd sbr. 2. gr. laga nr. 40/1968:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
0—2099	42 000
2100—2199	43 500
2200—2299	45 000
2300—2399	46 500
2400—2499	48 000
2500—2599	49 500
2600—2699	51 000
2700—2799	52 500
2800—2899	54 000
2900—2999	55 500
3000—3099	57 000
3100—3199	58 500
3200—3299	60 000
3300—3399	61 500
3400—3499	63 000
3500—3599	64 500
3600—3699	66 000
3700—3799	67 500
3800—3899	69 000
3900—3999	70 500

B 69

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
4000—4099	72 000
4100—4199	73 500
4200—4299	75 000
4300—4399	76 500
4400—4499	78 000
4500—4599	79 500
4600—4699	81 000
4700—4799	82 500
4800—4899	84 000
4900—4999	85 500

b. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en bensín og eru 4 tonn eða meira að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Af tengi- og festivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt. Ákvæði reglugerðar þessarar eiga við tengi- og festivagna jafnt sem bifreiðar eftir því sem við á.

Leyfð heildar-þyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.
4.0— 4.9	2.80
5.0— 5.9	2.94
6.0— 6.9	3.07
7.0— 7.9	3.20
8.0— 8.9	3.33
9.0— 9.9	3.46
10.0—10.9	3.59
11.0—11.9	3.72
12.0—12.9	3.85
13.0—13.9	4.07
14.0—14.9	4.28
15.0—15.9	4.50
16.0—16.9	4.72
17.0—17.9	4.94
18.0—18.9	5.15
19.0—19.9	5.37
20.0—20.9	5.59
21.0—21.9	5.80
22.0—22.9	6.02
23.0—23.9	6.24
24.0—24.9	6.45
25.0—25.9	6.67

c. Af leigubifreiðum til mannflutninga allt að 8 farþega, sem nota annað eldsneyti en bensín, greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Gjald þetta nemur 2.80 kr. á kílómetra.

d. Þegar greiddur hefur verið þungaskattur af bifreið skv. b- og c-liðum þessarar greinar fyrir 30 000 km akstur á einu almanaksári skal þungaskattur miðast við, að veittur sé 10% afsláttur af kílómetragjaldi, sem til fellur umfram 30 000 km og að 45 000 km og 20% af kílómetragjaldi umfram 45 000 km.

Afsláttur kemur til framkvæmda við fyrsta uppgjör eftir að akstur hefur náð framangreindum mörkum. Réttur til endurgreiðslu fylgir bifreið þótt eigendaskipti verði.

Um ísetningu ökumæla, innsiglun, álestur og viðgerðir, svo og um skyldur umráðamanns bifreiðar varðandi álestur, færslu ökubókar o. þ. h. gilda ákvæði reglugerðar um ökumæla nr. 283/1975.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar og gjaldskyldu sker fjármálaráðherra úr.

4. gr.

Nú er bifreið eða festi- eða tengivagn eingöngu notuð við flutninga, þar sem leyfður heildarþungi bifreiðarinnar nýtist ekki til fulls, og á þá eigandi bifreiðarinnar rétt á að gjaldskylda sé miðuð við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd. Slík þyngd er hér eftir nefnd skráð þyngd. Skráð þyngd, sem skattur er greiddur af, skal aldrei vera minni en 13 000 kg sé um bifreið að ræða en 6 000 kg sé um vagn að ræða. Skráð þyngd, sem greiðsla er miðuð við, má og aldrei vera minni en eigin þyngd bifreiðarinnar né sé slík skráning til skemmri tíma en 12 mánaða. Bifreiðaeftirlit ríkisins ákveður, hver sé skráð þyngd bifreiðarinnar.

Bifreiðaeftirlit ríkisins færir upplýsingar um skráða þyngd í skráningarskírteini. Að lokinni færslu í skráningarskírteini og álestur á akstursmæli bifreiðarinnar miðast þungaskattur við hina skráðu þyngd. Nú verður uppvíst, að heildarþyngd bifreiðarinnar er meiri en hin skráða þyngd, og skal þá heimild til notkunar skráðrar þyngdar þegar afmáð úr skráningarskírteini. Jafnframt skal um leið ákvarða þungaskatt af bifreiðinni tveimur gjaldskrárflokkum hærri en leyfð hámarksþyngd segir til um fyrir innheimtutímabil það, þegar brotið varð uppvíst og þrjú þau næstu. Sé um að ræða bifreið í hæsta eða næst hæsta gjaldskrárflokki skal hækka skattinn á hvern ekinn kílómetra um krónutölu, sem sé jöfn mismun upphæðar efsta gjaldflokks og þess þriðja að ofan talið. Ákvörðun þessa skal færa í skráningarskírteini.

Hækkun gjaldskrárflokks fylgir bifreið í þrjú næstu innheimtutímabil eftir brot, þó svo um eigendaskipti verði að ræða.

5. gr.

Bifreiðar erlendra sendisveita eru undanþegnar gjaldi skv. 3. gr., svo og bifreiðar erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenskir ríkisborgarar.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts skv. a-lið 3. gr. með eftirtöldum skilyrðum:

a. Þeir lýsi því yfir að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.
b. Þeir sanni með vottorði hlutaðeigandi skattstjóra, að eigandi bifreiðarinnar hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri.

6. gr.

Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í a-lið 3. gr., er 1. janúar árlega en eindagi 1. apríl, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreiðin er skráð í ársbyrjun. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis, ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár, sem skattur er greiddur. Skatturinn telst fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða fleiri teljist heill mánuður, en færri dögum skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er afskráð sem ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda (nothafa) án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar, hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda (nothafa).

Þungaskattur skv. b- og c-lið 3. gr. skal innheimtur ársþriðjungslega eftir á og er gjalddagi skattsins 11. febrúar, 11. júní og 11. október, en eindagi 21. dagur sömu mánaða, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvern ársþriðjung þar sem bifreið er skráð, er álestur fer fram.

Í lok hvers ársþriðjungs, þ. e. á síðustu 10 dögum ársþriðjungs eða fyrstu 10 dögum næsta ársþriðjungs, skal eigandi eða umráðamaður bifreiðar, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til eftirlitsmanna fjármálaráðuneytisins (t. d. bifreiðaeftirlitsmanns, lögreglumanns eða hreppstjóra) og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis.

Um nánari tilhögun á innheimtu þungaskatts skv. ökumælum og álestri ökumæla vísast til reglugerðar nr. 283/1975.

Lækka skal eða endurgreiða skatt skv. a-lið 3. gr. að réttri tiltölu, hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýt eða skráningarmerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a. m. k. 30 daga samfellt. Við útreikning á frádrætti skattsins skal miðað við heila mánuði, þannig, að meira er hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna skal sleppt.

7. gr.

Eigi skal endurgreiða af bifreið skatt, sem greiddur hefur verið af henni út árið, þótt skipt sé um eiganda að henni eða hún flutt í annað skráningarumdæmi, heldur skal greiðslan gilda fyrir þá bifreið allt árið, hver sem eigandi hennar er, eða hvert sem hún er flutt á landinu.

8. gr.

Viðurlög, ef gjöld skv. a-lið 3. gr. eru ekki greidd:

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiðddur hafi verið af henni gjaldfallinn þungaskattur svo og skráningargjald og vátryggingariðgjald ökumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram, nema framangreind gjöld hafi áður verið greidd af bifreiðinni til næstu áramóta.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilskildum tíma og gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga, skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns taka af bifreiðinni skráningarmerki til geymslu, svo sem að framan segir.

Þungaskattur af bifreiðum og vátryggingariðgjald ökumanns hafa lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

9. gr.

Viðurlög skv. b- og c-lið 3. gr.:

Komi í ljós við eftirlit, að ökumælir sé eigi innsiglaður svo sem fyrir er mælt, svo og ef ökutæki hefur verið í notkun án þess að mælir þess hafi verið virkur, greiðir eigandi og/eða umráðamaður bifreiðarinnar sekt, sem nemur þungaskatti af 5 000 km akstri á mánuði, en 15 000 km akstri á mánuði við ítrekað brot. Sektin miðast við b- og c-lið 3. gr., eftir því sem við á og innheimtist eins og um venjulegan álestur væri að ræða.

Ef í ljós kemur við skoðun bifreiðar eða við álestur ökumælis, að ökumælir eða ökumælisbúnaður er ekki virkur eða að mælir telur rangt og ætla má, að eigandi og/eða umráðamaður bifreiðar hafi verið grandalaus, getur viðkomandi innheimtu-

maður ríkissjóðs ákvarðað skattinn skv. því sem telja má sennilegan akstur að viðbættu 10% álagi.

Misnotkun ökumælis, rof innsiglis á honum eða ítrekuð vanræksla skv. framansögðu, varðar sektum allt að kr. 500.000.00 nema þyngri refsing liggi við skv. öðrum lögum.

Nú vanrækir eigandi að láta setja ökumæli í bifreið á tilskildum tíma, og hann nýtur eigi til þess sérstakrar undanþágu frá Bifreiðaeftirliti ríkisins, þá skal lögreglustjóri eftir kröfu viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs, stöðva bifreiðina hvar sem til hennar næst og taka skráningarmerki hennar til geymslu, uns ökumælir hefur verið settur í bifreiðina.

10. gr.

Heimilt er að veita sérstaka undanþágu frá því, að komið sé með bifreið, sem greiða skal af þungaskatt skv. b- og c-lið 3. gr., til álesturs ársþriðjungslega, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ófærð eða veikindi, enda hafi beiðni þar að lútandi borist viðkomandi innheimtumanni með hæfilegum fyrirvara. Sé ekki komið með bifreið til álesturs á tilskildum tíma skal innheimtumaður leggja sekt á eiganda eða umráðamann bifreiðar er nemi kr. 500.00 á hvern dag, sem líður frá þeim tíma, sem ákveðinn er til aflesturs skv. 6. gr. 4. mgr., þar til komið er með bifreiðina til aflesturs.

Heimilt er innheimtumanni þó að fella niður sekt þessa, hafi sérstakar ástæður orðið til þess, að ekki varð komið með bifreið til aflesturs á réttum tíma, enda hafi fullnægjandi greinargerð borist innheimtumanni um orsök tafarinnar innan tveggja vikna frá lokum þess tímabils, er tilgreint er til álestrar akstursmæla. Að öðru leyti er niðurfelling sekta skv. grein þessari óheimil nema sérstakt samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

11. gr.

Bifreið, sem í bifreiðaskrá er talin nota annað eldsneyti en bensín, skal talin vera slík, hvað skatti viðkemur, þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti), að hún noti þar eftir bensín fyrir eldsneyti.

Eigandi eða umráðamaður bensínbifreiðar, sem setur í bifreið sína hreyfil er notar annað eldsneyti en bensín, skal tilkynna lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) breytinguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

Nú kemur í ljós, að bifreið notar annað eldsneyti en bensín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík, og skal þá hvað skattinn snertir telja, að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun, nema eigandi eða umráðamaður sanni, að svo hafi ekki verið.

12. gr.

Innheimtu framanritaðra gjalda annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því, sem fjármálaráðuneytið skipar fyrir. Bensíngjald og gúmmígjald skal innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

Heimilt er að veita innflytjendum gjaldfrest á greiðslu innflutningsgjalds af bensíni. Skal fresturinn miðast við sölu af birgðum og aldrei vera lengri en svo, að gjaldið sé greitt áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum sölumánaðar.

Innflytjandi skal telja fram sölu á birgðum í hverjum mánuði eigi síðar en viku áður en gjaldfresti lýkur. Fresturinn skal því skilyrði bundinn, að sé gjaldið ekki innt af hendi á nákvæmlega réttum tíma, getur innheimtumaður látið lögregluna stöðva atvinnurekstur viðkomandi, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli.

13. gr.

Heimilt er að endurgreiða innflutningsgjald af bensíni, ef sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða. Um endurgreiðsluna gilda ákvæði reglugerðar nr. 284/1975.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79 6. september 1974, öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 264 26. september 1974 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

Reglugerð þessi kemur til framkvæmda gagnvart hverri þeirri bifreið, sem notar annað eldsneyti en bensín og er 5 tonn eða meira að eigin þyngd, frá þeirri stundu, er fyrst er lesið á akstursmæli bifreiðarinnar eftir útgáfu þessarar reglugerðar, enda fari sá álestur fram eigi síðar en 10. júlí 1975 eða innan þess frests, sem veittur kann að verða skv. ákv. 10. gr.

Nú er bifreið eigi færð til álesturs á tímabilinu fyrir 11. júlí eða innan þess frests, er veittur kann að verða skv. ákv. 10. gr., og skal þá, er álestur fer fram, litið svo á, að vegalengd skv. akstursmæli frá því síðast var lesið á mæli, hafi öll verið ekin eftir 10. júlí 1975 eða eftir lok frests skv. 10. gr.

Fjármálaráðuneytið ákveður með auglýsingu, hvenær gjaldskylda hefst fyrir þau ökutæki, sem hingað til hefur ekki verið greiddur þungaskattur af skv. ökumæli, en verða gjaldskyld skv. ökumæli með setningu þessarar reglugerðar, og hvenær lokið skuli að setja ökumæli í þau ökutæki.

Þungaskattur skv. 3. gr. a-liðs reglugerðar nr. 264 26. september 1974 greiddur á árinu 1975 kemur það ár hlutfallslega til frádráttar þungaskatti skv. 3. gr. b- og c-liðs þessarar reglugerðar.

Fjármálaráðuneytið, 26. júní 1975.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um ökumæla.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Allar bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en bensín og eru 4 tonn eða meira að leyfðri heildarþyngd, skulu vera búnar ökumælum á hjólnafi eða í stýrishúsi af þeim gerðum, sem ráðuneytið viðurkennir.

Á sama hátt skulu leigubifreiðar til mannflutninga fyrir allt að 8 farþega, sem nota annað eldsneyti en bensín, búnar ökumælum. Enn fremur skulu tengi- og festivagnar, sem eru 6 tonn eða meira að leyfðri heildarþyngd, búnar ökumælum.

Ákvæði reglugerðar þessarar um bifreiðir skulu gilda um tengi- og festivagna eftir því sem við á.

Af bifreiðum, sem búnar eru ökumælum, skal greiða þungaskatt eftir fjölda ekinna kílómetra samkvæmt gjaldskrá, sem ráðuneytið setur.

2. gr.

Óheimilt er öðrum verkstæðum en þeim, sem til þess eru viðurkennd af ráðuneytinu, að setja ökumæla og búnað þeirra í bifreiðar eða taka þá úr, nema nauðsynlegt sé vegna viðgerðar eða bilunar á bifreið. Í II. og III. kafla þessarar reglugerðar er nánar greint, hvers gæta skuli um viðgerðir bifreiða með ökumælum, svo og viðgerð og viðhald á mælum.

3. gr.

Hvert það verkstæði, sem setur ökumæli í bifreið samkvæmt reglugerð þessari, skal skrá eftirfarandi upplýsingar í akstursbók, sem ráðuneytið lætur í té.

a. Skráningarnúmer bifreiðar.
b. Nafn og heimilsfang eiganda.
c. Gerð ökumælis og númer.
d. Stærð hjólbarða á því hjóli eða hjólum, sem mælir er knúinn af.
e. Drifhlutfall í mæli.
f. Hvar og hvenær mælir var settur í bifreiðina.
g. Nafn og heimilsfang þess verkstæðis, sem setti mælinn í bifreiðina.

Akstursbókin skal afhent eiganda ökutækis með þessum upplýsingum innfærðum.

4. gr.

Áður en mælir er tekinn í notkun, skal eigandi bifreiðar fara með hana til skoðunar hjá bifreiðaeftirlitsmanni, sem athugar hvort mælir og ísetning eru í samræmi við þær reglur, sem greindar eru í II. og III. kafla þessarar reglugerðar. Þar sem eigi er kostur bifreiðaeftirlitsmanna, tilnefnir fjármálaráðuneytið eftirlitsmann (t. d. lögreglumann eða hreppstjóra), er framkvæmir eftirlit með ökumælum, og gilda þá ákvæði reglugerðar þessarar um þessa eftirlitsmenn á sama hátt og um bifreiðaeftirlitsmenn.

Við samþykkt mælis innsiglar eftirlitsmaður mælinn við ökutækið, fjarlægir bráðabirgðainnsigli, sbr. II. og III. kafla, og staðfestir jafnframt samþykki sitt í akstursbókina og skráir stöðu mælis og númer í hana. Í skoðunarvottorð bifreiðarinnar skal eftirlitsmaður jafnframt skrá, að mælir hafi verið settur í bifreiðina.

5. gr.

Eftirlitsmaður sendir tilkynningu um, að mælir hafi verið settur í bifreiðina og mælisstöðu, á þar til gerðu eyðublaði til hlutaðeigandi innheimtumanns ríkissjóðs, þar sem bifreiðin er skráð.

6. gr.

Akstursbók skal ávallt vera í bifreiðinni. Sé þess krafist, skal akstursbók sýnd þeim, er eftirlit annast. Óheimilt er að breyta því, sem skráð hefur verið í akstursbók, eða fjarlægja blaðsíður úr henni. Eigandi bifreiðar skal varðveita akstursbók í 3 ár, eftir að hún er útskrifuð eða skipt hefur verið um hana.

7. gr.

Eigandi eða umráðamaður bifreiðar skal mánaðarlega lesa á ökumæli og skrá mælisstöðu í akstursbók sína.

Í lok hvers ársþriðjungs, þ. e. á síðustu 10 dögum ársþriðjungs eða fyrstu 10 dögum næsta ársþriðjungs, skal eigandi eða umráðamaður bifreiðar, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til eftirlitsmanns og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis.

Nú er skráningarmerki bifreiðar afhent lögreglustjóra til geymslu eða bifreið afskráð, og skal þá á sama hátt láta lesa á og skrá stöðu ökumælis. Er áfallinn skattur þá gjaldfallinn.

Tilkynningu um mælisstöðu skal eftirlitsmaður senda tafarlaust á þar til gerðu eyðublaði til hlutaðeigandi innheimtumanns ríkissjóðs, þar sem bifreiðin er skráð.

Álestur ökumæla skal framkvæmdur eftir nánari reglum, sem fjármálaráðuneytið setur.

8. gr.

Komi fram bilun á ökumæli eða ef líklegt þykir, að mælir telji rangt, svo sem vegna breyttrar stærðar hjólbarða, skal eigandi eða umráðamaður bifreiðar fara með hana til skoðunar hjá næsta eftirlitsmanni, sem skráir stöðu mælisins. Jafnframt ákveður hann hæfilegan frest til lagfæringar mælis eða frest til að setja nýjan mæli í bifreiðina.

9. gr.

Við árlega skoðun bifreiðar skal skrá stöðu ökumælis í akstursbók ásamt dagsetningu og athugasemdum, ef einhverjar eru.

Sama gildir í hvert sinn, er sérstök skoðun fer fram á bifreiðum með ökumælum. Komi í ljós við slíka skoðun, að ökumælir sýni á einhvern hátt rangt, eða sé ekki frá honum gengið á þann hátt, sem mælt er fyrir í reglugerð þessari, skal skoðunarmaður (bifreiðaeftirlitsmaður, lögreglumaður eða vegaeftirlitsmaður) ákveða hæfilegan frest til lagfæringar ökumælis og senda tafarlaust tilkynningu um það til hlutaðeigandi eftirlitsmanns ríkissjóðs.

10. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs reikna út skatt samkvæmt ökumælum eftir tilkynningum um álestur ökumælis ársþriðjungslega. Skal skatturinn reiknaður út fyrir hvern liðinn ársþriðjung eftir fjölda ekinna kílómetra á því tímabili.

Komi í ljós við eftirlit eða við tilkynningu frá skoðunarmanni, sbr. 9. gr., að mælir sé eigi innsiglaður, eða sé ekki frá honum gengið á þann hátt, sem mælt er fyrir í þessari reglugerð, svo og ef ökutæki hefur verið í notkun, án þess að mælir þess hafi verið virkur, ákvarðast skatturinn af hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs, svo og sekt samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 282/1975 um innheimtu bifreiðagjalda.

11. gr.

Skatturinn greiðist á þann hátt og innan þess frests, sem um getur í reglugerð nr. 282/1975. Við umskráningu bifreiðar má krefjast þess, að framvísað sé kvittun um, að áfallin gjöld séu greidd.

Ef bifreið með ökumæli er seld, skal seljandi hennar tilkynna það innan þriggja daga til hlutaðeigandi innheimtumanns ríkissjóðs. Ef skipt er um vél í bensínbifreið, sem við það fellur undir ákvæði reglugerðar þessarar, hvílir sama tilkynningarskylda á eiganda bifreiðarinnar. Innan sama frests skal og tilkynna sérhverja breytingu á búsetu eiganda bifreiðar, hvort heldur er innan innheimtumdæmis eða ef flutt er í annað innheimtumdæmi.

II. KAFLI

Ákvæði er varða nafmæla.

Forðast verður að setja ökumæli á hjólnaf bifreiðar, ef mælir nær út fyrir mestu breidd bifreiðarinnar.

12. gr.

Nafmælir skal settur á vinstra framhjólsnaf bifreiðarinnar. Skal það gert samkvæmt teikningum, sem ráðuneytið lætur í té eftirlitsmönnum og verkstæðum þeim, sem viðurkennd eru til ísetningar á ökumælum.

13. gr.

Á skrúfum í botnplötu ökumælis skulu vera innsigli þannig, að eigi verði komist að teljara, án þess að öryggin séu rofin. Innsigli þessi skulu útbúin af framleiðanda ökumælisins eða umboðsmanni hans. Í öryggi þessi skal þrykkja tegundarheiti mælis. Á hverjum ökumæli skal vera plata úr kopar, rétthyrnd 28×14 mm, þykkt 1 mm. Á báðum styttri hliðum skulu vera göt, 4,5 mm í þvermál. Platan skal vera fest við mælinn með tveim innsiglisskrúfum svo nálægt hjólnafi bifreiðarinnar sem mögulegt er, þannig að nota megi sem stystan innsiglisvír til að innsigla númersplötu við ökumælinn og ökumælinn við hjólnaf. Á númersplötuna skal þrykkja númer og gerð mælis.

14. gr.

Ökumælirinn skal vera tengdur við hjólnafið með innsigli, þannig að hann verði eigi tekinn af, án þess að innsigli sé rofið. Verkstæði það, sem setur ökumælinn í, lætur tvö innsigli á vírinn og notar ytra innsiglið sem bráðabirgðainnsigli. Frá innsigli skal þannig gengið, að eigi þurfi að rjúfa það, þótt skipta þurfi um eða gera við hjólbarða á bifreiðinni. Göt þau, sem innsiglisvír er þræddur í, skulu vera með ávölum brúnum til að hlífa innsigisvírnum. Innsiglisskrúfur á ökumæli og hjólnafi skulu eigi vera meira en 4 mm í þvermál og þegar mögulegt er með eigi færri en 10 gengjum. Innsiglisvír skal vera viðurkenndur af ráðuneytinu. Ávallt skal gæta þess að innsiglisvír sé eigi óþarflega slakur.

15. gr.

Þegar ökumælir hefur verið settur á og innsiglaður með bráðabirgðainnsigli, gefur verkstæði það, er setur ökumælinn í, út akstursbók og skráir í hana svo sem fyrir er mælt í 3. gr.

16. gr.

Eigi er öðrum heimilt að taka teljara úr eða setja teljara í ökumæli en umboðsmanni ökumæla eða verkstæðum, sem viðurkennd eru til þess af ráðuneytinu. Þegar skipta þarf um teljara í mæli, skal ávallt setja á hann nýja plötu með nýju mælisnúmeri. Þegar teljari er tekinn úr ökumæli til þess að skipta um olíu, hreinsa glerið og þess háttar, skal þó eigi skipta um númersplötu, enda sé sami teljari settur í með sömu mælisstöðu.

17. gr.

Eftirlit á mælum skal fara fram eftir um það bil 150.000 km akstur og eigi seinna en eftir 170.000 km.

18. gr.

Viðgerðir, breytingar og eftirlit á teljara í ökumæli má einungis framkvæma hjá umboðsmanni ökumælanna eða verkstæðum, sem til þess eru viðurkennd af ráðuneytinu, sem ávallt skal setja teljara í núllstöðu og endursenda hann ásamt nýrri númersplötu. Til þess að númersplata glatist ekki, skal hún fest við mælisbotn með innsiglisvír.

19. gr.

Þegar framkvæma skal eftirlit á ökumæli samkv. 18. gr. eða gera við bilun á ökumæli, skal viðgerð hagað eins og hér greinir:

a. Verkstæði, sem til þess er viðurkennt af ráðuneytinu, tekur teljarann úr ökumælinum og sendir hann til umboðsmanns ásamt númersplötu, sem festa skal við botnplötu teljara. Jafnframt skal setja annan teljara í núllstöðu og setja nýja númersplötu á ökumælinn.
b. Verkstæði, sem til þess er viðurkennt af ráðuneytinu, tekur ökumælinn af bifreiðinni og sendir mælinn með áfastri númersplötu til umboðsmanns. Jafnframt skal setja annan ökumæli á með teljara í núllstöðu og með nýrri númersplötu.
c. Sé bifreiðin á verkstæði vegna viðgerðar, þannig að ökumælir eða teljari geti hlotið viðgerð eða verið sendur til eftirlits samkv. 18. gr., á meðan bifreiðin eigi er í notkun, má nota sama ökumæli eða teljara, eftir að umboðsmaður hefur sett teljara í núllstöðu og sett nýja númersplötu á mælinn.

20. gr.

Þegar ökumælir með nýrri númersplötu hefur verið settur í bifreið, gefur verkstæðið út nýja akstursbók, eftir að mælir hefur verið innsiglaður svo sem greint er í 15. gr. Í akstursbók þess ökumælis, sem úr hefur verið tekinn, færir forstöðumaður verkstæðisins mælisstöðu mælisins, ástæðuna fyrir því, að hann var tekinn úr, dagsetningu, nafn verkstæðisins og heimilisfang og undirritar síðan.

Bifreiðin skal síðan færð til bifreiðaeftirlitsmanns eða sérstaks eftirlitsmanns, sem fjármálaráðuneytið tilnefnir til skoðunar svo sem greint er í 4. gr.

21. gr.

Númersplötur af ökumælum, sem teknir hafa verið úr notkun, skulu varðveittar hjá umboðsmanni, og er eigi heimilt að nota þær aftur á sama gjaldári.

Innheimtumenn ríkissjóðs geta krafist þess hjá umboðsmanni, að hann veiti upplýsingar um mælisnúmer, mælisstöðu, svo og dagsetningu á þeim ökumælum, sem teknir hafa verið úr notkun.

22. gr.

Þegar taka verður ökumæli úr vegna viðgerðar á bifreið, er verkstæði því, er framkvæmir viðgerðina, heimilt að rjúfa innsigli það, er tengir mæli við ökutækið. Forstöðumaður verkstæðisins skal þá skrá í akstursbókina mælisstöðu, ástæðu fyrir því, að mælir er tekinn úr, dagsetningu, nafn verkstæðis og undirrita síðan.

Þegar viðgerð er lokið, færir forstöðumaður verkstæðisins á ný í akstursbókina mælisstöðu ökumælisins, dagsetningu og undirritar síðan. Bifreiðin skal síðan færð til bifreiðaeftirlitsmanns eða annars aðila, sem fjármálaráðuneytið tilnefnir til innsiglunar á ökumælum.

23. gr.

Verði bilun á bifreið í akstri, þannig að eigi verði ekið lengra án viðgerðar, sem hefur í för með sér að taka verður ökumæli af, er ökumanni heimilt að rjúfa innsigli það, er tengir mæli við bifreiðina. Skal hann þá skrá í akstursbókina stað og stund, er innsigli var rofið, mælisstöðu og ástæðuna fyrir því og staðfesta síðan með undirskrift sinni.

III. KAFLI

Ákvæði er varða ökumæla í stýrishúsi.

24. gr.

Ökumælir skal vera með innsiglaðri númersplötu og mælisnúmeri. Skal honum komið þannig fyrir í stýrishúsi bifreiðar, að hann hindri ekki ökumann í notkun

stjórntækja hennar. Þegar ökumælir kemur í stað hraðamælis bifreiðar, skal honum komið fyrir í sjónmáli ökumanns.

25. gr.

Drifsnúra í barka skal tengjast við gírkassa, vinkildrif, millistykki og mæli svo sem sýnt er á teikningum, sem ráðuneytið lætur í té. Eins og sjá má á teikningu, má festa driftengi beint á gírkassaúttak hraðamælis eða, verði því ekki við komið, þá á annan hentugan stað. Við þær aðstæður skal nota millitengi milli driftengis og gírkassa. Vinkildrif notast, þegar nauðsyn er vegna rúmleysis, eða ef það kemur í stað driftengis. Sé snúningshlutfall á hraðamælisúttaki gírkassa hið sama og á mæli þeim, er setja skal í, má sleppa driftengi.

26. gr.

Drifsnúra með barka má hvergi vera í sveig með minna en 25 cm radíus, og eigi má vera meira en 1 m milli festinga.

27. gr.

Á áðurnefndri teikningu er sýnt, hvernig innsigli skal hagað. Göt, sem innsiglisvír er þræddur í, skulu vera með ávölum brúnum til að hlífa innsiglisvírnum. Eins og sjá má á teikningum, skulu:

a. öll tengi milli gírkassa, driftengis og mælis vera innsigluð, þannig að eigi sé hægt að losa um þau án þess að innsigli sé rofið. Sé upprunalegur hraðamælir bifreiðarinnar tekinn úr notkun, skal úttak fyrir hraðamælissnúru á driftengi vera lokað með lokaðri ró úr málmi, sem innsigluð er svo sem áður er nefnt.
b. allar skrúfur á driftengi vera innsiglaðar, þannig að eigi verði við þeim hreyft, án þess að innsigli sé rofið. Driftengi má eigi vera með smurnippli eða hliðstæðu.
c. öll tengi fyrir drifsnúru vera innsigluð, þannig að drifsnúra verði eigi losuð nema innsigli sé rofið.
d. ísettur mælir skal innsiglaður, þannig að hann verði eigi losaður frá festingum nema innsigli sé rofið. Innsigli skal sjást auðveldlega í stýrishúsi. Verkstæði það, er setur mælinn í, setur tvö innsigli á innsiglisvír þann, er hér notast, og skal verkstæðið nota ytra innsiglið til bráðabirgða. Bifreiðin skal síðan færð til bifreiðaeftirlitsmanns. Sjá 4. gr.
e. númersplata með mælisnúmeri á annarri hlið, en gerð mælis á hinni, skal innsigluð við mælinn. Platan skal vera úr kopar, rétthyrnd, 30×12 mm, þykkt 1 mm. Á annarri styttri hlið skulu vera tvö göt, hvort 2 mm í þvermál, fyrir innsiglisvír.

28. gr.

Innsigli þau, sem um getur í 27. gr. a til c, skulu sett á af verkstæði því, er setur mælinn í. Innsigli það, sem um getur í e-lið 27. gr., skal sett á af umboðsmanni mælis.

29. gr.

Þegar mælir hefur verið settur í bifreið og innsiglaður, svo sem að framan getur, gefur verkstæðið út akstursbók eins og greint er í 3. gr.

30. gr.

Reglubundið eftirlit á mælum skal fara fram eftir um það bil 150.000 km akstur og eigi seinna en eftir 170.000 km. Jafnframt skal athuga og smyrja driftengi og snúrudrif.

31. gr.

Viðgerðir, breytingar og eftirlit á ökumælum og fylgihlutum þeirra, má einungis framkvæma af umboðsmanni eða verkstæðum, sem til þess eru viðurkennd af ráðuneytinu. Í þeim tilvikum skal ávallt setja nýja númersplötu á ökumælinn og stilla teljara hans í núllstöðu, áður en hann er endursendur. Við ísetningu skal innsiglað svo sem fyrir er mælt.

Þegar framkvæma skal eftirlit á ökumæli samkv. 30. gr. eða gera við bilun á ökumæli, sendir verkstæðið, sem verkið vinnur, mælinn til umboðsmanns, án þess að innsigli við númersplötu sé rofið.

32. gr.

Þegar ökumælir er tekinn úr bifreið, skal jafnframt setja annan mæli í staðinn. Sé bifreiðin á verkstæði vegna viðgerðar, þannig að gera megi við ökumæli eða senda hann til eftirlits, meðan bifreiðin er eigi í notkun, má þó nota sama mæli, eftir að ný númersplata hefur verið sett á hann.

33. gr.

Þegar annar ökumælir með nýrri númersplötu er settur í bifreiðina, gefur verkstæðið út nýja akstursbók, eftir að mælirinn hefur verið innsiglaður svo sem fyrir er mælt í 3. gr. Í akstursbók þess ökumælis, sem úr hefur verið tekinn, færir forstöðumaður verkstæðisins mælisstöðu mælisins, ástæðuna fyrir því að hann var tekinn úr, dagsetningu, nafn verkstæðisins, og undirritar síðan. Bifreiðin skal síðan færð til bifreiðaeftirlitsmanns eða sérstaks eftirlitsmanns sem fjármálaráðuneytið tilnefnir til skoðunar, svo sem greint er í 4. gr.

34. gr.

Númersplötur af ökumælum, sem teknir hafa verið úr notkun, skulu varðveittar hjá umboðsmanni, og er eigi heimilt að nota þær aftur á sama gjaldári.

Innheimtumenn ríkissjóðs geta krafist þess hjá umboðsmanni, að hann veiti upplýsingar um mælisnúmer, mælisstöðu, svo og dagsetningu á þeim ökumælum, sem teknir hafa verið úr notkun.

35. gr.

Þegar taka verður ökumæli eða hluta af mælabúnaði úr vegna viðgerðar á bifreið, er verkstæði því, er framkvæmir viðgerðina, heimilt að rjúfa innsigli þau, er tengja þá hluti við bifreiðina.

Forstöðumaður verkstæðisins skal þá skrá í akstursbókina mælisstöðu, ástæðuna fyrir því, að tekið var sundur, dagsetningu ásamt nafni verkstæðisins og undirrita síðan.

Þegar viðgerð er lokið færir forstöðumaður verkstæðisins á ný í akstursbókina mælisstöðu ökumælisins, dagsetningu, og undirritar síðan. Bifreiðin skal síðan færð til bifreiðaeftirlitsmanns eða sérstaks eftirlitsmanns, sem fjármálaráðuneytið tilnefnir til innsiglunar á ökumælum.

IV. KAFLI

Um gildistöku og refsingar o. fl.

36. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 000.00 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Með slík mál skal fara að hætti opinberra mála.

37. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 7. gr. l. nr. 79 6. september 1974, tekur gildi þegar í stað og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 74 30. apríl 1970.

Fjármálaráðuneytið ákveður með auglýsingu frest til þess að setja ökumæla í þær bifreiðar, sem hingað til hefur ekki verið greiddur þungaskattur af skv. ökumæli.

Fjármálaráðuneytið, 26. júní 1975.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

26. júní 1975. Nr. 284.

REGLUR

um endurgreiðslu innflutningsgjalda af bensíni.

1. gr.

Innflutningsgjald af bensíni sem greitt er samkvæmt lögum nr. 79 6. sept. 1974, verður endurgreitt úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. gr.

Af bensíni, sem sönnur eru færðar á, að notað hafi verið á dráttarvélar til búrekstrar eða vélbáta til fiskveiða, skal endurgreiða innflutningsgjald það, er um ræðir í 1. gr., þó þannig að ekki verði endurgreitt af meira bensínmagni vegna hverrar einstakrar vélar en hér segir:

15 hestafla vélar og þar yfir	1000 lítrar á ári.
14 hestafla vélar og þar undir	850 lítrar á ári.

3. gr.

Hver notandi um sig sæki um endurgreiðslu af því bensíni, er hann hefur sjálfur notað. Endurgreiðslubeiðni skal stíluð til fjármálaráðuneytisins og undirrituð af notanda sjálfum og tilgreind staða hans og heimilisfang, götunafn í kaupstöðum. Skal tilgreina í beiðninni, hversu marga lítra af bensíni umsækjandi hefur alls notað á árinu. Skal þar greina, hversu mikið magn hefur verið notað á dráttarvélar til búreksturs og hversu mikið magn hefur farið til notkunar á aðrar vélar. Með beiðnunum skulu, eftir því sem við á, fylgja þessi gögn:

1. Kvittaður sölureikningur. Sé sölureikningur ekki greiddur, skulu afhendingarnótur fylgja umsókn.
2. Yfirlýsing umsækjanda um, hversu margar klst. á árinu hver bensínknúin dráttarvél muni hafa verið notuð.
3. Vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra í því umdæmi, sem bensínið hefur verið notað, um að umsækjandi eigi skrásetta, gangfæra, bensínknúna dráttarvél, sem öll lögboðin gjöld hafa verið greidd af, og hann noti til búrekstrar. Staðfest afrit af kvittun fyrir greiðslu lögboðinnar ábyrgðartryggingar fylgi.

4. Heimild, sem fjármálaráðuneytið metur gilda, er veiti ótvíræðar upplýsingar um hestaflafjölda viðkomandi vélar. Fylgi slík heimild ekki endurgreiðslubeiðni skal líta svo á, að umrædd vél sé 14 hestöfl eða færri.
5. Endurgreiða skal því aðeins innflutningsgjald af bensíni, sem notað hefur verið á vélbát til fiskveiða að umsækjandi sanni með vottorði skattstjóra, að hann hafi haft tekjur af fiskveiðum á því ári, sem bensínið var notað. Endurgreiðslan skal vera innan þeirra marka, sem um getur í 2. gr., en má þó eigi nema hærri upphæð en sem svarar 1/10 hluta tekna, sem viðkomandi hafði af fiskveiðum á báti þeim, sem um ræðir, að frádregnum kostnaði við að afla þeirra.

Ef vísvitandi eru gefnar rangar upplýsingar í endurgreiðslubeiðnum eða vottorðum, varðar það refsingu samkvæmt 145. gr. hinna almennu hegningarlaga, eftir því sem við á.

4. gr.

Endurgreiðslubeiðnir skal senda til sýslumanna, bæjarfógeta eða hreppstjóra, í Reykjavík til lögreglustjóra, sem síðan senda beiðnir áfram til fjármálaráðuneytisins. Fjármálaráðuneytið sendir síðan endurgreiðslurnar til sýslumanna og bæjarfógeta, sem annast útborgun þeirra, sem í hlut eiga.

Erindi um endurgreiðslur innflutningsgjalds af bensíni fyrir undanfarið ár skulu vera komin til rétts lögreglustjóra fyrir 15. febrúar. Öll slík erindi skulu hafa borist fjármálaráðuneytinu í síðasta lagi 15. mars. Erindi, sem berast ráðuneytinu eftir 15. mars, koma til afgreiðslu næsta ár á eftir.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 9 20. janúar 1971. Reglugerðin öðlast þegar í stað gildi.

Fjármálaráðuneytið, 26. júní 1975.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 285. 26. júní 1975.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 107 30. maí 1974, sbr. reglugerð nr. 266 1. október 1974 um breyting á þeirri reglugerð.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá I greiðir samlagsmaður fyrstu 200 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá II (sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 400 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk, er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974, og öðlast gildi 1. júlí 1975.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. júní 1975.

Matthías Bjarnason.

Almar Grímsson.

25. júní 1975. Nr. 286.

GJALDSKRÁ

yfir gjald af einkasöluvörum.

Áhöfnum og farþegum, sem við komu til landsins hafa meðferðis meira magn af einkasöluvörum en heimilt er án greiðslu gjalda, sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 272/1969 og 2. gr. reglugerðar nr. 117/1972, skal heimilt að greiða einkasölugjald af því sem umfram er samkvæmt gjaldskrá þessari, enda hafi viðkomandi vörum verið framvísað við tollgæslu, áður en tollskoðun hófst í farangri viðkomandi:

	0.375 l	0.75 l
A. Áfengi:		
1. Rauðvín, hvítvín, heit vín, vermouth og aperitivar	kr. 325	kr. 650
2. Íslenskar áfengistegundir	— 900	— 1 800
3. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, rom, líkjörar svo og aðrar sterkar tegundir ót. a.	— 1 550	— 2 900

B. Tóbak:		
1. Reyktóbak	kr. 1 550	pr. tylft eða lb.
2. Vindlingar	— 1 400	pr. karton
3. Smávindlar	— 140	pr. 10 stk.
Meðalstærð	— 425	pr. 25 stk.
Vindlar aðrir	— 750	pr. 25 stk.

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir, skal greitt hlutfallslega.

Gjaldskrá þessi er sett skv. heimild í 5. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá nr. 53/1975 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 25. júní 1975.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir heimilisþjónustu á vegum Félagsmálastofnunar Akureyrar.

1. gr.

Fyrir þjónustu veitta samkvæmt reglugerð um heimilisþjónustu, skal þiggjandi greiða gjald samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga, sem miðast við mánaðartekjur þiggjanda og tímalaun starfsfólks heimilisþjónustunnar:

1. taxti	.....	kr.	0.00 á tímann
2. taxti	.....	—	100.00 - —
3. taxti	.....	—	200.00 - —
4. taxti	.....	—	300.00 - —

2. gr.

Ákvörðun um taxta skal tekin eftir viðmiðun við mánaðartekjur þiggjanda og skal þá tekið tillit til hvort um er að ræða einstakling, hjón eða sambýlisfólk. Félagsmálaráði er einnig heimilt að víkja frá gjaldskránni ef um sérstakar ástæður er að ræða.

Taxti fyrir einstaklinga:

1.	Tekjur undir	kr.	25 000.00		
2.	Tekjur milli	—	25 000.00	og	45 000.00
3.	Tekjur milli	—	45 000.00	og	70 000.00
4.	Tekjur yfir	—	70 000.00		

Taxti fyrir hjón og sambýlisfólk:

1.	Tekjur undir	kr.	40 000.00		
2.	Tekjur milli	—	40 000.00	og	70 000.00
3.	Tekjur milli	—	70 000.00	og	100 000.00
4.	Tekjur yfir	—	100 000.00		

3. gr.

Gjaldstiginn er saminn með viðmiðun við tímalaun starfsfólks heimilisþjónustunnar, kr. 221.00 og er einnig tekið tillit til launatengdra gjalda. Verði breyting á þessum kauptaxta, ber að breyta gjaldstiganum til samræmis við þær breytingar.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. maí 1975.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 — 1975

3. júní 1975. 561 Nr. 288.

REGLUGERÐ

um landsdeild Viðlagasjóðs.

I. KAFLI

1. gr.

Landsdeild er deild úr Viðlagasjóði með sérstakan fjárhag og reikningshald. Stjórn Viðlagasjóðs fer með stjórn landsdeildar og um hana gilda einnig ákvæði 1.—6. og 8. gr. reglugerðar nr. 62/1973 um Viðlagasjóð.

Starfsvið landsdeildar er landið allt, að undanskildum tjónsatburðum þeim á Norðfirði og í Vestmannaeyjum sem lög nr. 4/1973 og lög nr. 5/1975 taka til.

2. gr.

Hlutverk landsdeildar eru þessi:

1. Að bæta eignatjón af völdum eldgosa og snjóflóða.
2. Að bæta fjárhagstjón aðstandenda þeirra, sem farast kunna af völdum eldgosa og snjóflóða, sbr. 7. gr.
3. Að greiða eðlilegan kostnað af björgun verðmæta, hreinsun rústa og athafnasvæða.
4. Að stuðla svo sem unnt er að endurreisn atvinnufyrirtækja, sem eyðileggjast eða skemmast af völdum eldgosa og snjóflóða.

Bætur skal einungis greiða vegna tjónatburða, sem orðið hafa eða verða kunna á tímabilinu 1. desember 1974 til 31. ágúst 1975.

3. gr.

Í störfum sínum skal stjórn sjóðsins hafa samráð við stjórn Bjargráðasjóðs, viðkomandi sveitarfélög og aðra opinbera aðila, sem um málefni byggðarlags þess fjalla, þar sem tjón hefur orðið.

II. KAFLI

4. gr.

Stjórn Viðlagasjóðs er heimilt að taka bráðabirgðalán í því skyni að standa undir nauðsynlegum greiðslum, þar til tekjur berast landsdeild sjóðsins.

Framlög og önnur aðstoð, sem berast kann frá erlendum og innlendum aðilum vegna tjóna af völdum eldgosa og snjóflóða, og ekki er beint til nafngreindra aðila, renna til deildarinnar.

III. KAFLI

5. gr.

Deildinni er heimilt að greiða þann kostnað Almannavarna ríkisins vegna eldgosa og snjóflóða sem að mati stjórnar Viðlagasjóðs telst eðlilegur björgunarkostnaður verðmæta og til er stofnað einum mánuði eftir tjónsatburð. Að þeim

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

tíma liðnum greiðir deildin aðeins þann kostnað Almannavarna ríkisins, sem leiðir af starfsemi, sem framkvæmd er að beiðni eða með sérstöku samþykki sjóðsstjórnar.

6. gr.

Deildin greiðir eðlilegan kostnað, sem verður á tímabilinu 1. desember 1974 til 31. ágúst 1975, við björgun verðmæta vegna eldgosa og snjóflóða, kostnað við hreinsun og aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekara tjón enda sé slíkur kostnaður ekki bótaskyldur af öðrum aðilum.

Sjóðsstjórnin skal hafa eftirlit með því, að ráðstafanir þessar séu framkvæmdar með sem hagkvæmustum hætti og kostnaði við þær í hóf stillt. Einungis skal greiða þann kostnað, sem er bein afleiðing af snjóflóði.

7. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að greiða bætur til þeirra manna, sem missa sannanlegan framfæranda sinn í eldgosum og snjóflóðum.

Einnig er stjórninni heimilt að greiða eftirlifandi maka eða sambýling bætur vegna fjárhagstjóns síns.

Bætur þessar skulu reiknaðar samkvæmt venjulegum reglum við ákvörðun dánarbóta í skaðabótamálum og til frádráttar skulu koma allar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og vátryggingarfélögum, þó ekki líftryggingar.

Þá er sjóðnum heimilt að greiða bætur til þeirra, sem hljóta tímabundna eða varanlega örorku í eldgosum og snjóflóðum.

Enn er stjórninni heimilt að bæta röskun á stöðu og högum eftirlifandi maka, sambýlings og ólögráða barna eftir venjulegum skaðabótareglum.

Ákvörðun stjórnar sjóðsins um bótaskyldu og bótafjárhæð samkvæmt þessari grein er endanleg.

8. gr.

Þeir aðilar, sem telja sig verða fyrir bótaskyldu tjóni vegna eldgosa og snjóflóða eftir gildistöku reglugerðar þessarar skulu tilkynna kröfu sína til skrifstofu Viðlagasjóðs eigi síðar en 30 dögum eftir að tjónsatburðurinn varð. Tjón sem orðið hafa fyrir gildistöku reglugerðarinnar skal tilkynna fyrir 1. ágúst 1975.

9. gr.

Bætur skulu greiddar eftir þessum meginreglum:

1. Mannvirki sem eyðileggjast með öllu eða ekki eru viðgerðarhæf að áliti trúnaðarmanna Viðlagasjóðs skal bæta með brunabótamatsverði þeirra eins og það verður samkv. reglum Brunabótafélags Íslands þegar greiðsla bóta hefst að viðbættri hækkun skv. byggingarvísitölu frá því að brunabótamatsverð var síðast ákveðið. Nú liggur ekki fyrir brunabótamat eignar eða aukið hefur verið við eignina eða hún verið endurbætt á þann hátt, sem áhrif hefur á brunabótamat síðan brunabótamat var seinast gert skulu trúnaðarmenn sjóðsstjórnar meta hið ómetna og skal það þá bætt samkv. því.

   Eign í leigulóð eða leigulandi skal metin eftir sömu reglum og við ákvörðun eignarskatts og bætt samkvæmt því.

   Þegar sjóðurinn hefur greitt bætur fyrir fasteign samkvæmt 1. og 2. gr. þessst tölul. eða samið um þær skulu eigendur afsala sjóðnum öllum rétti sínum til fasteignarinnar.
2. Telji stjórn Viðlagasjóðs eign viðgerðarhæfa skal hún láta trúnaðarmenn sína meta hæfilegan viðgerðarkostnað á skemmdum sem orðið hafa af völdum eldgosa eða snjóflóða.
3. Nú glatast eða eyðileggst lausafé manna, vélar eða tæki sannanlega af völdum eldgosa og snjóflóða og skal deildin bæta það tjón eftir mati trúnaðarmanna

sinna þegar það hefur farið fram. Nú skemmist lausafé, vélar eða tæki en án þess að eyðileggjast og skulu þá trúnaðarmenn meta hæfilegan viðgerðarkostnað þeirra.

Við möt sín skulu trúnaðarmenn sjóðsins fylgja svo sem unnt er reglum þeim og venjum, sem skapast hafa á vegum Ríkisábyrgðasjóðs.

Bætur, sem greiddar verða af vátryggingarfélögum skulu ætíð koma til frádráttar bótum frá sjóðnum.

10. gr.

Bætur fyrir íbúðarhúsnæði sem eyðileggst skal greiða á einu ári frá tjóndegi að telja að jafnaði með fjórum jöfnum greiðslum.

Bætur fyrir atvinnuhúsnæði, sem hafin er endurreisn á innan 6 mánaða frá tjóndegi skal stjórn sjóðsins greiða með hliðsjón af því hve framkvæmdum miðar áfram. Sé endurreisn ekki hafin fyrir þann tíma skal greiða bætur að hálfu á einu ári frá tjóndegi að telja. Eftirstöðvarnar skal greiða með skuldabréfum Viðlagasjóðs. Skuldabréf þessi skulu greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á 10 árum og bera vexti sem eru jafnir almennum sparisjóðsvöxtum á hverjum tíma.

Vextir greiðast ekki af þeim bótum sem greiðast innan árs frá tjóndegi að telja.

Stjórn Viðlagasjóðs er heimilt að greiða fyrirfram upp í bætur þótt endanleg möt liggi ekki fyrir.

11. gr.

Áður en greiddar eru bætur vegna mannvirkja og lausafjár sem hefur eyðilagst skal kanna hvort eignirnar hafi verið veðsettar. Er stjórn Viðlagasjóðs heimilt að greiða áhvílandi veðskuldir á þremur árum með sömu lánskjörum og upphaflega var um samið.

12. gr.

Bætur fyrir viðgerðir á mannvirkjum og lausafé og bætur fyrir lausafé skal greiða þegar mat trúnaðarmanna sjóðsins hefur fram farið. Heimilt er þó stjórn Viðlagasjóðs að greiða slíkan kostnað jafnóðum og viðgerð fer fram.

Með viðgerðarkostnaði er heimilt að telja óhjákvæmilegan flutningskostnað vegna tækja og véla, sem ekki er unnt að gera við á staðnum eða í næsta nágrenni.

13. gr.

Sjóðsstjórn skal, ef samkomulag næst ekki við tjónþola, úrskurða um bætur og er úrskurður hennar endanlegur um hvað bæta skuli og bótafjárhæð.

IV. KAFLI

14. gr.

Landsdeild Viðlagasjóðs er heimilt að veita sveitarfélögum styrk vegna verulegrar tekjurýrnunar sem rekja má til tjóna af völdum eldgosa og snjóflóða.

15. gr.

Stjórn Viðlagasjóðs er heimilt að veita atvinnufyrirtækjum, sem verða fyrir verulegu tjóni af völdum eldgosa og snjóflóða lán til að hraða endurreisn atvinnurekstrar síns.

Einnig er stjórn Viðlagasjóðs heimilt að greiða þeim atvinnufyrirtækjum bætur, sem verða fyrir tjóni vegna stöðvunar atvinnureksturs af völdum eldgosa og snjóflóða.

16. gr.

Landsdeild Viðlagasjóðs skal stuðla að því að atvinnurekstur sem stöðvast hefur af völdum eldgosa og snjóflóða hefjist aftur svo fljótt sem unnt er.

17. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt reglugerð þessari og ekki má leggja á þær löghald eða gera í þeim fjárnám.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. laga nr. 5, 28. febrúar 1975 sbr. 6. gr. sömu laga og öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 3. júní 1975.

Geir Hallgrímsson.

Björn Bjarnason.

Nr. 289. 4. mars 1975.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 135 4. mars 1975, sbr. reglugerð nr. 66 3. apríl 1970.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar fellur niður.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 4. mars 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 290. 1. apríl 1975.

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu á Akureyri.

1. gr.

Félagsmálaráð og félagsmálastjóri fara með yfirstjórn heimilisþjónustunnar á Akureyri. Dagleg umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum þess aðila, er félagsmálaráð ræður til þess.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum að tilvísun læknis, hjúkrunarkonu, ljósmóður, félagsráðgjafa eða að öðrum tilvísunum, sem forstöðumaður metur gildar, að hjálpar, annarrar en hjúkrunar, sé þörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum. Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem félagsmálastofnun metur að nauðsyn sé hverju sinni. Heimilisþjónustan felur í sér eftirfarandi atriði:

1. Aðstoð við aldraða, í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.

2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum, í þeim tilgangi að stytta sjúkrahúsvist, eða jafnvel koma í veg fyrir hana.
3. Umsjón með heimili, þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru fjarverandi vegna veikinda.
4. Aðstoð við fatlaða, sem búa einir.
5. Ráðgjöf um húsnæði.
6. Önnur tilfelli, sem meta þarf hverju sinni.

3. gr.

Félagsmálaráð gengst fyrir námskeiðum fyrir starfsfólk heimilisþjónustunnar. Námskeið þessi skulu haldin svo oft sem þurfa þykir.

4. gr.

Félagsmálaráð ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.

5. gr.

Fyrir heimilisþjónustu samkvæmt reglugerð þessari, skal sá er hjálpar nýtur greiða eftir gjaldskrá, er bæjarstjórn Akureyrar setur og ráðherra staðfestir.

Heimilt er félagsmálaráði að víkja frá þeirri gjaldskrá til lækkunar, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

6. gr.

Skrifstofa Akureyrarkaupstaðar annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar bæjarsjóðs.

7. gr.

Forstöðumaður heimilisþjónustu lætur félagsmálaráði árlega í té skýrslu um starfsemina undanfarið ár. Félagsmálaráð leggur skýrsluna fyrir bæjarráð ásamt öðrum ársskýrslum er varða rekstur félagsmálastofnunar.

8. gr.

Um greiðslu kostnaðar fer samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum, sbr. lög nr. 34 10. apríl 1974 um breyting á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 49 10. apríl 1959 um heimilishjálp á Akureyri.

Félagsmálaráðuneytið, 1. apríl 1975.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

REIKNINGUR

Systrasjóðs Kvennaskólans í Reykjavík 1974.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. jan. 1974		kr.	650 828.60
1) Framlög námsmeyja		—	42 200.00
2) Gjöf frá gamalli konu		—	100.00
3) Vextir greiddir 1974:			
a) Í Söfnunarsjóði 1973	kr. 10 324.00		
b) Í Landsbanka, viðsk.b.	— 70 847.20		
c) Í Landsbanka, sparisj.b.	— 832.20		
		—	82 003.40
	Samtals	kr.	775 132.00

Gjöld:

1) Styrkur veittur námsmeyjum		kr.	56 000.00
2) Eign sjóðsins um áramót:			
a) Í Söfnunarsjóði, aðald. nr. 32	kr. 104 272.00		
b) Í Landsbankanum, viðsk.b. nr. 5618	— 593 784.00		
c) Í Landsbankanum, sparisj.b. nr. 19092	— 21 076.00		
		—	719 132.00
	Samtals	kr.	775 132.00

Nr. 292.

REIKNINGUR

Styrktarsjóðs kennara við Kvennaskólann í Reykjavík 1974.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. jan. 1974		kr.	158 360.60
1) Útdregin 2 veðskuldabréf		—	2 000.00
2) Vextir greiddir:			
a) af verðbréfum	kr. 150.00		
b) Í Landsbanka, viðskiptab.	— 21 472.10		
c) Í Landsbanka, sparisj.b.	— 26.30		
		—	21 648.40
	Samtals	kr.	182 009.00

Gjöld:

Til jafnaðar við tekjulið 1		kr.	2 000.00
Eign sjóðsins um áramót:			
a) Veðdeildarbréf Lb. 17. fl.	kr. 1 000.00		
b) Í Landsbanka Ísl. viðsk.b. nr. 5621	— 178 737.00		
c) Í Landsbanka, sparisjóðsb. nr. 10	— 272.00		
		—	180 009.00
	Samtals	kr.	182 009.00

REIKNINGUR

Kristjönugjöf 1974.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. jan. 1974		kr.	214 158.60
Vextir greiddir:			
a) Í Sparisjóði Reykjavíkur og nágr., ársbók	kr. 29 580.90		
b) Í Sparisjóði Reykjavíkur og nágr. sparisjóðsb.	— 35.50		
		—	29 616.40
	Samtals	kr.	243 775.00

Gjöld:

Eign sjóðsins um áramót:			
a) Í Sparisjóði Reykjav. og nágr. ársbók nr. 27039	— 243 414.00		
b) Í Sparisjóði Reykjav. og nágr. sparisj.b. nr. 10551	— 361.00		
		—	243 775.00
	Samtals	kr.	243 775.00

Nr. 294.

REIKNINGUR

Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Yfirlit um tekjur og gjöld árið 1974 og efnahagur 31. desember 1974.

Stofnfjárdeild.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1974:			
Innstæða á hlr. 3520 í Seðlab. Ísl.		kr.	29 316 212.00
Uppfærsla v/gengisbreytinga		—	12 365 168.00
Vaxtatekjur		—	3 098 900.00
		Kr.	44 780 280.00

Gjöld:

Auglýsingakostnaður		kr.	300.00
Eignir 31. des. 1974:			
Innstæða á hlr. 3520		—	44 779 980.00
		Kr.	44 780 280.00

Deild fyrir frystar fiskafurðir.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1974:			
Innstæða á hlr. 3521, freðfiskur, í Seðlab. Ísl.	kr. 992 189 899.00		
Innstæða á hlr. 3525, rækja, í Seðlab. Ísl.	— 38 504 940.40		
		kr.	1 030 694 839.40

Innborgaðar verðhækkanatekjur af freðfiski, framl. 73	kr.	122 880 518.00		
Innborgaðar verðhækkanatekjur af rækju	—	9 342 906.00		
			kr.	132 223 424.00
Uppfærsla v/gengisbreytinga:				
Hlr. 3521	kr.	430 441 587.00		
Hlr. 3525	—	17 941 581.00		
			—	448 383 168.00
Vaxtatekjur:				
Hlr. 3521	kr.	109 145 076.00		
Hlr. 3525	—	4 461 145.00		
			—	113 606 221.00
			Kr.	1 724 907 652.40

Gjöld:

Stjórnarlaun			kr.	266 058.00
Opinber gjöld			—	19 495.00
Auglýsingakostnaður:				
v/freðfisks	kr.	20 920.00		
v/rækju	—	10 130.00		
			—	31 050.00
Greitt v/verðlækkana á freðfiski, framl. 1/9—31/12 74			—	114 980 000.00
Eignir 31. des. 1974:				
Innstæða á hlr. 3521	kr.	1 539 370 607.00		
Innstæða á hlr. 3525	—	70 240 442.40		
			—	1 609 611 049.40
			Kr.	1 724 907 652.40

Deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja (mjöl og lýsi).

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1974:				
Innstæða á hlr. 3522, loðnumjöl, í Seðlab. Ísl.	kr.	274 421 371.20		
Innstæða á hlr. 3523, loðnulýsi, í Seðlab. Ísl.	—	20 403 575.60		
			—	294 824 946.80
Innborgaðar verðhækkanatekjur af loðnumjöli, framl. 1973	kr.	15 331 215.00		
Innborgaðar verðhækkanatekjur af loðnulýsi	—	39 133 963.00		
			—	54 465 178.00
Uppfærsla v/gengisbreytinga:				
Hlr. 3522	kr.	101 700 620.00		
Hlr. 3523	—	23 648 836.00		
			—	125 349 456.00
Vaxtatekjur:				
Hlr. 3522	kr.	24 517 965.00		
Hlr. 3523	—	5 072 848.00		
			—	29 590 813.00
			Kr.	504 230 393.80

Gjöld:

Stjórnarlaun:				
v/loðnumjöls	kr.	85 510.00		
v/loðnulýsis	—	85 507.00		
			kr.	171 017.00
Opinber gjöld:				
v/loðnumjöls	kr.	5 697.00		
v/loðnulýsis	—	5 697.00		
			—	11 394.00
Auglýsingakostnaður:				
v/loðnumjöls	kr.	1 950.00		
v/loðnulýsis	—	1 950.00		
			—	3 900.00
Gr. v/verðlækkana á loðnumjöli, framl. 1974.			—	205 736 061.00
Eignir 31. des. 1974:				
Innstæða á hlr. 3522	kr.	210 141 953.20		
Innstæða á hlr. 3523	—	88 166 068.60		
			—	298 308 021.80
			Kr.	504 230 393.80

Deild fyrir saltfiskafurðir.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1974:				
Innstæða á hlr. 3524, í Seðlab. Ísl.			kr.	292 755 528.00
Innborgaðar verðhækkanatekjur af óv. saltfiski	kr.	410 759 757.00		
Innborgaðar verðhækkanatekjur af söltuðum ufsaflökum, framl. 1973	—	800 477.00		
			—	411 560 234.00
Uppfærsla v/gengisbreytinga			—	134 425 428.00
Vaxtatekjur			—	30 640 158.00
			Kr.	869 381 348.00

Gjöld:

Stjórnarlaun	kr.	229 885.00
Opinber gjöld	—	14 295.00
Auglýsingakostnaður	—	12 720.00
Eignir 31. des. 1974:		
Innstæða á hlr. 3524	—	869 124 448.00
	Kr.	869 381 348.00

Reykjavík, 2. júní 1975.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins,

Davíð Ólafsson, formaður.

Framanritaða efnahags- og rekstursreikninga höfum við endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins, og eru þeir í samræmi við þær.

Egill Símonarson. Gunnlaugur Arnórsson.

REGLUR

um hreindýraveiðar á Austurlandi 1975.

1. gr.

Heimilt skal að veiða allt að 1100 hreindýr í Múlasýslum og Austur-Skaftafellssýslu á tímabilinu 1. ágúst til 15. september árið 1975. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar á öðrum árstíma, ef sérstakar ástæður mæla með, að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmenn, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

Tala þeirra dýra, sem veidd verða samkvæmt 1. gr., skiptist milli eftirgreindra hreppa í þessum hlutföllum:

1.	Vopnafjarðarhreppur	25	hreindýr
2.	Fljótsdalshreppur	125	—
3.	Jökuldalshreppur	125	—
4.	Fellahreppur	80	—
5.	Tunguhreppur	80	—
6.	Hlíðarhreppur	30	—
7.	Hjaltastaðahreppur	35	—
8.	Borgarfjarðarhreppur	20	—
9.	Seyðisfjarðarhreppur	15	—
10.	Skriðdalshreppur	70	—
11.	Vallahreppur	90	—
12.	Egilsstaðahreppur	35	—
13.	Eiðahreppur	45	—
14.	Mjóafjarðarhreppur	15	—
15.	Norðfjarðarhreppur	15	—
16.	Helgustaðahreppur	20	—
17.	Reyðarfjarðarhreppur	35	—
18.	Fáskrúðsfjarðarhreppur	15	—
19.	Búðahreppur	15	—
20.	Stöðvarhreppur	15	—
21.	Breiðdalshreppur	50	—
22.	Beruneshreppur	35	—
23.	Geithellahreppur	35	—
24.	Búlandshreppur	15	—
25.	Bæjarhreppur	30	—
26.	Nesjahreppur	30	—
		1100	hreindýr

3. gr.

Auk þeirra hreindýra, sem skiptast samkvæmt framansögðu, getur ráðuneytið leyft veiði nokkurra dýra í viðbót, ef henta þykir, m. a. handa söfnum, til vísindalegra rannsókna o. fl., og koma þau dýr eigi til skipta. Veiðin fari fram undir eftirliti hreindýraeftirlitsmanns, sbr. 5. gr.

4. gr.

Andvirði felldra hreindýra greiðist í reikning hlutaðeigandi sveitarsjóðs samkvæmt hlutfalli í 2. gr., en hver hreppsnefnd skiptir fénu innan síns svæðis. Skal

hreppsnefnd fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á beitilönd sín, njóta arðs af veiðunum, en síðan sveitarsjóð, enda greiði hann þóknun þeim mönnum, sem eru hreindýraeftirlitsmanni til aðstoðar við veiðarnar, sbr. 5. gr. Heimilt er þó, að þeir fái í sinn hlut hreindýraafurðir í stað greiðslu.

Ekki er heimilt að selja veiðileyfi.

5. gr.

Einn hreindýraeftirlitsmaður skal vera í hverjum þeirra hreppa, sem nefndir eru í 2. gr. Skal hann ráðinn af menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar og að höfðu samráði við sýslumann. Ráðuneytið ákveður og greiðir fasta þóknun hans fyrir starfið.

Hreindýraeftirlitsmenn ráðuneytisins framkvæma, ásamt aðstoðarmönnum, sem þeir velja, þá fækkun hreindýra, sem ákveðin er.

Aðalumsjón með hreindýrunum annast sá eftirlitsmaður, sem ráðinn er fyrir Fljótsdalshrepp, og hefur hann einnig umsjón með störfum hinna eftirlitsmannanna.

6. gr.

Þeir einir mega annast fækkun hreindýra, sem til þess hafa næga skotfimi og kunnáttu í meðferð skotvopna, að dómi hlutaðeigandi lögreglustjóra. Gætt skal þess, að þeir fullnægi ákvæðum laga um leyfi til að eiga og nota skotvopn, sbr. lög nr. 69/1936 og reglugerð nr. 105/1936. Aðalhreindýraeftirlitsmaður ákveður, hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) skuli nota. Eigi er þó leyfilegt að nota minni stærð riffils en cal. 243.

7. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu gæta þess vandlega, að hreindýr séu ekki veidd á þeim slóðum, þar sem þau eru að nema ný lönd og talið er æskilegt, að þau hagvenjist, heldur þar sem ætlunin er að bægja þeim frá.

8. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu sjá um, að veidd séu þau dýr, sem minnstur skaði er að fyrir eðlilegan viðgang hjarðarinnar. Þeir skulu senda ráðuneytinu skýrslu um veiðarnar strax að veiðitíma loknum.

9. gr.

Athygli er vakin á, að skv. lögum nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, er óheimilt að hafa hreindýrakjöt til sölu, nema það hafi verið skoðað og metið af dýralækni.

10. gr.

Brot á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 72/1954, um breyting á lögum nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, varðar allt að 50 000 kr. sekt.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi reglur nr. 215/1974, um hreindýraveiðar á Austurlandi 1974.

Menntamálaráðuneytið, 2. júlí 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Grindavíkur.

1. RAFORKA

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Um kWst.-mæli á kr. 39.60 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2 Um kWst.-mæli á kr. 19.50 hverja kWst. auk fastagjalds sem er kr. 121.00 á hvern fermeter gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 59.40 á ári af hverjum ferm.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 10.00 hverja kWst. auk mælaleigu.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1 Um kWst.-mæli á kr. 19.50 hverja kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 11 026.00.

C—2 Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 19.50 hverja kWst.

C—3 Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kw:

a) Um kWst.-mæli á kr. 3.30 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 11 026.00. Notað afl telst vera mesta meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung á kw.

b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 3.30 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 10 434.00 á hvert kw. í málraun uppsettra véla á árinu.

Heimilt er að rjúfa straum í allt að þrem stundum á dag samkv. þessum gjaldskrárlið (C—3) kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4 Um afl- og orkumæli:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 11 026.00 á kw. á ári.

b) Af allri notkun kr. 3.30 á hverja kWst.

Samkvæmt þessum gjaldskrárlið heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósanotkunar kr. 121.00 á hvern ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 48.40 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 95.00 á hvern ferm. á ári.

D. Hitun.

Án söluskatts frá 1. des. 1973.

D—1 Um kWst.-mæli á kr. 4.20 hverja kWst.

D—2 Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 3.06 hverja kWst.

D—3 Um afl og orkumæli:

Á kr. 3.06 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 2 136.00 hvert kw.

Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4 Um kWst.-mæli á kr. 1.43 hverja kWst. með rofi frá kl. 8—23.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húsahitunar.

Að vélaafl, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.

Að notandi kosti tengingu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkv. gjaldskrá.

Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.

Að húsnæðið fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem Rafveitan kann að setja.

Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 12.00 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 19.50 hverja kWst.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 3.65 hver kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til 22.00 eða um tvígjaldsmæli á kr. 2.90 hver kWst. á tímanum frá kl. 22.00 til 8.30 og kr. 9.50 hver kWst. frá kl. 8.30 til 22.00.

Til gatna- og hafnarlýsingar svo og vinnulýsingar við nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð á kr. 19.50 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C-E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir.

Af einfasa mælum 60 amp. og minni	kr.	60.00 á mán.
Af þrífasa mælum 50 amp. og minni	—	70.00 - —
Af þrífasa mælum 50 amp. og 100 amp	—	120.00 - —
Af þrífasa mælum 100 amp. og yfir	—	210.00 - —
Af mestaaflsmælum 100 amp. og minni	—	190.00 - —
Af mestaaflsmælum yfir 100 amp.	—	360.00 - —
Af álagsstýriliðum minni gerð	—	205.00 - —
Af álagsstýriliðum stærri gerð	—	360.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld miðast við aflþörf notanda, sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugargjald ákveðst þannig:

Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafl kva.	Heimtaugargjald kr.
3 × 60	22	46 200.00
3 × 100	38	67 100.00
3 × 200	75 sp.	132 000.00
3 × 350	132	220 000.00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í, svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum, enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa ..... kr. 9 600.00
Fyrir 60 amp. þrífasa ..... — 12 100.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar, skal notandinn greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður háir útivinnu. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður skal greiða heimtaugargjald samkv. reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandinn greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar spennistöðvarinnar, svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, og til loknuar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 1 430.00 á hvern mæli.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefir bætt úr því, og greitt kr. 1 430.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR, GJALDSKRÁRBREYTINGAR O. FL.

Innifalin í gjaldskránni eru söluskattur, viðlaga- og verðjöfnunargjald, nema af raforku til húshitunar.

Bæjarstjórn Grindavíkur er heimilt að hækka eða lækka gjöld skv. gjaldskrá þessari um allt að 20%, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er bæjarstjórn heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikningana um allt að 50% af hækkuninni.

Hækkanir skv. ofanrituðu eru háðar samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Grindavíkur hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi sbr. og auglýsingu nr. 67 11. apríl 1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 153 24. febrúar 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 11. júní 1975.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

11. júní 1975. Nr. 297.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 9 20. janúar 1972, um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Fyrsta setning 2. greinar reglugerðarinnar orðist þannig:

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 25, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 27. apríl 1970.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 frá 27. apríl 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 11. júní 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

12. júní 1975. Nr. 298.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli freðfisks fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1975.

Þorskur:	Ísl. kr. á lb. Cif.
4 × 14 m/r interl.	80.92
4 × 14 r/l og 8 × 7 r/l	97.09
10 × 5, 3 × 18 og 4 × 12	148.00
5 × 10 og 4 × 13	154.36
4 × 15	157.47
12 × 1	157.47
Blokk	110.90
Blokk 24½	114.73

Ýsa:	Ísl. kr. á lb. Cif.
10 × 5 og 3 × 18	155.29
12 × 1	163.34
Blokk	103.56
Steinbítur:	
8 × 7 r/l	80.14
10 × 5	136.56
12 × 1	136.56
Blokk	85.24
Karfi:	
8 × 7 m/r	70.16
10 × 5 m/r	72.33
10 × 5 r/l	77.91
12 × 1	84.91
Blokk	62.19
Ufsi:	
8 × 7 r/l	70.98
4 × 6 kg.	77.63
10 × 5	85.78
Blokk	61.51
Langa:	
8 × 7 r/l	85.45
10 × 5	152.40
Blokk	90.85
Grálúða:	
Heilfryst	74.03
Blokk, U. S. S. R.	80.25
Heilfrystur fiskur	34.85

Verðbil verður 3%, miðað við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. júní 1975.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Stjórnartíðindi B 26, nr. 288—298. Útgáfudagur 15. júlí 1975.

STJÓRNARTÍÐINDI B 27 — 1975

15. júlí 1975. 577 Nr. 299.

REGLUGERÐ
um fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

Fiskveiðilandhelgi Íslands skal afmörkuð 200 sjómílum utan við grunnlínu, sem dregin er milli eftirtalinna staða:

1. Horn	66°27′4	n.br.,	22°24′3	v.lg.
2. Ásbúðarrif	66°08′1	—	20°11′0	—
3. Siglunes	66°11′9	—	18°49′9	—
4. Flatey	66°10′3	—	17°50′3	—
5. Lágey	66°17′8	—	17°06′8	—
6. Rauðinúpur	66°30′7	—	16°32′4	—
7. Rifstangi	66°32′3	—	16°11′8	—
8. Hraunhafnartangi	66°32′2	—	16°01′5	—
9. Langanes	66°22′7	—	14°31′9	—
10. Glettinganes	65°30′5	—	13°36′3	—
11. Norðfjarðarhorn	65°10′0	—	13°30′8	—
12. Gerpir	65°04′7	—	13°29′6	—
13. Hólmur	64°58′9	—	13°30′6	—
14. Setusker	64°57′7	—	13°31′5	—
15. Þursasker	64°54′1	—	13°36′8	—
16. Ystiboði	64°35′2	—	14°01′5	—
17. Selsker	64°32′8	—	14°07′0	—
18. Hvítingar	64°23′9	—	14°28′0	—
19. Stokksnes	64°14′1	—	14°58′4	—
20. Hrollaugseyjar	64°01′7	—	15°58′7	—
21. Tvísker	63°55′7	—	16°11′3	—
22. Ingólfshöfði	63°47′8	—	16°38′5	—
23. Hvalsíki	63°44′1	—	17°33′5	—
24. Meðallandssandur I	63°32′4	—	17°55′6	—
25. Meðallandssandur II	63°30′6	—	17°59′9	—
26. Mýrnatangi	63°27′4	—	18°11′8	—
27. Kötlutangi	63°23′4	—	18°42′8	—
28. Lundadrangur	63°23′5	—	19°07′5	—
29. Surtsey	63°17′6	—	20°36′3	—
30. Eldeyjardrangur	63°43′8	—	22°59′4	—
31. Geirfugladrangur	63°40′7	—	23°17′1	—
32. Skálasnagi	64°51′3	—	24°02′5	—
33. Bjargtangar	65°30′2	—	24°32′1	—
34. Kópanes	65°48′4	—	24°06′0	—
35. Barði	66°03′7	—	23°47′4	—
36. Straumnes	66°25′7	—	23°08′4	—
37. Kögur	66°28′3	—	22°55′5	—
38. Horn	66°27′9	—	22°28′2	—

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Auk þess skulu dregnar markalínur í kringum eftirfarandi staði 200 sjómílur frá þeim:

39. Kolbeinsey ..... 67°08′8 n.br., 18°40′6 v.lg.
40. Hvalbakur ..... 64°35′8 — 13°16′6 —
41. Grímsey frá ystu annesjum og skerjum hennar.

Hver sjómíla reiknast 1852 metrar.

Þar sem skemmra er en 400 sjómílur milli grunnlína Færeyja og Grænlands annars vegar og Íslands hins vegar, skal fiskveiðilandhelgi Íslands afmarkast af miðlínu. Þá skal reglugerð þessari ekki framfylgt að svo stöddu eða þar til annað verður ákveðið, utan miðlínu milli grunnlína Jan Mayen annars vegar og Íslands hins vegar.

2. gr.

Í fiskveiðilandhelginni skulu erlendum skipum bannaðar allar veiðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

3. gr.

Íslenskum skipum, sem veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót eru bannaðar veiðar innan fiskveiðilandhelginnar á eftirgreindum svæðum og tíma:

1. Fyrir Norðausturlandi á tímabilinu 1. apríl til 1. júní á svæði, er takmarkast að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í norður frá Rifstanga (grunnlínupunktur 7) og að austan af línu, sem dregin er réttvísandi í norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 9) og að norðan (utan) af línu, sem dregin er 50 sjómílur utan við grunnlínu.

2. Allt árið innan markalínu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá Kolbeinsey (67°08′8 n.br., 18°40′6 v.lg.).

Þá eru íslenskum skipum bannaðar allar veiðar á eftirgreindum svæðum og tíma:


1. Fyrir Suðurlandi á tímabilinu 20. mars til 1. maí á svæði, sem afmarkast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra staða:

a) 63°32′0 n.br., 21°25′0 v.lg.
b) 63°00′0 — 21°25′0 —
c) 63°00′0 — 22°00′0 —
d) 63°32′0 — 22°00′0 —

2. Fyrir Vestfjörðum á svæði, sem takmarkast að vestan af línu réttvísandi 340° frá punkti 66°57′ n.br. og 23°36′ v.lg. og að austan af línu réttvísandi 0° frá punkti 67°01′ n.br. og 22°24′ v.lg. Að sunnan er dregin lína milli hinna greindu punkta og að norðan takmarkast svæðið af línu, sem dregin er 50 sjómílur utan við grunnlínu.

Sjávarútvegsráðuneytið mun ákvarða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum í fiskveiðilandhelgi Íslands. Ráðstafanir verða gerðar að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands.

Nú á sér stað á tilteknu veiðisvæði seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli, að varhugavert eða hættulegt getur talist, og mun þá sjávarútvegsráðuneytið, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna við því. Mun ráðuneytið með tilkynningu loka afmörkuðum veiðisvæðum um lengri eða skemmri tíma fyrir öllum togveiðum, svo og öðrum veiðum, ef nauðsynlegt þykir. Jafnan skal umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar liggja fyrir, áður en slíkar tímabundnar veiðitakmarkanir eru úr gildi numdar.


Fiskveiðimörk samkv. reglugerð
15 júlí 1975
FÆREYJAR
ÍSLAND
GRÆNLAND
Lokað 1.apríl-1.júní
Lokað allt árið
Lokað allt árið
Lokað 20. mars-1. maí

Að öðru leyti skal íslenskum skipum, sem veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót, heimilt að veiða innan fiskveiðilandhelginnar, samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, eða sérstökum ákvæðum, sem sett verða fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.

4. gr.

Botnvörpuskip skulu hafa öll veiðarfæri í búlka innanborðs, þannig að togblerar séu í festingum og botnvörpur bundnar upp, þegar þau eru stödd á svæðum, sem þeim er óheimilt að veiða á.

5. gr.

Aflaskýrslur skulu sendar Fiskifélagi Íslands á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum nr. 55 27. júní 1941, um afla- og útgerðarskýrslur.

Nú telur sjávarútvegsráðuneytið, að um ofveiði verði að ræða, og getur það þá takmarkað fjölda veiðiskipa og hámarksafla hvers einstaks skips.

6. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, með síðari breytingum, eða ef um er að ræða brot, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá kr. 10 000.00 til kr. 1 000 000.00.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. lög nr. 45 13. maí 1974, og fellur með gildistöku hennar úr gildi reglugerð nr. 189 14. júlí 1972, um fiskveiðilandhelgi Íslands og reglugerð nr. 362 4. desember 1973, um breyting á þeirri reglugerð.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 15. október 1975.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júlí 1975.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

Nr. 300. 10. júlí 1975.

AUGLÝSING

um takmörkun botnvörpu- og flotvörpuveiða við suðurströnd Íslands.

1. gr.

Ákvæði D. liðar 6 2. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni skulu ekki gilda fram til 10. ágúst 1975.

Samkvæmt þessu eru allar botnvörpu- og flotvörpuveiðar bannaðar til 10. ágúst 1975 innan 3ja sjómílna frá suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af lengdarbaug 21° 57′ v. lgd og að vestan af lengdarbaug 22° 32′ v. lgd.

2. gr.

Með mál út af brotum á auglýsingu þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt lögum nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. júlí 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

10. júlí 1975. Nr. 301.

AUGLÝSING

um viðbót við auglýsingu nr. 349 7. nóvember 1974, um lækkun gjalda af hráefnum og hjálparefnum í iðnaðarvörur.

1. gr.

Til viðbótar upptöldum hráefnum og hjálparefnum í 1. gr. fyrrgreindrar auglýsingar komi eftirtalin efni:

ANTIFLOAT CVP
CLEARPOL
CO-RO STABILISATOR
CREMODAN SE 33
CREMODAN SI 315
EMULGATOR PAF 11
EMULSIFIER WHC
KONZENTRAT 1
KONZENTRAT 19
KONZENTRAT 23
KONZENTRAT 25,3
KONZENTRAT 26,1
KONZENTRAT 27
KONZENTRAT 29
KONZENTRAT 40
KONZENTRAT 49
KONZENTRAT (atrix) 62
KONZENTRAT 88
NOFOME C
TOFFAN

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 10. júlí 1975.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.

Stjórnartíðindi B 27, nr. 299—301. Útgáfudagur 16. júlí 1975.

STJÓRNARTÍÐINDI B 28 — 1975

Nr. 302. 582 1. júlí 1975.

REGLUGERÐ

um greiðslu á launum úr ríkissjóði við gjaldþrot.

1. gr.

Ríkissjóði ber að greiða launþegum vangreidd laun fyrir vinnu, unna eftir 28. mars 1974, í þágu vinnuveitenda, sem orðnir eru gjaldþrota, eftir því, sem nánar greinir í reglugerð þessari.

2. gr.

Greiðsluskylda ríkissjóðs tekur til:

a. vinnulauna, sem forgangsréttur fylgir samkvæmt lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., sbr. lög nr. 32 10. apríl 1974,
b. orlofsfjár af launum, sbr. a-lið,
c. bóta vegna riftunar eða uppsagnar á vinnusamningi,
d. vinnulauna meðeiganda gjaldþrota fyrirtækis, sem undanþegnir eru réttindamissi, sbr. c-lið 3. gr. og
e. nauðsynlegs kostnaðar, sem launþega er skylt að greiða vegna kröfu hans um gjaldþrotaskipti vegna vanskila á launum, sbr. 1. gr.

Greiðsla samkvæmt grein þessari til hvers launþega getur í hæsta lagi numið þreföldum lágmarkstekjum, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 96 27. des. 1974.

Ríkissjóði ber að greiða vexti af greiðslum þeim, sem honum ber að greiða samkvæmt grein þessari. Vextir þessir, sem greiðast í allt að 12 mánuði, skulu vera í samræmi við almenna sparisjóðsvexti eins og þeir eru á hverjum tíma, og reiknast frá þeim tíma, sem greiðslan var gjaldkræf hjá vinnuveitanda.

3. gr.

Greiðsluskylda ríkissjóðs tekur ekki til:

a. vinnulauna forstjóra fyrirtækis,
b. vinnulauna eða þóknana til þeirra, sem setið hafa í stjórn gjaldþrotafélags, eftir að fjárhag þess tók verulega að halla og
c. vinnulauna launþega, sem eiga hlut í fyrirtæki því, sem þeir vinna hjá. Ákvæði þessa stafliðs gildir þó ekki um þá launþega, sem eiga ekki meiri hlut í fyrirtækinu en nemur 2%, enda hafi eignahlutur þeirra ekki numið hærri fjárhæð en kr. 20 000.00.

4. gr.

Greiðsluskylda ríkissjóðs er háð því, að kröfum samkvæmt a—d-liðs 2. gr. hafi verið lýst lögformlega við gjaldþrotaskipti innan innköllunarfrests.

Í þrotabúum, sem reynst hafa eignalaus, og innköllun til skuldheimtumanna því ekki gefin út, helst þó greiðsluskylda ríkissjóðs, ef krafa um greiðslu er komin í hendur félagsmálaráðuneytinu, sbr. 9. gr., eigi síðar en ári eftir að skiptameðferð lauk.

Greiðsluskylda ríkissjóðs, samkvæmt e-lið 2. gr. er fyrir hendi, ef kostnaðurinn fæst ekki greiddur vegna þess, að eignir þrotabúsins hrukku ekki fyrir greiðslu

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

hans, enda sé krafa á hendur ríkissjóði vegna slíks kostnaðar gerð eigi síðar en kröfugerð samkvæmt 1. og 2. mgr. greinar þessarar.

5. gr.

Kröfur á hendur ríkissjóði um greiðslur skulu hafa borist félagsmálaráðuneytinu þegar eftir að gjaldþrot hefur verið úrskurðað eða búsmeðferð eignalausra búa er lokið og í síðasta lagi innan árs frá lokum innköllunarfrests í þrotabúum, sbr. þó 2. og 3. mgr. 4. gr.

Kröfur, sem berast ráðuneytinu fyrst eftir lok fresta þeirra, sem um ræðir í grein þessari, verða ekki teknar til greina.

6. gr.

Kröfu um greiðslu samkvæmt reglugerð þessari skal launþegi senda til félagsmálaráðuneytisins, ásamt bréflegum upplýsingum skiptaráðanda um þau atriði, sem hann getur vottað um, og varða réttmæti hennar og skilyrði fyrir því, að hana beri að greiða úr ríkissjóði. Hafi úrskurður gengið um kröfuna í skiptarétti, ber að láta útskrift af honum fylgja henni.

Jafnan skal ráðningar- eða vinnusamningur fylgja kröfu hafi hann verið gerður.

Enn fremur skal launþegi láta vottorð vinnuveitanda eða verkstjóra hans um vinnutíma sinn hjá honum fylgja kröfunni. Sé slíkt vottorð ófáanlegt, nægir vottorð tveggja samstarfsmanna kröfuhafa hjá vinnuveitanda um vinnutíma hans, ef um samstarfsmenn var að ræða.

7. gr.

Nú eru ekki, að fengnum gögnum samkvæmt 6. gr., nægar sannanir fyrir því, að dómi ráðuneytisins, að réttmætt sé að greiða kröfu úr ríkissjóði og getur ráðuneytið þá krafið vinnuveitanda um útskrift úr viðskiptabók hans, sem sýni viðskipti launþega við hann.

Ef ástæða þykir til getur ráðuneytið enn fremur krafist réttarrannsóknar um viðskipti kröfuhafa og vinnuveitanda og er þeim þá skylt að mæta fyrir rétti, ef ráðuneytið óskar þess.

Þá er ráðuneytinu heimilt að krefja hlutaðeigandi verkalýðs- og vinnuveitendafélag upplýsinga um sérhvað það, sem varðar réttmæti kröfu, svo sem kauptaxta þann, sem gilti um vinnu kröfuhafa, sem krafist er launa fyrir.

8. gr.

Ráðuneytið getur hvenær sem er krafist þess, að kröfuhafi láti því í té úrskurð skiptaréttar um réttmæti kröfu hans, ef það telur vafa leika á um réttmæti hennar.

9. gr.

Félagsmálaráðuneytið innir af hendi greiðslur þær, sem ríkissjóði ber að greiða vegna launa við gjaldþrot.

Kröfur þær, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir því, að þær beri að greiða úr ríkissjóði, skal ráðuneytið greiða innan fjögurra vikna frá því, að þær bárust því. Kröfu, sem ekki verður úrskurðuð réttmæt, þegar hún berst ráðuneytinu, sbr. t. d. 10. gr. eða vegna skorts á upplýsingum, skal greiða svo fljótt, sem unnt er, eftir að réttmæti hennar hefur verið sannað.

10. gr.

Ráðuneytið má eigi inna af hendi greiðslu launa vegna gjaldþrots fyrr en úrskurður um gjaldþrot hefur gengið, eða skiptameðferð er lokið samkvæmt bréflegri yfirlýsingu skiptaráðanda í búum, sem reynst hafa eignalaus.

Kröfu launþega má ekki greiða fyrr en hún er fallin í gjalddaga. Greiðslu á kröfu til launa í uppsagnarfresti má inna af hendi mánaðarlega eftir á, uns hún er að fullu greidd. Gagnkröfur, sem til greina ber að taka við launagreiðslur samkvæmt lögum, skulu dregnar frá greiðslum samkvæmt reglugerð þessari.

Þegar greiðsla er innt af hendi, skal halda eftir því, sem skylt er á sama hátt og við útborgun launa hjá vinnuveitanda.

11. gr.

Þegar ráðuneytið innir af hendi greiðslur samkvæmt reglugerð þessari ber því að ganga úr skugga um, hvort kröfuhafi hafi fengið kröfu sína greidda úr þrotabúinu að einhverju eða öllu leyti. Frá greiðslu ríkissjóðs ber að draga það, sem kröfuhafi kann að hafa fengið þannig greitt upp í kröfu sína.

12. gr.

Nú framselur launþegi kröfu, sem um ræðir í 2. gr. og glatast þá réttur til greiðslu úr ríkissjóði, nema krafan hafi verið framseld hlutaðeigandi samtökum atvinnurekenda eða launþega, eftir að úrskurður um gjaldþrot var kveðinn upp.

13. gr.

Ríkissjóður á rétt til endurgreiðslu úr þrotabúi skuldara á þeim fjárhæðum, sem hann hefur innt af hendi samkvæmt reglugerð þessari, að svo miklu leyti, sem eignir búsins hrökkva til, samkvæmt úthlutun skiptaráðanda. Endurkrafa ríkissjóðs nýtur sama forgangsréttar í þrotabúinu, sem sú krafa, er hann leysti til sín. Fyrnist sá réttur ekki meðan endurkrafan er ófyrnd.

Ráðuneytið skal tilkynna skiptaráðanda um greiðslur, sem það hefur innt af hendi, samkvæmt reglugerð þessari.

14. gr.

Hafi launþegi gefið rangar upplýsingar eða þagað um atriði, sem máli skipta í sambandi við greiðslu úr ríkissjóði, ber launþega að endurgreiða það, sem hann hefur ranglega fengið.

Sé um vítavert atriði að ræða, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

15. gr.

Opinber stjórnvöld, vinnuveitendur og stéttarfélög skulu eftir beiðni ráðuneytisins veita upplýsingar, sem þýðingu hafa við ákvörðun greiðslu samkvæmt reglugerðinni.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 31 28. mars 1974, um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot og öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 1. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

VIÐAUKI

við byggingarsamþykkt Vatnsleysustrandarhrepps nr. 54/1967 sbr. auglýsingu nr. 23 14. febrúar 1967.

I. KAFLI
Um sumarbústaði.

1. gr.

Sumarbústaður samkvæmt samþykkt þessari, er hús, sem aðeins er ætlað til samfelldrar dvalar að sumri til, en á öðrum tímum árs aðeins endrum og eins, einkum um helgar, enda getur enginn talið sig heimilisfastan í slíkum bústað.

2. gr.

Reisa má sumarbústaði á þeim svæðum í hreppnum, þar sem slíkt er ákveðið á aðalskipulagi, svo og á þeim svæðum öðrum, þar sem hreppsnefnd og skipulagsstjórn ríkisins samþykkja.

3. gr.

Nú óskar eigandi (eigendur) lands, þar sem reisa má sumarbústaði, **heimildar** til að skipta því í sumarbústaðalönd, og skal hann þá senda hreppsnefnd uppdrátt af landi ásamt tillögum sínum um skipulag landsins í stórum dráttum, sbr. reglugerð nr. 217/1966 25. gr.

Ef hreppsnefnd eða skipulagsstjórn geta ekki fallist á tillögur samkvæmt 1. mgr., skal hún svo fljótt sem vera má, tilkynna landeiganda hverju hún telur áfátt.

4. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að landeigandi leggi fram land undir vegi og sameiginlegt útivistarsvæði allt að ⅓ af heildarflatarmáli þeirra sumarbústaðalanda, er samþykkt hennar nær til, sbr. 30. gr. í lögum nr. 19/1964.

5. gr.

Þegar hreppsnefnd og skipulagsstjórn hafa samþykkt tillögu að skipulagi landsins og heimilar skiptingu, samkvæmt 3. gr., skal eigandi láta gera uppdrátt að hverju landi fyrir sig, sem hann selur eða leigir, í mælikvarða ekki minna en 1:1000, og skal sá uppdráttur fylgja afsali.

Á uppdrætti skal sýna:

1. Hugsanlega staðsetningu húss, bílastæða og bílskýlis, ef um slíkt verður að ræða.
2. Vatnsból (þar með taldar borholur eftir vatni), sem kunna að vera á landinu eða í næsta nágrenni þess, ef hætta er talin á mengun þess.
3. Fyrirhugaða rotþró, nema sýnt sé fram á að veita megi skólpi brott á annan hátt, en ekki má setja rotþró nær mörkum en 10 metra.
4. Raflínu og aðrar lagnir, sem taka þarf tillit til í sambandi við notkun landsins.
5. Að aðkoma að landinu sé fyrirhuguð frá opinberum vegi og hver sé stærð landsins, en að jafnaði skulu sumarbústaðalönd ekki vera minni en 0,5 hektarar, nema í sumarbústaðahverfum, þar skal lágmarksstærð lóðar vera 2000 m^2.

6. gr.

Þegar eigandi sumarbústaðalands ráðstafar slíku landi með afsali eða leigusamningi, skal hann kynna kaupanda (leigutaka) hverjum skilyrðum byggingarleyfi og notkun lands er háð.

Ekki má þinglýsa afsali eða leigusamningi, nema hreppsnefnd hafi hafnað forkaupsrétti (forleigurétti) og staðfest þá ákvörðun með áritun á afsal eða leigusamning. Við áritun á afsal eða leigusamning skal þess gætt, að skilyrða samkvæmt 1. mgr., sé getið í texta eða á viðfestu blaði, þannig að ekki verði um villst.

Í afsali (leigusamningi) eða á viðfestu blaði skal taka fram eftirfarandi atriði eftir því sem þau geta átt við.

1. Til hve langs tíma byggingarleyfið gildir, en hreppsnefnd ákveður þann tíma fyrir hvert einstakt svæði, þar sem heimilt er að reisa sumarbústaði. Leyfistími skal þó aldrei vera lengri en 25 ár í senn.
2. Hámarksstærð sumarbústaðar er 45 m². Að jafnaði má hann ekki vera hærri en ein hæð og skulu teikningar af bústaðnum lagðar fram í þríriti ásamt afstöðumynd.
3. Sumarbústaður má ekki standa nær mörkum en 10 metra og ekki nær vegi en 15 metra. Girðingar á mörkum skulu vera limgerði eða lágar einfaldar girðingar, nema hreppsnefnd heimili annars konar girðingu.
4. Sumarbústaðir skulu gerðir úr timbri eða öðru léttu efni.
5. Eiganda sumarbústaðar er skylt að ganga frá rotþró eða skólpveitu, olíugeymi vegna upphitunar, þar sem slíkt er leyft og geymslu sorps svo og eyðingu þess (brottflutning) þannig að fullnægjandi sé að dómi hreppsnefndar (heilbrigðisnefndar).
6. Eiganda er skylt að hlíta reglum, er hreppsnefnd kann að setja um lagnir vatns og frárennslis, rafmagns og síma og annan tæknilegan umbúnað.
7. Eftir að byggingarleyfi er fallið úr gildi, getur hreppsnefnd krafist þess, að sumarbústaður og önnur mannvirki verði fjarlægð henni að kostnaðarlausu. Tilkynna skal slíka ákvörðun með a. m. k. 1 árs fyrirvara.

   Ef sumarbústað er svo illa við haldið eða ásigkomulag hans að öðru leyti þannig að til verulegrar óprýði er og eigandi sinnir ekki áminningu um að bæta úr innan hæfilegs tíma, er hreppsnefnd heimilt að láta fjarlægja hann á kostnað eiganda. Heimild er þó háð því, að tveir dómkvaddir menn votti, að ástand bústaðarins sé slíkt sem að framan greinir.
8. Um þrifnað á sumarbústaðalöndum og aðkeyrslu, skulu gilda ákvæði heilbrigðis- og lögreglusamþykkta hreppsins, eftir því sem þær geta átt við.
9. Í leigusamningi eða afsali skal auðkenna land með nafni og/eða númeri, þannig að ekki verði um villst.
10. Jafnt því að hreppsnefnd veitir leyfi til skiptingar lands í sumarbústaðalönd greiðir landkaupandi eða leigjandi við afhendingu byggingarleyfis í hreppssjóð sérstakt gjald eftir reglum, er hreppsnefnd setur. Gjald þetta skal vera fyrir 25 m² hús kr. 20 000.00, síðan kr. 2000.00, til viðbótar á hvern fermeter umfram 25 m². Hámarksgjald skal þó vera kr. 50 000.00 og er þá miðað við hámarksstærð, samkvæmt 2. tl. 6. gr.

    Auk þess er hreppsnefnd heimilt að innheimta eftirlitsgjald að fjárhæð kr. 1 000.00 árlega af hverju sumarbústaðarlandi vegna nauðsynlegrar gæslu og eftirlits.

    Á gjöld samkvæmt grein þessari má koma álag sem nemur hækkun vísitölu byggingarkostnaðar, eftir að reglugerð þessi öðlast gildi.

7. gr.

Byggingarnefnd veitir byggingarleyfi fyrir sumarbústöðum. Skulu uppdrættir gerðir eftir þeim reglum, sem settar eru í byggingarsamþykkt, eftir því sem þær geta átt við.

8. gr.

Nú óskar eigandi lands, þar sem reisa má sumarbústaði, að skipuleggja þar sumarbústaðasvæði, er sé undir stjórn félagssamtaka, og skulu þá gilda reglur 2.—6. gr., eftir því sem þær geta átt við. Heimila má, að land slíks sumarbústaðasvæðis sé óskipt, og er þá leyfilegt að reisa stærri sumarbústaði, en segir í 6. gr. Þó eigi stærri en 50 m².

Ef um er að ræða sumarbústaðasvæði, eins og að ofan greinir, getur hreppsnefnd áskilið tiltekna samræmda gerð húsa, að því er varðar þök og útlit. Hún getur og áskilið, að á skipulagi séu sýnd sameiginleg leiksvæði, gróðurbelti, gangstígar, bílastæði og annað slíkt. Um gerð og viðhald sameiginlegra mannvirkja, skal höfð hliðsjón af 3. kafla laga nr. 19/1959 um réttindi og skyldur sameigna.

9. gr.

Nú vill eigandi sumarbústaðalands selja það, með eða án mannvirkja, og hefur þá hreppssjóður forkaupsrétt.

10. gr.

Nú rís ágreiningur milli landeigenda og hreppsnefndar um skilning á samþykkt þessari eða framkvæmd hreppsnefndar á henni, og sker þá ráðherra úr.

Viðauki þessi, sem saminn er og samþykktur af hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1905, sbr. lög nr. 84/1943 til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 2. júlí 1975.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

3. júlí 1975. Nr. 304.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð, nr. 181 3. september 1971, um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga í Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

1. málsliður 1. mgr. 2. greinar reglugerðarinnar orðist þannig:

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við töluna 23, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 frá 9. maí 1970 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 3. júlí 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á viðauka við byggingarsamþykkt Skorradalshrepps nr. 238/1971.

1. gr.

1. mgr. 10. liðar 6. gr. orðist svo:

Jafnframt því, að hreppsnefnd veitir leyfi til skiptingar lands í sumarbústaðalönd greiðir landkaupandi eða leigjandi:

Við afhendingu byggingarleyfis í hreppssjóð sérstakt gjald eftir reglum, er hreppsnefnd setur. Gjald þetta skal vera fyrir 25 m^2 hús kr. 10 000.00 og síðan kr. 1 000.00 til viðbótar á hvern fermeter umfram 25 m^2. Hámarksgjald skal þó vera kr. 35 000.00 og er þá miðað við hámarksstærð, skv. 2. tl. 6. gr.

Breyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Skorradalshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1905 sbr. lög nr. 84/1943 til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 4. júlí 1975.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 306. 20. júní 1975.

REGLUGERÐ

um holræsi fyrir Selfosshrepp.

1. gr.

Þegar Selfosshreppur hefur látið leggja holræsi í veg eða götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað holræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, svo sem unnt er, leiða í ræsið. Vanræki einhver að gera holræsi eða endurnýja eldra innan hæfilegs tíma, sem sveitarstjóri ákveður, getur hreppurinn látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Selfosshreppur lætur leggja holræsastúta út frá aðalræsi í nýjum götum, sem hann lætur gera eftir 1. janúar 1975. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu 2 m inn fyrir lóðamörk húsa. Heimlagnir eru á kostnað húseiganda. Við raðhús eða fjölbýlishús skal um holræsastúta fara eftir nánari skilmálum um lóðaúthlutun.

3. gr.

Húseigandi, sem óskar að tengja hús sitt við holræsakerfi hreppsins eða að gera breytingar eða viðbætur við ræsi, sem áður hefur verið tengt við það, skal með nægum fyrirvara fá til þess leyfi hjá hreppsnefndinni eða þeim umsjónarmanni, sem málið fellur undir. Umsóknir skulu skrifaðar á eyðublöð, sem hreppurinn lætur í té, og skulu þær undirritaðar af eiganda hússins, eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim, sem verkið á að annast. Með umsókninni

fylgi uppdráttur af holræsakerfi hússins í tvíriti. Uppdráttur þessi skal gerður af manni með tækniþekkingu á sviði holræsalagna, sem til þess hefur hlotið löggildingu hreppsnefndar. Sá, sem uppdrátt gerir, ber ábyrgð á að hann sé í samræmi við reglugerð þessa og brjóti ekki í bága við byggingarsamþykkt eða aðrar samþykktir um þessi mál, sem í gildi eru í Selfosshreppi.

4. gr.

Uppdrættir skulu gerðir á haldgóðan, óstökkan pappír og þannig frá þeim gengið, að myndir og áletrun máist ekki við geymslu. Stærð þeirra skal vera 42,0 × 59,4 eða 59,4 × 84,0 cm.

Standi sérstaklega á, getur fulltrúi hreppsnefndar, sem málið fellur undir, leyft að gera uppdrættina á stærri blöð í DIN broti. Nota skal mælikvarða 1:100 og 1:50, en 1:10 og 1:20, ef sýna þarf smáatriði. Uppdrættir skulu sýna allar lagnir utan húss sem innan, bæði í grunnmynd og rúmmynd. Þá skal einnig gera afstöðumynd, sem sýni málsetta legu heimæðar frá húsvegg að tengistað við skólpveituæð. Á uppdráttum skal sýna gerð, vídd og halla allra pípna í holræsakerfi húss og enn fremur alla vatnslása, niðurföll, hreinsiloka og brunna, sem kerfinu tilheyra. Hæðartölur, sem sýndar eru á uppdráttum, skulu miðaðar við hæðarmerkjakerfi Selfosshrepps. Nota skal tákn í samræmi við íslenska staðla.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum frárennslislögnum, sem breyta á, getur byggingafulltrúi krafist þess, að þeir séu gerðir, og ber húseigandi allan kostnað af því. Þegar uppdráttur hefur verið samþykktur af fulltrúa hreppsnefndar, sem málið fellur undir, skal hann árita uppdráttinn í tvíriti og skal annað eintak hans síðan geymt í skjalasafni hreppsins.

5. gr.

Pípulagningameistari sá er verkið annast með samþykki byggingarnefndar ber ábyrgð á því, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, nánari fyrirmæli, sem kunna að verða sett, og samþykktan uppdrátt, á þann hátt sem byggingarsamþykkt mælir fyrir um.

6. gr.

Byggingafulltrúi skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa. Engar holræsalagnir má hylja, fyrr en þær hafa verið teknar út af byggingafulltrúa. Áliti byggingafulltrúi, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar eða öðrum reglum, sem settar kunna að vera um slík verk, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

7. gr.

Allt efni sem notað er til holræsagerðar, skal standast kröfur byggingarsamþykktar, en auk þess getur byggingarnefnd sett reglur um holræsaefni, t. d. ef um nýjungar á því sviði er að ræða.

Byggingafulltrúi getur gert kröfur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

8. gr.

Eigi er heimilt að láta renna í holræsakerfið sýrur, sterkan lút, olíur, kvikasilfur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun. Á þeim stöðum, sem slík hætta er fyrir hendi, skal koma fyrir síum, gildrum eða öðru, sem hindrar það, að þessi efni komist út í holræsakerfi hreppsins. Húseigandi er ábyrgur fyrir vanrækslu hér á og hugsanlegu tjóni sem af slíkri vanrækslu kann að leiða.

9. gr.

Skylt er mönnum að hlíta því, að holræsalagnir séu lagðar um eignarland þeirra eða umráðasvæði og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald. Um bætur fyrir slíkt fer samkvæmt vatnalögum.

10. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfi hreppsins greiðist úr sveitarsjóði, en til að vega upp á móti þeim kostnaði skal innheimta stofngjöld og holræsagjöld af húseigendum samkv. 11. og 12. gr.

11. gr.

Áður en tenging heimæðar fer fram sbr. 3. grein, skal húseigandi greiða stofngjald. Gjaldið miðast við rúmmál viðkomandi húss, samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

12. gr.

Innheimta skal holræsagjald af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Selfosshrepps, sem standa við götu eða opin svæði, þar sem holræsi hefur verið lagt í, samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

Undanþága frá gjaldskyldu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds.

Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá hreppsnefnd gjaldið.

Við ákvörðun holræsagjalds samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eigninni fullfrágenginni.

Greiða skal holræsagjald af húsum og öðrum mannvirkjum, sem í byggingu eru og því eigi virt til fasteignamats, eftir ákvörðun hreppsnefndar.

Gjalddagi holræsagjalds er hinn sami og gjalddagi fasteignaskatts.

13. gr.

Holræsagjald af fasteign má taka lögtaki og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjaldið lögveðsréttar í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

14. gr.

Húseigendum er skylt að annast viðhald og endurnýjun ræsa frá húsum sínum innan lóðarmarka.

Þar sem húseigandi hefur látið koma fyrir hreinsibrunni, 2 m innan við lóðarmörk, ábyrgist hreppurinn að halda frárennslislögnum opnum frá þeim brunni, en hafi slíkur hreinsibrunnur ekki verið settur, ábyrgist hreppurinn ekki rennsli í frárennslislögnum fyrr en í götuhæð.

Dragi húseigandi á langinn nauðsynlegt viðhald, getur hreppurinn ráðist í þær framkvæmdir á kostnað húseiganda.

15. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd mála, sem reglugerð þessi fjallar um. Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til þess.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Selfosshrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. júní 1975.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

2. júlí 1975. Nr. 307.

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verslana á Akureyri o. fl.

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana á Akureyri, þ. á m. söluturna, mjólkurbúða og brauðbúða.

Um daglegan vinnutíma og önnur starfskjör fólks, sem vinnur í starfsgreinum þeim, sem samþykkt þessi tekur til, fer eftir hlutaðeigandi kjarasamningum og venjum, er tíðkast hafa í hverri grein.

Bæjarstjórn getur með samþykki ráðherra ákveðið, að fyrirmæli þessarar samþykktar taki að nokkru eða öllu leyti til afgreiðslutíma annarra fyrirtækja, sem hafa bein viðskipti við almenning, t. d. rakarastofa, hárgreiðslustofa, ljósmyndastofa, viðgerðarverkstæða o. s. frv.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir, bifreiðastöðvar, að því er varðar bifreiðaafgreiðslu og bensínafgreiðslur, að því er snertir sölu á bensíni og öðrum vörum til bifreiða. Ekki ná ákvæðin heldur til sjálfsala, blaðsölu á götum, úr blaðsöluvögnum eða blaðsöluturnum, merkjasölu og annars slíks.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar bæjarstjórn það að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra, og er úrskurður hans endanlegur.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, skal vera sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni:

Virka daga skal heimilt að opna sölustaði kl. 8.00 og lokað skal þeim ekki síðar en kl. 18.00.

Á föstudögum skal heimilt að halda öllum sölustöðum opnum til kl. 19.00.

Á laugardögum skal heimilt að halda sölustöðum opnum til kl. 12.00. Fyrsta laugardag í desember má þó halda sölustöðum opnum til kl. 16.00, en aðra laugardaga í þeim mánuði til kl. 18.00. Hinn 18. desember má halda verslunum opnum til kl. 22.00, en sé 18. desember sunnudagur gildir sú regla 19. desember.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24.00.

Bæjarstjórn getur að fengnum tillögum lögreglustjóra heimilað, að sölustaður verði opnaður fyrr en segir í grein þessari.

3. gr.

Bæjarstjórn getur heimilað matvöruverslunum, söluturnum og sambærilegum sölustöðum að selja um söluop utan almenns afgreiðslutíma, sbr. 2. gr. til kl. 23.30 alla daga aðra en þá, er um ræðir í A-lið 5. gr. sbr. C-lið sömu greinar.

4. gr.

Bæjarstjórn getur heimilað rýmri afgreiðslutíma einstakra verslana, en segir í gr. 2—3 m. a. þegar um er að ræða minjagripaverslanir, sölu á lifandi blómum, sölu á garðplöntum, sölu á jólatrjám og slíkum vörum í desembermánuði og áþekka sölu, þar sem eðlilegt telst, að rýmri afgreiðslutími sé.

5. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

A. Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, jóladag og nýársdag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.

B. Alla sunnudaga, skírdag, annan páskadag, sumardaginn fyrsta, 1. maí, annan hvítasunnudag, uppstigningardag, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og annan jóladag skal sölustöðum lokað allan daginn, sbr. þó undantekningarákvæði 3.—4. gr.

C. Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 12.00.

6. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtistöðum og slíkum stöðum, skal heimilt, að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar, að selja sælgæti, tóbak, ís, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neyta verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripi eða annað slíkt, sem eðlilegt telst að þar sé til sölu, utan þess tíma, er um getur í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning, sem verslunarleyfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða þá menn, sem komnir eru í verslun eða sölustað þegar lokað er. Enn fremur er heimilt að afgreiða vörur til skipa hvenær sem er sólarhrings.

8. gr.

Lögreglustjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari, þegar hann telur sérstaka ástæðu til, meðal annars þegar ákveðið er, að ágóði af sölu renni til almenningsheilla.

9. gr.

Fyrir leyfi samkvæmt 3. og 4. gr. skal greiða gjald í bæjarsjóð. Bæjarstjórn ákveður árlega upphæð gjaldsins. Gjalddagi þess er fyrirfram 15. janúar ár hvert.

Bæjarstjórn getur veitt aðila undanþágu frá greiðslu gjalds samkvæmt 1. mgr. ef hann í sambandi við verslun sína veitir jafnframt opinbera þjónustu, t. d. rekur biðskýli fyrir strætisvagna o. þ. h.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem bæjarstjórn eða lögreglustjóri setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga, eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, má bæjarstjórn svipta leyfishafa leyfi enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Jafnframt má þá ákveða, að leyfi verði ekki veitt til slíks rekstrar á viðkomandi stað um tiltekinn tíma.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 setja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

12. júní 1975. Nr. 308.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi grundvallarverð fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1975:

5 × 6 lbs. í skel garndreginn.

7—15	$	4.45	pr.	lb.	Cif.	U. S. A.
15—30	$	3.46	—	—	—	—
30—45	$	2.48	—	—	—	—

5 × 3 kg. í skel með görn.

7—15	$	4.50	pr.	lb.	Cif.	U. S. A.
10—20	$	4.50	—	—	—	—
15—30	$	3.33	—	—	—	—
20—35	$	3.33	—	—	—	—
30—40	$	2.56	—	—	—	—
30—45	$	2.56	—	—	—	—
35—60	$	2.02	—	—	—	—
45—60	$	2.02	—	—	—	—

Viðmiðunarverð miðast við viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar ($ 1 = 151.20) 23. maí 1975.

Verðbil verður 6%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. júní 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

um álagningu gatnagerðargjalds við byggðar götur í Vopnafjarðarkauptúni.

1. gr.

Húseigendur í Vopnafjarðarkauptúni, skulu greiða til sveitarsjóðs Vopnafjarðarhrepps, gatnagerðargjald, sem hér segir:

1.	Íbúðir í einbýlishúsum, að 500 m³	kr. 100 000.00
2.	Íbúðir í tvíbýlishúsum og sambyggðum einbýlishúsum á einni hæð, að 400 m³	— 60 000.00
3.	Íbúðir í tvíbýlishúsum á tveim hæðum, að 400 m³, hvor íbúð ..	— 50 000.00
4.	Íbúðir í fjölbýlishúsum, að 400 m³ hver íbúð	— 30 000.00
5.	Verslunar- og skrifstofuhúsnæði kr. 150 pr. m³, þó aldrei lægra en kr. 100 000.00 hvert einstakt hús.	
6.	Iðnaðarhúsnæði, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði, kr. 100.00 pr. m³.	

Af hverjum rúmmetra umfram tiltekna hámarksstærð íbúðarhúsnæðis, greiðist kr. 200.00. Auk þess gjalds greiði lóðarhafar í gatnagerðargjöld kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar.

2. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds, skv. 1. grein miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. nóvember næstan eftir að lagning bundins slitlags á hlutaðeigandi götu fer fram. Gatnagerðargjöld við þær götur, sem þegar hefur verið lagt slitlag á, miðast þó við vísitöluna 1. nóvember, 1974 og skulu breytingar á gatnagerðargjöldum miðaðar við það.

3. gr.

Gatnagerðargjald skv. 1. grein, skal greitt og falla í gjalddaga sem hér segir:

Fyrsta greiðsla, sem nemur 20% gjaldsins, greiðist 15. júlí næstan eftir að varanlegt slitlag hefur verið lagt á hlutaðeigandi götu. Eftirstöðvarnar skulu greiddar á næstu fjórum árum á eftir, 20% í hvert sinn, og sé gjalddagi hinn sami. Lokagreiðslu þarf þó eigi að inna af hendi, fyrr en gangstétt er fullfrágengin.

Hvað varðar þær götur, sem þegar hafa verið lagðar slitlagi, skal fyrsti gjalddagi vera 15. júlí næstan eftir staðfestingu þessarar reglugerðar, en að öðru leyti gildi sömu reglur um gjalddaga.

4. gr.

Gatnagerðargjöld má taka lögtaki í viðkomandi fasteign og er það tryggt lögveði í fasteigninni í næstu 2 ár frá gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps, staðfestist hér með, skv. 3. grein laga nr. 51/1974 og öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. júní 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Hveragerði.

1. gr.

Búfjárhald er óheimilt í Hveragerði, nema með samþykki hreppsnefndar.

2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi skv. 1. gr. skal senda umsókn um það til hreppsnefndar.

Í umsókn skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess er háttað og öðru, er máli kann að skipta.

3. gr.

Telji hreppsnefnd, að skilyrði til búfjárhalds séu fyrir hendi, getur hún veitt leyfi til ákveðins tíma eða ákveðið tiltekinn frest til afturköllunar.

Leyfið má þó ætíð afturkalla fyrirvaralaust ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t. d. ef hann gætir þess ekki á fullnægjandi hátt.

4. gr.

Ef maður heldur án heimildar búfé, sem reglugerð þessi tekur til, skal lögreglustjóri hlutast til um, að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða láta slátra því.

Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni, óþrifnaði eða óþægindum.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 5 000.00.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hveragerðishrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44, 23. maí 1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júní 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

18. júní 1975. Nr. 311.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsuppdrætti á fyrirhuguðu hafnar- og iðnaðarsvæði í landi Klafastaða í Skilmannahreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 16. júní 1975 staðfest skipulagsuppdrátt af fyrirhuguðu hafnar- og iðnaðarsvæði í landi Klafastaða í Skilmannahreppi, ásamt legu nýs vegar frá þjóðvegi við Litlu-Fellsöxl að fyrirhuguðu hafnarsvæði við Grundartanga.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Skilmannahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 18. júní 1975.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

Nr. 312 18. júní 1975.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsuppdrætti fyrir Skagaströnd í Höfðahreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 18. júní 1975 staðfest skipulagsuppdrátt fyrir Skagaströnd í Höfðahreppi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Höfðahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 18. júní 1975.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

Nr. 313. 18. júní 1975.

SAMÞYKKT

um hundahald í Þórshafnarhreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Þórshafnarhreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum í sveitarfélaginu undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á lögregluvarðstofu Þórshafnar og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem hreppsnefnd ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með þessum hundum og skal upphæðin við það miðuð.
c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi. Gjalddagi leyfisgjaldsins er 1. júlí ár hvert.
d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir, fiskvinnsluhús eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.

e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa sveitarfélagsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um sveitarfélagið fara, til óþæginda.

f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur, og leggja fram heilbrigðisvottorð vegna hundsins á lögregluvarðstofunni fyrir 1. júlí ár hvert.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Hreppsnefnd er heimilt, hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Þórshafnarhrepps staðfestist hér með stmkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júní 1975.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Þórunn Klemenzdóttir.

19. júní 1975. Nr. 314.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið hinn 19. júní 1975 veitt Flugfélagi Norðurlands h. f., Akureyri sérleyfi til áætlunarflugs til flutninga á farþegum, pósti og vörum, á tímabilinu 19. júní 1975 til 31. desember 1978, á eftirgreindum flugleiðum:

Akureyri — Sauðárkrókur — Blönduós — Akureyri.
Akureyri — Siglufjörður — Akureyri.
Akureyri — Grímsey — Akureyri.
Akureyri — Kópasker — Akureyri.
Akureyri — Vopnafjörður — Akureyri.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á framangreindum flugleiðum en jafnframt skylda til að halda þar uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytisins.

Samgönguráðuneytið, 19. júní 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Borgarness Apóteks.

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Borgarness Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga — föstudaga kl. 9—12 og 13—18.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. greinar fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. júní 1975.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

Nr. 316. 24. júní 1975.

SAMÞYKKT

fyrir Sparisjóð Bolungarvíkur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Bolungarvíkur, og er heimili hans og varnarþing í Bolungarvík.

2. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins eru 20 og skulu þeir allir búsettir í Bolungarvík og fjölga um einn við hverja 100 nýja íbúa. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning, missi fjárræðis eða gjaldþrots, nema fundur ábyrgðarmanna samþykki. Samþykki ábyrgðarmannafundar þarf til upptöku nýrra ábyrgðarmanna í stað þeirra, sem úr falla.

3. gr.

Ábyrgðarmenn skuldbinda sig með undirskrift sinni undir samþykktir sjóðsins til þess að ábyrgjast, að hann fullnægi skuldbindingum sínum og svarar hver um sig í því skyni, ef með þarf, allt að kr. 25 000.00.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu tveir þeirra kjörnir á aðalfundi úr flokki ábyrgðarmanna, en einn af bæjarstjórn Bolungarvíkur og sömu aðilar kjósa jafnmarga til vara og gildir kosning þeirra til eins árs. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnendur má endurkjósa svo oft sem vill. Þeim ábyrgðarmanni, sem gengt hefur stjórnarstörfum samfleytt í fjögur ár, er ekki skylt að taka við kosningu, fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kýs sér formann árlega. Ekki má stjórnin reka lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður sparisjóðsstjóra og starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

5. gr.

Eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum með minnst tveggja daga fyrirvara. Fundarboð skal

tilkynnt í ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá.

Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á eða minnst 7 ábyrgðarmenn æskja þess og geta um fundarefni. Fundur er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins nema ⅔ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

6. gr.

Til að rannsaka reikninga sparisjóðsins og bókfærslu alla skal velja 2 endurskoðendur. Skulu þeir kosnir af bæjarstjórn Bolungarvíkur og kýs hún einnig varamenn, sem ganga í stað aðalmanna í forföllum þeirra. Starfssvið endurskoðenda er samkvæmt reglugerð um sparisjóði nr. 36 15. febrúar 1942.

7. gr.

Tilkynna skal bankaeftirlitinu hverjir eru kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

8. gr.

Stjórn sparisjóðsins er skylt að halda þær bækur, sem kveðið er á um í lögum um bókhald nr. 51/1968 og reglugerðum settum samkvæmt þeim, sbr. einnig reglugerð um sparisjóði frá 15. febrúar 1942.

9. gr.

Sparisjóðurinn tekur á móti spariinnlánum og veltiinnlánum til ávöxtunar, þó er sparisjóðurinn eigi skyldur til að taka á móti mjög stórum fjárhæðum á innlánsreikninga, ef sparisjóðsstjórnin telur það óhagkvæmt fyrir sparisjóðinn.

10. gr.

Um vexti af innlögðu og útlánuðu fé við sparisjóðinn fer eftir þeim reglum, sem Seðlabanki Íslands setur bönkum og sparisjóðum hverju sinni.

11. gr.

Þeim sem í fyrsta skipti leggur inn fé með sparisjóðskjörum, er fengin viðskiptabók. Í hvert skipti, sem fé er lagt inn eða tekið út úr sparisjóðnum, skal það um leið ritað í viðskiptabókina. Þó má í sérstökum tilfellum taka við fé, án þess að bókin sé sýnd, gegn kvittun bókara og gjaldkera, enda fellur slík kvittun úr gildi, þegar innborgunin hefur verið færð í bókina, næst þegar bókin er sýnd í sparisjóðnum. Fyrir innlögnum og útborgunum kvittar bókari og gjaldkeri í viðskiptabókina og er það full sönnun fyrir greiðslunni. Vexti skal innfæra í viðskiptabækurnar þegar þær í fyrsta skipti eftir að vextir hafa verið lagðir við höfuðstól, eru sýndar í sparisjóðnum. Sparisjóðsstjóri og annar starfsmaður löggilda viðskiptabækurnar með undirskrift sinni. Glatist viðskiptabók, ber eiganda hennar að snúa sér til sparisjóðsins. Getur sparisjóðurinn þá, eftir ósk eiganda og á hans kostnað innkallað handhafa viðskiptabókarinnar og ógilt hana á þann hátt, sem segir í lögum um sparisjóði frá 27. júní 1941.

12. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar í venjulegri sparisjóðsbók verður greitt það, sem menn óska án uppsagnarfrests, þegar sparisjóðsstjóri telur það fært. Krefjast má, að fjárhæð kr. 100 000.00 eða þar yfir, sé sagt upp með mánaðar fyrirvara.

13. gr.

Eigi er heimilt að gefa upplýsingar um eignir annarra í sparisjóðnum, nema skylt sé að lögum.

14. gr.

Sparisjóðurinn veitir lán gegn fasteignarveði, ábyrgðum, handveði og öðrum jafntryggum ábyrgðum og veðum, útlán úr hlaupareikningi og kaupir víxla. Þarf meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar að vera því samþykkur og hafa ákveðið tryggingu lánsins og hámark lánsupphæðar.

15. gr.

Hver sá, sem hefja vill hlaupareikningsviðskipti við sparisjóðinn skal semja um það við sparisjóðsstjóra. Um leið og hlaupareikningsviðskipti eru stofnuð, skal viðskiptamaður afhenda sjóðnum sýnishorn af undirskrift sinni.

16. gr.

Viðskiptamaður fær lausakvittun fyrir innborgun á hlaupareikning, tvíritaða ef óskað er.

17. gr.

Viðskiptamaður, er vill taka fé út úr hlaupareikningi, skal að jafnaði skrifa úr tékkaávísun á sparisjóðinn á eyðublöð, er sjóðurinn sjálfur hefur til sölu. Tékkinn skal undirritaður af viðskiptamanni sjálfum eða af öðrum, sem hann hefur gefið lögfullt umboð til að ávísa á reikninginn, enda skal þá umboðið jafnframt afhent sparisjóðnum, ef það er eigi opinberlega tilkynnt.

18. gr.

Enginn má gefa út ávísun á meira fé en hann á inni á hlaupareikningi, nema sérstaklega sé um samið við sparisjóðsstjórn, enda sé yfirdráttarlán tryggt með persónuábyrgð, verðbréfum eða fasteignaveðum.

19. gr.

Innborganir og útborganir af hlaupareikningum skulu færðar þannig, að sparisjóðurinn geti látið reikningseiganda í té afrit af reikningi hans eins oft og þurfa þykir, en þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

20. gr.

Í þeim atriðum, sem ekki eru tilgreind í samþykktum þessum, skal farið eftir lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði og reglugerð fyrir sparisjóði frá 15. febrúar 1942.

21. gr.

Til að leggja sparisjóðinn niður þurfa ⅔ hlutar ábyrgðarmanna að vera samþykkir því og jafnframt ber ábyrgðarmönnum að kanna vilja viðskiptamanna sjóðsins og bæjarstjórnar áður en ákvörðun er tekin um að leggja hann niður. Leggist sparisjóðurinn niður, skal varasjóður hans og aðrar eignir verða eign Bolungarvíkurkaupstaðar, en ábyrgðarmenn, sem þá eru við sjóðinn, skulu hafa rétt til þess að ráðstafa því fé nánar með samþykki stjórnarráðsins.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með. Jafnframt eru felldar úr gildi samþykktir nr. 132, 27. júlí 1945, fyrir Sparisjóð Bolungarvíkur.

Viðskiptaráðuneytið, 24. júní 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Yngvi Ólafsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 31. ágúst 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 31. ágúst 1975:

Vélskelflett rækja.	Ísl. kr. á lb. Cif.
10 × 4 × 1 lb. blokkfryst	308.20
24 × 1 lb. blokkfryst	321.30
24 × 450 gr. sérfryst	321.30
6 × 2 kg., 5 × 2 kg. og 4 × 2 kg. sérfryst	321.30
4 × 2,5 kg. sérfryst	321.30
2 × 5 kg. sérfryst	321.30
4 × 7 kg. sérfryst	321.30
1 × 25 lbs. sérfryst	321.30
15 × 200 gr. sérfryst	326.70
Í saltlegi	308.20

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðist við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði. Komi til greiðslu úr sjóðnum, verður hún ekki meiri en sem svarar innstæðu í honum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. júní 1975.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

25. júní 1975. Nr. 318.

REGLUGERÐ

um Guðfræðistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Guðfræðistofnun Háskóla Íslands starfar við guðfræðideild Háskóla Íslands.

2. gr.

Hlutverk Guðfræðistofnunarinnar er:

1. Að vera vísindaleg rannsóknastofnun í guðfræði.
2. Að vera vísindaleg kennslustofnun í guðfræði fyrir kandídata og stúdenta, er vinna að fræðilegum verkefnum, sem sinnt er í stofnuninni, eftir nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.
3. Að vera með sama hætti, eftir því sem aðstæður leyfa, vísindaleg rannsókna-, þjónustu- og kennslustofnun í greinum, sem skyldar eru guðfræði eða stunda ber í guðfræðideild.

3. gr.

Hlutverki sínu gegnir Guðfræðistofnunin með því að:

1. Veita starfsmönnum stofnunarinnar og gestum fyrirgreiðslu í rannsóknum þeirra, svo sem varðandi húsnæði, ritaraþjónustu, bókasafnsþjónustu og aðra aðstoð við vísindastörf.
2. Gera rannsóknaáætlanir og standa að framkvæmd þeirra.
3. Hafa samvinnu við Háskólabókasafn, Landsbókasafn og önnur bókasöfn um útvegun, varðveislu og nýtingu guðfræðibóka og tímarita.
4. Hafa samvinnu við aðrar vísindastofnanir, innanlands og utan, svo og aðra aðila, um málefni á starfssviði stofnunarinnar.
5. Taka að sér í eigin nafni rannsóknaverkefni fyrir aðra aðila eftir ákvörðun stjórnar stofnunarinnar í hvert sinn.
6. Gangast fyrir ráðstefnum, umræðufundum, námskeiðum, fyrirlestrum og annarri starfsemi, sem starfssvið stofnunarinnar varðar.
7. Vinna að útgáfu rita um efni á starfssviði stofnunarinnar.
8. Safna gögnum um guðfræðileg efni, varðveita þau og veita aðgang að þeim til vísindalegrar úrvinnslu.

4. gr.

Kennarar í fullu starfi við guðfræðideild teljast starfa við Guðfræðistofnun Háskóla Íslands, nema þeir óski að vera undan því þegnir.

Kandídatar og stúdentar, sem fá aðstöðu til námsvinnu við fræðileg verkefni, sbr. 2. tl. 2. gr., starfa við stofnunina tiltekinn tíma, allt að eitt ár í senn. Stjórnin getur falið forstöðumanni eða einstökum kennurum að veita aðstöðu þessa. Stjórnin getur sett að skilyrði fyrir aðstöðunni, að viðkomandi taki að sér stjórnunarstörf eða þjónustustörf við Guðfræðistofnunina eða kennslu við guðfræðideild. Um þóknun fyrir slík störf fer eftir reglum Háskólans.

Stjórn stofnunarinnar getur boðið mönnum til fræðistarfa við Guðfræðistofnunina í allt að eitt ár í senn. Fela má slíkum gestum stofnunarinnar stjórnunarstörf og þjónustustörf með samþykki þeirra, en til þess þarf ákvörðun stjórnar.

Kennarar við guðfræðideild, sem ekki eru í fullu starfi, skulu teljast starfsmenn stofnunarinnar að hluta, ef þeir óska þess og stjórnin samþykkir.

Við stofnunina starfa að auki sérfræðingar, aðstoðarmenn og aðrir starfsmenn eftir því sem heimild er til í fjárlögum, eða skv. sérstökum samningi.

Forstöðumaður og annað starfslið skulu fá greidda þóknun eftir gildandi reglum innan Háskólans eða eftir nánari ákvörðun, þegar fært þykir.

Háskólinn sér starfsliði fyrir vinnuaðstöðu.

5. gr.

Stjórn Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands er skipuð 3 kennurum í fullu starfi við guðfræðideild, sem við stofnunina starfa, kjörnum af guðfræðideild til 2 ára í senn, og 1 fulltrúa stúdenta, tilnefndum af stjórn Félags guðfræðinema, til sama tíma. Stjórnin ræður þá starfsmenn stofnunarinnar, sem ekki eru kennarar, eftir því sem heimild er til í fjárlögum, og tekur aðrar ákvarðanir um málefni hennar.

Daglegan rekstur stofnunarinnar annast forstöðumaður, kosinn af stjórn hennar úr hópi stjórnarmanna til tveggja ára í senn.

Í febrúar á hverju ári skal forstöðumaður Guðfræðistofnunarinnar boða til fundar með fimm daga fyrirvara alla starfsmenn stofnunarinnar og gesti. Forstöðumaður má og boða til fundarins aðra starfsmenn við Háskóla Íslands svo og einstaklinga og fulltrúa félagssamtaka og stofnana, ef hann eða stjórnin telur þátttöku þeirra hafa þýðingu fyrir Guðfræðistofnunina. Á fundi þessum skal forstöðumaður leggja fram skörslu um starfsemi stofnunarinnar næsta ár á undan, svo og tillögur

stjórnarinnar um fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Skal ræða um þessi mál á fundinum svo og önnur mál, sem stjórn eða forstöðumaður vilja leggja fyrir hann. Málefni stofnunarinnar önnur skal og ræða, en heimilt er forstöðumanni að auglýsa með viku fyrirvara, að krafa um að setja mál á dagskrá skuli gerð sjö dögum fyrir fundinn. Tillögur um rannsóknaáætlanir skv. 3. gr. 2. tl. skulu lagðar skriflega fyrir ársfund ásamt viðhlítandi greinargerð og skulu berast forstöðumanni eigi síðar en 15. janúar ár hvert. Fundur þessi nefnist ársfundur Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands. Hann hefur ekki ákvörðunarvald, en getur samþykkt ályktanir til guðfræðideildar.

Aukafundir Guðfræðistofnunar skulu haldnir til að ræða um málefni, er hana varða, ef forstöðumaður telur það æskilegt, eða ef a. m. k. 4 starfsmenn stofnunarinnar í fullu starfi óska þess.

Stjórn Guðfræðistofnunarinnar getur kosið nefndir til að sinna tilteknum verkefnum fyrir hana. Slíkar nefndir hafa ekki ákvörðunarvald, nema þeim sé sérstaklega fengið það í samþykkt stjórnarinnar. Kjósa má menn utan Guðfræðistofnunar í slíkar nefndir.

Nú telur einhver sá, sem rétt á til setu á ársfundi Guðfræðistofnunar eða fundum guðfræðideildar, ákvörðun stjórnar eða forstöðumanns vera andstæða ákvæðum reglugerðar þessarar eða öðrum ákvæðum reglugerðar eða laga Háskólans, og getur hann þá skotið ákvörðuninni til guðfræðideildar.

6. gr.

Kostnað við starfsemi Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands skal greiða með:

1. framlögum úr ríkissjóði,
2. framlögum úr öðrum opinberum sjóðum,
3. framlögum frá öðrum aðilum,
4. greiðslum fyrir verkefni, sem Guðfræðistofnunin tekur að sér skv. 5. tl. 3. gr.,
5. arði af eignum stofnunarinnar.

Stjórn stofnunarinnar skal ályktа um viðtöku fjár skv. 2., 3. og 4. lið þ. á m. um skilyrði sem framlögin kunna að vera bundin.

Stjórnin hefur umsjón með fjármálum stofnunarinnar og gengur frá rekstraráætlun og tillögum um fjárveitingar til stofnunarinnar, eftir að ársfundur hennar hefur verið haldinn. Rekstraráætlun og fjárveitingartillögur skulu sendar guðfræðideild til meðferðar skv. lögum.

Fjármálin heyra endanlega undir rektor og háskólaritara, sbr. 3. og 4. mgr. 2. gr. og 4. mgr. 36. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands. Skal reikningshaldið vera hluti af heildarreikningi Háskólans.

7. gr.

Stofnunin skal hafa á sínum vegum bókasafn, er sé útibú frá Háskólabókasafni. Háskólabókavörður annast val bóka til safnsins og annan rekstur í samráði við stjórn stofnunarinnar.

Við stofnunarbókasafnið skal árlega auka í samræmi við fjárveitingu til Háskólabókasafns.

Enn fremur njóti stofnunin þeirrar þjónustu, sem um getur í lögum nr. 38/1969 um Landsbókasafn Íslands, sbr. sérstaklega 1. mgr. 8. gr., þar sem svo er mælt fyrir, að stofnanir Háskólans hafi söfn í sinni vörslu, sbr. og 2. mgr. sömu greinar, svo og 12. og 13. gr. téðra laga.

8. gr.

Stjórn Guðfræðistofnunar gengur frá ársskýrslu stofnunarinnar og skal hún birt í árbók Háskóla Íslands.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 84/1970 um Háskóla Íslands, sbr. háskólareglugerð nr. 76/1958, 87. gr., og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 25. júní 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 319. 2. júlí 1975.

REGLUGERÐ

um álagningu gatnagerðargjalds við byggðar götur á Breiðdalsvík.

1. gr.

Húseigendur á Breiðdalsvík skulu greiða til sveitarsjóðs Breiðdalshrepps gatnagerðargjald fyrir hús og lóðir um leið og götur eru lagðar bundnu slitlagi.

Til útreiknings skal nota eftirfarandi einingartölur:

A. 1.	Einbýlishús m/bifreiðargeymslu að 400 m^3	kr.	120 000.00
2.	Parhús að 400 m^3	—	100 000.00
3.	Raðhús á einni hæð að 400 m^3, tvíbýlishús á 2 hæðum og tveggja hæða íbúðarhús m/4 íbúðum	—	80 000.00
4.	Raðhús á 2 hæðum að 400 m^3	—	60 000.00
5.	Fjölbýlishús á 2 hæðum m/8 íbúðum að 300 m^3	—	50 000.00
6.	Fjölbýlishús á 3 hæðum m/fl. en 8 íb. að 300 m^3	—	35 000.00
7.	Verslunar- og skrifstofuhús per m^3	—	200.00
8.	Iðnaðarhús og vörugeymslur per m^3	—	150.00
9.	Umframstærðir í íbúðarhúsum per m^3	—	200.00
10.	Ef byggt er við eldri hús og stærð þeirra verður meiri en lágmarksstærð skal greiða sama gjald fyrir umframstærðir og áður greinir.		
B. 1.	Lóðarhafar greiði í gatnagerðargjald kr. 40.00 pr m^2 lóðar.		
C. 1.	Bifreiðarstæði greiða húseigendur sjálfir. Öll gjöld eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í nóvember 1974.		

2. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds samkvæmt 1. gr. skal miðast við þá byggingarvísitölu, sem í gildi er þegar lagning bundins slitlags fer fram.

3. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 1. gr. skal greitt á fimm árum með jöfnum afborgunum. Gjalddagar eru 15. júlí ár hvert, í fyrsta sinn sama ár og lagning bundins slitlags fer fram. Lokagreiðslu skal þó ekki innheimta fyrr en endanlega hefur verið gengið frá viðkomandi götu.

4. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, næstu tvö ár eftir gjalddaga og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki, samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Breiðdalshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 2. júlí 1975.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

10. júlí 1975. Nr. 320.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Flúða og nágrennis.

1. gr.

Hitaveita Flúða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitafletir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

2. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 1. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

3. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald kr. 1 690.00 á mánuði fyrir aðalhemil fyrir gróðurhús og kr. 1 080.00 á mánuði fyrir önnur hús.
b) Vatnsgjald fyrir gróðurhús kr. 125.00 á mánuði og kr. 600.00 á mánuði fyrir önnur hús fyrir hvern mínútulítra.

Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

4. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. gr. verða krafin til greiðslu annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til skrifstofu hitaveitunnar eða annars innheimtuaðila sem hitaveitan vísar til. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Flúða skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:
Hús allt að 300 m^3 að utanmáli kr. 70 000.00.

Hús 300—2000 m^3 að utanmáli kr. 70 000.00 fyrir 300 m^3 og kr. 52.00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Hús stærri en 2000 m^3 að utanmáli kr. 160 000.00 fyrir 2000 m^3 og kr. 44.00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er kr. 9 000.00.

Heimæðagjöld á gróðurhús skulu vera þannig:

Fyrir gróðurhús að 200 m^2 skal greiða kr. 70 000.00.

Fyrir gróðurhús stærri en 200 m^2 skal greiða kr. 70 000.00 fyrir 200 m^2 og kr. 115.00 fyrir hvern fermetra umfram 200 m^2.

6. gr.

Gjöld skv. 3. gr. og 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. febr. 1975. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða. Breytingar til hækkunar skv. þessari gr. eru háðar samþykki iðnaðarráðuneytisins.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar og gróðurhúsaræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vegna endurbyggingar hitaveitunnar skal greiða heimæðagjald að nýju af þeim húsum, sem nú eru tengd hitaveitunni.

Fyrir hús allt að 330 m^3 að utanmáli kr. 40 000.00

Fyrir hús 300—2000 m^3 að utanmáli kr. 40 000.00 fyrir 300 m^3 og kr. 29.00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Fyrir hús stærri en 2000 m^3 að utanmáli skal greiða kr. 89 300.00 fyrir 2000 m^3 og kr. 25.00 á hvern rúmmetra þar yfir. Heimæðagjald fyrir gróðurhús skal vera kr. 66.00 á hvern fermetra í gróðurhúsi.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Flúða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 2 000.00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Flúða skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Þeir neytendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti skulu greiða eftir áætluðum hámarksskammti þar til þeir hafa fengið hemil.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 115 30. apríl 1969.

Iðnaðarráðuneytið, 10. júlí 1975.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

8. júlí 1975. Nr. 321.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Neskaupstað.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með vatns- og holræsalögnum og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að leggja bundið slitlag á götu svo og ganga endanlega frá gangstétt.

3. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðaveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni. Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu sem þegar hefur verið lagt á bundið slitlag og/eða gangstétt skal greiða bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseign eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna.

Hafi byggingarleyfi verið veitt í byggingarnefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta byggingarinnar, sem byggingarleyfið er endurnýjað fyrir, að frádregnu því gatnagerðargjaldi, sem áður hefur verið greitt af sama áfanga.

4. gr.

A-gjald vegna nýbyggingar, skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	1,0%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	0,8—
Tveggja hæða fjölbýlishús	0,6—
Fjölbýlishús 3 hæðir eða meira	0,4—
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1,0—
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	0,4—

Af kjöllurum (jarðhæðum) og rishæðum, sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnurekstrar svo og bifreiðageymslum skal greiða hálft gjald. Gjald skal miða við brúttórúmmál húss, samkvæmt samþykktum uppdrætti. Rúmmál skal reikna samkvæmt ÍST 50. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m³
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús	400 m³ hver íbúð
Fjölbýlishús	300 m³ —

Fyrir hvern m³ umfram lágmarksstærð skal greiða 30% meira en að framan getur.

Fyrir önnur hús skal áætla nýtingarhlutfall lóðar 0,3—0,5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar hverju sinni, þ. e. ef samþykkt deiliskipulag kveður ekki á um nýtingarhlutfallið. Meðalhæð skal reikna 3,5 m. Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

5. gr.

B-gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það, sem segir í 4. gr., þ. e. til að leggja bundið slitlag og gangstétt, skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	1,5%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð ..	1,2—
Tveggja hæða fjölbýlishús	0,9—
Fjölbýlishús 3 hæðir eða meira	0,6—
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1,5—
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	0,6—

Auk þess greiði lóðarhafar kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar. Af bifreiðageymslum skal greiða hálft gjald. Gjald skal miðað við stærð húss og lóðar samkvæmt skráningu fasteignamats.

6. gr.

Gjöld samkvæmt 4. og 5. gr. breytast samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar. Bæjarstjórn skal vera heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðlana í 4. og 5. gr. hvorn um sig eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

7. gr.

Bæjarráð setur reglur um gjalddaga A-gjalds við hverja úthlutun lóða og tekur ákvörðun um gjaldfrest.

8. gr.

Gatnagerðargjald, samkvæmt 4. gr. miðast við þá vísitölu, sem í gildi er, þegar lagning varanlegs slitlags fer fram. Nú breytist vísitala meðan verk fer fram, og skal það þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

Ef ákveðið verður að innheimta gjald, samkvæmt 5. gr. af fasteignum við götu, þar sem þegar hefur verið lagt bundið slitlag og/eða gangstétt, skal miða það við vísitölu, sem í gildi er, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

9. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 5. gr. greiðist þannig að 40% greiðist, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 3 árum. Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir 9% greiðast eftir á á sömu

gjalddögum. Lokagreiðslu skal þó ekki innheimta fyrr en gengið hefur verið frá gangstétt fyrir framan lóð gjaldenda.

10. gr.

Óski lóðarhafi eftir að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi. Heimilt er þó að fresta endurgreiðslunni eins og hér segir:

50% gatnagerðargjaldsins greiðist eftir 6 mánuði.

Eftirstöðvarnar greiðast eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt að fullu, þegar sú lóðarúthlutun fer fram.

11. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingafjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885. Bæjarráð sker úr ágreiningi er rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut kunna að eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 8. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

11. júlí 1975. Nr. 322.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Keflavík nr. 206 frá 31. des. 1958 og breytingu á þeirri reglugerð nr. 17 frá 22. janúar 1971.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Allur kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist úr bæjarsjóði. Til þess að standast þann kostnað skal hver húseigandi greiða bæjarsjóði tengigjald, er hann tengir hús sitt við holræsakerfi bæjarsjóðs. Tengigjald þetta skal vera kr. 10 000.00 fyrir hús með einni íbúð, en kr. 5 000.00 að auki fyrir hverja íbúð í húsi umfram eina. Fyrir atvinnuhúsnæði skal tengigjaldið vera kr. 25 000.00 fyrir hverja tengingu. Húseigandi getur eigi krafist tengingar við holræsakerfið fyrr en tengigjaldið er greitt, en það skal greitt um leið og byggingarleyfisgjald. Þá skal og hver húseigandi greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs 0,15% af fasteignamatsverði húss og lóðar, samkv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28, frá 29. apríl 1963, þó aldrei lægra en kr. 1 000.00. Heimilt er að ákveða holræsagjald af óbyggðum lóðum, er liggja að götu, vegi eða opnu svæði, þar sem holræsi liggur.

Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað holræsagjöld um allt að 50%, þar sem sérstakar ástæður liggja til.

2. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 50 000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

3. gr.

Gjalddagi holræsagjalda skal vera sá sami og annarra fasteignagjalda.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Keflavíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 323. 11. júlí 1975.

REGLUGERÐ

um holræsagjöld á Selfossi.

1. gr.

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta á Selfossi, á lóð eða leigir lóð í bænum við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða árlegt holræsagjald til Selfosshrepps.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,3% af fasteignamati húsa og lóða skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28, 29. apríl 1963. Upphæð holræsagjaldsins skal þó aldrei vera lægri en svarar kr. 8.00 á hvern rúmmetra á íbúðarhúsnæði og kr. 5.50 á hvern rúmmetra af öðru húsnæði. Á sama hátt skal upphæð holræsagjaldsins aldrei vera hærri en svarar kr. 10.00 á hvern rúmmetra af hverju húsnæði sem er. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist holræsagjald samkvæmt fasteignamati lóðarinnar.

Lágmarksupphæð holræsagjalds fyrir hverja gjaldskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1 100.00.

Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald eigi virt fasteignavirðingu og skal þá greiða holræsagjald skv. samþykktum uppdráttum.

Þó skal aldrei reikna holræsagjöld af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

Holræsagjaldið er miðað við byggingarvísitölu 1290 stig og breytist einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitöluna eins og hún er í árslok hverju sinni, þó ekki yfir 50% án samþykkis ráðuneytisins.

2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Selfosshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júlí 1975.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

14. júlí 1975. Nr. 324.

REGLUGERÐ
um heimilishjálp á Selfossi.

1. gr.
Hreppsnefnd Selfosshrepps ásamt sveitarstjóra fer með stjórn heimilishjálpar á Selfossi.

2. gr.
Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum þegar sannað er með umsögn læknis, ljósmóður eða á annan hátt, sem hreppsnefnd metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.
Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt um lengri tíma í senn en 20 daga.

3. gr.
Heimilishjálpin skal a. m. k. hafa til taks eina konu til heimilishjálparinnar.
Hreppsnefnd Selfosshrepps ber að ganga úr skugga um, að konur þær, sem heimilishjálpina stunda á vegum stofnunarinnar, séu hæfar til starfsins.

4. gr.
Hreppsnefnd Selfosshrepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem konur, er vinna á vegum heimilishjálparinnar, kunna að valda við störf sín, umfram það, sem bætt er af sérstakri ábyrgðartryggingu sem heimilishjálpin kaupir.

5. gr.
Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálparinnar fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.
Hreppsnefnd Selfosshrepps getur veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálp að nokkru eða öllu leyti.

6. gr.
Fyrir heimilishjálp skal greitt eftir gjaldskrá er hreppsnefnd setur og ráðherra staðfestir.
Hreppsnefnd setur og reglur um greiðslu, innheimtu, og annað er hún telur máli skipta í þessu efni og annast fjárreiður stofnunarinnar.

7. gr.
Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar Selfosshrepps.

8. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálp, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálp og reglugerð þessari, greiðist að einum þriðja úr ríkissjóði, en ⅔ úr sjóði Selfosshrepps.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Selfosshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

Nr. 325. 7. júlí 1975.

AUGLÝSING

um umferð í Egilsstaðakauptúni.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Egilsstaðahrepps, hefir eftirfarandi verið ákveðið varðandi umferð í Egilsstaðakauptúni:

1. Stöðvunarskyldumerki verði sett beggja megin Fagradalsbrautar við gatnamót við Tjarnarbraut.
2. Biðskyldumerki verði sett upp við þessar götur gagnvart Fagradalsbraut, þ. e. Kaupvang, Lagarás, Selás og við söluskála K.H.B.
3. Biðskyldumerki verði sett við þessar götur gagnvart Tjarnarbraut, þ. e. Skógarlönd, Tjarnarlönd, Selás, Furuvelli, Reynivelli, Brávelli og Útgarð.
4. Biðskyldumerki verði sett við veginn heim að bóndabýlinu Egilsstöðum.
5. Biðskyldumerki verði sett við Vallaveg gagnvart Fagradalsbraut og Norðurlandsvegi.
6. 35 km hámarkshraði gildi almennt í kauptúninu, en 45 km hámarkshraði á Fagradalsbraut og Norðurlandsvegi að afleggjara að flugvelli.

Lögreglustjórinn í Suður-Múlasýslu, 7. júlí 1975.

Valtýr Guðmundsson.

Nr. 326. 2. júlí 1975.

AUGLÝSING

um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

Samkvæmt 2. tölulið 4. gr. reglugerðar nr. 107 30. maí 1974, er sjúkrasamlögum heimilt að greiða samkvæmt ákvæðum stafliðs e í 2. tölulið 2. greinar reglugerðar-

innar, sérlyfið **Behepan, Kabi**, sem er óskráð sérlyf, en notað samkvæmt sérstakri heimild.

Þetta birtist til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. júlí 1975.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

16. júní 1975. Nr. 327.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1975:

Smáfiskur 60/100:

Nr. I	kr. 160.00
Nr. II	— 145.00
Nr. III	— 130.00

Verð þessi eru f.o.b.

Verðbil verði 3%, er miðist bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. júní 1975.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

1. júlí 1975. Nr. 328.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga svo og greiðslur skv. 73. gr. laga nr. 67/1971 skulu hækka um 8% frá 1. júlí 1975. Þessi hækkun kemur til viðbótar þeirri 3% hækkun, sem verða átti 1. júlí skv. 6. gr. laga nr. 13 frá 23. maí 1975, þannig að heildarhækkun þessara bóta frá 1. júlí verður 11% frá því, sem í gildi var í júní.

Tekjutrygging (uppbót á lífeyri) skv. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 5. gr. laga nr. 96/1971, skal hækka um 8% frá 1 júlí frá þeim upphæðum, sem tilteknar eru í 7. gr. laga nr. 13/1975. Önnur ákvæði nefndrar lagagreinar haldast óbreytt.

2. gr.
Reglugerð þessi er sett samkv. 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júlí 1975.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 329. 9. maí 1975.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um framhaldsdeildir gagnfræðaskóla nr. 99/1970.

1. gr.
4. gr. d-liður orðist svo:
d) skiptingu kennslustunda, skiptingu námstíma í áfanga, svo sem í annir eða misseri.

2. gr.
5. gr. orðist svo:
Inntökuskilyrði í framhaldsdeild eru:
Samræmt gagnfræðapróf með meðaleinkunn 5.0 eða hærri í samræmdum greinum (íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði), sömuleiðis eldri gagnfræðapróf með jafnhárri meðaleinkunn í sömu námsgreinum.
Landspróf miðskóla með meðaleinkunn 5.0 eða hærri.

3. gr.
6. gr. b-liður orðist svo:
b) Kjörsvið, þ. e. uppeldis- og hjúkrunarkjörsvið, viðskiptakjörsvið, tungumála- og raungreinakjörsvið og iðnkjörsvið. Fjölga má kjörsviðum eða fækka með samþykki ráðuneytisins.

4. gr.
7. gr. orðist svo:
Menntamálaráðuneytið ákveður hvenær og í hvaða námsgreinum skuli vera samræmd próf. Prófverkefni í samræmdum greinum skulu samin af mönnum skipuðum af ráðuneytinu. Stjórnskipaðir prófdómarar meta úrlausnir nemenda á lokaprófi, nema ráðuneytið ákveði annað. Umsjónarmaður framhaldsdeilda hefur umsjón með gerð, prentun eða fjölritun og útsendingu samræmdra prófa.
Einkunnir skulu gefnar í heilum tölum og hálfum frá 0—10 nema lokaeinkunn og aðaleinkunn sem reikna skal með einum aukastaf.

5. gr.
8. gr. orðist svo:
Í framhaldsdeild skal gefa nemendum vitnisburð við lok hvers námsáfanga eina einkunn í hverri grein. Einkunnir skal færa inn á skírteini nemenda og í prófbók skólans.
Kennari og prófdómari ráða að jöfnu einkunn á lokaprófi sé prófdómari skipaður í greininni, annars kennari einn.
Lokaeinkunn í námsgrein er meðaltal annareinkunna sé greinin kennd á fleiri en einni önn. Sé námsgreinin kennd á einni önn telst einkunn nemendans í greininni jafnframt lokaeinkunn.

6. gr.

9. gr. orðist svo:

Til þess að standast próf má aðaleinkunn eigi vera lægri en 5.0.

Nemandi telst fallinn séu fleiri en ein lokaeinkunn undir 3.0 án tillits til aðaleinkunnar.

Nemanda sem hlýtur aðaleinkunn 5.0 eða hærri en fleiri en eina lokaeinkunn undir 3.0 er heimilt að endurtaka próf í þeim greinum næst þegar próf eru haldin.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 9. maí 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

1. júlí 1975. Nr. 330.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Siglufjarðar selur raforku í smásölu á orkuveitusvæði sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1. Um kWst.-mæli á kr. 30.00 hverja kWst.

1.2. Um kWst.-mæli á kr. 18.00 hverja kWst. Auk fastagjalds af rúmi því er lýsa skal, reiknast fastagjald af gólffleti:

a) fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 8.70 á m^2 á mánuði.

b) fyrir geymslur, ganga og verbúðir kr. 4.35 á m^2 á mánuði.

2. Heimilisnotkun.

2.1. Til heimila, sjúkrahúsa, skóla, gisti- og veitingahúsa má selja raforku til suðu á kr. 9.30 hverja kWst., enda séu suðutæki öll fasttengd og öll önnur notkun seld eftir gjaldskrárliðum 1.1. eða 1.2.

2.2. Um kWst.-mæli á kr. 7.50 hverja kWst. auk fastagjalds af gólffleti er nemur kr. 4.35 af m^2 á mánuði af gólffleti íbúðar. Við ákvörðun á gólffleti íbúðar reiknast öll íveruherbergi, eldhús, gangar og baðherbergi, en ekki geymslur og þvottahús. Íveruherbergi, sem um stundarsakir standa auð, eða eru notuð sem geymslur, skulu reiknuð sem íveruherbergi. Tekið skal tillit til þess, ef um súðarherbergi er að ræða.

3. Vélanotkun.

3.1. Um kWst.-mæli á kr. 18.00 hverja kWst.

3.2. Stórnotkun á mestaaflsmæla þannig reiknað:

Aflgjald kr.: 9 637.00 Kw. á ári.

Orkugjald kr.: 3.30 hverja kWst. af allri notkun.

3.3. Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandi skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kWst. á ári má selja orku um kWst.-mæli þannig:

Fyrir fyrstu 20 000 kWst. ársnotkun kr. 9.30 á kWst.
Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun kr. 6.10 á kWst.
Fyrir umfram 100 000 kWst. ársnotkun kr. 5.70 á kWst.

4. Hiti.

4.1. Til húshitunar og til hitavatnsgeyma um kWst.-mæli kr. 2.60 hverja kWst.
4.2. Til húshitunar um kWst.-mæli á kr. 2.40 hverja kWst., enda megi rjúfa straum í allt að 3 klst. hvern sólarhring skv. nánari ákvörðun rafveitustjóra.
4.3. Til húshitunar yfir sumarmánuðina er heimilt að selja raforku á kr. 1.30 hverja kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að tæki, búnaður og lagnir í sambandi við rafmagnsupphitunina séu samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar.
c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitun, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

5. Önnur raforkunotkun.

5.1. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 18.00 hver kWst.
5.2. Til götu- og hafnarlýsingar um kWst.-mæli á kr. 13.00 hver kWst.

Alla raforkusölu, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár skal selja eftir gjaldskrárlið 1.

Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó með samþykki rafveitunefndar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem greiða skal af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 Amp.	kr.	25.00	á mán.
2. Af þrífasa mælum 50 Amp.	—	45.00	- —
3. Af þrífasa mælum 50—100 Amp.	—	65.00	- —
4. Af mestaalfsmælum 100 Amp.	—	150.00	- —
5. Af mestaaflsmælum yfir 100 Amp.	—	300.00	- —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal greiða ársleigu, sem á að vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

Leiga mælitækja innheimtist um leið og gjöld fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar, sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Heimtaugargjöld		Stofngjald	Yfirlengd kr./m.
35 A. 3ja fasa jarðstrengur	kr.	31 200.00	kr. 1 742.00
63 A. 3ja fasa jarðstrengur	—	39 780.00	— 2 130.00

Heimtaugargjöld	Stofngjald	Yfirlengd kr./m.
100 A. 3ja fasa jarðstrengur	— 49 400.00	— 2 390.00
125 A. 3ja fasa jarðstrengur	— 61 750.00	— 2 700.00
200 A. 3ja fasa jarðstrengur	— 96 330.00	— 3 660.00
300 A. 3ja fasa jarðstrengur	— 138 900.00	— 4 460.00

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 metrum. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugarlögn krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflsstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki.

Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi.

Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugargjöld, greiði aðeins hálft heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng. Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 250.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 250.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR

Söluskattur 17%, 2% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðarhitunar og 13% verðjöfnunargjald, samtals 33% eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema gjaldalið 4, sem er sala raforku til upphitunar.

VI. BREYTINGAR

1. Gjöld samkvæmt 4. lið gjaldskrárinnar breytast með útsöluverði á dísilolíu á Siglufirði, þannig að þau teljist jafngilda útsöluverði á dísilolíu 1. júlí 1975 eða kr. 20.20 pr. lítra, en hækki eða lækki um 10% fyrir hver full 10% sem olíuverð hækkar eða lækkar.
2. Bæjarstjórn er heimilt að hækka öll gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá eða lækka, um allt að 20%.
   Breytingar til hækkunar skv. 1. og 2. lið eru háðar heimild iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 350 12. nóv. 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 1. júlí 1975.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu á Húsavík.

1. gr.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri fara með yfirstjórn heimilisþjónustunnar á Húsavík.

Dagleg umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum þess aðila, er bæjarstjórn ræður til þess.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum að tilvísan læknis, hjúkrunarkonu, ljósmóður, eða að öðrum tilvísunum, sem forstöðumaður metur gildar, að hjálpar, annarrar en hjúkrunar, sé þörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem forstöðumaður metur að nauðsyn sé hverju sinni.

Heimilisþjónustan felur í sér eftirtalin atriði:

1. Aðstoð við aldraða í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum í þeim tilgangi að stytta sjúkrahúsvist eða jafnvel koma í veg fyrir hana.
3. Umsjón með heimili, þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru fjarverandi vegna veikinda.
4. Aðstoð við fatlaða sem búa einir.
5. Önnur tilfelli sem meta þarf hverju sinni.

3. gr.

Bæjarstjórn gangist fyrir námsskeiðum fyrir starfsfólk heimilisþjónustunnar eða gefi því kost á að sækja námskeið til að auka þekkingu sína á þessu sviði.

4. gr.

Stjórn heimilishjálparinnar ber að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær sem heimilishjálpina stunda, séu hæfar til starfans og séu ekki haldnar smitandi sjúkdómi.

5. gr.

Bæjarsjóður Húsavíkur ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem konur er vinna á vegum heimilishjálparinnar, kunna að valda við störf sín.

6. gr.

Bæjarstjórn ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.

7. gr.

Fyrir heimilisþjónustu samkvæmt reglugerð þessari og reglum er bæjarstjórn setur þar um, skal sá, er hjálpar nýtur, greiða eftir taxta, þar sem tekið er tillit til tekna viðkomandi og kostnaður við hjálpina. Skal taxti þessi breytast í samræmi við laun og framfærslukostnað.

Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um greiðslu, innheimtu og annað, sem hún telur máli skipta í þessu efni.

8. gr.

Skrifstofa Húsavíkurkaupstaðar annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar bæjarsjóðs.

9. gr.

Forstöðumaður heimilisþjónustu lætur bæjarstjórn árlega í té skýrslu um starfsemina undanfarið ár.

10. gr.

Um greiðslu kostnaðar fer samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 13 frá 17. febrúar 1959, um heimilishjálp í Húsavík.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

3. júlí 1975. Nr. 332.

REGLUGERÐ

um umferðarfræðslu í skólum.

1. gr.

Tilgangur umferðarfræðslu í skólum er:

1. Að gera nemendum ljósa hættu, sem af umferð stafar og nauðsyn umferðarreglna.
2. Að kenna umferðarreglur þær, sem gilda á hverjum tíma. Skal fræðslu hagað í samræmi við þroska og aldur nemenda.
3. Að kenna nemendum að fara eftir settum reglum þannig, að þeir valdi ekki sér eða öðrum óþarfa hættu.

2. gr.

Á barnaheimilum, í leikskólum og forskólum skal börnum leiðbeint um einföldustu reglur, sem fótgangandi manni ber að fylgja í umferð, eftir því sem við verður komið.

Fræðslan skal einkum beinast að því, að innræta þá varúð, er börnum ber að sýna, þegar þau eru á ferð eða í leik á almannafæri.

Forráðamönnum stofnana þeirra, sem að framan greinir ber að sjá þeim fyrir nauðsynlegum gögnum til kennslunnar.

3. gr.

Í grunnskóla skal umferðarfræðsla vera einn þáttur skyldunámsins.

4. gr.

Umferðarfræðslu barna í 1.—3. bekk grunnskóla annast bekkjarkennari þeirra, eða sá kennari, sem skólastjóri kveður til.

Fræðslan skal fara fram bæði innanhúss og utan.

Innanhúss skal umferðarfræðsla samtvinnuð öðrum námsgreinum eftir því sem hæfa þykir, en einkum þó kennslu í samfélagsfræði, íslensku, teikningu og leikfimi. Brýna skal fyrir börnum hættu þá, sem stafar af umferð, bæði almennt og sérstakar hættur í byggðarlaginu. Þeim skal gerð grein fyrir þeirri skyldu að sýna varúð og taka tillit til annarra.

Þá skal kenna þeim að þekkja helstu reglur um umferð gangandi fólks og að þekkja helstu umferðarmerki. Utanhúss skal fræðslan einkum beinast að því að kynna börnunum umferðarreglur, bæði á afmörkuðum svæðum og alfaravegum. Skal það gert munnlega og með æfingum. Til umferðarfræðslu utanhúss skal verja nokkrum kennslustundum árlega og eigi færri en 3 stundum á ári í 1.—3. bekk grunnskóla.

5. gr.

Börn í 4.—6. bekk grunnskóla skulu njóta umferðarfræðslu tvær kennslustundir á mánuði til jafnaðar á meðan skóli starfar.

Umsjón með kennslu annast kennari, sem tekið hefur þátt í námskeiði til undirbúnings þeirrar kennslu. Sé ekki völ slíks kennara, skal kennslu þessa hafa á hendi maður, er fræðslustjóri telur til þess hæfan.

Kennslan skal vera fræðileg og verkleg innanhúss og utan. Rifjað skal upp og æft það sem þegar hefur verið kennt um umferðarmál. Börnunum skal kennt að þekkja helstu umferðarmerki og mikilvægustu sérákvæði um umferð í byggðarlaginu þar sem skóli er. Auk þess skal kenna aðalreglur um umferð ökutækja, bæði vélknúinna og vélarlausra, umferð ríðandi manna og hvers gæta ber í sambandi við dýr á alfaravegum.

Við kennsluna skal nota myndir, bækur, áhöld og annað það, er að gagni má koma og völ er á. Leggja skal áherslu á æfingakennslu útivið og athugun umferðar, eftir því sem kostur er.

Þar sem því verður við komið, skulu fræðsluyfirvöld leita samvinnu við löggæslumenn um umferðarfræðslu í skólum og er heimilt að fela sérþjálfuðum mönnum ákveðna þætti fræðslunnar.

6. gr.

Í 7.—9. bekk grunnskóla skal kennslu hagað líkt og um getur í 5. grein, en námsefnið aukið. Sérstaklega skal á það lögð áhersla, að nemendur þekki meginreglur umferðarlaga og reglugerðar um umferðarmerki.

Ef aðstæður leyfa, skal nemendum kenndur akstur og meðferð reiðhjóla, léttra bifhjóla, vélsleða og dráttarvéla, en annars leiðbeint um það.

7. gr.

Æskilegt er, að leiðbeint sé einnig um meðferð og notkun gúmbáta og smábáta og helstu atriði siglingareglna og öryggisbúnaðar báta.

8. gr.

Í aðalnámskrá grunnskóla skal kveðið á um nauðsynleg kennslugögn til umferðarfræðslunnar svo og nánari skilgreiningu námsefnis en hér er tilgreint í reglugerðinni.

9. gr.

Um mat á þekkingu nemenda í umferðareglum fer samkvæmt ákvæðum um námsmat í grunnskóla. Heimilt er þá að láta fara fram getraunir eða kannanir með frjálsri þátttöku nemenda, er sýni þekkingu þeirra í umferðarreglum.

10. gr.

Heimilt er að hafa umferðarmál sem valgrein í framhaldsskólum. Skal þá ákvarða einingargildi hennar á sama hátt og annarra námsgreina svo og námsefni.

11. gr.

Kennurum á grunnskólastigi skal standa til boða í kennaranámi sínu að búa sig sérstaklega undir umferðarkennslu. Skal kennslustundafjöldi þeirrar fræðslu eigi vera minni en ákveðið er í 12. grein reglugerðar um Kennaraháskóla Íslands nr. 175, 31. maí 1974. Jafnframt skal Kennaraháskóli Íslands sjá starfandi kennurum fyrir námskeiðum í umferðarfræðslu, þegar ástæða þykir til.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið getur, þegar fé er veitt til, ráðið sérfróðan mann til þess að hafa umsjón með umferðarfræðslu í skólum og skal þá starf hans skipulagt að höfðu samráði við Umferðarráð.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 55, 12. maí 1970, um breyting á umferðarlögum nr. 40 frá 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 3. júlí 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

11. júlí 1975. Nr. 333.

REGLUGERÐ

um framkvæmd samræmdra prófa í grunnskóla.

1. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar sérstaka nefnd, prófanefnd, til þess að skipuleggja og sjá um samræmd próf í grunnskóla skólaárin 1975—'76 og 1976—'77. Nefndin skal enn fremur sjá um samræmt gagnfræðapróf meðan það próf er haldið. Fela má nefndinni önnur verkefni ef ráðuneytið telur það æskilegt enda fallist nefndin á það.

2. gr.

Prófanefnd skal þannig skipuð: Formaður, ritari og tveir fulltrúar fyrir hverja af eftirtöldum greinum: Íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði og skulu þeir vera sérfróðir um námsefni og kennslu þessara greina í grunnskóla. Auk áðurnefndra fastra fulltrúa í nefndinni skal skipa einn sérfróðan fulltrúa fyrir hverja þá grein aðra, sem próf taka til, og skal hann taka sæti í nefndinni, þegar próf í viðkomandi grein eru samræmd.

Formaður og ritari skulu fara sameiginlega með framkvæmdastjórn nefndarinnar. Ef nefndarmaður forfallast, skal ráðuneytið skipa annan í hans stað. Námsmatssérfræðingur veitir nefndinni sérfræðilega ráðgjöf.

3. gr.

Prófanefnd skal gera tillögur til ráðuneytisins um fjölda prófa, prófgreina, einkunnastiga og próftíma, sem samræmd próf taka til, og skulu þær tillögur berast ráðuneytinu við upphaf skólaárs.

4. gr.

Prófanefnd skal til undirbúnings aðalprófum annast söfnun prófatriða, halda könnunarpróf og sjá um úrvinnslu þeirra eftir því sem hæfilegt þykir að mati nefndarinnar.

5. gr.

Gjalddagi gatnagerðargjalds, samkvæmt 3. gr. skal vera þegar byggingarleyfi er veitt. Sveitarstjórn er þó heimilt að veita gjaldfrest á hluta gjaldsins þar til byggingarframkvæmdir hefjast, eða í allt að 2 mánuði.

7. gr.

Gatnagerðargjald, samkv. 4. gr. miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitala meðan verk fer fram, og skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

Gjald samkv. 4. gr. af fasteignum við götu, þar sem þegar hefur verið lagt slitlag og/eða gangstétt, skal miða við vísitölu, sem í gildi er, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

8. gr.

Nú hefur gatnagerðargjald eða gangstéttargjald verið greitt af lóð og skal það þá gilda sem greiðsla á A-gjaldi.

9. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 4. gr. greiðist þannig að 20% greiðist, þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir 10% greiðist eftir á á sömu gjalddögum.

Lokagreiðslu skal þó ekki innheimta fyrr en endanlega hefur verið gengið frá gangstétt fyrir framan lóð gjaldanda.

10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Sveitarstjórn sker úr ágreiningi er rísa kann um álagningu og innheimtu samkv. reglugerð þessari.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps, staðfestist hér með, samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 12. ágúst 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

SAMÞYKKT

um takmörkun hundahalds í Ísafjarðarkaupstað.

1. gr.

Bannað er að hafa hunda í Ísafjarðarkaupstað nema að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu bæjarins undir eftirliti heilbrigðisfulltrúa, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem skal jafnan vera í ól um háls hundsins.

b) Árlega skal bæjarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Upphæð gjaldsins ákveður bæjarstjórn fyrir eitt ár í senn. Upphæð gjaldsins skal miðuð við kostnað við eftirlit með hundum í bæjarfélaginu.

c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélagi sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.

d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.

e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa bæjarins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um bæinn fara, til óþæginda.

f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum varðandi hreinlæti eða heilbrigðishætti.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

2. gr.

Hundar sem notaðir eru til búrekstrar á lögbýlum innan marka kaupstaðarins eru undanþegnir leyfisgjaldi, en eru að öðru leyti háðir ákvæðum þessarar samþykktar í hvívetna.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og lög nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. júlí 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur nr. 284 11. desember 1970 með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:
Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Fastagjald á mánuði verði kr. 560.00 fyrir hvern aðalhemil.
2. Vatnsgjald verði kr. 787.00 fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum, seh hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 1. ágúst 1975.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 33 — 1975

AUGLÝSING

um hækkun raforkuverðs í smásölu.

Skv. heimild í Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, sbr. reglugerð nr. 112/1968 hefir ráðuneytið heimilað Rafmagnsveitum ríkisins 10% hækkun smásöluverðs seldrar raforku miðað við grunnverð í núgildandi gjaldskrá, frá og með 1. september 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 28. ágúst 1975.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Stjórnartíðindi B 33, nr. 372. Útgáfudagur 29. ágúst 1975.

B 90

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 34 — 1975

Nr. 373. 714 29. ágúst 1975.

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973 um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið, að flutningsjöfnunargjald pr. hvert tonn af sementi skuli vera kr. 1 550.00 frá 1. september 1975, þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna, og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 29. ágúst 1975.

F. h. r.
Yngvi Ólafsson.

Gylfi Knudsen.

Stjórnartíðindi B 34, nr. 373. Útgáfudagur 1. september 1975.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 35 — 1975

1. ágúst 1975. 715 Nr. 374.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks nr. 113 3. apríl 1973 með síðari breytingum.

II. KAFLI

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald allt að kr. 990.00 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

6. gr. orðist þannig:

Heimæðagjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera sem hér segir:

Rúmmál húss (utanmál)		Heimæðagjald	
400— 2000 m³	kr. 39 300.00 fyrir	400 m³	og kr. 31.00 pr/m³ þar yfir.
2000— 6000 m³	kr. 88 900.00 fyrir	2000 m³	og kr. 27.00 pr/m³ þar yfir.
6000—10000 m³	kr. 196 900.00 fyrir	6000 m³	og kr. 24.00 pr/m³ þar yfir.
meira en 10000 m³	kr. 292 900.00 fyrir	10000 m³	og kr. 20.00 pr/m³ þar yfir.

7. gr. orðist þannig:

Gjöld samkv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1975 (1881 stig). Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða. Breytingar til hækkunar skv. þessari gr. er háð heimild iðnaðarráðuneytisins.

10. gr. 2. mgr. orðist þannig:

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá, er í vanskilum er, kr. 800.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, er ákveðin skv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 1. ágúst 1975.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1975:

Óverkaður saltfiskur.

Stórfiskur nr. 1 kr. 235.00 á kg.
Millifiskur nr. 1 kr. 225.00 á kg.
Smáfiskur 40/60 nr. 1 kr. 187.00 á kg.
Smáfiskur 60/100 nr. 1 kr. 160.00 á kg.

Verð á öðrum gæðaflokkum verður ákveðið í hlutfalli söluverða.
Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Söltuð ufsaflök.

15/20 kr. 227.00 á kg.
21/25 — 220.00 á kg.
26/30 — 212.00 á kg.
31/35 — 205.00 á kg.
36/40 — 197.00 á kg.

Verð þessi eru c. i. f. Verðbil verður 3% er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.
Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. ágúst 1975.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

Nr. 376. 18. ágúst 1975.

REGLUGERÐ

fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, um fjallskil o. fl.

I. KAFLI
Um fjárrekstra á afréttir og notkun fjalllanda.

1. gr.

Hreppsbúar í þeim sveitum, þar sem nægileg afréttarlönd eru, skulu, ef þeir að áliti hreppsnefndar ekki eiga nægilegt fjallland fyrir sjálfa sig, skyldir að

reka í miðja afrétt að vorinu allt sauðfé sitt. Nú eru engin slík afréttarlönd til, heldur aðeins heimalönd og búfjárhagar. Getur þá hreppsnefnd annast um, ef ekki fást upprekstrarlönd í öðrum hreppum, og fénu jafnað niður á þær jarðir, sem að dómi ítölunefndar eða hreppsnefndar eru ekki fullsetnar og með samkomulagi við umráðamenn viðkomandi jarða. Skulu sveitarmenn skyldir að nota slíkan upprekstur eftir tilvísan hreppsnefndar eða ítölunefndar, svo framarlega sem upprekstrartollurinn fer ekki fram úr því, sem ákveðið er hér á eftir. Þar sem fjáreigendur Stykkishólms eru í fjallskila- og afréttarfélagi við Helgafellssveit, ber fjáreigendum Stykkishólms upprekstur í Helgafellssveit fyrir það upprekstrargjald, sem fjallskilareglugerðin ákveður eftir samkomulagi hreppsnefndar eða ákvörðun ítölunefndar.

2. gr.

Nú þykir einhverjum búendum eða jarðeigendum nauðsyn til bera, að ákveðið sé með ítölu, hve margt fé megi vera í heimalöndum eða fjalllöndum, og er þeim þá heimilt að krefjast ítölumats samkvæmt gildandi lögum um ítölu.

3. gr.

Í upprekstrartoll greiðast kr. 50.00 fyrir hverja roskna kind og skal tollur þessi vera greiddur innan októbermánaðarloka ár hvert, ef ekki er öðruvísi um samið. Sé ekki greitt á gjalddaga, ber hreppsnefnd að sjá um innheimtu gjaldsins og hvílir lögtaksréttur á upprekstrargjaldinu.

4. gr.

Enginn má í heimildarleysi reka eða sleppa sauðfénaði eða hrossum í annarra manna lönd, sem hann á ekkert tilkall til. Reka skal þannig fénað yfir lönd manna, að ekki hljótist skaði eða ógreiði af.

Brot móti þessum kafla varða sektum frá kr. 3 000.00 til kr. 15 000.00 auk skaðabóta eftir mati óvilhallra manna.

II. KAFLI

Um vorsmalanir.

5. gr.

Hreppsnefnd hefur heimild til að skipa fyrir um smölun sauðfjár að vorinu til rúnings, þegar hentugt þykir. Ef þörf gerist, má hún láta göngur fara fram á afréttum og fjalllendum. Enn fremur ákveður hreppsnefnd leitardag, hver í sínum hreppi.

Vorsmölun sauðfjár í fjalllöndum og afréttum til rúnings skal lokið fyrir 10. júlí, þó er hreppsnefnd heimilt, ef sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur að hennar áliti að framlengja tímann og ákveður hún þá síðasta smaladag.

6. gr.

Hreppsnefndin jafnar niður vorfjallskilum á menn á sama hátt og vanalegt er um niðurjöfnun fjallskila á haustin. Þó skulu þeir fjáreigendur, sem koma fyrir fé sínu til vorhirðingar hjá öðrum, vera undanskildir vorfjallskilum. En þeir, sem fé taka, skulu sjá fyrir vorfjallskilum á því sem sínu eigin fé.

7. gr.

Allt það fé, sem við leitir þessar finnst, skal rekið til lögskilaréttar. Þó mega hreppsnefndir fyrirskipa, að annars staðar sé fé að rekið, ef það þykir heppilegra, og skulu þær velja einn eða fleiri menn þar til hæfa, er sjái um, að allt gangi vel og skipulega fram, þar sem féð er rekið.

8. gr.

Skylt er hreppsnefnd að sjá um, að allt órúið fé innan hrepps og utan, sem í leitum þessum finnst sé rúið, og öll ómörkuð lömb séu mörkuð undir mörk mæðra þeirra eða eigenda. Borgun fyrir rúning á aðkomufé og mörkun á lömbum, sem ekki eru líkur til að umráðamenn hirði skal vera þessi: Fyrir að rýja kindina kr. 50.00 og fyrir að marka lambið kr. 50.00 og skal sá er verkið vinnur, gera eiganda viðvart, sem svo um leið og hann hirðir ullina, greiðir allan áfallinn kostnað, enda geri sá, sem verkið hefur unnið, eiganda grein fyrir marki og öðrum einkennum á kindum þeim, er hann hefur rúið og markað. Ef menn þurfa að smala yfir lönd nærliggjandi hreppa skulu þeir fá leyfi til þess hjá hlutaðeigandi ábúanda eða hreppsnefnd, ef um eyðilönd er að ræða og ekki næst í umráðamann jarðar, og smala þá í samráði við hann. Ber sá, er leyfið veitir, alla ábyrgð á, að samrekstur og sundurdráttur fari vel og skipulega fram, að lömb villist ekki undan ám og að fé flækist ekki til ógreiða. Brot móti þessum kafla varða sektum frá kr. 3 000.00 til kr. 15 000.00.

III. KAFLI
Um sauðfjármörk.

9. gr.

Sýslunefnd ákveður hvenær markaskrá skuli prentuð og kýs hún þá markavörð til 8 ára í senn eða þess tímabils, er markaskrá gildir, hverju sinni. Markavörður skal hafa umsjón með upptöku nýrra marka og ganga úr skugga um að ekki sé sammerkt innan héraðs eða í nágrannasýslum og að því búnu auglýsa markið.

10. gr.

Sérhver fjáreigandi skal skyldur til þess að hafa glöggt og löglegt eyrnamark á sauðfé sínu, en afeyrt er með öllu bannað og ný gatamörk. Nú eignast maður kindur, sem hann getur ekki markað undir sitt mark, og skal hann þá skyldur til bæði að fá leyfi markeiganda, ef kostur er á, að láta þær ganga með markinu, og brennimerkja og hornmerkja þær svo glöggt sem verða má. Afhenda ber hreppsnefndinni skriflega lýsingu á eyrnamarki og öðrum einkennum kinda þessara fyrir ágústmánaðarlok ár hvert. Nú vill einhver taka upp nýtt fjármark, skal hann þá tilkynna það markaverði, sem athugar hvort sammerkt sé og að lokinni þeirri athugun sem um ræðir í 9. gr. auglýsir markið. Enginn má taka upp fjármark, sem annar sýslubúi hefur, né hafa fleiri en þrjú fjármörk. Enn fremur er bannað að taka upp ný mörk, sem skrásett eru í Dalasýslu sunnan varnargirðingar úr Hvammsfirði í Hrútafjörð og Mýrasýslu. Þetta nær þó ekki til þess, er barn tekur við marki foreldris.

11. gr.

Nú flytur markeigandi inn í sýsluna, skal hann þá tilkynna mark sitt á þann hátt sem segir í 10. gr. Eigi hann sammerkt við einhvern í sýslunni, skal hann leggja mark sitt niður eða semja við hlutaðeigandi um notkun þess. Skylt er hverjum markeiganda að láta prenta mark sitt, þegar markaskrá sýslunnar er prentuð. Allir markeigendur fá eitt eintak af markskránni. Komi það í ljós, að markeigandi komi ekki marki sínu til prentunar, skal það geymt á nafni viðkomandi hrepps, þar til næsta markaskrá verður prentuð.

Verði mark ekki tilkynnt við gerð nýrrar markaskrár að þeim tíma liðnum, fellur niður réttur viðkomandi manns eða erfingja hans til marksins.

12. gr.

Á brennimarki sýslunnar skulu vera stafirnir SH og að auki tölustafir, þannig:

SH 1 fyrir Kolbeinsstaðahrepp.

SH 2 — Eyjarhrepp.

SH 3 — Miklaholtshrepp.
SH 4 — Staðarsveit.
SH 5 — Breiðuvíkurhrepp.
SH 6 — Neshrepp utan Ennis.
SH 7 — Ólafsvíkurhrepp.
SH 8 — Fróðárhrepp.
SH 9 — Eyrarsveit.
SH 10 — Helgafellssveit.
SH 11 — Stykkishólmshrepp.
SH 12 — Skógarstrandarhrepp.

Brennimörk þessi skulu vera sett framan á vinstra horn kindarinnar, en brennimörk eigenda framan á hægra horn. Skylt er öllum þeim, er soramarkaðar kindur eiga, að nota þessi brennimörk á hyrndar kindur. Ef eyrnamerki eru notuð í stað brennimarks, skulu vera þar fullir einkennisstafir hrepps og sýslu.

13. gr.

Markaskrá sýslunnar skal prenta áttunda hvert ár, nema sýslunefnd ákveði annað, og viðauka yfir mörk fjórða hvert ár, ef þörf krefur. Og skal hreppsnefndin í hverjum hreppi annast um að safna öllum eyrna- og brennimörkum í hreppnum og setja saman eftir stafrófsröð í greinilegar skrár. Hreppsnefndin skal því næst, eftir að hún hefur samið skrána, leggja hana fram til sýnis fyrir fjáreigendur í hreppnum, svo að hverjum þeirra gefist kostur á að sjá, að mark hans sé rétt skrásett. Síðan sendir hreppsnefndin skrána til markavarðar sýslunnar, sem annast um, að aðalskrá sé samin yfir öll mörk í sýslunni. Skal hann hafa samráð um það við sýslunefnd. Sérhver markeigandi er skyldur að skýra hreppsnefnd frá marki sínu, svo að það komi í markaskrána. Skal hver markeigandi greiða gjald fyrir prentun marks eftir ákvörðun sýslunefndar hverju sinni. Fyrir brennimörk skal þó eigi greiða sérstakt gjald.

Fjáreigendur, sem flytja milli sveita skulu tilkynna hreppstjóra fyrir 15. ágúst ár hvert um mark sitt svo og þeir fjáreigendur, sem tekið hafa upp ný mörk, en áður hafi markaverði verið tilkynnt sbr. ákvæði 10. gr. og hann gengið úr skugga um að ekki sé sammerkt.

14. gr.

Enginn má blóðmarka kindur í réttum eða að hausti nema því aðeins að viðstaddir séu tveir vottar.

Brot móti þessum kafla varða sektum frá kr. 3 000.00 til kr. 15 000.00.

IV. KAFLI
Um fjallskil.

15. gr.

Á hverju ári skulu hreppsnefndir, hver í sínum hreppi, kveðja skriflega, með nægum fyrirvara, alla þá, sem skyldir eru að ganga á fjall eftir sauðfé, samkvæmt 16. gr. í reglugerð þessari til þess að leita afréttir og önnur fjalllönd, innan merkja þeirra, sem tilgreind eru í 18. gr. Fjallskilaboð betta gangi sem þingboð um hreppinn og varðar það sektum, ef tefst eða fellur niður. Skal í því nákvæmlega ákveða, hvernig fjallgöngum skal haga, rekstrum til réttа, geymslu safnsins við réttina, þangað til réttarhald byrjar, hverjir skulu sækja fé í utansveitarréttir og aðrar réttir, og hvað annað, sem tilheyrir fjallskilum. Til að sækja fé í utansveitarréttir skal velja mark-glögga og gætna menn. Þeir skulu vera úthúnir með markaskrá sýslunnar.

Hreppsnefndin skal og skipa fyrir um, hverjir skulu vera leitarstjórar, og skulu þeir ætíð skyldir til þess að ganga með leitarmönnum. Öll óhlýðni gegn fyrirskipun hreppsnefndar og leitarstjóra varðar sektum samkv. 26. gr.

16. gr.

Fjallskilaskyldur er hver sá maður, sem sauðfé á eða hefur undir hendi, hvort sem jörð hefur til afnota eða ekki. Þó skal heimilt að veita þeim mönnum, sem hafa sauðfé sitt í afgirtum heimalöndum sumarlangt eða eyjum, ívilnun í fjallskilum eftir mati viðkomandi hreppsnefndar. Verði slík ívilnun veitt að fullu sbr. þó ákvæði 17. gr. um leitarskyldu lögbýla, en komi fé frá viðkomandi fjáreiganda utan girðingar, skal hann greiða kr. 100.00 til kr. 200.00 fyrir hverja kind, eftir mati viðkomandi hreppsnefndar.

Fjallskilakostnaði og öðrum óhjákvæmilegum kostnaði við fjárheimtur að hausti, má jafna niður og leggja á bæði í vinnu og peningum eftir því, sem hreppsnefnd telur nauðsynlegt, enda stofni þá hrepparnir fjallskilasjóði til að jafna kostnað við fjallskil og fjárleitir milli fjáreigenda.

Fjallskilakostnað má taka lögtaki samkv. lögum frá 16. des. 1885, um lögtök og fjárnám.

Fjallskil skal leggja á með hliðsjón af skýrslu forðagæslumanns, síðari hluta vetrar.

Nú reka menn einnig á fjall á öðru leitarsvæði, og eru þeir þá skyldir að inna fjallskil af hendi þar, eftir þeirri tölu roskins fjár, sem rekið er. En reki þeir ekkert fé til fjalls í heimahreppi, eru þeir undanþegnir fjallskilaskyldu þar, enda hafi þeir ekki umráð yfir lögbýli eða hluta af lögbýli.

Annist síðast nefndir fjáreigendur ekki að fullu fénað sinn í réttum, skulu þeir greiða áfallinn kostnað í heimahreppi við að koma fénu til skila.

Verði mikill ágangur úr einni sveit á aðra, skal sú sveit sem áganginum veldur, skyld að leggja til fjallskila hjá ágangsþola sem svarar 1 dagsverki á hverjar 70 kindur, miðað við 1. rétt næsta ár á undan, þó á þetta ekki við um þá fjáreigendur, sem reka á fjall í öðru leitarsvæði samkv. 5. málsgrein þessarar greinar.

17. gr.

Þeir, sem hafa umráð jarða með fjalllendi, er telst til upprekstrarlands, og eigi eru ábúendur, svo og ábúendur á slíkum jörðum, þótt ekki hafi þeir sauðfé, skulu skyldir til fjallskila í þeim hreppi, sem jörðin liggur í. Fjallskil þessi svari til einu til þriggja dagsverka á ári fyrir hverja slíka jörð. Þeir, sem hafa lögbýli til umráða, eru einnig fjallskilaskyldir, þótt býlið teljist ekki upprekstrarland og sé ekki nytjað.

18. gr.

Þessi eru gangnamerki hreppa í milli: Langmerkin eru fjallgarðurinn, þar sem hann er hæstur, eins og vötnum hallar, eða þar sem hreppalönd ná saman, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í grein þessari.

Þvermerkin eru þessi: Á milli Hörðudals og Skógarstrandarhrepps: Gunnarsstaðaá milli fjalls og fjöru. Leita Skógstrendingar þaðan að Kársstaðahálsi. Þaðan leita Helgfellingar og Stykkishólmsbúar að Grímsskarði (Syðra-dysi), Rauðsteinalæk, Moldargilsá, Axarhamri og Tröllahálsi. Þaðan leita Eyrsveitingar að Kaldnasa, Kistufelli, Höfðakúlum og Búlandsgili. Þaðan leita Fróðhreppingar að Stafnafelli, Steinahlíð, Miðfellsöxl, Ytri-Moldarmúla, Hestdalsbotni, Hesti, Rauðkúlu, Folahnúk, Tvísteinu, Merarvörðu og Blindaugum. Þaðan leita Ólafsvíkurbúar um Geldingafell, þaðan þvert niður í Giljatungu í Fossdal, Hróaskarð, Einbúa og Loðnugjá. Þaðan leita Neshreppingar að Skarðsvík, Brattahrauni, Kálfadölum, Miðfelli og

Bárðarkistu. Þaðan leita Breiðvíkingar að Axlargangi, beina stefnu í Rjúpnaborgir, eftir hreppamörkum milli Staðarsveitar og Breiðuvíkur. Þaðan leita Staðsveitingar allt til hreppamarka milli Staðarsveitar og Miklaholtshrepps í Markgili og þaðan meðfram Baulárvallavegi beina línu í Baulárvallavatn og að Hvanngili og Vatnaá og þaðan leita Miklhreppingar austur að Skyrtunnu, Hafursfelli og Svínhóli. Þaðan leita Eyrhreppingar að Svínavatni, Svínaskarði, Arná, Oddastaðavatni og Hafursfjarðará. Þaðan leita Kolhreppingar að Geirhnúk eftir Vatnshlíðareggjum að Klyfsandi og Hítará. Meðan að Skógarnesgirðingu við Álftafjörð er haldið við, skal hún skipta leitum milli Eyhreppinga og Miklhreppinga, og er Selbóndinn fjallskilaskyldur í Eyjahreppi.

Þar sem fjöll og hálsar ráða þvermerkjum, skal frá báðum hliðum gengið að vatnsskilum.

Þrátt fyrir hin tilteknu gangnamerki hér að framan, er sveitarstjórnum samliggjandi hreppa þó heimilt að semja sín á milli um önnur gangnamerki, sem betur þykja henta hverju sinni.

19. gr.

Næsta dag fyrir leitardagana skal hver bóndi eða umráðamaður jarðar skyldur að leita vandlega sín heimalönd, þau, sem ekki eru leituð til rétta, og skal hann í tæka tíð reka allt fé, sem í þeim leitum finnst og hann ekki á sjálfur eða heimafólk hans, til rétta eða í fjallsafnið. Heimalönd teljast aðeins þau lönd, sem að fornu voru notuð fyrir málnytupening og brúkunarhross, en víðáttumeiri lönd séu leituð eftir fyrirskipan hreppsnefndar. Fái fjáreigendur leyfi til að reka upp fé sitt eftir réttir, skulu þeir skyldir til að leggja menn til í smalamennskur og seinni leitir eftir samkomulagi við landeigendur viðkomandi jarða.

20. gr.

Tvær skulu fjallleitir á hausti hverju. Til fyrri leitar skal gengið daginn áður en réttað er, þar sem hreppsnefnd álítur þess þörf. Til síðari réttar skal gengið laugardaginn í 24. viku sumars og réttað sama dag, þar sem hreppsnefnd telur það fært.

Leitardagar skulu til greindir í fjallskilaboðinu svo og réttardagar.

Sé ekki fært vegna veðurs að leita hinn lögboðna leitardag, skal leita næsta færan dag og skulu þá oddvitar tilkynna slíka breytingu nágrannasveitunum.

21. gr.

Leitarstjórar skulu annast um, að leitir fari vel og skipulega fram. Til þess heyrir meðal annars, að leitarmenn hefji leitina, þá er sauðljóst er orðið, og hittist úr nágrannahreppi eða bíði hver eftir öðrum á gangnamerkjum, þar sem því verður við komið, enda haldi þeir leitinni samhliða hver til sinnar réttar.

Nú hittir leitarmaður vanmetakind í leit sinni, og álítur, að hann geti ekki komið henni til réttar, án þess að vanrækja göngu sína. Skal hann þá athuga mark og auðkenni á henni og aflífa hana, ef hún er mjög aðframkomin og dysja forsvaranlega þannig, að hann geti vísað til hennar og skýrt frá marki hennar.

22. gr.

Leitarstjórar skulu vandlega gæta þess, að allir þeir, sem fjallskil eiga að gera, leggi svo marga fullgilda menn til, sem hreppsnefndin hefur ákveðið skv. 16. gr.

Nú vanrækir einhver að gera þau fjallskil, sem á hann voru lögð, og má þá hreppsnefndin eða leitarstjóri, verði því við komið, kaupa menn til að vinna það, sem á vantar til fjallskilanna upp á hans kostnað, eftir mati óvilhallra manna, enda gjaldi að auki sekt skv. 26. gr.

23. gr.

Leitarstjóri skal strax tilkynna hlíðarlaust hlutaðeigandi hreppsnefnd alla óhlýðni gegn fyrirskipunum hans, en hreppsnefndin kærir slíkt sem sérhverja aðra vanrækslu með tilliti til fjallskila til sýslumanns til sekta. Sömuleiðis hefur hver einstakur maður rétt til að kæra til hreppsnefndar, hafi hún beitt við hann rangindum eða íþyngt honum fram yfir það, sem reglugerð þessi leyfir, og skal hann hafa gert það skriflega til oddvita fyrir 20. október það ár, en nái hann ekki rétti sínum á þann hátt, getur hann skotið máli sínu til sýslumanns til endanlegs úrskurðar.

24. gr.

Fjallafé það, sem ofanslangrar að sumrinu, skal þegar þörf gerist, rekið til fjalls í lönd þau, sem notuð eru til upprekstrar. Veiti slíkur fénaður ágang á afgirt ræktarlönd, er fjáreiganda skylt að taka slíkan fénað í örugga vörslu, svo að ekki valdi áframhaldandi tjóni eða usla.

25. gr.

Öll haustsmölun fyrir 1. rétt á þeim löndum sem leituð eru af gangnamönnum er stranglega bönnuð. Þó getur hreppsnefnd veitt undanþágu frá þessu á leitarsvæði hreppsins, sé það nauðsynlegt vegna slátrunar á fé fyrir réttir eða af öðrum ástæðum. Allt það fé sem kemur úr utansveitarréttum skal flutt til lögskilaréttar og skulu skilamenn tilkynna eigendum eða umráðamönnum um það þar, þó er þeim heimilt að skila fé úr utansveitarréttum heim til eigenda þess. Ekki er skylt að reka óskilafé milli bæja eða hreppa.

Hafi eigandi eða umráðamaður eigi hirt fé sitt skv. framansögðu innan sólarhrings, skal hreppsnefnd ráðstafa því á kostnað eiganda.

26. gr.

Hver sem finnur kind í fjalllöndum þeim, sem ekki teljast búfjárhagar, að afstöðnum öllum lögboðnum leitum, skal fá fundarlaun, eftir mati óvilhallra manna. Þó mega þau ekki fara fram úr ¼ verðs þess, sem kindurnar eru metnar á.

Af þeim kindum, sem finnast heima í búfjárhögum, ber ekki að greiða fundarlaun, en sérstaka fyrirhöfn, sem fyrir þeim er haft, ber að greiða.

Komi utansveitarkindur fyrir í heimafé manna að afstöðnum öllum réttum, og hafi þær orðið þar innlyksa fyrir trassaskap þess, sem kindurnar hafa verið hjá, skal hann tafarlaust tilkynna eiganda kindanna og annast þær, eiganda að kostnaðarlausu, þar til hann vitjar þeirra, ef eigandinn ekki sýnir ótilhlýðilegan drátt á að vitja þeirra.

Brot móti kafla þessum varða sektum frá kr. 3 000.00 til kr. 15 000.00.

V. KAFLI

Um réttarhöld og meðferð á úrtíningsfé.

27. gr.

Þar skulu réttir vera, sem segir í 29. gr., og svo langt og víða til reka, sem segir í 18. gr. Breyta má þessu með samþykki meiri hluta hreppsbúa, hreppsnefndar og sýslunefndar.

28. gr.

Þrisvar skal rétta á hausti í hverri lögskilarétt, skv. 20. gr., og skulu hreppsnefndir annast um, að réttir séu að öllu vel upp byggðar og nægir dilkar handa öllum hreppsbúum, sem sjálfir annast um dilkadyr sínar, meðan á réttarhaldinu stendur, helst með grindum eða á annan jafntryggan hátt, og annast þeir einnig

um árlegt viðhald á dilkum sínum. Hreppsnefnd skal þó heimilt að taka í sínar hendur viðhald réttardilka, þar sem hún álítur slíka tilhögun heppilegri.

Dilka handa utanhreppsbúum eru hreppsbúar ekki skyldir að leggja til, nema jafnstóra því dilkarúmi, sem þeir þurfa að fá hjá utanhreppsbúum. Þeir menn, sem reka fé sitt á fjall í öðrum sveitum, skulu sjá sér sjálfir fyrir dilkarúmi. Hreppsnefndir kjósa einn mann fyrir réttarstjóra.

29. gr.

Réttir skulu haldnar í þeirri röð og á þeim dögum, er nú skal greint: Kaldárbakkarétt, Þverárrétt, Vörðufellsrétt og Bjarnarhafnarrétt verða mánudaginn í 22. viku sumars. Mýrdalsrétt, Setbergsrétt og Arnarhólsrétt, þriðjudaginn í 22. viku sumars. Langholtsrétt og Lárdalsrétt miðvikudaginn í 22. viku sumars. Ölkeldurétt og Grundarrétt fimmtudaginn í 23. viku sumars. Vallnarétt, Ólafsvíkurrétt og Bláfeldarrétt föstudaginn í 23. viku sumars. Grafarrétt og Hraunskarðsrétt laugardaginn í 23. viku sumars. Kaldárbakkarétt, Kothraunsrétt, Lárdalsrétt og Fagurhólsrétt eru aukaréttir, en hinar allar lögskilaréttir.

Á meðan Bervík í Breiðuvíkurhreppi og nágrenni er í eyði, er Neshreppi skylt að leita svæðið suður að Bervíkurhrauni, enda sjái hann um viðhald Fagurhólsréttar og rétti þar sem aukarétt, Breiðvíkingum að kostnaðarlausu.

Í þeim hreppum, sem aukaréttir eru í, er hlutaðeigandi hreppsnefndum skylt að sjá um, að öllu úrtíningsfé, er fyrir kann að koma í aukaréttum á haustin, sé tafarlaust komið til lögskilaréttar. Hlutaðeigandi hreppsnefndum er skylt að sjá um, að aukaréttir séu þannig útbúnar, hvað dilka og fyrirkomulag snertir, að réttarhaldið geti farið vel og skipulega fram.

30. gr.

Hreppstjórar skulu halda lögreglu í hverri lögskila- og aukarétt, en réttarstjóri annast um innrekstur fjárins og sér um, að féð ekki troðist undir, gætir þess, að fénu sé ekki á nokkurn hátt misþyrmt, og kallar hreppstjóra til, ef svo ber við. Lítur eftir að sundurdráttur fjárins fari vel og skipulega fram. Markglöggir menn skoði dilka, áður en út er hleypt, og gæti þess, að féð fari ekki saman í dilkum. Skal því enginn hleypa út, fyrr en réttarstjórinn leyfir, sem ekki sé fyrr en búið er að töflulesa úrtíning, og skal þá aðalreglan sú, að utanhreppsmenn hleypi fyrst út og svo þeir sem lengst eru að.

31. gr.

Ómerkinga alla skal draga í sérstakan dilk, og skulu þeir geymdir þar, uns búið er að draga úr almenningnum. Að loknum fjárdrætti skal þeim sleppt í almenninginn eða girðingu umhverfis réttina og skal þangað færa allar ær, sem von er til um að ættu þá, svo þær geti helgað sér lömb sín. Réttarstjóri skal jafnan vera viðstaddur og engum skal heimilt að taka ómerking sem sína eign, nema með samþykki hans og meiri hluta hreppsnefndar, sé hann viðstaddur. Alla ómerkinga, sem enginn finnst eigandi að, skal selja strax á réttarstaðnum, og andvirði þeirra renna í hlutaðeigandi fjallskilasjóð, ef hann er til, annars í sveitarsjóð. Um ómerkinga, sem finnast eftir réttir, fer um sem annað óskilafé, ef enginn getur helgað sér þá, og rennur þá einnig andvirði þeirra í hlutaðeigandi fjallskilasjóð, ef hann er til, annars í sveitarsjóð.

Geti menn sannað með framburði tveggja óvilhallra manna og áreiðanlegra, að ær hafi helgað sér seldan ómerking, skal eigandi ærinnar fá andvirði ómerkingsins að frádregnum uppboðskostnaði.

Á meðan ákvæði laga um sauðfjársjúkdóma gilda, skal þó þrátt fyrir fyrirmæli þessara greina öllum ómerkingum sem öðru óskilafé lógað strax. Verði því ekki við komið, skal féð geymt í öruggri geymslu, þar til því verður slátrað.

32. gr.

Mýétning allan skal selja í hverri lögskilarétt, þó því aðeins að enginn geti helgað sér þá og að eyrun séu svo skemmd, að ekkert mark verði gert úr. Réttarstjóri skal kalla til hreppstjóra og markglögga menn, bæði innan hrepps og utan hrepps, og séu þeir allir samdóma um markleysi þessara kinda, og fer þá um kindur þessar eins og annað óskilafé. Sama er um þá mýétinga, sem finnast eftir réttir. Andvirði þeirra, mýétninganna, rennur í viðkomandi fjallskilasjóð, ef hann er til, annars í sveitarsjóð.

33. gr.

Öllum úrtíningi úr fyrstu rétt skal sleppt í land réttarbónda eða annars, ef hentugra þykir. En fé það, sem ekki dregst upp eða hirt er í skilarétt, skal þá þegar afhent hreppstjóra, og skal hann þá strax kveðja til með sér tvo markglögga menn og gætna. Skulu þeir allir skoða kindurnar, bæði eyrnamörk og hornamörk, og segja til um mörk. Hreppstjóri skal skrifa mörkin nákvæmlega upp og lesa þau upp í heyranda hljóði. Það, sem þá verður óuppdregið, skal þegar sett á opinbert uppboð, án útlausnarfrests. Allir þessir þrír menn bera ábyrgð á, að mörkunum sé rétt lýst.

34. gr.

Réttartoll fyrir lögskilarétt skal greiða úr sveitarsjóði búanda þeim á hvers landi réttin stendur, kr. 200.00 til kr. 500.00 eftir samkomulagi hlutaðeiganda eða mati óvilhallra manna.

35. gr.

Nú koma utanhreppskindur fyrir í einhverjum hreppi eftir afstaðnar skilaréttir, og þekkja menn eigendur að þeim. Skulu þær þá á kostnað eigenda þeirra geymdar í vörslu hreppstjóra eða annarra, ef heppilegra þykir. Hreppstjóri annast um, að eigendum verði tafarlaust gert aðvart um þetta, séu þeir í nálægum hreppum. Hafi eigendur ekki ráðstafað kindum þessum að viku liðinni, skal hlutaðeigandi hreppstjóri selja þær við opinbert uppboð, sem áður sé auglýst í hreppnum með nægum fyrirvara. Kindur þær, sem koma fyrir eftir skilaréttir og ekki þekkjast eigendur að, skal fara með á sama hátt, sbr. þó 31. gr. Geymslukostnaður sé kr. 5.00 á sólarhring eða greiddur af eiganda eftir samkomulagi.

36. gr.

Lýsing á óskilafé, sem selt er á opinberu uppboði eða lógað er, skal hreppstjóri auglýsa í Lögbirtingablaði eigi síðar en í febr., á kostnað eiganda, ef hann gefur sig fram fyrir 1. okt. næsta ár á eftir, ella sveitarsjóðs.

VI. KAFLI

Um hross og naut.

37. gr.

Enginn hrossa- og kálfaeigandi má sleppa þeim ómörkuðum eða án eyrnamerkingar. Skyldur er hver sá, er hross á, sem ekki eru í daglegri hirðingu, að lýsa marki sínu á þeim fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd og láta prenta það við fyrsta tækifæri í markaskrá sýslunnar.

38. gr.

Hrossaeigendur í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu skulu, ef viðkomandi hreppsnefnd ákveður, skyldir til að hafa hross sín og nautgripi í öruggri vörslu.

Sama gildir um þá, sem hross taka í hagagöngu og fóður.

Valdi lausagönguhross átroðningi og skaða, skal sá er fyrir verður tilkynna það eiganda eða umráðamanni og krefjast úrbóta. Sinni hann því engu, eða aðeins til málamynda, skal tilkynna það lögreglu, sem fjarlægir hrossin á kostnað eiganda.

Brot gegn kafla þessum varða sektum frá kr. 10 000.00 til kr. 50 000.00.

VII. KAFLI
Almenn ákvæði.

39. gr.

Allar sektir, sem nefndar eru í þessari reglugerð, renna í hlutaðeigandi fjallskilasjóð, sé hann til, annars í sveitarsjóð.

40. gr.

Vanræki einstaklingur eða sveitarfélag að framkvæma fjárleitir eða annað skv. reglugerð þessari, skulu viðkomandi sæta sektum frá kr. 2 000.00 til kr. 10 000.00.

41. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem opinber mál.

42. gr.

Með reglugerð þessari fellur úr gildi reglugerð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um fjallskil o. fl. frá 20. september 1968.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 42 12. maí 1969, um afréttarmálefni, fjallskil o. fl.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. ágúst 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

29. ágúst 1975. Nr. 377.

FJALLSKILAREGLUGERÐ
fyrir Mýrasýslu.

I. KAFLI
Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Sýslunefndin í Mýrasýslu hefur á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála innan takmarka sýslunnar, eins þótt afréttir eða fénaður, er þar gengur, sé eign utansýslubúa. Hún sker úr ágreiningi og kærumálum, er til hennar verður skotið samkvæmt reglugerð þessari, eða samkv. gildandi lögum um afréttarmálefni á hverjum tíma.

2. gr.

Málefni þau, sem nefnd eru í 1. gr., standa undir umsjón og framkvæmd hreppsnefndanna í Mýrasýslu, hverrar í sínum hreppi. Þær skulu gæta þess, að reglugerðinni sé hlýtt, og ef eitthvað er vanrækt af því, er hún fyrirskipar, eða brotið gegn ákvæðum hennar, að fullar bætur komi fyrir.

Hreppsnefndir, hver í sínum hreppi, gera allar nákvæmari ákvarðanir um fjallskil og aðrar framkvæmdir samkvæmt reglugerð þessari eftir þörfum. Þær hafa úrskurðarvald í öllum ágreinings- og kærumálum innan hrepps. Úrskurðum þeirra má skjóta til sýslunefndar.

Þar sem tveir eða fleiri hreppar, eða partar af hreppum, eiga einn afrétt saman, hafa hreppsnefndir allra þeirra stjórn fjallskilamála á hendi í sameiningu. Oddvitinn í þeim hreppi, er rétt sú liggur í, er afrétturinn á að leitast til, skal kveðja til funda þeirra, er skipa eiga slíkum málum. Á fundum ræður afl atkvæða.

3. gr.

Nú er afréttur innan ummerkja Mýrasýslu notaður af hreppsfélagi annarrar sýslu, og er þá heimilt að fela hreppsnefndinni í þeim hreppi umsjón og framkvæmd fjallskila á afréttinum. Fer þetta eftir samkomulagi við hreppsnefnd þess hrepps, er afréttur liggur í, en að öðru leyti eftir fyrirmælum þessarar reglugerðar.

II. KAFLI

Um notkun afrétta.

4. gr.

Stóðhross og sauðfé skal að jafnaði ganga á afrétti til sumarbeitar. Þó geta hreppsnefndir leyft frávik hér frá, og jafnvel bannað, að stóðhross séu á afrétt rekin. En gera verða viðkomandi hreppsnefndir þá ráðstafanir til, að slíkur fénaður sé í gæslu hafður í heimahögum, og valdi eigi usla í löndum annara manna, enda bæti eigendur, ef skaði hlýst af.

5. gr.

Enginn má nota annan sameignarafrétt en þann, er hann á upprekstur á, nema hlutaðeigandi hreppsnefnd eða hreppsnefndir leyfi. Enginn má heldur taka hross eða sauðfé í sameiginlegt upprekstrarland af öðrum en þeim, sem heimili eiga í því upprekstrarfélagi, enda hafi fénaðurinn verið fóðraður á upprekstrarsvæðinu undanfarandi vetur.

6. gr.

Enginn má nota sameiginlegt upprekstrarland til annars en sumarbeitar fyrir afréttarfénað, nema hann hafi sérstaka heimild til þess. Enginn má ná sauðfé eða ótömdum hrossum úr afrétti, frá því 11 vikur eru af sumri til fjallgangna, nema hann fái til þess leyfi hreppsnefndar þess hrepps, er afrétt liggur í, enda fullnægi hann þeim skilyrðum, er hún setur.

Þetta ákvæði nær og til þeirra afréttarnota, er nefnd eru í 7. grein.

7. gr.

Nú er afréttarland eða fjalllendi einstaks manns sameiginlegt leitarsvæði með sameignarafrétti, og ætlar hann að leigja það öðrum til sumarbeitar, þá er hann skyldur að tilkynna það fyrir 10. júnímánaðar hreppsnefnd þess hrepps, er landið liggur í, og jafnframt skýra frá, fyrir hve mikinn fénað landið er ætlað og hverjir notendur eru. Þó er honum óheimilt að taka annan eða meiri fénað í landið en hreppsnefnd samþykkir.

III. KAFLI

Um fjársmalanir á vorum og rekstur í afrétt.

8. gr.

Allir, sem jörð eða jarðarpart hafa og búfjárhagar fylgja, skulu smala á vorum þegar rýja þarf sauðfé eða reka það eða stóðhross í afrétt, allt eftir því sem hrepps-

nefnd ákveður. Vanræki einhver slíka smölun, þá er nágrönnum heimilt að smala landið og reka fénað í aðhald til sundurdráttar, en haga skulu þeir framkvæmdum svo, að landnotanda verði sem minnst mein að, og aldrei má reka hans eigin fénað úr hagagirðingu nema hann leyfi. Hreppsnefnd getur einnig látið smala landið á kostnað þess, er á að gera það.

9. gr.

Skylt er hverjum þeim, er sauðfé hefur undir höndum, að rýja það þá tími er til þess kominn, svo og að marka lömb á vori. Nú finnast sauðkindur við smölun, er sloppið hafa úr heimahögum eða fjarri eiganda, órúnar, eða ómörkuð unglömb. Ber finnanda þá að gera eiganda viðvart, ef hann er í nágrenni, en að öðrum kosti að rýja þær, ef tímabært er, og marka unglömb. Skal hann gera eiganda full skil á ull og grein fyrir merki og öðrum einkennum á hverri kind, er hann hefur rúið eða markað.

Geti finnandi eigi vitað með vissu hver eigandi er slíkra kinda, ber honum að inna af hendi sömu skil við hreppstjóra í hreppi sínum. Hreppstjóri ráðstafar ull eins og öðru óskilafé.

Í ómakslaun fær finnandi þóknun, er ákveðst af sýslumanni, ef eigi umsemst öðruvísi.

10. gr.

Ef gróðurleysi eða illviðri banna eigi, á allur fjallskilaskyldur fénaður að vera á afrétt kominn fyrir 15. júlí ár hvert, ella svo fljótt sem tíð leyfir, nema hafður sé í afgirtum heimalöndum eða eyjum, sbr. 18. gr. Eigi má þó fénað á afrétt reka fyrr en nægur gróður er þar kominn.

11. gr.

Aldrei má án leyfis eiganda eða ráðstöfunar hreppsnefndar, reka fénað annarra manna á afrétt, nema víst sé að hann eigi þangað að fara og sé eigi tekinn í sínum heimahögum. Reka skal þannig gegnum heimalönd, að sem minnstur bagi verði, og aldrei yfir tún né engi, nema ómögulegt sé að fara aðra leið.

12. gr.

Hreppsnefnd hvers hrepps er heimilt að ákveða fyrir eitt eða fleiri ár í senn, hvað íbúar hreppsins, er á afrétt reka, skuli skemmst mega fara með rekstra sína, til þess að skilja þá eftir. Þó skal heimilt að skilja eftir á leiðinni allt að 20 kindur úr rekstri, ef þær eru örþreyttar og komnar í afrétt þann, er þær eiga að ganga á.

13. gr.

Hver, sem heimildarlaust rekur fénað í annars manns land, hvort sem það er heimaland eða afréttur og skilur hann þar eftir, er skaðabótaskyldur til landsnothafa eftir því sem hæfa þykir, auk sektar.

14. gr.

Ef kindur í rekstri gefast upp á leið til afréttar og þess vegna eða af öðrum ástæðum verður að skilja þær eftir í landi, sem ekki er heimilt að láta þær ganga í til beitar, þá skal eigandi eða umráðamaður þeirra sem skjótast láta umráðamann landsins vita um það og semja við hann, hversu með skal fara. Vanræki eigandi eða umráðamaður fénaðarins þetta, skal álíta, að hann hafi brotlegur orðið samkv. 13. gr.

15. gr.

Nú er afréttarfénaður ekki rekinn í afrétt þá tími er til kominn, eða hafður annarsstaðar, sbr. 18. gr., en skilyrðum ekki fullnægt að áliti hreppsnefndar, og má hún þá láta reka fénaðinn í afrétt á kostnað eiganda eða umráðamanns.

16. gr.

Ef sauðfé eða hross ganga úr afrétti að sumri í búfjárhaga, þá má sá, er fyrir ágangi verður, reka fénaðinn aftur í afrétt þann, er hann hyggur hann úr vera. Skylt er nágrönnum hans að gera þetta með honum, ef hann kveður þá til. Skal haga rekstri svo, að ágangsfénaði verði ekki mein að. Kostnaður við slíkan rekstur í eitt skipti fæst ekki endurgoldinn, en verði að endurtaka slíka vörn fyrir ágangi það sama sumar, þá getur sá er fyrir ágangi verður, gert hreppsnefnd aðvart um það og skipar hún þá fyrir um smölun og rekstur til afréttar. Kveður hún til þess öðrum fremur þá, er fyrir ágangi verða og næstir eru ágangssvæðinu, en öllum sem til eru kvaddir er skylt að hlýða. Kostnaður greiðist úr sveitarsjóðum eða fjallskilasjóðum þeirra hreppa er eiga eða nota afrétt þann, er ágangsfénaður kom frá.

Gangi stóðhross úr afrétti, og tolli þar ekki eftir ítrekaðan rekstur, er þeim sem fyrir ágangi verður, heimilt að tilsegja þau eiganda, sem þá er skyldur að hirða þau.

Nú er girðing, sem hindrar fénað í því að komast úr afrétti og veldur því, að hann safnast við slíka girðingu, svo að við örtröð liggur. Er viðkomandi hreppsnefnd þá skylt að hlutast til um, að slíkur fénaður sé aftur í afrétt rekinn, eða — ef það kemur ekki að haldi — fluttur í heimahaga. Ber henni að kveða nánar á um alla framkvæmd í þessu efni, og hvernig fénaði þessum skuli til skila komið.

17. gr.

Nú safnast fénaður að girðingu, sem er því til fyrirstöðu, að hann gangi sjálfkrafa á leið til afréttar, er þá stranglega bannað að sleppa honum um hlið eða á annan hátt yfir girðinguna. Ef sá, er fyrir slíkum ágangi verður, getur ekki á hagkvæmari hátt um samið, þá gerir hann hreppsnefnd í sínum hreppi aðvart um áganginn og ber henni þá, að láta smala ágangsfénaði og reka þangað sem hann má vera, á kostnað eiganda, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykkt, er nái yfir ágangssvæðið.

IV. KAFLI

Um fjallskil og leitir.

18. gr.

Fjallskilaskyldur er hver sá, sem á kind eða stóðhross, hvort sem það er rekið á afrétt eða eigi. Öllum fjallskilakostnaði skal jafnað niður eftir fénaðarfjölda, er miðist við tölu geldra kinda. Hvert stóðhross jafngildir 5 kindum geldum, tvær ær með dilkum jafngilda 3 kindum geldum.

Nú er allur fjallskilaskyldur fénaður hafður í afgirtu heimalandi eða eyjum. Er hreppsnefnd þá heimilt að fella niður allt að helmingi fjallskilaskyldu af fénaði þessum, enda meti hún vörsluna gilda.

Heimilt er hreppsnefnd, ef afréttarskyldum búpeningi hefur fækkað mjög, svo að afréttir eru ekki að öllu leyti nýttir, að áliti hennar, að jafna allt að helmingi fjallskilakostnaðar niður á landverð bújarða, eins þó í eyði séu, að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda, eftir gildandi fasteignamati.

19. gr.

Hver búandi eða húsráðandi er skyldur að halda uppi fjallskilum heimilismanna sinna gegn fullu endurgjaldi.

20. gr.

Þrennar aðalleitir skal gera á hverju hausti, til þess að smala til rétta. Í fyrstu leit skal smala sauðfé, en í annari og þriðju leit bæði sauðfé og hrossum. Þó má hreppsnefnd eða hreppsnefndir á fjallskilafundi ákveða, að hrossum skuli smalað til fyrstu réttar og þeim þá réttað, en tilkynna skal það í þá hreppa upprekstrarfélagsins, er þar eiga hrossa von.

Einnig skal eftir þörfum senda menn til þess að hirða fé og hross í útréttir, er fjárvon er við.

21. gr.

Til Fljótstunguréttar skal gera fyrstu leit föstudag, laugardag og sunnudag í 21. viku sumars, aðra leit föstudag, laugardag og sunnudag í 22. viku sumars og þriðju leit mánudag, þriðjudag og miðvikudag í 23. viku sumars.

Til Þverárréttar skal gera fyrstu leit sunnudag, mánudag og þriðjudag í 21. viku sumars, aðra leit föstudag, laugardag og sunnudag í 22. viku sumars og þriðju leit miðvikudag, í 23. viku og fimmtudag og föstudag í 24. viku sumars.

Til Brekkuréttar skal gera fyrstu leit mánudag í 21. viku sumars, aðra leit laugardag í 24. viku sumars og þriðju leit laugardag í 25. viku sumars.

Til Svignaskarðsréttar skal gera fyrstu leit mánudag og þriðjudag í 21. viku sumars, aðra leit laugardag og sunnudag í 24. viku sumars og þriðju leit laugardag í 25. viku sumars.

Til Hraundalsréttar skal gera fyrstu leit mánudag, þriðjudag og miðvikudag í 21. viku sumars, aðra leit laugardag og sunnudag í 24. viku sumars og þriðju leit laugardag í 25. viku sumars.

Til Hítardalsréttar skal gera fyrstu leit mánudag og þriðjudag í 21. viku sumars, aðra leit laugardag og sunnudag í 24. viku sumars og þriðju leit laugardag í 25. viku sumars.

Hreppsnefndum er heimilt að gera þriðju leit á öðrum tíma, en til er tekinn í þessari grein, ef sérstök ástæða þykir til. En hafa verða þær samráð sín í milli þar um, svo að samtímasmölun verði sem minnst raskað. Leitinni skal þó jafnan lokið fyrir 3. rétt.

Í öllum hreppum sýslunnar skal smala heimalönd til annarrar og þriðju réttar. Auk þess skal fyrsti mánudagur í nóvember vera almennur smaladagur heimalanda, hrútar allir teknir þá í gæslu og afbæjarfé komið til réttra eigenda. Óskilafé, sem þá kann að finnast, skal farið með eins og segir í 43. gr.

22. gr.

Fyrir 10. ágúst ár hvert skal hreppstjóri hafa samið og sent oddvita þeirrar hreppsnefndar, er jafnar niður fjallskilum viðkomandi hrepps, skrá yfir alla framteljendur og fjölda sauðfjár og stóðhrossa, eins og það er fram talið eða hann telur rétt vera. Í Norðurárdalshreppi og Stafholtstungnahreppi skal skrá þessi vera í tvennu lagi og skipting hin sama og hreppanna í upprekstrarfélög.

Skylt er hreppsnefnd, ef henni er kunnugt um annan og meiri fjallskilaskyldan fénað í upprekstrarfélagi en á skrá stendur, að jafna fjallskilum einnig á hann.

23. gr.

Hreppsnefnd hver jafnar niður fjallskilum á hreppsbúa sína og þá utanhreppsbúa, er fjallskil eiga að gera í hreppnum, nema öðruvísi sé um samið, sbr. 3. gr. Skal niðurjöfnun lokið svo tímanlega, að hún geti orðið öllum kunn eigi síðar en þremur dögum áður en leitir byrja.

Niðurjöfnun skal birta með fjallskilaseðli eða fjallskilaseðlum, er gangi bæ frá bæ um hreppinn, og hefur hann eða þeir þá þingboðsrétt. Utanhreppsmönnum má boða fjallskil svo sem haganlegast þykir.

Í fjallskilaseðli skal skráð, hvaða fjallskil hver á að gera það haust, hvernig leitum og réttum skal haga, hver verði leitarforingi og annað því um líkt, eftir þörfum.

24. gr.

Hver búandi er skyldur til að leita heimaland ábýlisjarðar sinnar á hausti, að svo miklu leyti og svo oft sem hreppsnefnd ákveður, og reka skilvíslega til réttar eða annað allan óskilafénað, eftir nánari ráðstöfun hreppsnefndar. Nú er jörð í eyði og færast þá skyldur ábúanda yfir á jarðareiganda.

Vanræki einhver slíka smölun, er heimilt að fara svo að sem fyrir er mælt í 8. gr., enda komi full greiðsla fyrir.

25. gr.

Hreppsnefnd eða hreppsnefndir skulu árlega meta allan fjallskilakostnað upprekstrarfélagsins til peningaverðs. Eftir því mati skal fara, þá eitthvað til fjallskila er greitt í peningum. Tillagi hvers einstaklings til fjallskila skal jafna niður með vinnu eða öðru þess háttar, að svo miklu leyti sem auðveldlega verður við komið. En heimilt er hreppsnefnd, ef hún telur það hagkvæmt, að ákveða að einhver hluti fjallskilatillags greiðist í peningum, án þess þó að jafnað sé á alla eða eftir sömu hlutföllum.

26. gr.

Hreppsnefnd skal árlega kjósa leitarstjóra fyrir hvert leitarsvæði, er hún á yfir að segja. Enga aðalleit má gera, nema leitarstjóri sé í henni og stjórni henni, enda er leitarmönnum skylt að hlýða fyrirmælum hans.

Einnig skal hún kjósa réttarstjóra og foringja, er stjórni ferðum í útréttir, eftir því sem þurfa þykir.

27. gr.

Í gerðabók hreppsnefndar skal skrá niðurjöfnun fjallskila og yfir höfuð allar ákvarðanir, er hún gerir viðvíkjandi fjallskilum, leitum, réttum og smölunum.

28. gr.

Hver, sem fjallskil á að inna af hendi, skal vanda vel tillag sitt, svo sem með því eða senda fullgilda og vel útbúna menn í leitir, útréttir og annað því um líkt. Láti einhver farast fyrir að senda mann í leit eða gera önnur þau fjallskil, er hann hefur verið kvaddur til í fjallskilaboði og eigi má fresta, skal hann borga einum þriðja parti hærra verði en metið var tillag það, er vantar.

Ef einhver sendir mann í leit, sem leitarforingi og helmingur manna í hans flokki telur óhæfan sökum galla eða ills útbúnaðar, skal vísa honum heim aftur, og er þá sá, er slíkan mann sendir, skyldur að borga eins og hann hefði engan sent. Sama gildir um mann í útréttir.

Sannist það eftir á, að einhver, sem fjallskil á að framkvæma, hafi vanrækt verk sitt, getur hreppsnefnd krafist uppbótar frá honum eða þeim, er sendi hann, eftir því er hæfa þykir.

29. gr.

Áður en leit byrjar, skal leitarforingi gæta þess í hæfilegan tíma, hvort nokkrum manni verði að vísa heim, hvort nokkurn vantar eða annað, er til leitarinnar þarf. Kaupir hann þá mann eða annað í stað þess er vantar, ef þörf krefur og þess er nokkur kostur.

Leitarforingi hefur á hendi alla stjórn á leitunum. Hann skipar fyrir um hvernig hver leitarmaður hagar göngu sinni, gætir þess að farið sé eftir fyrirskipunum hans, að úr sé bætt, ef eitthvað fer óskipulega, að ekki sé illa farið með skepnur, að fatlaðar kindur og kindalamar sé flutt til byggða, að safnsins sé vel gætt þar til það

er í rétt komið og réttarstjóri tekur við stjórn, og yfir höfuð alls þess, er tilheyrir góðu skipulagi í leitum.

30. gr.

Þeir, sem sendir eru í útréttir, skulu hlýða foringja sínum. Hann skal gera það sem unnt er, til þess að ekki verði kindur eða hross eftir í útréttum, og fari þar fram markaskráryfirlestur, má ekki fara frá réttinni fyrr en honum er lokið.

Sé einhver skepna svo fötluð, að hún verði ekki rekin með öðrum fénaði, þá skal útréttarmannaforingi ráðstafa henni svo sem hann telur hagkvæmast fyrir eiganda og á hans kostnað. Ráðstöfunina tilkynnir hann eiganda svo fljótt sem unnt er. Fatlaða kind má ekki skilja eftir milli bæja eða á víðavangi.

Foringi útréttarmanna gætir þess, að skepnum sé ekki hætta búin í rekstri, í vatnsföllum, hraungjótum, af ofþreytu og öðru því um líku.

31. gr.

Eftir að aðalleitir eru afstaðnar getur hreppsnefnd, ef henni þykir ástæða til, látið gera enn eina leit á leitarsvæði þau, er hún á um að sjá, og það er henni skylt að gera, ef fé hefur eftir leitir sést á þeim svæðum, en ekki náðst til byggða. Til þeirrar leitar má gera aukaniðurjöfnun á alla hlutaðeigendur.

Leitin kallast eftirleit og skal hún ákveðin svo fljótt, sem við verður komið að afstöðnum aðalleitum. Heimilt er einstökum mönnum að gera eftirleit eða leita að fénaði í afrétti, eftir aðalleitir á haustum. Finni þeir fénað í afrétti eftir aðalleitir er þeim heimilt að taka fundarlaun, nema fénaðurinn finnist áður en eftirleit, sem hreppsnefnd hefur ákveðið að láta gera, hefur verið framkvæmd. Fundarlaun greiðist úr viðkomandi fjallskila- eða sveitarsjóðum og mega aldrei hærri vera en nemi einum fjórða af áætluðu verði sauðkinda og einum tíunda af verði hrossa. Sýslumaður sker úr ágreiningi um fundarlaun, ef upp kemur.

32. gr.

Nú þykir einhverjum niðurjöfnun fjallaskila ekki rétt og vill fá leiðréttingu á því, ber honum þó engu að síður að inna þau af hendi, en sent getur hann rökstudda kæru til hreppsnefndar fyrir lok októbermánaðar og beðið hana lagfæringar, og fer þá um hana sem útsvarskærur. Kærur út af aukaniðurjöfnun fjallaskila fer um á sama hátt og kærur yfir aukaniðurjöfnun útsvara.

V. KAFLI

Um réttir og réttahöld.

33. gr.

Þessar skulu vera aðalréttir í sýslunni:

1. **Fljótstungurétt.** Leitarsvæði hennar er: Heimalönd allra jarða í Hvítársíðu frá Gilsbakka að Kalmannstungu, að báðum meðtöldum, eins og Hvítá ræður að sunnan og girðingar að vestan og norðvestan að Skammá, svo og afréttur Reykdæla og Hálsasveitar og önnur heiðalönd að afréttarlöndum Þverárréttar og að löndum Húnvetninga að norðan og jöklum að austan.

   Fyrsta rétt skal vera mánudag í 21. viku sumars, önnur rétt mánudag í 22. viku sumars og skilarétt fimmtudag í 24. viku sumars.
2. **Þverárrétt.** Leitarsvæði hennar er: Öll heimalönd, heiðalönd og afréttarlönd allra jarða í Norðurárdal og Stafholtstungum austan Sanddalsár og Norðurár, svo og allra jarða í Þverárhlíð og Hvítársíðu allt að girðingum þeim, er áður eru nefndar, að löndum Húnvetninga að norðaustan og að löndum Strandasýslu

og Dalasýslu að norðvestan. Þó getur stjórn Þverárréttarfélags leyft að Lambatungur séu leitaðar til Fljótstunguréttar.

Fyrsta rétt skal vera miðvikudag í 21. viku sumars, önnur rétt mánudag í 22. viku sumars og skilarétt laugardag í 24. viku sumars.

3. **Brekkurétt.** Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd tilheyrandi Norðurárdal og Stafholtstungum fyrir vestan Sanddalsá og Norðurá allt að löndum Dalamanna og Borghreppinga að norðan og norðvestan.

Fyrsta rétt skal vera þriðjudag í 21. viku sumars, önnur rétt mánudag í 23. viku sumars og skilarétt laugardag í 26. viku sumars.

4. **Skarðsrétt.** Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd tilheyrandi Borgarhreppi og Borgarneshreppi.

Fyrsta rétt skal vera miðvikudag í 21. viku sumars, önnur rétt þriðjudag í 23. viku sumars og skilarétt mánudag í 26. viku sumars.

5. **Hraundalsrétt.** Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd tilheyrandi Álftaneshreppi, svo og fjallland Ytri-Hraundals.

Fyrsta rétt skal vera fimmtudag í 22. viku sumars, önnur rétt miðvikudag í 23. viku sumars og skilarétt þriðjudag í 26. viku sumars.

6. **Hítardalsrétt.** Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd í Hraunhreppi, að undanskildu fjalllendi Ytri-Hraundals.

Fyrsta rétt skal vera miðvikudag í 21. viku sumars, önnur rétt þriðjudag í 23. viku sumars og skilarétt mánudag í 26. viku sumars.

Aðrar og þriðju réttir í Álftaneshreppi og Hraunhreppi er heimilt að halda annarsstaðar en í aðalrétt, og heimilt að viðhalda aukaréttum til þess.

34. gr.

Aukaskilarétt má halda í hverju upprekstrarfélagi fyrir sig, hvenær sem hreppsnefnd ákveður.

35. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um:

a. Að almenningur réttar sé hæfilega stór og svo haganlega gerður, að engin hætta sé á, að fé þrengi sér meira saman á einum stað en öðrum og að gólfflötur sé sem næst láréttur.
b. Að veggir réttar og dilka séu svo vel gerðir, stöðugir og háir, að engin sauðkind geti stokkið upp á þá.
c. Að sérhver fénaðareigandi innan upprekstrarfélagsins hafi nóg dilkrúm fyrir fé sitt við réttina, að ómerkingadilkur sé til og að nægir dilkar séu til fyrir fé annarra upprekstrarfélaga.
d. Að grindur eða hurðir séu í öllum dilkadyrum, sem dregið er um úr almenningi, og ytri og innri dyrum réttar.

36. gr.

Hver sem jörð, eða jarðarpart hefur til ábúðar eða notkunar, eða fénað á, er skyldur til að vinna að byggingu aðalréttar, aukaréttar, dilka, girðingar til að geyma safn í, leitarmannaskýlis og hverrar annarar byggingar, sem notuð kann að verða við leitir eða réttir, og að viðhaldi þeirra, eftir því sem hreppsnefnd ákveður.

Við hverja aðalrétt skulu allar jarðir í upprekstrarfélaginu eiga nóg dilkrúm, hver fyrir sig eða fleiri saman, og eru ábúendur skyldir til að kosta byggingu þeirra, eftir þeim hlutföllum, er hreppsnefnd ákveður. Vanræki einhver að vinna að dilkabyggingu eða viðhaldi, svo sem skylt er, getur hreppsnefnd látið vinna verkið á hans kostnað.

Enn fremur skulu vera til sérstakir dilkar fyrir fé úr öðrum hreppum eða upprekstrarfélögum, er byggja skal og viðhalda á kostnað hlutaðeiganda, nema öðruvísi sé um samið.

37. gr.

Nú þykir meiri hluta hreppsnefndar, eða 5 bændum í upprekstrarfélagi, þörf á að færa aðalrétt á annan stað, eða endurbyggja rétt úr steinsteypu eða útlendu efni, þá skal hreppsnefnd sjá um að allir búendur, er hlut eiga að máli, verði kvaddir á fund til þess að ræða og greiða atkvæði um það mál. Verði meiri hluti fundarmanna með breytingunni, skal málið, ásamt sundurliðaðri áætlun um kostnað og fjáröflun til byggingarinnar, borið undir sýslunefnd og leggur hún úrskurð á það.

Kostnað við byggingu, endurbyggingu eða viðhald réttar og annarra bygginga, sem taldar eru í 36. gr., svo og vexti og afborganir af lánum til slíkra bygginga, skal jafnað niður eftir þeim hlutföllum, er hreppsnefnd ákveður og sýslunefnd samþykkir.

38. gr.

Skylt er að leggja til land undir rétt, en engin umráð hefur landeigandi eða landsnothafi þess vegna yfir réttinni, en þóknun fyrir átroðning á landið við réttarhaldið fær hann eftir því sem um semur. En verði ágreiningur ákveður sýslunefnd gjaldið.

39. gr.

Í fyrstu rétt skal byrjað að rétta þá markljóst er, enda er þá öllum þeim, sem fjárvon eiga við réttina, skylt að vera þar til að hirða fénað sinn. Réttarstjóri sér um að allt fari skipulega fram við réttarhaldið og hefur vald til að banna allt, sem getur hindrað það eða tafið. Öllum, sem í rétt eru, er skylt að hlýða skipunum hans, og getur hann kært til sekta, ef út af er brugðið. Hann getur skipað annan í sinn stað eða sér til aðstoðar, ef þörf er á.

Réttarstjóri sér um að ómerkingar séu látnir í þar til gerðan dilk og gefur hverjum, sem óskar þess, kost á að láta á helga sér lamb. Hann skal einnig sjá um að hryssur fái að helga sér folöld, þó ekki séu þau látin í ómerkingadilk. Enginn má taka ómerkinga án leyfis réttarstjóra. Enginn má draga sauðfé eða hross, nema látið sé í dilk eða annað aðhald, þar sem auðvelt er að kanna það, áður en út er hleypt.

Enginn má hleypa út úr dilk, fyrr en réttarstjóri leyfir og búið er að kanna féð eða hrossin, ef réttarstjóri fyrirskipar það.

Hreppstjóri þess hrepps, er rétt liggur í, skal ætíð vera við þá réttað er, og gæta lögreglu.

40. gr.

Skylt er hverjum þeim, er á von kinda eða hrossa í aðalrétt eða aukarétt síns réttarfélags, að hafa þar nægan mannafla til þess að hirða þar fénað sinn. Vanræki einhver þetta, er réttarstjóra heimilt að láta hirða fénaðinn og flytja heim, á kostnað eiganda.

41. gr.

Þá er réttarstjóri álítur tíma til kominn skal töfludráttur fara fram og markaskrár Mýrasýslu og nærliggjandi sýslna vera við hendina. Allar sauðkindur og hross, sem að því loknu hefur ekki verið ráðstafað á leið til eiganda, skal fara með sem óskilafé.

VI. KAFLI
Um meðferð óskilafénaðar.

42. gr.

Alla ómerkinga, sem eigi hafa fundist eigendur að, svo og allar aðrar kindur, sem eftir verða í rétt hverri þá dræsti er lokið og ekki er vitað með vissu um eigendur að, skal hreppstjóri í þeim hreppi, er rétt liggur í, láta færa til slátrunar svo fljótt, sem við verður komið. Allt óskilafé, sem ætla má að eigendur geti fundist að síðar, skal hreppstjóri leggja inn á reikning embættis síns, svo síðar megi greiða út verð hverrar kindar, ef eigandi finnst.

Hreppsnefnd kýs tvo fjárglögga menn til að lýsa mörkum og öðrum einkennum á óskilafénaði, er eftir verður og ráðstafa þarf. Verði þeir ekki á eitt sáttir um lýsingu á marki, kveður hreppstjóri til þriðja mann til þess að skera úr ágreiningnum. Vafaatriði skal þó getið í auglýsingu um óskilafénaðinn.

Nú verður hross (eða nautgripur) í óskilum í lögskilarétt. Skal hreppstjóri þá selja slíka gripi við opinbert uppboð þegar í stað, með skilorðum 45. greinar, eða ráðstafa þeim á annan hátt um stundarsakir, ef hentara þykir.

43. gr.

Óskilafénað, sem finnst eða fram kemur eftir allar réttir og verður ekki komið til eigenda, skal reka til hreppstjóra í þeim hreppi, er fénaður finnst í, og skal hann að því búnu seldur við opinbert uppboð, svo fljótt sem verða má, nema um sauðfé sé að ræða, þá skal það fært til slátrunar.

44. gr.

Nú heimtir einhver kind með sínu marki, en kannast ekki við hana sem sína eign, þá skal með hana fara sem annað óskilafé.

45. gr.

Þá er óskilahross er selt, skal, auk venjulegra söluskilmála, áskilja að eiganda sé heimilt að innleysa það til sín innan 12 vikna frá söludegi. Hið selda hross skal vera í gæslu kaupanda, en ekki í ábyrgð hans, fyrr en að innlausnarfresti liðnum. Gæslukaup og hagatollur telst frá söludegi þar til hross er hirt af eiganda. Komi hross á hús og hey áður en innleyst er, greiðist kostnaður af því eftir samkomulagi. Hreppsnefnd þess hrepps, sem hross er selt í, sker úr ágreiningi út af kostnaði.

Eiganda er því aðeins heimilt að innleysa hross, að hann um leið greiði allan áfallinn kostnað.

46. gr.

Eftir hvert uppboð á óskilahrossum, skal hreppstjóri svo fljótt sem verða má, senda auglýsingu til birtingar hreppstjórum í aðliggjandi hreppum. Í auglýsingunni skal getið um kynferði, aldur, lit og auðkenni hins selda, svo og verð, nafn kaupanda og bústað.

47. gr.

Fyrir árslok skal hreppstjóri birta í Lögbirtingablaði auglýsingu um óskilafénað með mörkum, er fram hefur komið í hreppi hans á því ári, og þá er ekki útgenginn. Skal í auglýsingu greint mark og auðkenni hverrar skepnu, svo og vafaatriða getið, ef einhver eru, sbr. 42. gr. Ennfremur skal í auglýsingu skorað á rétta eigendur að gefa sig fram og sanna eignarrétt sinn, innan 6 mánaða frá auglýsingardegi.

48. gr.

Af andvirði óskilafjár greiðist allur áfallinn og löglegur kostnaður, hverju nafni sem nefnist. Að öðru leyti greiðist andvirði hins selda til hvers þess, er þykir hafa sannað eiganrrétt sinn, innan tiltekins tíma.

49. gr.

Þá er kröfufrestur er útrunninn samkv. 47. gr., skal hreppstjóri gera oddvita í sínum hreppi grein fyrir seldum og slátruðum óskilafénaði frá haustinu áður. Andvirði þess fénaðar, sem ekki hafa fundist eigendur að, skal hreppstjóri þá inna af höndum til oddvita, að frádregnum kostnaði.

Hafi andvirði ómerkinga, mýétninga eða fjár með óþekkjanlegum mörkum vegna skemmda, verið innheimt af hreppstjóra, ber honum að endurgreiða það til oddvita, að frádregnum kostnaði, fyrir lok marsmánaðar ár hvert.

50. gr.

Andvirði ómerkinga og óskilafénaðar, er greiðist til oddvitanna í Hvítársíðuhreppi, Þverárhlíðarhreppi og Stafholtstungnahreppi, rennur í sjóð, er heitir Fjallskilasjóður Þverárréttar, og skal honum aðallega varið til viðhalds réttinni, með tilheyrandi girðingum. Oddviti Þverárhlíðarhrepps gerir árlega reikninga sjóðsins og skulu þeir endurskoðaðir og úrskurðaðir af oddvitum Hvítársíðu- og Stafholtstungnahreppa.

Andvirði ómerkinga og óskilafénaðar í öðrum hreppum sýslunnar, rennur í sveitarsjóðs hvers hrepps fyrir sig, eins og það er greitt til oddvita, nema viðkomandi hreppsnefnd ákveði annað. Heimilt er þó hreppsnefnd í hreppi, er rétt liggur í, að greiða þóknun til marklýsingarmanna og réttarstjóra af óskilafjárverði, er sveitarsjóði eða fjallskilasjóði tilheyrir, og af óskiptu því, er skipta á milli hreppa.

VII. KAFLI
Um mörk og markaskrár.

51. gr.

Hver maður skal einkenna fé sitt og hross með glöggu marki á eyrum. Enginn má fleiri mörk eiga í senn en tvö á sauðfé og eitt á hrossum. Enginn má heldur nota annars manns sauðfjármark á hrossum eða hrossamark á sauðfé. Ef kind er með annars manns marki á eyrum, skal marka hana glöggu hornamarki eða brennimarki.

Skylt er að nota hreppsbrennimark á sauðfé og setja það á vinstra horn.

Hreppsbrennimörk eru:

M 1 fyrir Hvítársíðuhrepp.
M 2 — Þverárhlíðarhrepp.
M 3 — Norðurárdalshrepp.
M 4 — Stafholtstungnahrepp.
M 5 — Borgarhrepp.
M 6 — Álftaneshrepp.
M 7 — Hraunhrepp.
M 8 — Borgarneshrepp.

52. gr.

Mark helgar eiganda kind, nema sönnur komi fyrir að annar eigi, eða eigandi marks viðurkenni hana ekki sem sína eign, sbr. 44. gr. Kind, sem ekki ber rétt

mark manns, er honum óheimilt að draga sér, hversu lítið sem á vantar eða umfram er. Ef kind er með hornamarki eða brennimarki annars en þess, sem eyrnamarkið á, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið. Skal hann þó, ef eigandi eyrnamarks krefst, gera grein fyrir, hvernig hann hefur eignast kindina. Kind, sem er með eyrnamarki eins manns, hornmarki annars og brennimarki hins þriðja, skal talin eign þess, er brennimarkið á, en sönnur skal hann færa á eignarrétt sinn, ef krafist er.

53. gr.

Enginn má upp taka mikil særingarmörk, sem vandi er að marka svo auðþekkt séu. Hin helstu þeirra eru: Afeyrt, blaðstúfrifað, blaðtvístúfrifað, gatrifað, geilrifað, geirrifað, hvatblaðstýft, hvathamrað, hvattvírifað, miðhlutað í sneitt, netnál, sneiðblaðstýft, sneiðfráblaðstýft, sýlrifað, tíglað, tvíhamrað, tvístúfrifað, vagllögg, vaglrifað, vinkill, þrírifað í heilt, þrírifað í sneitt, þrírifað í stýft og þristýft. Mörk þessi má heldur ekki nota þó fengin séu að erfðum, gefins eða keypt, eftir að reglugerð þessi gengur í gildi.

54. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá sýslunnar 8. hvert ár, eða oftar ef sérstakar ástæður þykja til. Hver markeigandi er skyldur til að láta prenta mark sitt, eða mörk, í markaskránni hverju sinni, og gjalda fyrir svo sem sýslunefnd ákveður. Fær hver markeigandi ókeypis eitt eintak af hinni nýju skrá. Mark, sem hvorki er prentað í gildandi markaskrá, né heldur auglýst í Lögbirtingablaði, sbr. 57. gr., skal talið niður fallið. Þó skal sá er áður átti slíkt mark, eiga forgangsrétt að því, allt að 8 árum, eða þar til markaskrá er gefin út að nýju, hafi það þá ekki verið löglega tekið upp af öðrum.

Sýslunefnd sér um að nægilega margar markaskrár séu sendar í þá hreppa utan sýslu, er fjársamgöngur eru við.

Gjald það, er sýslunefnd ákveður fyrir mörkin, skal áætla svo hátt, að það nægi fyrir kostnaði við markasöfnun, skrásetningu og prentun markanna. Verði afgangur rennur hann í sýslusjóð, en nægi gjaldið eigi fyrir öllum kostnaði, greiðir sýslusjóður það sem á vantar.

55. gr.

Sýslunefnd kýs einn mann til þess að hafa umsjón með upptöku marka og búa markaskrá undir prentun. Þóknun fyrir þetta starf fær hann eftir því sem um semur og skal hún talin með kostnaði þeim, sem nefndur er í 54. gr.

Starfstilhögun markavarðar getur sýslunefnd ákveðið nánar.

56. gr.

Þegar markaskrá skal útgefin, kveður markavörður á um tilhögun markasöfnunar. Ef hann óskar þess eru hreppstjórar skyldir til að veita aðstoð við söfnun marka, gegn þeim hundraðshluta af innheimtum markagjöldum, sem sýslunefnd ákveður. Það skal vera aðalregla að markasöfnun fari fram ári fyrr, en markaskrá er útgefin, svo nægur tími vinnist til ákvörðunar um ný mörk, sem fram koma. Um slíka ákvörðun ber markaverði að hafa samráð við markaverði í nærliggjandi sýslum, til að forðast sammerkingar.

Handrit nýrrar markaskrár skal vera á seðlum. Eitt mark skal fært á seðil hvern, ásamt nafni og heimilisfangi eiganda þess, og öðru því, er til auðkennis má vera. Seðlum þessum skal raða í stafrófsröð eftir heiti marks þannig, að fyrst sé nefnt yfirmark, ef eitthvert er, þá undirmark — og jafnan fyrr það, sem að framan

er — og loks mark í miðju eyra (gat). Heimilt er þó að víkja frá ströngustu reglu um stafrófsröð innbyrðis, þegar framangreind aðalregla gerir það nauðsynlegt.

57. gr.

Markavörður skal gera sér far um að koma festu og samræmi í nöfn og röðun marka, sbr. 56. gr. Öll mörk sem berast við söfnun til nýrrar markaskrár, skal hann bera saman við gildandi markaskrár, innan sýslu og utan, þar sem fjársamgöngur geta verið, jafnt þó varnargirðingar séu á milli. Heimilt er honum að fella niður ný mörk, sem borist hafa, ef sammerkt eru á þessum svæðum, eða of lík eldri mörkum, svo og ef bannað er að nota slík mörk, sbr. 53. gr. Nú hefur markavörður ákveðið að hafna marki af framangreindum ástæðum, og ber honum þá að tilkynna hlutaðeiganda það, og jafnframt benda á annað mark, er komið geti í staðinn. Getur hann sett markeiganda ákveðinn frest, allt að þremur vikum, til umsagnar um tillöguna. Berist ekki svar innan hins tilsetta tíma, skoðast tillaga markavarðar fullgild. Ber honum þá að skrásetja markið, svo breytt, að því sinni.

Að öðru leyti ber markaverði að taka til greina óskir og kröfur markeiganda, svo fremi að þær geti samræmst ákvæðum þeim, er þessi samþykkt setur um upptöku nýrra marka.

Vilji einhver mark upp taka í milli þess að markaskrá er samin, ber honum að fá til þess leyfi markavarðar. Sama gildir um mörk aðfluttra manna. Ný og aðflutt mörk, sem hlotið hafa staðfestingu markavarðar, ber honum að auglýsa í Lögbirtingablaði, á kostnað markeiganda. Eru þau þá fyrst heimil til notkunar, og halda gildi sínu þar til markaskrá sýslunnar er gefin út að nýju.

58. gr.

Sýslunefndinni í Mýrasýslu er heimilt að leita samvinnu við sýslunefndir Snæfellsnessýslu, Dalasýslu, Strandasýslu, Húnavatnssýslur og Borgarfjarðarsýslu til þess að afstýra sammerkingum innan þessara sýslna, eftir því sem henta þykir.

Kostnaður við það greiðist úr sýslusjóði.

VIII. KAFLI

Um eftirlit með förgun á fé o. fl.

59. gr.

Heimilt er að kaupa og selja fé í réttum, en skylt er kaupanda að gera réttarstjóra aðvart um það áður en kaup byrja, og vera háður eftirlisti og fyrirskipunum hans.

60. gr.

Vilji einhver kaupa fé eða hross, eða boða markað annars staðar en í réttum, þá er honum skylt að gera hreppsnefnd í þeim hreppi, er markaðsstaður er í, það vitanlegt fyrir fram. Er henni þá heimilt að skipa eftirlitsmann á markaðinum.

Skylt er eftirlitsmanni að stuðla að góðri reglu við markaðshald. Þóknun fær hann svo sem um semur.

61. gr.

Svo skal rekstrum haga á sölufénaði eða öðrum förgunarfénaði, að sem minnstur bagi verði að, þeim sem lönd eiga, sem um er rekið eða áð er í. Varast skal að rekstri lendi saman við annan sams konar fénað.

Verði rekstrarmenn sannir að því, að hafa tekið kind eða hross frá öðrum saman við í rekstur, er þeim skylt að koma hinu tekna á sinn stað aftur, eiganda að kostnaðarlausu. Hver, sem fyrir rekstri ræður, greiði auk þess fullar skaða-

bætur, ef tjón hlýst af, og sekt eftir atvikum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

62. gr.

Við hvert sláturhús eða aðra slátrunarstaði, skal vera markaeftirlitsmaður um aðal-slátrunartímann, skipaður af sýslumanni eftir tillögum forstöðumanns félags þess eða verslunar, er í hlut á. Fyrir starf sitt fær hann þóknun hjá félaginu eða kaupmanninum, er ekki skal minna vera en dagkaup verkamanna almennt. Hann skal athuga mark á hverri kind áður eða um leið og hún er leidd til slátrunar, og hafa vakandi auga á því, að misdráttur eða ruglingur eigi sér ekki stað. Þyki eftirlitsmanni eignarheimild á kind vafasöm, er honum skylt að leita upplýsinga um málið þegar í stað, eða síðar eftir atvikum.

63. gr.

Markaeftirlitsmönnum, er starfa í Borgarnesi um sláturtímann, er og skylt að hafa eftirlit með fé, er flytja á sjóleið þaðan til Reykjavíkur eða Suðurlands, áður eða um leið og það er flutt á skip, gegn þóknun frá seljanda. Er hverjum þeim, sem kindur annast til burtflutnings, skylt að gera grein fyrir hverjir eiga eða senda kindurnar, ef eftirlitsmaður krefst þess.

64. gr.

Nú kemur fyrir kind í sláturhúsi, eða á slátrunarstöð, sem eigi tilheyrir neinum af þeim, er þar eru viðstaddir, eða eigi verður ráðstafað þegar í stað af eiganda, eða öðrum úr hans byggðarlagi, þá skal forstöðumaður slátrunar ráðstafa kindinni til slátrunar á nafni eiganda, ef kunnugt er hver hann er. Ef ekki er kunnugt um eiganda slíkra kinda, skal fara með þær sem annað óskilafé í þeim hreppi, sem ætla má að þær séu komnar frá.

Ef sannað verður hver flutt hafi óráðstafaðar kindur, eða aðra gripi til sláturhúss, með þeim afleiðingum, sem af því hljótast, má gera hann skaðabótaskyldan, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

IX. KAFLI
Ýmisleg ákvæði.

65. gr.

Hver, sem valdur er að illri meðferð á skepnum, svo sem með því að etja hundum um of, svelta þær eða misþyrma þeim, hindra ekki í tæka tíð, að þær troðist undir, skal sæta sektum og skaðabótum, ef tjón hlýst af, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

66. gr.

Þegar einhver, sem fer með umboð hreppsnefndar samkvæmt reglugerð þessari, hefur samið um borgun fyrir vinnu eða annað, er þörf krefur, eins þótt innheimta þurfi hjá þriðja manni, ber hreppsnefnd ábyrgð á slíkum greiðslum og innheimtum.

Um það, hver ber ábyrgð athafna eða vanrækslu, og ekki er berum orðum fram tekið í reglugerð þessari, fer eftir almennum lögum.

67. gr.

Brot gegn fyrirmælum þessarar reglugerðar varða sektum frá 5 000—50 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum og renna í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð þess upprekstrarfélags, er brot er framið í, eftir sömu hlutföllum og andvirði óskilafénaðar.

68. gr.

Með mál, sem rísa kunna út af brotum gegn fyrirmælum þessarar reglugerðar, skal farið að hætti opinberra mála.

69. gr.

Fjallskilareglugerð þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefur samið, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. mars 1961 og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42 12. maí 1969 til þess að öðlast gildi frá og með 10. september 1975 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Með reglugerð þessari er fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu nr. 175, 26. ágúst 1952, úr gildi felld, svo og síðari breytingar á þeirri reglugerð.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. ágúst 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

29. ágúst 1975. Nr. 378.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins um raforkusölu í smásölu.

I. GJALDSKRÁRLIÐIR

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

11.	Fast gjald		F1
	Orkugjald	kr.	46.20 á kWst.
12.	Fast gjald		F1 + F2
	Orkugjald	—	25.00 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

21.	Fast gjald		F1 + F3
	Orkugjald	kr.	12.00 á kWst.
	Markmæling:		
23.	Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	—	63 026.00 á ári
	Aflgjald umfram 4 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	8 534.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	1.50 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	12.00 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

31.	Fast gjald		F1 + F2
	Lágmarksgjald		48 × F1 á ári
	Orkugjald	kr.	25.00 á kWst.
32.	Aflgjald, lágmark 3 kW	—	46 305.00 á ári
	Aflgjald, umfram 3 kW	—	12 489.00 á kW á ári
	Fast gjald		F1 + F3
	Orkugjald	—	4.62 á kWst.

34. Til súgþurrkunar á tímabilinu frá 1. júní til 31. okt.
Aflgjald ..... kr. 4 656.00 á kW á ári
Fast gjald F1
Orkugjald ..... — 2.00 á kWst.

4. Húshitun.

41. Fast gjald ..... F1 + F4
Orkugjald ..... kr. 5.60 á kWst.
Roftími allt að 1 klst. á dag.
42. Fast gjald, lágmark 2 kW ..... F1 + F4
Orkugjald ..... — 2.38 á kWst.
Roftími allt að 2 × 1.5 klst. á dag.
Markmæling:
43. Fast gjald F1
Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW ..... kr. 18 000.00 á ári
Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksaflstillingu 20 kW — 3 600.00 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun ..... — 1.41 á kWst.
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu ..... — 12.00 á kWst.
Roftími allt að 2 × 1.5 klst. á dag.
44. Fast gjald, lágmark 2 kW ..... F1 + F4
Orkugjald ..... — 1.23 á kWst.
Roftími allt að 15 klst að degi til. .....

5. Utanhússlýsing.

51. Fast gjald F1
Fyrir hvert götuljósker ..... 5 × F1 á ári
Orkugjald ..... kr. 5.75 á kWst.
52. Fast gjald F1
Orkugjald ..... — 12.20 á kWst.

6. Lokun fyrir veitu.

Gjöld fyrir lokun og enduropnun á veitu vegna vanskila eru samtals ..... kr. 2 225.00
fyrir hvert skipti.

II. SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Föst gjöld.

F1 ..... kr. 360.00 á mánuði
F2 a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. ..... — 13.40 á m² á mán.
b) Gangar, geymslur o. þ. h. ..... — 6.70 á m² á mán.
F3 ..... — 142.00 á gjaldeiningu á mán.

Gjaldeiningar eru:
a) Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki gangar, baðherbergi né geymslur.
Herbergi 5 ferm. eða minni reiknast hálft, en 25 ferm. eða stærra tvö.
b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h. 20 ferm., mælt innan útveggja.

c) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 ferm. eða minna, ein gjaldeining. Hverja næstu 100 ferm. ein gjaldeining.
d) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 ferm. fyrir vinnslurúm, 40 ferm. fyrir geymslurúm.

F4 Hvert uppsett kW ..... kr. 660.00 á ári

2. Mestaaflsmæling.

1. Aflmæling miðast við 15 min. meðalálag.
2. Gjaldskrárliður 32.
   Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskibræðslum, fiskmjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskylt afl meðaltal hæstu álestra.

3. Véla- og tækjaálag.

1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi.
   Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku meðan fasviksstuðull er undir 0,8.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.
   Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F4.

4. Verð til hitunar.

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð díselolíu í Reykjavík til olíukyndingar kr. 15.10 hver lítri. Við hverja 10 aura útsöluverðsbreytingu, frá grunnverði reiknað á kyndingarolíu skal hitaverð lækka eða hækka hver kWst. um 4.0 aura á gjaldskrárlið 41, 1.7 aura á lið 42, 1.5 aura á lið 43 og 0.9 aura á lið 44. Einnig skal kWst.-gjald á gjaldskrárlið 23 lækka eða hækka um 1 eyri hver kWst., við sömu verðbreytingu á olíu.

5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis samkv. ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á díselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða notkun mikil.

III. HEIMÆÐARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskrám um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins.

IV. ANNAÐ

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWst.-gjaldi á gjaldskrárlið 23. Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða. Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. sept. 1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 245 26. maí 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 29. ágúst 1975.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 379. 29. ágúst 1975.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI
GILDISSVIÐ

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

II. KAFLI
HEIMTAUGARGJÖLD

2. gr.

2.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

2.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

2.3 Aðalheimtaugar.
Heimtaugargjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/málraun		Stofngjald kr.	Lengdargjald[1] kr/m
63A	1-fasa	72 950	Innifalið
63A	3-fasa	78 740	—
100A	—	93 600	—
200A	—	150 870	—
315A	—	314 410	—
300kVA	—	439 400	Samkv. kostnaði
500kVA	—	733 440	—
800kVA	—	1 172 850	—

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.
Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2.4 Bráðabirgðaheimtaugar.
Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur		Stofngjald	Lengdargjald 1) 2) Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/staur
63A	1-fasa	12 940	1 920	24 360
63A	3-fasa	18 170	1 920	28 340
100A	—	19 270	2 470	32 480

A merkir málstraum stofnvara í amper.
kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

2.5 Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

2.6 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafmagnsveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

2.7 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

3. gr.

Fellur niður.

4. gr.

Fellur niður.

5. gr.

Fellur niður.

III. KAFLI
MÆLALEIGA

6. gr.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem notuð eru á hverjum stað í sambandi við sölu á raforku.

Ársleiga eftir mælitæki skal vera sem hér segir:

Tegund mælitækis	Upp að 30 A kr.	35—55 A kr.	55—100 A kr.	Yfir 100 A kr.
Einfasa kWst.-mælar, hemilmælar og lausar skiptiklukkur einar sér	344.00			
Þrífasa kWst.-mælar, þrífasa hemilmælar, einfasa frádráttarmælar, lausir	761.00	1 276.00	1 472.00	2 454.00
Tvígjaldsmælar, mestumælar	1 276.00	1 472.00	2 331.00	3 730.00

Rofar:

1 × 10 A—2 × 30 A	1 914.00
3 × 15 A—3 × 60 A	2 331.00
3 × 100 A—3 × 350 A	5 644.00

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Ársleiga eftir önnur mælitæki skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Ekki skal greiða leigu eftir mæla, sem notaðir eru skv. 3. tl. 8. gr.

Leiga skal greidd samtímis gjaldi fyrir raforku.

IV. KAFLI
SALA RAFORKU

7. gr.

Verð á raforku til lýsingar skal ákveðið sem hér segir:

7.1 Kr. 43.58 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli.

7.2 Kr. 59 853.74 hvert árskW til útilýsingar, þótt mælitækjum verði ekki við komið, svo og raforku til götulýsingar, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað eða viðhaldskostnað að fullu, eftir ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

7.3 Kr. 11.55 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli. Auk þess ber þá að greiða fastagjald, er nemi kr. 5 985.36 á ári fyrir allt að 25 ferm. gólfflatarmáls rýmis þess, er lýsa skal, og kr. 184.77 fyrir hvern ferm. umfram 25 ferm. Fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með 3.5.

7.4 Kr. 12 401.13 hvert árskW, og öll notkun kr. 11.55 hver kWst., ef um meira en 2.5kW-afl er að ræða og árlegur notkunartími meiri en 2000 klst. Verði aflmælingu skv. þessum lið ekki beitt, skal reikna fyrir hvern fermetra gólfflatarmáls 15 W á kr. 7 505.65 árskW. Sé notuð lýsing með flúrlömpum, er heimilt að miða gjald skv. 1.—4. tl. við VA í stað W.

8. gr.

Verð á raforku til almennrar heimilisnotkunar skal ákveðið sem hér segir:

8.1 Raforka til ljósa um sérmæli skal seld skv. 1. tl. 7. gr., en raforka til heimilisvéla um sérstakan mæli skal seld á kr. 10.85 hver kWst.

8.2 Heimilt er að selja raforku til notkunar á skrifstofum, verslunum og verkstæðum skv. lið 8.1.

8.3 Kr. 10.79 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli. Lágmarksgjald kr. 539.54 á ársfjórðungi.

8.4 Kr. 9.44 hver kWst., sem seld er um sérmæli til suðunotkunar í veitingahúsum, gistihúsum og öðrum slíkum stöðum.

8.5 Kr. 9.44 hver kWst., sem seld er til súgþurrkunar á heyi.

8.6 Kr. 32 327.68 hvert árskW, sem selt er um hemilmæli og auk þess kr. 8.84 hver kWst. fyrir umframnotkun. Hemilstilling skal vera minnst 500 W að viðbættum 100 W fyrir hvert íbúðarherbergi umfram tvö.

8.7 Kr. 32 327.68 hvert árskW, sem selt er um hemilmæli til notkunar í skrifstofum, verslunum og verkstæðum. Umframnotkun skal seld á kr. 8.84 og hemilstilling miðuð við 500 W fyrir fyrstu 25 ferm. gólfflatar eða minna, og síðan 100 W fyrir hverja 12 ferm. eða minna. Beita skal 3. tl. 7. gr. við ákvörðun gjaldsins. Ef óskað er hærri hemilstillingar en um getur í þessum tölulið, skal gjaldið vera kr. 59 853.74 hvert árskW.

8.8 Kr. 8.19 hver kWst., þegar orkan er seld sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum fyrir börn og elliheimilum. Taxti þessi tekur ekki til starfsmannabústaða þeirra sem eru utan aðalbygginga viðkomandi stofnunar.

9. gr.

Verð á raforku til vélarekstrar skal ákveðið sem hér segir:

9.1 Kr. 21.74 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli.

9.2 Kr. 4 350.66 hvert uppsett árskW og öll notkun kr. 8.49 hver kWst.

9.3 Ef raforka er seld um mestu-mæla fyrir mesta notað afl, skal greiða fyrir notkun sem hér segir:
Kr. 7 287.82 árskW.
Auk þess skal greiða kr. 3.71 fyrir hverja kWst.

9.4 Kr. 23 609.69 fyrir hvert árskW, sem selt er um hemilmæli, og kr. 11.55 hver kWst., sem umfram er. Rafmagnsveitan ákveður stillingu hemilmælis hverju sinni. Raforku til hitunar í iðnaði má selja skv. þessum lið.

9.5 Kr. 22.91 fyrir hverja kWst., sem seld er til vinnuvéla, vinnuljósa og annarra nota við húsbyggingar, meðan á framkvæmdum stendur.

10. gr.

Verð á raforku til hitunar skal ákveðið sem hér segir:

10.1 Kr. 4.57 hver kWst., seld um kWst.-mæli, enda sé lágmarksnotkun 10000 kWst. á ári.

10.2 Kr. 2.76 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst.-mæli, ef straumur er rofinn allt að tveim klst., tvisvar á dag.

10.3 Heimilt er að selja raforku til heimilisnota á kr. 2.98 hverja kWst. (án söluskatts), en þá skal fastagjald vera kr. 9 075.89 á ári fyrir eins herbergis íbúð og kr. 4 171.87 að auki fyrir hvert herbergi, sem þar er fram yfir, allt að kr. 25 780.61 á ári.

10.4 Kr. 3.96 hver kWst. fyrir notkun til hitunar á neysluvatni, stóra kæliklefa og fyrir vatnsdælur í íbúðarhúsum.

10.5 Kr. 1.99 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst.-mæli, ef straumur er rofinn með klukkurofa í tvær klst. tvisvar á dag.

10.6 Kr. 1.26 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst.-mæli, ef straumurinn er rofinn með klukkurofa kl. 9—21, enda séu fyrir hendi nægilega stórir hitageymar til dagsnotkunar. Þegar um er að ræða hitun á húsrými, sem er stærra en 2000 rúmmetrar, eða aðra hliðstæða notkun á afli, er heimilt að láta raforku í té á tímanum kl. 12:30—15:30.

10.7 Kr. 2.23 hver kWst., sem seld er um tvígjaldsmæla á tímabilinu kl. 22:00—9:00 og kr. 9.44 hver kWst., sem seld er á tímabilinu kl. 9:00—22:00.

11. gr.

Rafmagnsveitan má, með samþykki borgarráðs, selja raforku eftir sérstökum samningi.

Heimilt er að setja sérstök skilyrði um raforkusölu til igripanotkunar fleiri en eins aðila um sama mæli, svo sem um hafnarskápa, og annars staðar, þar sem þess er talin þörf, þar með talið að krefjast fyrirframgreiðslu og tengigjalds. Rafmagnsveitunni er heimilt að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá þeim notendum, sem kaupa orku samkv. aflgjaldskrá.

12. gr.

Borgarstjórn ákveður gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu.

13. gr.

Rafmagnsveitu Reykjavíkur er heimilt að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar samkvæmt hlutfallsgrundvelli, sem fæst úr síðasta ársreikningi Rafmagnsveitunnar, enda sé grundvöllurinn lagður fyrir stjórnarnefnd veitustofnana borgarinnar til staðfestingar. Ef fyrirhuguð gjaldskrárhækkun nemur meira en 20% skal leita staðfestingar ráðherra.

Þættir þeir, sem tekið skal tillit til eru: orkukaup, verðjöfnunargjald, kostnaður vegna launa, vélakostnaður, efnis- og vaxtargjalda. Gjaldskrárbreytingar samkvæmt framansögðu er heimilt að framkvæma allt að tvisvar á ári. Fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar skulu tilkynntar Orkustofnun, áður en þær taka gildi.

Telji borgarstjórn Reykjavíkur nauðsyn á, að ráðstafanir séu gerðar til að draga úr rafmagnsnotkun, er henni m. a. heimilt að hækka rafmagnsverðið á notkun umfram meðalnotkun á hverjum gjaldskrárlið allt að 10-földu verði. Í útreikningi meðalnotkunar skal tekið tillit til orku- og aflþarfar.

14. gr.

Verð á orku um hvern mæli reiknist í heilum krónum, þannig að færri aurum en 50 sé sleppt, en ella sé upphæðin hækkuð upp í næstu heila krónu.

V. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI

15. gr.

Nú er notuð heimild til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda með greiðslu gjalda, skv. gjaldskrá þessari, og skal þá taka gjald, kr. 1000.00 fyrir að setja straum á að nýju.

16. gr.

Ef í ljós kemur við skoðun, að notuð eru óleyfileg vör eða of stór, skal loka veitunni tafarlaust og er ekki heimilt að opna hana að nýju, fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 1000.00 til Rafmagnsveitunnar.

17. gr.

Skilyrði fyrir sölu raforku til hitunar skv. 10. gr. eru þau, að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsstjóra, notandi kosti tengingu klukkurofa og búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafmagnsstjóra.

18. gr.

Í útreikningi á fjölda herbergja í íbúð skal aðeins telja stofur og svefnherbergi o. þ. h., en ekki eldhús. Herbergi minna en 5 m^2 skal telja sem hálft, en þar sem herbergjastærð fer fram úr 25 m^2 skal reikna hverja byrjaða 25 m^2 sem eitt herbergi. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m^2 má reikna með þeirri meðalstærð. Þegar heildartala herbergja hefur verið reiknuð út samkvæmt þessu skal hún hækkuð upp í heila næstu tölu, ef stendur á hálfu.

19. gr.

Söluskattur 17%, 2% viðlagasjóðsgjald og 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðahitunar eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

20. gr.

Verðjöfnunargjald, 13% samkvæmt lögum um verðjöfnunargjald af raforku er innifalið í gjöldum þeim, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

21. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir gjaldendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

22. gr.

Gjaldskrá þessa skal endurskoða í heild eigi síðar en að fimm árum liðnum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. september 1975. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 176 11. apríl 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 29. ágúst 1975.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

2. september 1975. Nr. 380.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) og þær jarðir í Biskupstungnahreppi, er liggja sunnan Hvítár í Árnessýslu.

I. KAFLI

Um afrétti og heimildir fyrir notkun þeirra.

1. gr.

Um afrétti.

Þeir eiga afrétt, sem að fornu hafa átt. Afréttur Hrunamannahrepps er milli Hvítár og Stóru-Laxár, afréttur Flóa- og Skeiðamanna milli Stóru-Laxár og Fossár, afréttur Gnúpverja milli Fossár og Þjórsár. Að öðru leyti fara mörk afréttanna eftir landamerkjaskrám og fornri venju. Austasti hluti af afrétti Flóa- og Skeiðahreppa er sérstaklega nefndur Skeiðamannaafréttur.

2. gr.

Um ágang af fé, sem heima er á sumri.

Eigendum búfjár er skylt að gæta þess, að það gangi ekki öðrum til tjóns. Nú verður eigandi eða ábúandi jarðar fyrir ágangi af fé, sem heima er á sumri, og fer inn á afgirt svæði, og getur hann þá snúið sér til hreppsnefndar með umkvörtun, en hún aðvarar hlutaðeiganda. Sinni eigandi ekki slíkri viðvörun, getur hreppsnefnd látið reka féð á afrétt eða heim til hans. Kostnað af slíkum upprekstri má innheimta hjá eiganda á sama hátt og fjallskil, og er eindagi sá sami.

3. gr.

Um upprekstrarbann.

Nautpening og hross er óheimilt að reka til afréttar, nema til komi samþykki hlutaðeigandi hreppsnefndar og/eða stjórnar afréttarmálafélags.

Enginn má reka sauðfé annarra manna inn fyrir afréttargirðingu án leyfis eiganda, nema alrúið sé og markað.

4. gr

Um gróðurvernd, uppgræðslu og ítölu á afrétti.

Hreppsnefndir og/eða stjórn afréttarmálafélaga hafa í samvinnu við landgræðslu ríkisins og gróðurverndarnefnd sýslunnar eftirlit með notkun afréttar og beitarþoli.

Eftirlitið skal við það miðað, að land sé nytjað svo, að eigi valdi rýrnun eða eyðingu landkosta og að landspjöll séu ekki unnin að óþörfu.

Nú telur landgræðslustjóri þörf á að láta fara fram rannsókn á beitarþoli afréttar og hún leiðir í ljós, að hætta er á gróðurrýrnun eða eyðingu lands sökum ofbeitar eða náttúruhamfara og skal þá hreppsnefnd og/eða stjórn afréttarmálafélags leita samkomulags við landeigendur um úrbætur.

Náist ekki samkomulag er skylt að krefjast ítölu í löndin samkvæmt lögum 42/1969 um afréttarmál, fjallskil o. fl.

Heimilt er hreppsnefnd og/eða stjórn afréttarmálafélags að leggja fram fé til að græða upp eydd og vangróin lönd og til að bæta gróið land, enda liggi fyrir álitsgjörð landgræðslustjóra um að þess sé þörf og loforð um fjárframlög frá landgræðslu ríkisins.

Telji hreppsnefnd og/eða stjórn afréttarmálafélags að afréttir þeirra verði fyrir ágangi sauðfjár af nærliggjandi afréttarlandi er þeim rétt að óska eftir rannsókn landgræðslu ríkisins á tjóninu. Nú næst ekki samkomulag um bætur og á þá tjónþoli rétt á, að sýslumaður skipi nefnd þriggja óvilhallra manna til að skera úr málinu.

5. gr.
Um yrkingu afréttar og hlunnindi.

Réttur landeiganda til að nota afréttarland sitt nær aðeins til beitar að sumrinu, en til annarra nytja afréttar og til að ljá öðrum ítölu sína þarf leyfi hreppsnefndar og/eða stjórnar afréttarmálafélags.

Hreppsnefnd og/eða stjórn afréttarmálafélags sjá um að hlunnindi á afrétti, svo sem veiði, námur og jarðhiti, séu nýtt að eðlilegum hætti, enda gangi leigan, sem greidd er fyrir notin í viðkomandi fjallskilasjóð eða sveitarsjóð.

II. KAFLI
Um upprekstra til afrétta.

6. gr.
Um rekstrartíma.

Eigi má reka fé á afrétt fyrr en hreppsnefndir og/eða stjórn afréttarmálafélags leyfa.

7. gr.
Um rekstrarstaði.

Á Hrunamanna- og Gnúpverjaafrétti skal reka í þá staði, sem hreppsnefndir þeirra hreppa ákveða með ráði hreppsbænda.

Á Flóamannaafrétti skal reka á þessa rekstrarstaði:

Hraungerðis-, Sandvíkur- og Selfosshreppar í Kamb- og Kiljansfitjar; Villingaholts- og Gaulverjabæjarhreppar í Hestfjallaver og Þverárdalstungu; Skeiða-, Stokkseyrar- og Eyrarbakkahreppur í Kinn og Bergólfsstaði.

8. gr.
Um rekstrarmenn.

Hverjum rekstri fylgi nægilega margir menn, eftir því sem hreppsnefndir ákveða, sömuleiðis nægilega útbúnir að hundum, hestum og öðru.

9. gr.
Um rekstrarforingja.

Einn sé foringi fyrir hverjum rekstri. Hann skipar fyrir um alla nánari tilhögun á rekstri þeim, sem honum er trúað fyrir, og sér um að reglum þessum sé hlýtt og ber ábyrgð á því, sérstaklega ber honum að sjá um, að rekstrinum sé haganlega dreift, og ær látnar taka lömb sín.

10. gr.
Um reksturinn.

Reka skal hægt og gætilega og æja svo oft, sem þörf gerist. Eigi má að óþörfu reka yfir engjar og aldrei æja í slægjulöndum. Eigi má skilja fé eftir í heimalöndum, sem um er farið, nema brýn nauðsyn sé til sökum þess, að fé sýkist á leiðinni, en þá skal látið vita um það og beðið fyrir það á næstu bæjum. Eigi má heldur hleypa óviðkomandi fé saman við rekstra. Fari fé saman við reksturinn og rekstrar-menn geti ekki skilið það frá, skal leita aðstoðar af næstu bæjum, ef í byggð er, og er öllum skylt að veita rekstrarmönnum slíkt lið ókeypis, ef unnt er. Hreppsnefndum ber, hverri í sinni sveit, að greiða fyrir rekstrum haust og vor með útvegun áningarstaða og rekstrarleiða.

11. gr.
Um eftirskilið fé í heimalöndum.

Ef rekstrarmenn, eða þeir sem flytja fé á bílum eða vögnum, skilja fé eftir af rekstrinum í heimalöndum án ráðstöfunar, taka hlutaðeigandi bændur það til gæslu og tilkynna það jafnframt hreppsnefnd sinni. Ráðstafar hún þá fénu. Rétt er, að hún láti reka féð á réttan afrétt á kostnað þeirra, er féð skildu eftir, ef það hefur verið skilið eftir að nauðsynjalausu. Liggur sá reikningur undir úrskurð sýslumanns og heimtar hann endurgjaldið af hlutaðeigendum, svo og ákveður sekt, ef þurfa þykir.

III. KAFLI
Um fjallskil.

12. gr.
Um skyldur til fjallskila.

a. Hreppsnefnd eða stjórn afréttarmálafélags reiknar út fjallskilakostnaðinn ár hvert, með því að leggja í dagsverk og meta til verðs vinnu þá, sem þarf til smölunar afréttar og annan kostnað, fjallskilum tilheyrandi, sem hún telur nauðsynlegan.

b. Hreppsnefndaroddvitar skulu hafa tilbúnar skýrslur ár hvert, þar sem skráð er landverð allra jarðeigna í hreppnum eftir gildandi fasteignamati, að frádregnum hlunnindum og ræktun, ásamt tölu vetrarfóðraðs sauðfjár samkvæmt upplýsingum forðagæslumanna.

Oddvitar í afréttarfélagi Skeiða- og Flóahreppa skulu einnig leggja fram á aðalfundi félagsins skýrslu um tölu vetrarfóðraðs fjár, ásamt vottorði hreppsnefndar um tölu þess fjár, sem hver einstakur bóndi hefur öðrum að meinlausu í heimahögum.

c. Af heildar fjallskilakostnaði skal ⅓ lagður á landverð jarða, samanber b. lið, er greiðist af ábúanda eða umráðanda sé um eyðijörð að ræða. ⅔ fjallskilakostnaðarins skal jafnað niður á fjallskilaskyldan búpening, sem er allt vetrarfóðrað sauðfé.

Ef hreppsnefnd telur sannað, að sauðfjáreigandi reki ekki fé á afrétt, má hún undanþiggja fé hans fjallskilum að ⅓ á fjallskilaskyldan búpening. Bundið skal það þeim skilyrðum, að féð valdi ekki öðrum jarðeigendum tjóni.

d. Hver sá, sem fjallskilaskyldur er, samkvæmt c-lið, er skyldur til að taka þátt í fjallskilum eftir því og á þann hátt, sem hreppsnefnd skipar fyrir um, hvort sem um fjallferðir, vinnuframlög eða peninga-greiðslur er að ræða. Er hver húsráðandi skyldur til að inna fjallskil af hendi fyrir heimamenn. En heimilt er honum að bera upp við hreppsnefndina aðfinningar um, hvernig fjallskilum er jafnað niður á aðra, eða sjálfan hann, eða einhverjum hafi ranglega verið sleppt. Skal slík kæra koma bréflega til oddvita innan 4 vikna frá fjallskilafundi. Hreppsnefnd leggur síðan úrskurð á kæruna. Úrskurði hreppsnefndar um fjallskilakæruna má skjóta til sýslunefndar og skal gera það skriflega innan ársloka. Sýslunefnd leggur síðan á næsta fundi fullnaðarúrskurð á málið.

Hafi fjallskil ekki verið greidd fyrir 15. október, falla á þau dráttarvextir á sama hátt og útsvör.

Fjallskil má taka lögtaki.

Enginn sá, sem fjallskil eru lögð á, getur komist hjá að inna þau af hendi, fyrir eindaga, þótt hann hafi kært yfir þeim og lagt það mál undir úrskurð.

Ef sýslunefndin lækkar fjallskilin, skal endurgjalda gjaldþegni það, er hann hafði greitt fram yfir þá upphæð, er sýslunefndin gerði honum að greiða.

13. gr.
Um undirbúning fjallskila.

Skeiða- og Flóahreppar skulu vera eitt afréttarmálafélag, eins og verið hefur, og mynda oddvitar hreppana stjórn þess.

Stjórn félagsins heldur afréttarmálafund í ágústmánuði ár hvert og oftar, ef þurfa þykir. Skulu fjallkóngar hreppanna mæta á fundinum. Í stað oddvitanna má þó senda aðra menn, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd kýs. Boða skal oddvita Hrunamanna- og Gnúpverjahreppa á fundinn.

Verkefni afréttarmálafundar eru:

a. Að kjósa tvo menn, formann og gjaldkera. Skal formaður boða til funda í félaginu.
b. Ákveða tölu fjallmanna og útvega menn til þeirra starfa, sem hreppsnefndirnar taka ekki að sér að sjá um.
c. Gera áætlun um kostnað við smölun afréttarins, hirðingu fjár í útréttum, refaveiðar, viðhald rétta og afréttargirðingar o. fl.
d. Jafna niður kostnaðinum sbr. 12. gr. b. og c. liði. Þegar fjallskilum hefur verið jafnað milli sveita, skulu oddvitar greiða til gjaldkera niðurjafnað gjald, að svo miklu leyti, sem það er ekki innt af höndum í fjallskilum. Skal greiðsla koma til gjaldkera fyrir 1. nóv. ár hvert.

14. gr.
Um fjallkónga.

Skv. heimild í Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, hefir ráðuneytið heimilað Rafmagnsveitu Reykjavíkur 10% hækkun smásöluverðs seldrar raforku miðað við grunnverð í núgildandi gjaldskrá, frá og með 1. september 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 29. ágúst 1975.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 387. 29. ágúst 1975.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 306 9. október 1974.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:
1. Gróðurhús, 100 m^2 og stærri, kr. 2 000.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 800.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:
1. Gróðurhús kr. 220.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 640.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Heimæðagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:
Hús allt að 300 m^3 kr. 84 000.00.
Hús 300—2000 m^3 kr. 84 000.00 fyrir 300 m^3 og kr. 63.00 hvern m^3 þar yfir.
Hús stærri en 2000 m^3 kr. 193 000.00 fyrir 2000 m^3 og kr. 53.00 hver m^3 þar yfir.
Stofngjald fyrir aukahemil á sama inntaki er kr. 10 000.00.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1975. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta gjöldunum í samræmi við þær breytingar, sem verða kunna á vísitölunni.
Heimild til hækkunar skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 29. ágúst 1975.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

29. ágúst 1975. Nr. 388.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps nr. 322 8. nóvember 1973.

4. gr. orðist þannig:
Hitaveitan tekur leigu af hemlum og skal hún vera kr. 420.00 á hemil á mánuði.
Vatnsgjald er kr. 750.00 fyrir hvern lítra á mínútu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 29. ágúst 1975.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

29. ágúst 1975. Nr. 389.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Voga- og Vatnsleysustrandarhrepps og Rafveitu Njarðvíkur.

RAFORKA

Rafveita Voga selur raforku á þann hátt og með því, sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 40.00 hver kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 15.60 hver kWst., auk fastagjalds er nemi kr. 175.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 60.70 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 10.00 hver kWst.

3. Vélanotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 22.20 hver kWst., hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 5 733.00 á hvert uppsett kW. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 17.60 hver kWst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- og mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
   a) Um kWst.-mæli á kr. 9.10 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, í mesta álagstíma rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kostar klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með, að rofið sé á tilskildum tímum.
   b) Um tvígjaldsmæli á kr. 37.50 hver kWst., í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst í senn, en kr. 6.00 hver kWst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 10 362.00 fyrir hvert kW. mest notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mín. meðalálag og auk þess kr. 3.75 á notaða kWst. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 105.00 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h., en kr. 43.00 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 77.60 annars staðar.

5. Hitun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 2.55 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag í tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kWst.-mæli á kr. 1.20 hver kWst. í 9 klst. á tímanum frá klukkan 22 til 7.
3. Um kWst.-mæli á kr. 4.75 hver kWst., án rofs.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

a) Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
d) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis, er hita skal þegar þess er krafist.

6. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 12.00 hverja kWst., enda sé notkun mæld með sér mæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur, kWst. mælir á kr. 22.40 hver kWst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 3.80 hver kWst. í tímanum frá klukkan 22 til 8.30 og kr. 10.00 hver kWst. í tímanum frá klukkan 8.30 til 22.
4. Til gatnalýsingar á kr. 12.00 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárliði, skal setja eftir gjaldskrárlið 1.1.

7. Mælaleiga.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum, sem hér segir:

Af einfasa mælum upp að 30 amper	kr. 60.00	á mán.
Af þrífasa mælum 50—220 amper	— 175.00	- —
Af þrífasa mælum upp að 50 amper	— 70.00	- —
Af þrífasa mælum yfir 220 amper	— 235.00	- —
Af liða fyrir álagsstýringu	— 360.00	- —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leiga er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

8. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 430.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 1 430.00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar, skal hann sæta ábyrgð skv. lið nr. 2, nema þyngri refsing liggi við.

9. Heimtaugargjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun, jafnframt leggja fram raflagnarteikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi tölum.

Gjaldskrá-liður	Málstraumur stofnvara í 3 × 220 V kerfi Amp.	Hámarks afl kVa.	Heimtaugar-gjald kr.
1.	3 × 60	22	46 200.00
2.	3 × 100	38	67 100.00
3.	3 × 200	100sp	132 000.00
4.	3 × 350		220 000.00

sp = spennir.

Rafveitan leggur ekki jarðlínu heimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda) skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en skeri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metra þannig:

Yj = (312 + kVA) kr./m. Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metra þannig: Yl = (62 + 3 kVA) kr./m. að viðbættum kr. 13 800.00 á hvern staur í umframlengd. Sé bráðabirgðaheimtaug lögð í vinnuskúr eða hús í byggingu er greitt fyrir hana eins og hér segir:

60 amper einfasa	kr.	9 600.00
60 amper þrífasa	—	12 100.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð og/eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi t. d., fyrir lengri tíma — kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

10. Ýmis ákvæði.

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar. Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða. Hreppsnefnd er heimilt að hækka og lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. til 6. lið gjaldskrár um allt að 20%, enda sé breytingin heimiluð af iðnaðarráðuneytinu og auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. september 1975. Jafnframt eru eldri gjaldskrár sama efnis úr gildi felldar.

Iðnaðarráðuneytið, 29. ágúst 1975.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 390. 29. ágúst 1975.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 178 9. nóvember 1959 um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, sbr. reglugerð nr. 291 26. september 1974.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Vinningar eru samanlagt 17 500 að tölu í öllum 12 flokkunum og eru samanlagt að verðmæti kr. 201 600 000.00.

Stjórn SÍBS ákveður vinningatölu og verðmæti þeirra í hverjum flokki. Þó séu aldrei færri en 1 000 vinningar í 1. flokki og ekki fleiri en 2 500 vinningar í 12. flokki.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 4 800.00, en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 400.00. Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða

fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969 og lög nr. 22 10. apríl 1974 öðlast gildi 1. janúar 1976.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. ágúst 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

29. ágúst 1975. Nr. 391.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Húsavíkurkaupstað, nr. 33 27. janúar 1972.

1. gr.

67. gr. orðist svo:

Hundahald er bannað á Húsavík, bæjarstjórn er þó heimilt að veita undanþágu frá banninu með þeim skilyrðum, sem talin eru upp í samþykkt um hundahald í Húsavíkurkaupstað.

Flækingshunda og hunda úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni og í taumi, er lögreglunni heimilt að handsama og lóga þegar í stað.

Hundar, sem ráðast á menn eða skepnur, eru réttdræpir.

Skylt er lögreglustjóra að hafa eftirlit með því, að hundaeigendur komi hundum sínum til lækninga samkvæmt því, sem mælt er fyrir um lækningu hunda af bandormum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. ágúst 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

FJALLSKILAREGLUGERÐ
fyrir V-Húnavatnssýslu.

I. KAFLI
Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Vestur-Húnavatnssýsla er eitt fjallskilaumdæmi. Sýslunefnd hefir á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála í sýslunni. Hreppsnefndir fara með framkvæmd þeirra og gæta þess, að farið sé eftir ákvæðum laga nr. 42 frá 12. maí 1969 um afréttarmálefni o. fl. og fjallskilareglugerðar þessarar. Þær geta gert nákvæmari ákvarðanir í einstökum atriðum, enda raski þær í engu reglugerð þessari né brjóti í bága við lög.

2. gr.

Hvert sveitarfélag er ein fjallskiladeild. Heimilt er að tvö eða fleiri sveitarfélög myndi fjallskiladeild. Fara þá viðkomandi hreppsnefndir sameiginlega með stjórn fjallskilamála í deildinni, þ. e. upprekstrarfélaginu og er ætíð við það miðað í reglugerð þessari. Nánari fyrirmæli um samstarf þetta má gera með samningi, sem sýslunefnd staðfestir.

3. gr.

Hver fjallskiladeild færir sérstakt bókhald og hefir sér sjóð, fjallskilasjóð. Til hans falla allar innborganir vegna fjallskilamála, þar með talið andvirði óskilafjár, og úr honum greiðist allur útlagður kostnaður við þau, samkvæmt reglugerð þessari, og ákvæðum viðkomandi fjallskilastjórnar. Fjallskilasjóðsreikningar skulu endurskoðaðir árlega á sama hátt og sveitarsjóðsreikningar.

II. KAFLI
Um vorsmalanir sauðfjár.

4. gr.

Hver sem hefur jörð til ábúðar eða umráða, þar með taldar eyðijarðir og eyðilönd, er skyldur að annast fjársmalanir á vorum eftir því sem hreppsnefnd mælir fyrir um. Vanræki einhver fyrirskipaða smölun, sem honum ber að framkvæma, sjái hreppsnefnd um að smalað sé á hans kostnað.

5. gr.

Hafi aðkomufé komið að við vorsmölun, skal tilkynna eiganda um það og ráðstafar hann þá fé sínu. Ber landráðanda eða þeim, sem smölun annast, að láta eiganda búfjárins í té þá aðstoð, sem unnt er. Ráðstafi eigandi ekki fé sínu, skal því sleppt. Þó skal marka ómörkuð lömb og laga á ullarfé, til varnar ullarhafti. Farið skal vel með allan fénað við smölun og réttarstörf, eins og framast er kostur og þess gætt að ekki villist undan.

Fénað, sem spjöllum veldur í túni eða garðlöndum, skal eigandi tafarlaust taka í sína vörslu.

III. KAFLI
Um rekstur til afrétta og meðferð afréttarfjár.

6. gr.

Rétt til upprekstrar á afrétt eiga allir búfjáreigendur, sem landsnytjar hafa í viðkomandi upprekstrarfélagi. Hreppsnefnd getur gert samþykkt um notkun afrétt-

arins, enda sé hún staðfest af sýslunefnd og komi ekki í bága við lög eða reglugerðir um afréttarmál.

Frjálst er að hafa fénað heima í heldum girðingum eða heimahögum, enda komi þá til leyfi hreppsnefndar.

7. gr.

Upprekstur til afréttar hrepps eða upprekstrarfélags, fari eigi fyrr fram á vorum en hreppsnefnd heimilar og með þeim takmörkunum, sem hún ákveður og lög leyfa. Eigi má heldur neinn pening reka til afréttar á öðrum árstíma.

Rekstri til afréttar skal haga þannig, að sem minnstur bagi verði að í heimalöndum og þess gætt, að skepnur verði ekki fyrir ónæði eða óþarfri styggð. Komi fénaður saman við rekstur, skal hann skilinn úr svo fljótt sem unnt er. Gildir það jafnt um rekstur til og frá afrétti.

8. gr.

Verði einhver fyrir ágangi búpenings, sem af afrétti gengur eða hefur ekki verið þangað rekinn, getur hann gert umkvörtun til viðkomandi oddvita, sem þá skipar fyrir um, að fénaður þessi sé rekinn til afréttar á kostnað upprekstrarfélagsins.

Hafi oddviti eigi annast reksturinn á umræddum peningi innan sólarhrings frá því honum var tilkynnt um ágangsinn, hefur sá, er fyrir ágangi verður, heimild til að reka fénaðinn til afréttar og greiðist sá kostnaður einnig úr fjallskilasjóði eftir reikningi. Verði ágreiningur um rekstrargjald þetta, sker sýslunefnd úr.

Ef hreppsnefnd er kunnugt um, að fénaður þessi hafi ekki verið rekinn til afréttar, eða svo illa að áteljandi sé, getur hún krafist endurgreiðslu af eigendum fénaðarins.

9. gr.

Hver, sem heimildarlaust rekur fénað sinn, sem á afrétt á að fara, í annars land til beitar um sumar, hvort heldur það er heimaland, fjallland eða afréttarland, greiði skaðabætur til landráðanda eftir mati hreppsnefndar í þeim hreppi, er landráðandi á heima í. Mati þessu má skjóta til hlutaðeigandi sýslunefndar.

10. gr.

Eigi má ónáða fé í afréttinum að þarflausu, og ekki taka þaðan búpening, nema leyfi hreppsnefndar komi til. Hreppsnefnd skal fylgjast með gróðurfari á afréttum og njóti hún til þess liðsinnis gróðurverndarnefndar sýslunnar. Þá ber hreppsnefnd að fylgjast með, hvort fénaður safnast svo að afréttargirðingum að tjón verði á, eða landi liggi við örtröð. Beri það til, skal bót á ráða, með rekstri inn á afréttinn, nema mjög sé á sumar liðið, þá með smölun til réttar. Skal þá farið með, eftir atvikum, sem göngur væru.

IV. KAFLI

Um fjallskil.

11. gr.

Hreppstjóri skal, áður en 16 vikur eru af sumri, senda hreppsnefnd skrá um tölu sauðfjár og fjallskilaskyldra hrossa í hreppnum. Skýrsla þessi skal sýna hvað hver einstakur eigandi á af sauðfé og hrossum til fjallskila.

Skýrsla þessi sé samin eftir síðasta skattframtali, en allar áorðnar breytingar á eign til fækkunar eða fjölgunar fjallskilaskylds búpenings, svo og tölu taminna hrossa, skal tilkynna hreppstjóra, áður en 14 vikur eru af sumri. Ber að taka allt slíkt til greina í skýrslunni. Jafnframt gerir hreppstjóri, ef hreppsnefnd óskar, skrá yfir álagningarbært landverð jarðeigna í hreppnum, samkv. 12. gr.

12. gr.

Fjallskilaskylt er allt sauðfé og hross, veturgömul og eldri, þó ekki brúkunarhross allt að 5 á eiganda, enda gangi þau í heimahögum.

Hver fjallskilaskyldur maður skal leggja til fjallskila á þann hátt, sem hreppsnefnd ákveður. Allan fjallskilakostnað upprekstrarfélagsins skal meta til peningaverðs, þannig að jafnhátt gjald komi á hverja sauðkind og jafnhátt á öll hross.

Hross skal meta jafnt og þrjár til sex sauðkindur. Telji hreppsnefnd, að hross skuli bera meiri kostnað hlutfallslega, getur hún leitað samþykkis sýslunefndar til þess. Heimilt er hreppsnefnd að leggja allt að ⅓ áætlaðs kostnaðar fjallskilasjóðs á landverð allra jarða í hreppnum. Þar með taldar eyðijarðir, að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda, miðað við gildandi fasteignamat á hverjum tíma. Hreppsnefnd er heimilt að fella niður fjallskil á allt að helmingi af fjallskilaskyldum peningi, sauðfé og hrossum, annarri tegundinni eða báðum, sem gengur í öruggri girðingu. Fjallskil skulu innt af hendi í vinnu, eftir því sem þörf krefur og hreppsnefnd ákveður, ella goldin í peningum. Vinnu skal meta til peningaverðs sem næst gildandi meðal kauptaxta. Mönnum búsettum utan upprekstrarfélagsins er óheimilt að reka búfé á afrétt, nema með leyfi viðkomandi hreppsnefnda, eða þeir hafi þar jörð til afnota. Skal hreppsnefnd heimilt að leggja allt að 50% hærra fjallskilagjald á búfé manna, sem lögheimili eiga utan upprekstrarfélagsins og hafa þar ekki landsnytjar.

13. gr.

Skyldur er hver fjáreigandi að gera fjallskil á þeim afrétti og í þau lönd, sem liggja til leitar að lögrétti eða aukaréttum í því upprekstrarfélagi, sem hann á heimili í. Nú á fénaðareigandi fénað á afrétti og/eða í heimahögum í öðru upprekstrarfélagi en hann á heimili í, og skal hann gera þar fjallskil, er fé hans gengur. Ef eitthvert upprekstrarfélag eða einstakur maður á og notar afréttarland, sem öðru upprekstrarfélagi ber að leita samkvæmt þessari grein, skal það eða hann gera þar full fjallskil eftir fénaðarfjölda þeim, sem rekinn er í afréttarlandið, samkvæmt sömu reglum og fénaðareigendur upprekstrarfélags þess, er leita ber. Þó hafa hlutaðeigandi hreppsnefndir heimild til að gera um þetta sérstaka samninga.

14. gr.

Þar sem tveir eða fleiri hreppar nota sömu afrétti, skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir eiga fund með sér í sautjándu viku sumars, til þess að semja um, hvernig fjallgöngum skuli hagað. Oddviti í þeim hreppi þar sem aðalrétt stendur, kveður til þess fundar. Skal þá hver hreppsnefnd leggja fram skýrslu um fjallskilaskyldan fénað manna í hreppnum samkvæmt 11. gr. Verði ekki samkomulag um sameiginlega niðurjöfnun fjallskila, skal skipta þeim á milli hreppanna í réttu hlutfalli við fjallskilaskyldan fénað hvors um sig. Verði ágreiningur um þetta milli nefndanna, sker sýslunefnd úr því, eða oddviti hennar til bráðabirgða.

15. gr.

Nú eiga nokkrir fjáreigendur að gera fjallskil af fénaði sínum eða einhvers hluta fénaðarins í öðrum hreppi en þar sem þeir eru búsettir, og skal þá hreppstjóri heimilishreppsins senda hreppstjóra, er hlut á að máli, skýrslu um þann fénað, er þeim ber að greiða fjallskil fyrir og tilkynnir þá hreppstjóri viðkomandi hreppsnefnd tölu fénaðarins og nöfn og heimilisföng eigenda. Skýrslur þessar séu sendar svo snemma, að þær komist í hendur hreppsnefndar, áður en fjallskilaniðurjöfnun fer fram. Takist það ekki, leiðréttir hlutaðeigandi hreppsnefnd fjallskilaniðurjöfnunina síðar, eftir því sem skýrslurnar gefa tilefni til.

16. gr.

Fjallgöngur á afréttum og víðlendum heimalöndum, þar sem afréttarpeningur gengur að jafnaði, skulu vera tvennar eða þrennar hvert haust, en þó aðeins einar eða tvennar í Vatnsnesfjalli (Heimaland). Heimilt er þó hreppsnefndum í fjárskiptahólfi Miðfjarðar og Staðarhrepps að láta eftirleit fara fram með aðstoð þyrlu meðan varnargirðingum er við haldið. Skylt er, að fjallleitir séu tryggilega framkvæmdar.

Gangnadagana er bannaður allur heimrekstur og sundurdráttur á afréttarpeningi á einstökum bæjum.

Gangnatíma ákveða hreppsnefndir í samráði við aðliggjandi sveitarfélög og eftir því sem nauðsyn er, vegna gróðurfars afréttanna og annarra ástæðna.

17. gr.

Öllum fjallskilum skal hreppsnefnd jafna niður í tæka tíð. Nú þykir einhverjum niðurjöfnun fjallskila eigi rétt og vill fá leiðréttingu á því, þá ber honum eigi að síður að inna álögð fjallskil af hendi, en sent getur hann rökstudda kæru til hreppsnefndar fyrir 20. október. Náist ekki samkomulag getur viðkomandi skotið máli sínu til sýslunefndar til úrskurðar.

18. gr.

Hreppsnefnd eða kjörinn maður af henni, er nefnist fjallskilastjóri, kveður hreppsbúa með gangnaboði til fjallskila nægum tíma áður en fjallgöngur hefjast. Í gangnaboði skal nákvæmlega taka fram, hvað hverjum ber að leggja til fjallskila það haust. Einnig skal brýnt fyrir gangnamönnum að vera vel út búnir að fatnaði, mat og öðrum nauðsynlegum búnaði. Ef einhver vanrækir að gera þau fjallskil, sem hann er kvaddur til, skal hann borga þau því verði, er hreppsnefnd ákveður, án tillits til mats á þeim, þó ekki yfir hálft annað matsverð þeirra. Ekki leysir það fjallskilaskyldan aðila undan fjallskilaskyldu, þótt gangnaboð berist honum ekki í tíma, áður en fjallgöngur skulu byrja.

Ekkert má fyrirskipa í gangnaboði, er komið getur í bág við fulltryggjandi fjallskil eða ákveðin réttastörf innan sýslu.

19. gr.

Hreppsnefnd eða stjórn upprekstrarfélags skipar einn duglegan gangnastjóra fyrir hvern gangnaflokk. Gangnastjóri skal skipa fyrir um tilhögun gangna og hafa alla stjórn á þeim, þar til komið er á réttarstað. Hann skal sjá um, að fjársöfnin séu rekin með reglu til réttar og kveðja menn til að gæta safnsins, uns vöktunarmenn hafa tekið við því. Hver gangnamaður er skyldur að hlýða gangnastjóra sínum. Öll óhlýðni við skipanir hans varða sektum. Gangnastjóri skal gæta þess, að farið sé svo vel sem unnt er með fé og hross í göngum. Öllum vanmetapeningi, sem ekki verður komið lifandi til byggða, skal lógað. Heimilt er gangnastjóra að skilja vanmetapening lifandi eftir, þá komið er í byggð, og tilkynni hann það þegar eiganda. Eiganda ber þá að ráðstafa þeim fénaði svo fljótt sem kostur er.

20. gr.

Ef veður eða aðrar ástæður hamla göngum eða torvelda fulla gagnsemi þeirra, að dómi gangnastjóra fyrir einum eða fleiri leitarflokkum samliggjandi leitarsvæða, skal þeim frestað yfir svæðið í heild. Skulu hreppsnefndir annast um, að gangnastjórar geti haft samráð með sér, eftir því sem nauðsyn krefur, áður en göngur hefjast. Kostnaður við þær ráðstafanir greiðist úr fjallskilasjóði.

Verði gangnamenn, sem komnir eru saman til leita, eða lagðir upp í leit, frá að hverfa, ber þeim þóknun úr fjallskilasjóði, en skyldir eru þeir að mæta til gangna, þegar þeir eru tilkvaddir.

21. gr.

Nú hefir fjáreigandi ráð á fleiri mönnum til gangna, en honum ber að láta, og hefir þá gangnastjóri eða hreppsnefnd vald til þess að kveðja þann mann til gangna, sem hæfastur er. Sama gildir um önnur fjallskil. Ef gangnastjóri telur að gangnamaður sé vanhæfur til starfsins, þá ber honum ekki skylda til að taka hann gildan og ber þeim, sem hann sendir, að senda annan í hans stað eða greiða fjallskilin að fullu.

Engan má senda í göngur yngri en fimmtán ára, nema leyfi gangnastjóra komi til.

Launa skal gangnastjóra af fjallskilasjóði.

22. gr.

Ef fjallskilaskyldur maður hefir engan hæfan mann til gangna og getur ekki útvegað hann, skal hann tilkynna það skriflega hreppsnefnd eða fjallskilastjóra minnst sex dögum áður en fjallgöngur eiga að hefjast og borgar hann þá að fullu manni þeim, sem hreppsnefnd ræður til starfsins, svo og allan kostnað því samfara, þó ekki yfir hálft annað matsverð fjallskilanna.

23. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að til séu á afréttum hentugir skálar fyrir gangnamenn og hesta þeirra, þar sem þess er þörf. Séu þeir búnir nauðsynlegustu tækjum svo sem hitunartækjum o. fl. Ber að halda skálum þessum vel við ásamt öllum tækjabúnaði, sem ætíð sé til staðar yfir gangnatímann. Kostnaður sá, er af þessu leiðir, greiðist úr fjallskilasjóði.

V. KAFLI

Um réttir og réttastörf.

24. gr.

Eftir tillögum hreppsnefndar eða hreppsnefnda ákveður sýslunefnd, hvar aðalréttir skuli vera. Séu hreppsnefndir eigi sammála, sker sýslunefnd úr. Sömuleiðis ákveður sýslunefnd undir hvaða aðalrétt hver aukarétt heyrir og enn fremur hverja afrétti og heimalönd ganga skal til hverrar réttar og ráða sýslumörk, nema öðruvísi sé ákveðið.

25. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að réttir, aðalréttir og aukaréttir, séu vandlega byggðar og vel við haldið. Við hverja aðalrétt skulu allar jarðir í upprekstrarfélaginu eiga nægilegt dilkrúm, annað hvort hver fyrir sig eða fleiri saman í dilk. Enn fremur skulu vera sérstakir dilkar fyrir ómerkinga og fénað úr öðrum sveitum. Þar sem hreppsnefnd þykir þurfa, skal hafa sérstaka hrossarétt. Kostnað við réttarbyggingu og viðhald hennar skal greiða úr fjallskilasjóði og teljast sem annar fjallskilakostnaður.

26. gr.

Hreppsnefnd skal með gangnaboði skipa hæfa menn til að fara í réttir annara sveita, til að hirða þar sauðfé og hross hreppsbúa. Þeir, sem til eru valdir, mega eigi allir yfirgefa rétt fyrr en störfum er þar að fullu lokið, úrskurðað hefur verið um óskilapening og sala hrossa farið fram, ef um er að ræða.

27. gr.

Hreppsnefndir skulu skipa duglega réttarstjóra við hverja aðalrétt og aukarétt og skal greiða honum fyrir starfa sinn úr fjallskilasjóði. Réttarstjóri skal vera kominn

í tæka tíð hvern réttardag. Skipar hann fyrir um, hvernig fjárdrætti skal haga og heldur mönnum til starfa. Hann bannar og óreglu, er veldur hindrun við réttarstörfin. Sýni nokkur í réttinni óhlýðni gegn skipunum hans, varðar það sektum.

28. gr.

Meðan fjárskiptahólfum er við haldið, skal réttarstjóri annast eftir föngum, að fé af öðrum fjárskiptasvæðum sé fjarlægt úr réttinni svo fljótt sem kostur er. Skal ætla sérstakan dilk fyrir slíkt fé. Hafi smitandi sjúkdómur svo sem garnaveiki komið fram í sauðfé innan svæðisins, skal réttarstjóri hafa umsjón með að fé frá þeim heimilum sé dregið hið fyrsta í dilka. Hefur hreppsnefnd með samþykki sauðfjársjúkdómanefndar heimild til að fyrirskipa sérmerkingu þess fjár, áður en fé er sleppt af húsi á vorum.

29. gr.

Hreppsnefndir skulu skipa glögga menn til þess að skoða fé utansveitarmanna áður en það er rekið frá rétt. Enginn má hleypa úr dilk fyrr en réttarstjóri leyfir og fénaðareigendur ekki fara úr rétt fyrr en fjárdrætti er lokið.

30. gr.

Réttarstjóri skal annast um að ómörkuð lömb séu hirt á réttinni og dregin í sér dilk, svo eigendum gefist kostur á að láta lambsmæður helga sér þau. Að afloknum réttum tekur hreppstjóri alla þá ómerkinga, er ekki hafa fundið mæður, í sína vörslu og selur þá á staðnum, sé salan leyfð að lögum, ella skulu þeir fluttir í sláturhús og lagðir inn sem eign fjallskilasjóðs. Ekki má torvelda mönnum að láta ær helga sér ómerkinga, þótt réttum sé lokið, meðan þeir eru enn í vörslu hreppstjóra. Ómerkingar í aukarétt skulu ganga til aðalréttar sem annar úrtíningur. Réttarstjórar skulu kveðja menn til að draga eftir markaskrám, þegar drætti er langt komið og mega þeir ekki yfirgefa þann starfa fyrr en lokið er.

31. gr.

Frá hverri aukarétt skulu tilkvaddir menn tafarlaust koma fénaði, sem þar er ekki hirtur, til aðalréttar og sé hann þangað kominn, áður en fjárdrætti er þar lokið.

32. gr.

Í fjárréttum má enginn afmarka fé, án þess hann jafnframt skýri fyrir hreppstjóra eða réttarstjóra hverja heimild hann hafi til afmörkunarinnar. Hreppstjóri eða réttarstjóri skal samstundis rita hjá sér nafn hins fyrra eiganda kindarinnar, ef hann er ekki nærstaddur, og mark hennar áður en því var breytt og undir hvers mark hún er mörkuð.

VI. KAFLI

Um smölun, réttun og hirðingu hrossa.

33. gr.

Á haustum skal ásamt sauðfé smala hrossum af afréttum og viðlendum heimalöndum og reka til réttar. Skal haga sundurdrætti og hirðingu þeirra í réttum á sama hátt og sauðfé, að svo miklu leyti sem við getur átt. Á meðan á réttum stendur, skal réttarstjóri gæta þess, að hryssum gefist kostur á að helga sér ómörkuð folöld og kappkosta að öðru leyti að haga allri meðferð á hrossum þannig, að ekki hljótist slys af. Ómörkuð folöld, sem engin hryssa helgar sér, skulu boðin upp og seld að aflokinni rétt. Skulu þau seld með tveggja sólarhringa innlausnarfresti.

34. gr.

Hrossum, sem eru í óskilum, þegar skilarétt á sauðfé fer fram, skal komið til réttar, þar sem það hentar, samtímis sauðfé og réttuð þá fjárrétt er lokið. Heimilt er hreppsnefndum að skipa fyrir um almenna smölun og skil á hrossum á tímabilinu frá 1. nóv. til 15. des. ár hvert. Ef sérstakar ástæður mæla með, getur hreppsnefnd skipað fyrir um almennar smalanir og skil á hrossum á öðrum árstímum. Við skil á hrossum skulu hreppsnefndir hver fyrir sig annast um hirðingu fjallskilaskyldra hrossa úr sínu upprekstrarfélagi í nærliggjandi hreppum.

VII. KAFLI

Um hreinsun heimalanda og fjárskil á haustum.

35. gr.

Hver búandi eða landráðandi er skyldur að hreinsa heimaland sitt á haustum, eftir því sem hreppsnefnd mælir fyrir, og gilda þar um ákvæði 4. gr., eftir því sem við getur átt. Hreppsnefnd skal skipa fyrir um minnst tvær smalanir haust hvert. Seinni smölun heimalanda skal eigi fara fram síðar á haustum en í fyrstu viku vetrar, nema sérstakar ástæður hamli. Skilarétt skal halda haust hvert og á þeim stað og tíma sem hreppsnefnd ákveður.

36. gr.

Í fjalllendi eins og Vatnsnesfjalli skal síðasta frjárhreinsun að haustum yfirleitt fara fram með flokkaleit, er kemur þá í stað smölunar. Til leitar leggja landráðendur eftir fyrirmælum hreppsnefndar.

Hafi hreppsnefndir samliggjandi sveitarfélaga samráð með sér um leitardag. Hreppsnefnd ákveður leitarsvæði og tilnefnir leitarstjóra. Stjórnar hann leitinni á sínu svæði. Leitarstjórar hafi samband sín á milli um tilhögun leitar, svo misgöngur verði ekki milli leitarsvæða.

37. gr.

Þyki það henta í einstökum hreppum, að rekstrar gangi bæ frá bæ, hefur hreppsnefnd vald til að ákveða slíkt, einnig ákveður hún rekstrarleiðir. Hreppsnefndir semja með sér um skil utanhreppsfénaðar. Greiðist kostnaður við þau úr viðkomandi fjallskilasjóði.

VIII. KAFLI

Um meðferð óskilapenings.

38. gr.

Þegar fjárdrætti er lokið í aðalréttum og eftir eru kindur, sem teljast til úrtíningsins, skulu þær afhentar hreppstjóra í þeim hreppi, sem aðalrétt stendur. Skal hann þá ásamt marklýsingamönnum skoða og skrifa upp mark og einkenni á hverri kind, svo rétt og nákvæmlega sem framast má verða. Hreppstjóri skal síðan annast um að koma óskilafé, sem ekki þekkist eða ekki er hirt, í sláturhús.

39. gr.

Við hverja aðalrétt séu tveir marklýsingamenn, tilnefndir af hreppsnefnd eða stjórn upprekstrarfélagsins. Taka þeir þóknun úr fjallskilasjóði. Hreppstjóri kveður sér til aðstoðar tvo valinkunna menn til að skoða mörk og auðkenni óskilagrips eða kindar, sem fyrir kemur utan rétta, enda skal tafarlaust tilkynna hreppstjóra um allan óskilapening. Finnist eigandi hans í næstu hreppum, skal gera honum viðvart, en eigi má færa kindur milli fjárskiptasvæða, nema leyfi réttra aðila komi til.

40. gr.

Komi óskilahross fyrir í réttum eða utan rétta á hvaða árstíma sem er, skal með farið eftir því sem við á samkvæmt 38. gr. Auglýsa skal hross og selja, hafi eigandi ekki gefið sig fram innan viku og sannað eignarrétt sinn.

Hross skal selja með 12 vikna innlausnarfresti og jafnlöngum gjaldfresti, og eru þau ekki í ábyrgð kaupanda, þótt misfarist, fyrr en að þeim fresti liðnum, nema um sé að kenna algeru skeytingarleysi hans eða handvömm. Hver sá, sem gerir kröfu til óskilahrossa, sanni eignarrétt sinn svo að ekki verði um villst og greiði jafnframt allan áfallinn kostnað. Ákvæði þessarar greinar gilda, eftir því sem við á um stóðhesta, sem seldir eru samkvæmt búfjárræktarlögum nr. 31/1973, 31. gr. Einnig gilda hér um sömu ákvæði gagnvart nautgripum, sem í óskilum eru.

41. gr.

Fyrir lok hvers árs skal hreppstjóri senda greinilega lýsingu á öllu óskilafé, sem selt hefur verið eða fargað í hreppnum á árinu, til birtingar í Lögbirtingablaði. Skal hann síðan annast um greiðslu, að frádregnum kostnaði, á andvirði þess óskilafjár, sem eigendur sanna eignarrétt sinn á. Geti enginn sannað eignarrétt sinn, fellur andvirðið til fjallskilasjóðs viðkomandi hrepps eða upprekstrarfélags. Allt óskilafé, sem fargað er, skal lagt inn á sérreikning hreppstjóra, þannig að greiða megi verð hverrar kindar fyrir sig, ef eigandi finnst.

IX. KAFLI
Um eftirleitir og björgunarlaun.

42. gr.

Þegar löggöngur og eftirleit á afréttum hafa farið fram, skulu hreppsnefndir hafa heimild til aukaeftirleita á afréttum. Fyrir kind, sem finnst í auka-eftirleit, skal greiða fundarlaun. Skulu þau vera jafnhá í krónum talið og verð á meðaldilk. Fyrir hross skulu fundarlaun nema einum og hálfum fundarlaunum fyrir kind. Borgun til eftirleitarmanna greiðist úr fjallskilasjóði viðkomandi upprekstrarfélags.

43. gr.

Fjallskilasjóður greiðir kostnað, sem af því leiðir, að sækja fjallskilaskyldan pening, sem kemur fyrir í öðrum sveitum eftir réttir.

Um björgunarlaun fyrir fé, sem næst úr ógönguklettum, skal farið með eins og sagt er í VII. kafla laga um afréttarmál o. fl. nr. 42, frá 12. maí 1969.

X. KAFLI
Um mörk og markaskrár.

44. gr.

Skylt er að marka eða merkja allan búpening. Mark helgar markeiganda kind eða grip, nema sannað sé að annar eigi.

Mark skal vera glöggt. Markavörður getur bannað mikil særingarmörk (soramörk). Taka má upp sérstaka merkingu hrossa, sem þá kemur í stað eyrnamarks. Sama er um nautgripi, ella skal marka þá eða merkja með plötu í eyra.

Jafnframt eyrnamarki skal merkja sauðfé sýslu- og hreppsmerki, hyrnt fé með brennimarki á vinstra horn, en kollótt fé með plötu í vinstra eyra. Þó er þetta ekki skylt, þar sem fé er ekki rekið til afréttar. Óheimilt er, að skepna beri mark annars manns, óauðkennd, nema leyfi komi til. Kind, sem ekki ber að öllu rétt mark manns, er honum ekki heimilt að draga sér. Draga ber eftir mörkum, ræður hornamark

fremur en eyrnamark og brennimark fremur en eyrnamark og/eða hornamark. Þó er þeim, sem kindin er dregin, skylt að gera grein fyrir eignarrétti sínum, sé þess krafist. Nú er kind eða gripur með óglöggu marki eða skemmdu, en maður vill helga sér eftir líkum, telst hann réttur eigandi, komi hreppstjóri og marklýsingamenn sér saman um það. Komi til ágreinings eða mótmæla sker markadómur úr.

45. gr.

Mörk ganga að erfðum. Gefa má mark svo og selja. Taka má upp nýtt mark, gerðarmark. Tilkynni tveir eða fleiri fjáreigendur sama mark til prentunar, er erfðamark rétthæst síðan gjafamark svo kaupamark og síðast gerðarmark. Aðfluttur maður skal breyta marki sínu þótt erfðamark sé, ef sammerkt er eða námerkt innan sýslu.

46. gr.

Sýslunefnd sér um, að prentuð sé markaskrá fyrir sýsluna eigi sjaldnar en 8. hvert ár. Sérhver markeigandi skal koma marki sínu í markaskrá og greiðir gjald fyrir, eftir ákvörðun sýslunefndar. Hvert heimili, sé þar markeigandi, fær eitt eintak af markaskránni ókeypis. Sýslunefnd kýs eða ræður markavörð til ákveðins tíma, sem hún tiltekur eða um semst. Starf markavarðar er að sjá um söfnun marka ásamt öðrum undirbúningi að prentun markaskrár og að sjá um prentun hennar. Hefir hann heimild til, samkv. þessari reglugerð og með tilvísun til laga nr. 42/1969, að útiloka námerkingar innan héraðs og leitast jafnframt við að fyrirbyggja sammerkingar og námerkingar við næstu héruð. Vilji einhver taka upp mark utan markaskrár, skal hann fá til þess leyfi markavarðar, sem auglýsir þá markið í Lögbirtingablaði. Enginn má nota mark nema það sé prentað í markaskrá eða auglýst. Eigendaskipti á marki skal tilkynna markaverði. Markavörður skal sjá um, að ný gatamörk séu ekki tekin upp í sýslunni.

Mark, sem hvorki er prentað í gildandi markaskrá, né heldur auglýst í Lögbirtingablaði, skal talið niður fallið og er öðrum heimilt að taka það upp. Þó skal sá, er áður átti markið eiga forgangsrétt til marksins, ef hann tekur það upp innan 8 ára. Markavörður skal vinna að því að fá ráðstöfunarrétt á mörkum manna, er flutt hafa úr héraðinu, og nota eigi né ráðstafa marki sínu á annan hátt.

47. gr.

Sýslunefnd kýs á aðalfundi sínum fjórða hvert ár þrjá menn í markadóm, ásamt varamönnum, til fjögurra ára.

Starf markadóms er að skera úr, ef marklýsingamönnum í réttum ber ekki saman við markskoðunarmenn í sláturhúsum um mörk á óskilafénaði. Einnig úr öðrum ágreiningsatriðum um vafamörk.

XI. KAFLI

Um eftirlit í sláturhúsi og rekstur á fé til slátrunar.

48. gr.

Í hverju sláturhúsi skal láta glöggan og samviskusaman mann skoða mark á öllu sauðfé og stórgripum, sem til slátrunar kemur.

Komi ómarkaður gripur, er óheimilt að taka hann til slátrunar, nema eignarréttur sé að fullu sannaður. Ef til slátrunar kemur kind eða gripur með vafasömu eða skemmdu marki, skal fylgja umsögn um mark frá marklýsingamönnum, er um hafa fjallað. Beri þeirra áliti ekki saman við álit markaskoðunarmanns sláturhússins eða ekki hafi áður farið fram markaskoðun, sker markadómur úr samkv. 47. gr.

Telji markadómsmaður ástæðu til að geyma höfuð vafagrips í frysti, allt að einu ári, er sláturleyfishafa skylt að verða við því.

49. gr.

Allur fénaður, sem rekinn er til slátrunar í kauptún, skal vera merktur skýru rekstrarmerki, er sé svo glöggt, að það sjáist tilsýndar í björtu og svo traust, að það máist ekki af, þótt votviðri gangi. Svo skal rekstrinum hagað, að sem minnstur bagi verði að, þeim, er lönd eiga, sem um er rekið eða í er áð. Varast skal, að rekstur lendi saman við annað fé. Eigi má halda áfram með rekstur úr því farið er að skyggja, nema brýna nauðsyn beri til. Svo má aldrei leggja upp með rekstra fyrr en markljóst er orðið.

50. gr.

Nú ber svo til, að öðru fé lendir saman við rekstur. Skal þá strax, er rekstrarmenn hafa orðið þess varir, draga það fé úr rekstrinum og gæta vandlega, að engin kind verði eftir, er eigi á í honum að vera. Skulu rekstrarmenn sjá um, að það fé, er saman við hefur komið, komist í átthaga sína eigendum að kostnaðarlausu.

Þegar bílflutt er til sláturhúss skal þess vandlega gætt, að afbæjarpeningur fari ekki þar með, nema tryggt sé, að eigandi sé því samþykkur.

XII. KAFLI

Almenn ákvæði.

51. gr.

Heimilt er hreppsnefndum að gera samþykktir um varnargirðingar fyrir afréttarlöndum til varnar gegn því, að afréttarpeningur gangi ofan af afrétti eða sleppi á afrétt, þegar heima skal ganga. Enn fremur til varnar því, að afréttarpeningur gangi á víxl af einum afrétti á annan. Greiðslu kostnaðar við slíkar girðingar skal haga þannig að leggja að hálfu kostnað á landverð jarða í ábúð og að hálfu á fjallskilaskyldan afréttarpening. Nánari ákvæði skal setja með samþykktum og skal haga um þær, svo sem fyrir er mælt í girðingarlögum nr. 10 frá 25. mars 1965. Séu fjallskilamál eða samþykktir fyrir afréttargirðingar til umræðu á almennum sveitarfundi, hafa þar atkvæðisrétt allir búendur, sem þar hafa jörð eða jarðarhluta til afnota.

52. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá kr. 5 000.00 til kr. 50 000.00 sem rennur í fjallskilasjóð viðkomandi upprekstrarfélags.

53. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála. Þó má, ef hlutaðeigendur koma sér saman um það, skjóta einstökum ágreiningsatriðum til endanlegra úrslita sýslunefnda.

54. gr.

Fjallskilareglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. mars 1961 og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42 12. maí 1969 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu frá 30. júlí 1960, ásamt breytingum á henni, er síðan hafa verið gerðar.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. september 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Haukur Jörundarson.

Endurprentað blað.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Ólafsvíkurhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í lögsagnarumdæmi Ólafsvíkurhrepps eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

3. gr.

Nú ákveður hreppsnefnd að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	1,5%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	1%
Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús	1%
Fjölbýlishús	½%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1,5%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	½%
Opinberar byggingar	1,5%
Bílskúrar	1,5%
Önnur hús	½%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss, skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við stærð húss sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m^3
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús hver íbúð	400 m^3
Fjölbýlishús	300 m^3

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir um áramót.

5. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðlana sbr. gr. 3, hvern fyrir sig eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

6. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalda skv. 3. gr. skulu vera sem hér segir: Ef um er að ræða leigulóð í eigu sveitarfélags, getur sveitarstjórn áskilið að úthlutun verði háð því, að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingarleyfi verður veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslur.

7. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku húseigenda og lóðarhafa í að leggja bundið slitlag á götur og til lagningar gangstétta. Gjaldið nemur ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

1.	Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	3%
2.	Tvíbýlishús og sambyggð einbýlisraðhús á einni hæð	2%
3.	Tveggja hæða íbúðarhús	2%
4.	Fjölbýlishús	1%
5.	Verslunar- og skrifstofubyggingar	3%
6.	Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	1,5%
7.	Opinberar byggingar	3%
8.	Bifreiðageymslur	3%
9.	Önnur hús.	

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjöld kr. 60.00 af hverjum fermetra lóðar.

Gjald af íbúðarhúsnæði skal þó aldrei vera lægra en gjald miðað við 250 m^3 hús.

8. gr.

Upphæð gatnagerðargjalda samkvæmt 7. gr. skal miðast við þá vísitölu sem í gildi er þegar lagning varanlegs slitlags fer fram. Nú breytist vísitala, meðan verk fer fram, og skal það þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

Gjald af fasteignum við götur þar sem lagt hefur verið varanlegt slitlag og/eða gangstétt á síðustu fimm árum, skal miða við þá vísitölu sem í gildi er, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

9. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðlana sbr. gr. 7, hvern fyrir sig eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

10. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 7. gr. greiðist þannig að 20% greiðist, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir 10% greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingafjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut kunna að eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. september 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir tilkynningar og skráningar vörumerkja o. fl.

1. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar skal greiða gjald, kr. 1 800.00.

2. gr.

Fyrir beiðni um endurnýjun á skráningu vörumerkis, skal greiða gjald, kr. 1 800.00.

3. gr.

Fyrir skráningu vörumerkis og fyrir endurnýjun skráningar skal greiða gjald, kr. 700.00 fyrir hvern flokk, sem samþykktur er til skráningar eða endurnýjunar merkisins.

4. gr.

Fyrir innritun í vörumerkjaskrá greiðist gjald, kr. 350.00.

5. gr.

Fyrir útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá og fyrir tilkynningar greiðist gjald, kr. 100.00.

Fyrir rannsókn á því hvort vörumerki sé skrásett, skal greiða gjald, kr. 100.00 fyrir hvern flokk, sem rannsóknin nær til.

6. gr.

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar skal greiða gjald, kr. 5 000.00.

7. gr.

Gjöld samkv. 1., 2. og 6. gr. reglugerðarinnar skulu ekki endurgreidd, þótt um skráningu eða endurnýjun sé synjað, eða tilkynning eða beiðni sé afturkölluð.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47 2. maí 1968, um vörumerki, til að öðlast gildi 15. október 1975 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis, nr. 152 17. maí 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 10. september 1975.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.


AUGLÝSING

um friðland í Flatey.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð á fundi sínum 21. febrúar 1975 ákveðið að friðlýsa austurhluta Flateyjar á Breiðafirði ásamt nálægum hólmum.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Friðlandið nær yfir Flatey, austan línu er hugsast dregin þvert yfir Mjósund á austanverðri eynni, svo og eftirtaldar eyjar er liggja suður af austanverðri Flatey: Akurey, Langey, Geirshólma, Hádegishólma, Grasflögur og Kerlingarhólma.



Reglur þessar gilda um svæðið:

1. Öll umferð er óheimil á tímabilinu 15. apríl til 15. ágúst nema með leyfi ábúenda í umboði Náttúruverndarráðs.
2. Bannað er að raska gróðri og trufla dýralíf á svæði þessu, bæði á landi og í fjöru. Þó skal ábúendum heimilt að nytja það æðarvarp, grasnytjar og önnur hefðbundin hlunnindi svo sem verið hefur. Ábúendum er og heimilt að gera þær ráðstafanir er heimilar eru í lögum til eflingar æðarvarpi, svo sem að bægja frá vargi.
3. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi og í sjó innan svæðisins er háð leyfi Náttúruverndarráðs.
4. Ábúendur annast vörslu svæðisins í umboði Náttúruverndarráðs.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 1. september 1975.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinsson.

Nr. 396. 4. september 1975.

SAMÞYKKT

um gatnagerðargjöld í Stykkishólmi.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í lögsagnarumdæmi bæjarins eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	1.5%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	1.0%
Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús	1.0%
Fjölbýlishús	0.5%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.5%

Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	0.5%
Opinberar byggingar	1.5%
Bílskúrar	1.5%
Önnur hús	0.5%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss, skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m³
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús, hver íbúð	400 m³
Fjölbýlishús	300 m³

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir um áramót.

5. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds, skv. 3. gr. skulu vera sem hér segir:

Ef um er að ræða leigulóð í eigu sveitarfélags, getur sveitarstjórn áskilið að úthlutun verði háð því, að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingarleyfi verður veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslur.

6. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku húseigenda og lóðarhafa í að leggja bundið slitlag á götur og til lagningar gangstétta. Gjaldið nemur ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

1. Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	3%
2. Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð og raðhús	2%
3. Tveggja hæða íbúðarhús	2%
4. Fjölbýlishús	1%
5. Verslunar- og skrifstofubyggingar	3%
6. Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	1.5%
7. Opinberar byggingar	3%
8. Bílgeymslur	3%
9. Önnur hús	1%

Gjald af íbúðarhúsnæði skal þó aldrei vera lægra en sem svarar 300 m³.

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjöld kr. 60.00 af hverjum fermetra lóðar.

7. gr.

Upphæð gatnagerðargjalda samkvæmt 6. gr. skal miðast við þá vísitölu sem í gildi er þegar lagning varanlegs slitlags fer fram. Nú breytist vísitala, meðan verk fer fram, og skal það þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

Gjald af fasteignum við götur, þar sem lagt hefur verið varanlegt slitlag og/eða gangstétt á síðustu fimm árum, skal miða við þá vísitölu sem í gildi er, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkv. 1. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

9. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 6. gr. greiðist þannig að 20% greiðist, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir 10% greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. september 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 397. 4. september 1975.

REGLUGERÐ

um álagningu gatnagerðargjalds í Búðahreppi.

1. gr.

Húseigendur í Búðahreppi skulu greiða til sveitarsjóðs Búðahrepps gatnagerðargjald fyrir hús og lóðir um leið og götur eru lagðar bundnu slitlagi.

Gjöldin skal miða við ákveðinn hundraðshluta byggingarkostnaðar pr. m³ eins og hann er 1. nóvember ár hvert í vísitöluhúsinu samkv. útreikningum Hagstofu Íslands.

Gjöldin eru sem hér segir: (lágmarksstærðir)

1. Einbýlishús með bifreiðageymslu að 600 m³ 1.0%
2. Parhús, tvíbýlishús og raðhús á einni hæð að 500 m³ 0.9%
3. Fjölbýlishús á tveim hæðum eða fleiri með fleiri en 4 íbúðum að 400 m³ 0.4%
4. Tveggja hæða hús með allt að 4 íbúðum og raðhús á tveimur hæðum að 500 m³ 0.8%
5. Verslunar- og skrifstofuhús pr. m³ 1.2%
6. Iðnaðarhús og vörugeymslur pr. m³ 0.8%
7. Fyrir umframstærðir í íbúðarhúsum skal greiða 20% meira en að framan getur fyrir hvern m³.

Ef byggt er við eldra hús skal aðeins greiða af stækkun umfram lágmarksstærð.

8. Lóðarhafar greiði í gatnagerðargjald kr. 35.00 af hverjum m² lóðar.
9. Bifreiðastæði greiði húseigendur sjálfir.
10. Heimkeyrslur að húsum við millilóðir skal hreppurinn greiða.

2. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds samkv. 1. gr. skal miðast við þá byggingarvísitölu, sem í gildi er 1. nóvember það ár sem lagning bundins slitlags fer fram. Gatnagerðargjald við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið lagt á við gildistöku þessarar reglugerðar skal miðast við byggingarvísitölu 1. nóvember 1974.

Til útreiknings skal nota magntölur fasteignamatsins (m³ húsnæðis og m² lóðar).

3. gr.

Gatnagerðargjald samkv. 1. gr. skal greitt á 5 árum með jöfnum afborgunum. Gjalddagar eru 15. júlí ár hvert, í fyrsta sinn ári eftir að lagning bundins slitlags fer fram. Lokagreiðsla skal þó eigi innheimt fyrr en lagningu gangstétta er lokið við viðkomandi götu.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, næstu tvö ár eftir gjalddaga og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Búðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 4. september 1975.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

4. september 1975. Nr. 398.

REGLUGERÐ

um álagningu gatnagerðargjalds við byggðar götur í Búlandshreppi.

Húseigendur í Búlandshreppi skulu greiða til sveitarsjóðs Búlandshrepps gatnagerðargjald fyrir hús og lóðir um leið og göturnar eru lagðar bundnu slitlagi. Til útreiknings skal nota eftirfarandi einingartölur:

A.	1.	Einbýlishús m/bifreiðageymslu að 400 m³	kr. 125 000.00
	2.	Parhús að 400 m³	— 100 000.00
	3.	Tvíbýlishús á 2 hæðum, tveggja hæða íbúðarhús m/allt að 4 íbúðum og raðhús á 1 hæð að 400 m³	— 80 000.00
	4.	Raðhús á 2 hæðum að 400 m³	— 60 000.00
	5.	Fjölbýlishús á 2 hæðum m/allt að 8 íbúðum að 300 m³	— 50 000.00
	6.	Fjölbýlishús á 3 hæðum eða fleiri, m/fleiri en 8 íbúðum að 300 m³	— 35 000.00
	7.	Verslunar- og skrifstofuhús per m³	— 200.00
	8.	Iðnaðarhús og vörugeymslur per m³	— 150.00
	9.	Umframstærðir í íbúðarhúsum per m³	— 200.00

10. Ef byggt er við eldri hús og stærð þeirra verður meiri en lágmarksstærð skal greiða sama gjald fyrir umframstærðir og áður greinir.

B. 1. Lóðarhafar greiði í gatnagerðargjald kr. 40.00 af hverjum m^2 lóðar.

C. 1. Bifreiðastæði greiða húseigendur sjálfir.

Öll gjöld eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í nóvember 1974.

2. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds samkv. 1. gr. skal miðast við þá byggingarvísitölu, sem í gildi er þegar lagning bundins slitlags fer fram.

3. gr.

Gatnagerðargjald samkv. 1. gr. skal greitt á fjórum árum með jöfnum afborgunum. Gjalddagar eru 15. júlí ár hvert, í fyrsta sinn sama ár og lagning bundins slitlags fer fram. Lokagreiðslu skal þó ekki innheimta fyrr en endanlega hefur verið gengið frá viðkomandi götu.

4. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, næstu tvö ár á eftir gjalddaga og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki, samkv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Búlandshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. september 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 399. 4. september 1975.

SAMÞYKKT

um gatnagerðargjöld í Grundarfirði.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir á skipulögðu svæði Grundarfjarðar, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar og skal þá miða gjald við ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	1.5%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	1.0%

Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús	1.0%
Fjölbýlishús	0.5%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.5%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	0.5%
Opinberar byggingar	1.5%
Bílskúrar	1.5%
Önnur hús	0.5%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss, skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m³
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús, hver íbúð	400 m³
Fjölbýlishús	300 m³

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir um áramót.

5. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds, skv. 3. gr. skulu vera sem hér segir:

Ef um er að ræða leigulóð í eigu sveitarfélags, getur sveitarstjórn áskilið að úthlutun verði háð því, að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingarleyfi verður veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslur.

6. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku húseigenda og lóðarhafa í að leggja bundið slitlag á götur og til lagningar gangstétta. Gjaldið nemur ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

1.	Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	3%
2.	Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð og raðhús	2%
3.	Tveggja hæða íbúðarhús	2%
4.	Fjölbýlishús	1%
5.	Verslunar- og skrifstofubyggingar	3%
6.	Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	1.5%
7.	Opinberar byggingar	3%
8.	Bílgeymslur	3%
9.	Önnur hús	1%

Gjald af íbúðarhúsnæði skal þó aldrei vera lægra en sem svarar 250 m³.

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjöld kr. 60.00 af hverjum fermetra lóðar.

7. gr.

Upphæð gatnagerðargjalda samkvæmt 6. gr. skal miðast við þá vísitölu sem í gildi er þegar lagning varanlegs slitlags fer fram. Nú breytist vísitala, meðan verk fer fram, og skal það þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

Gjald af fasteignum við götur, þar sem lagt hefur verið varanlegt slitlag og/eða gangstétt á síðustu fimm árum, skal miða við þá vísitölu sem í gildi er, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkv. 1. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

9. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 6. gr. greiðist þannig að 20% greiðist, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. 10% vextir greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarsveitar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. september 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 400. 12. september 1975.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Dalasýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Sýslunefnd Dalasýslu hefur yfirstjórn allra fjallskilamála innan sýslunnar, en hreppsnefndir annast stjórn og framkvæmd þeirra í hverjum hreppi.

2. gr.

Hver hreppsnefnd haldi sérstaka fjallskilabók. Í hana skal rita það sem viðkemur fjallskilum í hreppnum.

II. KAFLI

Um afrétti, smölun þeirra og annarra leitarlanda.

3. gr.

Fjallskil skulu ná til þess lands, sem leitað hefur verið undanfarin ár. Þó er hreppsnefnd heimilt að ákveða annað.

4. gr.

Alla þá menn í hverjum hreppi, sem skyldir eru til, samkv. 5. gr. að gera fjallskil, skal hreppsnefnd kveðja til þess skriflega á ári hverju með nægum fyrirvara. Í slíkum fjallskilaboðum skal taka fram, hvaða fjallskil hver og einn eigi að inna af hendi, í hvaða landi hver skuli ganga, hvernig fjallskilum skuli haga, rekstrum til réttar, geymslu safnsins við réttina þar til réttarstarf byrjar, hverjir sækja skuli fé í réttir utanhrepps, hverjir skuli vera leitarstjórar og hve margir og yfirleitt sérhvað annað er að fjallleitum lýtur.

Fjallskilaboð gangi sem þingboð um hreppinn og varðar sektum, ef það tefst eða glatast fyrir vanrækslu eða hirðuleysi.

Allir fjáreigendur skulu að forfallalausu, skyldir til að taka við leitarstjórastarfi og hafa það á hendi, svo sem hreppsnefnd vill. Til að sækja sauðfé og hross í réttir utanhrepps skulu ávallt valdir markglöggir og aðgætnir menn, og skulu þeir hafa með sér markaskrá sýslunnar, er ný mörk séu færð inn í.

5. gr.

Fjallaskilaskyldur er hver sá, sem á kindur, hvort sem eru í heimahögum eða ekki, og hross á afrétti. Skal hver leggja til fjallskila það, sem hreppsnefnd ákveður. Hreppsnefndin skal meta allan fjallskilakostnað leitarsvæðisins til peningaverðs, og ber að jafna því gjaldi niður á alla þá, er fjallskilaskyldir eru, eftir réttu hlutfalli. Nefnist sú upphæð fjallskilasjóður. Skal jafnt auratal lagt á hvert hross, þar sem þeim er smalað til réttar, sem á 3 sauðkindur. Þegar fjallskil einhvers nema hálfu dagsverki eða meiru, á hreppsnefnd heimtingu á, að hann leggi mann til fjallskila, ef þörf krefur. Reki menn fénað sinn í aðra hreppa til sumargöngu, eða hafi fé sitt í girðingu yfir sumarið, er hreppsnefnd heimilt að færa niður fjallskilakostnað að nokkru. Full fjallskil greiðast af fé því, sem utanhreppsmenn reka til sumargöngu í hreppinn, og ber sá, er tekur fénaðinn, ábyrgð á greiðslunni. Húsráðendur skulu inna af hendi fjallskil fyrir heimafólk sitt gegn endurgjaldi frá hlutaðeigendum.

Tekjum fjallskilasjóðs skal varið til að greiða kostnað við fjallskil á hausti, gæslukostnað á úrtíningsfé o. fl. eftir ákvæðum hreppsnefndar. Tekjur fjallskilasjóðs hafa lögtaksrétt.

6. gr.

Allir búendur hreppsins eru skyldir að láta smala heimalönd sín fyrir **seinni rétt** svo snemma, að allt ókunnugt fé, er finnast kann í heimalandi, geti náð til réttar, áður en réttarstarf hefst. **Búendur skulu flytja fé sitt til réttar eða í réttarsafn.**

Á eyðijörðum hvílir smölunarskylda á þeim, er hafa á leigu beitarafnot jarðarinnar. Sé jörðin ekki nytjuð á þann hátt, þá sjái hreppsnefnd um smölun á kostnað jarðareiganda. Heimilt er hreppsnefnd að leggja fjallskilakostnað á eigendur eyðijarða og jarða í ábúð, sem ekki hafa sauðfjárbú, sem svara einu dagsverki á hver 30 000 í landverði jarðarinnar samkvæmt fasteignaverði 1971. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða vorsmölun til mörkunar og rúnings ef hún telur ástæðu til.

Enginn má smala ógirt lönd frá 10. júlí til fyrstu réttar, nema með leyfi hlutaðeigandi oddvita.

7. gr.

Aðalhaustleitir skulu vera tvær: **Fyrsta leit** laugardag í 23. viku sumars, nema í Miðdalahreppi, sunnudag í 23. viku sumars, þó aldrei síðar en 25. sept. en ella laugardag í 22. viku sumars. Þessar undantekningar eru frá áður gefinni reglu: Í Haukadalshreppi skal fyrsta leit til Vatnsréttar vera degi fyrr en til Kirkjufellsréttar, en til Fellsendaréttar degi síðar en til Kirkjufellsréttar. Til Dunksréttar skal

leitað degi fyrr en til Hólsréttar. Heimilt er að skipta leitum á tvo daga, ef þörf krefur vegna mannfæðar.

Önnur leit skal á hverjum stað vera tveim vikum síðar en fyrsta leit.

Réttað skal leitardagana í Dunksrétt, Flekkudalsrétt, Tungurétt, Ormsstaðarétt og Skarðsrétt, en í hinum réttunum næsta dag eftir leitardag.

8. gr.

Skilaréttir skulu haldnar daginn eftir aðra leit í öllum hreppum sýslunnar, nema í Gillastaðarétt skal rétta degi síðar.

9. gr.

Eftirleitir fari fram eftir ákvörðun hreppsnefndar. Þurfi að skilja eftir kindur í leitum, hvort sem er í sjálfheldu eða af völdum sjúkdóma eða slysa, sjái viðkomandi leitarstjóri í samráði við oddvita um að ná í fé, sé þess kostur. Kostnaður greiðist úr fjallskilasjóði.

10. gr.

Leitarstjórar skulu gæta þess vandlega, að allir þeir sem menn eiga að leggja til í fjallleitir, sendi svo marga fullgilda leitarmenn, sem hreppsnefnd hefur fyrirskipað, og að allir leitarmenn fylgi fjársafni sínu til réttar. Þeir skulu og sjá um, að leitir fari vel og skipulega fram, að leitarmenn hefji leit sína strax og sauðljóst er orðið, bíði hver eftir öðrum á gangnamótum, að svo miklu leyti sem því verður við komið, og haldi leitunum samhliða.

Ef einhver sendir mann í leit, sem leitarforingi telur óhæfan sökum galla eða ills útbúnaðar, skal vísa honum heim aftur, og er þá sá er slíkan mann sendir, skyldur að borga eins og hann hafi engan sent. Sama gildir um þann, er sendir ófullgildan mann í útréttir.

11. gr.

Ef einhver vanrækir að láta mann til fjallskilastarfa, skulu leitarstjórar eða hreppsnefnd kaupa mann í staðinn, sé þess kostur, og greiði sá manninum, er leitina átti að inna af hendi. Fáist ekki maður til leitarstarfa, greiði sá, er dagsverkið átti að inna af hendi, dagsverkið til fjallskilasjóðs.

III. KAFLI

Um réttir, réttarstörf og úrtíning.

12. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að lögréttir og aukaréttir séu ávallt í góðu standi. Skulu dilkar að jafnaði svo stórir, að eigi þurfi að hleypa út úr þeim fyrr en fjárdrætti er lokið. Hreppsnefndir skulu sjá um, að bílum og dráttartækjum sé fært að lögrétt, og aðstaða sé til að koma réttarfé á bíla eða fjárvagna.

Allir þeir hreppar, er sauðfé gengur saman hjá á sumrum, skulu kosta byggingu og viðhald á hæfilega stórum dilkum við lögrétt þess hrepps, sem fjárvon er í, eftir samkomulagi viðkomandi hreppsnefnda.

Allir einstakir fjáreigendur, er fá upprekstur í öðrum hreppum, sjái sér fyrir dilkaplássi, sé þess krafist af viðkomandi hreppsnefndum.

Kostnaður við byggingu almenningsréttar skal greiðast úr fjallskilasjóði viðkomandi fjallskiladeildar. Heimilt er sveitarstjóra að jafna niður á fjallskilaskylda aðila gjaldi í fjallskilasjóð vegna réttarbyggingar. Hluta af gjaldinu má leggja á landverð jarða, að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda. Sveitarstjórn getur ákveðið framlag sveitarsjóðs.

13. gr.

Valdi réttarbygging gróðurspillingu eða jarðusla, skal endurgjald koma fyrir úr hreppssjóði eftir mati óvilhallra manna, sem sýslumaður tilnefnir.

14. gr.

Lögréttir eru þessar:

Í Hörðudalshreppi á Hóli.
- Miðdalahreppi á Fellsenda.
- Haukadalshreppi við Villingadalsá.
- Laxárdalshreppi á Gillastöðum.
- Hvammshreppi á Skerðingsstöðum.
- Fellsstrandarhreppi í Túngarði.
- Klofningshreppi á Ormsstöðum.
- Skarðshreppi á Geirmundarstöðum.
- Saurbæjarhreppi á Efrimúla.

Aukaréttir eru:

Á Dunki í Hörðudalshreppi.
Á Vatni í Haukadalshreppi.
Í Stórutungu í Fellsstrandarhreppi.

Breyta má um lögréttarstað eftir ákvörðun hreppsnefndar og með samþykki sveitarfundar og sýslunefndar.

15. gr.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar réttarstörfum, nema hreppsnefnd ákveði annað. Hreppstjórar annast löggæslu í réttum.

16. gr.

Enginn má marka kind á eyrum í lögrétt, nema með leyfi réttarstjóra. Ekki má taka fé úr dilkum án hans leyfis.

17. gr.

Réttarstjóri skal hafa gætur á, að ekki séu teknir ómerkingar úr réttinni fyrr en sundurdrætti er lokið. Þá ómerkinga, sem engin ær helgar sér, skal láta í sérstakan dilk, og hleypa þangað þeim ám, sem líkur eru til að vanti lamb undir. Þá ómerkinga, sem af ganga, skal farið með eftir gildandi fyrirmælum.

Þær kindur, sem að dómi tilkvaddra manna, hafa skemmd eyru og ekki er hægt að greina hvaða mark er á, skal farið með sem ómerkinga. Andvirði þeirra kinda, sem enginn sannar eignarrétt sinn á, rennur í sveitarsjóð.

18. gr.

Búanda þeim, sem ábúð hefur á jörð, þar sem lögrétt eða aukarétt er, skal gjalda réttartoll, 1—2 fjallskiladagsverk, eftir samningi hreppsnefndar við viðkomandi jarðeiganda.

19. gr.

Þeir menn, sem sendir eru í lögréttir utan hrepps, skulu skila því sauðfé, er þeir taka í réttinni, á þann hátt sem hreppsnefnd ákveður.

20. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um geymslu fram að skilarétt, á þeim kindum, sem þekkjast, en enginn hirðir í fyrstu rétt.

21. gr.

Ef sauðfé finnst í afréttum eða í heimahögum eftir réttir, þá skal finnandi koma því til byggða, ef kostur er, og tilkynna eiganda eða oddvita.

22. gr.

Fyrir hver árslok skal hreppstjóri láta birta í Lögbirtingablaði mörk og lýsingu á því óskilafé, sem selt hefur verið í hreppnum á árinu. Þeir sem sanna eignarrétt sinn á hinum seldu skepnum fyrir Mikaelsmessu næsta ár, eiga heimtingu á andvirði hins selda búfjár, að frádregnum áföllnum kostnaði. Andvirði óskilapenings, sem enginn sannar eignarrétt sinn á, rennur í sveitarsjóð.

IV. KAFLI
Um mörk og markaskrár.

23. gr.

Fjármörk eru: Eyrnamörk, hornamörk, brennimörk og plötumerki. Hver fjáreigandi er skyldur að hafa glöggt eyrnamark á fé sínu. Skylt er hverjum fjáreiganda að hafa hreppsmerki á fé sínu, brennimark á vinstra horni, ef fé er hyrnt, en ella plötu í vinstra eyra með sömu stöfum og hreppsbrennimarkið.

24. gr.

Skylt er markeiganda að tilkynna mark sitt til prentunar í markaskrá sýslunnar. Mark, sem hvorki er prentað í gildandi markaskrá, né heldur auglýst í Lögbirtingablaði, skal talið niður fallið, og er þá öðrum heimilt að taka það upp. Þó skal sá, er áður átti mark, eiga forgangsrétt til marksins, ef hann tekur það upp innan átta ára.

25. gr.

Sýslunefnd ræður mann til að hafa umsjón með upptöku nýrra marka og að búa markaskrá undir prentun. Markaskrá sé prentuð eigi sjaldnar en áttunda hvert ár.

Í markaskrá skal raða mörkum eftir stafrófsröð.

Vilji einhver taka upp mark milli þess sem markaskrá er prentuð, skal leita samþykkis markavarðar, og lætur hann auglýsa markið í Lögbirtingablaði. Eigendaskipti að mörkum tilkynnist markaverði.

V. KAFLI
Um ágang afréttarpenings o. fl.

26. gr.

Verði mikil brögð að ágangi búfjár úr afrétti í heimahaga, getur sá er fyrir verður gert sveitarstjórn aðvart. Skal hún þá, ef um óeðlilegan ágang er að ræða, skipa fyrir um smölun ágangspenings og rekstur til afréttar eða skilaréttar. Kostnaður greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps eða hreppa, er afréttinn nota.

27. gr.

Skylt er að hafa stórgripi í vörslu, svo að þeir valdi ekki ágangi í högum annarra. Nú verður ágangur búfjár úr einu heimalandi í annað, og getur þá sá er fyrir því verður, kært til hreppsstjóra. Hreppsnefnd er heimilt að setja reglugerð um vörslu búfjár.

28. gr.

Sé ágangspeningur settur inn, skal þess gætt, að hann sé ekki í svelti. Ef innsettur fénaður ferst eða verður fyrir skemmdum, greiðir sá er inn setur bætur til eiganda.

29. gr.

Eigendum búfjár í þéttbýli er skylt að hafa fénað sinn í öruggri girðingu, sé hann innan þess svæðis, sem skipulagt er.

30. gr.

Skepnur, sem sérstaklega eru áleitnar í ræktuð lönd, skal eigandi hirða, þegar tilsagðar eru og setja í örugga vörslu. Vanræki eigandi að hirða tilsagðan fénað má kæra til hreppstjóra.

31. gr.

Telji hreppsnefnd ofsetin beitarlönd á einstökum jörðum í hreppnum eða á afrétti, þá getur hún krafist ítölu, samkv. 17. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42, 12. maí 1969.

VI. KAFLI

Um hross.

32. gr.

Sérhver hrosseigandi er skyldur að hafa glöggt eyrnamark eða önnur merki á hrossum sínum. Hver sá sem hefur hross á afrétti, skal koma þeim á sumargöngu eigi síðar en 8 vikur af sumri, eða þá nægur gróður er kominn, nema land hans liggi svo, að ekki geri hrossin öðrum skaða með ágangi.

33. gr.

Öllum hrossum á afrétti skal smalað til annarrar réttar. Með óskilahross skal farið sem óskilakindur. Þó skulu þau seljast með 3 vikna auglýsingarfresti fyrir söludag og 12 vikna innlausnarfresti eftir söludag. Hross eru ekki í ábyrgð kaupanda fyrr en að innlausnarfresti liðnum. Gjaldfrestur á söluverðinu sé einnig 12 vikur. Kostnað allan greiðir eigandi.

Brot á reglugerð þessari varða sektum frá 5 000 og allt að 50 000 krónum.

34. gr.

Fjallskilareglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. mars 1961 og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42, 12. maí 1969 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin fjallskilareglugerð fyrir Dalasýslu nr. 173 frá 1. október 1962.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. september 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, er hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 43.82 hverja kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 20.94 hverja kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 5 688.00 á ári fyrir allt að 25 m^2 gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, kr. 107.00 fyrir hvern m^2 umfram 25 m^2. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 54.00 á m^2 á ári.

   Séu notaðir flúrskinslampar, natriumlampar eða kvikasilfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásum, er heimilt að miða orkugjald skv. 1. og 2. tölulið við kílóvoltamperstundir í stað kílówattstunda.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 9.52 hverja kWst. og auk þess fastagjald kr. 979.00 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélanotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 20.94 hverja kWst.
2. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 5 kw. Aflgjald skv. kw-mæli á kr. 10 373.00 hvert árs-kw. Auk þess skal greitt orkugjald skv. kWst.-mæli á kr. 3.74 hverja kWst. Minnsta aflgjald er kr. 51 865.00 á ári. Verði raunstuðullinn lægri en 0.8 er heimilt að miða aflgjaldið við 90% af mestu kWst.-notkun í stað mestu kw-notkunar.

D. Hitun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 7.26 hverja kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 9.74 hverja kWst.
3. Um kWst.-mæli á kr. 2.61 hverja kWst. enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar.
4. Um kWst.-mæli á kr. 3.42 hverja kWst. enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar.
5. Um kWst.-mæli á kr. 1.36 hverja kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.
6. Um kWst.-mæli á kr. 1.78 hverja kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, þegar þess er krafist.

d) Að húsnæði fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
e) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, þegar þess er krafist og skal þá tekið fram, við hvaða minnsta útihita hitaþörfin er miðuð.

E. Stórnotkun.

1. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 200 kw.
Aflgjald: kr. 18 905.00 hvert árs-kw.
Orkugjald: kr. 2.11 hverja kWst.
Sala skv. þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem er notuð á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
2. Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur. Um kWst.-mæli á kr. 23.00 hverja kWst.
3. Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu: kr. 60 170.00 hvert árskílówatt, þótt mælitækjum verði ekki við komið, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað eða viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði samkv. tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
4. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. Mælaleiga.

1. Af einfasa mælum ..... kr. 52.00 á mán.
2. Af þrífasa mælum til og með 100 A ..... — 123.00 - —
3. Af þrífasa mælum yfir 100 A ..... — 205.00 - —
4. Af mestumælum ..... — 315.00 - —
5. Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.

II. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu: Fari lengd jarðlínuheimtaugar fram úr 15 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Jarðlína Lágmark Kr.	Jarðlína Yfirlengd Kr./m	Loftlína Lágmark Kr.	Loftlína Yfirlengd Kr./stólpa
		220 V kerfi		
63 A 1-fasa	34 000	1 900	25 700	25 000
100 A 1-fasa	41 200	2 270	32 600	31 300
63 A 3-fasa	42 400	2 270	32 600	31 300
100 A 3-fasa	53 700	2 580	37 000	38 900
125 A 3-fasa	65 800	2 880	46 300	40 800
200 A 3-fasa	102 600	3 910	73 300	46 600
300 A 3-fasa	148 100	4 760		

Málstraumur stofnvara	Jarðlína Lágmark Kr.	Jarðlína Yfirlengd Kr./m	Loftlína Lágmark Kr.	Loftlína Yfirlengd Kr./stólpa
		380 V kerfi		
63 A 1-fasa	34 000	1 900	29 200	25 000
63 A 1-fasa	41 200	1 900	32 600	29 200
63 A 1-fasa	57 600	2 270	44 200	31 300
100 A 3-fasa	91 000	2 580	65 800	38 900
125 A 3-fasa	113 600	2 880	79 900	40 800
200 A 3-fasa	178 100	3 910	126 100	46 600
300 A 3-fasa	256 600	4 760		

Fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að þurfa dreifistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi kr. 1 408.00 á hvert kVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 425, 500 og 630 A. Yfirlengdargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.

Lengd jarðlínuheimtaugar, 63—200 A í 220 V kerfi og 63—125 A í 380 V kerfi reiknast frá varkassa stystu greiðfæru leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug af ofangreindum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa. Þveri jarðlínuheimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með. Lengd stærri jarðlínuheimtaugar, en að ofan greinir, reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegarlengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Yfirlengdin reiknast sem yfirlengd jarðlínu skv. töflu, þótt heimtaugin sé tekin frá loftlínu. Lengd loftlínuheimtaugar, 63—100 A í 220 og 380 V kerfi reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu stystu greiðfæru leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi en 40 m, svo að hún nái löglegri hæð, skal greitt umframgjald kr. 15 000.00 fyrir stólpann. Séu tvær eða fleiri heimtaugar sameiginlegar að hluta er rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga. Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina skv. kostnaði, en gera honum viðvart um það fyrir fram.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin eða ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðlínuheimtaug, vegna breytinga á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, Garðahrepps og Bessastaðahrepps.

III. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar fyrir veituna hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 900.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 900.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar. Sé opnað utan venjulegs vinnutíma, er þó heimilt að krefjast opnunargjalds samkv. kostnaði.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Rafveitunefnd er heimilt að breyta hitatöxtum rafmagns til samræmingar við nágrannaveiturnar.

Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 48% af þeirri hækkun.

Fyrir full 5% sem kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga á grunnkaupi eða kaupgjaldsvísitölu eftir 1. júní 1975, er rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá þessa um 4%.

Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild, að til komi sérstakt samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Söluskattur 18%, 1% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðahitunar og 13% verðjöfnunargjald, samtals 33%, eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema á töxtum D.1, D.3 og D.5.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 174 11. apríl 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 9. september 1975.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

7. ágúst 1975. Nr. 402.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sjóð til rannsókna í dulsálarfræði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. ágúst 1975.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjóð til rannsókna í dulsálarfræði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjóður til rannsókna í dulsálarfræði.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af dr. Erlendi Haraldssyni lektor, séra Jóni Auðuns, fyrrverandi dómprófasti og dr. Símoni Jóhannesi Ágústssyni fyrrverandi prófessor.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50 000.00.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og annað fé sem sjóðnum kann að áskotnast.

5. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja rannsóknir í dulsálarfræði við Háskóla Íslands samkvæmt nánari ákvörðun sjóðstjórnar. Heimilt er í þessu skyni að ráðstafa

tekjum sjóðsins eins og þær eru á hverjum tíma. Óheimilt er að breyta markmiði sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð eftirtöldum mönnum: Dr. Erlendi Haraldssyni, séra Jóni Auðuns og dr. Símoni Jóhannesi Ágústssyni. Formaður sjóðstjórnar er dr. Erlendur Haraldsson. Er sæti stjórnarmanns losnar skulu hinir tveir stjórnarmeðlimir skipa nýjan stjórnarmann.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

9. gr.

Verði sjóðurinn leystur upp skal fjármunum hans varið til dulsálarfræðirannsókna við Háskóla Íslands. Óheimilt er að breyta þessu ákvæði.

Nr. 403. 29. ágúst 1975.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum, nr. 410 27. desember 1973.

1. gr.

Ákvæði reglugerðarinnar að því er varðar Ísafjarðarkaupstað orðist þannig:

Ísafjörður:

Vestfjarðavegur (60) frá Engi um Seljalandsveg, Bæjarbrekku, Túngötu og Fjarðarstræti að ristarhliði nyrst í bænum ásamt álmu um Hafnarstræti og Aðalstræti að bátabryggju.

Í Hnífsdalsbyggð: Vestfjarðavegur (60) frá gatnamótum Dalbrautar um Strandgötu út fyrir Heimabæjarvör svo langt sem sjóvarnargarður nær (um 200 m).

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vegalögum nr. 66 14. júlí 1975, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 29. ágúst 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga í Skagafjarðarsýslu og Sauðárkrókskaupstað.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílstjórafélags Skagafjarðar, en það nær yfir Sauðárkrók og Skagafjarðarsýslu.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 25. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti.

Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélags Skagafjarðar, bæjarstjórnar Sauðárkróks, sýslunefndar Skagafjarðarsýslu, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna.

3. gr.

Vörubílstjórafélag Skagafjarðar rekur vörubifreiðastöð á Sauðárkróki og er óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum á félagssvæði Vörubílstjórafélags Skagafjarðar utan þeirrar stöðvar.

Leiguakstur telst það þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélag Skagafjarðar viðtöku nýjum umsóknum um afgreiðslu fyrir leigubifreiðar til vöruflutninga á stöð félagsins. Skal þá bæta við þeim fjölda vörubifreiða á stöðina, er nægi til þess að fylla hámarkstöluna 25. Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, uns framangreindu marki er náð.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 36 9. maí 1970 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 187 frá 24. nóv. 1967 um hámarkstölu vörubifreiða í Skagafjarðarsýslu og Sauðárkrókskaupstað.

Samgönguráðuneytið, 29. ágúst 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Súðavík nr. 15 9. janúar 1973.

1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

Um gjöld til hafnarinnar.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

2. gr.

Greinar nr. 27—44 falli niður og breytist röð eftirfarandi greina og kafla í samræmi við það.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 29. ágúst 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 406. 29. ágúst 1975.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Súðavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna, eins og hún er mest, skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Lestagjöld.

2. gr.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 6.00 á brúttórúmlest.

b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 3.00 á brúttórúmlest.

c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 6.00 á brúttórúmlest. Þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 400.00 á brúttórúmlest þó aldrei minna en kr. 2 000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Bryggjugjöld.

3. gr.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 3.00 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring, eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 324.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Vörugjöld.

4. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

5. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til annarrar hafnar og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft vörugjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara áfram með sama skipi, enda sé það ákveðið í farmskrá, greiðist ekkert vörugjald.

6. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
b. Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
c. Innlend mjólk og rjómi, sem flutt er til hafnarinnar.
d. Póstur og venjulegur farþegaflutningur.

7. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum, og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

8. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðast eins og þar segir.

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 110.00 fyrir hver 1000 kg.:

Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni (meira en 100 t.) svo sem bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, sement laust og sekkjað, vikur, sekkjaður áburður, sekkjuð kornvara.

2. fl.: Gjald kr. 230.00 fyrir hver 1000 kg.:

Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, aðrar en taldar eru í 1. fl., óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingavörur, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir.

3. fl.: Gjald kr. 640.00 fyrir hver 1000 kg.:

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður.
b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
c. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

4. fl.: Gjald kr. 64.00 fyrir hvern rúmmetra:

Vörur flokkaðar eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%:

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 50.00.

Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

9. gr.

Fyrir að leggja vöru á land hafnarinnar skal greiða kr. 2.00 fyrir hvern fermetra, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burt innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hvern sólarhring. Sama gjald skal greiða fyrir tæki og áhöld hvers konar, sem einstaklingar eiga og láta eða vilja láta standa á landi hafnarinnar. Gjald fyrir slík tæki sem og mikið vörumagn, má ákveða með samningi við hafnarnefnd.

10. gr.

Fyrir vatn til skipa skal greiða:

a. Heimabátar og skip undir 12 brúttórúmlestum kr. 500.00 á ári, 12—50 brúttórúmlestir kr. 2 500.00 á ári, 50 brúttórúmlestir og yfir kr. 3 000.00.
b. Öll önnur skip og bátar skulu greiða kr. 50.00 fyrir hvert tonn af vatni. Gjalddagi er 1. apríl ár hvert.

11. gr.

Gjald fyrir lóðir, geymsluhús eða tæki, sem leigð eru einstaklingum eða félögum, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða samkvæmt samningi.

Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir gjöld þau, sem hér eru fram talin, skal greidd samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

II. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

12. gr.

Skrifstofa hafnarinnar sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin þar.

13. gr.

Skipstjóri eða formaður báts ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda.

Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna, svo og annarra gjalda, er skipinu ber að greiða. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi, uns gjöldin eru að fullu greidd.

Þar sem ekki eru í gjaldskrá þessari ákveðnir fastir gjalddagar, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

14. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar gengið hefur verið frá farmskrá.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum eða andvirði þeirra uns gjaldið er greitt.

15. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 12. gr. hafnalaga. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Dráttarvextir 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð reiknast 2 mánuðum eftir gjalddaga.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 29. ágúst 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Patrekshafnar.

I. KAFLI

Um hafnargjöld í Patrekshöfn.

1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna, eins og hún er mest, skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Lestagjöld.

2. gr.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 6.00 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 3.00 á brúttórúmlest.
c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 6.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 400.00 á brúttórúmlest. Lágmarksgjald kr. 2 000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Bryggjugjöld.

3. gr.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 3.00 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring, eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 324.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Hafnsögugjald.

4. gr.

Hvert það skip, sem fær hafnsögumann til leiðsögu inn á höfnina eða frá henni, um höfnina eða milli hafnarmannvirkja, skal greiða hafnsögugjald.

5. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 1 200.00 fyrir hvert skip, auk kr. 3.00 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
b. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c. Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 250.00 í hafnsögusjóð.

Vörugjöld.

6. gr.

Vörugjöld skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, sem um getur í næstu greinum.

7. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til annarrar hafnar og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft vörugjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara áfram með sama skipi, enda sé það ákveðið í farmskrá, greiðist ekkert vörugjald.

8. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
b. Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
c. Innlend mjólk og rjómi, sem flutt er til hafnarinnar.
d. Póstur og venjulegur farþegaflutningur.

9. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum, og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

10. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðast eins og þar segir.

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 110.00 fyrir hver 1000 kg.:

Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi t. d. bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, sekkjaður áburður, sekkjuð kornvara, sement laust og sekkjað.

2. fl.: Gjald kr. 230.00 fyrir hver 1000 kg.:

Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, aðrar en taldar eru í 1. fl., óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingavörur, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir.

3. fl.: **Gjald kr. 640.00 fyrir hver 1000 kg.:**

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður.
Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum.

b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvötn, snyrtivörur.

c. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

4. fl.: **Gjald kr. 64.00 fyrir hvern rúmmetra:**

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%:

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 50.00.

Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

11. gr.

Fyrir að leggja vöru á land hafnarinnar skal greiða kr. 2.00 fyrir hvern fermetra, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burt innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hvern sólarhring. Sama gjald skal greiða fyrir tæki og áhöld hvers konar, sem einstaklingar eiga og láta eða vilja láta standa á landi hafnarinnar. Gjald fyrir slík tæki sem og mikið vörumagn, má ákveða með samningi við hafnarnefnd.

12. gr.

Gjald fyrir lóðir, geymsluhús eða tæki, sem leigð eru einstaklingum eða félögum, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða samkvæmt samningi.

Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir gjöld þau, sem hér eru fram talin skal greidd samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

II. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

13. gr.

Skrifstofa hafnarinnar sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin þar.

14. gr.

Skipstjóri eða formaður báts ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda.

Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna, svo og annarra gjalda, er skipinu ber að greiða. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi, uns gjöldin eru að fullu greidd.

Þar sem ekki eru í gjaldskrá þessari ákveðnir fastir gjalddagar, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

15. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar gengið hefur verið frá farmskrá.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum eða andvirði þeirra uns gjaldið er greitt.

16. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b, tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipsgjöldin tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Dráttarvextir 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð reiknast 2 mánuðum eftir gjalddaga.

Skipsgjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 29. ágúst 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 408.

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 1974.

A. Rekstrarreikningur.

Tekjur:

1. Hluti af sölugjaldi		kr.	790 463 000.00
2. Hluti af aðflutningsgjöldum		—	472 041 286.00
3. Landsútsvar annarra en banka	kr. 205 778 987.00		
4. ÷ Fjórðungshluti sveitarfélaga	— 51 384 691.00		
		—	154 394 296.00
5. Landsútsvör bænda		—	13 198 458.00
		kr.	1 430 097 040.00
6. Vaxtatekjur		—	20 326 166.00
		Kr.	1 450 423 206.00

Gjöld:

1.	Aukaframlög		kr.	42 100 000.00
2.	Afskrifað v. Innheimtustofnunar 1973		—	531 687.00
3.	Tékkhefti	kr. 1 500.00		
4.	Bætur frá f. árum	— 26 576.00		
			—	28 076.00
			kr.	42 659 763.00
5.	Fólksfækkunarframlög	kr. 15 585 012.00		
6.	Lánasjóður sveitarfélaga	— 15 000 000.00		
7.	Samband ísl. sveitarfélaga 1%	— 14 300 970.00		
8.	Landshlutasamt. sveitarfél. 1%	— 14 300 970.00		
9.	Rekstur Innheimtust. sveitarfél. 1973	— 3 630 171.00		
10.	Rekstur Innheimtust. sveitarfél. 1974	— 6 135 642.00		
			—	68 952 765.00
11.	Framlög til sveitarfélaga		—	1 289 639 423.00
12.	Tekjuafgangur 1974		—	49 171 255.00
			Kr.	1 450 423 206.00

B. Efnahagsreikningur.

Fjármunir:

Veltufjármunir:

1.	Seðlabanki Íslands	kr. 53 862 420.00		
2.	Ríkissjóður	— 111 409 964.00		
3.	Skuldir sveitarfélaga	— 35 780.00		
4.	Innheimtuumdæmi ríkissjóðs	— 113 166 000.00		
			kr.	278 474 164.00

Fastafjármunir:

1.	Innheimtustofnun sveitarfélaga	kr. 179 468 313.00		
2.	Skuldabréf Siglufjarðarkaupstaðar	— 6 000 000.00		
			—	185 468 313.00
			Kr.	463 942 477.00

Fjármagn.

Skammvinnt fjármagn:

Sveitarfélög:

1.	Viðskiptareikningur sveitarfélaga	kr. 3 748 686.00		
2.	Geymslufé v. sveitarfélaga	— 212 121 687.00		
3.	Óinnh. hjá innh. umd. ríkissjóðs	— 113 166 000.00		
			kr.	329 036 373.00
4.	Samband ísl. sveitarfélaga		—	1 103 232.00
5.	Landshlutasamt. sveitarfélaga		—	1 103 232.00
6.	Innh.stofnun kostnaður 1974		—	6 135 642.00
			Kr.	337 378 479.00

Eigið fé:

1. Höfuðstóll 1/1 1974	kr.	74 590 501.00	
2. Endurmat v. fyrri ára	—	2 802 242.00	
3. Tekjuafgangur 1974	—	49 171 255.00	
			— 126 563 998.00
			Kr. 463 942 477.00

Félagsmálaráðuneytið, 10. september 1975.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.
Lára Hafliðadóttir.

8. september 1975. Nr. 409.

SAMÞYKKT
um hundahald í Bessastaðahreppi.

1. gr.
Hundahald í Bessastaðahreppi er bannað.

2. gr.
Sveitarstjórn er þó heimilt að veita einstaklingum, búsettum í hreppnum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
b. Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum og skal upphæð þess við það miðuð. Þarfahundar á lögbýlum eru undanþegnir gjaldi þessu.
c. Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingafélagi. Við árlega greiðslu leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
d. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
e. Leyfi fyrir einstökum hundum eru jafnan háð því, að þeir raski eigi eðlilegri ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara, til óþæginda.
f. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts) svo og fyrirmælum, er heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu kostnaðar vegna brotsins. Einnig má hreppsnefnd skylda hundeiganda til þess að láta hund sinn ekki ganga lausan á almannafæri.

Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

3. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Bessastaðahrepps, staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. september 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 410. 5. september 1975.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Húsavíkurkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur ákveður að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með vatns- og holræsalögnum og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að setja bundið slitlag á götu svo og að ganga endanlega frá gangstétt. Skipting A-gjalds skal vera sem hér segir:

Til gatna- og holræsagerðar	80%
Til vatnsveitu	20%

3. gr.

A-gjald vegna nýbyggingar skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	4.0%
Tvíbýlishús og 2ja hæða íbúðarhús	2.0%
Tveggja hæða raðhús og samb. einbýlishús á einni hæð	1.5%
Fjölbýlishús	0.8%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	4.5%
Opinberar byggingar	3.5%
Iðnaðar- og annað atvinnuhúsnæði, vörugeymslur	1.5%
Verbúðir og gripahús	1.0%

Af kjöllurum, rishæðum og jarðhæðum sem ekki eru notaðar til íbúðar eða atvinnurekstrar svo og bifreiðageymslum. skal greiða hálft gjald.

Gjald skal miða við stærð húss, samkv. samþykktum uppdráttum. Nú er ekki fyrirliggjandi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við þá stærð húss, sem skipu-

lag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús	500 m³
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús	400 m³
Fjölbýlishús	300 m³

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað. Áætla skal nýtingarhlutfall lóðar 0.3—0.5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi.

Framangreindar reglur gilda ef hús er stækkað, að því er til stækkunarinnar tekur.

4. gr.

Gjöld samkv. 3. grein breytast árlega í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir um hver áramót.

5. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds samkv. 3. gr. skulu vera sem hér segir: Við lóðarveitingu skal greiða 70 % af áætluðu gatnagerðargjaldi innan eins mánaðar frá lóðarveitingu. Eftirstöðvar skulu greiðast þegar byggingarleyfi er veitt. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á eftirstöðvum í allt að þrjá mánuði frá lóðarúthlutun.

6. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin og skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjald eftir reglum í gjaldskrá þessari, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseign færist í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna. Þó skal gjaldið aldrei vera lægra en sem nemur 25% af byggingarkostnaði á rúmmetra í vísitöluhúsinu og er það lágmarksgjald fyrir veitt byggingarleyfi eða breytingu á byggingarleyfi svo og önnur erindi afgreidd í byggingarnefnd, sem ekki falla undir þessa reglugerð.

7. gr.

Byggingarfrestur er 8 mánuðir, þ. e. a. s. að lóð fellur aftur til bæjarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

Óski lóðarhafi að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi svo sem hér segir:

50% gatnagerðargjalds endurgreiðast eftir 6 mánuði.

Eftirstöðvar endurgreiðast eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt þegar sú úthlutun fer fram.

8. gr.

Hafi byggingarleyfi verið veitt í byggingarnefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, þ. e. 8 mánaða, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta sem endurnýjaður er, eins og það er þá að frádregnu gatnagerðargjaldi, sem þegar er greitt af sama áfanga.

9. gr.

Lóðin er veitt í því ástandi sem hún er í við afhendingu, og á lóðarhafi engar kröfur á hendur bæjarfélaginu síðar vegna ástands hennar.

Lóðarhafi skal hlíta byggingaskilmálum ef settir eru, svo og öllum þeim lögum og reglum sem til greina kunna að koma.

10. gr.

Bæjarráð getur ákveðið að lækka eða fella niður gatnagerðargjald (A-gjald) af fjölbýlishúsum. Þá er bæjarráði heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, enda liggi til þess fullgild rök hverju sinni. Enn fremur getur bæjarráð ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum að byggingar séu sérhæfðar og afbrigðilegar um notkun og annað slíkt.

11. gr.

B-gjald sem er gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það sem segir í 3. gr., þ. e. til að gera slitlag og gangstétt, skal miða við ákveðinn hluta byggingakostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	2.25%
Tvíbýlishús og 2ja hæða íbúðarhús	1.50%
Tveggja hæða raðhús og samb. einbýlishús á einni hæð (raðh.)	1.20%
Fjölbýlishús	0.60%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	2.00%
Opinberar byggingar	1.50%
Iðnaðar- og annað atvinnuhúsnæði, vörugeymslur	1.00%
Verbúðir og gripahús	0.80%

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss og lóðar samkvæmt fasteignamatsskráningu.

12. gr.

Gjöld samkv. 11. gr. skal miða við þá vísitölu sem í gildi er við staðfestingu þessarar reglugerðar, og síðan við þá vísitölu sem í gildi er þegar lagning bundins slitlags fer fram við hlutaðeigandi götu. Nú breytist vísitala meðan verk fer fram, og skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili sem um er að ræða.

13. gr.

Innheimta skal B-gjald af fasteignum við götur, sem lagðar hafa verið bundnu slitlagi og/eða gangstétt á síðustu 5 árum.

14. gr.

Ganga skal frá greiðslum á gatnagerðargjaldi samkvæmt 11. gr. á eftirfarandi hátt á því ári sem lagning slitlags á viðkomandi götu er ákveðin. Skal við það miðað að gengið hafi verið frá greiðsluskuldbindingum áður en framkvæmdir hefjast við lagningu bundins slitlags.

20% gatnagerðargjalds skulu greidd á framkvæmdaárinu.

Bæjarráð ákveður gjalddaga í hverju tilviki.

80% gatnagerðargjaldsins skal greiða með skuldabréfum, sem greiðast með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum.

Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi fasteign, þau skulu bera 10% vexti er greiðist eftir á, á gjalddaganum 1. júlí ár hvert. Bæjarsjóði er heimilt að selja skuldabréfin þriðja aðila.

Dragist framkvæmdir við viðkomandi götu eftir að gengið hefur verið frá greiðsluskuldbindingum vegna innheimtu B-gjalds, færast gjalddagar til í samræmi við það.

Lokagreiðsla af skuldabréfum skal ekki falla í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð við götu þá sem viðkomandi fasteign er skráð við.

Staðgreiðsluafsláttur skal vera sá sami og nemur innlánsvöxtum af eins árs sparisjóðsbók á hverjum tíma.

15. gr.

Hafi gangstéttargjald áður verið greitt af lóð, skal sú greiðsla koma til frádráttar við álagningu B-gjalds enda hafi það gjald verið innheimt vegna lagningar gangstéttar við viðkomandi götu.

16. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi, skal greiða bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

17. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að víkja frá gjalddögum á B-gjaldi samkv. 14. gr. í eftirfarandi tilfellum:

a) Við innheimtu gatnagerðargjalds af fasteignum við götur, sem þegar hafa verið lagðar bundnu slitlagi að hluta eða fullu.
b) Þegar greiða skal á sama tíma bæði A- og B-gjald, sbr. 16. gr.
c) Þegar í hlut eiga efnalitlir elli- eða örorkulífeyrisþegar.

18. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Bæjarstjórn sker úr meiri háttar ágreiningi sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og nr. 31/1975 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. september 1975.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Ólafsfjarðarhöfn, nr. 321 11. október 1974.

1. gr.

Vörugjöld samkvæmt 26. grein breytast þannig:

1. flokkur: Í stað „Gjald kr. 70.00 pr. tonn“ komi „Gjald kr. 110.00 pr. tonn.“
2. flokkur: Í stað „Gjald kr. 150.00 pr. tonn“ komi „Gjald kr. 230.00 pr. tonn.“
3. flokkur: Í stað „Gjald kr. 400.00 pr. tonn“ komi „Gjald kr. 640.00 pr. tonn.“
4. flokkur: Í stað „Gjald kr. 40.00 pr. rúmmetra“ komi „Gjald kr. 64.00 pr. rúmmetra.“

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 29. ágúst 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 412. 29. ágúst 1975.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Patrekshöfn, nr. 10 9. janúar 1973.

1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

Um gjöld til hafnarinnar.

29. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

2. gr.

Greinar nr. 30—44 falli niður og breytist töluröð eftirfarandi greina í samræmi við það, þannig, að greinar nr. 45 til 49 verði 30 til 34.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 29. ágúst 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um skráningu sérlyfja nr. 48 20. maí 1964.

1. gr.

7. gr. 1. mgr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal gjald að upphæð kr. 4 000.00 fyrir hverja umsókn um skráningu sérlyfs sbr. 3. gr.

2. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af hverju formi sérlyfs, sbr. 9. gr. og 19. gr., sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða 2 000.00 kr. árgjald, er greiðist til sérlyfjasjóðs fyrir 1. febrúar ár hvert.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 62. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerð um breyting á reglugerð um skráningu sérlyfja nr. 220/1973 og reglugerð um breyting á sömu reglugerð nr. 287/1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. september 1975.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

22. ágúst 1975. Nr. 414.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 370, 17. desember 1974, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

2. tl. 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Vörur, sem skipverjar og flugliðar innlendra farartækja flytja sjálfir með sér í fari sínu til persónulegra nota hlutaðeigandi eða skyldmenna hans og keyptar eru fyrir hinn svonefnda áhafnagjaldeyri, kr. 9 000 verðmæti í hverri ferð, sem er 20 daga eða lengur, en kr. 14 000, ef ferðin hefur verið 40 daga eða lengur. Tilsvarandi undanþágа fyrir þá, sem skemur hafa verið í ferð, er kr. 3 000 við hverja komu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30, 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 22. ágúst 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Þórhallur Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um setningu flugreglna.

Samgönguráðuneytið hefur í dag gefið út flugreglur samkvæmt 5. og 89. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964 og gilda þær innan lofthelgi Íslands svo og fyrir loftför skrásett á Íslandi, hvar sem þau eru stödd, svo fremi að þær brjóti ekki í bága við reglur sem út hafa verið gefnar af því ríki sem lögsögu hefur á því svæði er loftfarið flýgur yfir.

Reglurnar eru íslensk þýðing á viðbæti nr. 2 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 2 "Rules of the air") og eru án frávika frá honum. Viðaukar, merktir A, B og C, teljast hluti reglnanna.

Þar sem getið er um "hlutaðeigandi stjórnvald" í greinum 3.1.4, 3.1.5, 3.1.6, 3.1.7 og 3.2.6.2, svo og um "hlutaðeigandi ATS-stjórnvald" í öðrum greinum reglnanna, skal hér átt við flugmálastjórn, og verða tilskilin viðbótarákvæði birt í Flugmálahandbók-AIP-Iceland. Þar eru ennfremur birt ákvæði og upplýsingar um bann-, hafta- og hættusvæði, flugumferðarþjónustu, mörk flugstjórnarrýmis, flugleiðir og flugvelli, sbr. 56., 57. og 90. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964.

Með brot á umræddum reglum skal farið að hætti opinberra mála og varða þau refsingu samkvæmt XIII. kafla laga um loftferðir nr. 34/1964 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Flugreglurnar, sem birtar eru sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, taka gildi 9. október 1975.

Samgönguráðuneytið, 11. september 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Fylgiskjal.

FLUGREGLUR

EFNISYFIRLIT

1. KAFLI — ORÐASKÝRINGAR

2. KAFLI — GILDISSVIÐ FLUGREGLNANNA
- 2.1 Staðbundið gildissvið flugreglnanna.
- 2.2 Hvernig flugreglunum skal fylgt.
- 2.3 Ábyrgð á því að flugreglunum sé fylgt.
- 2.4 Valdssvið flugstjóra.
- 2.5 Neysla áfengis eða æsandi eða deyfandi lyfja o.fl.

3. KAFLI — ALMENNAR REGLUR
- 3.1 Vernd manna og eigna.
- 3.2 Reglur til að afstýra árekstrum.
- 3.3 Upplýsingar um flug.
- 3.4 Merki.
- 3.5 Flugstjórnarþjónusta.
- 3.6 Ólögmætar hindranir.
- 3.7 Einelti.

4. KAFLI — SJÓNFLUGSREGLUR

5. KAFLI — BLINDFLUGSREGLUR
- 5.1 Reglur sem gilda um allt blindflug.
- 5.3 Reglur um blindflug utan flugstjórnarrýmis.

VIÐAUKI A — MERKI
- 1 Neyðarmerki og áríðandi merki.
- 2 Merki sem nota skal ef til eineltis kemur.
- 3 Sýnileg merki sem notuð eru til að gera loftfari viðvart að það sé heimildarlaust þegar það er í eða um það bil að fljúga inn í hafta-, bann- eða hættusvæði.
- 4 Merki ætluð flugvallarumferð.
- 5 Hlaðmerki.

VIÐAUKI B — LJÓS NOTUÐ Á LOFTFÖRUM
- 1 Ljós notuð á flugvélum.
- 2 Ljós notuð á flugvélum á sjó og vatni.

VIÐAUKI C — TAFLA YFIR FARFLUGSLÖG

1. KAFLI - ORÐASKÝRINGAR

Ath. - Í texta þessara reglna er hugtakið "þjónusta" notað sem sértækt nafnorð er táknar starfsemi eða veitta þjónustu; hugtakið "deild" er notað til að tákna alla þá aðilja er sameiginlega veita þessa þjónustu.

Þegar eftirfarandi hugtök eru notuð í reglum þessum hafa þau þá merkingu sem hér greinir:

Aðflugsstjórn (Approach control office). Deild sem veitir flugstjórnarþjónustu við aðflug og brottflug við einn eða fleiri flugvelli þegar um stjórnað flug er að ræða.

Aðflugsstjórnarsvæði (Terminal control area). Flugstjórnarsvæði sem venjulega er komið þar fyrir sem ATS-leiðir mætast í námunda við einn eða fleiri aðalflugvelli.

Aðflugsstjórnarþjónusta (Approach control service). Flugstjórnarþjónusta við stjórnað flug í aðflugi og brottflugi.

Akbraut (Taxiway). Tiltekin braut á flugvelli, ætluð eða gerð fyrir akstur loftfara.

Athafnasvæði (Movement area). Sá hluti flugvallar sem ætlaður er fyrir ferðir loftfara á jörðu, þar með talin umferðarsvæði og hlöð.

ATS (Air traffic services). Alþjóðlegt tákn sem notað er um flugumferðarþjónustu.

ATS-leið (ATS route). Tiltekin leið sem flugumferð er beint eftir, svo sem nauðsynlegt þykir þegar flugumferðarþjónusta er veitt.

Ath. - Hugtakið "ATS-leið" er notað ýmist til að tákna flugleið, aðflugsleið, brottflugsleið, ráðgjafarleið o.s.frv.

Bannsvæði (Prohibited area). Tiltekið loftrými innan lofthelgi ríkis þar sem flug loftfara er bannað.

Blindaðflug (Instrument approach procedure). Fyrir fram ákveðin viðbrögð loftfars, þegar blindflugsskilyrði eru, frá frumaðflugi til lendingar eða til staðar þaðan sem hægt er að lenda við jarðsýn.

Blindflug (IFR flight). Flug samkvæmt blindflugsreglum (IFR).

Blindflugsskilyrði (Instrument meteorological conditions). Veðurskilyrði neðan við lágmark sjónflugsskilyrða, tilgreind sem skyggni, fjarlægð frá skýjum og skýjaþekju.

Ath. - Lágmark sjónflugsskilyrða er tilgreint í 4. kafla.

Farflugsklifur (Cruise climb). Farflugsaðferð sem eykur flughæð eftir því sem flugvélin léttist.

Farflugslag (Cruising level). Lag sem haldið er óbreyttu á verulegum hluta flugs.

Ferill (Track). Leið loftfars, miðuð við yfirborð jarðar; leiðaráttin venjulega tilgreind í gráðum frá norðri (réttvísandi, misvísandi eða net-).

Flugáætlun (Flight plan). Tilteknar upplýsingar um fyrirhugað flug eða hluta þess, látnar flugumferðarþjónustudeild í té.

Flugbraut (Runway). Afmarkað, rétthyrnt svæði á flugvelli, gert til flugtaks og lendingar loftfars eftir fletinum endilöngum.

Flugheimild (Air traffic control clearance). Heimild veitt loftfari til aðgerða í samræmi við tiltekin skilyrði sem sett eru af flugstjórnardeild.

Ath. 1 - Til hagræðis er hugtakið "flugheimild" oft stytt í "heimild" þegar það er notað í viðeigandi samhengi.

Ath. 2 - Fyrir framan orðið "heimild" má setja orðin "aksturs-", "flugtaks-", "brottflugs-", "leiðar-", "aðflugs-" eða "lendingar-" til að auðkenna þann hluta flugsins sem flugheimildin nær til.

Flugheimildarmörk (Clearance limit). Staður á lofti eða á jörðu sem flugheimild gildir til.

Flughæð (Altitude). Lóðrétt fjarlægð lárétts lags, punkts eða hlutar, sem litið er á sem punkt, mæld frá meðalsjávarmáli.

Flugleið (Airway). Flugstjórnarsvæði eða hluti þess í gervi loftganga, sem búin eru radíó-leiðsögutækjum.

Fluglög (Flight levels). Fletir með jöfnum loftþrýstingi, sem miðaðir eru við ákveðið loftþrýstimið, 1013,2 mb (29,92 þumlungar Hg), og aðgreindir eru af tilteknum loftþrýstingsmun.

Ath. 1 - Þrýstingshæðarmælir, sem kvarðaður er samkvæmt ICAO-reglum um staðlaðan lofthjúp:
a) sýnir flughæð þegar hann er stilltur á QNE,
b) sýnir hæð yfir QFE viðmiðun þegar hann er stilltur á QFE,
c) sýnir fluglag, þegar hann er stilltur á 1013,2 mb (29,92 þumlunga Hg).

Ath. 2 - Hugtökin "hæð" og "flughæð", sem tilgreind eru í ath. 1 hér að ofan, fela í sér stöðu hæðarmælis fremur en raunverulegar hæðir.

Flugmalahandbók - AIP (Aeronautical Information Publication - AIP). Bók, sem gefin er út af flugmálastjórn ríkis og í er varanleg fræðsla nauðsynleg við flug og flugrekstur.

Flugradíóstöð (Aeronautical station). Radíóstöð á landi sem veitir loftförum farstöðvarþjónustu. Í sérstökum tilvikum getur slík stöð verið um borð í skipi eða í gervihnetti.

Flugskyggni (Flight visibility). Skyggni fram á við úr stjórnklefa loftfars á flugi.

Flugstjóri (Pilot-in-command). Flugmaður sem ábyrgð ber á ferðum og öryggi loftfars meðan á flugtíma stendur.

Ath. - Flugtími er tíminn frá því að loftfarið hreyfist af stað af eigin afli fyrir flugtak þar til það stöðvast að afloknu flugi.

Flugstjórnardeild (Air traffic control unit). Almennt hugtak sem táknar ýmist flugstjórnarmiðstöð, aðflugsstjórn eða flugturn.

Flugstjórnarmiðstöð (Area control centre). Deild, sem veitir flugstjórnarþjónustu við stjórnað flug á flugstjórnarsvæðum er undir hana heyra.

Flugstjórnarrými (Controlled airspace). Loftrými af tiltekinni stærð þar sem flugstjórnarþjónusta er veitt við stjórnað flug.

Flugstjórnarrými (eingöngu blindflug) (Controlled airspace-instrument restricted) Flugstjórnarrými þar sem eingöngu er leyft blindflug.

Flugstjórnarrými (blindflug/sjónflug) (Controlled airspace-instrument/visual) Flugstjórnarrými þar sem eingöngu er leyft blindflug og stjórnað sjónflug.

Flugstjórnarrými (sjónflug leyft) (Controlled airspace-visual exempted). Flugstjórnarrými þar sem leyft er bæði blindflug og sjónflug, en sjónflug ekki háð flugumferðarstjórn.

Flugstjórnarsvið (Control zone). Flugstjórnarrými sem nær frá jörðu upp að tilteknum efri mörkum.

Flugstjórnarsvæði (Control area). Flugstjórnarrými sem nær frá tiltekinni hæð yfir jörðu upp í ótakmarkaða hæð ef efri mörk eru ekki tilgreind.

Flugstjórnarsvæðisþjónusta (Area control service). Flugstjórnarþjónusta veitt við stjórnað flug á flugstjórnarsvæðum.

Flugstjórnarþjónusta (Air traffic control service). Þjónusta veitt í því skyni að:
1) koma í veg fyrir árekstra:
   a) milli loftfara - og
   b) milli loftfara og hindrana á umferðarsvæði flugvallar - og
2) flýta fyrir og stuðla að skipulegri flugumferð.

Flugturn (Aerodrome control tower). Deild sem veitir flugstjórnarþjónustu við flugvallarumferð.

Flugturnsþjónusta (Aerodrome control service). Flugstjórnarþjónusta við flugvallarumferð.

Flugumferð (Air traffic). Öll loftför á flugi eða á ferð á umferðarsvæði flugvallar.

Flugumferðarþjónusta (Air traffic service). Almennt hugtak sem táknar ýmist flugupplýsingaþjónustu, viðbúnaðarþjónustu, ráðgjafarþjónustu, flugstjórnarþjónustu, flugstjórnarsvæðisþjónustu, aðflugsstjórnarþjónustu eða flugturnsþjónustu.

Flugumferðarþjónustudeild (Air traffic services unit). Almennt hugtak sem táknar ýmist flugstjórnardeild, flugupplýsingamiðstöð eða flugvarðstofu.

Flugupplýsingamiðstöð (Flight information centre). Deild sem veitir flugupplýsinga- og viðbúnaðarþjónustu.

Flugupplýsingasvæði (Flight information region). Loftrými af tiltekinni stærð þar sem flugupplýsinga- og viðbúnaðarþjónusta er veitt.

Flugupplýsingaþjónusta (Flight information service). Þjónusta, sem felst í ráðleggingum og upplýsingum sem stuðla að öryggi og hagkvæmni flugs.

Flugvallarumferð (Aerodrome traffic). Öll umferð á umferðarsvæði flugvallar og öll loftför á flugi í nánd við flugvöll.

Ath. - Loftfar er í nánd við flugvöll þegar það er í umferðarhring flugvallar, er að koma inn í hann eða er að fara út úr honum.

Flugvarðstofa (Air traffic services reporting office). Deild, sem tekur við tilkynningum um flugumferðarþjónustu og flugáætlunum fyrir brottför.

Ath. - Flugvarðstofa getur verið sérstök deild eða sameinuð annarri flugumferðarþjónustudeild eða deild úr upplýsingaþjónustu flugmála.

Flugvél (Aeroplane). Vélknúið loftfar, þyngra en loft, sem helzt á flugi aðallega vegna verkana loftsins á vængfleti sem eru óhreyfanlegir meðan á tilteknum þætti flugs stendur.

Flugverji (Flight crew member). Áhafnarliði sem er handhafi flugliðaskírteinis, og falið er starf sem nauðsynlegt er við starfsemi loftfarsins meðan á flugtíma stendur.

Flugvöllur (Aerodrome). Tiltekið svæði (að meðtöldum byggingum og búnaði), sem ætlað er að nokkru eða öllu leyti til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara.

Flugvöllur með flugturni (Controlled aerodrome). Flugvöllur þar sem veitt er flugstjórnarþjónusta við flugvallarumferð.

Ath. - Hugtakið "flugvöllur með flugturni" felur í sér að flugstjórnarþjónusta sé veitt við flugvallarumferð, en merkir ekki skilyrðislaust, að flugstjórnarsviði sé til að dreifa. Flugstjórnarsviðs er krafist við flugvelli þar sem veitt er flugstjórnarþjónusta við blindflug en ekki krafist þar sem hún er eingöngu veitt við sjónflug.

Gildandi flugáætlun (Current flight plan). Flugáætlun með þeim breytingum sem á henni kunna að hafa verið gerðar með flugheimildum.

Haftasvæði (Restricted area). Tiltekið loftrými í lofthelgi ríkis þar sem flug loftfara er háð tilteknum höftum.

Hlað (Apron). Tiltekið svæði á flugvelli ætlað loftförum við fermingu, affermingu áfyllingu, stöðu og viðhald.

Hlutaðeigandi stjórnvald (Appropriate authority).
1) Um flug yfir úthaf:
Stjórnvald, sem máli skiptir, í skrásetningarríki loftfarsins.
2) Um annað flug:
Stjórnvald, sem máli skiptir, í því ríki sem lögsögu hefur á því svæði sem flogið er yfir.

Hlutaðeigandi ATS-stjórnvald (Appropriate ATS authority). Stjórnvald, sem máli skiptir og tilnefnt er af því ríki sem ábyrgt er fyrir veitingu flugumferðarþjónustu í umræddu loftrými.

Hæð (Height):
1) Lóðrétt fjarlægð lárétts lags, punkts eða hlutar sem litið er á sem punkt, mæld frá tiltekinni viðmiðun.

Ath. - Viðmiðuninni getur verið lýst í texta eða skýringum þess rits sem tilgreinir umgetna hæð.

2) Lóðrétt mál tiltekins hlutar.

Ath. - Orðið "hæð" getur einnig verið notað um aðrar stærðir en lóðréttar, t.d. hæð bókstafs eða tölustafs sem málaður er á flugbraut.

Hættusvæði (Danger area). Tiltekið loftrými þar sem starfsemi hættuleg flugumferð getur átt sér stað á tilteknum tímum.

IFR (Instrument flight rules). Alþjóðlegt tákn sem notað er um blindflugsreglur.

IMC (Instrument meteorological conditions). Alþjóðlegt tákn sem notað er um blindflugsskilyrði.

Lag (Level). Almennt hugtak sem varðar lóðrétta stöðu loftfars á flugi og á ýmist við hæð, flughæð eða fluglag.

Lendingarsvæði (Landing area). Sá hluti athafnasvæðis flugvallar sem ætlaður er fyrir lendingar og flugtök loftfara.

Listflug (Acrobatic flight). Flugbrögð sem gerð eru af ásettu ráði og fela í sér snöggar breytingar á flugstöðu, óeðlilega flugstöðu eða óeðlilega hraðabreytingu.

Loftfar (Aircraft). Sérhvert það tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annara en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.

Merkjareitur (Signal area). Reitur á flugvelli þar sem komið er fyrir merkjum til leiðbeiningar loftförum.

Ráðgjafarleið (Advisory route). Leið innan flugupplýsingasvæðis þar sem ráðgjafarþjónustu er til að dreifa.

Ráðgjafarrými (Advisory airspace). Almennt hugtak sem ýmist táknar ráðgjafarsvæði eða ráðgjafarleið(ir).

Ráðgjafarsvæði (Advisory area). Tilgreint svæði innan flugupplýsingasvæðis þar sem ráðgjafarþjónustu er til að dreifa.

Ráðgjafarþjónusta (Air traffic advisory service). Þjónusta veitt loftförum á blindflugi innan ráðgjafarrýmis í því skyni að stuðla að því að aðskilnaður sé á milli þeirra.

Sérlegt sjónflug (Special VFR flight). Stjórnað sjónflug er flugumferðarstjórn heimilar á flugstjórnarsviði við veðurskilyrði sem eru verri en sjónflugsskilyrði.

Sérstaða flugs (Flight status). Upplýsingar um það hvort tiltekið loftfar þarfnist sérstakrar afgreiðslu flugumferðarþjónustudeilda eða ekki.

Sjónflug (VFR flight). Flug samkvæmt sjónflugsreglum (VFR).

Sjónflugsskilyrði (Visual meteorological condition). Veðurskilyrði sem eru tilgreind sem skyggni, fjarlægð frá skýjum og skýjaþekju og eru jöfn eða betri en tilgreind lágmörk.

Ath. - Hin tilgreindu lágmörk er að finna í 4. kafla.

Skiptihæð (Transition altitude). Hæsta flughæð í námunda við flugvöll þar sem miða skal lóðrétta stöðu loftfars við flughæð.

Skráð flugáætlun (Filed flight plan). Flugáætlun sem flugmaður eða tilnefndur fulltrúi hans hefur skráð hjá flugumferðarþjónustudeild án breytinga sem seinna kunna að hafa verið gerðar á henni.

Skýjaþekja (Ceiling). Hæð neðra borðs skýjalags sem er fyrir neðan 20.000 fet (6.000 m) yfir láði eða legi og þekur meira en helming himinhvolfsins.

Skyggni (Visibility). Færni til þess að sjá og greina áberandi óupplýsta hluti að degi til og áberandi upplýsta hluti að næturlagi, mörkuð af ástandi andrúmsloftsins og tilgreind í fjarlægðareiningum.

Stefna (Heading). Átt sú, sem langás loftfars vísar í, venjulega tilgreind í gráðum frá norðri (réttstefna, segulstefna, kompásstefna eða netstefna).

Stjórnað flug (Controlled flight). Flug sérhvers loftfars sem veitt er flugstjórnarþjónusta.

Stjórnað sjónflug (Controlled VFR flight). Stjórnað flug í samræmi við sjónflugsreglur.

Stöðumið (Reporting line - Reporting point). Tiltekin lína eða staður á jörðu sem loftfar getur miðað við er það tilkynnir stöðu sína.

Umferðarsvæði (Manæuvring area). Sá hluti flugvallar sem ætlaður er fyrir flugtök og lendingar loftfara og ferðir þeirra í sambandi við flugtök og lendingar, að hlöðum þó undanskildum.

Vallarskyggni (Ground visibility). Skyggni á flugvelli tilkynnt af viðurkenndum athuganda.

Vallarsvið (Aerodrome traffic zone). Tiltekið loftrými umhverfis flugvöll til öryggis flugvallarumferð.

Varaflugvöllur (Alternate aerodrome). Flugvöllur sem tilgreindur er í flugáætlun og fljúga má til þegar óráðlegt þykir að lenda á ákvörðunarstað.

Ath. - Brottfararflugvöllurinn getur verið varaflugvöllur.

VFR (Visual flight rules). Alþjóðlegt tákn sem notað er um sjónflugsreglur.

Viðbúnaðarþjónusta (Alerting service). Þjónusta sem tilkynnir viðeigandi stofnunum, þegar nauðsyn er leitar- og björgunaraðgerða vegna loftfara, og er til aðstoðar slíkum stofnunum eftir þörfum.

VMC (Visual meteorological conditions). Alþjóðlegt tákn sem notað er um sjónflugsskilyrði.

Væntanlegur aðflugstími (Expected approach time). Tími sá, er flugumferðarstjórn væntir að loftfar í aðflugi, sem orðið hefur fyrir töf, geti farið frá biðstöðumiði og lokið aðflugi til lendingar.

Ath. - Aðflugsheimildin tilgreinir síðan hvenær loftfarið má fara frá biðstöðumiði.

2. KAFLI - GILDISSVIÐ FLUGREGLNANNA

2.1 STAÐBUNDIÐ GILDISSVIÐ FLUGREGLNANNA

2.1.1 Flugreglur þessar skulu gilda innan lofthelgi Íslands og fyrir loftför skrásett á Íslandi, hvar sem þau eru stödd, svo fremi að þær brjóti ekki í bága við reglur sem út hafa verið gefnar af því ríki sem lögsögu hefur á því svæði er loftfarið flýgur yfir.

Ath. 1 - Við fullgildingu viðbætis nr. 2 (ICAO Annex 2) í apríl 1948 og breytingu nr. 1 á þeim viðbæti í nóvember 1951 ákvað fastaráð ICAO að umræddur viðbætir hefði að geyma reglur um flug og annan rekstur loftfara í skilningi 12. greinar stofnskrár ICAO. Yfir úthafi gilda reglur þessar því án undantekningar.

Ath. 2 - Þó að stofnskráin feli skrásetningarríki tiltekin verkefni, sem því er heimilt eða skylt að sinna eftir því sem við á, hefur þing ICAO viðurkennt í þingsályktun A18-16 að skrásetningarríkinu geti verið ókleift að rækja skyldur sínar á fullnægjandi hátt þegar um er að ræða leigu eða skipti á loftförum, einkum án áhafna, til flugfélags annars ríkis og í slíkum tilvikum geti verið að stofnskráin tilgreini ekki á fullnægjandi hátt réttindi og skyldur ríkis þess flugfélags. Án þess að taka afstöðu til þess hvort þörf sé breytinga á stofnskránni í sambandi við verkaskiptingu ríkja hefur fastaráðið því í ofangreindum tilvikum hvatt skrásetningarríki til að framvísa þeim verkefnum, sem það telur sér ófært að sinna á fullnægjandi hátt, til ríkis hlutaðeigandi flugfélags, svo framarlega sem það ríki er því samþykkt og telur sér betur fært að sinna þeim en skrásetningarríkinu. Um það ríkir skilningur, að framangreindar ráðstafanir eru einungis gerðar í hagkvæmnis skyni og munu ekki hafa áhrif á ákvæði Chicago-stofnskrárinnar þar sem tilgreindar eru skyldur skrásetningarríkis eða einhvers þriðja ríkis.

2.1.2 Ef - og svo lengi sem aðildarríki hefur ekki tilkynnt ICAO annað - skal litið svo á að það hafi samþykkt eftirfarandi tilhögun um loftför sem það hefur skrásett:
Þegar um er að ræða flug yfir þau svæði úthafsins, þar sem aðildarríki hefur tekið að sér ábyrgð á veitingu flugumferðarþjónustu á grundvelli alþjóðlegs, svæðisbundins loftferðasamkomulags, á "hlutaðeigandi ATS-stjórnvald" í reglum þessum við það stjórnvald sem tilnefnt er af ríki því sem ábyrgð ber á veitingu þeirrar þjónustu.

Ath. - Orðasambandið "alþjóðlegt, svæðisbundið loftferðasamkomulag" táknar samkomulag, sem fastaráð ICAO hefur samþykkt, vanalega að ráði flugmálaráðstefnu (Regional Air Navigation Meeting).

2.2 HVERNIG FLUGREGLUNUM SKAL FYLGT

Starfsemi loftfara, hvort heldur er á flugi eða á umferðarsvæði flugvallar, skal vera í samræmi við almennar reglur 3. kafla og auk þess, þegar þau eru á flugi, annaðhvort í samræmi við:
a) sjónflugsreglurnar (VFR) í 4. kafla, eða
b) blindflugsreglurnar (IFR) í 5. kafla.

Ath. - Flugmaður getur kosið að fljúga samkvæmt blindflugsreglum, þótt sjónflugsskilyrði séu, eða þess kann að vera krafist af honum af hlutaðeigandi ATS-stjórnvaldi.

2.3 ÁBYRGÐ Á ÞVÍ AÐ FLUGREGLUNUM SÉ FYLGT

2.3.1 Ábyrgð flugstjóra

Flugstjóri loftfars skal, hvort sem hann hefur hönd á stjórntækjunum eða ekki, vera ábyrgur fyrir því að starfsemi loftfarsins sé í samræmi við flugreglurnar. Honum skal þó heimilt að víkja frá reglunum þegar slíkt frávik er bráðnauðsynlegt af öryggisástæðum.

2.3.2 Flugundirbúningur

Áður en flug er hafið skal flugstjóri kynna sér allar tiltækar upplýsingar sem flugið varða. Við undirbúning flugs úr nágrenni flugvallar, svo og við allt blindflug, skal athuga nákvæmlega tiltækar veðurskýrslur og veðurspár og hliðsjón skal höfð af eldsneytisþörf og vararáðstöfunum ef ekki reyndist unnt að ljúka fluginu samkvæmt áætlun.

2.4 VALDSVIÐ FLUGSTJÓRA

Flugstjóri skal hafa óskorað vald yfir starfsemi loftfars meðan hann hefur stjórn þess á höndum.

2.5 NEYSLA ÁFENGIS EÐA ÆSANDI EÐA DEYFANDI LYFJA O.FL.

Enginn flugverji má hafa á hendi starfa í loftfari ef hann er vegna neyslu áfengis, æsandi eða deyfandi lyfja, vegna sjúkdóms eða þreytu eða annarra líkra orsaka óhæfur til að rækja starfann á tryggilegan hátt. Nú er vínandamagn í blóði flugstjóra eða annars flugverja yfir 0,4 o/oo eða áfengi er í líkama hans, sem leitt getur til slíks vínandamagns í blóðinu, og telst hann þá undir áhrifum áfengis og eigi hæfur til starfa í loftfari. Eigi leysir það aðilja undan sök þótt hann ætli vínanda í blóði sínu minni.
Flugstjóri og flugverjar, sem teljast til áhafnar loftfara, mega ekki neyta áfengis síðustu 18 klukkustundir áður en störf eru hafin né heldur meðan þeir eru að starfi. Varðar það að jafnaði missi skírteinis um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

3. KAFLI - ALMENNAR REGLUR

3.1 VERND MANNA OG EIGNA

3.1.1 Vanræksla eða gáleysi við stjórn loftfara

Við stjórn loftfars skal hvorki sýna vanrækslu né gáleysi þannig að lífi eða eignum annarra geti stafað hætta af.

3.1.2 Lágmarkshæðir

Loftförum skal flogið í nægilegri hæð yfir þéttbýlum hlutum borga, bæja eða þorpa, eða yfir útisamkomum, þannig að hægt sé að nauðlenda án þess að stofna mönnum eða eignum á jörðu niðri í verulega hættu. Undanþága frá þessu ákvæði er þegar nauðsyn krefur við flugtök og lendingar eða þegar sérstakt leyfi hefur fengist frá hlutaðeigandi stjórnvaldi.

Ath. - Sjá 4.4 um lágmarkshæðir fyrir sjónflug og 5.1.2 um lágmarkslög fyrir blindflug.

3.1.3 Farflugslög

Farflugslög, sem flogið skal í á tilteknu flugi eða hluta þess, skulu miðuð við:

a) fluglög, fyrir leiðarflug (en-route flights) í eða ofar lægsta nothæfa fluglagi,
b) flughæðir, fyrir leiðarflug fyrir neðan lægsta nothæft fluglag, og eins og við á, fyrir aðflug og brottflug neðan við skiptihæð

nema öðruvísi sé mælt fyrir á grundvelli alþjóðlegs, svæðisbundins loftferðasamkomulags eða af ríki því sem lögsögu hefur á því svæði sem flogið er yfir.

Ath. 1 - Farfluglagakerfið er nánar útskýrt í "Procedures for Air Navigation Services - Aircraft Operations (ICAO Doc. 8168-OPS/611)".

Ath. 2 - Orðasambandið "alþjóðlegt, svæðisbundið loftferðasamkomulag" táknar samkomulag sem fastaráð ICAO hefur samþykkt, vanalega að ráði flugmálaráðstefnu (Regional Air Navigation Meeting).

3.1.4 Útkast hluta eða úðun frá loftfari

Engu skal kastað fyrir borð loftfars á flugi né heldur úðað frá því nema fullnægt sé skilyrðum sem hlutaðeigandi stjórnvald setur og tekin eru fram í viðeigandi upplýsingum, ráðgjöf og/eða heimildum frá hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild.

3.1.5 Flugtog

Ekkert loftfar eða annar hlutur skal dreginn í flugtogi af loftfari nema fullnægt sé kröfum sem hlutaðeigandi stjórnvald setur og teknar eru fram í viðeigandi upplýsingum, ráðgjöf og/eða heimildum frá hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild.

3.1.6 Fallhlífastökk

Fallhlífastökk, önnur en þau sem gerð eru í neyðar skyni, skulu ekki heimil nema fullnægt sé skilyrðum sem hlutaðeigandi stjórnvald setur um það efni og tekin eru fram í viðeigandi upplýsingum, ráðgjöf og/eða heimildum frá hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild.

3.1.7 Listflug

Listflug er bannað nema fullnægt sé skilyrðum sem hlutaðeigandi stjórnvald setur um það efni og tekin eru fram í viðeigandi upplýsingum, ráðgjöf og/eða heimildum frá hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild.

3.1.8 Bannsvæði og haftasvæði
Loftfari skal ekki flogið á bann- eða haftasvæði sem hefur verið hæfilega auglýst nema flogið sé í samræmi við ákvæði haftanna eða samkvæmt leyfi ríkis þess sem hefur ákveðið svæðin.

3.2 REGLUR TIL AÐ AFSTÝRA ÁREKSTRUM

Ath. - Áríðandi er að ekki sé linað á árvekni gagnvart árekstrarhættu, meðan loftfar er á flugi, eða akstri á umferðarsvæði flugvallar.

3.2.1 Nálægð

3.2.1.1 Loftfar skal ekki vera á ferð svo nálægt öðru loftfari að af því geti stafað árekstrarhætta.

3.2.1.2 Loftförum skal ekki flogið í fylkingu nema áður hafi verið gert um það samkomulag.

3.2.2 Leiðarréttur
Loftfar, sem á leiðarrétt, skal halda stefnu sinni og hraða en ekkert í reglum þessum leysir flugstjóra loftfars undan þeirri skyldu að gera hverjar þær ráðstafanir sem best geta afstýrt árekstri. Loftfar, sem samkvæmt eftirfarandi reglum verður að víkja fyrir öðru loftfari, skal varast að fara fram hjá því, fyrir ofan það eða neðan, eða fara þvert fyrir það nema í öruggri fjarlægð.

3.2.2.1 Ferlar mætast. Þegar tvö loftför nálgast á sem næst gagnstæðum ferli og hætta er á árekstri skal hvort um sig breyta stefnu til hægri.

3.2.2.2 Ferlar skerast. Þegar ferlar tveggja loftfara skerast nokkurn veginn í sama lagi skal það loftfarið víkja sem hefur hitt á hægri hönd, þó með þeim undantekningum, sem hér segir:
a) vélknúin loftför, þyngri en loft, skulu víkja fyrir loftskipum, svifflugum og loftbelgjum,
b) loftskip skulu víkja fyrir svifflugum og loftbelgjum,
c) svifflugur skulu víkja fyrir loftbelgjum,
d) vélknúin loftför skulu víkja fyrir loftförum sem hafa önnur loftför eða hluti í flugtogi.

3.2.2.3 Farið fram úr. Það loftfar telst hafa farið fram úr sem nálgast annað loftfar aftan frá þannig að stefnumunur þeirra sé minni en 70 gráður, þ.e. í slíkri afstöðu að í myrkri gæti það ekki séð þau siglingaljós hins sem um er getið í 1.1.1 a) eða b) í viðauka B. Loftfar, sem farið er fram úr, á leiðarrétt en loftfar það, sem fram úr fer, skal, hvort sem það er í stígandi, lækkandi eða láréttu flugi, varast hitt loftfarið með því að breyta stefnu til hægri og skulu engar þær breytingar, sem verða kunna á afstöðu loftfaranna hvors til annars, leysa það loftfarið, sem fram úr ætlar, frá þessari skyldu fyrr en það er vel komið fram hjá hinu.

3.2.2.4 Lending

3.2.2.4.1 Loftfar á flugi eða á ferð á láði eða legi skal víkja fyrir loftfari sem er að lenda eða er komið að lokastigi aðflugs til lendingar.

3.2.2.4.2 Þegar tvö eða fleiri loftför, þyngri en loft, nálgast flugvöll í lendingar skyni skal það loftfarið, sem hærra er, víkja fyrir hinu lægra, sem þó má ekki notfæra sér þessa reglu til þess að fara beint í veg fyrir annað loftfar, sem er komið að lokastigi aðflugs til lendingar, eða fara fram úr því. Þó skulu vélknúin loftför, þyngri en loft, víkja fyrir svifflugum.

3.2.2.4.3 Nauðlending. Loftfar, sem verður þess vart að annað loftfar neyðist til að lenda, skal víkja fyrir því.

3.2.3 Ljós notuð á loftförum
Frá sólarlagi til sólarupprásar, eða á einhverju því tímabili frá sólarlagi til sólarupprásar sem ákveðið er af hlutaðeigandi ATS-stjórnvaldi, skulu öll loftför á flugi, eða á ferð á umferðarsvæði flugvallar, nota ljós sem tilgreind eru í viðauka B. Engin önnur ljós má nota sem gætu verið misskilin fyrir ljós þau sem tilgreind eru í viðauka B.

Ath. - Sjá 3.2.6.2 um loftför á sjó eða vatni.

3.2.4 Gerviblindflug
Loftfari skal ekki flogið í gerviblindflugi nema því aðeins að:
a) fullvirkur, tvöfaldur stýrisbúnaður sé í loftfarinu, og
b) flugmaður með tilskilin réttindi sé í stjórnsæti sem öryggisflugmaður fyrir þann, sem flýgur gerviblindflugið. Skal hann hafa nægilega útsýn fram á við og til beggja handa en að öðrum kosti skal hafur athugandi, sem samband hefur við öryggisflugmanninn, hafa sæti þar í loftfarinu sem útsýn er nægileg til að bæta upp það útsýnissvið sem á vantar hjá öryggisflugmanni.

3.2.5 Athafnir loftfara á flugvelli og í nágrenni hans

3.2.5.1 Loftfar á ferð á flugvelli eða í námunda við hann skal, hvort heldur það er innan vallarsviðs eða ekki:
a) fylgjast með annarri flugumferð til að forðast árekstur,
b) haga flugi sínu eftir umferð annarra loftfara eða forðast hana,
c) taka allar beygjur til vinstri við aðflug til lendingar og eftir flugtak nema öðruvísi sé mælt fyrir,
d) lenda og hefja flug upp í vindinn nema önnur stefna sé æskilegri með hliðsjón af öryggi, flugbrautakerfi eða flugumferð.

Ath. 1 - Sjá einnig 3.5.5.1.

Ath. 2 - Viðbótarreglur kunna að gilda fyrir vallarsvið.

3.2.6 Athafnir loftfara á sjó eða vatni

Ath. - Til viðbótar ákvæðum 3.2.6.1 og 3.2.6.2 þessara reglna geta í vissum tilvikum komið ákvæði "alþjóðareglugerðar til að koma í veg fyrir árekstra á sjó" sem samþykkt var af "alþjóðaráðstefnu um öryggi mannslífa á sjó" (London 1960).

3.2.6.1 Þegar tvö loftför eða loftfar og skip nálgast hvort annað svo að hætta verður á árekstri skulu loftför fara með gát og taka tillit til takmarkana hins farartækisins.

3.2.6.1.1 Ferlar skerast. Það loftfar, sem hefur annað loftfar eða skip á hægri hönd, skal víkja þannig að nægur aðskilnaður haldist.

3.2.6.1.2 Ferlar mætast. Loftfar, sem nálgast annað loftfar eða skip á sem næst gagnstæðum ferli, skal breyta stefnu til hægri þannig að nægur aðskilnaður haldist.

3.2.6.1.3 Farið fram úr. Það loftfar eða skip, sem farið er fram úr, hefur leiðarrétt en það, sem fram úr fer, skal breyta stefnu þannig að nægur aðskilnaður haldist.

3.2.6.1.4 Lending og flugtak. Við lendingu á sjó eða vatni eða flugtak af sjó eða vatni skal loftfar, eftir því sem unnt er, vera í nægilegri fjarlægð frá skipum og forðast að hindra ferðir þeirra.

3.2.6.2 Ljós notuð á loftförum á sjó eða vatni. Frá sólarlagi til sólarupprásar eða á einhverju því tímabili frá sólarlagi til sólarupprásar, sem ákveðið er af hlutaðeigandi stjórnvaldi, skulu öll loftför á sjó eða vatni nota ljós þau, sem tilgreind eru í grein 2 í viðauka B, nema á þeim stöðum þar sem þau eru sérstaklega undanþegin þessari skyldu. Engin önnur ljós má nota sem gætu verið misskilin fyrir ljós þau sem tilgreind eru í viðauka B.

Ath. - "Alþjóðareglugerðin til að koma í veg fyrir árekstra á sjó" tilgreinir m.a. í reglu nr. 1 b) að frá sólarlagi til sólarupprásar beri að fylgja reglum um ljós. Styttra tímabil milli sólarlags og sólarupprásar, sem ákveðið er samkvæmt 3.2.6.2, gildir því ekki á þeim svæðum þar sem framangreind alþjóðareglugerð gildir, t.d. á úthafinu.

3.3 UPPLÝSINGAR UM FLUG

3.3.1 Flugáætlanir

3.3.1.1 Gerð flugáætlunar

3.3.1.1.1 Upplýsingar um fyrirhugað flug eða hluta þess, sem veittar eru flugumferðarþjónustudeild fyrir brottför eða meðan á flugi stendur, skulu vera í formi flugáætlunar.

3.3.1.1.2 Skylda til að leggja fram flugáætlun

3.3.1.1.2.1 Flugáætlun skal gera og leggja fram fyrir:
a) sérhvert flug eða hluta þess, sem njóta skal flugstjórnarþjónustu,
b) sérhvert blindflug innan ráðgjafarrýmis,
c) sérhvert flug innan tiltekinna svæða eða inn á tiltekin svæði eða eftir tilteknum leiðum þegar þess er krafist af hlutaðeigandi ATS-stjórnvaldi í því skyni að auðvelda flugupplýsinga-, viðbúnaðar- og leitarþjónustu.

Ath. - Í þessu gæti falist flug í nágrenni svæða þar sem hlutaðeigandi ATS-stjórnvald teldi nauðsyn bera til samhæfingar við hlutaðeigandi hernaðaraðilja eða við flugumferðarþjónustudeildir nágrannaríkjanna svo að komið verði í veg fyrir hugsanlega þörf á einelti (interception) til að kanna kallmerki loftfarsins.

d) sérhvert flug yfir landamæri ríkja.

Ath. - Hugtakið "flugáætlun" er ýmist notað til að tákna fullkomnar upplýsingar um öll atriði flugáætlunareyðublaðsins, sem eiga við alla leiðina, eða takmarkaðar upplýsingar sem krafist er vegna flugheimildar fyrir hluta flugs, t.d. við flug þvert yfir flugleið eða við flugtak af eða lendingu á flugvelli með flugturni.

3.3.1.1.2.2 Fyrir brottför í endurtæku flugi skal skila flugáætlun til flugvarðstofu eða til annarrar hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeildar meðan á flugi stendur nema annars sé krafist af hlutaðeigandi ATS-stjórnvaldi.

3.3.1.1.2.3 Ef ekki er annars krafist af hlutaðeigandi ATS-stjórnvaldi þá skal leggja fram flugáætlun fyrir flug, þegar veita á flugstjórnar- eða ráðgjafarþjónustu, eigi síðar en 30 mínútum fyrir brottför, eða - ef hún er lögð fram meðan á flugi stendur - svo snemma að hún berist örugglega hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild ekki síðar en 10 mínútum áður en áætlað er að loftfarið:
a) komi inn í flugstjórnar- eða ráðgjafarsvæði, eða
b) fari yfir flugleið eða ráðgjafarleið.

3.3.1.2 Efni flugáætlunar

3.3.1.2.1 Flugáætlun skal geyma upplýsingar um þau eftirfarandi atriði, sem hlutaðeigandi ATS-stjórnvald telur skipta máli:

- kallmerki loftfarsins
- flugreglur (IFR eða VFR)
- sérstöðu flugs
- fjölda og tegund loftfara
- fjarskiptatæki
- leiðsögu- og aðflugstæki
- radarsvara (SSR-transponder)
- brottfararstað (sjá ath. 1)
- brottfarartíma (sjá ath. 2)
- áætlaðan tíma við mörk flugupplýsingasvæða
- flughraða
- farflugslag (-lög)
- leið, sem flogið skal
- ákvörðunarstað og áætlaðan komutíma
- varaflugvöll (-velli)
- flugþol
- mannfjölda um borð
- neyðarútbúnað
- aðrar upplýsingar

Ath. 1 - Í flugáætlunum, sem lagðar eru fram meðan á flugi stendur, á þessi liður við stað, þar sem frekari upplýsingar um flugið eru fáanlegar ef þeirra er þörf.

Ath. 2 - Í flugáætlunum, sem lagðar eru fram meðan á flugi stendur, á þessi liður við tímann yfir fyrsta stað leiðarinnar sem flugáætlunin vísar til.

3.3.1.3 Gerð flugáætlunar

3.3.1.3.1 Flugáætlun skal geyma upplýsingar um þá liði, sem máli skipta að og að meðtöldum liðnum "varaflugvöllur (-vellir)" um alla leiðina eða þann hluta hennar sem flugáætlunin nær til án tillits til þess í hvaða tilgangi hún er gerð.

3.3.1.3.2 Þegar flugáætlun er lögð fram skal hún að auki geyma upplýsingar um öll önnur viðeigandi atriði annaðhvort:

a) í því skyni að auðvelda viðbúnaðar- eða leitar- og björgunarþjónustu, eða
b) fyrir brottför blindflugs,

nema annað sé ákveðið af hlutaðeigandi ATS-stjórnvaldi um blindflug.

3.3.1.4 Breytingar á flugáætlun

3.3.1.4.1 Allar breytingar á flugáætlun, sem lögð er fram fyrir blindflug eða stjórnað sjónflug, þó með hliðsjón af því sem um getur í 3.5.2.2, svo og allar verulegar breytingar á flugáætlun, sem lögð er fram fyrir venjulegt sjónflug, skal tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild við fyrstu hentugleika.

Ath. - Upplýsingar látnar í té fyrir brottför um flugþol eða mannfjölda um borð, sem reynast kunna rangar við brottför, skal leiðrétta og tilkynna þar sem þær teljast veruleg breyting á flugáætlun.

3.3.1.5 Gildislok flugáætlunar

3.3.1.5.1 Flugumferðarþjónustudeild lendingarstaðar skal tilkynnt, eins fljótt og við verður komið, annaðhvort í eigin persónu eða með notkun fjarskiptatækja, um lendingu í hverju því flugi, sem lögð hefur verið

fram flugáætlun um frá byrjun til enda eða um síðasta hluta þess til ákvörðunarstaðar ef ekki er annars krafist af hlutaðeigandi ATS-stjórnvaldi.

3.3.1.5.2 Þegar aðeins hefur verið lögð fram flugáætlun um hluta flugs, þó ekki síðasta hluta þess til ákvörðunarstaðar, skal ljúka gildi flugáætlunarinnar með viðeigandi tilkynningu til hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeildar þegar þess er krafist.

3.3.1.5.3 Þegar engin flugumferðarþjónustudeild er á lendingarstað skal, eins fljótt og unnt er og þess er krafist, tilkynna lendinguna næstu flugumferðarþjónustudeild með bestu tiltækum ráðum.

3.3.1.5.4 Þegar kunnugt er að fjarskipti við lendingarstað eru ófullnægjandi og ekki er hægt að koma lendingartilkynningu áleiðis skal gera eftirfarandi ráðstafanir ef auðið er og þess er krafist: Rétt fyrir lendingu skal senda hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild tilkynningu um radíó og jafngildir hún þá tilkynningu um lendingu. Venjulega skal tilkynning þessi send flugradíóstöð flugupplýsingasvæðisins, sem loftfarið er í.

3.3.1.5.5 Lendingartilkynningar loftfara skulu geyma eftirfarandi upplýsingar:
a) kallmerki loftfarsins,
b) brottfararstað,
c) komutíma,
d) lendingarstað.

Ath. - Ætlið þegar lendingartilkynningar er krafist, en hún ekki send, getur það valdið alvarlegum truflunum á flugumferðarþjónustu og haft í för með sér mikinn kostnað vegna ónauðsynlegra leitar- og björgunaraðgerða.

3.4 MERKI

3.4.1 Eftir að hafa séð eða móttekið eitthvert þeirra merkja, sem skráð eru í viðauka A, skal loftfar gera þær ráðstafanir sem krafist er samkvæmt túlkun merkisins í þeim viðauka.

3.4.2 Við notkun skulu merkin í viðauka A hafa þá merkingu sem þar greinir. Þau skulu notuð í því skyni einu sem í viðaukanum getur og engin önnur merki skal nota sem kynni að vera ruglað saman við þau.

3.5 FLUGSTJÓRNARÞJÓNUSTA

3.5.1 Flugheimildir

3.5.1.1 Flugheimild skal fá fyrir allt stjórnað flug eða hluta flugs sem telst stjórnað flug. Slíkrar heimildar skal krafist með því að leggja fram flugáætlun við flugstjórnardeild.

Ath. 1 - Flugáætlun getur tekið til nokkurs hluta flugs, svo sem þurfa þykir til að lýsa þeim hluta flugsins eða aðgerðum sem háðar eru flugumferðarstjórn. Flugheimild getur stundum aðeins náð til hluta af gildandi flugáætlun eins og látið er í ljós með flugheimildarmörkum eða með því að takmarka heimildina við ákveðnar aðgerðir, svo sem akstur, flugtak eða lendingu.

Ath. 2 - Ef flugheimild er ekki fullnægjandi að áliti flugstjóra loftfars, getur hann óskað eftir breyttri flugheimild og skal hún veitt ef hægt er.

3.5.1.2 Ætlið þegar loftfar óskar eftir flugheimild, sem veitir því forgang fram yfir aðra umferð, er skylt að gefa skýringu á nauðsyn slíks forgangs ef þess er óskað af hlutaðeigandi flugstjórnardeild.

3.5.2 Flugáætlun fylgt

3.5.2.1 Með þeim undantekningum, sem getið er í 3.5.2.2 og 3.5.2.4, skal loftfar fylgja gildandi flugáætlun eða þeim hluta hennar sem lagður hefur verið fram vegna þarfa flugumferðarstjórnar nema breytingar hafi verið óskað og flugheimild fengist fyrir frá hlutaðeigandi flugstjórnardeild eða við neyðarástand sem krefst tafarlausra aðgerða. Nú hefur flugstjóri neyðst til að nota þennan rétt sinn til tafarlausra aðgerða og skal hann þá, svo fljótt sem auðið er, gera hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild grein fyrir þeim ráðstöfunum sem hann hefur gert vegna neyðarástandsins.

3.5.2.2 Óviljandi frávik

3.5.2.2.1 Ef í stjórnuðu flugi er óviljandi vikið frá gildandi flugáætlun skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) Frávik frá ferli: Ef loftfar hefur farið út af fyrirhuguðum ferli skulu tafarlausar ráðstafanir gerðar til að breyta stefnu þess svo það komist aftur inn á fyrirhugaðan feril sinn svo fljótt sem gerlegt þykir.

b) Breyting á réttum flughraða: Ef réttur meðalflughraði í farflughæð milli stöðumiða breytist eða búist er við að hann breytist sem svarar 5% þess hraða sem gefinn er upp í flugáætluninni skal það tilkynnt hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild.

c) Breyttur áætlaður tími: Ef áætlaður tími við næsta stöðumið, við mörk næsta flugupplýsingasvæðis eða við áætlaðan lendingarstað breytist - hvert af þessu sem fyrst kemur - um meira en þrjár mínútur frá því sem flugumferðarþjónustu hefur verið tjáð eða um hvern þann tíma sem hlutaðeigandi ATS-stjórnvald eða alþjóðlegt, svæðisbundið loftferðasamkomulag ákveður þá skal, svo fljótt sem verða má, tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild breyttan áætlaðan tíma.

3.5.2.3 Fyrirhugaðar breytingar

3.5.2.3.1 Þegar óskað er breytinga á flugáætlun skulu eftirfarandi upplýsingar fylgja:

a) Breytt farflugslag: Kallmerki loftfarsins, farflugslag, sem óskað er eftir, og farflugshraði í því lagi, breyttur áætlaður tími við mörk flugupplýsingasvæða, sem eftir eru, ef við á:

b) Breytt leið:

i) Ákvörðunarstaður óbreyttur: Kallmerki loftfarsins, flugreglur, lýsing leiðar, sem óskað er eftir, ásamt viðeigandi upplýsingum frá þeim stað og tíma sem flugleiðin breytist, áætlaður tími á ákvörðunarstað og aðrar nauðsynlegar upplýsingar.

ii) Breyttur ákvörðunarstaður: Kallmerki loftfarsins, flugreglur, lýsing leiðar, sem óskað er eftir, til hins breytta ákvörðunarstaðar, ásamt viðeigandi upplýsingum frá þeim stað og tíma þegar flugleiðin breytist, áætlaður komutími á breyttan ákvörðunarstað, varaflugvöllur (-vellir), og aðrar nauðsynlegar upplýsingar.

3.5.2.4 Veður versnar svo að ekki verða sjónflugsskilyrði. Þegar augljóst verður að flug í sjónflugsskilyrðum er ekki kleift samkvæmt gildandi flugáætlun skal loftfar, sem flogið er í stjórnuðu sjónflugi:

a) biðja um breytta flugheimild sem geri því kleift að halda áfram til ákvörðunarstaðar eða varaflugvallar í sjónflugsskilyrðum, eða fara úr viðeigandi flugstjórnarrými (blindflug/sjónflug), eða

b) halda áfram í sjónflugsskilyrðum og ef ekki er unnt að fá heimild samkv. a), tilkynna hlutaðeigandi flugstjórnardeild hvort farið

verður úr flugstjórnarrými(blindflug/sjónflug) eða lent á næsta nothæfum flugvelli, eða
c) æskja heimildar fyrir sérlegt sjónflug ef flogið er í flugstjórnarsviði, eða
d) æskja blindflugsheimildar.

3.5.3 Tilkynningar um staðarákvörðun

Loftfar, sem er á stjórnuðu flugi, skal svo fljótt sem auðið er tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild tíma, lag og gefa aðrar nauðsynlegar upplýsingar þegar flogið er yfir sérhvert skyldustöðumið (punkt eða línu), svo fremi að hlutaðeigandi ATS-stjórnvald eða hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild hafi ekki veitt undanþágu til þess. Tilkynna skal á sama hátt stöðu með tilvísun til annarra stöðumiða þegar þess er óskað af hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild. Ef slíkum tilgreindum stöðumiðum er ekki til að dreifa skal loftfar tilkynna stöðu sína með því millibili sem krafist er af hlutaðeigandi ATS-stjórnvaldi eða sem tiltekið er af hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild.

Ath. - Þau skilyrði og aðstæður, þar sem svarradar (SSR Mode C) fullnægir kröfum um hæðarupplýsingar í staðarákvörðun, eru tiltekin í ICAO "PANS/RAC", II. kafla.

3.5.4 Flugumferðarstjórn lýkur

Þegar loftfar, sem er á stjórnuðu flugi hefur lent eða er ekki lengur háð flugstjórnarþjónustu skal það tilkynnt hlutaðeigandi flugstjórnardeild eins fljótt og auðið er.

3.5.5 Fjarskipti

3.5.5.1 Loftfar, sem er á stjórnuðu flugi, skal halda stöðugan hlustvörð á viðeigandi radíótíðni og koma á nauðsynlegu, gagnkvæmu sambandi við hlutaðeigandi flugstjórnardeild, þó með þeim undantekningum sem hlutaðeigandi ATS-stjórnvald kann að gera um loftför sem eru þátttakendur í flugvallarumferð við flugvöll með flugturni.

Ath. - SELCAL eða annar svipaður, sjálfvirkur merkjabúnaður fullnægir kröfum um hlustvörð.

3.5.5.2 Fjarskipti bregðast. Ef radíótæki bila, þannig að ekki er hægt að fullnægja ákvæðum 3.5.5.1, þá skal loftfarið fara eftir reglum um radíóviðskipti sem er að finna í ICAO-viðbæti nr. 10, bindi II, ásamt eftirfarandi reglum eftir því sem við á. Þar að auki skal loftfarið, ef það er þátttakandi í flugvallarumferð við flugvöll með flugturni, fylgjast með fyrirmælum sem kunna að vera gefin með sýnilegum merkjum.

3.5.5.2.1 Ef sjónflugsskilyrði eru skal loftfarið:
a) halda áfram við sjónflugsskilyrði, og
b) lenda á næsta hæfum flugvelli, og
c) tilkynna lendingu sína á sem fljótasta hátt til hlutaðeigandi flugstjórnardeildar.

3.5.5.2.2 Ef blindflugsskilyrði eru eða veðurskilyrði eru þannig, að ekki virðist ráðlegt að ljúka fluginu samkvæmt 3.5.5.2.1 (sjá ath. 1), skal loftfarið:
a) halda áfram flugi í samræmi við gildandi flugáætlun að viðeigandi flugleiðsögustöð, sem gefin hefur verið upp fyrir áætlaðan lendingarstað (sjá ath. 2) og, þegar þörf er á að fullnægja skilyrðum b) hér á eftir, fljúga biðflug yfir þeirri stöð þar til lækkun hefst;
b) hefja lækkun frá þeirri flugleiðsögustöð, sem tilgreind er í a), á eða sem næst þeim áætlaða aðflugstíma sem síðast var móttekinn og staðfestur; eða - ef enginn áætlaður aðflugstími hefur verið

móttekinn og staðfestur - á eða sem næst þeim áætlaða komutíma, sem tiltekinn er í skráðri flugáætlun og breytt hefur verið samkvæmt gildandi flugáætlun;

c) ljúka venjulegu blindaðflugi á þann hátt sem gildir fyrir hina tilgreindu flugleiðsögustöð; og

d) lenda, ef unnt er, innan 30 mínútna frá áætluðum komutíma sem tiltekinn er í b) eða síðasta staðfesta aðflugstíma eftir því hvor er seinna í röðinni.

Ath. 1 - Eins og sést af veðurskilyrðum þeim, sem hér er átt við, gildir 3.5.5.2.1 fyrir öll stjórnuð flug, en 3.5.5.2.2 aðeins fyrir blindflug.

Ath. 2 - Ef flugheimildin um lög nær aðeins til hluta leiðarinnar er ætlast til að loftfarið fljúgi í því eða þeim farflugslögum, sem því var síðast úthlutað og það hefur staðfest, að þeim stað eða stöðum, sem tilgreindir eru í flugheimildinni og síðan í því eða þeim farflugslögum sem um getur í gildandi flugáætlun.

Ath. 3 - Flugstjórnarþjónusta, sem veitt er öðrum loftförum í loftrými sem um er að ræða, gerir ráð fyrir að loftfar, sem misst hefur radíósamband, fari eftir þeim reglum sem um getur í 3.5.5.2.2.

3.6 ÓLÖGMÆTAR HINDRANIR

3.6.1 Loftfar, sem er hindrað á ólögmætan hátt, skal leitast við að tilkynna hlutaðeigandi ATS-deild um slík tilvik, sérhver mikilsverð atriði, er málið varða, og sérhver þau frávik frá gildandi flugáætlun sem nauðsynleg reynast með hliðsjón af aðstæðum, þannig að ATS-deildin geti veitt loftfarinu forgangsþjónustu og dregið sem mest úr hugsanlegum truflunum af hálfu annarra loftfara.

Ath. 1 - Samt sem áður munu ATS-deildir leitast við að taka eftir öllu því, sem benti til að loftfar væri hindrað á ólögmætan hátt, og munu þegar í stað sinna óskum þess. Haldið verður áfram að senda því viðeigandi upplýsingar er stuðla að öryggi flugs þess, og nauðsynlegar ráðstafanir verða gerðar til að flýta fyrir öllum áföngum flugsins.

Ath. 2 - Þau loftför, sem búin eru radarsvara (SSR) og hindruð eru á ólögmætan hátt, skulu bregða við samkvæmt ákvæðum ICAO-viðbætis 11, "PANS/RAC" (Doc. 4444 - RAC/501) og "PANS/OPS" (Doc. 8168 - OPS/611).

3.7 EINELTI (interception)

Ath. 1 - Fastaráð ICAO samþykkti 22. júní 1966, og aftur 5. júní 1973 að brýna fyrir aðildarríkjum að æskilegt væri að forðast einelti almennra loftfara og aðeins skyldi beita slíkum aðgerðum sem síðasta úrræði.
Með hliðsjón af nauðsyn þess, að þau merki, sem tilgreind eru í viðauka A við þessar reglur, verði notuð á sama hátt um heim allan af almennum loftförum og herloftförum, hefur fastaráðið enn fremur 4. febrúar 1975 kvatt aðildarríkin til að tryggja að ríkisloftför þeirra noti nákvæmlega þessi merki þegar þau einelta almenn loftför.

Ath. 2 - Orðið "einelti" í þessu samhengi felur ekki í sér þá þjónustu samkvæmt ákvæðum "Leitar- og björgunarhandbókar" (ICAO DOC. 7333) sem veitt er að beiðni loftfars í neyð sem elt er uppi og fylgt.

3.7.1 Loftfar, sem er einelt af öðru loftfari, skal þegar í stað:

a) fylgja fyrirmælum eineltiloftfarsins með því að túlka merki og fara eftir þeim samkvæmt ákvæðum viðauka A;

b) tilkynna atvikið til hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeildar ef unnt er;
c) reyna að koma á radíófjarskiptum við eineltiloftfarið eða við stjórnstöð þess með því að kalla almennt á neyðartíðninni 121,5 MHz, og endurtaka það kall á neyðartíðninni 243 MHz, ef unnt er, og veita upplýsingar um kallmerki og staðsetningu loftfarsins, svo og eðli flugsins;
d) velja "SSR Mode C, Code 7700" ef loftfarið er búið radarsvara (transponder) nema önnur fyrirmæli berist frá viðeigandi flugumferðarþjónustudeild.

3.7.2 Ef einhver þau fyrirmæli, sem berast með radíófjarskiptum, stangast á við þau merki sem eineltiloftfarið hefur gefið, skal hið einelta loftfar þegar í stað óska nánari skýringa og á meðan halda áfram að fylgja þeim fyrirmælum eineltiloftfarsins sem það hefur gefið með merkjum.

3.7.3 Ef einhver þau fyrirmæli, sem berast með radíófjarskiptum, stangast á við þau sem eineltiloftfarið hefur gefið með radíófjarskiptum skal hið einelta loftfar þegar í stað óska nánari skýringa og á meðan halda áfram að fylgja fyrirmælum sem eineltiloftfarið hefur gefið með radíófjarskiptum.

4. KAFLI - SJÓNFLUGSREGLUR

4.1 Allt sjónflug skal háð þeim skilyrðum um skyggni og fjarlægð frá skýjum, sem jöfn eru eða strangari en um getur í eftirfarandi töflu. Hlutaðeigandi flugstjórnardeild getur þó veitt sérstaka undanþágu fyrir sjónflug innan flugstjórnarsviðs.

	Innan flugstjórnarrýmis		Utan flugstjórnarrýmis	
	ofar en	í eða neðar en	ofar en	í eða neðar en
	eftirfarandi hæðir: 3000 fet (900 m) fyrir ofan meðalsjávarmál eða 1000 fet (300 m) fyrir ofan jörð, hvort sem er hærra.+			
Flugskyggni	8 km	8 km (5 km++)	8 km	1,5 km+++
Fjarlægð frá skýjum:				
a) lárétt	1,5 km	1,5 km	1,5 km	Laus við ský og sér til jarðar.
b) lóðrétt	1000 fet (300 m)	1000 fet (300 m)	1000 fet (300 m)	

\+ Nema hærri mörk séu ákveðin á grundvelli alþjóðlegs, svæðisbundins loftferðasamkomulags eða af hlutaðeigandi ATS-stjórnvaldi.

++ Þegar svo er ákveðið af hlutaðeigandi ATS-stjórnvaldi.

+++ Þyrlum er þó hér heimilt að fljúga við lélegra skyggni en 1,5 km ef flogið er svo hægt að nægur tími gefist til að fylgjast með annarri umferð eða hindrunum þannig að árekstri verði afstýrt.

4.2 Ef um er að ræða sjónflug má hvorki hefja flug né lenda á flugvelli innan flugstjórnarsviðs eða koma inn í umferðarhring hans án heimildar frá flugstjórnardeild, þegar
a) skýjaþekja er lægri en 1500 fet (450 m), eða
b) vallarskyggni er undir 8 km, eða 5 km ef svo er ákveðið af hlutaðeigandi ATS-stjórnvaldi.

4.3 Ef ekki er til að dreifa sérstakri heimild frá hlutaðeigandi ATS-stjórnvaldi skal ekki fljúga sjónflug:
a) frá sólarlagi til sólarupprásar eða á einhverju því tímabili frá sólarlagi til sólarupprásar sem ákveðið er af hlutaðeigandi ATS-stjórnvaldi,
b) fyrir ofan fluglag 200,
c) á flughraða sem er nálægt hraða hljóðsins eða meiri.

4.4 Aðeins þegar nauðsynlegt er við flugtök og lendingar, eða með sérstöku leyfi hlutaðeigandi stjórnvalds, má fljúga sjónflug:
a) yfir þéttbýlum hlutum borga, bæja eða þorpa eða yfir útisamkomum í minni hæð en 1000 fet (300 m) yfir hæstu hindrun innan 600 m fjarlægðar frá loftfarinu.
b) annars staðar en getið er í a) lið þessarar greinar, í minni hæð en 500 fet (150 m) yfir láði eða legi.

Ath. - Sjá einnig 3.1.2.

4.5 Ef um er að ræða sjónflug í láréttu farflugi ofar en 3000 fet (900 m) yfir láði eða legi, eða hærra ef hlutaðeigandi ATS-stjórnvald mælir

svo fyrir, og með þeim undantekningum, sem um getur í 4.5.1, skal flogið í farflugslagi sem á við feril þess og sýnt er í töflu yfir farflugslög í viðauka C.

4.5.1 Fyrir sjónflug í flugstjórnarrými(blindflug/sjónflug) skal velja farflugslög sem ætluð eru fyrir blindflug samkv. 5.5.2. Þó skal samræming lags við feril ekki eiga sér stað ef annað er tekið fram af hlutaðeigandi ATS-stjórnvaldi í flugmálahandbók (AIP) eða í flugheimild.

4.6 Við sjónflug skal fylgja fyrirmælum 3.5:
a) þegar það er þáttur í flugvallarumferð flugvalla með flugturni, eða
b) þegar um sérleg sjónflug er að ræða, eða
c) þegar flogið er í flugstjórnarrými(blindflug/sjónflug).

4.7 Í sjónflugi innan tiltekinna svæða, inn í þau eða á tilteknum leiðum utan flugstjórnarrýmis(blindflug/sjónflug) skal, þegar þess er krafist af hlutaðeigandi ATS-stjórnvaldi, halda stöðugan hlustvörð á viðeigandi radíótíðni þeirrar flugumferðarþjónustudeildar sem veitir flugupplýsingaþjónustu og staðan í sjónfluginu tilkynnt þegar þörf krefur.

Ath. - Sjá athugasemdir sem fylgja 3.3.1.1.2.1 c) og 3.5.5.1.

4.8 Ef loftfar í sjónflugi óskar að breyta um og fljúga samkvæmt blindflugsreglum þá skal það:
a) láta vita um þær nauðsynlegu breytingar sem gera þarf á gildandi flugáætlun ef flugáætlun hefur verið lögð fram, eða
b) láta hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild í té flugáætlun og fá flugheimild áður en blindflug er hafið í flugstjórnarrými þegar þess er krafist samkvæmt 3.3.1.1.2.

5. KAFLI - BLINDFLUGSREGLUR

5.1 REGLUR SEM GILDA UM ALLT BLINDFLUG

5.1.1 Búnaður loftfara

Loftför skulu búin viðeigandi mælitækjum og flugleiðsögutækjum sem henta fyrir áætlaða leið.

5.1.2 Lágmarkslög

Að því undanskildu, þegar nauðsynlegt er við flugtök og lendingar eða þegar sérstakt leyfi hefur fengist frá hlutaðeigandi stjórnvaldi, skal fljúga blindflug í lagi, sem er ekki lægra en sú lágmarks-flughæð sem ákveðin er af yfirvöldum þess lands sem flogið er yfir eða þar sem slík lágmarks-flughæð hefur ekki verið ákveðin:

a) í lagi sem er að minnsta kosti 2000 fetum (600 m) ofar hæstu hindrun innan 8 km frá áætlaðri stöðu loftfarsins yfir hálendi eða fjalllendi.

b) í lagi sem er að minnsta kosti 1000 fetum (300 m) ofar hæstu hindrun innan 8 km frá áætlaðri stöðu loftfarsins annars staðar en um getur í a).

Ath. 1 - Áætluð staða loftfarsins er háð þeirri nákvæmni í staðsetningu sem hægt er að ná á þeim hluta leiðarinnar, sem um er að ræða, með hliðsjón af leiðsögutækjum sem tiltæk eru á jörðu og í loftfarinu.

Ath. 2 - Sjá einnig 3.1.2.

5.1.3 Breytt frá blindflugi í sjónflug

5.1.3.1 Ef loftfar óskar að breyta flugi samkvæmt blindflugsreglum í flug samkvæmt sjónflugsreglum þá skal, svo fremi að flugáætlun hafi verið lögð fram, tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild sérstaklega að blindflugi þess sé lokið og láta vita um breytingar sem gera skuli á gildandi flugáætlun.

5.1.3.2 Þótt loftfar á flugi samkvæmt blindflugsreglum komi inn á svæði þar sem eru sjónflugsskilyrði skal það ekki tilkynna lok blindflugs nema áætlað sé og fyrirhugað að halda flugi áfram um verulegan tíma í sjónflugsskilyrðum.

5.2 REGLUR UM BLINDFLUG Í FLUGSTJÓRNARRÝMI

5.2.1 Blindflug í flugstjórnarrými er háð þeim fyrirmælum sem um getur í 3.5.

5.2.2 Við farflug samkvæmt blindflugsreglum í flugstjórnarrými skal flogið í farflugslagi eða ef farflugsklifur er heimilað skal flogið milli tveggja laga eða ofar lagi sem valið er samkvæmt:

a) töflu yfir farflugslög samkvæmt viðauka C, eða

b) breyttri töflu yfir farflugslög þegar þess er krafist í samræmi við viðauka C, fyrir flug ofar fluglagi 290,

að því undanskildu að sú samræming lags við feril, sem í töflunni greinir, gildir ekki þegar annað er tiltekið í flugmálahandbók (AIP) eða flugheimildum.

5.3 REGLUR UM BLINDFLUG UTAN FLUGSTJÓRNARRÝMIS

5.3.1 Farflugslög

Loftfari í láréttu farflugi samkvæmt blindflugsreglum utan flugstjórnarrýmis skal flogið í farflugslagi sem á við feril þess eins og tilgreint er í:

a) töflunni yfir farflugslög í viðauka C nema þegar hlutaðeigandi ATS-stjórnvald tilgreinir annað fyrir flug í 3000 fetum (900 m) yfir meðalsjávarmáli eða neðar; eða

b) breyttri töflu yfir farflugslög þegar þess er krafist í samræmi við viðauka C um flug ofar fluglagi 290.

Ath. - Þetta ákvæði gerir ekki óheimilt farflugsklifur loftfara er fljúga hraðar en hraði hljóðsins.

5.3.2 Fjarskipti

Þegar þess er krafist af hlutaðeigandi ATS-stjórnvaldi skal loftfar á blindflugi á tilteknum svæðum eða leiðum utan flugstjórnarrýmis halda hlustvörð á viðeigandi radíótíðni og koma á nauðsynlegu, gagnkvæmu sambandi við flugumferðarþjónustudeild þá er veitir flugupplýsingaþjónustu.

Ath. - Sjá athugasemd eftir 3.3.1.1.2.1 c) og 3.5.5.1.

5.3.3 Tilkynningar um staðarákvarðanir

Loftfar á blindflugi utan flugstjórnarrýmis skal tilkynna stöðu sína, svo sem mælt er fyrir í 3.5.3 um stjórnuð flug, ef hlutaðeigandi ATS-stjórnvald hefur krafist að það:

a) leggi fram flugáætlun,

b) haldi stöðugan hlustvörð á viðeigandi radíótíðni og komi á nauðsynlegu gagnkvæmu fjarskiptasambandi við flugumferðarþjónustudeild þá er veitir flugupplýsingaþjónustu.

Ath. - Loftfar, sem óskar að verða aðnjótandi ráðgjafarþjónustu á meðan það er á blindflugi innan tiltekins ráðgjafarrýmis, skal hlíta ákvæðum 3.5, að því undanskildu að flugáætlunin og breytingar á henni eru ekki háðar flugheimildum, og gagnkvæmu fjarskiptasambandi skal haldið við þá deild er veitir ráðgjafarþjónustuna

VIÐAUKI A - MERKI

(Ath. - Sjá 3. kafla, 3.4 í flugreglunum)

1 NEYÐARMERKI OG ÁRÍÐANDI MERKI

Ath. 1 - Engin ákvæði þessa kafla skulu hindra loftfar í neyð að neyta tiltækra ráða til að vekja á sér athygli, gera stöðu sína kunna og öðlast hjálp.

Ath. 2 - Nánari upplýsingar um fjarsendingar á neyðarmerkjum og áríðandi merkjum er að finna í ICAO-viðbæti nr. 10, II. bindi, 5. kafla.

Ath. 3 - Nánari upplýsingar um merki, sem notuð eru við leitar- og björgunarþjónustu, er að finna í ICAO-viðbæti nr. 12.

1.1 NEYÐARMERKI

1.1.1 Eftirfarandi merki annaðhvort notuð saman eða hvert fyrir sig, tákna að alvarleg og bráð hætta vofi yfir og að aðstoðar sé þörf þegar í stað:

1) Merkið SOS (.../---/...) sent um morsstöð eða með öðrum hætti,
2) orðið "MEIDEI" (á ensku "MAYDAY") sent um talstöð,
3) flugeldar eða skot sem gefa frá sér rautt ljós og skotið er einu í einu með stuttu millibili,
4) rautt svifblys.

Ath. - Í 36. grein alþjóðafjarskiptareglugerðar (ITU Radio Regulations, nr. 1463, 1465 og 1466) eru gefnar upplýsingar um viðvörunarmerki sem setja í gang sjálfvirk viðvörunarkerfi fyrir mors- eða talstöðvar.

1463 - Mors-viðvörunarmerkið er röð 12 mors-strika sem send eru í eina mínútu. Lengd hvers striks er 4 sekúndur en lengd bila milli strika er ein sekúnda. Merki þetta má senda á handvirkan hátt en æskileg er notkun sjálfvirks búnaðar í þessu skyni.

1465 - Tvítóna-viðvörunarmerkið er tveir tónar á taltíðnisviðinu, að mestu sínuslaga, sendir til skiptis. Annar tónninn skal hafa tíðnina 2200 Hz en hinn 1300 Hz og lengd hvors þeirra skal vera 250 millísekúndur.

1466 - Þegar tvítóna-viðvörunarmerkið er sent með sjálfvirkum búnaði skal það gert stöðugt í a.m.k. 30 sekúndur en ekki lengur en eina mínútu. Þegar merkið er sent á annan hátt skal það gert eins stöðugt og henta þykir í um það bil eina mínútu.

1.2 ÁRÍÐANDI MERKI

1.2.1 Eftirfarandi merki, annaðhvort notuð saman eða hvert fyrir sig, tákna að loftfar vilji gera kunnugt um erfiðleika sem neyði það til að lenda án þess þó að það þarfnist aðstoðar þegar í stað:

1) kveikt og slökkt til skiptis á lendingarljósum loftfarsins, eða
2) kveikt og slökkt til skiptis á siglingaljósum loftfarsins á þann hátt að ekki verði ruglað saman við leiftrandi siglingaljós.

1.2.2 Eftirfarandi merki, annaðhvort notuð saman eða hvert fyrir sig, tákna að loftfar þurfi að koma frá sér áríðandi skeyti um öryggi skips, loftfars eða annars farartækis eða um öryggi einhvers manns um borð eða í augsýn:

1) Merkið XXX (-..-/-..-/-..-) sent um morsstöð eða á einhvern annan hátt,
2) Orðið "PAN" sent um talstöð.

2 MERKI SEM NOTA SKAL EF TIL EINELTIS KEMUR

2.1 MERKI EINELTILOFTFARS OG VIÐBRÖGÐ EINELTS LOFTFARS

Flokkur	Merki eineltiloftfars	Merking	Viðbrögð einelts loftfars	Merking
1	Að degi: Vængjum skal vaggað frá stöðu sem er fyrir framan og venjulega til vinstri við hið einelta loftfar, og eftir að staðfesting er móttekin, beygt hægt og í sömu hæð í æskilega stefnu, venjulega til vinstri. Að nóttu: Sama og að ofan greinir, að viðbættu því að kveikt og slökkt skal óreglulega á siglingaljósum, svo og lendingarljósum, ef þau eru tiltæk. Ath. - Veðurskilyrði eða landslag geta valdið því að eineltiloftfarið verður að fljúga fyrir framan og til hægri við einelta loftfarið og taka síðan beygjuna til hægri.	Loftfar yðar er einelt. Fylgið mér.	Að degi: Vængjum skal vaggað og loftfari fylgt. Að nóttu: Sama og að ofan greinir, að viðbættu því að kveikt og slökkt skal óreglulega á siglingaljósum, svo og lendingarljósum, ef þau eru tiltæk. Ath. - Um viðbótaraðgerðir hins einelta loftfars er mælt fyrir í 3. kafla, 3.7.	Skilið og mun fylgja fyrirmælunum.
2	Að degi eða nóttu: Skyndileg breyting á stöðu í átt frá einelta loftfarinu, fólgin í klifurbeygju, sem er 90° eða meira án þess að farið sé yfir fluglínu einelta loftfarsins.	Loftfar yðar má halda áfram.	Að degi eða nóttu: Vængjum vaggað.	Skilið og mun fylgja fyrirmælunum.
3	Að degi: Flogið í hring umhverfis flugvöll, hjólabúnaður settur niður og flogið yfir flugbraut í þá átt sem lenda skal.	Lendið loftfari yðar á þessum flugvelli.	Að degi: Hjólabúnaður settur niður, eineltiloftfarinu fylgt og ef lending er talin hættulaus eftir að flogið hefur verið yfir flugbrautina skal undirbúa lendingu.	Skilið og mun fylgja fyrirmælunum.

Flokkur	Merki eineltiloftfars	Merking	Viðbrögð einelts loftfars	Merking
	Að nóttu: Sama og að ofan greinir, að því viðbættu að lendingarljós eru stöðugt höfð á.		Að nóttu: Sama og að ofan greinir að því viðbættu að lendingarljós eru stöðugt höfð á.	

2.2 MERKI EINELTS LOFTFARS OG VIÐBRÖGÐ EINELTILOFTFARS

Flokkur	Merki einelts loftfars	Merking	Viðbrögð eineltiloftfars	Merking
4	Að degi: Hjólabúnaður dreginn upp þegar flogið er yfir lendingarflugbraut í hæð sem er meiri en 1000 fet (300 m) en minni en 2000 fet (600 m) yfir flugvelli og haldið áfram að fljúga í hringi umhverfis flugvöllinn.	Tiltekinn flugvöllur er ófullnægjandi.	Að degi eða nóttu: Ef æskilegt er að einelta loftfarið fylgi eineltiloftfarinu eftir til annars flugvallar þá dregur einelti-loftfarið upp hjólabúnað sinn og notar merkin sem tiltekin eru í 1. flokki fyrir eineltiloftför.	Skilið, fylgið mér.
	Að nóttu: Kveikt og slökkt á lendingarljósum þegar flogið er yfir lendingarbraut í hæð sem er meiri en 1000 fet (300 m) en minni en 2000 fet (600 m) yfir flugvelli og haldið áfram að fljúga í hringi umhverfis flugvöllinn. Ef ekki er hægt að kveikja og slökkva á lendingarljósum þá skal nota önnur ljós sem tiltæk eru.		Ef ákveðið er að sleppa einelta loftfarinu þá notar eineltiloftfarið merkin, sem tiltekin eru í 2. flokki fyrir einelti-loftför.	Skilið, loftfarið má halda áfram.

3 SÝNILEG MERKI SEM NOTUÐ ER TIL AÐ GERA LOFTFARI VIÐVART AÐ ÞAÐ SÉ HEIMILDARLAUST ÞEGAR ÞAÐ ER Í EÐA UM ÞAÐ BIL AÐ FLJÚGA INN Í HAFTA-, BANN- EÐA HÆTTUSVÆÐI

Að degi og nóttu tákna merkjaskot frá jörðu, sem endurtekin eru á 10 sekúndna fresti og hvert um sig gefur frá sér græn og rauð ljós þegar það springur, að loftfar sé á heimildarlausu flugi í hafta-bann- eða hættusvæði eða sé um það bil að fljúga inn í slík svæði og það skuli gera viðeigandi ráðstafanir.


4 MERKI ÆTLUÐ FLUGVALLARUMFERÐ

4.1 LJÓS OG SKOTMERKI

4.1.1 Fyrirmæli

Ljósmerki		Frá flugturni	
		til loftfars á flugi	til loftfars á jörðu
Beint að hlutaðeigandi loftfari (sjá mynd 1)	Stöðugt grænt	Heimil lending	Heimilt flugtak
	Stöðugt rautt	Víkið fyrir annari umferð og haldið áfram hringflugi umhverfis völlinn	Nemið staðar
	Græn leiftur	Komið til lendingar+	Heimill akstur
	Rauð leiftur	Flugvöllurinn hættulegur, lendið ekki	Akið af lendingarsvæði sem er í notkun
	Hvít leiftur	Lendið á þessum flugvelli og akið í hlað	Komið til brottfararstaðar flugvallarins
Rautt merkjaskot		Lendið ekki núna þrátt fyrir fyrri fyrirmæli	

+ Heimildir til lendingar og aksturs munu veittar þegar við á.



Mynd 1

4.1.2 Staðfesting loftfars

i) Á flugi:

a) að degi: Vagga skal vængjum.
Ath. - Ekki skal búast við þessu merki ef loftfarið er komið á þver- eða lokastefnu til lendingar.

b) að nóttu: Kveikja og slökkva skal tvisvar á lendingarljósum eða ef þau eru ekki tiltæk skal kveikja og slökkva tvisvar á siglingaljósum.

ii) Á jörðu:

a) að degi: Hreyfa skal halla- eða hliðarstýri;

b) að nóttu: Kveikja og slökkva skal tvisvar á lendingarljósum eða ef þau eru ekki tiltæk skal kveikja og slökkva tvisvar á siglingaljósunum.

4.2 SÝNILEG MERKI Á JÖRÐU

Ath. - Nákvæma lýsingu á gerð merkjanna er að finna í ICAO-viðbæti 14.

4.2.1 Bann við lendingum

Láréttur, rauður ferningur með gulum skákrossi (mynd 2) í merkjareit táknar að lendingar séu bannaðar og verði það sennilega um langan tíma.



Mynd 2

4.2.2 Nauðsyn sérstakrar varúðar við aðflug eða lendingu


Láréttur, rauður ferningur með einu gulu skábandi í merkjareit (mynd 3) táknar að vegna slæms ástands umferðarsvæðisins eða af einhverri annarri ástæðu skuli gæta sérstakrar varúðar við aðflug eða lendingu.



Mynd 3


4.2.3 Notkun flugbrauta og akbrauta

4.2.3.1 Lárétt, hvít handvætt (dumb-bell) í merkjareit (mynd 4) táknar að loftför skuli aðeins hefja flug, lenda og aka á flugbrautum og akbrautum.



Mynd 4

4.2.3.2 Sams konar handvætt og um getur í 4.2.3.1 en með svörtu bandi þvert yfir hvorn hringflöt með stefnu hornrétt við stefnu handfangsins (mynd 5) táknar að loftför skuli aðeins hefja flug og lenda á flugbrautum en að önnur starfsemi þeirra á flugvellinum sé ekki takmörkuð við flugbrautir og akbrautir.



Mynd 5

4.2.4 Lokaðar flugbrautir eða akbrautir

Krossar í einum áberandi lit, gulum eða hvítum, (mynd 6), lagðir lárétt á flugbrautir og akbrautir eða hluta þeirra, tákna svæði sem er ónothæft fyrir loftför.



Mynd 6

4.2.5 Átt lendinga eða flugtaka

4.2.5.1 Þegar annað hvort eftirfarandi merkja eða bæði eru notuð segja þau til um átt við lendingu eða flugtak:

1) Lárétt hvítt eða rauðgult "lendinga-T" (mynd 7) samhliða legg T-sins að þverarminum.



Mynd 7

Ath. - Þegar "lendinga-T" er notað að nóttu skal það annaðhvort vera upplýst eða útlínur þess með hvítum ljósum.


2) Þrístrendingur, pýramidalaga, rauðgulur eða svartur á vinstri hlið, hvítur eða állitur á hægri, þegar horft er frá bakhlið að oddi (mynd 8) í áttina sem þrístrendingurinn vísar í.

Ath. - Þegar pýramidinn er notaður að nóttu skal hann upplýstur þannig að hornlínur hans hægra meginn séu markaðar grænum ljósum og rauðum ljósum vinstra megin, þegar horft er eins og oddurinn vísar.



Mynd 8


4.2.5.2 Tveir lóðréttir tölustafir (mynd 9) á eða nálægt flugturni, gera loftförum á umferðarsvæði kunnuga segulstefnu flugtaks-flugbrautar í sem næst tugum gráða.



Mynd 9

4.2.6 Hægri handar umferð

Ef í merkjareit eða við enda flugbrautar í notkun er áberandi ör, sem vísar til hægri (mynd 10), táknar hún að beygjur skuli taka til hægri fyrir lendingu og eftir flugtak.



Mynd 10

4.2.7 Flugvarðstofa


Bókstafurinn C í svörtum lit á gulum lóðréttum fleti (mynd 11) segir til um staðsetningu flugvarðstofu.



Mynd 11

4.2.8 Svifflug

Láréttur, tvöfaldur, hvítur kross (mynd 12) í merkjareit táknar að sviffflugur noti flugvöllinn og þær séu á flugi.



Mynd 12

5 HLAÐMERKI

5.1 FRÁ HLAÐSTJÓRA TIL LOFTFARS

Ath. 1 - Hlaðstjóra er ætlað að gera þessi merki með höndum sínum sem lýstar skulu upp, eins og þörf krefur, til þess að gera flugmanni kleift að sjá merkin, en hlaðstjórinn stendur fyrir framan og snýr sér að loftfarinu og tekur sér stöðu:

a) Fyrir flugvélar: Fyrir framan vinstri vængenda, innan sjónsviðs flugmannsins, og

b) fyrir þyrlur: Þar sem flugmaðurinn á best með að sjá hann.


Ath. 2 - Merki þessi tákna hið sama þótt merkjaspjöld eða hvers konar merkjaljós séu notuð.

Ath. 3 - Séð frá hlaðstjóra, sem stendur fyrir framan og snýr að loftfarinu, eru hreyflar þess tölusettir frá hægri til vinstri (þ.e. ytri hreyfill á vinstri væng er nr. 1).

Ath. 4 - Merki, sem merkt eru með stjörnu, eru ætluð þyrlum á hangandi (hovering) flugi.


1 HALDIÐ ÁFRAM SAMKVÆMT FREKARI LEIÐBEININGUM HLAÐSTJÓRA

Hlaðstjóri leiðbeinir flugmanni þegar umferð á flugvellinum krefst þess.




2 HÉR ER STÆÐIÐ

Armar beint upp og lófar snúa inn.




3 HALDIÐ ÁFRAM TIL NÆSTA HLAÐSTJÓRA

Hægri eða vinstri armur niður með síðu, hinn armurinn láréttur fyrir framan brjóst og vísar í áttina til næsta hlaðstjóra.



4. AKIÐ ÁFRAM

Armar, lítið eitt aðskildir og lófar skulu snúa aftur og þeir sífellt á hreyfingu upp og aftur frá axlarhæð.



5. BEYGIÐ


a) Beygið til vinstri: Hægri armur niður, vinstri armur sífellt á hreyfingu upp og aftur. Hraði armhreyfinganna segir til um beygjuhraðann.

b) Beygið til hægri: Vinstri armur niður, hægri armur sífellt á hreyfingu upp og aftur. Hraði armhreyfinganna segir til um beygjuhraðann.




6. STÖÐVIÐ

Armar sífellt á hreyfingu í kross yfir höfði (hraði armhreyfinganna segir til um hve fljótt er nauðsynlegt að nema staðar, þ.e. eftir því sem hreyfingarnar eru hraðari því fyrr skal stöðva).




7. HEMLAR

a) Festið hemla: Hönd með útréttum fingrum sett fram fyrir brjóstið þannig að framhandleggur sé láréttur, hnefi síðan krepptur.
b) Losið hemla: Krepptur hnefi settur fram fyrir brjóstið þannig að framhandleggur sé láréttur, síðan rétt úr fingrum.



8. SKORÐUR

a) Setjið skorður við hjól: Armar niður, lófar snúa aftur, armar hreyfðir að líkamanum.
b) Takið skorður frá hjólum: Armar niður, lófar snúa fram, armar hreyfðir frá líkamanum.




9. RÆSIÐ HREYFIL (HREYFLA)

Vinstri hendi lyft yfir höfuð. Fjöldi útréttra fingra segir til um númer þess hreyfils sem ræsa skal. Hægri hönd skal hreyfa í hringi í höfuðhæð.




10. STÖÐVIÐ HREYFLA

Annar hvor framhandleggur láréttur í axlarhæð, hönd fyrir framan háls, lófi snýr niður. Armur boginn og höndina skal hreyfa lárétt til hliðar.




11. HÆGAR

Armar niður, lófar snúa niður; síðan skal hreyfa þá nokkrum sinnum upp og niður.




12. HÆGIÐ Á HREYFLI (HREYFLUM) ÞEIM MEGIN SEM VÍSAÐ ER TIL

Armar niður, lófar snúa niður; hægri eða vinstri hönd skal hreyfð upp og niður, en það táknar að hægja skuli á vinstri eða hægri hreyfli (hreyflum).



13. AKIÐ AFTUR Á BAK

Armar niður með síðum, lófar snúa fram; hreyfa skal þá sífellt fram og upp í axlarhæð.



14. BEYGJUR UM LEIÐ OG EKIÐ ER AFTUR Á BAK


a) Stjeli skal snúið á stjórnborða: Vinstri arm skal hreyfa sífellt beint fram frá uppréttri stöðu í lárétta.

b) Stjeli skal snúið á bakborða: Hægri armur skal benda niður, vinstri arm skal hreyfa sífellt beint fram frá uppréttri stöðu í lárétta.




15. ENGAR HINDRANIR

Hægri framhandlegg skal lyfta upp um olnboga með uppréttum þumalfingri.




16. NEMIÐ STAÐAR Í LOFTI*

Armar skulu vera láréttir út til hliðanna.




17. HÆKKIÐ FLUGIÐ*

Armar skulu vera láréttir út til hliðanna, á sífelldri hreyfingu upp yfir höfuð, lófar skulu snúa upp. Hraði hreyfinganna segir til um hve ört skal hækka flugið.




18. LÆKKIÐ FLUGIÐ*


Armar skulu vera láréttir út til hliðanna, á sífelldri hreyfingu niður, lófar skulu snúa niður. Hraði hreyfinganna segir til um hve ört skal lækka flugið.



19. FARIÐ TIL HLIÐAR*


Viðeigandi armur skal vera láréttur út til hliðar í þá átt sem fara skal, hinn armurinn skal vera á sífelldri hreyfingu til hliðar og upp í þá átt sem fara skal.





20. LENDIÐ*

Armar skulu krosslagðir og vita niður á framhlið líkamans.



5.2 FRÁ FLUGMANNI LOFTFARS TIL HLAÐSTJÓRA

Ath. 1 - Flugmanni í stjórnklefa er ætlað að gefa þessi merki þannig að hlaðstjóri sjái hendur hans greinilega og getur hann lýst þær upp til að auðvelda hlaðstjóranum að sjá þær.

Ath. 2 - Séð frá hlaðstjóra, sem stendur fyrir framan og snýr að loftfarinu, eru hreyflar tölusettir frá hægri til vinstri (þ.e. ytri hreyfill á vinstri væng er númer 1).

1. HEMLAR

Ath. - Þegar hnefi er krepptur segir það til um hvenær hemlar eru festir, og þegar rétt er úr fingrum hvenær þeir eru losaðir.

a) Hemlar festir: Hönd með útréttum fingrum skal sett fram fyrir andlitið þannig að framhandleggur sé láréttur, hnefi síðan krepptur.

b) Hemlar losaðir: Krepptur hnefi skal settur fram fyrir andlitið þannig að framhandleggur sé láréttur, síðan skal rétt úr fingrum.

2. SKORÐUR

a) Setjið skorður við hjól: Armar skulu réttir út með lófana fram, krossleggið síðan hendur fyrir framan andlit.

b) Takið skorður frá hjólum: Hendur skulu krosslagðar fyrir framan andlit með lófana fram, hreyfið síðan arma út.

3. TILBÚINN AÐ RÆSA HREYFIL (HREYFLA)

Segið til um númer þess hreyfils, sem á að ræsa, með því að rétta úr sama fjölda fingra annarrar handar.

VIÐAUKI B - LJÓS NOTUÐ Á LOFTFÖRUM

1 LJÓS NOTUÐ Á FLUGVÉLUM

Ath. 1 - Sjá 3. kafla, 3.2.3 í flugreglunum.


Ath. 2 - Fastar alþjóðlegar reglur um þetta efni ná enn sem komið er ekki til annarra loftfara en flugvéla.

Ath. 3 - Þessi grein nær aðeins til ljósa sem krafist er á lofti og jörðu. Ljósum, sem flugvélar skulu nota á sjó eða vatni, er lýst í 2. grein.

Ath. 4 - Í þessum viðauka merkir:
a) Langás flugvélar: Hugsaður ás sem liggur í gegnum þyngdarpunkt flugvélarinnar og er samsíða átt hennar á venjulegum farflugshraða.
b) Láréttur flötur flugvélar: Hugsaður flötur, sem langás flugvélarinnar liggur í og er hornréttur á samhverfuflöt hennar
c) Lóðréttur flötur flugvélar: Sérhver sá flötur sem er hornréttur á lárétta flötinn sem skilgreindur er í b).

1.1 SIGLINGALJÓS

1.1.1 Siglingaljós þau, sem flugvélar skulu nota samkvæmt 3. kafla, 3.2.3 í flugreglunum, eru sem hér segir (mynd 1):



Mynd 1

a) óskyggt, rautt ljós, sem lýsir upp fyrir og niður fyrir lárétta flötinn í geira, sem nær frá langásnum að 110 gráðum til vinstri (bakborða),
b) óskyggt, grænt ljós, sem lýsir upp fyrir og niður fyrir lárétta flötinn í geira sem nær frá langásnum að 110 gráðum til hægri (stjórnborða),
c) óskyggt, hvítt ljós, sem lýsir upp fyrir og niður fyrir lárétta flötinn aftur fyrir flugvélina og 70 gráður til hvorrar handar.

1.1.2 Ljósin, sem tilgreind eru í 1.1.1, geta ýmist verið stöðug eða leiftrandi.

1.1.2.1 Þegar ljósin, sem um getur í 1.1.1 eru leiftrandi, má að auki nota annað eða bæði eftirfarandi ljósa:
a) leiftrandi, rautt afturljós sem leiftrar til skiptis við leiftrandi, hvíta afturljósið;
b) leiftrandi, hvítt ljós sem sýnilegt er úr öllum áttum og leiftrar til skiptis við ljósin sem tilgreind eru í 1.1.1 a), b) og c).

1.1.2.2 Þegar ljósin, sem um getur í 1.1.1, eru stöðug má að auki nota eitt eða fleiri rauð, leiftrandi ljós, sýnileg úr sem næst öllum áttum og 30 gráður upp fyrir og niður fyrir lárétta flötinn.

Ath. - Leiftrandi ljósið (ljósin), sem um getur í 1.1.2.2, er (eru) venjulega kallað varúðarljós (anti-collision light).

1.1.3 Lágmarksbirta ljósanna, sem um getur í 1.1.1, skal vera sem hér segir:

Ljós	Birta í kertum
Rautt ljós til vinstri	5
Grænt ljós til hægri	5
Afturljós (hvítt)	3

1.1.4 Að auki má nota sérstök, stöðug vængendaljós í sömu litum og um getur í 1.1.1 a) og b) ef siglingaljósin eru meira en 1,8 m frá vængendum.

2 LJÓS NOTUÐ Á FLUGVÉLUM Á SJÓ OG VATNI

Ath. 1 - Sjá 3. kafla, 3.2.6.2 í flugreglunum.


Ath. 2 - Í skilningi þessarar greinar:

a) er flugvél á sjó eða vatni "komin af stað" þegar hún er hvorki á grunni, fest við stjóra né nokkurn hlut á landi, sjó eða vatni.
b) er flugvél á sjó eða vatni "undir stjórn" þegar unnt er að breyta stöðu hennar eins og krafist er samkvæmt föstum alþjóðareglum eða "Alþjóðareglugerðinni til að koma í veg fyrir árekstra á sjó".
c) er flugvél á sjó eða vatni "á ferð" þegar hún hreyfist miðað við sjó eða vatn.
d) merkir orðið "sýnilegur", þegar það er notað um ljósin í þessari grein, að þau séu sýnileg á dimmri nóttu í góðu skyggni.

Ljósin, sem skulu notuð samkvæmt 3. kafla, 3.2.6.2 í flugreglunum, eru sem hér segir:

2.1 KOMIN AF STAÐ

Ljósin, sem lýst er í 1.1, og eru stöðug ljós, að viðbættu stöðugu hvítu ljósi (mynd 2) sem sést að framan frá innan 220 gráðu geira,




Mynd 2


sem er samhverfur um lóðréttan flöt gegnum langás flugvélarinnar og sést a.m.k. 3 sjómílur, nema:

a) þegar annað loftfar eða skip er haft í togi, þá skal að auki nota annað stöðugt, hvítt ljós (mynd 3) af sömu gerð og það sem að ofan greinir, lóðrétt a.m.k. 2 metrum fyrir ofan eða neðan fyrra ljósið;
b) þegar flugvélin er í togi, þá skal aðeins nota stöðugu ljósin, sem lýst er í 1.1;
c) þegar flugvél er ekki undir stjórn skal tveimur stöðugum, rauðum ljósum komið fyrir þar sem þau sjást best; annað lóðrétt yfir hinu, ekki nær en 1 metra fyrir ofan hitt, og skulu ljósin vera þannig gerð að þau sjáist úr öllum áttum í a.m.k. 2 sjómílna fjarlægð og þegar flugvél er ekki komin af stað skal ekki nota rauð og græn ljós sem lýst er í 1.1 (mynd 5).


Ath. - Notkun ljósa eins og krafist er samkvæmt c) hér að ofan skal skilin af öðru loftfari sem merki um að flugvélin, sem ljósin notar, sé ekki undir stjórn og geti því ekki vikið af leið. Þau eru ekki neyðarmerki flugvélar sem þarfnast aðstoðar.




Mynd 3





Mynd 4




Mynd 5


Mynd 6


Mynd 7



Mynd 8



Mynd 9

2.2 LEGIÐ VIÐ STJÓRA

a) Ef flugvélin er styttri en 50 m skal nota stöðugt, hvítt ljós (mynd 6) þar sem það sést best úr öllum áttum í a.m.k. 2 sjómílna fjarlægð.

b) Ef flugvélin er 50 m eða lengri skal nota stöðug, hvít ljós, bæði að framan og aftan (mynd 7) þar sem þau sjást best úr öllum áttum í a.m.k. 3 sjómílna fjarlægð.

c) Ef vænghaf flugvélarinnar er 50 m eða meira skal nota hvítt ljós á hvorum væng (myndir 8 og 9) til að segja eftir föngum til um hámarks-vænghaf. Ljósið skal sjást úr öllum áttum í a.m.k. 1 sjómílu fjarlægð.

2.3 Á GRUNNI

Ljósin sem krafist er í 2.2 og að auki tvö stöðug rauð ljós í lóðréttri línu með ekki styttra en 1 metra bili, og skulu þau sjást vel úr öllum áttum.

VIÐAUKI C - TAFLA YFIR FARFLUGSLÖG

Farflugslög þau, sem fljúga skal í þegar flugreglurnar krefjast, eru sem hér segir[+]:

FERILL[++]												
frá 000° til 179°[+++]						frá 180° til 359°[+++]					
blindflug			sjónflug			blindflug			sjónflug		
FL	flughæð		FL	flughæð		FL	flughæð		FL	flughæð	
	fet	metrar		fet	metrar		fet	metrar		fet	metrar
-90			-	-	-	0			-	-	-
10	1.000	300	-	-	-	20	2.000	600	-	-	-
30	3.000	900	35	3.500	1.050	40	4.000	1.200	45	4.500	1.350
50	5.000	1.500	55	5.500	1.700	60	6.000	1.850	65	6.500	2.000
70	7.000	2.150	75	7.500	2.300	80	8.000	2.450	85	8.500	2.600
90	9.000	2.750	95	9.500	2.900	100	10.000	3.050	105	10.500	3.200
110	11.000	3.350	115	11.500	3.500	120	12.000	3.650	125	12.500	3.800
130	13.000	3.950	135	13.500	4.100	140	14.000	4.250	145	14.500	4.400
150	15.000	4.550	155	15.500	4.700	160	16.000	4.900	165	16.500	5.050
170	17.000	5.200	175	17.500	5.350	180	18.000	5.500	185	18.500	5.650
190	19.000	5.800	195	19.500	5.950	200	20.000	6.100	205	20.500	6.250
210	21.000	6.400	215	21.500	6.550	220	22.000	6.700	225	22.500	6.850
230	23.000	7.000	235	23.500	7.150	240	24.000	7.300	245	24.500	7.450
250	25.000	7.600	255	25.500	7.750	260	26.000	7.900	265	26.500	8.100
270	27.000	8.250	275	27.500	8.400	280	28.000	8.550	285	28.500	8.700
290	29.000	8.850	300	30.000	9.150	310	31.000	9.450	320	32.000	9.750
330	33.000	10.050	340	34.000	10.350	350	35.000	10.650	360	36.000	10.950
370	37.000	11.300	380	38.000	11.600	390	39.000	11.900	400	40.000	12.200
410	41.000	12.500	420	42.000	12.800	430	43.000	13.100	440	44.000	13.400
450	45.000	13.700	460	46.000	14.000	470	47.000	14.350	480	48.000	14.650
490	49.000	14.950	500	50.000	15.250	510	51.000	15.550	520	52.000	15.850
	o.s.frv.			o.s.frv.			o.s.frv.			o.s.frv.	

+ Að því undanteknu, þegar breytt tafla yfir farflugslög, sem styðst við alþjóðlegt, svæðisbundið loftferðasamkomulag um hæðarbil, sem er minna en 2.000 fet (600 m) en ekki minna en 1.000 fet (300 m), er í gildi fyrir loftför á flugi ofar fluglagi (FL) 290 á ákveðnum svæðum og við sérstakar aðstæður.

++ Segulferill (misvísandi). Á heimskautasvæðum yfir 70 gráðum norðlægrar og suðlægrar breiddar og á þeim viðbótarsvæðum, sem hlutaðeigandi ATS-stjórnvöld ákveða, skal þó nota svonefnda net-ferla sem styðjast við net af línum samhliða Greenwich-lengdarbaug sem teiknaðar eru á pólvíddar-kort (polar stereographic chart) Áttin að norðurheimskautinu á Greenwich-baugnum og öllum línum honum samhliða kallast þá net-norður.

+++ Nema frá 090° til 269° og frá 270° til 089° þar sem alþjóðlegt svæðisbundið loftferðasamkomulag mælir svo fyrir til hagræðis fyrir ríkjandi umferðaráttir; skal tilgreina hvernig skipt er frá einu kerfinu til annars.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður svo hljóðandi:

3. Með samþykki trúnaðarlæknis samlags, fyrir tiltekinn sjúkling, skal greiða að fullu lyf við eftirgreindum sjúkdómi:
   a. Meðfædd efnaskiptatruflun (fibrosis cystica (mucoviscidosis)).

Við afgreiðslu slíkra lyfja skal framvísa lyfjaskírteini, sem viðkomandi sjúkrasamlag gefur út. Slíkt skírteini skal bera með sér hvaða lyf greiðist að fullu, sé þeim ávísað á nafngreindan sjúkling.

2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá I greiðir samlagsmaður fyrstu 200 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination), samkvæmt Lyfjaverðskrá II (sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 400 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð. Sama gildir um óskráð sérlyf, sem flutt er inn samkvæmt undanþágu sbr. 3. málsgr. 54. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963.

Ráðuneytið gefur út skrá yfir slík undanþágulyf.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk, er um getur í þessari grein greiðir samlagsmaður það verð.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974, og öðlast gildi 1. október 1975.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. september 1975.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

3. júní 1975. Nr. 417.

AUGLÝSING

um sérlyf.

Eftirgreint sérlyf hefur verið tekið af sérlyfjaskrá:

Glyvenol hylki Ciba-Geigy nr. 919.

Þetta tilkynnist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. júní 1975.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

AUGLÝSING

um umferð á Seltjarnarnesi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar hefur allur framúrakstur verið bannaður á Norðurströnd milli Barðastrandar og Lindarbrautar.

Bæjarfógetinn á Seltjarnarnesi, 17. júlí 1975.

Ólafur Jónsson, ftr.

Nr. 419. 22. ágúst 1975.

REGLUGERÐ

um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

Samkvæmt 2. tölulið 4. gr. reglugerðar nr. 107 30. maí 1974, er sjúkrasamlögum heimilt að greiða samkvæmt ákvæðum 3. greinar reglugerðarinnar sérlyfið Lunerin töflur og lausn Draco, sem er óskráð sérlyf, en notað samkvæmt sérstakri heimild.

Þetta birtist til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. ágúst 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Almar Grímsson.

Nr. 420. 26. ágúst 1975.

AUGLÝSING

um umferð í Borgarneskauptúni.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Sæunnargata, Þórólfsgata og Böðvarsgata verða aðalbrautir frá Borgarbraut að vestan og að Borgarbraut að norðan fyrir öllum aðliggjandi götum.
2. Biðskylda verður úr Þórðargötu og Sandvík gagnvart Borgarbraut.
3. Vinstri beygja verður bönnuð vörubifreiðum og rútum úr Brákarbraut og inn á Egilsgötu.
4. Bifreiðastöður verða bannaðar á eftirtöldum stöðum:
   Á Skólastíg frá Gunnlaugsgötu að Samkomuhúsi, á Brákarbraut að vestan frá Egilsgötu að Skúlagötu, á Borgarbraut beggja vegna frá Egilsgötu að Kveldúlfsgötu og á Kveldúlfsgötu að vestan.
5. Tekið verður upp 30 mínútna stöðuleyfi frá kl. 9—18 á Egilsgötu að norðanverðu.

Lögreglustjórinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 26. ágúst 1975.

Ásgeir Pétursson.

AUGLÝSING

um breyting á reglum nr. 164 1. júní 1973, um útdrátt vinninga í happdrættisláni ríkissjóðs 1973, skuldabréf B.

1. gr.

Í 1. gr. komi orðið "fulltrúa" í stað "forstöðumanni".

2. gr.

Í b-lið 2. gr. falli niður eftirfarandi orð: "og þannig úr garði gert, að vinnings minniseiningar úr kjarnaminni tölvunnar séu notaðar".

3. gr.

Í 4. gr. komi orðið "Fulltrúi" í stað orðsins "Forstöðumaður".

4. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 6. gr. reglugerðar nr. 26 frá 13. mars 1973 og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 10. september 1975.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Þorsteinn Geirsson.

22. september 1975. Nr. 422.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1975.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum og héraðslæknum ber að greiða fyrir árið 1975, vegna lyfjaeftirlits samkvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

I. flokkur	.....	kr. 32 000.00
II. flokkur	.....	— 26 000.00
III. flokkur	.....	— 20 000.00
IV. flokkur	.....	— 14 000.00
V. flokkur	.....	— 8 000.00

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

I. flokkur: Lyfjabúðin Iðunn,
Reykjavíkur Apótek.

II. flokkur: Apótek Austurbæjar,
Apótek Keflavíkur,
Laugavegs Apótek.

III. flokkur: Akureyrar Apótek,
Hafnarfjarðar Apótek,
Holts Apótek,

Ingólfs Apótek,
Stjörnu Apótek,
Vesturbæjar Apótek.

IV. flokkur: Akranes Apótek,
Apótek Vestmannaeyja,
Borgar Apótek,
Garðs Apótek,
Háaleitis Apótek,
Ísafjarðar Apótek,
Kópavogs Apótek,
Laugarnes Apótek,
Lyfjabúð Breiðholts,
Selfoss Apótek.

V. flokkur: Apótek Austurlands, Seyðisfirði,
Apótek Blönduóss,
Apótek Neskaupstaðar,
Árbæjar Apótek,
Borgarnes Apótek,
Dalvíkur Apótek,
Húsavíkur Apótek,
Patreks Apótek,
Sauðárkróks Apótek,
Siglufjarðar Apótek,
Stykkishólms Apótek.

3. gr.

Lyfjagerðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

I. flokkur: Lyfjaverslun ríkisins,
Pharmaco hf.,

II. flokkur: Stefán Thorarensen hf.

4. gr.

Lyfjaheildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér

I. flokkur: G. Ólafsson hf.,
Lyfjaverslun ríkisins,
Stefán Thorarensen hf.

II. flokkur: Ásgeir Sigurðsson hf.,
Hermes sf.,
Pharmaco hf.

III. flokkur: H. Ólafsson & Bernhöft,
Lyf sf.

5. gr.

Héraðslæknar sem annast lyfjasölu samkvæmt 42. gr. lyfsölulaga skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt V. flokki.

6. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til ríkisféhirðis fyrir 15. desember 1975. Gjaldið er lögtakskræft.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. september 1975.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

17. september 1975. Nr. 423.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Vestmannaeyja.

I. RAFORKA

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A 1. Um kWst.-mæli á kr. 22.55 hver kWst.

A 2. Um kWst.-mæli á kr. 10.00 hver kWst. auk fastagjalds af gólffleti er nemi kr. 100.00 á ferm. á ári í rúmi því er lýsa skal.

A 3—6 Heimilt er að selja fyrirtækjum raforku til lýsingar jafnhliða annarri notkun um kWst.-mæli, og greiðist þá fastagjald af gólffleti þess rúms, er lýsa skal. Fastagjaldið nemi 8-földum mismun á kWst.-gjaldi samkv. A 1 og kWst.-gjaldi þess gjaldskrárliðar, sem greitt er eftir.

B. Almenn heimilisnotkun.

B 1. Um kWst.-mæli þannig reiknað:

a. Orkugjald kr. 9.40 hver kWst.

b. Grunngjald (mælisleiga innifalin):
Af einfasamælingu kr. 1 000.00 á ári.
Af þrífasamælingu kr. 2 000.00 á ári.

c. Herbergisgjald kr. 1 000.00 á ári.

Til herbergja í íbúð skal telja eldhús og öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi.

Herbergi, sem eru minni en 5 ferm. skal reikna sem hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 ferm., má miða við samanlagt flatamál þeirra, þannig að hverjir 10 ferm. jafngilda einu herbergi og 5 ferm. hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

C 1. Um kWst.-mæli á kr. 16.30 hver kWst.

Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast lágmarksgjalds, er nemi andvirði 200 kWst. á ári á hvert kW í málraun véla.

C 2. Um kW/kWst.-mæli þannig reiknað, enda sé málraun véla yfir 40 kW:

a. Aflgjald af mældu afli kr. 11 645.00 á hvert kW á ári. Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalálag ársins.

b. Orkugjald:
0—2 500 kWst./kW kr. 3.69 hver kWst.
2 500—4 000 kWst./kW kr. 2.13 hver kWst.
Yfir 4 000 kWst./kW kr. 1.07 hver kWst.

C 3. Um kWst.-mæli þannig reiknað, enda sé málraun véla yfir 40 kW:
a. Aflgjald af uppsettu afli véla kr. 10 480.00 á hvert kW í málraun véla.
b. Orkugjald:
0—2 500 kWst./kW kr. 3.69 hver kWst.
2 500—4 000 kWst./kW kr. 2.13 hver kWst.
Yfir 4 000 kWst./kW kr. 1.07 hver kWst.

Ofangreindir taxtar C 2 og C 3 fylgja kaupverði Rafveitu Vestmannaeyja á raforku, þannig að hlutfallsleg álagning rafveitunnar sé ávallt sú sama (þ. e. a. s. 35% á taxta C 2).

Orkugjald miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0.85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi skal kWst.-gjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0.85.

Tenging rafsuðuspenna er háð leyfi rafveitustjóra og getur hann takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhringsins. Auk þess getur hann krafist að fasviksstuðull spennanna, sé eigi lægri en 0.85.

D. Hitun.

D 1. Um kWst.-mæli á kr. 3.00 hver kWst. til húshitunar (án söluskatts og verðjöfnunargjalds).

D 3. Um kWst.-mæli á kr. 4.00 hver kWst. til hitunar (með söluskatti og verðjöfnunargjaldi).

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

Vélaafl, spennar og götulínur þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.

Búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafveitustjóra, en kostaður af notanda.

Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mesta samtímaafl og ársorkuþörf húsrýmis þess, sem hita skal.

E. Önnur raforkunotkun.

E 1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 9.40 hver kWst., enda sé notkunin mæld með sérmæli og tæki fasttengd.

E 2. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 17.55 hver kWst.

E 4. Til götu- og hafnarlýsingar á kr. 62 670.00 á hvert kW.ár uppsett afl. Rafveitan leggur til búnað til lýsingarinnar og sér um viðhald hans.

E 5. Til götu- og útilýsingar á kr. 25 070.00 á hvert kW.ár uppsett afl, enda eigi notandi allan búnaðinn til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans.

Alla aðra rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó með samþykki rafmagnsnefndar selja raforku eftir sérstökum samningi við kaupanda.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður gerð og stærð mælitækja fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Leiga af mælum greiðist sem hér segir:

1.	Af einfasa kWst.-mælum 60 A og minni	kr.	310.00 á ári
2.	Af þrífasa kWst.-mælum 60 A og minni	—	625.00 - —
3.	Af þrífasa kWst.-mælum (straumspennumælum)	—	1 000.00 - —
4.	Af mestaaflsmælum 60 A og minni	—	2 000.00 - —
5.	Af mestaaflsmælum yfir 100 A (straumspennumælum)	—	2 000.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru hér, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

Leigan innheimtist samtímis raforkugjaldinu.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Vestmannaeyja. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugargjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu.

Málstraumur/ Málraun	Stofngjald kr.	Lengdargjald [1] kr./m
63 A einfasa	64 600.00	1 500.00
63 A þrífasa	70 850.00	1 860.00
100 A þrífasa	84 500.00	2 240.00
200 A þrífasa	136 700.00	2 800.00
315 A þrífasa	273 000.00	4 350.00
300 kVA þrífasa	400 000.00	samkv. kostnaði
500 kVA þrífasa	660 000.00	—
800 kVA þrífasa	1 050 000.00	—

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugargjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu.

		Lengdargjald [1] [2]	
Málstraumur	Stofngjald	Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./staur
63 A einfasa	11 800.00	1 350.00	20 000.00
63 A þrífasa	16 000.00	1 700.00	22 600.00
100 A þrífasa	17 400.00	2 000.00	27 000.00

A merkir málstraum stofnvara í amper.
kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem rafveitan hefur samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir, fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirra húsveitu, skal eigandi veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 880.00 sé um ítrekun að ræða.
2. Ef fundin er óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald kr. 880.00 á skrifstofu rafveitunnar.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur, viðlagasjóðsgjald og gjald til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu ásamt 13% verðjöfnunargjaldi, eru innifalin í gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 155 1. apríl 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 17. september 1975.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

11. september 1975. 873 Nr. 424.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Bann við framúrakstri í 1. tölulið 1. málsgreinar auglýsingar um umferð í Kópavogi nr. 256 frá 30. desember 1971, falli niður.
2. Niður skal falla svohljóðandi ákvæði 2. töluliðar 1. málsgreinar sömu auglýsingar (nr. 256/1971): "Vegurinn lokist við Borgarholtsbraut nema fyrir strætisvagna og áætlunarbifreiðir með fasta viðkomu í Kópavogi, þ.e. almenn umferð til suðurs eftir vegi þessum, framhjá mótum Borgarholtsbrautar, er bönnuð."
3. Bifreiðastöður á Digranesvegi, Digranesbrú og Borgarholtsbraut eru bannaðar á svæðinu frá Neðstutröð að einstefnuvegi þeim, sem liggur frá Borgarholtsbraut að Hábraut.
4. Á götunum Melgerði og Vallargerði skal vera einstefnuakstur til vesturs. Bifreiðastöður á þeim götum skulu bannaðar við norðurbrún götu, þ.e. á hægra vegarhelmingi.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 11. september 1975.

Sigurgeir Jónsson.

22. september 1975. Nr. 425.

REGLUR

um viðbótarritlaun.

1. gr.

Reglur þessar fjalla um úthlutun 12 millj. kr. fjárveitingar samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1975 til íslenskra rithöfunda og höfunda fræðirita.

2. gr.

Úthlutun miðast við ný ritverk útgefin eða flutt opinberlega á árinu 1974.
Auglýst skal eftir upplýsingum frá höfundum um verk þeirra á þessu tímabili.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

3. gr.

Veiting til hvers höfundar nemi 300 þús. kr., en verði úthlutunarnefnd sammála um það, getur hún þó ákveðið fjárhæð þessa nokkru hærri eða lægri.

4. gr.

Úthlutun annast þriggja manna nefnd skipuð af menntamálaráðherra þannig: Einn maður tilnefndur af kennurum í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands, og skal hann vera formaður nefndarinnar, og tveir menn utan Rithöfundasambands Íslands tilnefndir af stjórn sambandsins.

Nefndin ljúki störfum fyrir 15. desember 1975.

5. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í þingsályktun frá 18. maí 1972 og fjárlögum fyrir árið 1975 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 22. september 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Runólfur Þórarinsson.

Nr. 426. 10. september 1975.

AUGLÝSING

um breyting á reglum nr. 164 1. júní 1973, um útdrátt vinninga í happdrættisláni ríkissjóðs 1973, skuldabréf B.

1. gr.

Í 1. gr. komi orðið „fulltrúa“ í stað „forstöðumanni“.

2. gr.

Í b-lið 2. gr. falli niður eftirfarandi orð: „og þannig úr garði gert, að vinnings minniseiningar úr kjarnaminni tölvunnar séu notaðar“.

3. gr.

Í 4. gr. komi orðið „Fulltrúi“ í stað orðsins „Forstöðumaður“.

4. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 6. gr. reglugerðar nr. 26 frá 13. mars 1973 og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 10. september 1975.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Þorsteinn Geirsson.

REIKNINGUR

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum fyrir árið 1974.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1974.

I.	Iðgjöld:			
	Iðgjöld ársins			kr. 479 563 663.15
	Endurtryggingaiðgjöld			— 213 818 090.00
			Eigin iðgjöld	kr. 265 745 573.15
II.	Tjón:			
	Tjón ársins			kr. 403 444 391.82
	Hluti endurtryggjenda í tjónum			— 193 369 417.70
			Eigin tjón	kr. 210 074 974.12
			Iðgjöld ÷ Tjón	— 55 670 599.03
III.	Umboðslaun:			
	Greidd umboðslaun og ágóðahluti	kr. 36 260 347.75		
	Fengin umboðslaun og ágóðahluti	— 31 781 474.80		
			—	4 478 872.95
			Iðgjöld ÷ Tjón ÷ Umboðslaun	kr. 51 191 726.08
IV.	Fjármunatekjur ÷ Fjármagnsgjöld:			
	Vaxtatekjur	kr. 5 372 702.40		
	Vaxtagjöld	— 1 977 452.95		
		Kr. 3 395 249.45		
	Rekstrarkostn. fasteignar	— 545 029.00		
			kr.	2 850 220.45
			Kr.	54 041 946.53
V.	Skrifstofu- og stjórnarkostnaður:			
	Laun og launatengd gjöld	kr. 9 653 805.00		
	Annar rekstrarkostnaður	— 3 881 281.70		
	Aðstöðugjald	— 1 896 100.00		
	Kirkjug.gj.	— 43 610.00		
			kr.	15 474 796.70
			Kr.	38 567 149.83
VI.	Gengismunur:			
	Gengishagnaður	kr. 5 561 450.00		
	Gengistap	— 3 581 862.00		
			kr.	1 979 588.00
			Kr.	40 546 737.83
VII.	Afskriftir:		kr.	562 203.00
			Hagn. af reglulegri starfsemi	kr. 39 984 534.83

VIII. Til ráðstöfunar:

Óráðstafað frá fyrra ári	kr.	65 655 089.18
Hagnaður ársins	—	39 984 534.83
	Kr.	105 639 624.01

IX. Ráðstöfun:

Lagt í áhættusjóð	kr.	4 000 000.00
Óráðstafað til næsta árs	—	101 639 624.01
	Kr.	105 639 624.01

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1974.

Eignir:

I. Veltufjármunir:

1. Sjóður og bankainnstæður:

Sjóður	kr.	418 043.00
Innstæður á hlaupareikningum	—	8 884 801.90
Innstæður á sparisjóðsbókum	—	11 084 443.00
	Kr.	20 387 287.90

2. Skammtímakröfur:

Innlend vátryggingafélög	kr.	445 960 394.85
Aðrir innlendir skuldunautar	—	59 063 993.44
Erlendir skuldunautar	—	1 385 228.10
Víxlaeignir	—	17 256 322.90
Aðrar skammtímakröfur	—	28 391 653.00
	Kr.	552 057 592.29
Veltufjármunir samtals	kr.	572 444 880.19

II. Fastafjármunir:

1. Varanlegir rekstrarfjármunir:

Skrifstofuáhöld o. fl.	kr.	2 727 609.48		
Fyrning til 31.12. '74	—	1 271 736.13		
			kr.	1 455 873.35
Björgunaráhöld	kr.	513 143.74		
Fyrning til 31.12. '74	—	386 533.22		
			—	126 610.52
Lágmúli 9	kr.	3 000 000.00		
Lágmúli 9, innrétt.	—	1 606 318.02		
	kr.	4 606 318.02		
Fyrning til 31.12. '74	—	3 545 686.22		
			—	1 060 631.80
			Kr.	2 643 115.67

2. Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Hlutabréf:			
Björgunarfél. hf.	kr.	465 000.00	
Verslanasamb. hf.	—	10 000.00	
			kr. 475 000.00
Verðbréfaeign			— 23 547 500.00
			Kr. 24 022 500.00
Fastafjármunir samtals			— 26 665 615.67
III. Hluti endurtryggjenda í tryggingasjóði:			
Iðgjaldasjóður			kr. 33 200 000.00
Bótasjóður			— 66 192 378.00
Hluti endurtr. í tryggingasj.			kr. 99 392 378.00
Eignir alls			kr. 698 502 873.86

Skuldir og eigið fé:

I. Skammtímaskuldir:		
Innlend vátr.fél. þ. m. t. geymslufé	kr.	86 873 810.59
Sjávarútvegsráðuneytið	—	214 576 357.00
Aðrir innlendir skuldheimtumenn	—	9 809 715.00
Erlendir skuldheimtumenn	—	6 864 075.26
Ógr. skattar (launask. og sölusk.)	—	159 488.00
Skammtímaskuldir samtals	kr.	318 283 445.85
II. Tryggingasjóður:		
Iðgjaldasjóður	kr.	83 000 000.00
Bótasjóður	—	189 579 804.00
Tryggingasjóður samtals	kr.	272 579 804.00
III. Áhættusjóður	kr.	4 000 000.00
IV. Eigið fé:		
1. Bundið:		
Stofnfé Ríkissjóðs	kr.	2 000 000.00
2. Frjálst:		
Óráðstafað eigið fé	—	101 639 624.01
Eigið fé samtals	kr.	103 639 624.01
Skuldir og eigið fé samtals	kr.	698 502 873.86

Í stjórn Samábyrgðar Íslands:

Jón Árnason. Birgir Finnsson. Jón Sigurðsson.

Ágúst Flygenring. Andrés Finnbogason.

Reykjavík, 30. júlí 1975.

Páll Sigurðsson.

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur fyrir árið 1974, er saminn eftir bókhaldi stofnunarinnar, sem við höfum endurskoðað.

Sparisjóðs- og hlaupareikningsinnstæður, ásamt verðbréfaeign hafa verið sannreyndar.

Reykjavík, 30. júlí 1975.

Endurskoðunarskrifstofa Björns E. Árnasonar.

Árni Björnsson.

Nr. 428.

REIKNINGUR

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum fyrir árið 1974.

(Bráðafúadeild).

Rekstrarreikningur fyrir árið 1974.

I.	Iðgjöld:			
	Iðgjöld ársins		kr.	50 552 209.00
II.	Tjón:			
	Tjón ársins		kr.	21 195 903.00
	Iðgjöld ÷ Tjón		kr.	29 356 306.00
III.	Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
	Vaxtatekjur	kr. 3 787 795.40		
	Vaxtagjöld	— 229 085.20		
			kr.	3 558 710.20
			Kr.	32 915 016.20
IV.	Skrifstofu- og stjórnarkostnaður:			
	Þátttaka í launum og launat. gjöld Samábyrgðar	kr. 3 217 936.00		
	Önnur þátttaka í rekstrarkostnaði Samábyrgðar	— 1 475 442.00		
	Annar rekstrarkostnaður	— 428 625.51		
	Kirkjugarðsgjald	— 8 018.00		
	Aðstöðugjald	— 348 600.00		
			kr.	5 478 621.51
			Kr.	27 436 394.69
V.	Afskriftir:			
	Afskrifaðar skuldir	kr. 465 442.47		
	Afskrifað af rakaeyðingartækjum	— 23 255.28		
			kr.	488 697.75
	Hagnaður af reglulegri starfsemi		kr.	26 947 696.94
VI.	Til ráðstöfunar:			
	Óráðstafað frá fyrra ári		kr.	45 864 837.39
	Hagnaður ársins		—	26 947 696.94
			Kr.	72 812 534.33

VII. Ráðstöfun:

Lagt í áhættusjóð	kr.	2 695 000.00
Óráðstafað til næsta árs	—	70 117 534.33
	Kr.	72 812 534.33

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1974.

Eignir:

I. Veltufjármunir:

1. Bankainnstæður:

Innstæður á hlr. Landsb. Ísl. Múlaútibú	kr.	1 323 262.40
Innstæða á hlr. Verslunarb. Ísl.	—	216 058.00
Innstæða á sparisjóðsbók	—	38 489 448.00
	Kr.	40 028 768.40

2. Skammtímakröfur:

Ógr. iðgjöld o. fl.	kr.	55 384 834.73
Innlendir umboðsmenn	—	1 771 965.00
Samábyrgð Íslands	—	8 502 012.00
Aðrir innlendir skuldunautar	—	2 395 399.00
Víxlaeignir	—	2 626 094.60
Aðrar skammtímakröfur	—	131 748.00
	Kr.	70 812 053.33
Veltufjármunir samtals	kr.	110 840 821.73

II. Fastafjármunir:

1. Varanlegir rekstrarfjármunir:

Skrifstofuáhöld	kr.	110 580.30		
Fyrning til 31.12. 1974	—	99 580.30		
			kr.	11 000.00
Rakaeyðingartæki	kr.	480 832.17		
Fyrning til 31.12. 1974	—	432 832.17		
			—	48 000.00
Eign í MB. Vonarstjarnan GK. 75	kr.	32 000.00		
Birgðir fúavarnarefnis	—	32 623.00		
			—	64 623.00
			Kr.	123 623.00

2. Áhættufjármunir og langtímakröfur:

Innlend verðbréf	kr.	1 134 510.50
Fastafjármunir samtals	—	1 258 133.50
Eignir samtals	kr.	112 098 955.23

Skuldir og eigið fé:

I. Skammtímaskuldir:

Sjávarútvegsráðuneytið	kr.	18 154 276.00
Aðrir innlendir skuldheimtumenn	—	4 489 379.00
Skammtímaskuldir samtals	kr.	22 643 655.60

II.	Tryggingasjóður:		
	1. Bótasjóður	kr. 19 360 567.00	
	Greitt upp í óuppgerð tjón	— 2 717 801.70	
			kr. 16 642 765.30
III.	Áhættusjóður		kr. 2 695 000.00
IV.	Eigið fé:		
	Óráðstafað eigið fé		kr. 70 117 534.33
		Skuldir og eigið fé samtals	kr. 112 098 955.23

Í stjórn Samábyrgðar Íslands:

Jón Árnason. Birgir Finnsson. Jón Sigurðsson.
Ágúst Flygenring. Andrés Finnbogason.

Reykjavík, 30. júlí 1975.

Páll Sigurðsson.

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur hinn 31.12. 1974 er saminn eftir bókum deildarinnar, sem við höfum endurskoðað.

Reykjavík, 30. júlí 1975.

Endurskoðunarskrifstofa Björns E. Árnasonar.
Árni Björnsson.

Nr. 429. 15. september 1975.

SAMÞYKKT

um hundahald í Keflavík.

1. gr.

Hundahald er bannað í Keflavík, að undanskildum leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötluðu fólki, samkvæmt læknisráði.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í bænum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu fógeta og þar fái eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
b) Árlega skal greiða í bæjarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem bæjarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í bænum og skal upphæðin við það miðuð. Gjaldið skal greitt við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrirfram árlega.
c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds, skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn á leikvelli, skóla, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvara er um hönd höfð.

e) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts) svo og fyrirmælum, er heilbrigðisnefnd setur.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Keflavíkur staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. september 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

15. september 1975. Nr. 430.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Eskifjarðarkaupstað.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar: A-gjald sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að gera bundið slitlag á götu svo og ganga endanlega frá gangstétt.

3. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni. Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu sem þegar hefur verið lagt bundið slitlag á og/eða gangstétt, skal greiða bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseign eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismuni á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna.

Hafi byggingarleyfi verið veitt í bygginganefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta

byggingarinnar, sem byggingarleyfið er endurnýjað fyrir að frádregnu því gatnagerðargjaldi, sem áður hefur verið greitt af sama áfanga.

4. gr.

A-gjald vegna nýbyggingar skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	1.0%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	0.8%
Tveggja hæða fjölbýlishús	0.6%
Fjölbýlishús 3 hæðir eða meir	0.4%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	0.4%

Af kjöllurum (jarðhæðum) og rishæðum, sem ekki eru notaðar til íbúðar eða atvinnurekstrar svo og bifreiðageymslum skal greiða hálft gjald.

Gjald skal miða við stærð húss, skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m^3
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús	400 m^3 hver íbúð
Fjölbýlishús	300 m^3 hver íbúð

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

5. gr.

B-gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það sem segir í 4. gr., þ. e. til að leggja bundið slitlag og gangstétt, skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	1.5%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	1.2%
Tveggja hæða fjölbýlishús	0.9%
Fjölbýlishús 3 hæðir eða meir	0.6%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.5%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	0.6%

Gjöld kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar.

Af bifreiðageymslum skal greiða hálft gjald.

Gjald skal miðað við stærð húss og lóðar skv. skráningu fasteignamats.

6. gr.

Gjöld samkvæmt 4. og 5. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingakostnaðar, sem gildir um áramót. Bæjarstjórn skal vera heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðlana í 4. og 5. gr. hvorn um sig eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

7. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds skv. 4. gr. skulu vera sem hér segir:

Ef um er að ræða leigulóð í eigu sveitarfélags, getur sveitarstjórn áskilið að úthlutun verði háð því að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingarleyfi verður veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslur.

8. gr.

Gatnagerðargjald skv. 5. gr. miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar sem í gildi er þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitala meðan verk fer fram, og skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða. Ef ákveðið verður að innheimta gjald, skv. 5. gr. af fasteignum við götu þar sem þegar hefur verið lagt slitlag og/eða gangstétt, skal miða það við vísitölu sem í gildi er, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

9. gr.

Nú hefur gatnagerðargjald eða gangstéttargjald verið greitt af lóð, og skal það gjald þá koma til frádráttar með álagi samkvæmt breytingu á vísitölu sem orðin er frá því að greitt var enda hafi gjaldið verið ætlað til framkvæmda við bundið slitlag á götu.

10. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 5. gr. greiðist þannig að 20% greiðist þegar lagningu bundins slitlags er lokið.

Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir 10% greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

Heimilt er gjaldanda að halda eftir 20% gjaldsins uns gangstétt hefur verið lögð við hús hans. Ef gangstétt er lögð að hluta, má halda eftir greiðslu á 10% gjaldsins.

11. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingafjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Bæjarstjórn sker úr ágreiningi er rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Eskifjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 15. september 1975.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

15. september 1975. Nr. 431.

REGLUGERÐ

um heimilishjálp í Eyrarbakkahreppi.

1. gr.

Félagsmálanefnd öryrkja og eldri borgara fer með stjórn heimilishjálpar í Eyrarbakkahreppi í umboði hreppsnefndar.

Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálparinnar skal vera í höndum stjórnanda með þekkingu á heimilisstörfum, sem félagsmálanefndin ræður til starfsins. Hann skal að jafnaði sitja fundi félagsmálanefndar, þegar rædd eru mál, sem varða heimilishjálp, með málfrelsi og tillögurétti.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er tvíþætt:

Annars vegar veitir hún um stundarsakir hjálp við heimilisstörf á heimilum, þegar sannað er, að hjálp sé nauðsynleg vegna sjúkdóms, barnsburðar, slyss, dauðsfalls eða af öðrum ástæðum, að mati félagsmálanefndarinnar. Umsókn um heimilishjálp skal fylgja vottorð læknis eða ljósmóður. Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en 14 daga, en félagsmálanefnd getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

Hins vegar veitir hún elli- og örorkulífeyrisþegum aðstoð og umönnun, þegar sannað er með vottorði læknis eða á annan hátt, sem félagsmálanefnd eða stjórnandi heimilishjálparinnar metur gildan, að þeir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum geta ekki séð um sig sjálfir og þarfnast aðstoðar til þess að geta dvalist í heimahúsum.

Hversu lengi aðstoðin er veitt fer eftir aðstæðum í hverju tilviki samkvæmt mati stjórnanda heimilishjálparinnar og félagsmálanefndar.

3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks nægilega margar konur til heimilishjálpar. Stjórnandanum ber að ganga örugglega úr skugga um, að starfsfólk, sem heimilishjálp stundar á vegum nefndarinnar, sé hæft til starfsins, hafi lokið tilskildu námskeiði eða sýnt hæfni í verki og sé samkvæmt vottorði læknis ekki haldið smitandi sjúkdómum. Um launakjör og hlunnindi starfsfólks fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.

4. gr.

Sveitarsjóður Eyrarbakkahrepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem starfsfólk heimilishjálparinnar kann að valda við störf sín.

5. gr.

Starfsfólk heimilishjálparinnar skal gæta þagmælsku um hagi hjálparþega, sem það verður áskynja um í starfi sínu. Starfsfólkið tekur laun sín hjá sveitarsjóði, og er því óheimilt að taka við neins konar greiðslum eða gjöfum frá þeim, sem það veitir aðstoð.

6. gr.

Þeir, sem njóta heimilishjálpar, skulu greiða helming launa hjálparstúlku, eins og þau eru hverju sinni. Félagsmálanefndin getur að fengnum tillögum stjórnanda heimilishjálparinnar veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálp að nokkru eða öllu leyti.

Félagsmálanefndin skal stuðla að því, að þeir elli- og örorkulífeyrisþegar, sem hjálpar njóta samkvæmt 3. málsgrein 2. greinar þessarar reglugerðar, fái greiddar uppbætur á elli- og örorkulífeyri samkvæmt 19. grein almannatryggingalaga til að standa straum af sínum greiðsluhluta. Félagsmálanefnd setur nánari reglur um greiðslu, innheimtu og annað, sem hún telur máli skipta við framkvæmd heimilishjálparinnar.

7. gr.

Skrifstofa Eyrarbakkahrepps veitir félagsmálanefnd nauðsynlega fyrirgreiðslu um húsnæði, afnot áhalda og skrifstofustörf við framkvæmd heimilishjálparinnar. Sveitarsjóður Eyrarbakkahrepps annast innheimtu, greiðslur og reikningshald fyrir heimilishjálpina, og reikningar hennar endurskoðast með reikningum Eyrarbakkahrepps.

8. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálp, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálp og reglugerð þessari, greiðist að ⅓ úr ríkissjóði en ⅔ úr sveitarsjóði.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. september 1975.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Jón Sigurpálsson.

17. september 1975. Nr. 432.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 181 5. maí 1974 um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Skylt er að hafa gjaldmæli í öllum allt að 8 farþega leigubifreiðum, sem aka fólki gegn borgun, og sendibifreiðum, sem aka gegn borgun, á þeim stöðum á landinu, þar sem aðstæður henta að dómi samgönguráðuneytisins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 55 12. maí 1970 um breytingu á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 17. september 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

29. september 1975. Nr. 433.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Dalvíkur Apóteks.

Samkvæmt heimildum í Reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Dalvíkur Apóteks vera sem hér segir:
Mánudaga—föstudaga kl. 10.00—12.00 og 13.30—18.00.
Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. greinar fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. september 1975.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

SAMÞYKKT

fyrir Iðnaðarbanka Íslands hf.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Nafn félagsins er Iðnaðarbanki Íslands h. f., í samþykktum þess kallað Iðnaðarbankinn.

2. gr.

Heimili Iðnaðarbankans, aðalbanki og varnarþing er í Reykjavík. Auk aðalbanka má setja á stofn afgreiðslustofur og útibú í Reykjavík eftir þörfum, og útibú og umboðsskrifstofur má stofna utan Reykjavíkur eftir því, sem þörf þykir og ástæður leyfa.

3. gr.

Hlutverk Iðnaðarbankans er að reka hvers konar viðskiptabankastarfsemi, er sérstaklega miði að því að styðja verksmiðjuiðnað og handiðnað í landinu.

II. KAFLI

Um hlutafé Iðnaðarbankans.

4. gr.

Hlutafé Iðnaðarbankans er kr. 45 millj., en lögmætur hluthafafundur getur ákveðið að auka hlutaféð eftir sömu reglum og gilda um breytingar á samþykktum bankans, sbr. 37. gr. Hluthafar hafa forkaupsrétt að aukningunni í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína. Hafi hluthafi eigi neytt forkaupsréttar síns innan þriggja mánaða frá auglýsingu bankaráðs um hlutafjárauka, skal heimilt að bjóða út innanlands það, sem á vantar samþykktan hlutafjárauka. Hlutaféð er allt jafn rétt hátt sbr. þó 18. gr. og 25. gr.

5. gr.

Hlutabréf hljóða á nafn. Hlutabréfin eru að verðmæti kr. 250.00, kr. 500.00, kr. 1 000.00, kr. 5 000.00, kr. 10 000.00, kr. 50 000.00 og kr. 100 000.00. — Hlutabréfin skiptast í fjóra flokka (A, B, C, D) eftir uppruna þeirra, og bréf í hverjum flokki hafa framhaldandi tölumerki. Í flokki A eru hlutabréf, sem Landsamband iðnaðarmanna annaðist sölu á. Í flokki B eru hlutabréf, sem Félag íslenskra iðnrekenda annaðist sölu á. Í flokki C eru hlutabréf ríkissjóðs. Í flokki D eru hlutabréf seld með opinberu útboði. Hlutafjárauka skal skipað í flokka með sama hætti. Arðmiðar skulu fylgja hverju hlutabréfi. Réttur til arðs fellur niður, ef arðs er ekki vitjað innan þriggja ára frá gjalddaga, og rennur hann þá í varasjóð bankans. Bankaráði er heimilt að ákveða, að arður skuli greiddur með ávísun, sem send er hluthöfum innan mánaðar frá aðalfundi.

6. gr.

Halda skal skrá yfir hlutabréf og skal þar greina:

1. Útgáfudag hlutabréfs.
2. Nafnverð þess, flokk og tölu.

3. Eiganda bréfsins og eigandaskipti.
4. Ef hlutabréf hefur verið ónýtt með dómi eða öðrum hætti.

7. gr.

Nú vill eigandi hlutabréfs í A-flokki selja hlutabréf sitt. Skal hann þá tilkynna það stjórn Landsambands iðnaðarmanna og láta getið verðs, söluskilmála og kaupanda. Hefur sambandsstjórnin forkaupsrétt að bréfinu fyrir hönd sambandsins eða einstakra félagsmanna þess fyrir sama verð og með sömu skilmálum og aðrir bjóða hæst. Vilji sambandsstjórnin eigi neyta forkaupsréttar síns innan tveggja vikna, þá öðlast stjórn Félags íslenskra iðnrekenda forkaupsrétt að bréfinu fyrir hönd félagsins eða einstakra aðila innan þess, með sömu skilmálum. Hafi félagsstjórnin eigi neytt forkaupsréttar síns innan tveggja vikna, má hluthafi bjóða bréfið hverjum sem vill, enda sé verð og söluskilmálar eigi hagkvæmari kaupanda en stjórnum félagssamtakanna var gefinn kostur á. — Á sama hátt skal eiganda hlutabréfs í B-flokki, er selja vill hlutabréf sitt, fyrst tilkynna það stjórn Félags íslenskra iðnrekenda og láta getið verðs, söluskilmála og kaupanda. Hefur þá stjórnin forkaupsrétt að bréfinu fyrir hönd félagsins eða einstakra aðila innan þess fyrir sama verð og með sömu skilmálum og aðrir bjóða hæst. Vilji félagsstjórnin eigi neyta forkaupsréttar síns innan tveggja vikna, þá öðlast stjórn Landssambands iðnaðarmanna forkaupsrétt að bréfinu fyrir hönd sambandsins eða einstakra félagsmanna þess með sömu skilmálum. Hafi sambandsstjórnin eigi neytt forkaupsréttar síns innan tveggja vikna, má hluthafi bjóða bréfið hverjum sem vill, enda sé verð og söluskilmálar eigi hagkvæmari kaupanda en stjórnum félagssamtakanna var gefinn kostur á. — Vilji eigandi hlutabréfs í D-flokki selja hlutabréf sitt, skal hann tilkynna það stjórnum Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna og láta getið verðs, söluskilmála og kaupanda. Eigi þá stjórnir þessara samtaka sameiginlegan forkaupsrétt að bréfinu fyrir hönd samtakanna eða einstakra aðila innan þeirra með sömu skilmálum og aðrir bjóða hæst. Vilji stjórnir þessara samtaka eigi neyta forkaupsréttar síns innan fjögurra vikna, má hluthafi bjóða bréfið hverjum sem vill, enda sé verð og söluskilmálar eigi hagkvæmari kaupanda en stjórnum félagssamtakanna var gefinn kostur á.

8. gr.

Eigandaskipti hlutabréfa skulu tilkynnt bankaráðinu og eru þau ella ógild gagnvart félaginu. — Nú verða eigandaskipti fyrir arftöku og skal þá tilkynna nafn hins nýja eiganda til bankaráðsins, er lætur þess getið í hluthafaskránni. Veðsetning hlutabréfa er óheimil.

9. gr.

Nú glatast hlutabréf, stofn eða arðmiði, sem því fylgir, og gefur bankaráð þá út nýtt hlutabréf, stofn eða arðmiða, til handhafa, er hann hefur fengið ógildingardóm á hinu glataða skjali. — Bankaráði skal heimilt að gefa út til aðila nýtt hlutabréf eða arðmiða, þótt ógildingardóms sé ekki aflað, ef bankaráð telur nægilega sannað, að bréfið eða arðmiðinn hafi glatast. — Ef hlutabréf, stofn eða arðmiði skemmist, en þó verður ekki villst um flokk skjalsins, tölu þess eða efni, getur bankaráð gefið út til aðila, á hans kostnað nýtt skjal í staðinn, enda skili hann hinu skemmda skjali.

10. gr.

Enginn hluthafi ábyrgist skuldbindingar Iðnaðarbankans fram yfir nafnverð hlutabréfa sinna. Þessu ákvæði verður ekki breytt né það fellt niður með neinum ályktunum hluthafafundar.

III. KAFLI

Um starfsemi Iðnaðarbankans.

11. gr.

Hlutverk sitt leysir bankinn af hendi með því að taka við spariinnlánum og veltiinnlánum til ávöxtunar, kaupa og selja víxla, verðbréf, tékka og aðrar ávísanir, og veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar. Að auki veitir bankinn ábyrgðir, annast um innheimtur og hvers konar önnur venjuleg störf viðskiptabanka.

12. gr.

Iðnaðarbankinn hefur á hendi samkvæmt sérstökum samningi, daglegan rekstur Iðnlánasjóðs.

IV. KAFLI

Stjórn Iðnaðarbankans.

13. gr.

Með stjórn Iðnaðarbankans fara:
A. Hluthafafundir.
B. Bankaráð.
C. Bankastjórn.

A. Um hluthafafundi.

14. gr.

Hluthafafundir fara með málefni Iðnaðarbankans, samkvæmt þeim fyrirmælum, sem hér fara á eftir.

15. gr.

Aðalfund hluthafa skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert, og skal til hans boðað með auglýsingu, er birt sé í Lögbirtingablaði með ekki minna en 4 vikna fyrirvara, talið frá birtingu fundarboðs. Enn fremur skal birta fundarboðið með ekki minna en viku fyrirvara í útvarpi og dagblöðum og sé þar tekið fram, hvenær og hvar skuli afhenda aðgöngumiða og atkvæðaseðla og skal afhendingin fara fram 3 síðustu daga fyrir fundardag og á fundardegi eftir nánari ákvörðun bankaráðs. Aukafundi skal halda eftir ákvörðun hluthafafundar eða bankaráðs, enda skal boða þá með sama hætti sem aðalfund, en viku fyrirvari þó nægur, ef bankaráðið telur þörf fundarhalds svo skjótlega. Bankaráði er skylt að boða til aukafunda, ef hluthafar, sem ráða yfir fimmtungi hlutafjár, krefjast þess skriflega og greina fundarefni, enda fer þá um fundarboð svo sem segir í næsta málslið á undan.

16. gr.

Á hluthafafundi fylgir 1 atkvæði hverjum 250.00 krónum í hlutafé. Engar takmarkanir eru á atkvæðisrétti hlutafjár ríkissjóðs aðrar en þær, að því fylgir eigi atkvæðisréttur við kosningu bankaráðs.

17. gr.

Í fundarboði skal greina dagskrá fundarins, og má þar greiða atkvæði um þau mál ein, sem fundarboð greinir, og breytingartillögur við þau. — Nú óska hluthafar, að tiltekin tillaga sé tekin til meðferðar á hluthafafundi, og er þá skylt að gera það, ef tilmæli koma frá hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra, sem fara með eigi minna

en 5% af hlutafé enda berist tilmælin bankaráði viku fyrir fundinn hið skemmsta. Tilkynna skal hluthöfum almennt um tillögu þessa, eftir því sem föng eru á.

18. gr.

Hver hluthafi, sem hyggst neyta atkvæðisréttar síns á hluthafafundi, skal vitja aðgöngumiða síns innan frests, sem greindur er í fundarboði og á þeim stað sem þar er tiltekinn og gera grein fyrir atkvæðisrétti sínum. Á aðgöngumiða skal greina hve mörg atkvæði viðkomandi hafi á fundinum. Heimilt er hluthafa að gefa öðrum umboð til þess að mæta á fundinum fyrir sína hönd, og fara þar með atkvæði sín. Aðrar heimildir til þess að vera fyrir hönd einhvers hluthafa á hluthafafundi verður að sanna, er aðgöngumiða að fundinum er vitjað.

19. gr.

Á hluthafafundum ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sé mælt í samþykktum þessum eða ákvæðum laga um hlutafélög. Ef tillaga fær jafn mörg atkvæði með sér og móti, telst hún fallin. Ef tveir menn eða fleiri fá jafn mörg atkvæði, þegar kjósa skal mann til starfa fyrir Iðnaðarbankann, skal hlutkesti ráða.

20. gr.

Hluthafafundur kýs fundarstjóra, en hann tilnefnir fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri stýrir fundi og sker úr öllum atriðum, er fundarhald varða. Fundargerðir skulu lesnar upp og samþykktar af fundarmönnum, en þó er fundinum heimilt að fela fundarstjóra, formanni bankaráðs ásamt ritara, að ganga frá fundargerðum og undirrita þær.

21. gr.

Á dagskrá aðalfundar skal taka þessi mál og þeim ljúka þar:

1. Skýrslu bankaráðs um starfsemi Iðnaðarbankans síðastliðið starfsár.
2. Endurskoða reikninga hans fyrir síðastliðið reikningsár.
3. Tillögu um kvittun til bankastjóra og bankaráðs fyrir reikningsskil.
4. Kosning til bankaráðs, sbr. 22. gr.
5. Kosning endurskoðenda.
6. Ákvörðun um þóknun til bankaráðs og endurskoðenda fyrir næsta kjörtímabil.
7. Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs sbr. 24. gr. og 32. gr.
8. Önnur mál.

B. Bankaráð.

22. gr.

Stjórn hlutafélagsins, sem í samþykktum þessum nefnist bankaráð, skipa 5 menn og jafnmargir til vara. Iðnaðarmálaráðherra skipar tvo aðalmenn og varamenn fyrir hvorn þeirra, til eins árs í senn. Aðalfundur hluthafa kýs ár hvert með hlutfallskosningu þrjá menn og jafnmarga til vara, sem kosnir skulu sérstaklega með sama hætti og aðalmenn. Varamenn taka sæti í bankaráði eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista, sem þeir eru kosnir af, falla frá eða forfallast.

Skulu bankaráðsmenn vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja fundi bankaráðsins hvenær sem er. Bankaráðsmenn skulu vera lögráða menn, fjár síns ráðandi og með óflekkað mannorð en ekki þurfa þeir að vera hluthafar. Bankaráðsmenn mega ekki samtímis eiga sæti í stjórn annarra lána- eða bankastofnana, né vera starfsmenn þeirra.

23. gr.

Bankaráðið kýs sér formann og varaformann úr sínum hópi. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. Formaður kallar saman fundi bankaráðs

og stýrir þeim. Reglulega fundi skal að jafnaði halda tvisvar í mánuði hverjum. Aukafundi skal halda, þegar formaður eða meiri hluti bankaráðs eða bankastjórn telur þess þörf. Fundir bankaráðs eru lögmætir, ef 3 bankaráðsmenn sækja fund. Sé fundur eigi fullskipaður þarf atkvæði 3 til gildrar ályktunar. Afl atkvæða ræður úrslitum nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða öðrum lögmætum fyrirmælum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Það sem gerist á fundum bankaráðs, skal bókað í sérstaka gerðabók. Hver sá, sem rétt á að sitja fundi bankaráðs, getur krafist þess, að bókaðar séu athugasemdir hans og ágreiningsálit. Formaður bankaráðs hefur fyrir hönd ráðsins stöðugt eftirlit með starfsemi bankans.

24. gr.

Bankaráð hefur æðstu forstöðu Iðnaðarbankans, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykktum þessum.

Verkefni þess eru því:

1. Að ráða bankastjóra, ákveða tölu þeirra og ráðningarkjör, setja þeim erindisbréf og veita þeim lausn.
2. Að ráða aðstoðarbankastjóra, aðalgjaldkera, aðalbókara og útibússtjóra, að fengnum tillögum bankastjórnar, setja þeim erindisbréf og veita þeim lausn.
3. Að eiga aðild að reglugerð eða heimildarsamningi um launakjör starfsmanna bankans og réttarstöðu þeirra gagnvart bankanum.
4. Að hafa eftirlit með því að endurskoðendur ræki störf sín óaðfinnanlega.
5. Að ákveða í samráði við bankastjóra innláns- og útlánsvexti, séu þeir ekki ákveðnir af stjórn Seðlabanka Íslands.
6. Að taka ákvarðanir um afskriftir af eignum bankans og gera tillögur til aðalfundar um aðra ráðstöfun á tekjuafgangi á ársreikningi.
7. Að gera tillögur um breytingar á reglugerð bankans.
8. Að skera úr ágreiningi, er upp kynni að koma milli bankastjórnar og þeirra starfsmanna bankans, sem ráðnir eru af bankaráði.
9. Að ákveða, með samþykki bankastjóra, hvar bankinn skuli hafa útibú.
10. Að ákveða að fengnum tillögum bankastjóra, hverjir starfsmenn bankans ásamt bankastjóra geti skuldbundið bankann með undirskrift sinni og kveða á um það, hverjir starfsmenn bankans geti skuldbundið hann í tilteknum málum með undirskrift sinni.
11. Að ráða fram úr öðrum málum, sem ekki eru til hluthafafunda eða bankastjóra lögð, og þeim málum, sem bankastjóri eða hluthafafundur skjóti til þess.

25. gr.

Bankaráðsmenn hafa aðgang að öllum bókum Iðnaðarbankans og skjölum. Bankaráðsmenn mega ekki gerast umboðsmenn annarra gagnvart bankanum.

26. gr.

Allt það, er bankaráðið lætur skriflega frá sér fara, skal undirritað af formanni og einum hinna bankaráðsmanna. Iðnaðarbankinn ábyrgist allar skuldbindingar, sem bankaráðið undirgengst stöðu sinni samkvæmt, fyrir hans hönd.

C. Bankastjórn.

27. gr.

Bankastjórn Iðnaðarbankans er skipuð bankastjórum hans. Bankastjórnin annast daglega stjórn bankans og stendur fyrir rekstri hans. Hún ráðstafar fé bankans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum skv. lögum bankans,

samþykktum þessum, reglugerð bankans og ákvörðun bankaráðs. Bankastjórn ræður alla þá starfsmenn Iðnaðarbankans, sem bankaráðinu er eigi sérstaklega falið að ráða, skv. samþykktum bankans, og segir þeim upp. Hún undirbýr fundi bankaráðs og gefur því reglulega skýrslur um störf og hagi bankans. Bankastjórar, aðstoðarbankastjóri og útibússtjórar mega ekki án leyfis bankaráðs hafa á hendi embætti eða sýslan, sem ekki er lögskylt að gegna, né reka sjálfir atvinnu eða vera í stjórn atvinnufyrirtækja. Sömu aðilar mega ekki vera skuldskeyttir Iðnaðarbankanum eða útibúum hans, hvorki sem aðalskuldunautar eða ábyrgðarmenn. Bankastjórar og aðstoðarbankastjóri skulu sitja fundi bankaráðs nema fjallað sé um mál, er varðar þá sjálfa.

28. gr.

Bankaráði, endurskoðendur, bankastjóri og allir aðrir starfsmenn Iðnaðarbankans skulu skyldir að gæta fullkominnar þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi viðskiptamanna hans og þeir fái vitneskju um vegna starfsemi sinnar í þarfir bankans. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

V. KAFLI

Reikningsskil, endurskoðun, skipting ágóða og varasjóður.

29. gr.

Reikningsár Iðnaðarbankans er almanaksárið. Skal ársreikningi lokið fyrir febrúarlok og sé hann jafn skjótt sendur endurskoðendum. Yfirlit yfir hag Iðnaðarbankans skal gera mánaðarlega. Ársreikninga skal birta í Stjórnartíðindum.

30. gr.

Aðalfundur hluthafa kýs tvo endurskoðendur, til eins árs í senn. Endurskoðendur skulu vera bókhaldsfróðir menn og leiknir í endurskoðun reikninga. Þeir mega ekki vera í þjónustu Iðnaðarbankans að öðru leyti, enda má jafnt kjósa þá úr flokki hluthafa sem utan hans. Þeir skulu rannsaka allt reikningshald og alla reikninga bankans, enda er þeim jafnan heimill aðgangur að öllum bókum hans og skjölum, og jafnframt skal bankaráðið og starfsmenn bankans veita þeim allar umbeðnar upplýsingar, sem unnt er að láta í té. Endurskoðendum er heimilt, með samþykki bankaráðsins, að kveðja til löggiltan endurskoðanda sér til ráðuneytis eða til þess að gera athugun á ákveðnum þáttum í reikningshaldi eða reikningsskilum bankans. Fyrir marsmánaðarlok skulu endurskoðendur hafa lokið endurskoðun á ársreikningi Iðnaðarbankans og ber þeim þá þegar að afhenda hann stjórn bankans, ásamt athugasemdum sínum. Í síðasta lagi 2 vikum fyrir aðalfund skal bankastjórnin hafa samið svör sín við athugasemdum endurskoðenda og skulu þau liggja hluthöfum til sýnis ásamt ársreikningi.

31. gr.

Ársreikningurinn sem felur í sér rekstrarreikning og efnahagsreikning, skal sýna skilmerkilega og ítarlega tekjur og gjöld bankans, eignir hans og skuldir og vera í hvívetna í samræmi við ákvæði laga um bókhald. Með gjöldum skulu taldar hæfilegar afskriftir af fasteignum og lausafjármunum. Áður en ársreikningur er gerður, skal bankaráðið ákveða hvað lagt skuli til hliðar á afskriftareikning vegna skulda, sem taldar eru tapaðar, og gera grein fyrir því á aðalfundi sbr. 22. gr. 2. tölulið. Ársreikningurinn skal undirritaður af bankaráði og bankastjórn ásamt endurskoðendum.

32. gr.

Tekjuafgangi samkv. rekstrarreikningi skal varið sem hér segir:

1. Vinna skal upp eignfært tap frá fyrra ári eða árum.
2. ⅓ hluta tekjuafgangs skal ávallt leggja í varasjóð.
3. Varasjóð má eigi nota til annars en að vinna upp tap á rekstri bankans eða önnur töp, er bankinn kann að verða fyrir.
4. Til afgreiðslu samkv. ákvörðun aðalfundar að fengnum tillögum bankaráðs. Eigi er heimilt að greiða hærri arð en sem nemur almennum innlánsvöxtum af sparifé uns hlutafé ásamt varasjóði nemur 10% af innlánsfénu. Nú er hluta af tekjuafgangi óráðstafað vegna þessara takmarkana á arðgreiðslu, og skal hann þá renna óskiptur í varasjóð.
5. Til annars samkvæmt ákvörðun aðalfundar að fengnum tillögum bankaráðs.

VI. KAFLI

Um breytingar á samþykktum félagsins.

33. gr.

Samþykktum félagsins má breyta á löglegum aðalfundi, þar sem staddir eru hluthafar, er umráð hafa yfir að minnsta kosti ⅔ atkvæða, og sé breytingin samþykkt með ⅔ atkvæða að minnsta kosti. Hafi eigi verið á fundinum svo margir hluthafar, en breytingin samþykkt með ⅔ atkvæða skal halda fund aftur innan mánaðar. Skal til hans boðað á venjulegan hátt, og það tekið fram, að til fundarins sé boðað af því að eigi hafi verið nægilega margir á hinum fyrri. Séu á þeim fundi ⅔ greiddra atkvæða með breytingunni, öðlast hún gildi, hvort sem margir eða fáir hafa sótt fundinn.

VII. KAFLI

Um félagsslit.

34. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um breytingar á samþykktum þessum. Fundur sá, sem samþykkir á lögmætan hátt að slíta félaginu, kveður og á um, hvernig ráðstafa skuli eignum þess og greiðslu skulda.

Þannig samþykkt á aðalfundi Iðnaðarbanka Íslands h. f., hinn 5. apríl 1975.

Í bankaráði Iðnaðarbanka Íslands h. f.

Gunnar J. Friðriksson. **Sigurður Kristinsson.** **Magnús Helgason.**
Páll Sigurðsson. **Haukur Eggertsson.**

Iðnaðarráðuneytið, 22. september 1975.

Gunnar Thoroddsen.

Árni Þ. Árnason.

REGLUGERÐ

fyrir Iðnaðarbanka Íslands hf.

I. KAFLI

Stofnun og skipulag bankans.

1. gr.

Iðnaðarbanki Íslands hf. er stofnaður samkvæmt heimild í lögum nr. 113 frá 29. desember 1951.

Bankinn er hlutafélag og er hlutafé hans að minnsta kosti 45 millj. kr., en heimilt er lögmætum hluthafafundi að auka hlutaféð sbr. lög nr. 31 frá 27. apríl 1963.

Með yfirstjórn bankans fer fundur hluthafa, svo sem segir í samþykktum félagsins, bankaráð sem kosið er á aðalfundi bankans og bankastjórn, sem bankaráð ræður.

II. KAFLI

Starfsemi bankans.

2. gr.

Iðnaðarbankinn hefur sparisjóðsréttindi og nýtur í hvívetna sömu réttinda sem Landsbanka Íslands eru veitt í 18., 19. og 21.—23. gr. laga nr. 11 1961.

3. gr.

Hlutverk Iðnaðarbankans er að reka hvers konar bankastarfsemi, er sérstaklega miði að því að styðja verksmiðjuiðnað og handiðnað í landinu. Þetta hlutverk sitt leysir bankinn af hendi með því:

a. Að taka við spariinnlánum og veltiinnlánum til ávöxtunar og varðveislu.
b. Að kaupa og selja víxla, tékka og aðrar ávísanir.
c. Að kaupa og selja verðbréf.
d. Að veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar.
e. Að kaupa og selja erlendan gjaldeyri og reka hvers kyns erlend bankaviðskipti, sbr. þó ákvæði 29. gr.
f. Að hafa með höndum umsjón og varðveislu eigna.
g. Að geyma verðmæti gegn gjaldi.
h. Að annast önnur venjuleg viðskiptabankastörf.

A. Innlán.

1. Spariinnlán.

4. gr.

Bankinn tekur við spariinnlánum til ávöxtunar, minnst kr. 100.00 í senn. Bankinn er eigi skyldur til að taka á móti mjög stórum upphæðum til ávöxtunar, ef bankastjórn telur það óhagkvæmt.

5. gr.

Þegar stofnað er til spariinnlánsviðskipta, er viðskiptamanni fengin sérstök sparisjóðsbók, sem í eru færðar allar færslur á viðkomandi innlánsreikningi. Þegar ný sparisjóðsbók er afhent, greiðir viðskiptamaður fyrir hana gjald skv. ákvörðun bankastjórnar.

Sá, sem leggur inn eða tekur út fé af spariinnlánsreikningi, skal afhenda útfyllt eyðublað skv. nánari ákvörðun bankastjórnar. Sparisjóðsbækur skulu að jafnaði

bera nafn eiganda þeirra, en heimilt er einnig að auðkenna þær eða þær séu nafnlausar án auðkenna. Vanti einhverjar þær upplýsingar, sem eyðublaðið krefst, getur bankinn neitað um afgreiðslu.

Þegar fé er lagt inn eða tekið út af spariinnlánsreikningi, skal það fært í sparisjóðsbókina. Heimilt er þó að taka við innborgun gegn kvittun, án þess að sparisjóðsbók sé sýnd, enda fellur slík kvittun úr gildi, þegar innborgun hefur verið færð í bókina, næst þegar bókin er sýnd í bankanum.

Eigendur spariinnlánsreikninga geta mælt svo fyrir, að aðrir en þeir sjálfir megi ekki leggja inn eða taka út fé af reikningum þeirra, enda afhendi þeir bankanum rithandarsýnishorn sitt um leið. Að öðrum kosti ber bankinn eigi ábyrgð á heimildarlausri úttekt eða innborgun.

6. gr.

Vextir af spariinnlánum reiknast í heilum krónum af hverju innleggi frá og með næsta degi eftir að féð er lagt inn. Við úttekt reiknast vextir frá og með úttektardegi. 31. desember ár hvert skulu samanlagðir vextir leggjast við höfuðstólinn. Vexti skal færa í sparisjóðsbækur, þegar þær í fyrsta sinn eru sýndar í bankanum eftir að þeir voru lagðir við innstæður.

7. gr.

Spariinnlánum má skipta í flokka eftir því, hvort krafist sé uppsagnarfrests á innstæðum eða ekki. Af fé, sem stendur inni á almennum spariinnlánsreikningi, verður greitt það, er menn óska, án uppsagnarfrests. Þó er bankastjórn heimilt að áskilja, að upphæðum frá kr. 500 þús. til kr. 1 millj. sé sagt upp með viku fyrirvara og upphæðum þar yfir með eins mánaðar fyrirvara. Án eins mánaðar uppsagnarfrests er bankinn eigi skyldur að greiða meira en kr. 1 millj. á mánuði hverjum úr sömu sparisjóðsbók.

Um þær tegundir spariinnlána, þar sem uppsagnarfrests er krafist, fer eftir reglum sem settar eru af bankastjórn. Heimilt er að greiða hærri vexti af bundnum innstæðum, en af fé með venjulegum sparisjóðskjörum.

8. gr.

Bankastjórn er heimilt að segja lausu fé á spariinnlánsreikningum með þriggja mánaða fyrirvara, annað hvort með áritun í bókina eða auglýsingu í Lögbirtingablaði. Eftir að sá fyrirvari er liðinn, greiðast engir vextir af því fé, sem sagt er upp.

9. gr.

Glatist sparisjóðsbók ber eiganda að snúa sér til bankans, er annast um að handhafa hennar verði stefnt, skv. 19. gr. laga nr. 11 1961, sbr. 10. gr. laga um Iðnaðarbanka Íslands h. f. Kostnaðinn greiðir eigandinn.

10. gr.

Ef eigandi að innstæðufé hvorki leggur inn né tekur út í 19½ ár samfleytt, verður hætt að greiða vexti af því og er þá heimilt með auglýsingu, er skal birt með misseris fyrirvara á þann hátt sem segir í 9. gr., að skora á eiganda að vitja fjárins. Gefi hann sig eigi fram, áður en fresturinn er liðinn, er viðskiptabók hans ógild, en féð ásamt vöxtum rennur til bankans sbr. 2. gr. laga nr. 14 1905.

2. Veltiinnlán.

11. gr.

Bankinn tekur við fé til ávöxtunar á veltiinnlánum (ávísanareikningar og hlaupareikningar), sem stofnaðir eru með að minnsta kosti kr. 20 þús. innborgun. Við-

skiptamaður, sem óskar að opna veltiinnlánsreikning skal leggja fram skriflega umsókn, þar sem tilgreint er nafnnúmer umsækjanda, fæðingardagur og ár, atvinna og heimilisfang. Sé umsækjandi ekki þekktur í bankanum, skulu fylgja meðmæli tveggja manna, sem bankinn viðurkennir. Að jafnaði skulu veltiinnlánsreikningar ekki opnaðir fyrr en að vel athuguðu máli.

Sá sem leggur inn fé á veltiinnlánsreikning, skal afhenda útfyllt eyðublað, skv. nánari ákvörðun bankastjórnar. Bankinn greiðir út fé af veltiinnlánsreikningum gegn tékkum, sem ritaðir eru á sérstök eyðublöð bankans og útgefin af eiganda reiknings eða þeim, sem hann hefur gefið umboð. Sá, sem heimild hefur til útgáfu tékka á reikning, skal afhenda bankanum rithandarsýnishorn sitt. Þegar viðskiptamaður fær tékkhefti, skal hann greiða fyrir það gjald, skv. ákvörðun bankastjórnar.

Bankinn getur neitað að greiða tékka, sem eigi eru rétt útfylltir skv. formi sínu.

Greiði bankinn falsaða tékka eða tékka, sem gefinn hefur verið út í heimildarleysi og tékkinn útgefinn á eyðublað úr tékkhefti, sem reikningseigandi hefur sjálfur fengið, skal hann bera skaðann, nema augljósu gáleysi starfsmanna bankans sé að kenna.

12. gr.

Enginn má gefa út tékka á meira fé en hann á innstæðu fyrir, nema sérstaklega sé um samið við bankastjórn sbr. 18. og 22. gr. Sé um misnotkun tékkareikninga að ræða, skal fara með það mál eftir reglum, sem bankastjórn setur. Bankanum er jafnframt heimilt að eiga aðild að samkomulagi banka og sparisjóða um tékkaviðskipti. Sé um ítrekað eða alvarlegt tékkamisferli að ræða, er bankanum heimilt að loka viðkomandi reikningum tafarlaust og innkalla um leið óútgefin tékkaeyðublöð sem reikningseigendur kunna að hafa undir höndum.

13. gr.

Bankinn sendir eigendum veltiinnlánsreikninga útskriftir af reikningum þeirra, þar sem sýndar eru allar færslur á viðkomandi reikningi. Þessar útskriftir skulu sendar eigendum eins oft og bankastjórn telur fært en þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. er bankanum heimilt að greiða út fé af veltiinnlánsreikningi skv. skriflegum fyrirmælum reikningseiganda eða símskeyti hans, staðfest á venjulegan hátt, enda gangi greiðslan inn á annan reikning við bankann eða til annars banka eða sparisjóðs. Þá er bankanum heimilt að ráðstafa fé af veltiinnlánsreikningum til greiðslu gjaldfallinna skulda reikningseiganda við bankann. Allar slíkar skuldfærslur skulu tilkynntar reikningseiganda tafarlaust.

15. gr.

Í tékkaávísun sem gefin er út á innstæðu á veltiinnlánsreikningi, verður upphæðin að vera tilgreind með tölustöfum og bókstöfum. Sé þess ekki gætt, þá er bankinn eigi skyldur til að greiða ávísanaupphæðina. Sé fjárhæðin tilgreind öðruvísi með tölustöfum en bókstöfum, þá gildir sú upphæð, sem með bókstöfum er skráð.

16. gr.

Um fyrningar innstæðu á veltiinnlánsreikningum gilda ákvæði 10. gr.

3. Önnur innlán.

17. gr.

Bankanum er heimilt að taka til ávöxtunar fé með öðrum hætti en að framan greinir, svo sem gegn viðtökuskírteini, og skulu þá um slík viðskipti gilda sérstakar reglur, sem bankastjórn setur.

B. Útlán.

18. gr.

Útlánastarfsemi bankans skal hagað svo, að sem best samrýmist því hlutverki hans, að styðja verksmiðjuiðnað og handiðnað í landinu.

19. gr.

Bankinn leysir útlánastarfsemi sína af hendi með:

1. Kaupum á víxlum.
2. Yfirdráttarlánum á hlaupareikningum.
3. Kaupum á skuldabréfum og öðrum verðbréfum.
4. Framleiðslulánum.
5. Samkeppnislánum.
6. Fasteignaveðslánum veðdeildar.
7. Öðrum lánum, sem samrýmast háttum viðskiptabanka.

20. gr.

Synjun bankans á lánsbeiðnum þarf ekki að vera skrifleg, og ekki verður bankinn krafinn um ástæðu til synjunar.

21. gr.

Bankastjórn skal að jafnaði krefjast þess að settar séu tryggingar fyrir útlánum bankans, svo sem fasteignaveð, sjálfsvörsluveð í lausafé, handveð, ábyrgð eða aðrar tryggingar, sem bankastjórn telur fullnægjandi.

22. gr.

Um yfirdráttarlán skal að jafnaði gerður sérstakur lánssamningur. Skal í honum greint hámark lánsins og gjalddaga. Um útborgun yfirdráttarlána gilda reglur 11., 12. og 14. gr. reglugerðar þessarar.

23. gr.

Um framleiðslulán og samkeppnislán gilda reglur, sem settar eru af bankastjórn í samræmi við reglur um framleiðslulán, sem Seðlabankinn ákveður, og ákvarðanir Útflutningslánasjóðs um samkeppnislán.

24. gr.

Bankanum er heimilt að kaupa og selja verðbréf ríkisins, bæjar- og sveitarfélaga og önnur trygg verðbréf.

25. gr.

Um fasteignaveðslán veðdeildar bankans gilda ákvæði 3. kafla þessarar reglugerðar.

26. gr.

Bankanum er heimilt að veita lán með öðrum hætti, en að framan greinir, enda sé þess gætt að slík lán samrýmist eðlilegri bankastarfsemi.

C. Ábyrgðir.

27. gr.

Bankanum er heimilt að ábyrgjast greiðslur til innlendra eða erlendra aðila fyrir viðskiptamenn sína, gegn skilyrðum þeim, sem bankastjórn ákveður hverju sinni. Ábyrgð er einföld, nema annað sé tekið fram. Sá sem óskar ábyrgðar bankans, skal sækja um hana skriflega.

D. Innheimtur.

28. gr.

Bankinn annast innheimtur fyrir innlenda og erlenda kröfuhafa hérlendis og erlendis.

E. Gjaldeyrisverslun.

29. gr.

Bankanum er heimilt að annast kaup og sölu á erlendum gjaldeyri skv. gildandi lögum og reglum um gjaldeyrisverslun. Ákvæði þessarar greinar öðlast ekki gildi fyrr en bankinn fær leyfi til gjaldeyrisverslunar.

F. Önnur starfsemi.

30. gr.

Bankinn hefur með höndum umsjón og varðveislu eigna, skv. nánari ákvörðun bankastjórnar og bankaráðs.

31. gr.

Bankinn annast öll önnur venjuleg viðskiptabankastörf.

III. KAFLI

Veðdeild.

32. gr.

Veðdeild Iðnaðarbanka Íslands h. f. starfar sem fjárhagslega sjálfstæð deild undir sömu stjórn og Iðnaðarbankinn. Eignum og skuldum veðdeildarinnar svo og reikningshaldi öllu skal haldið aðskildu frá öðrum deildum bankans. Endurskoðendur bankans annast endurskoðun veðdeildarinnar.

33. gr.

Úr veðdeildinni er heimilt að veita lán með veði í fasteign og má lánstími vera allt að 10 árum. Bankastjórn ákveður fjárhæð veittra lána. Hvert einstakt lán má ekki vera hærra en 50% af virðingarverði fasteignar þeirrar, sem trygging er tekin í, að viðbættum áhvílandi veðböndum.

34. gr.

Til fjáröflunar fyrir veðdeildina er Iðnaðarbankanum heimilt að gefa út bankavaxtabréf, sem hljóða á handhafa. Ráðherra ákveður fjárhæð bréfanna og aðra skilmála að fengnum tillögum bankaráðs og bankastjórnar.

35. gr.

Að öðru leyti gilda um veðdeildina sömu ákvæði reglugerðar þessarar og um aðrar deildir og starfsemi bankans.

36. gr.

Iðnaðarbankinn ber fulla ábyrgð á öllum skuldbindingum veðdeildarinnar.

IV. KAFLI

Stjórn bankans.

37. gr.

Með yfirstjórn bankans fer fundur hluthafa, bankaráð og bankastjórn svo sem segir í samþykktum bankans. Bankaráð hefur æðstu forstöðu bankans utan hluthafafunda og ræður það bankastjóra.

38. gr.

Bankastjórn Iðnaðarbankans er skipuð bankastjórum hans og hefur hún með höndum daglega stjórn starfsemi bankans í samræmi við lög um bankann, samþykktir bankans, reglugerð þessa og ákvörðun bankaráðs.

39. gr.

Bankastjórnin ráðstafar fé bankans og ber henni að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum bankans, samþykktum hans og reglugerð þessari. Bankastjórnin ræður starfsmenn bankans, aðra en þá, sem bankaráðinu er falið sérstaklega að ráða, og segir þeim upp. Hún segir þeim fyrir um skyldur þær, er á þeim hvíla, og um störf þau, sem þeir eiga að annast, og hefur eftirlit með, að það sé framkvæmt, sem þeim er lagt á herðar.

40. gr.

Bankastjórn skal undirrita, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða skriflegar skuldbindingar. Undirskrift bankastjórnar og eigi annarra þarf til þess, svo að gilt sé, að leigja eignir eða taka á leigu, undirrita skuldabréf eða gera aðrar meiri háttar ráðstafanir í nafni bankans.

Bankaráð getur veitt tilteknum öðrum starfsmönnum bankans umboð til að skuldbinda bankann skv. 1. málsgrein með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra. Bankaráð getur enn fremur veitt tilteknum starfsmönnum umboð til að skuldbinda bankann ásamt starfsmönnum þeim, er umboð hafa samkvæmt framangreindu, er gefa skal út innlenda og erlenda tékka, ábyrgðarskuldbindingar, framselja víxla til innheimtu og undirrita sparisjóðsbækur.

41. gr.

Bankastjórn skal gæta þess, að bankinn eigi ávallt hæfilegan hlut eigna sinna í auðseldum verðbréfum, víxlum og lánum, sem greiðast eiga á skömmum tíma. Skal eign bankans í ríkistryggðum verðbréfum, öðrum auðseldum verðbréfum og innstæðum í öðrum bönkum vera að minnsta kosti 15% af innstæðum á spariinnlánum sbr. 9. gr. laga um bankann nr. 13/1951 og nr. 31/1963.

42. gr.

Við ákvörðun um heildar fyrirgreiðslu til eins viðskiptaaðila í formi útlána og/eða ábyrgða skal bankastjórn gæta þess, að heildarfjárhæðin sé í hæfilegu hlutfalli við eigið fé bankans með hliðsjón af þeim tryggingum, sem settar hafa verið, og fjárhag viðskiptaaðilans.

43. gr.

Iðnaðarbankanum er heimilt að eiga hlutabréf eða eignarhluta í öðrum fyrirtækjum eða stofnunum, sem reka bankastarfsemi eða aðra starfsemi, sem skyld er bankastarfsemi eða í eðlilegum tengslum við hana. Slík eignaraðild skal ákveðin af bankaráði að fengnum tillögum bankastjórnar. Umfram það sem hér er heimilað, má Iðnaðarbankinn ekki á neinn hátt bera ábyrgð sem þátttakandi eða meðeigandi í rekstri annarra fyrirtækja eða stofnana, samanber þó 44. gr.

44. gr.

Bankanum er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar strax og það er talið hagkvæmt að mati bankaráðs að fengnum tillögum bankastjórnar.

45. gr.

Bankastjórum er rétt og skylt að sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum, nema rætt sé um mál, er snerta þá sjálfa. Að minnsta kosti einu sinni í mánuði skal

bankastjórn á fundi bankaráðs leggja fram skýrslu um innlán og útlán bankans og um annað það, sem bankaráðinu þykir nauðsynlegt, til þess að geta haft eftirlit með starfsemi bankans.

46. gr.

Útibú bankans annast þau bankastörf, sem bankaráð og bankastjórn ákveða, og samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Útibússtjórar hafa á hendi stjórn daglegrar starfsemi útibúanna samkvæmt fyrirmælum bankastjórnar og í umboði hennar. Bankastjórn getur með samþykki bankaráðs veitt tilteknum starfsmönnum útibús umboð til að skuldbinda útibúin ásamt útibússtjóra.

V. KAFLI

Bókhald, reikningsskil og endurskoðun.

47. gr.

Reikningsár Iðnaðarbankans er almanaksárið. Fyrir hvert reikningsár skulu gerð reikningsskil, en þau fela í sér rekstrarreikning og efnahagsreikning ásamt athugasemdum endurskoðenda. Ársreikninga skal birta í Stjórnartíðindum.

48. gr.

Aðalbókari bankans hefur yfirumsjón með öllu bókhaldi aðalbankans og útibúa. Bókhaldið og þar með talin öll fylgiskjöl og önnur færslugögn skulu vera í skipulegu og öruggu kerfi. Allt innra eftirlit í bókhaldskerfinu skal vera sem öruggast. Bókhald bankans skal gert upp og afstemmt daglega en sérstakt reikningsyfirlit skal gert um hver mánaðamót. Allar breytingar eða leiðréttingar í bókhaldi bankans skulu þannig gerðar að glöggt sjáist, hvað þar hefur staðið upphaflega. Um gerð bókhaldsins fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um bókhald. Bankaráð setur aðalbókara sérstakt erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um starfssvið hans og verkefni.

49. gr.

Aðalfundur Iðnaðarbankans kýs hlutfallskosningu tvo bókhaldsfróða endurskoðendur til eins árs í senn. Þeir skulu endurskoða reikninga bankans svo að þeir séu þess fullvissir, að bókhaldið sýni rétta mynd af því, sem fram hefur farið. Endurskoðendur hafa aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum bankans og jafnframt skal bankaráð og starfsmenn bankans veita þeim allar umbeðnar upplýsingar, sem unnt er að láta í té. Telji endurskoðendur nauðsynlegt, hafa þeir heimild til með samþykki bankaráðs, að fá til ráðuneytis löggiltan endurskoðanda.

Endurskoðendur skulu að minnsta kosti ársfjórðungslega gera fyrirvaralausa sjóðstalningu hjá aðalbanka og útibúum. Þeir skulu einnig að minnsta kosti tvisvar á ári gera skyndikannanir og úrtaksathuganir á öðrum eignum og skuldum bankans.

50. gr.

Endurskoðendur skulu fullvissa sig um að bókhaldskerfi bankans og allt innra eftirlit þess sé í fullnægjandi horfi.

51. gr.

Verði endurskoðendur þess varir, að vanræksla eigi sér stað í einhverju eða að nauðsynlegar endurbætur þurfi að gera, þá eiga þeir að benda bankastjórn og bankaráði á það og gera tillögu um endurbætur.

52. gr.

Fyrir lok marsmánaðar ár hvert skulu endurskoðendur hafa lokið endurskoðun á ársreikningi bankans og ber þeim þá þegar að afhenda hann bankaráði og bankastjórn, ásamt athugasemdum sínum. Í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund skal bankastjórn hafa samið svör sín við athugasemdum endurskoðenda og skulu þau liggja hluthöfum til sýnis ásamt ársreikningi.

53. gr.

Endurskoðendur skulu gefa bankaráði árlega skýrslu um störf sín svo og endranær, þegar þeim þykir ástæða til.

54. gr.

Bankaráð setur endurskoðendum erindisbréf, þar sem nánar er kveðið á um skyldur þeirra og verkefni.

55. gr.

Laun endurskoðenda skulu ákveðin af aðalfundi Iðnaðarbankans.

56. gr.

Bankanum er heimilt að taka þátt í Reiknistofu bankanna og að bókhald bankans verði fært þar. Þá er bankaráðinu heimilt að setja reglur, að fengnum tillögum bankastjóra, um geymslu og eyðingu skjala.

VI. KAFLI

Starfsmenn bankans.

57. gr.

Ekki verða gefnar upplýsingar um viðskipti manna við bankann, skuldir þeirra né eignir. Bankaráðsmenn, bankastjórar og aðrir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Þagnarskyldan helst, þótt láti þeir af starfi.

Allir starfsmenn bankans skulu undirrita drengskaparheit um það, að þeir með árvekni og samviskusemi skulu gegna störfum þeim sem þeim eru falin, og ekki gera neinum óviðkomandi kunnugt um málefni bankans né viðskipti einstakra aðila við hann.

58. gr.

Starfsmenn bankans mega ekki, án leyfis bankastjórnar, taka að sér annað launað starf eða reka atvinnu.

59. gr.

Starfsmenn bankans eru skyldugir til að vinna fram yfir venjulegan starfstíma bankans, þegar þess er þörf.

60. gr.

Starfsmönnum bankans er bannað að gerast umboðsmenn annarra gagnvart bankanum.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

61. gr.

Aðalgjaldkeri bankans hefur umsjón með öllu lausu fé aðalbankans og útibúa. Fyllsta öryggis skal gætt við geymslu seðla og myntar svo og við alla gjaldkeraafgreiðslu. Bankaráð setur aðalgjaldkera erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um skyldur hans og verkefni.

62. gr.

Svo fljótt sem verða má skulu allar kvittanir frá bankanum vera vélstimplaðar og undirritaðar af gjaldkera. Slíkar kvittanir eru fullgild staðfesting á greiðslum.

VIII. KAFLI

Iðnlánasjóður.

63. gr.

Samkvæmt sérstökum samningi annast Iðnaðarbankinn umsjá og rekstur Iðnlánasjóðs. Um Iðnlánasjóð fer að öðru leyti eftir sérstökum lögum, sem um hann gilda, og reglugerðum og fyrirmælum sem sett kunna að vera af ráðherra eða stjórn sjóðsins.

64. gr.

Breytingar á reglugerð þessari má einungis gera á aðalfundi Iðnaðarbankans, enda staðfesti ráðherra þær.

Þannig samþykkt á aðalfundi Iðnaðarbanka Íslands h. f., hinn 5. apríl 1975.

Í bankaráði Iðnaðarbanka Íslands h. f.

Gunnar J. Friðriksson. Sigurður Kristinsson. Magnús Helgason.

Páll Sigurðsson. Haukur Eggertsson.

Framanrituð reglugerð staðfestist sem reglugerð fyrir Iðnaðarbanka Íslands h. f. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir Iðnaðarbanka Íslands h. f., nr. 185 9. nóv. 1962 sbr. breyting á seinni reglugerð frá 17. apríl 1970 nr. 73/1970.

Iðnaðarráðuneytið, 22. september 1975.

Gunnar Thoroddsen.

Árni Þ. Árnason.

23. september 1975. Nr. 436.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Seltjarnarness nr. 313 11. október 1974.

a-liður 4. gr. orðist þannig:
fastagjald, kr. 300.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b-liður 4. gr. orðist þannig:
Vatnsgjald, kr. 1 060.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 23. september 1975.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss í Biskupstungum nr. 359 26. nóvember 1974, með síðari breytingum.

3. gr. breytist þannig:

Tölul. 1 Í stað orðanna: „68 000 sekl.“ komi: 82 000 sekl.

Tölul. 2 Fasteignagjöld:

a. Í stað orðanna: „kr. 76.00 pr. rúmm. á ári“ komi: kr. 92.00 pr. rúmm. á ári.

b. Í stað orðanna: „kr. 52.00 pr. rúmm. á ári“ komi: kr. 60.00 pr. rúmm. á ári.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af Stjórnarnefnd Laugarásshéraðs staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 23. september 1975.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 438. 24. september 1975.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Snæfjalla og Rafveitu Reykjarfjarðarhrepps.

I. RAFORKA

Rafveiturnar selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Notkun til búreksturs, heimilisþarfa o. fl.

Um orkumæli (aflmarksmæli), sem stilltur er á tiltekið afl og sýnir annars vegar heildarnotkun og hins vegar orkunotkun yfir aflstillingu.

Notandi greiðir sem hér segir fyrir aflstillingu og orkunotkun:

1. Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	kr.	40 000.00 á ári
Aflgjald umfram 4 kW	—	6 000.00 á kW. á ári
Orkugjald af allri notkun	—	1.30 á kWst.
Orkugjald af notkun yfir aflstillingu	—	8.00 á kWst.

B. Vélanotkun, til skóla, radiostöðva, samkomuhúsa o. fl.

Notandi greiði sem hér segir fyrir aflstillingu og orkunotkun:

1. Aflgjald	kr.	15 000.00 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun	—	4.60 á kWst.
Orkugjald af notkun yfir aflstillingu	—	10.00 á kWst.

C. Ýmiss konar notkun.

1.	Lýsing — orkugjald	kr.	40.00 á kWst.
2.	Um vinnulagnir — orkugjald	—	15.00 á kWst.
3.	Kirkjur — orkugjald	—	10.00 á kWst.
4.	Sumarnotkun, til sumarbústaða o. fl.	—	6.00 á kWst.

D. Utanhússlýsing.

1.	Fast gjald á ljósker	kr.	800.00 á ári
	Orkugjald, ómæld notkun á uppsett afl	—	10.00 á W. á ári

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja og rofa, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann.

Af mælitækjum og rofum er heimilt að taka leigu sem næst 20% af verði tækisins á ári.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun, jafnframt leggja fram raflagnateikningar.

Hreppsnefndir ákveða heimtaugargjald hverju sinni, að fengnum tillögum rafveitunefnda, og skal það vera sem næst kostnaðarverði.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til rafveitunnar er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt áfallin gjöld og kr. 1 500.00 í opnunargjald.
2. Ef fundin er óleyfilegur rafbúnaður eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefir bætt úr því og greitt kr. 1 500.00 í opnunargjald.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Notendum skal skylt að gefa upp tölur á kWst.-mælum í síma þegar óskað er, en reglulegur aflestur og reikningsskil fara fram ársfjórðungslega.
   Reikningur fyrir raforku er gjaldfallinn um leið og hann hefir borist notanda.
2. Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna, súgþurrkunarblásara og heyblásara eða takmarkað notkun slíkra straumfrekra tækja við tiltekna tíma sólarhrings.
3. Hreppsnefndum er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari í samræmi við kaupgjald og verðlag, að fenginni heimild ráðuneytisins, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

VI. ANNAÐ

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWst.-gjaldi á gjaldskrárlið A. Gjaldskrárverðið breytist til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er eldri gjaldskrá nr. 192, 13. júní 1973, úr gildi felld.

Iðnaðarráðuneytið, 24. september 1975.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 439. 26. september 1975.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Fóstbræðra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. september 1975. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarsjóð Fóstbræðra.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður á aðalfundi Karlakórsins Fóstbræðra 4. okt. 1974 með kr. 55 000.00 — fimmtíuogfimmþúsund 00/100 — til minningar um Hall Þorleifsson. Sjóðurinn er stofnaður að tilhlutan Brynjólfs Jóhannessonar samkvæmt bréfi hans dagsettu 11. janúar 1974.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að styrkja unga efnilega söngvara til framhaldsnáms.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávalt vera í vörslu Karlakórsins Fóstbræðra, er annast fjárreiður hans. Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram endurskoðaðir á aðalfundi kórsins ár hvert. Sjóðinn skal ávaxta í Landsbanka Íslands, og/eða í verðtryggðum ríkisskuldabréfum. Aldrei má veit lán úr sjóðnum eða veðsetja hann.

4. gr.

Tekjur sjóðsins, auk vaxtatekna, skulu vera frjáls framlög og tekjur af sölu minningarspjalda.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð tveim mönnum kosnum á aðalfundi Karlakórsins Fóstbræðra og einum frá Gömlum Fóstbræðrum, og jafn mörgum varamönnum frá hvoru félagi. Stjórnin skal kosin til þriggja ára í senn, og annist hún úthlutun styrkja.

6. gr.

Úthlutun styrkja úr sjóðnum má ekki fara fram, fyrr en sjóðsstjórnin telur sjóðinn það sterkan fjárhagslega, að vextir og verðbætur af höfuðstól hans, nægi til styrkveitinga. Úthlutun úr sjóðnum má eigi nema hærri fjárhæð en svarar til ¾ hluta þessara tekna hans.

7. gr.

Ákvæðum þessarar skipulagsskrár má aðeins breyta á aðalfundi Karlakórsins Fóstbræðra. Þó má aldrei breyta nafni hans eða megintilgangi.

8. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

Reykjavík, 24. september 1975.

Í stjórn styrktarsjóðs Fóstbræðra.

Magnús Guðmundsson. Ásgeir Hallsson. Einar Geir Þorsteinsson.

1. október 1975. Nr. 440.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1.—30. september 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1.—30. september 1975.

Vélskelflett rækja	Ísl. kr. á lb. Cif.
1. 10 × 4 × 1 lb. blokkfryst	308.20
2. 24 × 1 lb. blokkfryst	321.30
3. 24 × 450 gr. sérfryst	321.30
4. 6 × 2 kg., 5 × 2 kg. og 4 × 2 kg. sérfryst	321.30
5. 4 × 2,5 kg. sérfryst	321.30
6. 2 × 5 kg. sérfryst	321.30
7. 4 × 7 kg. sérfryst	321.30
8. 1 × 25 lbs. sérfryst	321.30
9. 15 × 200 gr. sérfryst	326.70
10. Í saltlegi	308.20

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðist við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði. Komi til greiðslu úr sjóðnum, verður hún ekki meiri en sem svarar innstæðu í honum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. október 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

6. október 1975. Nr. 441.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 338 20. nóvember 1973.

1. gr.

Við 8. gr. bætist nýr stafliður t. svo hljóðandi:

t. Hvers konar tetrasýklínsambönd skal áletra með rauðum bókstöfum á hvítum grunni:

Innan þriggja klukkustunda fyrir eða eftir töku lyfsins má ekki drekka mjólk eða súrmjólk, taka járn eða sýrubindandi lyf. Varasamt er að gefa ungbörnum lyfið.

2. gr.

Undanþága varðandi lausasölu á lyfjum, er innihalda acetphenolisatinum fellur niður. Acetphenolisatinum verður lyfseðilsskylt án undantekninga sbr. 10. gr.

3. gr.

Stærð lyfseðils sbr. 3. gr. stafliður a. sbr. og viðauki 4, skal vera að breidd 10—11 cm og að lengd 20,5—22,5 cm. Heimilt er að geta nafns læknis, aðseturs og síma efst á lyfseðli.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 23. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. október 1975.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

Nr. 442. 2. október 1975.

AUGLÝSING

um skipulag í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964, skuli ná til Andakílshrepps í Borgarfjarðarsýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingarframkvæmdum á fornum lögbýlum.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. október 1975.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 443. 2. október 1975.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu skipulagi á horni Hæðargarðs og Grensásvegar í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 30. september 1975 staðfest breytingu á áður staðfestu skipulagi á horni Hæðargarðs og Grensásvegar í Reykjavík, reit 1.816.3, að því er varðar eftirfarandi:

Í stað útivistarsvæðis, skal hér eftir gert ráð fyrir 1—2½ hæða íbúðabyggð á þessum reit.

Félagsmálaráðuneytið, 2. október 1975.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.
Guðmundur Karl Jónsson.

3. október 1975. Nr. 444.

REGLUGERÐ OG GJALDSKRÁ

Vatnsveitu Búlandshrepps, Djúpavogi.

1. gr.

Vantsveita Búlandshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns í Búlandshreppi.

2. gr.

Til að annast framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur svo og umsjón með eignum vatnsveitunnar kýs hreppsnefnd vatnsveitunefnd, sem skipuð skal þrem mönnum og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil vatnsveitunefndar er hið sama og hreppsnefndar þeirrar er hana kýs.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um þorpið svo víða, sem fært er. Að húsvegg allra þeirra húsa á Djúpavogi, sem fullgerð eru eða hafin var smíði á fyrir 1. nóvember 1967 leggur vatnsveitan vatnsæðar frá aðalæðum á sinn kostnað. Eigendur þeirra húsa, sem hafin var smíði á frá og með 1. nóvember 1967 greiði sjálfir allan kostnað við lagnir að húsum sínum frá aðalæðum.

4. gr.

Hver sá sem vill fá vatnsæð frá vatnsveitu Búlandshrepps skal senda um það skriflega umsókn til vatnsveitunefndar. Vatnsveitunefnd eða starfsmaður hennar sér um tengingu nýrra vatnsæða.

5. gr.

Skylt er þeim er vatn kaupir að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að eða aðrar bilanir, sem verða á þeim og skal hann sérstaklega gæta þess að ekki frjósi í þeim. Eigi má setja aflvél í samband við vatnsveituna, nema samþykki vatnsveitunefndar liggi fyrir, og þá með þeim útbúnaði er hún samþykkir.

6. gr.

Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf vegna hreinsunar á vatnsgeymum eða viðgerða á vatnsæðum. Slíka lokun skal tilkynna fyrirfram, ef tök eru á. Fullan vatnsskatt skal greiða þó slík lokun fari fram.

7. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að loka fyrir vatn til þeirra, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, vanrækja viðgerðir á lögnum sínum og hafa þær þannig, að óþrif hljótist af, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum tíma.

8. gr.

Skylt er landeiganda að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

9. gr.

Vatnssala til skipa fer fram á bryggjum hafnarsjóðs og fleiri bryggjum, ef þurfa þykir, og er bryggjueigendum skylt að leyfa afhendingu vatns til skipa á bryggjum sínum og lagningu vatnsæða og uppsetningu mælitækja í húsum og á bryggjum sínum í þessu skyni samkvæmt 8. gr.

10. gr.

Hver sá, sem tekur vatn úr vatnsveitunni án heimildar, eða á annan hátt er ráð er fyrir gert í reglugerð þessari, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum, auk þess er honum skylt að greiða fyrir vatnið samkvæmt mati vatnsveitunefndar.

11. gr.

Hver sá sem skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, brunna eða önnur mannvirki, svo sem vatnsból, skal greiða fullar bætur fyrir samkvæmt mati dómkvaddra manna og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

12. gr.

Vatnsveitunefnd eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja til athugunar og aðgerða. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því ella er vatnsveitunefnd heimilt að láta gera það á hans kostnað.

13. gr.

Fyrir hvert hús eða aðra fasteign, sem tengd er við vatnsveituna, greiðist sérstakt stofngjald. Stofngjald fyrir íbúðarhús er kr. 10 000.00 allt að 2 000 m^3 stærð og kr. 8.00 fyrir hvern m^3 þar umfram þá stærð, stofngjald fyrir aðrar byggingar og fasteignir er kr. 16 000.00 allt að 2 000 m^3 stærð og kr. 8.00 fyrir hvern m^3 umfram. Stofngjald skal greiðast áður en tenging við vatnsveitu fer fram.

14. gr.

Af öllum húsum og öðru er tengt er vatnsveitunni, greiðist árlega vatnsskattur. Vatnsskattur skal vera 0.2% af fasteignamatsverði viðkomandi fasteignar og tilheyrandi lóðar, þó aldrei lægri en kr. 2 500.00 af hverri íbúð.

15. gr.

Vatnsnotkun til iðnaðar og annars, greiði notandi sérstaklega auk vatnsskatts, sem hér segir:

1.	Af hverri saltaðri tunnu síldar	kr. 6.00
2.	Af hverri smálest fiskjar í bræðslu	— 6.00
3.	Fyrir hvern sláturgrip	— 6.00
4.	Fyrir hverja smálest fiskjar til frystingar eða söltunar	— 18.00
5.	Veitingahús greiði árlega aukagjald er nemi vatnsskatti sbr. 14. gr.	
6.	Gjald fyrir önnur vatnsnot hefur vatnsveitunefnd heimild til að ákveða í samráði við hreppsnefnd.	

16. gr.

Heimilt er að selja vatn eftir mæli, sem vatnsveitan leggur til, en notendur greiða fyrir hæfilega leigu eftir ákvörðun vatnsveitunefndar svo og kostnað við uppsetningu hans og viðhald. Sé vatn selt eftir mæli skal greiða kr. 7.00 fyrir hverja smálest. Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 1 500.00 hverju sinni. Bátar er heimahöfn eiga á Djúpavogi minni en 300 t. greiði vatnsskatt einu sinni á ári kr. 1 500.00.

17. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 15. janúar ár hvert. Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts af húseign sinni. Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

18. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 50 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari er hreppsnefnd Búlandshrepps heimilt að hækka eða lækka um allt að 50% öll eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Búlandshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 197/1967 fyrir Vatnsveitu Búlandshrepps.

Félagsmálaráðuneytið, 3. október 1975.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 445. 17. september 1975.

REGLUGERÐ

um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Reykjavík skal á meðan bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar og bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar og hreppsnefnd Mosfellshrepps ekki leyfa fólksbifreiðastöðvar, hver í sínu lögsagnarumdæmi, fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Reykjavík, miðuð við íbúatölu í lögsagnarumdæmum Reykjavíkurborgar, Kópavogskaupstaðar, Seltjarnarneskaupstaðar og Mosfellshrepps, þannig að ein bifreið komi á hverja 200 íbúa, sem þar eiga lögheimili, samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Þar til rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin skal úthluta fjórða hverju leyfi, er losnar og einu leyfi, fyrir hverja 1000 íbúa fjölgun. Þó skal aldrei úthluta færri en 20 leyfum enda séu umsóknir fyrir hendi. Komi mjög fá leyfi til úthlutunar samkvæmt 1. málslið þessarar málsgreinar er heimilt að fresta úthlutun til næsta árs.

2. gr.

Enginn bifreiðarstjóri má aka allt að 8 farþega leigubifreið til mannflutninga í Reykjavík, nema hann hafi afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Reykjavík, og hafi öðlast atvinnuleyfi sem leigubifreiðarstjóri í Reykjavík.

Þeim leyfishöfum, sem að staðaldri hafa látið aðra aka bifreið sinni, sem leigubifreið til mannflutninga í útgerðarleyfum sínum, skal, ef þeir æskja þess, heimilt að hafa þann hátt á áfram, þar til leyfishafi byrjar aftur sjálfur, þótt bifreiðarstjórinn hafi ekki atvinnueyfi, enda sé bifreiðarstjórinn í stéttarfélagi bifreiðastjóra í Reykjavík.

3. gr.

Leigubifreiðastjórar, sem ekki hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Reykjavík, hafa ekki atvinnurétt þar, nema eftir kvaðningu fyrir fram.

4. gr.

Í Reykjavík skal ávallt vera a. m. k. ein bifreiðastöð opin alla nóttina. Bifreiðastjórum er skylt að hlíta þeim reglum, sem stjórn viðkomandi bifreiðastöðva kann að setja í samráði við stéttarfélag bifreiðastjóra, því til tryggingar að ekki sé tilfinnanlegur skortur á leigubifreiðum vissan hluta sólarhringsins.

II. KAFLI
Úthlutun atvinnuleyfa.

5. gr.

Bifreiðarstjóri, sem óskar að fá atvinnuleyfi, sem leigubifreiðarstjóri, skal sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum til Bifreiðastjórafélagsins Frama fyrir 1. okt. ár hvert.

Umsókninni skal fylgja:

a. Vottorð frá bifreiðastöð í Reykjavík um að umsækjandi geti fengið þar afgreiðslu, fái hann úthlutað atvinnuleyfi.
b. Hegningarvottorð.
c. Vottorð frá manntalsskrifstofunni um að umsækjandi eigi lögheimili í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarnesi eða Mosfellshreppi.
d. Afrit skattframtals s. l. 3 ár.

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðarstjóra við akstur allt að 8 farþega leigubifreiða jafnan lagður til grundvallar, þannig að sá sem lengstan starfsaldur hefur gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda eigi hann lögheimili og hafi búsetu í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarnesi eða Mosfellshreppi.

Úthlutunarmönnum er þó heimilt að víkja frá meginreglu greinar þessarar í sérstökum undantekningartilvikum.

Bifreiðastjórar, sem hafa haft atvinnuleyfi en lagt það inn hafa forgangsrétt til atvinnuleyfis í næstu tvö ár frá því það var lagt inn, en aðeins 2 sinnum og minnst í 6 mánuði, þó getur sá, sem fær úthlutað atvinnuleyfi í fyrsta sinn ekki lagt leyfið inn með forgangsrétti fyrr en eftir 3 ára stöðugt starf.

6. gr.

Atvinnuleyfi skulu gefin út af tveimur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn í reglugerð þessari. Skal annan þeirra tilnefna af stjórn Bifreiðastjóra-

félagsins Frama, en hinn skipar ráðherra án tilnefningar. Úthlutunarmenn séu leigubifreiðastjórar að aðalstarfi, ekki má þó skipa stjórnarmenn stéttarfélags bifreiðastjóra til starfans. Skulu atvinnuleyfi og tilkynningar um atvinnuleyfi undirrituð af úthlutunarmönnum. Tilnefningin er til tveggja ára í senn.

Stjórn Bifreiðastjórafélagsins Frama skal senda úthlutunarmönnum rökstuddar tillögur um úthlutun atvinnuleyfa.

Verði ágreiningur á milli úthlutunarmanna sker samgönguráðuneytið úr.

Atvinnuleyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa. Leyfin skulu vera í vörslu Bifreiðastjórafélagsins Frama, sem síðan tilkynnir útgáfuna, sbr. 2. mgr. 9. gr.

Engum má úthluta fleiri en einu atvinnuleyfi, nema Bifreiðastöð Steindórs s. f., sem nú hefur 45 atvinnuleyfi.

Um Bifreiðastöð Steindórs s. f. gilda sérstakar reglur.

Úthlutunarmönnum er einnig skylt að líta eftir ákvæðum reglna og laga um leigubifreiðar og reglugerðar þessarar sé fylgt og er þeim heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir brjóti leyfishafi af sér, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða, sbr. 2. mgr. 5. gr. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgönguráðuneytisins.

7. gr.

Óheimilt er að veita bifreiðarstjóra atvinnuleyfi, nema hann skuldbindi sig til að stunda akstur eigin leigubifreiðar sem fullt starf og sæki um upptöku í stéttarfélag bifreiðastjóra í Reykjavík.

Þeir bifreiðastjórar, sem vinna störf þau, sem talin eru í b-lið 14. gr., halda óskertum rétti sínum, þótt þeir stundi ekki akstur bifreiðar sem aðalstarf.

8. gr.

Hverri bifreiðastöð er skylt að láta úthlutunarmönnum í té, í septembermánuði ár hvert, skrá yfir allar bifreiðar, sem þar hafa afgreiðslu. Í skrá þessari skal tilgreint skrásetningarnúmer bifreiðar, nafn og heimilisfang bifreiðarstjóra og bifreiðareiganda.

III. KAFLI
Nýting leyfis.

9. gr.

Leyfishafa er heimilt að hafa bifreið sína í afgreiðslu hjá hverri þeirri bifreiðastöð í Reykjavík, sem hann getur fengið afgreiðslu hjá, enda sé bifreiðastöðin viðurkennd af borgarstjórn Reykjavíkur.

Óheimilt er bifreiðastöð að taka bifreið í afgreiðslu fyrr en tilkynning um útgáfu atvinnuleyfis eða flutning milli stöðva hefur borist frá stéttarfélagi bifreiðastjóra.

Nú vill leyfishafi flytja sig á aðra bifreiðastöð, og skal hann þá afhenda stéttarfélagi bifreiðastjóra, yfirlýsingu frá þeirri stöð sem hann hyggst flytja á, um að hann geti fengið þar afgreiðslu. Sé leyfishafi skuldlaus við bifreiðastöð þá, sem leyfishafi flytur frá, skal stéttarfélag bifreiðastjóra staðfesta flutninginn þegar í stað.

10. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta atvinnuleyfi sitt af hendi á nokkurn hátt, nema til stéttarfélags bifreiðastjóra, sem tilkynnir það þegar úthlutunarmönnum.

Leyfishafi, sem af einhverjum ástæðum getur ekki rekið leigubifreið samkvæmt leyfi sínu, eða notað það á annan hátt löglega, getur haldið leyfisréttindum sínum í allt að því 6 mánuði. Ef sérstaklega stendur á, geta úthlutunarmenn framlengt þennan frest, enda óski leyfishafi þess.

Efnahagsreikningur séreignadeildar pr. 31/12 1971.

Eignir:

Sparisjóðsinnstæður	kr.	25 037 161.90
Skuldunautar	—	7 425 800.00
	Kr.	32 462 961.90

Skuldir:

Eigið fé:			
Hrein eign 1/1 1971	kr.	25 308 557.00	
Tekjur umfram gjöld 1971	—	7 154 404.90	
			kr. 32 462 961.90
			Kr. 32 462 961.90

Rekstrarreikningur sameignardeildar fyrir árið 1971.

Tekjur:

Framlög:			
Framlag ríkissjóðs	kr.	10 228 900.00	
Framlag sveitarfélaga	—	2 557 225.00	
			kr. 12 786 125.00
Vextir og lántökugjöld			— 423 238.94
Húsaleigutekjur			— 261 120.00
			Kr. 13 470 483.94

Gjöld:

Stjórnunarkostnaður	kr.	1 457 547.00		
Rekstur fasteignar	—	88 350.00		
Styrkir	—	3 511 291.00		
			kr.	5 057 188.00
Tekjur umfram gjöld 1971			—	8 413 295.94
			Kr.	13 470 483.94

Efnahagsreikningur sameignardeildar pr. 31/12 1971.

Eignir:

Handbært fé	kr.	1 168 444.30	
Skuldunautar	—	19 143 770.90	
Skuldabréfaeign	—	12 110 761.19	
Innbú og lausafé	—	230 945.21	
Fasteign	—	2 949 820.00	
	Kr.	35 603 741.60	

Skuldir:

Eigið fé:				
Hrein eign 1/1 1971	kr.	24 432 853.66		
Tekjur umfram gjöld 1971	—	8 413 295.94		
			kr.	32 846 149.60
Endurmat á fasteign			—	2 757 592.00
			Kr.	35 603 741.60

Rekstrarreikningur afurðatjónadeildar fyrir árið 1971.

Tekjur:

Framlög:				
Gjald af söluverði landbúnaðarafurða	kr.	7 240 997.85		
Mótframlag ríkissjóðs	—	7 240 997.85		
			kr.	14 481 995.70
25% af framlagi sveitarfélaga			—	2 557 225.00
Vextir og lántökugjöld			—	506 016.00
			Kr.	17 545 236.70

Gjöld:

Tjónastyrkir	kr.	635 000.00	
Eftirgefið	—	39 500.00	
Vextir og lántökukostnaður	—	11 558 362.00	
Innheimtulaun Framleiðsluráðs landb.	—	141 980.35	
Tekjur umfram gjöld 1971	—	5 170 394.35	
	Kr.	17 545 236.70	

Efnahagsreikningur afurðatjónadeildar pr. 31/12 1971.

Eignir:

Skuldunautar	kr.	1 461 969.80
Skuldabréfaeign	—	171 450 500.00
	Kr.	172 912 469.80

Skuldir:

Skuldheimtumenn		kr.	32 277 017.90
Föst lán		—	117 500 000.00
Eigið fé:			
Hrein eign 1/1 1971	kr. 17 965 057.55		
Tekjur umfram gjöld 1971	— 5 170 394.35		
		—	23 135 451.90
		Kr.	172 912 469.80

Reykjavík, 23. febrúar 1972.

Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri.

Nr. 464.

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs 1972.

Rekstrarreikningur séreignadeildar fyrir árið 1972.

Tekjur:

Framlög sveitarfélaga	kr.	5 179 350.00
Vextir af innstæðum	—	2 577 369.00
	Kr.	7 756 719.00

Gjöld:

Tekjur umfram gjöld 1972	kr.	7 756 719.00
	Kr.	7 756 719.00

Efnahagsreikningur séreignadeildar pr. 31/12 1972.

Eignir:

Sparisjóðsinnstæður	kr.	40 219 680.90
	Kr.	40 219 680.90

Skuldir:

Eigið fé:			
Hrein eign 1/1 1972	kr. 32 462 961.90		
Tekjur umfram gjöld 1972	— 7 756 719.00		
		kr.	40 219 680.90
		Kr.	40 219 680.90

Rekstrarreikningur sameignardeildar fyrir árið 1972.

Tekjur:

Framlög:				
Framlag ríkissjóðs	kr.	10 358 700.00		
Framlag sveitarfélaga 75%	—	2 589 675.00		
			kr.	12 948 375.00
Vextir og lántökugjöld			—	697 115.57
Húsaleigutekjur			—	272 000.00
			Kr.	13 917 490.57

Gjöld:

Stjórnunarkostnaður	kr.	1 735 608.10		
Rekstur fasteignar	—	107 987.60		
Styrkir	—	764 455.00		
Eftirgefin lán og vextir	—	381 603.50		
			kr.	2 989 654.20
Tekjur umfram gjöld 1972			—	10 927 836.37
			Kr.	13 917 490.57

Efnahagsreikningur sameignardeildar pr. 31/12 1972.

Eignir:

Handbært fé	kr.	9 548 071.20
Skuldunautar	—	23 660 065.70
Skuldabréfaeign	—	10 091 786.86
Innbú og lausafé	—	305 480.21
Fasteign	—	2 949 820.00
	Kr.	46 555 223.97

Skuldir:

Skuldheimtumenn			kr.	23 646.00
Eigið fé:				
Hrein eign 1/1 1972	kr.	35 603 741.60		
Tekjur umfram gjöld 1972	—	10 927 836.37		
			—	46 531 577.97
			Kr.	46 555 223.97

Rekstrarreikningur afurðatjónadeildar fyrir árið 1972.

Tekjur:

Gjald af söluverði landbúnaðarafurða	kr.	8 505 995.40		
Mótframlag ríkissjóðs	—	8 505 995.40		
			kr.	17 011 990.80
25% af framlagi sveitarfélaga			—	2 589 675.00
Vextir og lántökugjöld			—	123 071.00
			Kr.	19 724 736.80

Gjöld:

Tjónastyrkir	kr.	2 679 622.50
Eftirgefið	—	17 702.00
Vextir	—	10 766 873.30
Innheimtulaun Framleiðsluráðs landbún.	—	170 119.40
Tekjur umfram gjöld 1972	—	6 090 419.60
	Kr.	19 724 736.80

Efnahagsreikningur afurðatjónadeildar pr. 31/12 1972.

Eignir:

Skuldunautar	kr.	30 705.00
Skuldabréfaeign	—	167 826 051.00
	Kr.	167 856 756.00

Skuldir:

Skuldheimtumenn		kr.	30 630 884.50
Föst lán		—	112 500 000.00
Eigið fé:			
Hrein eign 1/1 1972	kr. 23 135 451.90		
÷ Mótframl. ríkissj. frá '68	— 4 500 000.00		
	kr. 18 635 451.90		
Tekjur umfram gjöld 1972	— 6 090 419.60		
		—	24 725 871.50
		Kr.	167 856 756.00

Reykjavík, 14. febrúar 1973.

Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri.

Nr. 465.

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs 1973.

Rekstrarreikningur almennrar deildar fyrir árið 1973.

Tekjur:

Framlag ríkissjóðs	kr.	7 904 062.50
Framlag sveitarfélaga	—	7 904 062.50
Vextir lántökugjöld og annað	—	2 014 775.70
Húsaleiga	—	400 000.00
	Kr.	18 222 900.70

Gjöld:

Sameiginlegur skrifstofukostnaður	kr.	2 071 697.70
Stjórnunarkostnaður	—	303 152.00
Rekstur fasteignar	—	471 855.60
Styrkir og eftirgefin lán	—	1 132 640.00
Vextir og fyrningar	—	84 513.21
Tekjur umfram gjöld 1973	—	14 159 042.19
	Kr.	18 222 900.70

Efnahagsreikningur almennrar deildar pr. 31/12 1973.

Eignir:

Handbært fé		kr.	4 952 508.90
Sparisjóðsinnstæður séreignadeildar		—	44 107 315.70
Útistandandi vextir		—	61 279.00
Lán til Búnaðardeildar		—	11 582 668.70
Lán til Lánasjóðs sveitarfélaga		—	15 000 000.00
Skuldabréfaeign		—	26 001 094.86
Innbú		—	256 454.00
Fasteign		—	2 905 573.00
		Kr.	104 866 894.16

Skuldir og eigið fé:

Viðskiptamenn		kr.	68 958.30
Séreignadeild:			
Hrein eign 1/1 1973	kr. 40 219 680.90		
Vaxtatekjur 1973	— 3 887 634.80		
		—	44 107 315.70
Eigið fé:			
Hrein eign 1/1 1973	kr. 46 531 577.97		
Tekjur umfram gjöld 1973	— 14 159 042.19		
		—	60 690 620.16
		Kr.	104 866 894.16

Rekstrarreikningur búnaðardeildar fyrir árið 1973.

Tekjur:

Framlög:			
Gjald af söluverði landbúnaðarafurða	kr. 9 893 170.40		
Framlag sveitarfélaga	— 2 634 687.50		
Framlag ríkissjóðs	— 12 527 857.90		
		kr.	25 055 715.80
Dráttarvextir og lántökugjöld		—	227 660.00
		Kr.	25 283 375.80

Gjöld:

Tjónastyrkir		kr.	2 228 840.00
Vextir		—	10 022 547.00
Innheimtukostnaður Framleiðsluráðs landbúnaðarins		—	197 863.40
Tekjur umfram gjöld 1973		—	12 834 125.40
		Kr.	25 283 375.80

Efnahagsreikningur búnaðardeildar pr. 31/12 1973.

Eignir:

Ríkissjóður		kr.	187 083.60
Skuldabréfaeign		—	143 599 136.00
		Kr.	143 786 219.60

Skuldir og eigið fé:			
Lán frá almennu deildinni		kr.	11 582 668.70
Ógreiddir áfallnir vextir		—	4 643 554.00
Föst lán		—	90 000 000.00
Eigið fé:			
Hrein eign 1/1 1973	kr. 24 725 871.50		
Tekjur umfram gjöld 1973	— 12 834 125.40		
		—	37 559 996.90
		Kr.	143 786 219.60

Reykjavík, 14. febrúar 1974.

Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri.

Birgir L. Blöndal, aðalbókari.

21. október 1975. Nr. 466.

SAMÞYKKT

um hundahald í Kópavogi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Kópavogi.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita undanþágu frá þessu banni í eftirgreindum tilvikum:

1. Ef fyrir liggur umsókn lögreglustjóra eða dómsmálaráðuneytis að halda hunda vegna björgunar- og gæslustarfa.
2. Ef blindir menn sækja um leyfi til að halda hund sér til leiðsagnar.
3. Ef fyrir liggur umsögn héraðslæknis og félagsráðgjafa um það, að nauðsynlegt sé fyrir umsækjanda að halda hund vegna heimilisástæðna. Er þá átt við gæludýr fyrir fólk, sem á við sálræn vandamál að etja.

3. gr.

Undanþágur samkv. framansögðu má aðeins veita með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu bæjarins og þar fær eigandi ól um háls hundsins.
b) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi.
c) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvæli eru um hönd höfð.
d) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa bæjarins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um bæinn fara, til óþæginda.
e) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda), svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

4. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Sé, á höfuðborgarsvæðinu, starfrækt hundageymsla, skal hundinum komið fyrir

þar, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé hundageymsla ekki starfrækt á höfuðborgarsvæðinu eða sé um að ræða alvarlegt brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Bæjarstjórn er heimilt hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstaka hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

5. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Kópavogs, sem staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeim aðilum, sem nú halda hund og leita vilja undanþágu skv. 2. gr. er gefinn frestur til þess að sækja um hana til 1. október 1976. Sami frestur er veittur öðrum þeim, sem nú halda hunda, til þess að fjarlægja þá úr bænum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. október 1975.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 467. 21. október 1975.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Neshreppi utan Ennis.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í lögsagnarumdæmi Neshrepps utan Ennis eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land sem sambærilegt telst þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar og skal þá miða gjald við ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	1.5%
Tvíbýlishús og raðhús	1.0%
Tveggja hæða íbúðarhús	1.0%
Fjölbýlishús	0.5%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.5%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	0.5%
Opinberar byggingar	1.5%
Bifreiðageymslur	1.5%
Annað húsnæði	0.5%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss, samkvæmt samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m³
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús, hver íbúð	400 m³
Fjölbýlishús	300 m³

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir um áramót.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkvæmt 3. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

6. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds samkvæmt 3. gr. skulu vera sem hér segir:

Ef um er að ræða leigulóð getur sveitarstjórn áskilið að úthlutun verði háð því, að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingarleyfi verður veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslur.

7. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku húseigenda og lóðarhafa í að leggja bundið slitlag á götur og til lagningar gangstétta. Gjaldið nemur ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	3.0%
Tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús á einni hæð og raðhús	2.0%
Tveggja hæða íbúðarhús	2.0%
Fjölbýlishús	1.0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	3.0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	1.5%
Opinberar byggingar	3.0%
Bifreiðageymslur	3.0%
Annað húsnæði	1.0%

Gjald af íbúðarhúsnæði skal þó aldrei vera lægra en sem svarar stærð 250 m³ húsnæðis.

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjöld kr. 60.00 af hverjum fermetra lóðar.

8. gr.

Upphæð gatnagerðargjalda samkvæmt 7. gr. skal miðast við þá vísitölu sem í gildi er þegar lagning varanlegs slitlags fer fram. Nú breytist vísitalan meðan verk fer fram og skal það þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

Gjald af fasteignum við götur þar sem lagt hefur verið varanlegt slitlag og/eða gangstétt á síðustu fimm árum, skal miða við þá vísitölu sem í gildi er þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

9. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkvæmt 1. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

10. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 1. gr. greiðist þannig að 20% greiðist, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. 10% vextir greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

11. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingafjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut kunna að eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. október 1975.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 468. 22. október 1975.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.

1. gr.

46. gr., sbr. breytingar nr. 95 14. júlí 1958, nr. 258 24. nóvember 1969 og nr. 79 29. apríl 1974, breytist þannig:

a. Við 4. mgr. bætist:
   g) Reykjanesbraut
   h) Breiðholtsbraut
   i) Elliðavogur frá Reykjanesbraut að Holtavegi

b. Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á eftirtöldum akbrautum, sem eingöngu eru ætlaðar fyrir akstur strætisvagna, skal hámarksökuhraði vera 15 km miðað við klst.:

a) Akbraut frá Suðurhólum inn í Hólahverfi.
b) Akbraut, sem tengir saman suður- og norðurenda Arnarbakka, samhliða og austan við Núpabakka.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. október 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

20. október 1975. Nr. 469.

AUGLÝSING

fyrir Álftá í Mýrasýslu.

Arnarstapi	147	einingar
Álftárbakki	97	—
Álftárós	214	—
Þverholt	26	—
Ánastaðir	121	—
Hamraendar	22	—
Hrafnkelsstaðir	244	—
Hundastapi	129	—
Samtals	1000	einingar

Arðskrá þessi tók gildi í júní 1973.

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. október 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

20. október 1975. Nr. 470.

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélag Miklavatns og Fljótaár í Holtshreppi.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Miklavatns og Fljótaár.

Heimili þess og varnarþing er Holtshreppur í Skagafjarðarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að því vatnasvæði, sem félagið er stofnað um: Miklavatn, Hraunós, Fljótaá, að uppistöðustíflu við Skeiðsfoss, Brúnastaðaá, Reykjaá, svo og allar ár hér ótaldar og lækir, sem í vötn og ár þessar renna.

Jarðir þessar eru: Hraun I og II, Lambanes-Reykir, Lambanes, Illugastaðir, Brúnastaðir, Nýrækt, Minna-Holt, Stóra-Holt, Helgustaðir, Saurbær, Bjarnagil, Molastaðir, Reykjarhóll, Hólavellir, Hólakot, Hólar, Gil, Bakki, Skeið, Stóra-Þverá, Berg-

hylur, Stóra-Brekka, Slétta, Hamar, Stóri-Grindill, Minni-Grindill, Gautland, Haganes I, Haganes II, Brautarholt, Vík, Neðra-Haganes.

3. gr.

Verkefni félagsins eru að stunda fiskirækt á félagssvæðinu, ráðstafa veiði og skipuleggja nýtingu vatnasvæðisins, að því er tekur til allrar veiði á fiski, sem á vatnasvæðinu er og ræktaður kann að verða.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur, skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórn félagsins á víxl, þannig að formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli eða hann hafi verið í stjórn þrjú ár í röð. Kjósa skal tvo varamenn stjórnar og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi úr eftir eitt ár og hinn eftir tvö ár.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda.

Stjórninni er heimilt að ráða sér menn til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semja við þá um þóknun fyrir.

Formaður er fulltrúi félagsins útávið og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins, stjórnar og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundinum skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu ári, og leggur fram tillögu um starfsemi á því ári. Þá skal hún leggja fyrir fundinn endurskoðaða reikninga félagsins næstliðins árs og úrskurðar fundurinn þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipta niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sama hlutfalli og þeir taka arð.

9. gr.

Brot gegn samþykktum þessum varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 75, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. október 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélag Sléttlíðinga.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Sléttlíðinga, Fellshreppi.
Heimili þess og varnarþing er Fellshreppur, Skagafjarðarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Hrolleifsdalsá, Langalæk, Skálárá og Sléttuhlíðarvatni, en þær eru Glæsibær, Fell, Tjarnir, Bræðraá, Kráksstaðir, Geirmundarhóll, afréttarland Fellshr., (þar í talið Þverá og Klón, sem að hálfu er í einkaeign), Arnastaðir I og Arnastaðir II, Skálá, Hraun, Syðsti-Hóll (sameinaður Hrauni), Miðhóll og Keldur.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður hverju sinni.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Henni er heimilt að ráða menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins útávið og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.
Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda fyrir 15. október ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. október 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Nr. 472. 20. október 1975.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélagið Kolku.

1. gr.

Félagið heitir Fiskiræktar- og veiðifélagið Kolka.
Heimili þess og varnarþing er á Hólum.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Hjaltadalsá, Kolbeinsdalsá og Kolku en þær eru: Melstaður, Marbæli, Teigur, Kross, Stóragerði, Hlíðarendi, Sleitustaðir I, Sleitustaðir II, Sigtún, Smiðsgerði, Sviðningur, Saurbær, Skriðuland, Kolbeinsdalsafrétt, Fjall, Unastaðir, Neðri-Ás, Efri-Ás I, Efri-Ás II, Laufskálar, Víðines, Hólar, Reykir, Hvammur, Hrafnhóll, Hlíð, Kálfsstaðir Kjarvalsstaðir, Nautabú, Ingveldarstaðir, Skúfsstaðir, Garðakot, Viðvík, Ásgarður, Kolkuós.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, þannig, að formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær maður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í febrúarmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. október 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

20. október 1975. Nr. 473.

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélag Fagradalsár í Dalasýslu.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Fagradalsár.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði árinnar, en þær eru: Foss og Fagradalstunga, Innri-Fagridalur, Fagridalur, Ytri-Fagridalur.

3. gr.

Verkefni félagsins er að efla góða fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður hverju sinni.

Félagið nær til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum, kosnum á aðalfundi, og gengur einn úr stjórninni árlega, í fyrsta skipti eftir hlutkesti þannig, að allir eigendur árinnar verða til skiptis í stjórninni.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en fyrir aprílok ár hvert, og þar leggur stjórnin fram reikninga félagsins.

7. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipta niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld af félaginu í sama hlutfalli og þeir taka arð.

8. gr.

Brot á samþykktum þessum varða sektum samkv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. október 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Nr. 474. 28. október 1975.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um búnað, rekstur og eftirlit með lyftum og lyftubúnaði nr. 203 20. júlí 1972.

1. gr.

9. tl. 14. gr. orðist svo:

Við sjálfvirkar fólkslyftur (flokkur d 2), sem ganga með allt að 1 m/sek. hraða, má lyftustóllinn vera án rennigrindar í dyrum, ef einungis einar dyr eru á stólnum (sjá þó 12. lið), sem snúa gegn lóðréttum sléttum vegg, sem er múrhúðaður, „spartlaður“ og málaður. Hurðir í dyrum veggjarins skulu vera sléttar, án útstandandi hluta eða dælda. Fjarlægðin milli frambrúnar gólfs í dyrum stólsins og veggjar í lyftugöngum má ekki vera meiri en 15 mm, en fjarlægðin frá þakbrún til veggjar ekki minni en 75 mm.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 23 1. febrúar 1952, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. október 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

Nr. 475. 21. október 1975.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Reykjadalsár.

1. Kollslækur	45	einingar
2. Giljar	33	—
3. Auðsstaðir	41	—

4.	Uppsalir	60	einingar
5.	Búrfell	36	—
6.	Hofsstaðir	77	—
7.	Rauðsgil	62	—
8.	Úlfsstaðir	66	—
9.	Steindórsstaðir	59	—
10.	Breiðabólsstaður	33	—
11.	Vilmundarstaðir	35	—
12.	Reykholt	35	—
13.	Hægindi	27	—
14.	Grímsstaðir	24	—
15.	Kópareykir	39	—
16.	Skáney	21	—
17.	Kjalvararstaðir	38	—
18.	Sturlureykir	21	—
19.	Laugavellir	11	—
20.	Snældubeinsstaðir	38	—
21.	Hamrar	111	—
22.	Deildartunga	151	—
23.	Stóri-Kroppur	196	—
24.	Gróf	11	—
25.	Kleppjárnsreykir	16	—
26.	Klettur	175	—
27.	Bæjarfljót	20	—
28.	Eyrarhólmi	19	—
	Samtals	1 500	einingar

Arðskrá þessi tók gildi í apríl 1974.

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. október 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

23. október 1975. Nr. 476.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1975:

Vélskelflett rækja	Ísl. kr. á lb. Cif.
1. 10 × 4 × 1 lb. blokkfryst	308.20
2. 24 × 1 lb. blokkfryst	321.30
3. 24 × 450 gr. sérfryst	321.30

Vélskelflett rækja	Ísl. kr. á lb. Cif.
4. 6 × 2 kg., 5 × 2 kg. og 4 × 2 kg. sérfryst	321.30
5. 4 × 2,5 kg. sérfryst	321.30
6. 2 × 5 kg. sérfryst	321.30
7. 4 × 7 kg. sérfryst	321.30
8. 1 × 25 lbs. sérfryst	321.30
9. 15 × 200 gr. sérfryst	326.70
10. Í saltlegi	308.20

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 63,3% af verðbreytingu frá grundvallarverði.

Ráðuneytið staðfestir að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir ráðstöfunum, sem nauðsynlegar kunna að reynast til þess að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins geti staðið við þær skuldbindingar, sem felast í þeim viðmiðunarverðum og greiðslureglum, sem stjórn Verðjöfnunarsjóðsins samþykkir fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1975.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. október 1975.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

Nr. 477. 27. október 1975.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1975.

Þorskur:	Ísl. kr. á lb. Cif.
4 × 14 m/r interl.	96.70
4 × 14 r/l og 8 × 7 r/l	106.10
10 × 5, 3 × 18 og 4 × 12	170.10
5 × 10 og 4 × 13	191.85
4 × 15	200.74
12 × 1	182.95
Blokk	116.70
Blokk 24½	120.66

Ýsa:	
4 × 14 m/r interl.	91.50
10 × 5 og 3 × 18	164.60
12 × 1	173.00
Blokk	110.40

	Ísl. kr. á lb. Cif.
Steinbítur:	
8 × 7 r/l	79.77
10 × 5	159.73
12 × 1	159.73
Blokk	102.46
Karfi:	
8 × 7 m/r	82.00
10 × 5 m/r	105.37
10 × 5 r/l	111.50
12 × 1	111.50
Lausfrystur 4 × 12/1 × 30	109.77
Blokk	95.36
Ufsi:	
8 × 7 r/l	74.04
4 × 6 kg	62.56
10 × 5	82.13
Blokk	67.87
Langa:	
8 × 7 r/l	82.00
10 × 5	115.30
Blokk	89.01
Grálúða:	
Heilfryst	79.34
Blokk U. S. S. R.	82.00
Heilfr. fiskur	40.50

Verðbil verður 3% miðað við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Ráðuneytið staðfestir að ríkisstjórnin mun beita sér fyrir ráðstöfunum, sem nauðsynlegar kunna að reynast til þess að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins geti staðið við þær skuldbindingar, sem felast í þeim viðmiðunarverðum og greiðslureglum, sem stjórn Verðjöfnunarsjóðs samþykkir fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1975.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. október 1975.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

REIKNINGUR

Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins 1974.

Almenna deild bátaflotans.

Tekju- og gjaldareikningur fyrir árið 1974.

Gjöld:

Bætur vegna aflabrests 1973	kr.	357 105.00
Bætur vegna aflabrests 1974	—	347 279 684.00
Sameiginlegur kostnaður skv. meðf. sundurliðun	—	3 303 614.00
	Kr.	350 940 403.00

Tekjur:

Útflutningsgjöld af fiskafurðum bátaflotans	kr.	251 097 328.00
Vaxtatekjur	—	1 581 482.00
Gjöld umfram tekjur	—	98 261 593.00
	Kr.	350 940 403.00

Efnahagsreikningur 31. desember 1974.

Eignir:

Inneignir í bönkum		kr.	6 995 995.70
Jöfnunardeild aflatryggingasjóðs		—	15 671 875.11
Skuldir umfram eignir:			
Skuldir umfram eignir 1. 1. 1974	kr. 3 926 895.19		
Gjöld umfram tekjur skv. meðf. tekju- og gjaldareikningi	— 98 261 593.00		
		—	102 188 488.19
		Kr.	124 856 359.00

Skuldir:

Ógreiddar bætur vegna aflabrests	kr.	119 856 359.00
Stofnfé	—	5 000 000.00
	Kr.	124 856 359.00

Almenna deild togaraflotans.

Tekju- og gjaldareikningur fyrir árið 1974.

Gjöld:

Bætur vegna aflabrests	kr.	60 488 807.00
Sameiginlegur kostnaður skv. meðf sundurliðun	—	388 967.00
	Kr.	60 877 774.00

Tekjur:

Útflutningsgjald af fiskafurðum togaraflotans	kr.	29 565 730.00
Vaxtatekjur	—	246 363.00
Gjöld umfram tekjur	—	31 065 681.00
	Kr.	60 877 774.00

Efnahagsreikningur 31. desember 1974.

Eignir:

Inneignir í bönkum		kr.	4 236 977.60
Ríkissjóður Íslands ógr. stofnfé		—	5 000 000.00
Skuldir umfram eignir:			
Skuldir umfram eignir 1. 1. 1974	kr. 186 125 815.64		
Gjöld umfram tekjur skv. meðf. tekju- og gjaldareikningi	— 31 065 681.00		
		—	217 191 496.64
		Kr.	226 428 474.24

Skuldir:

Ógreiddar bætur vegna aflabrests		kr.	23 517 350.00
Óinnleyst skuldabréf og vaxtamiðar		—	3 400.00
Jöfnunardeildin		—	165 407 724.24
Stofnfé		—	37 500 000.00
		Kr.	226 428 474.24

Jöfnunardeild.

Tekju- og gjaldareikningur fyrir árið 1974.

Gjöld:

Sameiginlegur kostnaður skv. meðf. sundurliðun		kr.	923 145.00
Vextir		—	5 516.00
Tekjuafgangur		—	96 350 529.00
		Kr.	97 279 190.00

Tekjur:

Framlag ríkissjóðs 25% af útfl.gj.		kr.	70 165 765.00
Vextir		—	21 595 934.00
Vísitöluuppbót		—	5 497 802.00
Afföll af keyptum verðbréfum		—	19 689.00
		Kr.	97 279 190.00

Efnahagsreikningur 31. desember 1974.

Eignir:

Inneignir í bönkum		kr.	265 807 629.80
Ríkissjóður lán v. togarastyrkja		—	25 000 000.00
Fiskifélag Íslands, lán v. tölvukaupa		—	5 200 000.00
Almenna deild togaraflotans		—	165 407 724.24
Ríkissjóður viðskiptareikningur		—	105 819 795.78
Viðskiptamenn		—	14 082.00
Verðbréf		—	13 021 018.00
Óinnheimtir áfallnir vextir og vísitöluuppbót		—	6 269 606.00
Fyrirframgreiddur kostnaður		—	6 617.00
Skrifstofuáhöld		—	549 235.00
		Kr.	587 095 707.82

Skuldir:

Ógreiddur kostnaður		kr.	796 677.00
Almenna deild bátaflotans		—	15 671 875.11
Höfuðstólsreikningur 1. 1. 1974	kr. 474 276 626.71		
Tekjur umfram gjöld skv. meðf. tekju- og gjaldareikningi	— 96 350 529.00		
		—	570 627 155.71
		Kr.	587 095 707.82

Hér með fylgja ársreikningar Aflatryggingasjóðs, þ. e. Almennu deildar bátaflotans, Almennu deildar togaraflotans og Jöfnunardeildar fyrir árið 1974.

Reikningar þessir eru samdir af mér eftir bókum sjóðsins, sem ég hef endurskoðað.

Ég hef fullvissað mig um að tilgreindar bankainnstæður og verðbréfaeign eru fyrir hendi.

Ég hef sannreynt viðskiptastöðu Aflatryggingasjóðs við Ríkissjóð Íslands pr. 31. desember 1974.

Reykjavík, 28. ágúst 1975.

Guðni S. Gústafsson, löggiltur endurskoðandi.

Már Elísson. **Tryggvi Helgason.** **Sigfús Bjarnason.**

Ingimar Einarsson. **Ingólfur Falsson.** **Ingólfur Arnarson.**

Ágúst Flygenring.

Áhafnadeild.

Tekju- og gjaldareikningur fyrir árið 1974.

Gjöld:

Hlutdeild í fæðiskostnaði sjómanna		kr.	352 664 076.00
Kostnaður greiddur Fiskifélagi Íslands	kr. 1 560 205.00		
Kostnaður vegna trúnaðarmanna	— 243 383.00		
Launagreiðslur	— 293 456.00		
Endurskoðun og reikningsskil	— 162 000.00		
Ferðakostnaður og bifreiðakostnaður	— 13 180.00		
Pappír, prentun og ritföng	— 115 645.00		
Ýmis kostnaður	— 1 800.00		
		—	2 389 669.00
		Kr.	355 053 745.00

Tekjur:

Útflutningsgjald af sjávarafurðum	kr. 331 385 075.00		
÷ Endurgreitt vegna togara 1974	— 38 019 578.00		
		kr.	293 365 497.00
Vaxtatekjur		—	4 851 384.00
Gjöld umfram tekjur		—	56 836 864.00
		Kr.	355 053 745.00

Efnahagsreikningur 31. desember 1974.

Eignir:

Veltufjármunir:				
Inneignir í bönkum	kr.	44 034 571.00		
Viðskiptareikningur ríkissjóðs	—	35 069 953.00		
Óinnheimt útflutningsgjöld	—	1 210 311.00		
			kr.	80 314 835.00
Fastafjármunir:				
Skrifstofuáhöld			—	29 500.00
			Kr.	80 344 335.00

Skuldir:

Skammtímaskuldir:				
Ógreiddur kostnaður	kr.	1 129 850.00		
Ógr. hlutdeild í fæðiskostn. sjómanna	—	102 022 020.00		
Ógreidd endurgreiðsla v. togara	—	19 308 418.00		
Viðskiptamenn	—	14 082.00		
			kr.	122 474 370.00
Eigið fé:				
Eignir umfram skuldir 1. 1. 1974	kr.	14 706 829.00		
Gjöld umfram tekjur skv. meðf. tekju- og gjaldareikningi	—	56 836 864.00		
			—	42 130 035.00
			Kr.	80 344 335.00

Efnahagsreikningur þessi og meðfylgjandi tekju- og gjaldareikningur, Áhafnadeildar Aflatryggingasjóðs, er saminn af mér eftir bókum deildarinnar, sem ég hef endurskoðað.

Reykjavík, 28. ágúst 1975.

Guðni S. Gústafsson, löggiltur endurskoðandi.

Már Elísson. **Tryggvi Helgason.** **Sigfús Bjarnason.**

Ingimar Einarsson. **Ingólfur Falsson.** **Ingólfur Arnarson.**

Ágúst Flygenring.

Áhafnadeild Aflatryggingasjóðs 1974.

Viðskiptareikningur ríkissjóðs 31. 12. 1974.				
Skuld ríkissjóðs samkv. bókum Áhafnadeildarinnar 31. 12. 1974			kr.	35 069 953.00
Skuld ríkissjóðs 31. 12. 1974 skv. Ríkisbókhaldi			kr.	35 069 953.00
Hreyfingar á viðskiptareikningi ríkissjóðs 1974.				
1. Skuld ríkissjóðs 1. 1. 1974	kr.	21 503 910.00		
2. Útflutningsgjald 1974 innheimt	—	333 238 953.00		
3. Greitt af ríkissjóði			kr.	319 672 910.00
4. Skuld ríkissjóðs 31. 12. 1974			—	35 069 953.00
	Kr.	354 742 863.00	Kr.	354 742 863.00

REGLUGERÐ

fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja.

I. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.
Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir fyrir allt lögsagnarumdæmi Vestmannaeyjakaupstaðar.

2. gr.
Stjórn Fjarhitunar.

Vestmannaeyjakaupstaður er eigandi Fjarhitunar Vestmannaeyja og bæjarstjórn Vestmannaeyja fer með stjórn hennar og setur henni gjaldskrá. Bæjarstjórn getur skipað sérstaka Fjarhitunarnefnd sér til ráðuneytis.

Tæknifræðingur bæjarins fer með, í samráði við bæjarstjóra, daglega stjórn Fjarhitunar Vestmannaeyja, nema bæjarstjórn ákveði aðra tilhögun.

3. gr.
Einkaleyfi Fjarhitunar.

Fjarhitun Vestmannaeyja hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmisins. Bæjarstjórn getur þó heimilað undanþágu til einstaklinga eða félaga.

4. gr.
Utanhússlagnir og mælar.

Fjarhitun Vestmannaeyja sér um flutning vatns frá kyndistöð inn fyrir útvegg húss að mæli. Er Fjarhitunin eigandi þessara lagna og mæla. (Sjá mynd B í 32. gr. II. kafla).

5. gr.
Viðhaldsskylda.

Fjarhitun Vestmannaeyja annast allt viðhald og endurbætur á dreifikerfinu, tengingum og mælum og greiðir kostnað því samfara. Þó er rétt að endurkrefja húseigendur um kostnað vegna tjóns á kerfi eða mælum, sem rekja má til hirðuleysis eða mistaka þeirra.

6. gr.
Afnot varmaorku.

Sú varmaorka, sem Fjarhitun Vestmannaeyja lætur í té, er ætluð til upphitunar húsa og almennra heimilisnota. Heimild bæjarstjórnar og Fjarhitunarnefndar þarf til annarrar notkunar varmaorkunnar.

Óheimilt er að taka vatn af hringrásarkerfinu.

7. gr.
Bótaskylda Fjarhitunar.

Fjarhitun Vestmannaeyja ber ekki ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða vegna bilunar í tækjabúnaði eða dreifikerfi, vegna rafmagnstruflana, frosta eða náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika.

Fjarhitunin skal kappkosta að viðhalda nægilegu hitastigi og þrýstingi, en er þó ekki skaðabótaskyld verði misbrestur á þessu.

8. gr.

Umsóknir.

Sækja skal skriflega um tengingu við fjarhitunina á sérstökum eyðublöðum, sem tæknideild bæjarins lætur í té.

Umsókn skal skila samtímis umsókn um byggingarleyfi og skal staðsetning inntaks greinilega mörkuð á uppdrætti sem fylgja umsókn um byggingarleyfi.

Áður en úttekt er gerð á undirstöðum húss skal umsækjandi skila séruppdrætti á hitakerfi hússins í tvíriti til bæjartæknifræðings.

Umsókn um tengingu skal undirrituð af eiganda húss eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt þeim pípulagningameistara sem verkið á að annast.

9. gr.

Teikningar hitalagna.

Uppdráttur skal gerður af sérmenntuðum verkfræðingi, tæknifræðingi, pípulagningameistara eða öðrum þeim, sem hlotið hafa löggildingu byggingarnefndar, og ber hann ábyrgð á því, að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur þessar svo og aðrar reglur og lög, sem gilda um byggingarmál.

10. gr.

Uppdrættir.

Uppdrættir skulu vera skýrir og greinilegir og gerðir á haldgóðan pappír. Stærð skal vera A2 eða margfeldi af þeirri stærð.

Lagnir skulu sýndar á rúmteikningu með jöfnum einingum á ásum í mælikvarða 1:50 eða 1:100, en grunnmyndir í mælikvarða 1:100 eða 1:50. Sérteikningar skulu gerðar í mælikvarða 1:20 eða stærri. Uppdrættir skulu sýna allar lagnir, raufar og göt í steypu og allt fyrirkomulag við tengingu í hitunarherbergi. Tilgreina skal í metrakerfi stærðir á hitunartækjum, ofnum, loftristum, svo og önnur mál, sem nauðsynleg eru.

Ef bæjartæknifræðingur telur nauðsynlegt, getur hann krafist útreikninga.

11. gr.

Breyting eldri lagna.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitalögnum, sem breyta á, getur bæjartæknifræðingur krafist þess, að þeir séu gerðir, eftir því sem nauðsynlegt er og ber húseigandi allan kostnað af því.

12. gr.

Samþykkt uppdrátta.

Þegar bæjartæknifræðingur hefur samþykkt uppdrátt, skal hann árita tvö eintök hans. Annað eintakið varðveitist í skjalasafni bæjarins, en hitt eintakið afhendist umsækjanda. Áritaður uppdráttur skal jafnan vera á vinnustað. Meistari sá, sem ber ábyrgð á verkinu, skal áður en verkið hefst árita eintakið, sem geymt er í skjalasafni bæjarins. Með áritun tekur bæjarfélagið enga ábyrgð á, að unnt sé að framkvæma viðkomandi verk eða því, að kerfið sé rétt útreiknað.

13. gr.

Meistarar.

Pípulagningameistarar, löggiltir af bæjarstjórn, hafa einir rétt til þess að annast hitalagnir. Þeir bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, nánari fyrirmæli er kunna að verða sett, og samþykkta uppdrætti.

Ef skipt er um meistara, meðan á verki stendur skal það tilkynnt bæjartæknifræðingi skriflega og lætur hann þá fara fram úttekt á þeim hluta verksins, sem lokið er.

Óheimilt er að halda áfram verkinu, fyrr en annar meistari hefur tekið við því.

14. gr.

Eftirlit.

Bæjartæknifræðingur annast eftirlit með því, að hitalagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa. Eftirlitsmaður bæjartæknifræðings skal hafa frjálsan aðgang að hitalögnum meðan á verki stendur. Engar hitalagnir má hylja fyrr en að fengnu leyfi eftirlitsmanns bæjartæknifræðings. Getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

15. gr.

Dælur á heimæðum.

Óheimilt er að tengja dælur við heimæðar nema gegn skriflegu leyfi bæjartæknifræðings.

16. gr.

Tenging.

Eigendur húseigna í nýjum byggingarhverfum, þar sem dreifiæð fjarhitunar verður lögð, er skylt að láta tengja þau fjarhituninni. Sama gildir um eldri íbúðarhverfi, sem ákveðið kann að verða að leggja fjarhitun í, enda er bæjarstjórn heimilt að ákveða upphæð og greiðslufyrirkomulag stofngjalds í þeim hverfum með öðrum hætti en fyrir nýbyggingar. Nú eru sérstakir erfiðleikar eða óeðlilegur kostnaður samfara tengingu húss eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg og getur bæjartæknifræðingur þá ákveðið, að húsið skuli ekki tengt við veitukerfið.

17. gr.

Gjaldskrá.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja setur Fjarhitun Vestmannaeyja sérstaka gjaldskrá. Skal þar kveðið á um notkunargjald fyrir varmaorkuna, mælagjald og heimæðagjöld, gjalddaga og innheimtu þessara gjalda, viðurlög við vanskilum og annað það, sem gjaldtökunni við kemur. Heimilt er bæjarstjórn að ákveða í gjaldskrá, að gjöld til Fjarhitunar Vestmannaeyja skuli breytast í samræmi við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar eða eftir atvikum að hluta í samræmi við breytingu á olíuverði. Aldrei mega slíkar hækkanir þó verða meiri en svo, að nægi til að tryggja eðlilegan rekstrargrundvöll og uppbyggingu fjarhitunarinnar. Gjaldskráin skal lögð fyrir iðnaðarráðuneytið til staðfestingar og skal hún birt í B deild Stjórnartíðinda.

II. KAFLI
SÉRÁKVÆÐI

18. gr.
Efni og frágangur.

Öll vinna að hitalögnum skal vera vel af hendi leyst og allt óaðfinnanlegt. Nú telur bæjartæknifræðingur eða eftirlitsmaður hans, að vinna eða efni sé gallað, og er þá skylt að bæta það.

19. gr.
Forhitarar og hitageymar.

Pípur í forhitara og hitageymi skulu þrýstiprófaðar með 10 kg/cm², en kápa með 6 kg/cm².

Forhitarar skulu staðsettir í minnst 5 cm fjarlægð frá vegg, lofti eða gólfi og tryggilega festir. Á forhiturum skulu vera hitamælar, þrýstimælar og öryggislokar á hliðstæðan hátt og á kötlum, 2,6″, auk tæmingarstúta 2,4″, og þannig frá gengið, að ekki valdi hávaða.

Leyfi bæjartæknifræðings þarf til að setja forhitara á miðstöðvarkerfið. Ákveður hann þá hvert þrýstitap má mest verða í forhitaranum við hámarksálag.

20. gr.
Baðvatnsgeymar.

Í hverju húsi skal vera baðvatnsgeymir. Lágmarksstærð geymis skal vera 150 l að viðbættum 50 l fyrir hverja íbúð umfram eina.

Ytra byrði baðvatnsgeyma skal þrýstiprófa með 6 kg/cm² þrýsting, en innra byrði og gormpípur með 9 kg/cm².

Baðvatnsgeymar skulu staðsettir í minnst 5 cm fjarlægð frá vegg eða lofti og tryggilega festir. Stútar í baðvatnsgeymum skulu vera sem hér segir:

Fyrir hringrásvatn 2 stútar.
Fyrir baðvatn 2 stútar
Fyrir hitamæli 1 stútur.
Fyrir hitastilli 1 stútur.

Botnar baðvatnsgeyma skulu vera úthverfir, og skulu suðusamskeyti vera fyrir utan kápuna.

Um kápugeyma gilda eftirfarandi sérákvæði: Séu geymar undir 700 mm þvermáli, skal þykkt kápu vera minnst 4 mm, innra byrðis 5 mm og botn 6 mm. Sé þvermál geyma meira, ber að leggja fram sérstakan útreikning á styrkleika.

Innan við kaldavatnsstútinn skal komið fyrir kringlóttri dreifiplötu, sem sé minnst 20 cm í þvermál og 3 mm á þykkt.

21. gr.
Pípur.

Stálpípur, sem notaðar eru til hitalagna skulu fullnægja lágmarks ákvæðum þeim, sem gildandi eru í þýskum staðli, DIN 2440.

Allar pípur skulu vera hreinar. Í þeim mega ekki vera ryðskánir. Þar sem pípur eru huldar, getur bæjartæknifræðingur krafist þess, að samskeytin séu soðin.

Eirpípur skulu fullnægja lágmarksákvæðum þeim, sem eru gildandi í þýskum staðli, DIN 1786.

22. gr.

Prófun á suðu á stálpípum.

Eftirlitsmaður bæjartæknifræðings hefur rétt til að krefjast þess að teknir verði bútar úr hitakerfinu til prófunar, svo margir, sem honum þykir við þurfa.

Pípulagningameistari sá, sem ábyrgð ber á verknu, skal taka slík sýnishorn og færa lögnina í samt laga aftur. Komi í ljós að sýnishorn fullnægi ekki þeim kröfum, sem gerð verður til þeirra, ákveður bæjartæknifræðingur, hvað gert skuli til lagfæringar eða hve mikinn hluta kerfis skuli endurleggja.

23. gr.

Um pípulögnina.

Pípur skal leggja með tilliti til lofttæmingar hitunarkerfisins. Þegar breyta þarf stefnu lagnar, skal að jafnaði beygja pípu eftir því sem aðstæður leyfa. Séu lyppubeygjur notaðar, skal eigi beygja meira en svo, að ein lyppa komi á hverjar 10° beygja. Skámiðju-tengistykki skal nota eftir því sem unnt er.

Við skurð á pípum skal snarað úr endum þeirra. Pípur, sem lagðar eru með veggjum og undir loftum, skal festa með burðajárnum, og ber að ganga svo frá járnunum, að þau hindri ekki hitaþenslu pípanna.

24. gr.

Miðstöðvarofnar.

Miðstöðvarofnar skulu þola 6 kg/cm². Þeir skulu að jafnaði festir á vegg. Burðarjárn ofna skal staðsetja þannig, að fjarlægð ofns verði a. m. k. 3 cm frá fullgerðum vegg, en fjarlægð frá fullgerðu gólfi upp að ofni skal vera 10—15 cm. Tengipípur ofna skulu vera svo lagðar, að þær þoli þensluhreyfingu aðliggjandi stofna.

25. gr.

Þensluker.

Ef fjarhitari er á miðstöðvarlögninni er skylt að hafa á henni þensluker.

Sé frosthætta, þar sem þensluker er staðsett. skal það einangrað. Yfirfall skal vera frá opnum þenslukerjum til frárennsliskerfis.

Yfirfallspípu úr zinkhúðuðu efni eða öðru jafn góðu skal tengja við frárennsliskerfi með vatnslás.

Heimilt er að nota þrýstiþensluker (lokað þensluker). Í samræmi við þetta komi ný teikning af tengingum og búnaði innan húsveggs í 32. gr.

26. gr.

Geislahitunarlögn.

Í geislahitunarlögn má eingöngu nota pípur, sem þola a. m. k. 30 kg/cm² þrýsting. Pípurnar skal beygja kaldar, þannig að bil milli pípanna verði rétt skv. uppdrætti. Hitamottur skal leggja á a. m. k. 5—6 mm steypustyrktarjárn eða steinflögur, þannig að tryggt sé, að steypa geti runnið undir þær alls staðar.

Að lokinni niðursetningu hitaflata og tengingu þeirra skal þrýstireyna geislahitunarkerfið með köldu vatni með 30 kg/cm² þrýstingi, er haldið sé óbreyttum í 2 klst.

Geislahitunarkerfi telst þétt, ef ekki sést rakavottur utan á neinni pípu eftir slíka prófun. Eftirlismaður bæjartæknifræðings skal vera viðstaddur þegar prófanir skv. þessari grein fara fram. Á öllum geislahitunarkerfum skulu vera sjálfvirk stjórntæki, sem fyrirbyggi, að of heitt vatn geti farið inn á þau.

27. gr.

Lokar.

Lokar skulu að jafnaði vera rennilokar með krögum eða suðuendum. Í lokum, sem eru 80 mm eða minni mega endar vera skrúfuskornir. Stillilokar skulu að jafnaði vera keilu- eða sætislokar.

Við alla miðstöðvarofna skal vera tvístilliloki með kvarða er sýni, á hvað viðkomandi loki er stilltur eða sjálfvirkur loki með hitastilli.

28. gr.

Einangrun.

Allar pípur í veggjum og gólfum skal einangra með ólífrænu einangrunarefni, sem sé a. m. k. 20 mm þykkt. Pípur í neðsta gólfi skal þó einangra þannig, að raufir þær, sem pípur liggja í, séu fylltar með mjúku asfaltefni, sem blanda má þurrum sandi í hlutföllum 1 hl. asfalt 2 hl. sandur.

Bil milli pípa sé hvergi minna en 20 mm.

29. gr.

Sjálfvirk stjórntæki.

Hitakerfi skulu búin sjálfvirkum stjórntækjum er dæmist fullnægjandi af bæjartæknifræðingi.

30. gr.

Mælar.

Á inntakspípur húss, sem tengd eru kerfi Fjarhitunar Vestmannaeyja, setur hún upp mæla. Mælar þessir eru í eigu og umsjón hennar, og er skylt að tilkynna tafarlaust, ef vart verður við leka eða aðra bilun á mælunum.


31. gr.

Um þrýstiprófun hitakerfa.


Þegar lokið er lögn miðstöðvakerfis og áður en pípur eru huldar, skal það þrýstiprófað af pípulagningameistara að viðstöddum eftirlitsmanni bæjartæknifræðings. Prófa skal með köldu vatni og 6 kg/cm^2 þrýstingi.

Þrýsting skal mæla við inntak.

32. gr.
Tákn og teikningar.




Tákn
Mynd A



Heitt neyzluvatn
Ofnar
Heitavatns geymir
Kalt neyzluvatn
A
Fjarhitun
Húskerfi
Lágm. 20sm
Hám. 80 sm
A: jafnan lokaður
höfuðlokar
sía
vatnsmælir
loki
einstreymisloki
stilliloki
hitastýrður loki
þrýstijafnari
einstreymisloki
öryggisloki 4 atý.

Mynd B


Áður en kjölfesta er flutt á skip eða úr skipi, skal hafnarverði gert viðvart og ákveður hann þá hvar losun eða lestun kjölfestunnar fer fram.

Við losun eða lestun á kjölfestu, sandi, kolum eða öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega tryggar hlífar á milli skipsins og hafnarbakkans, bryggjunnar eða bátanna, að ekkert falli fyrir borð. Sé þess eigi gætt getur hafnarvörður stöðvað verkið uns umbætur hafa farið fram.

Skipstjóri skal sjá um að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarvörður vísar til.

20. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skal eigandi skips láta hreinsa bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið, sé þess talin þörf. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um að það sé gert, en eigandi skips greiði þann kostnað, er af því leiðir.

V. KAFLI

Um skip, sem lagt er í lægi.

21. gr.

Skipi má leggja í lægi á höfninni með sérstöku leyfi hafnarnefndar, sé það gert undir umsjá hafnarvarðar, sem ákveður legustaðinn, legufærin og fyrirkomulag allt, er varðar lagningu skipsins.

22. gr.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi í höfninni, skal ekki sjaldnar en á eins mánaðar fresti fara út í það til að líta eftir hvort legufæri eða annað hefur farið úr lagi eða bilað. Ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Leyfi hafnarnefndar til að leggja skipi í lægi, er bundið því skilyrði, að ef skipið sekkur láti eigandi þess taka það upp eða sprengja það sundur, svo það skemmi ekki höfnina. Sé því ekki fullnægt innan tiltekins frests, getur hafnarnefnd látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

23. gr.

Heimilt er að leggja skipi í lægi á höfninni, þó það sé mannlaust, sé það svo þétt, að áliti hafnarnefndar, sem getur framkvæmt eða látið framkvæma á því rannsókn á kostnað eiganda, að ekki stafi af því nein hætta.

Á skipum þessum skal tendrað ljós samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, er liggja fyrir akkeri.

Áður en skipstjóri fer af skipinu skal hann tilkynna hafnarverði skriflega um umsjónarmann, búsettan í því lögsagnarumdæmi, sem höfnin er í, sem skal hafa umsjón skipsins á hendi og skal skipstjóri ganga úr skugga um, að hafnarvörður sé samþykkur útnefningu umsjónarmannsins. Hafnarnefnd getur krafist, ef henni finnst ástæða til, að umsjónarmaður hafi skipstjórnarréttindi, og hafi búsetu það nálægt hafnarsvæðinu, að auðvelt sé að ná til hans í tæka tíð er færa þarf skipið, eða til annarra þeirra aðgerða, er skipið snerta.

Hafnarvörður beinir til umsjónarmanns öllum þeim fyrirskipunum er skipið varða, en umsjónarmaður annað hvort framkvæmir fyrirskipanir hafnarvarðar eða sér um að þær séu framkvæmdar. Verði dráttur á því, skal hafnarvörður láta framkvæma verkið á kostnað skipseiganda.

VI. KAFLI

Um fermingu og affermingu eldfimra vökva og sprengiefna.

24. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, svo sem steinolíu bensín, aceton, terpentínu eða aðra álíka eldfima vökva, sprengiefni, svo sem púður, dynamit, geomit, eða þess konar efni, mega ekki fara inn á höfnina fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarstjóra og afferming leyfð undir eftirliti, ef til þess þykir ástæða. Um útskipun á sams konar farmi gilda sömu varúðarreglur.

25. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau efni, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, skulu, er þau koma inn á höfnina með þess konar farm, hafa á framsiglutoppi alþjóðlegt merkjaflagg með bókstafnum „B", að degi til en að næturlagi rautt ljós í þess stað. Merki skal hafa uppi svo lengi, sem skipið er í höfn og um hættu getur verið að ræða. Skip, sem ekki hafa framsiglu, skulu í þess stað reisa a. m. k. þriggja metra háa stöng, sem flagginu skal komið fyrir á.

VII. KAFLI

Um gjöld til hafnarinnar.

26. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur í samræmi við 26. gr. hafnalaga og samgönguráðuneytið staðfestir.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

27. gr.

Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju eða hafnarbakka og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðar eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Flytja skal burt muni og vörur jafnskjótt og hafnarvörður krefst þess. Sé það eigi gert, getur hafnarvörður gert það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns.

28. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar, tækjum og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur má ákveða þær af 2 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur ekki honum í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

29. gr.

Engum, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, heimilast að fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

30. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt þessari reglugerð heimilast að gefa forráðamönnum skips, skal gefa stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans skv. 10. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt því, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

31. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 21. október 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Vogahöfn í Gullbringusýslu.

I. KAFLI

Um gjöld til hafnarinnar.

1. gr.

Öll skip, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipsins eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Lestagjöld.

2. gr.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir, skulu greiða lestagjald kr. 6.00 á brúttórúmlest.

b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiða kr. 3.00 á brúttórúmlest.

c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiða kr. 6.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

d. Heimabátar, minni en 10 brúttórúmlestir, greiða lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári, kr. 400.00 af hverri brúttórúmlest.

Lágmarksgjald skal vera kr. 2 000.00. Gjalddagi er 1. apríl, eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í 3 mánuði.

Hafi skipið legið á höfninni í 30 daga samfleytt, skal greiða lestagjald að nýju fyrir næsta 30 daga tímabil. Hafi skipið verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, sem skipið stóð uppi.

Bryggjugjöld.

3. gr.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 3.00 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiði gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir, greiði ekki bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 324.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Vörugjöld.

4. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem skipað er út og upp á hafnarsvæðinu, með þeim undantekningum, sem síðar getur.

5. gr.

Fyrir vörur, sem í farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft vörugjald. Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, greiðist ekkert vörugjald.

6. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Vörur, sem lagðar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.
b. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi. Enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk skip til eigin notkunar.
c. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
d. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.
e. Innlend mjólk og rjómi, sem flutt er til hafnarinnar.

7. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining.

Fara skal eftir farmskrá skips við ákvörðun og útreikning vörugjalds. Skipstjóri er skyldur til að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá fyrir hendi, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjórn ástæða til, getur hún, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst vörugjald ber.

8. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá segir til um, og greiða gjald, sem þar segir. Minnsta vörugjald skal vera kr. 20.00. Leiki vafi á í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri skera úr um það, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

Vörugjaldskrá.

9. gr.

1. fl.: Gjald kr. 110.00 fyrir hver 1000 kg.:

Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni (meira en 100 tonn) svo sem bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, sement laust og sekkjað, vikur, sekkjaður áburður, sekkjuð kornvara.

2. fl.: Gjald kr. 230.00 fyrir hver 1000 kg.:

Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, aðrar en taldar í 1. fl., ósunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingavörur, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir.

3. fl.: Gjald kr. 640.00 fyrir hver 1000 kg.:

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður.
b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
c. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

4. fl.: Gjald kr. 64.00 fyrir hvern rúmmeter:

Vörur flokkaðar eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%:

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 50.00.

Ýmis gjöld.

10. gr.

a. Lóða- og geymslugjöld fyrir vörur, sem geymdar eru í húsum hafnarinnar eða á lóðum hennar, skal greiða eftir ákvörðun hafnarnefndar.

b. Leigugjald fyrir lóðir og land hafnarinnar, hús, verbúðir og athafnasvæði, sem leigt er einstaklingum eða fyrirtækjum um lengri tíma, skal greiða samkvæmt sérstökum samningi milli leigutaka og hafnarnefndar sem ráðuneytið síðan fullgildir.

c. Leigugjald fyrir notkun á tækjum og áhöldum hafnarinnar, þar með talin legufæri (múrningar) skal greiða eftir ákvörðun hafnarnefndar með hliðsjón af leigugjöldum slíkra áhalda eða tækja eins og það gerist á almennum markaði.

d. Af bryggjum og öðrum hafnarmannvirkjum, sem einstaklingar eða félög eiga eða kunna að eignast skal greiða gjald, sem ákveðið er með samningi milli eiganda mannvirkis og hafnarnefndar, sem ráðuneytið síðan fullgildir.

e. Vatn til skipa greiðist með kr. 40.00 fyrir hvern rúmmeter.

f. Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir þau gjöld, sem hér eru að framan talin, skal greiða samkvæmt reikningi frá hafnarnefnd.

II. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu gjalda.

11. gr.

Skrifstofa hreppsins sér um innheimtu og greiðslu gjalda og skal greiða gjöldin þar.

12. gr.

Skipstjóri eða eigandi skips eru ábyrgir fyrir skilvísri greiðslu þeirra gjalda, sem greiða ber vegna skipsins.

Skipstjóra er skylt að afhenda hafnarstjórn þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, sé þess krafist og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skipum, uns gjöldin eru greidd.

13. gr.

Að svo miklu leyti, sem reglugerð þessi kveður ekki á um fasta gjalddaga, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni. Enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá tollyfirvöldum, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjórn, að hann hafi greitt gjöld sín til hafnarinnar.

14. gr.

Vörugjöld og leigu fyrir lóðir og geymsluhús, samkvæmt 9. grein, greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Hafi skip ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum til tryggingar á greiðslu gjaldsins.

15. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b, tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í gjaldskrá þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er í té látin af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 21. október 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 500. 21. nóvember 1975.

REGLUGERÐ

um hámarkstölu leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Fáks.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílstjórafélagsins Fáks, en það nær yfir Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslur.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 17. Þó skal í engu skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubílaakstur til vöruflutninga á félagssvæðinu, sbr. 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970 um leigubifreiðar. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélagsins Fáks og sýslunefnda Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslna.

3. gr.

Öllum, öðrum en félögum Vörubílstjórafélagsins Fáks, er óheimilt að stunda leiguakstur á vörubílum á félagssvæði þess.

Leiguakstur telst það, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélagið Fákur viðtöku nýjum umsóknum um afgreiðslu fyrir vörubifreiðar til vöruflutninga. Skal þá bæta við þeim fjölda vörubifreiða á stöðina, er nægir til þess að fylla hámarkstöluna 17. Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, uns framangreindu marki er náð.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin eigi til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 21. nóvember 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

19. nóvember 1975. Nr. 501.

AUGLÝSING

um skipulag í Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Breiðuvíkurhrepps, að undanskildum nauðsynlegum byggingum á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 19. nóvember 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

25. nóvember 1975. Nr. 502.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið hinn 25. nóvember 1975 veitt flugfélaginu Vængjum h.f., Reykjavík,

sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, póst og vörur, á flugleiðinni Reykjavík—Suðureyri—Reykjavík, á tímabilinu frá 25. nóvember 1975 til 31. desember 1980.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á framangreindri flugleið, en jafnframt skylda til að halda uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytisins.

Samgönguráðuneytið, 25. nóvember 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 503. 26. nóvember 1975.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 360 28. júlí 1975, um niðurgreiðslu verðs á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa.

1. gr.

Í stað orðanna „kr. 20.20 pr. líter" í 2. mgr. a liðar 3. gr. komi orðin: 24.20 pr. líter.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 55 27. maí 1975 um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar til þess að öðlast gildi frá 19. nóvember 1975 og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. nóvember 1975.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Arnmundur Backman.

Nr. 504. 18. nóvember 1975.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Hvolhreppi, Rangárvallasýslu.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að gera bundið slitlag á götu svo og að ganga endanlega frá gangstétt.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á A-gjald vegna nýbyggingar, og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	2.0%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	1.5%
Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús	1.5%
Fjölbýlishús	1.0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	2.0%
Önnur hús og byggingar	1.5%

Af kjöllurum (jarðhæðum) og rishæðum, sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnurekstrar svo og bifreiðageymslum skal greiða hálft gjald.

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar.

Gjald skal miða við stærð húss skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við stærð húss sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m^3
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús, hver íbúð	400 m^3
Fjölbýlishús	300 m^3

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á B-gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það sem segir í 3. gr., þ. e. til að gera slitlag og gangstétt, og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	4.0%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	3.0%
Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús	3.0%
Fjölbýlishús	2.0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	4.0%
Önnur hús og byggingar	3.0%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða í gatnagerðargjöld kr. 60.00 af hverjum fermetra lóðar.

5. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir um áramót.

6. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds skv. 3. gr. skulu vera sem hér segir:

Ef um er að ræða leigulóð í eigu sveitarfélagsins. getur sveitarstjórn áskilið, að úthlutun verði háð því, að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingarleyfi verður veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslur.

7. gr.

Gatnagerðargjald skv. 4. gr. miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitala, meðan verk fer fram, og skal þá miða við meðal vísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

8. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að innheimta gjald, skv. 4. gr., af fasteignum við götu, þar sem þegar hefur verið lagt slitlag og gangstétt, skal miða gjaldið við þá vísitölu, sem í gildi er, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

9. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 4. gr. greiðist þannig að 20% greiðist, þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir 10% greiðast eftir á sömu gjalddögum.

10. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkv. 3. gr. og 4. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

11. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hvolshrepps og staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 18. nóvember 1975.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 505. 18. nóvember 1975.

GJALDSKRÁ

fyrir heimilisþjónustu á vegum Selfosshrepps.

1. gr.

Fyrir þjónustu veitta samkvæmt reglugerð um heimilisþjónustu skal þiggjandi greiða gjald samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga, sem miðast við mánaðartekjur þiggjanda og tímalaun starfsfólks heimilisþjónustunnar.

1. taxti	.....	kr. 0.00	á tímann
2. taxti	.....	— 100.00 -	—
3. taxti	.....	— 200.00 -	—
4. taxti	.....	— 300.00 -	—

2. gr.

Ákvörðun um taxta skal tekin eftir viðmiðun við mánaðartekjur þiggjanda og skal þá tekið tillit til hvort um er að ræða einstakling, hjón eða sambýlisfólk. Hreppsnefnd er einnig heimilt að víkja frá gjaldskránni ef um sérstakar ástæður er að ræða.

Taxti fyrir einstaklinga:

1. Tekjur undir	kr.	25 000.00	á mánuði
2. Tekjur milli	—	25 000.00	og 45 000.00
3. Tekjur milli	—	45 000.00	og 70 000.00
4. Tekjur yfir	—	70 000.00	

Taxti fyrir hjón og sambýlisfólk:

1. Tekjur undir	kr.	40 000.00	á mánuði
2. Tekjur milli	—	40 000.00	og 70 000.00
3. Tekjur milli	—	70 000.00	og 100 000.00
4. Tekjur yfir	—	100 000.00	

Til frádráttar tekna komi kr. 5 000.00 fyrir hvert barn.

3. gr.

Gjaldstiginn er saminn með viðmiðun við tímalaun starfsfólks heimilisþjónustunnar, kr. 221.00, og er einnig tekið tillit til launatengdra gjalda. Verði breyting á þessum kauptaxta, ber að breyta gjaldstiganum til samræmis við þær breytingar.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Selfosshrepps, staðfestist hér með samkv. lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. nóvember 1975.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Jón Sigurpálsson.

18. nóvember 1975. Nr. 506.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Hafnarfjarðar nr. 181 1. des. 1958 og nr. 47 28. febr. 1972.

1. gr.

13. gr. orðist svo:

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarbæjar, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Sama er og um aðrar fasteignir, sem fá vatn úr vatnsveitukerfi Vatnsveitu Hafnarfjarðar.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningarstofn fasteignaskatts og er hann í gjaldskrá þessari nefndur fasteignamat.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn. Við ákvörðun vatnsskatts samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eigninni fullfrágenginni.

Af húsum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra heimilsþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim eru rekin, eða af öðrum ástæðum, skal greiða aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkv. mældri notkun. Verði því eigi við komið, ákveður vatnsveitan aukavatnsskattinn samkv. áætlaðri notkun.

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattskyldar eru skv. 1. mgr., skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0.25% (0.25 af hundraði) af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar sbr. 3. mgr.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er skv. 6. mgr., skal vera kr. 5.00 á hvern rúmmetra vatns.

Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og ber að greiða hann til bæjargjaldkera.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn, sbr. 2. gr., er heimilt að innheimta skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögtaksrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. nóvember 1975.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 507. 18. nóvember 1975.

REGLUGERÐ

um holræsagjöld í Hafnarfirði.

1. gr.

Að öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarbæjar, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem holræsalagnir liggja, skal greiða árlega holræsagjald til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar.

Álagningarstofn holræsagjaldsins skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningarstofn fasteignaskatts og er hann í gjaldskrá þessari nefndur fasteignamat.

Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá bæjarráð skattinn. Við ákvörðun holræsagjalds samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eigninni fullfrágenginni.

Af öllum fasteignum, sem greiða ber af holræsagjald skv. 1. mgr., skal greiða holræsagjald, sem nemur 0.08% (0.8 af hundraði) af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

2. gr.

Holræsagjald greiðist af húseiganda og lóðarhafa og lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

3. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignamatsskatt, enda skuli gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 18. nóvember 1975.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

27. nóvember 1975. Nr. 508.

SAMÞYKKT

um hundahald í Gerðahreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Gerðahreppi, að undanskildum leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötluðu fólki, samkvæmt læknisráði.

2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita einstaklingum búsettum í sveitarfélaginu undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu sýslumanns og þar fái eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.

b) Árlega skal greiða í sveitarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem hreppsnefnd ákveður fyrir eitt ár í senn skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í sveitarfélaginu og skal upphæðin við það miðuð. Gjaldið skal greitt við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrirfram árlega.

c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds, skal innheimta tryggingargjald, eða leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.

d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn á leikvelli, skóla, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvara er um hönd höfð.

e) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts) svo og fyrirmælum, er heilbrigðisnefnd setur.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Hreppsnefnd er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Ofangreind samþykkt Gerðahrepps staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. nóvember 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 509. 21. nóvember 1975.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Siglufjarðarkaupstaðar á lóðum og fasteignum, sem að sjó liggja í Siglufirði.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum og fleiru, samþykkti bæjarráð eftirfarandi:

Siglufjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á öllum útgerðarstöðvum með lóðarréttindum, frá og með Hvanneyrarbakka að norðan og suður að lóðum Hafnarsjóðs Siglufjarðar í Innri-höfn, en það eru eftirtaldar útgerðarstöðvar og lóðarréttindi:

Hvanneyrarbakki, Hv.braut 76	Vigfús Friðjónsson og Árni Friðjónsson.
Hvanneyrarkrókur 5—7ab.	Olíuverslunin Skeljungur hf.
Kambsreitur, Ránargata 2	Olíuverslun Íslands hf.
Verksmiðjureitur	Síldarverksmiðjur ríkisins.
Þormóðsreitur	Hrímnir hf.
Tjarnargata 11	Guðrún, Halldóra, Guðríður Óskarsdætur.
Þormóðsreitur I.	Togskip hf.
Ásgeirsreitur	Skeljungur hf.
Henriksenreitur	O. Henriksen d.b.
Búðarreitur	Vigfús Friðjónsson.
Ragnarsreitur, Tjarnarg. 8	Sigurbjörn Frímannsson o. fl.
Hjaltareitur	Hafliði hf.
Gosreitur	Þormóður rammi hf.

Halldórsreitur	Þormóður rammi hf.
Sæbyreitur	Þormóður rammi hf.
Jakobsensreitur, Gránug. 7	Þormóður rammi hf.
Kveldúlfsreitur	Þormóður rammi hf.
Hjaltalínsreitur	Silfurborg sf.
Friðleifsreitur	Ísafold sf.
Helgareitur	Ísafold sf.
Óskarssíld	Dagur hf.
Snorrabraut 7	Skafti Stefánsson.
Snorrabraut 11	Síldarsöltun Ísfirðinga.
Snorrabraut 15, (íshús)	Ásgeir Pétursson hf.
Snorrabraut 17, (Bein)	Ásgeir Pétursson hf.
Snorrabraut 19, Ásgeirsreitur	Ásgeir Pétursson hf.

Enn fremur áskilur Siglufjarðarkaupstaður sér forkaupsrétt á allri strandlengjunni austan fjarðarins, frá Álfhól út að Siglunesskriðum 150 m frá fjöruborði til fjalls, miðað við stórstraumsflóð.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og gildir í 5 ár frá og með deginum í dag að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. nóvember 1975.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

2. desember 1975. Nr. 510.

SAMÞYKKT

um hundahald í Hveragerði.

1. gr.

Hundahald er bannað í Hveragerði.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í hreppnum, leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.

b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem leyfi er veitt fyrir. Gjaldið er ákveðið fyrir eitt ár í senn. Upphæð gjaldsins skal miðuð við kostnað af eftirliti með hundum í hreppnum. Hundar sem eru notaðir við búrekstur á lögbýlum svo og leiðsöguhundar fatlaðra eru undanþegnir þessu gjaldi.

c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi, svo og kvittun fyrir hundahreinsun.

d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skólahús né matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.

e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski ekki ró íbúa þorpsins, og séu hvorki þeim né öðrum, sem um þorpið fara til óþæginda.

f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þ. á m. reglum er varða árlega hreinsun hunda).

Við brot á skilyrðum fyrir leyfi til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund á kostnað eiganda. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi leyfi til hundahalds. Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi telji hún þess þörf.

3. gr.

Ofangreind samþykkt Hveragerðishrepps staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi 1. janúar 1976.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um hundahald í Hveragerði nr. 79 7. apríl 1952.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. desember 1975.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 511. 4. desember 1975.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1975:

Óverkaður saltfiskur

Stórfiskur nr. I	kr.	247.00
Millifiskur nr. I	—	236.00
Smáfiskur 40/60 nr. I	—	192.00
Smáfiskur 60/100 nr. I	—	164.00

Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Söltuð ufsaflök

15/20	kr.	230.00
21/25	—	222.00
26/30	—	214.00
31/35	—	206.00
36/40	—	198.00

Verð þessi eru c. i. f. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. desember 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

6. desember 1975. Nr. 512.

REGLUGERÐ

um skólareglur o. fl. í grunnskóla.

1. gr.

Skólastjóri, kennarar og nemendur grunnskóla skulu í sameiningu kosta kapps um, að heilbrigður samstarfsandi ríki í skólanum.

2. gr.

Nemendur grunnskóla skulu sækja skóla nema veikindi eða önnur gild forföll hamli.

3. gr.

Hver skóli setur sér skólareglur. Skólastjóri og kennararáð (kennarafundur) skulu, þegar aldur og þroski nemenda leyfir, hafa um þær samráð við þá, sbr. 22. gr. grunnskólalaga. Skólareglur skulu, eftir því sem við á, kveða á um umgengnishætti í skólanum, stundvísi og bindindissemi. Þær skulu og hafa að geyma sérákvæði vegna heimavistar og þau ákvæði önnur, er nauðsyn krefur á hverjum stað.

Reglur þessar leggi ekki óeðlilegar hömlur á nemendur, heldur venji þá við tillitssemi í umgengni og hollar lífsvenjur.

4. gr.

Nemendum ber að fara eftir skólareglum og temja sér prúðmannlega framkomu. Þá ber þeim að hlíta fyrirmælum skólastjóra, kennara og starfsfólks skóla í öllu því, er skólann varðar. Starfsmenn skóla skulu sýna nemendum sanngirni og háttvísi.

Ræða skal við nemendur um nauðsyn á ákveðnum reglum og umgengnisháttum, jafnt í litlum hópum sem stórum samfélögum.

5. gr.

Í einstökum tilvikum má víkja nemanda úr kennslustund, ef hann hefur valdið verulegri truflun og ekki látið skipast við áminningu kennara. Nemanda skal þá jafnan vísað á ákveðinn stað í skólanum, svo sem skrifstofu skólastjóra eða yfirkennara, skrifstofu skólans eða kennarastofu, allt eftir aðstæðum. Skal kennari jafnan ræða málið einslega við nemanda.

Við endurtekna brottvikningu nemanda úr kennslustund skal kennari ræða málið við skólastjóra og forráðamenn nemandans. Skólastjóri skal leitast við að ljúka málinu. Takist það ekki vísar hann því til fræðslustjóra, sem hlutast til um sérfræðilega meðferð þess.

6. gr.

Nú veldur nemandi vandræðum í skóla með hegðun sinni. Ber þá umsjónarkennara að leita orsaka og reyna að ráða bót á, m. a. með viðtölum við nemandann og forráðamenn hans. Ef viðleitni kennarans ber ekki árangur, skal hann vísa málinu til skólastjóra, sem kannar það frá öllum hliðum.

Geti skóli og heimili ekki í sameiningu leyst vandann, vísar skólastjóri málinu til fræðslustjóra til sérfræðilegrar meðferðar. Forráðamönnum nemandans skal tilkynnt sú ákvörðun án tafar, hafi hún ekki verið tekin í samráði við þá.

Meðan málið er óútkljáð getur skólastjóri vísað nemandanum úr skóla um stundarsakir, enda hafi hann tilkynnt forráðamönnum nemandans og fræðslustjóra þá ákvörðun.

Ákvarðanir samkvæmt þessari grein skulu teknar í samráði við kennararáð (kennarafund) og kennara þess nemanda, sem hlut á að máli.

7. gr.

Þegar máli nemanda er vísað til fræðslustjóra samkvæmt 5. eða 6. gr. tekur hann málið til meðferðar og beitir sér fyrir skjótum úrbótum í samráði við skólanefnd og sálfræðiþjónustu.

Til þess að einstaklingsrannsókn á nemanda og högum hans fari fram skal samþykki forráðamanna nemandans að jafnaði áskilið. Réttur forráðamanna til að hafna slíkri sérfræðilegri meðferð takmarkast þó við það sem leiðir af ákvæðum laga, sbr. 6. gr. grunnskólalaga og lög nr. 53/1966, með áorðnum breytingum, um vernd barna og ungmenna.

Fræðslustjóri sker úr málum nemenda, sem vísað er til hans samkvæmt þessari reglugerð. Vilji forráðamenn nemanda ekki hlíta úrskurði fræðslustjóra getur hvor aðili um sig vísað málinu til barnaverndarnefndar.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 54. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 6. desember 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 513. 3. desember 1975.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir varasjóð Sparisjóðs Fáskrúðsfjarðar, Fáskrúðsfirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. desember 1975.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

varasjóðs Sparisjóðs Fáskrúðsfjarðar, Fáskrúðsfirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Varasjóður Sparisjóðs Fáskrúðsfjarðar. Sparisjóður Fáskrúðsfjarðar var stofnaður 28. júní 1922 og starfaði til 30. maí 1974.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er vara- og húsbyggingarsjóður Sparisjóðs Fáskrúðsfjarðar, eins og hann var þegar útibú Landsbanka Íslands yfirtók rekstur sparisjóðsins eða um kr. 4 500 000.00 — fjórar og hálf milljón króna.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til framfara- og menningarmála á Fáskrúðsfirði.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa eftirtaldir fimm aðilar: Sýslumaður Suður-Múlasýslu, sóknarprestur Kolfreyjustaðarprestakalls, útibússtjóri Landsbanka Íslands, Fáskrúðsfirði, sveitarstjóri Búðahrepps og hreppstjóri Búðahrepps.

5. gr.

Styrkveitingar úr sjóðnum fara fram, þegar stjórn sjóðsins telur ástæðu til, þó ekki oftar en einu sinni á ári. Má úthluta allt að fjórðu fimmtu hlutum árstekna hans. Hinn hluti teknanna skal leggjast við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

Nú telur sjóðstjórnin eigi ástæðu til að ráðstafa þeim hluta árstekjanna, sem veita má til styrkja samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, og getur hún þá annað hvort lagt tekjurnar við höfuðstólinn eða geymt þær til síðari úthlutunar, en þó eigi lengur en tvö ár.

6. gr.

Allt fé sjóðsins skal ávaxtað í útibúi Landsbanka Íslands, Fáskrúðsfirði og skal útibúið annast reikningsfærslu fyrir sjóðinn eftir fyrirmælum sjóðstjórnar, enda náist samkomulag þar um.

7. gr.

Endurskoðendur sjóðsins skulu kosnir þannig: Hreppsnefnd Búðahrepps kýs einn mann og sýslunefnd Suður-Múlasýslu einn mann. Skulu þeir kosnir af hverri nýkjörinni hreppsnefnd og sýslunefnd, og skal kosning þeirra gilda jafnlengi og viðkomandi hrepps- og sýslunefnd situr. Reikninga sjóðsins skal senda árlega til eftirlitsmanns opinberra sjóða.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

6. desember 1975. Nr. 514.

REGLUGERÐ

um kennarafulltrúa í fræðsluráðum o. fl.

1. gr.

Auk þeirra fræðsluráðsmanna, 5 eða 7, sem landshlutasamtök sveitarfélaga kjósa til setu í fræðsluráði, skulu eiga rétt til setu í ráðinu með málfrelsi og tillögurétti þessir aðilar:

a) Þrír fulltrúar settra eða skipaðra kennara, þ. á m. skólastjóra við grunnskóla í umdæminu, tilnefndir á þann hátt sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð þessari.

b) Framkvæmdastjóri landshlutasamtaka sveitarfélaga eða fulltrúi hans í forföllum.

2. gr.

Þegar um er að ræða í fræðsluráði málefni, sem varðar sérstaklega eitt eða fleiri sveitarfélög í fræðsluumdæminu, skal boða til fundarins fulltrúa þess eða þeirra sveitarfélaga.

Á sama hátt skal boða skólastjóra einstakra grunnskóla þegar til umræðu eru mál, er sérstaklega varða skóla þeirra. Þá skulu starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu hafa sama rétt til fundarsetu í fræðsluráði og skólastjórar, þegar rætt er um ráðgjöf, sálfræðiþjónustu eða skyld mál.

Fulltrúar þessir hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum fræðsluráðs.

3. gr.

Stjórn heildarsamtaka kennara á grunnskólastigi í fræðsluumdæmi tilnefnir úr hópi settra og skipaðra kennara og skólastjóra við grunnskóla umdæmisins þrjá aðalfulltrúa kennara til starfa með fræðsluráði og jafnmarga varamenn.

Gildistíma tilnefningar þeirra lýkur samtímis kjörtímabili fræðsluráðsmanna.

Þar sem ekki eru starfandi heildarsamtök kennara á grunnskólastigi í fræðsluumdæmi tilnefna landshlutasamtök kennara (Samband íslenskra barnakennara, Landsamband framhaldsskólakennara og Félag háskólamenntaðra kennara) sinn fulltrúann hvert og annan til vara úr hópi kennara og skólastjóra fræðsluumdæmisins til þessara starfa.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 6. desember 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 515. 10. desember 1975.

REGLUGERÐ

um sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bænda og iðgjöld til sjóðsins.

1. gr.

Sjóðfélagar í Lífeyrissjóði bænda skulu vera, með þeim undantekningum, sem nefndar eru í 2. málsgr., allir bændur á lögbýlum, sem þar eiga lögheimili og náð hafa 20 ára aldri fyrir lok næsta almanaksárs á undan, þar með taldir aðilar að félagsbúum. Séu hjón bæði talin bændur, skal aðeins annað þeirra talið sjóðfélagi, og sama á við um sambúðarfólk. Berist sjóðnum ekki tilkynning um, hvernig aðild skuli háttað, eða séu hlutaðeigendur ekki sammála um það atriði, sker sjóðstjórn úr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita bændum, sem ekki eiga lögheimili á bújörðum sínum, aðild að sjóðnum, enda hafi þeir meiri hluta atvinnutekna sinna af búvöruframleiðslu. Enn fremur er henni heimilt að víkja frá skilyrðum um lögbýli, ef um er að ræða verulegan búrekstur, sem hlutaðeigandi hefur meiri hluta tekna sinna af. Þá er stjórninni heimilt að veita undanþágu frá þátttöku þeim bændum, sem eru sjóðfélagar í öðrum lífeyrissjóðum og hafa meiri hluta atvinnutekna sinna af öðru en búvöruframleiðslu.

Heimilt er stjórn sjóðsins að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn á lögbýlum, sem ráðnir eru til eins árs eða lengur, enda komi beiðni um slíkt frá hlutaðeigandi vinnuveitanda.

Elli- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast sjóðfélagar.

2. gr.

Við ákvörðun um, hverjir skuli teljast bændur á lögbýlum, skal að jafnaði farið eftir ábúendaskrá Landnáms ríkisins.

Nú færir maður rök að því, að ekki sé um rétta eða fullnægjandi skráningu að ræða hjá Landnámi ríkisins á atriðum, er máli skipta í sambandi við réttindi hans eða skyldur, og skal þá stjórn sjóðsins úrskurða um aðild hans að sjóðnum með hliðsjón af skattframtölum, landbúnaðarskýrslum og öðrum gögnum, er máli geta skipt. Á sama hátt skal stjórnin taka skráningu til athugunar og úrskurðar, ef gögnum ber ekki saman eða hún telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla skráningu ófullnægjandi eða ranga.

Stjórnin tekur ákvörðun um, hvort breytt skráning skuli gilda um liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Þó skal ekki reikna iðgjöld aftur í tímann gegn vilja þess, sem hlut á að máli, nema líklegt megi teljast, að hann hafi haft vitneskju um málavexti. Reikna skal vexti af vangreiddum iðgjöldum samkvæmt ákvæðum 1. málsgr. 6. gr., og biðtími sá, sem tilgreindur er í 10., 11. og 12. gr. laga nr. 101 1970, skal reiknaður frá þeim tíma, er stjórnin tók skráningu til athugunar.

Skylt er félagsbúi að senda lífeyrissjóðnum tilkynningu um, hverjir séu aðilar að búinu og hvernig tekjum þess sé skipt milli þeirra. Á sama hátt skulu allar breytingar í þessu efni tilkynntar sjóðnum jafnóðum og þær eiga sér stað. Sjóðstjórnin ákveður, hvort leiðrétting á skiptingu iðgjalda skuli gerð fyrir liðinn iðgjaldagreiðslutíma, ef tilkynning hefur verið vanrækt.

3. gr.

Iðgjöld bænda, sem eru sjóðfélagar, skulu innheimt af búvöruverði, þar með töldum gjöldum til sjóða og kostnaði, er sölufélög greiða vegna framleiðenda, sem tiltekinn hundraðshluti þess. Hundraðshluti þessi skal ákveðinn fyrirfram fyrir hvert almanaksár, þannig að hann samsvari 4% af grundvallarlaunum, sbr. 8. gr. laga nr. 101 1970 um Lífeyrissjóð bænda, í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara haustið á undan. Hundraðshlutinn skal reiknaður með tveimur aukastöfum, og skal gjald þetta dregið frá búvöruverði til sjóðfélaga á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 38 1945.

Bændur, sem eru í hjónabandi eða óvígðri sambúð, sbr. 21. gr. laga nr. 101 1970, skulu ekki greiða hærra iðgjald en sem svarar 4% iðgjaldi af hálfum öðrum grundvallarlaunum samkvæmt 8. gr. laganna, en aðrir bændur skulu greiða iðgjald allt að grundvallarlaunum. Hámörk þessi miðast hvert almanaksár við hjúskaparstétt í lok ársins.

Á móti iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt 1. málsgr. skal leggja gjald á allar búvörur, og skal gjald þetta vera ákveðinn hundraðshluti ár hvert þannig, að hann samsvari 6% framlagi af reiknuðum heildarlaunum allra bænda, er þeim ber að greiða iðgjöld af samkvæmt 1. og 2. málsgr. Ráðherra ákveður hundraðshlutann að fengnum tillögum sjóðstjórnar fyrirfram fyrir hvert almanaksár. Nú kemur í ljós við reikningsuppgjör, að heildarfjárhæð framlags samkvæmt þessari málsgr. er ekki í réttu hlutfalli við heildarfjárhæð iðgjalda samkvæmt 1. málsgr., og skal þá taka tillit til mismunarins við næstu ákvörðun gjaldsins, enda nemi hann a. m. k. 5%.

Stjórn sjóðsins skal eigi síðar en 15. desember ár hvert birta auglýsingu um þá hundraðshluta búvöruverðs, sem nefndir eru í 1. og 3. málsgr. og gilda eiga eftirfarandi almanaksár.

4. gr.

Fyrir að þinglýsa skjölum, sem hljóða um efni, sem eigi verður metið til ákveðins verðs, eða skjölum, sem ekki eru afsal eða haft á fasteignum eða lausafé, skal gjalda 500 kr. Sé þess konar skjölum þinglýst við Hæstarétt, skal gjalda 1 000 kr.

23. gr.

Fyrir áritun um heimildarbrest o. fl., samkvæmt 9. gr. laga nr. 30 7. maí 1928, skal greiða 500 kr.

24. gr.

Fyrir skjöl sem þinglýst er í fleiri en einu lögsagnarumdæmi skal greiða fullt gjald við fyrstu þinglýsingu en síðan hálft gjald.

25. gr.

Fyrir þinglýsingu á skjali þar sem ríkissjóði er sett veð fyrir innheimtu á tekjum hans skal ekkert greiða. Eigi greiðist heldur gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis né fyrir aflýsingu slíkra úrskurða.

VI. KAFLI
Gjöld fyrir notarialgerðir.

26. gr.

Fyrir víxilafsögn, sem notarius framkvæmir, skal greiða 600 kr. sé fjárhæð 10 000 kr. eða lægri og síðan 50 kr. til viðbótar fyrir hver tíu þúsund eða brot af þeirri fjárhæð. Þó skal gjald fyrir víxilafsögn aldrei vera hærra en 1 500 kr.

27. gr.

Fyrir aðrar notarialgerðir skal greiða sem hér segir:

1.	Afsagnargerðir, aðrar en víxilafsagnir, stefnubirtingar, er notarius framkvæmir, svo og aðrar slíkar gerðir	kr.	1 000
2.	Notarialvottorð á arfleiðsluskrá	—	1 500
3.	Notarialvottorð á samninga, umboðsskjöl eða aðra slíka gerninga	—	1 000
4.	Dráttur í happdrætti	—	4 000
5.	Útdráttur skuldabréfa	—	2 000

VII. KAFLI

28. gr.

Fyrir endurrit skal greiða gjald samkvæmt reglugerð um aukatekjur ríkissjóðs.

29. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í ríkissjóð.

Innheimtu gjalda samkvæmt reglugerð þessari hafa á hendi sýslumenn og bæjarfógetar og hliðstæðir embættismenn.

30. gr.

Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal, sem gjald er fyrir að gefa út eða rita á, ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

Gjald fyrir embættisgerð skal skrá í gerðabók er gerð lýkur.

Ef gjald fyrir eða samkvæmt embættisgerð er eigi skráð í aukatekjubók samtímis og gerðin fer fram skal innheimtumaður skrá í gerðabókina hvenær gjaldið er innfært í aukatekjubók.

31. gr.

Fjármálaráðuneytið ákveður hvort ríkissjóður skuli greiða gjald samkvæmt reglugerð þessari.

32. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 79 23. desember 1975, um aukatekjur ríkissjóðs, öðlast gildi 1. janúar 1976.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. desember 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

B 131

REGLUGERÐ

um aukatekjur ríkissjóðs.

1. gr.

Leyfisgjald skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1.	Áfrýjunarleyfi	kr.	4 000
2.	Nóvaleyfi	—	4 000
3.	Leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavígsluskilyrðum	—	2 000
4.	Lögskilnaðarleyfi	—	4 000
5.	Ættleiðingarleyfi	—	2 000
6.	Leyfisbréf til heildsölu	—	200 000
7.	Leyfisbréf til umboðssölu	—	100 000
8.	Leyfisbréf til smásölu	—	50 000
9.	Leyfisbréf til lausaverslunar	—	40 000
10.	Gjald fyrir endurnýjun verslunarleyfis	—	2 000
11.	Gistihúsleyfi, veitingahúsleyfi, leyfi fyrir skemmtistað	—	40 000
12.	Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi	—	20 000
13.	Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasöluleyfi	—	15 000
14.	Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 11.—13. tl.	—	2 000
15.	Leyfi til tækifærisveitinga	—	2 000
16.	Leyfi fyrir vínveitingastað	—	80 000
17.	Leyfi fyrir vínveitingastað til skemmri tíma en tveggja ára	—	40 000
18.	Leyfi til vínveitinga (tækifærisveitinga)	—	2 000
19.	Iðjuleyfi	—	20 000
20.	Einkaleyfi samkv. lögum nr. 12/1923:		
	fyrir fyrstu 5 ár	—	20 000
	fyrir næstu 5 ár	—	60 000
	fyrir síðustu 5 ár	—	120 000
21.	Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti	—	30 000
22.	Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi	—	6 000
23.	Leyfi til að stunda almennar lækningar	—	6 000
24.	Leyfi til að stunda sérlækningar	—	30 000
25.	Leyfi til að stunda tannlækningar	—	6 000
26.	Sérfræðileyfi til tannlækninga	—	30 000
27.	Leyfi til fasteignasölu	—	10 000
28.	Undanþáguleyfi til skipstjórnar eða vélstjórnarstarfa	—	1 000
29.	Önnur leyfi, er valdsmenn eða Stjórnarráðið gefa út, nema gjald fyrir þau sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerðum	—	2 000

2. gr.

Skírteinagjöld skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1.	Vegabréf til útlanda (18—66 ára)	kr.	2 000
2.	Vegabréf til útlanda fyrir aðra	—	1 000
3.	Ökuskírteini bifreiðastjóra	—	1 000
4.	Skírteini til aksturs bifhjóls	—	1 000
5.	Ökuskírteini alþjóðlegt	—	2 000
6.	Bifreiðaskírteini alþjóðlegt	—	2 000
7.	Meistarabréf	—	10 000
8.	Sveinsbréf	—	2 000

9.	Stýrimanns- og skipstjóraskírteini á fiskiskipum allt að 120 br. rúml., hvert skírteini	kr.	1 000
10.	Stýrimanns- og skipstjóraskírteini á fiskiskip af hvaða stærð sem er og stýrimanns- og skipstjóraskírteini á verslunarskip allt að 400 br. rúml., hvert skírteini	—	3 000
11.	Undirstýrimannsskírteini, stýrimannsskírteini og skipstjóraskírteini á verslunarskip og varðskip af hvaða stærð sem er, hvert skírteini	—	4 000
12.	Vélstjóraskírteini, fyrsta stigs, hvert skírteini	—	1 000
13.	Vélstjóraskírteini, annars stigs, hvert skírteini	—	2 000
14.	Vélstjóraskírteini, þriðja stigs, hvert skírteini	—	3 000
15.	Vélstjóraskírteini, fjórða stigs, hvert skírteini	—	4 000
16.	Flugnemaskírteini	—	1 000
17.	Einkaflugmannsskírteini	—	2 000
18.	Atvinnuflugmannsskírteini hið minna	—	3 000
19.	Atvinnuflugmannsskírteini hið meira	—	6 000
20.	Flugstjóraskírteini	—	10 000
21.	Flugvélstjóraskírteini, flugleiðsögumannsskírteini og flugloftskeytamannsskírteini	—	6 000
22.	Flugumferðarstjóraskírteini	—	1 000

3. gr.

Fyrir skráningar, sem lögboðnar eru og eigi er ákveðið gjald fyrir í öðrum greinum reglugerðar þessarar, skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1.	Skráning hlutafélags	kr.	15 000
2.	Skráning samvinnufélags	—	15 000
3.	Skráning útibús	—	7 500
4.	Skráning starfsstöðva erlendra félaga	—	10 000
5.	Skráning firma eins manns	—	6 000
6.	Skráning firma tveggja manna eða fleiri	—	10 000
7.	Skráning breytinga á eldri skráningu	—	2 000
8.	Tilkynning um prókúru, sérstök	—	2 000
9.	Afturköllun prókúru	—	1 000
10.	Skráning vörumerkis	—	5 000
11.	Skráning vörumerkis, endurnýjun	—	2 000
12.	Skráning bifreiðar, nýskráning	—	4 000
13.	Skráning bifreiðar, umskráning, milli umdæma	—	2 000
14.	Skráning bifreiðar, umskráning, innan umdæmis	—	4 000
15.	Skráning eigendaskipta að bifreið	—	2 000
16.	Skráning bifhjóls, nýskráning	—	2 000
17.	Skráning bifhjóls, umskráning	—	1 000
18.	Skráning eigendaskipta að bifhjóli	—	1 000
19.	Skráning og umskráning létts bifhjóls	—	1 000
20.	Skráning eigendaskipta að léttu bifhjóli	—	1 000
21.	Skráning og umskráning dráttarvélar	—	1 000
22.	Skráning eigendaskipta að dráttarvél	—	1 000
23.	Skráning og umskráning tengivagna og festivagna	—	2 000
24.	Skráning eigendaskipta tengivagna og festivagna	—	2 000
25.	Skráning flugvélar, atvinnu	—	10 000
26.	Skráning flugvélar, einka	—	4 000
27.	Skráning breytinga á eldri skráningu flugvélar (eigendaskipti, nafnbreyting o. fl.)	—	4 000

28. Skráning skotvopns ..... kr. 2 000
29. Skráning kaupmála ..... — 2 000

4. gr.

Fyrir skráningu á eignarrétti á loftfari greiðast 500 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg að leyfilegum hámarksþunga loftfars fullhlaðins, þó eigi minna en 3 000 kr.

Fyrir aðra skráningu, þ. á. m. útstrikun, greiðist 5 000 kr. fyrir hvert loftfar, er skráning varðar. Ekkert gjald greiðist fyrir útstrikun veðréttinda, sem eigi hefur fengist greiðsla á við nauðungaruppboð.

5. gr.

Fyrir að afgreiða vöru- og mannflutningaskip, sem kemur frá útlöndum, og fyrir að láta af hendi þau skilríki, er skipið á að fá hér á landi, skal greiða 60 kr. af hverri nettósmálest skipsins. Hálf smálest eða þar yfir telst heil.

Gjald þetta skal greiða á fyrstu höfn, er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftar en sex sinnum á almanaksári.

6. gr.

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skal greiða 40 kr. af hverri nettósmálest skipsins á fyrstu höfn, er það tekur, þó eigi nema einu sinni á almanaksári. Hálf smálest, eða þar yfir, telst heil.

Enn fremur skal í hvert sinn er slíkt fiskiskip tekur höfn hér á landi síðar á árinu, greiða áritunargjald, 5 kr. af nettósmálest, auk tollgæslu- og sóttvarnargjalds.

7. gr.

Fyrir löggildingu manns til starfs, sem veitt er samkvæmt heimild í lögum eða reglugerðum, skal greiða:

1. Löggilding manns um ævitíð (dómtúlkar, skjalaþýðendur, endurskoðendur o. fl.) ..... kr. 10 000
2. Löggilding manns um óákveðinn tíma (skiptaforstjóra o. fl.) ..... — 2 000

Undanþegnir gjaldi þessu eru mats- og vigtarmenn löggiltir í þágu atvinnuveganna.

8. gr.

1. Fyrir borgaralega hjónavígslu skal greiða ..... kr. 1 500
2. Fyrir löggildingu verslunarbókar ..... — 2 000
3. Fyrir löggildingu leiðarbókar eða véladagbókar ..... — 1 000
4. Fyrir útnefningu matsmanna, fyrir hvern mann ..... — 1 000
5. Fyrir vottorð, er einstakir menn æskja í þágu verslunar eða atvinnu (vöruvottorð) ..... — 200
6. Fyrir sakavottorð gefin samkvæmt beiðni einstakra manna ..... — 300
7. Fyrir veðbókarvottorð ..... — 500
8. Fyrir önnur embættisvottorð ..... — 300
9. Fyrir lögskráning skipshafnar, fyrir hvern mann ..... — 100

9. gr.

Fyrir endurrit eða ljósrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókum og skjalasöfnum, skal greiða ritlaun:

Fyrir vélritaða síðu ..... kr. 150
Hluti úr síðu telst heil síða.
Lægstu ritlaun eru 300 kr.

Í ritlaunum er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og notarialstaðfestingum.

Þegar endurrit dómsskjala eru felld inn í dómsgerðir, skal greiða samlestrargjald, 40 kr. af hverri síðu.

10. gr.

Innheimtu gjalda samkvæmt reglugerð þessari hafa á hendi sýslumenn og bæjarfógetar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneytið.

11. gr.

Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal, sem gjald er fyrir að gefa út eða rita á, ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

Gjald fyrir embættisgerð skal skrá í gerðabók er gerð lýkur.

Ef gjald fyrir eða samkvæmt embættisgerð er eigi skráð í aukatekjubók samtímis og gerðin fer fram, skal innheimtumaður skrá í gerðabókina, hvenær gjaldið er innfært í aukatekjubók.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975, öðlast gildi 1. janúar 1976.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1975.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

19. desember 1975. Nr. 533.

REGLUGERÐ

um bókhald ríkisins.

1. gr.

Allt bókhald um fjárreiður ríkisaðila skal vera reglulegt tvíhliða bókhald eftir einu samræmdu vinnslukerfi. Ríkisaðilar í þessu sambandi eru ríkissjóður, ríkisstofnanir og -fyrirtæki og sjóðir í ríkiseign, þó ekki bankar og lánastofnanir.

Ríkisbókhaldið hefur, fyrir hönd fjármálaráðuneytisins, yfirumsjón með öllu bókhaldi og reikningsskilum ríkisaðila, þ. e. þeirra aðila, er ríkisreikningurinn nær til, á grundvelli þessarar reglugerðar og laga nr. 52/1966 og sér um gerð ríkisreiknings.

2. gr.

Skipulagning og vinnsla á hliðarbókhaldi, t. d. á launum, birgðum og greiðslugögnum, skal fara eftir meginreglum aðalbókhalds, eftir því sem við á, og vera háð eftirliti og samþykki ríkisbókhalds.

3. gr.

Tölvuvinnsla bókhaldsgagna ríkisaðila skal framkvæmd hjá Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar (SKÝRR), nema ríkisbókhaldið samþykki annað. Jafnan skal leitað umsagnar ríkisendurskoðunar og fjárlaga- og hagsýslustofnunar um frávik frá þessari meginreglu.

4. gr.

Þar sem því verður við komið, skal úrvinnsla launa starfsmanna ríkisins unnin í tölvu eftir samræmdu vinnslukerfi. Úrvinnslan skal fullnægja þörfum ríkisbók-

halds og ríkisendurskoðunar og vera byggð á sömu reglum og úrvinnsla almennra bókhaldsgagna ríkisins og samtengd þeirri vinnslu.

5. gr.

Úrvinnsla tékka ríkissjóðs og ríkisstofnana í tölvu skal framkvæmd undir eftirliti ríkisendurskoðunar og samkvæmt þeim reglum er hún og ríkisbókhaldið setja sameiginlega.

6. gr.

Tölvuvinnsla aðalbókhalds skal skila eftirtöldum yfirlitum:

a) Dagbók í fylgiskjalaröð.
b) Aðalbók efnahags, þar sem fram komi færslur í fylgiskjalaröð innan sömu sundurliðunar, ásamt samtölu.
c) Aðalbók gjalda/tekna, þar sem fram komi færslur í fylgiskjalaröð innan sömu sundurliðunar, ásamt samtölu.
d) Viðskiptayfirliti, er sýni færslur í viðskiptareikninga.
e) Yfirliti um stöðu viðskiptamanna, er sýni skuld eða inneign hvers og eins viðskiptamanns.
f) Efnahags- og rekstrarreikningi, ef hagkvæmt þykir.
g) Sérstökum yfirlitum með samanburðartölum við fjárlaga- og greiðsluáætlanir.
h) Öðrum yfirlitum, sem hagkvæmt þykir að vinna í tölvu úr bókhaldsgögnum ríkisins.

7. gr.

Í samráði við ríkisreikningsnefnd ákveður ríkisbókhald uppbyggingu og umfang samræmds talnalykils til nota við skráningu og úrvinnslu bókhaldsgagna ríkisins.

Í fjárlagatillögum og í fjárlagafrumvarpi skal nota sama talnalykil og í bókhaldsúrvinnslu. Fjárlaga- og hagsýslustofnun ákveður í samráði við ríkisreikningsnefnd hversu ítarlega sundurliðun skv. talnalyklinum skuli nota.

Í talnalyklinum skal m. a. greina á milli a) ráðuneyta, b) málefnaflokka ráðuneyta, c) stofnana, fyrirtækja og sjóða hvers málefnaflokks, d) viðfangsefna eða deilda innan hverrar stofnunar, hvers fyrirtækis og sjóðs, e) sundurliðunar, þar með gjalda eftir hagrænu eðli þeirra.

Með hagrænu eðli gjalda er annars vegar átt við aðalskiptingu skv. þjóðhagsreikningagerð og hins vegar skiptingu þeirra eftir gjaldategund, er nái til hvers viðfangsefnis og hverrar deildar.

8. gr.

Sundurliðunarlykill er 5 sæti. Aðalflokkar hans eru auðkenndir í fremsta sæti. Tölutákn þeirra og heiti eru eftirfarandi:

0 Tekjur, aðfengnar
1 Tekjur, innan stofnunar
2 Rekstrargjöld, útlátin
3 Rekstrargjöld, innan stofnunar
4 Viðhaldsgjöld, útlátin
5 Viðhaldsgjöld innan stofnunar
6 Stofnkostnaður, útlátinn
7 Stofnkostnaður, innan stofnunar
8 Efnahagsliðir, greiðslufjár- og lánareikningar
9 Efnahagsliðir, efnislegir fjármunir og eigið fé.

9. gr.

Aðalflokkur tekna er aðgreindur í eftirfarandi yfirflokka í öðru sæti sundurliðunarlykils:

0 Almennar ríkistekjur
1 Arðgreiðslur, framlög og ýmsar tekjur
2 Tekjur af fjárkröfum og fastafé
3 Seldar vörur
6 Seld þjónusta
9 Sala eigna

Yfirflokkar auðkenndir tölustöfunum 4, 5, 7 og 8 skulu ákveðnir nánar af ríkisbókhaldi í samráði við ríkisreikningsnefnd.

10. gr.

Aðalflokkur gjalda (rekstrargjöld, viðhald, stofnkostnaður) er aðgreindur í eftirfarandi yfirflokka í öðru sæti sundurliðunarlykils:

0 Launagjöld
3 Vörur (til birgða)
4 Vörur
5 Þjónusta
7 Vextir, áhætta, tryggingar, skattar
8 Eignakaup
9 Tilfærslur

Yfirflokkar auðkenndir tölustöfunum 1, 2 og 6 skulu ákveðnir nánar af ríkisbókhaldi í samráði við ríkisreikningsnefnd.

11. gr.

Aðalflokkar efnahags eru aðgreindir í eftirfarandi yfirflokka í öðru sæti sundurliðunarlykils:

a) **Greiðslufjár- og lánareikningar:**

0 Sjóð- og bankareikningar
1 Óinnheimtar ríkistekjur og innheimtufé
2 Krafa á óinnheimtar tekjur. Geymdar markaðar tekjur. Geymt innheimtufé.
3 Ýmsir reikningar. Viðskiptareikningar
4 Veitt stutt lán
5 Veitt löng lán
6 Tekin stutt lán
7 Tekin löng lán
9 Hlutabréf og stofnfjárframlög.

Yfirflokkur auðkenndur tölustafnum 8 verður ákveðinn nánar af ríkisbókhaldi í samráði við ríkisreikningsnefnd.

b) **Efnislegir fjármunir — Eigið fé:**

0 Vörubirgðir
1 Lóðir, lendur, jarðir, hafnir, flugvellir
2 Húseignir, fullbúnar
3 Húseignir, í smíðum
4 Skip og flugvélar
5 Vélar og vélasamstæður
6 Áhöld, húsgögn og skrifstofuvélar

7 Bifreiðar
8 Vinnuvélar o. fl.
9 Eiginfjárreikningar.

12. gr.

Stofnkostnaður, þ. e. ný fjárfesting, er færður til gjalda á rekstrarreikningi í A-hluta reiknings. Hjá ríkisaðilum, er falla undir B-hluta ríkisreiknings, á hins vegar að færa hann upp með efnislegum fjármunum í efnahagsreikningi og afskrifa árlega.

Rekstrargjöld eru gjöld fyrir þau aðföng, sem eyðast að jafnaði á stuttum tíma.

Stofnkostnaður nær fyrst og fremst til þeirra efnislegu hluta, og í sumum tilvikum réttinda, sem nýtanlegir geta að jafnaði verið til lengri tíma (a. m. k. lengur en í 1 ár).

Til viðhalds teljast þau gjöld, sem stofnað er til í því skyni að halda eign í ákveðnu ástandi, án þess að slík gjöld leiði til endurbóta miðað við upprunalega gerð eignarinnar.

13. gr.

Auk sundurliðunar gjalda, sbr. 8. gr., 9. gr. og 11. gr., skal greina útgjöld sérstaklega í bundin og óbundin.

Aðgreininguna skal gera með bókstafs- eða tölutákni í einu sæti í tölvuvinnslu hins almenna bókhalds. Sérhver færsla á útgjaldalið skal auðkennd með viðeigandi tákni.

Við bókun á efnislegum fjármunum hjá B-hluta fyrirtækjum og sjóðum skal einnig greina á milli bundins og óbundins hluta slíkra fjárráðstafana.

Stofnanir, fyrirtæki og sjóðir ríkisins skulu einnig nota þessa aðgreiningu við gerð fjárlagatillagna, skv. nánari ákvörðun fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

14. gr.

Bundinn hluti gjalda, og útgjalda vegna efnislegra fjármuna, eru þær fjárráðstafanir, sem eigi verður komist hjá að gera til þess að fullnægja samningsbundnum skuldbindingum og halda uppi nauðsynlegustu starfsemi innan viðkomandi reikningsárs.

Til bundinna útgjalda teljast t.d. laun fastráðinna starfsmanna, sem ekki verður sagt upp störfum á reikningsárinu án þess að stöður þeirra verði lagðar niður. Starfsmenn með 3ja mánaða uppsagnarfrest eða skemmri falla ekki undir fyrri málslið þessarar málsgreinar.

Til bundinna útgjalda teljast gjöld vegna húsnæðis, sem notað er í starfseminni og ekki verður minnkað innan reikningsársins miðað við samninga þar um og þörf er á vegna nauðsynlegustu starfsemi.

Einnig telst til bundinna útgjalda allt það, sem þarf til venjulegs rekstrar slíks húsnæðis, svo sem hiti og ljós, enn fremur hvers konar aðrar rekstrarnauðsynjar, sem þörf er á til að halda uppi nauðsynlegustu starfsemi eins og sími, burðargjöld, pappír, ritföng, ræsting o.s.frv.

15. gr.

Óbundinn hluti gjalda, og útgjalda vegna efnislegra fjármuna, eru þær fjárráðstafanir, sem fresta má á reikningsárinu, t.d. til næsta árs, án þess að þegar gerðir samningar séu brotnir. Hér skal miðað við samninga, sem í gildi eru, þegar greiðsluáætlanir ríkisaðila skulu gerðar eftir afgreiðslu fjárlaga á Alþingi, sbr. 17. gr.

Til óbundinna útgjalda telst yfirvinna fastra starfsmanna, launagjöld lausráðinna auk ýmissa annarra útgjalda, sem tengd eru starfsmönnum, sem segja má upp störfum sbr. aðra málsgrein 14. gr. Hér til heyra einnig önnur útgjöld,

sem unnt er að fella niður eða draga úr á reikningsárinu, þó þannig að haldið sé uppi nauðsynlegustu starfsemi.

Að jafnaði er unnt að fresta verulegum hluta stofnkostnaðar og viðhalds án samningsbrota innan eins reikningsárs og því má telja þá liði að mestu óbundna.

Að öðru leyti verður að meta það í hverju tilviki, hvort útgjöld séu bundin eða óbundin.

16. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu fjárlaga skulu ríkisaðilar gera áætlun um greiðslustreymi samkvæmt þeim fyrir hvern mánuð reikningsársins á þar til gerð eyðublöð fjármálaráðuneytisins. Þar komi fram skipting gjalda eftir aðalflokkum, þ.e. í rekstur, viðhald og stofnkostnað, auk sundurliðunar í yfirflokka innan hvers aðalflokks, sbr. 11. gr. Jafnframt skal skipta útgjöldum í bundin og óbundin.

17. gr.

Afrit allra verksamninga skal afhenda fjármálaráðuneytinu innan 2ja vikna frá því að þeir eru undirritaðir. Gildir þetta um alla verksamninga þeirra ríkisaðila, sem ákvæði laga nr. 52/1966 ná til.

18. gr.

Skila skal fjármálaráðuneytinu eigi síðar en 20. dag hvers mánaðar reikningstölum liðins mánaðar með samanburði við greiðsluáætlun.

19. gr.

Ef séð verður, að áður gerð greiðsluáætlun um skiptingu greiðslustreymis á einstaka mánuði ársins standist ekki, skal gera nýja og afhenda fjármálaráðuneytinu. Eigi má greiða skv. nýrri áætlun fyrr en hún hefur verið samþykkt af fjármálaráðuneytinu.

20. gr.

Ef fjárveiting er sameiginleg til ýmissa verkefna í fjárlögum, skal við reikningsuppgjör fylgja þeirri meginreglu að færa öll gjöld á þær stofnanir og viðfangsefni, sem njóta þeirra, en ekki til gjalda á hinn sameiginlega fjárlagalið. Sama gildir um notkun heimildarákvæða og ákvæða sérstakra laga.

Fjárlagatölur þarf ekki að sundurgreina með sama hætti við birtingu þeirra í ríkisreikningi. Skýringar skal þá setja með þeim liðum. Sérstakt yfirlit um áhrif markaðra tekna, heimildarákvæða laga og sérstakra laga á fjárveitingar skal jafnan fylgja í A-hluta ríkisreiknings.

Við gerð greiðsluáætlana innan ársins og samanburð reikningstalna skal taka tillit til notkunar sameiginlegra fjárveitinga, heimildarákvæða laga og ákvæða sérstakra laga, auk geymdra fjárveitinga.

21. gr.

Ónotuð fjárveiting telst sá hluti fjárveitingar, sem umfram er gjaldfærslu reiknings fjárlagaársins.

Ef óskað er geymslu á ónotaðri fjárveitingu, skal senda beiðni um það til fjárlaga- og hagsýslustofnunar fyrir 15. febrúar á næsta ári. Sé geymsluheimild veitt bætist hún við fjárveitingu fjárlaga þess árs og gildir til loka ársins.

Geymsluheimildir má hvorki flytja á milli stofnana né viðfangsefna innan stofnunar án sérstaks leyfis fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Halda skal sérstaka skrá yfir geymdar fjárveitingar með tilvísun í fjárlagagreinar og fjárlagaár. Þar skal koma fram sundurliðuð notkun geymdra fjárveitinga frá fyrri árum og gildistími þeirra.

22. gr.

Söluandvirði og tjónabætur verðmætari eigna stofnana í A-hluta ríkisreiknings skal skila í ríkissjóð, og telja með tekjum á rekstrarreikningi A-hluta ríkisreiknings. Sé þörf á gjaldfærslu í framhaldi af sölu eða eignatjóni hjá stofnun skal hún byggð á fjárveitingum eða sérstökum gjaldaheimildum fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Söluandvirði og tjónabætur eigna B-hluta fyrirtækja og sjóða er verulegt verðgildi hafa, skal ráðstafa með samþykki fjármálaráðherra. Að jafnaði skal skila því fé til geymslu á reikning hjá ríkissjóði.

23. gr.

Ríkisstofnanir, sem hafa sitt eigið bókhald og annast eigið ársuppgjör, skulu ljúka reikningsskilum og afhenda þau ríkisbókhaldi, ríkisendurskoðun og ráðuneyti því, er þær heyra til, eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

Fyrirtæki og sjóðir ríkisins skulu ljúka reikningsskilum og afhenda þau ríkisbókhaldi, ríkisendurskoðun og ráðuneyti því, er þau heyra til, eigi síðar en 15. mars ár hvert.

Ríkisbókhaldi er heimilt að stytta skilafrest ríkisstofnana og fyrirtækja og sjóða ríkisins.

Bókhaldsgögnum skal skila ríkisendurskoðun skv. nánari ákvörðun ríkisendurskoðunar.

24. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga nr. 52 13. maí 1966 og öðlast gildi 1. janúar 1976.

Fjármálaráðuneytið, 19. desember 1975.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 534. 23. desember 1975.

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 75 frá 23. desember 1975, um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka og innheimta á árinu 1976 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a) Með 140% viðauka stimpilgjöld af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.

b) Með 140% viðauka sérleyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í lögum nr. 79, um aukatekjur ríkissjóðs frá 23. desember 1975.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr krónu, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1975.

Höskuldur Jónsson.

Þorsteinn Geirsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 180 31. október 1962, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

1. gr.

Í stað 7., 8. og 9. gr. reglugerðarinnar komi ný grein svohljóðandi:

Verðlagsráð skal við ákvarðanir sínar um lágmarksverð á sjávarafla hafa m. a. hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum, svo og framleiðslukostnaði þeirra.

Verðlagsráð skal leitast við að ná samkomulagi um lágmarksverð fisktegunda. Verðlagsráð ákveður verðlagstímabil.

Verðákvörðun Verðlagsráðs fyrir hvert tímabil skal vera lokið 20 dögum áður en það tímabil hefst.

Nú næst ekki einróma samkomulag í Verðlagsráði um verð í einstökum atriðum eða verð sjávarafla í heild fyrir tilskilinn tíma og skal þá vísa ágreiningsatriðum til yfirnefndar, sem fellir fullnaðarúrskurð um þau. Skal fiskverð tilkynnt þannig áður en nýtt verðtímabil hefst.

Reglugerð þessi er sett skv. l. nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. desember 1975.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

17. desember 1975. Nr. 536.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 393 31. desember 1974 um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu og um lágmarksstærðir fisktegunda.

1. gr.

Í stað orðanna „til 31. desember 1975“ í B-lið 3. gr. reglugerðarinnar komi orðin: til 1. apríl 1976.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni og 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. desember 1975.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um Raunvísindastofnun Háskólans.

1. gr.

Heiti stofnunarinnar og tengsl hennar við Háskóla Íslands.

Stofnunin heitir Raunvísindastofnun Háskólans og heyrir undir verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands. Fjallar deildarráð um málefni stofnunarinnar, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð þessari, en sé um almenn háskólamál að ræða, fjallar háskólaráð um þau.

2. gr.

Starfssvið.

Aðalstarf stofnunarinnar er undirstöðurannsóknir í raunvísindum, sbr. 3. gr. Auk þess skal stofnunin hafa samvinnu við verkfræði- og raunvísindadeild um háskólakennslu í raunvísindagreinum og annast eftir föngum sérfræðiaðstoð og fræðslustarfsemi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar. Ráðning sérfræðinga skal vera til rannsóknarstarfa. Kennsla þeirra við háskólann skal háð samkomulagi milli deildarráðs og stjórnar stofnunarinnar, og skal þá m. a. ákveðið, hvort kennslan skuli teljast hluti af starfsskyldu viðkomandi sérfræðings. Stofnunin er rannsóknarvettvangur þeirra fastráðinna kennara í verkfræði- og raunvísindadeild, sem ráðnir eru til kennslu og rannsóknarstarfa á sviðum stofnunarinnar, nema annað þyki betur henta, sbr. ákvæði háskólalaga um starfsaðstöðu háskólakennara.

3. gr.

Rannsóknarstofur.

Stofnunin skiptist fyrst um sinn í fimm rannsóknarstofur:

1. Eðlisfræðistofa.
2. Efnafræðistofa.
3. Jarðvísindastofa.
4. Reiknifræðistofa.
5. Stærðfræðistofa.

Rannsóknarstofurnar hafa sameiginlega skrifstofu. Stjórn stofnunarinnar er heimilt með samþykki menntamálaráðuneytisins að skipta rannsóknarstofum í deildir.

4. gr.

Flokkun starfsliðs og hæfniskröfur.

A Forstöðumenn skulu valdir úr hópi prófessora, dósenta, deildarstjóra og fastráðinna sérfræðinga, sem náð hafa mjög góðum árangri við vísindarannsóknir og sýnt hafa forystu- og skipulagshæfileika.

B Deildarstjórar skulu hafa lokið meistaraprófi eða tilsvarandi háskólanámi og starfað minnst þrjú ár við rannsóknir og sýnt hæfileika til sjálfstæðra, vísindalegra rannsókna og náð þar góðum árangri og sýnt góða skipulagshæfileika.

C Fastráðnir kennarar í verkfræði- og raunvísindadeild, sem starfa við stofnunina. Deildarráð verkfræði- og raunvísindadeildar ákveður að höfðu samráði við stjórn stofnunarinnar, hverjir fastráðinna kennara deildarinnar verði starfsmenn stofnunarinnar.

D Fastráðnir sérfræðingar skulu hafa lokið meistaraprófi eða tilsvarandi háskólanámi og starfað minnst þrjú ár við rannsóknir og sýnt hæfileika til sjálfstæðra, vísindalegra rannsókna.

E Sérfræðingar ráðnir til sjálfstæðra rannsókna til takmarkaðs tíma, allt að þremur árum, skulu hafa lokið meistaraprófi eða tilsvarandi háskólanámi og starfað minnst eitt ár við rannsóknir.

F Háskólamenntaðir starfsmenn ráðnir til rannsókna og sérfræðiþjónustu undir handleiðslu deildarstjóra eða forstöðumanns. Þeir skulu hafa lokið háskólaprófi, er svari a. m. k. til B. S.-prófs.

G Annað starfslið, þ. á m. tæknimenntaðir starfsmenn, aðstoðarmenn við rannsóknarstörf og starfslið á skrifstofu.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að veita einstaklingum starfsaðstöðu um takmarkaðan tíma.

5. gr.

Forstöðumenn.

Fyrir hverri rannsóknarstofu skal vera forstöðumaður, kjörinn af deildarráði verkfræði- og raunvísindadeildar til fjögurra ára í senn. Deildarráð leitar skriflegra tillagna frá starfsmönnum viðkomandi stofu í flokki A—F, sem starfað hafa við stofnunina 1 ár eða lengur.

Forstöðumaður tilnefnir með samþykki stjórnar stofnunarinnar varamann sinn úr hópi starfsmanna stofunnar.

Forstöðumaður hefur á hendi stjórn vísindalegra rannsókna og annast daglegan rekstur stofunnar, þ. á m. eftirlit með starfsmönnum stofunnar og fjármálum hennar. Ef ágreiningur rís milli forstöðumanns og starfsmanns rannsóknarstofu, skal leita úrskurðar stjórnar. Forstöðumaður efnir til reglulegra funda með starfsmönnum stofunnar.

Fyrir forstöðustarfið skal koma sérstök þóknun samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Forstöðumanni reiknifræðistofu til ráðuneytis skulu vera þrír menn, tilnefndir til eins árs í senn. Skal einn þeirra tilnefndur af háskólaráði úr hópi fastra kennara annarra háskóladeilda en verkfræði- og raunvísindadeildar, annar tilnefndur af deildarráði verkfræði- og raunvísindadeildar úr hópi fastra kennara deildarinnar og hinn þriðji af menntamálaráðuneytinu fyrir aðila utan háskólans, sem notfæra sér rafreiknaþjónustu reiknifræðistofunnar. Skulu þeir koma saman til fundar ásamt forstöðumanni eigi sjaldnar en ársfjórðungslega til að ræða notkunarsvið og verkefni rafreiknis reiknifræðistofunnar. Þá skulu þeir og gera tillögur um breytingar á gjaldskrá fyrir rafreiknaþjónustu stofunnar. Heimilt er háskólaráði að tilnefna tvo menn til viðbótar forstöðumanni til ráðuneytis.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skipa forstöðumenn rannsóknarstofa, einn maður kjörinn til fjögurra ára af deildarráði verkfræði- og raunvísindadeildar og einn fulltrúi kosinn, ásamt varamanni, til eins árs í senn, á almennum fundi allra starfsmanna í flokkum A—G, sbr. 4. gr. Stjórnarmaður sá, sem kjörinn er af deildarráði er formaður stjórnarinnar og skal hann vera prófessor eða dósent við deildina á einhverju af sviðum stofnunarinnar, deildarstjóri eða fastráðinn sérfræðingur við stofnunina. Deildarráð leitar skriflegra tillagna frá starfsmönnum stofnunarinnar í flokkum A—F, sem starfað hafa við stofnunina 1 ár eða lengur. Fulltrúi starfsmanna skal hafa starfað

samfleytt a. m. k. eitt ár við stofnunina. Skipti í stjórninni fara fram í upphafi háskólaárs. Varamenn taka sæti í stjórn í forföllum aðalmanna.

Stjórnin kýs úr sínum hópi varaformann til fjögurra ára í senn, eftir að ný stjórn kemur saman.

Stjórnin fjallar um öll sameiginleg málefni rannsóknarstofa, samþykkir rekstraráætlanir stofanna, tillögur um fjárveitingar og skiptingu þeirra milli stofa, og staðfestir reikningsyfirlit liðins árs. Stjórnin markar stofnuninni stefnu í rannsóknum, hvað snertir val meiri háttar verkefna. Hún skipuleggur samstarf stofanna eftir ástæðum og tekur ákvörðun um sameiginleg rannsóknarverkefni. Stjórnin efnir til sameiginlegra funda sérfræðinga til kynningar og umræðna um nýjungar. Tvisvar á ári kallar hún saman fund með öllu starfsliði stofnunarinnar til að ræða starfsemina. Stjórnin sker úr vafaatriðum um skiptingu verkefna milli rannsóknarstofa.

Stjórnin fjallar um ráðningu starfsliðs að stofnuninni. Sé rannsóknarstofu skipt í deildir skal stjórnin tilnefna deildarstjóra.

Nú verða atkvæði jöfn á stjórnarfundi og ræður þá atkvæði formanns.

Fundargerðir stjórnar skulu liggja frammi á skrifstofu stofnunarinnar og fundarsamþykktir kynntar starfsmönnum stofnunarinnar og deildarráði verkfræði- og raunvísindadeildar.

Formaður stjórnarinnar kemur fram fyrir stofnunina í heild og er málsvari stjórnarinnar og fulltrúi hennar innan stofnunarinnar og utan. Hann hefur eftirlit með framkvæmd á ákvörðunum stjórnarinnar og boðar stjórnarfundi með dagskrá. Skylt er að halda stjórnarfund um tiltekin mál, ef tveir eða fleiri stjórnarmenn óska þess.

Fulltrúi starfsmanna í stjórn skal fá sérstaka þóknun fyrir stjórnarstarf, samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Ráðherra ákveður þóknun formanns.

7. gr.

Framkvæmdastjóri.

Framkvæmdastjóri annast almennan rekstur stofnunarinnar, og skal framkvæmdastjórnin vera aðalstarf hans. Æskilegt er, að hann hafi lokið háskólaprófi eða hafi jafngildan undirbúning náms og starfsreynslu. Framkvæmdastjóri sér um framkvæmd þeirra mála, sem stjórnin felur honum, og hefur umsjón með allri starfsemi, sem heyrir ekki undir einstakar rannsóknarstofur. Hann sér um ráðningu lausráðins aðstoðarfólks, svo sem stúdenta, í samráði við forstöðumenn og í samræmi við fjárveitingu.

Framkvæmdastjóri er ritari stjórnar og sér um útgáfu árlegrar skýrslu stofnunarinnar.

Stjórnin setur framkvæmdastjóra erindisbréf, sem ráðherra staðfestir, þar sem nánar er kveðið á um verksvið hans.

Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn og stjórnarformanni í starfi sínu.

8. gr.

Fjármál.

Stofnunin hefur sjálfstætt fjárhald og ber sjálfstæða fjárábyrgð. Fjárlagatillögur stofnunarinnar skulu kynntar forseta verkfræði- og raunvísindadeildar og háskólarektor, bæði á undirbúningsstigi og í lokagerð.

Rekstur stofnunarinnar er kostaður af ríkisfé, samkvæmt því, sem veitt er í fjárlögum hverju sinni, og eigin tekjum hennar.

Gjaldskrá rafreikniþjónustu reiknifræðistofu skal lögð fram árlega með fjárlagatillögum stofnunarinnar og auglýst.

Ársreikningar stofnunarinnar skulu sendir ríkisendurskoðun til endurskoðunar ásamt fylgiskjölum. Samrit reikninganna sendist háskólarektor og menntamálaráðuneytinu. Endurskoðaðir reikningar skulu birtir í ársskýrslu stofnunarinnar.

9. gr.

Ráðningar.

Ráðherra ræður fastráðið starfslið að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Ráðherra getur falið stjórn stofnunarinnar og framkvæmdastjóra ráðstöfun starfa til eins árs eða skemmri tíma, enda sé fjárveiting fyrir hendi.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, sbr. háskólareglugerð nr. 76/1958, 87. gr.

Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 1976, og fellur þá jafnframt úr gildi reglugerð nr. 4/1971, um Raunvísindastofnun Háskólans, ásamt breytingu samkvæmt reglugerð nr. 255/1971.

Menntamálaráðuneytið, 22. desember 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

17. desember 1975. Nr. 538.

AUGLÝSING

um veitingu leyfa til reglubundins áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Íslands hf. sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs á eftirtöldum flugleiðum innanlands, á tímabilinu 1. jan. 1976 til ársloka 1980:

1. Reykjavík—Patreksfjörður—Reykjavík
2. Reykjavík—Þingeyri—Reykjavík
3. Reykjavík—Ísafjörður—Reykjavík
4. Reykjavík—Sauðárkrókur—Reykjavík
5. Reykjavík—Akureyri—Reykjavík
6. Reykjavík—Húsavík—Reykjavík
7. Reykjavík—Raufarhöfn—Reykjavík
8. Reykjavík—Þórshöfn—Reykjavík
9. Reykjavík—Egilsstaðir—Reykjavík
10. Reykjavík—Neskaupstaður—Reykjavík
11. Reykjavík—Hornafjörður—Reykjavík
12. Reykjavík—Fagurhólsmýri—Reykjavík

13. Reykjavík—Vestmannaeyjar—Reykjavík
14. Akureyri—Egilsstaðir—Akureyri
15. Akureyri—Ísafjörður—Akureyri.

Enn fremur hefur ráðuneytið í dag veitt sama félagi, til sama tíma, leyfi til reksturs reglubundinna áætlunarferða, með farþega, póst og vörur, á eftirgreindum flugleiðum, án sérleyfis:

1. Patreksfjörður—Ísafjörður—Patreksfjörður
2. Þingeyri—Ísafjörður—Þingeyri
3. Sauðárkrókur—Húsavík—Sauðárkrókur
4. Akureyri—Húsavík—Akureyri
5. Egilsstaðir—Hornafjörður—Egilsstaðir
6. Hornafjörður—Fagurhólsmýri—Hornafjörður.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á umræddum flugleiðum og jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, eftir því sem flutningaþörf krefur, að dómi ráðuneytisins.

Samgönguráðuneytið, 17. desember 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 539. 19. desember 1975.

REGLUGERÐ

um iðgjöld atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga árið 1976.

Árið 1976 skulu iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 25. gr. laga nr. 67 1971 um almannatryggingar vera kr. 310 fyrir hverja tryggingaviku.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 67 20. apríl 1971, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. desember 1975.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 45 — 1975

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 269/1973, um mjólk og mjólkurvörur.

1. gr.

53. gr. tölul. orðist svo:

53. gr.

53.1. Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi annast eftirlit með heilbrigði og hirðingu mjólkurkúa og þrifalegri umgengni í fjósum, þar sem framleidd er sölumjólk (sbr. lög nr. 31/1970 um dýralækna sbr. og breyting á þeim lögum nr. 43/1974 og erindisbréf dýralækna nr. 197/1971 4. gr.).

Ráðherra getur þó falið öðrum dýralæknum þetta eftirlit á tilteknum svæðum, ef henta þykir, að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

2. gr.

54. gr. orðist svo:

54. gr.

54.1. Komist héraðsdýralæknir að því við reglulega fjósa- og kúaskoðun, að aðstaða mjólkurframleiðanda brýtur í bága við ákvæði reglugerða svo dæma verður fjós hans, hreinlætisástand þess eða júgurhreysti kúnna óviðunandi, skal héraðsdýralæknir krefjast úrbóta.

54.2. Þegar í stað skal héraðsdýralæknir afhenda framleiðanda skriflegar rökstuddar kröfur um það, hverra úrbóta sé þörf. Skal héraðsdýralæknir gefa framleiðanda hæfilegan frest til nauðsynlegra lagfæringa og endurbóta. Afrit af fyrirmælum þessum skal þegar í stað senda mjólkurstöðvarstjóra, yfirdýralækni og heilbrigðisnefnd. Héraðsdýralæknir skal gefa heilbrigðisnefnd ýtarlegri upplýsingar um málið óski heilbrigðisnefnd þess.

54.3. Héraðsdýralæknir getur í samráði við yfirdýralækni veitt frekari frest til úrbóta, ef óviðráðanlegar ástæður hafa tafið lagfæringu á framleiðsluskilyrðum, svo sem langvinn veikindi framleiðanda, slys, óhagstæð veðrátta og náttúruhamfarir.

Hyggist framleiðandi hætta mjólkurframleiðslu fyrir fullt og allt má veita honum undanþágu frá því að bæta úr, þó ekki lengur en í 6 mánuði.

54.4. Þegar veittur er tímabundinn frestur til úrbóta (sbr. 54.1—3) skal héraðsdýralæknir afhenda framleiðanda dýralæknisvottorð, er heimili sölu á mjólk, en aðeins þar til hinn tilskildi frestur til úrbóta er liðinn. Afrit þessa vottorðs skal senda mjólkurstöðvarstjóra, yfirdýralækni og heilbrigðisnefnd. Eldra vottorð dýralæknis um mjólkursölu fellur þá sjálfkrafa úr gildi.

54.5. Nú telur héraðsdýralæknir, eftir að veittur frestur er liðinn, að enn sé ástand í fjósi mjólkurframleiðanda óviðunandi, þar sem ekki hafi verið sinnt ítrekuðum kröfum eða þeim eigi sinnt á viðhlítandi hátt, og skal héraðsdýralæknir þá loka fyrir sölu mjólkur úr fjósi framleiðanda með skriflegum rökstuddum fyrirmælum að loknum skömmum lokafresti.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Eigi má héraðsdýralæknir grípa til slíkra stöðvunarráðstafana nema að fengnu samþykki yfirdýralæknis og Heilbrigðiseftirlits ríkisins.

54.6. Héraðsdýralæknir skal senda skýrslu um stöðvun og aðdraganda hennar til mjólkurstöðvarstjóra tafarlaust. Einnig skal héraðsdýralæknir senda yfirdýralækni og heilbrigðisnefnd afrit af þessum fyrirmælum.

54.7. Verði héraðsdýralæknir þess var, að svo sé áfátt heilbrigði mjólkurkúa, umgengni, húsakosti, eða að mjólkinni sé spillt svo í meðferð, að hætta geti stafað af fyrir neytendur, t. d. vegna bráðrar júgurbólgu, veiruskitu, spenbólgu, miltisbruna, salmonellasýki, eða ef sóðaskapur er áberandi við mjaltir og meðferð mjólkur, þrif mjaltaáhalda og mjólkuríláta, þá skal héraðsdýralæknir þegar í stað stöðva sölu mjólkur frá því kúabúi, og láta framleiðanda í té rökstudd skrifleg fyrirmæli um það. Dýralæknisvottorð varðandi mjólkursölu framleiðanda fellur sjálfkrafa úr gildi meðan á slíkri stöðvun stendur.

54.8. Í slíkum tilvikum skal héraðsdýralæknir tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi mjólkurstöðvarstjóra um ákvörðun sína og krefjast þess, að hætt verði móttöku mjólkur frá viðkomandi kúabúi um stundarsakir. Jafnframt skal héraðsdýralæknir tilkynna heilbrigðisnefnd um ákvörðun sína og gera henni ýtarlegri grein fyrir ákvörðun sinni ef þurfa þykir, eða ef heilbrigðisnefnd óskar þess.

54.9. Mjólkurstöðvarstjóra er skylt að taka til greina fyrirmæli héraðsdýralæknis um sölubann um stundarsakir og tilkynna framleiðanda tafarlaust að móttaka mjólkur frá honum sé stöðvuð.

54.10. Héraðsdýralæknir skal tafarlaust leita staðfestingar á ákvörðun sinni um slíka bráðabirgðastöðvun hjá yfirdýralækni.

54.11. Hafi bann verið lagt á sölu mjólkur frá framleiðanda um stundarsakir, þá skal héraðsdýralæknir fylgjast vel með því hvað líður úrbótum eða gangi sjúkdóms, sé slíku til að dreifa.

54.12. Þegar héraðsdýralæknir telur fært, að undangenginni athugun, að heimila sölu mjólkur á nýjan leik, skal hann án tafar tilkynna framleiðanda það, viðkomandi mjólkurstöðvarstjóra, heilbrigðisnefnd og yfirdýralækni með bréfi. Skal héraðsdýralæknir þá láta framleiðanda í té nýtt dýralæknisvottorð, er heimilar sölu mjólkur frá búinu í stað þess er áður gilti.

54.13. Framleiðanda sölumjólkur er skylt að leyfa opinberum eftirlitsmönnum aðgang að kúabúum sínum til skoðunar, hvenær sem óskað er, hvort sem um er að ræða reglubundið eftirlit eða skoðun að gefnu tilefni. Þeir eftirlitsmenn, sem koma til greina eru: héraðsdýralæknir, sérlærður eftirlitsmaður eða mjólkurstöðvarstjóri viðkomandi mjólkurstöðvar, fulltrúar heilbrigðisnefnda og Heilbrigðiseftirlits ríkisins.

54.14. Nú neitar framleiðandi eftirlitsmanni leyfi til skoðunar og skal þá eftirlitsmaður samstundis kæra það til viðkomandi sýslumanns og krefjast þess, að mjólkurstöðin stöðvi móttöku mjólkur frá viðkomandi framleiðanda um stundarsakir.

54.15. Að lokinni fjósaskoðun um áramót skulu héraðsdýralæknar semja yfirlitsskýrslu um fjósaskoðun og júgursjúkdóma mjólkurbúa á eyðublöð, er yfirdýralæknir lætur þeim í té og skal skýrslan send yfirdýralækni, Heilbrigðiseftirliti ríkisins og viðkomandi mjólkurstöð fyrir 1. júlí ár hvert.

54.16. Í skýrslunni skal getið í samræmi við fjósaskoðunarvottorð dýralækna:

a) Kúabúa, sem eru í 1. flokki.
b) Kúabúa, sem eru í 2. flokki, með mjólkurhús.
c) Kúabúa í 2. flokki, sem hafa ekkert eða óviðunandi mjólkurhús.
d) Kúabúa með fjós í 3. flokki.
e) Kúabúa, sem selja mjólk beint til neytenda.

54.17. Héraðsdýralæknar skulu senda yfirdýralækni og Heilbrigðiseftirliti ríkisins afrit af fjósaskoðunarvottorðum næstliðins árs fyrir 1. ágúst ár hvert, og skal yfirdýralæknir hafa greiðan aðgang að þeim.

Sömuleiðis er héraðsdýralæknum skylt að afhenda viðkomandi mjólkurstöð jafnóðum afrit fjósaskoðunarvottorða.

54.18. Mjólkurframleiðandi greiðir samkv. „Gjaldskrá fyrir dýralækna“ fyrir hina árlegu kúaskoðun.

54.19. Nauðsynlegar aukaskoðanir að mati héraðsdýralæknis greiðist af viðkomandi mjólkurbúi, sem síðan getur krafist endurgreiðslu af viðkomandi aðila.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 12 frá 17. mars 1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, samanber og lög nr. 24 frá 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, og að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið hvað snertir þá þætti, sem dýralæknar eiga að sjá um og öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. desember 1975.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Jón Ingimarsson.

16. desember 1975. Nr. 541.

SAMÞYKKT

um hundahald í Stokkseyrarhreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Stokkseyrarhreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í hreppnum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.

b. Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Upphæð gjaldsins skal miðuð við kostnað við eftirlit með hundum í hreppnum.

c. Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.

d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.

e. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

f. Skráðum bændum skal heimilt að hafa 1 hund án gjalds og einnig er heimilt að skrá viðurkennda veiðihunda án gjalds. Að öðru leyti skulu slíkir hundar háðir

ákvæðum þessarar samþykktar. Skylt er bændum að sjá svo um að hundar þeirra séu ekki lausir á almannafæri.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal honum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Stokkseyrarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og lög nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. desember 1975.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 542. 18. desember 1975.

REGLUGERÐ

fyrir Sjúkraliðaskóla Íslands.

I. KAFLI

Markmið og stjórn skólans.

1. gr.

Skólinn heitir Sjúkraliðaskóli Íslands og starfar undir stjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

2. gr.

Hlutverk skólans er að kenna fólki hjúkrunarstörf, er það síðan vinnur undir stjórn hjúkrunarfræðinga.

3. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar stjórn skólans þannig:

Einn fulltrúa tilnefndan af Sjúkraliðafélagi Íslands, einn tilnefndan af Hjúkrunarfélagi Íslands, tvo án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður skólastjórnar og einn samkvæmt tillögu nemenda.

Stjórnin skal skipuð til þriggja ára, nema fulltrúi nemenda, sem skipaður er árlega.

Skólastjóri hefur tillögurétt á fundum skólastjórnar.

4. gr.

Stjórn skólans ræður skólastjóra og skal hann vera hjúkrunarfræðingur. Æskilegt er, að hann hafi lokið námi í kennslufræði og stjórnun.

Skólastjóri stjórnar daglegri starfsemi skólans og hefur umsjón með henni. Skólastjóri ræður kennara að skólanum í samráði við skólastjórn.

5. gr.

Umsækjandi skal vera 17 ára.

Hann skal hafa lokið prófi úr 5. bekk framhaldsdeilda gagnfræðaskóla, hjúkrunarkjörsviði, 1. bekk fjölbrautaskóla, heilsugæslubraut, eða hlotið hliðstæða menntun. Skólastjórn er heimilt að ákveða lágmarkseinkunn í einstökum greinum. Þá er skólanum heimilt að hafa inntökupróf.

6. gr.

Umsóknir um skólavist skal senda skólastjóra. Þeim skal fylgja:

1. Staðfest afrit af prófskírteini.
2. Læknisvottorð.
3. Sakavottorð.
4. Meðmæli frá vinnuveitanda og/eða skólastjóra.

7. gr.

Námstími skólans skal vera 1 ár, þar með talið sumarleyfi. Námið er bæði bóklegt og verklegt. Í byrjun hvers skólaárs skal vera bóknámskeið. Að öðru leyti er skólanum heimilt að setja námið upp í bóknámskeið og verknámskeið eða þannig, að bóknám og verknám verði kennt jöfnum höndum á námstímanum.

8. gr.

Kenndar skulu eftirfarandi greinar:

Almenn hjúkrunarfræði:

Bókleg kennsla, sýnikennsla og verklegar hjúkrunaræfingar	108	stundir
Hjúkrun aldraðra	18	—
Hjúkrun á lyflækninga- og handlækningadeildum	36	—
Hjúkrun á barnadeild	16	—
Heimahjúkrun	16	—
Geðvernd	8	—
Sjúkdómafræði	40	—
Sýklafræði	8	—
Siðfræði	12	—
Starfsstellingar	12	—
Námsleiðbeiningar, fyrirlestrar, fræðslukvikmyndir, námsferðalög o. fl.	26	—
Alls:	300	stundir

Tími, sem fer til upprifjunar og prófa, er meðtalinn.

9. gr.

Próf skulu vera í hjúkrunarfræði og sjúkdómafræði.

Skriflegt og verklegt próf skal vera í hjúkrunarfræði og skriflegt próf í sjúkdómafræði.

Einkunnir skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 upp í 10.

Til þess að standast próf þarf einkunnina 5 í prófgreinum.

Einkunn í hjúkrunarfræði er meðaleinkunn úr skriflegu prófi í hjúkrunarfræði, verklegu prófi í hjúkrunarfræði og meðaleinkunn af deildum sbr. 11. gr.

10. gr.

Heilbrigðismálaráðuneytið skipar prófdómara eða samþykkir tillögur skólastjóra um prófdómara.

11. gr.

Nemendur eru í verknámi á hinum ýmsu deildum sjúkrahúsa.

Skólastjóri skipuleggur námsdvöl þeirra í samráði við hjúkrunarforstjóra sjúkrahúsanna.

Að lokinni námsdvöl á sérhverri deild fær nemandinn einkunn, er hjúkrunardeildarstjóri gefur.

12. gr.

Stofnanir, sem hafa nemendur í verknámi, skulu greiða þeim laun þann tíma samkv. samningi, er nemendur og fjármálaráðuneytið gera með sér. Þær skulu einnig sjá nemendum fyrir starfsklæðnaði og þvotti á honum.

13. gr.

Forfallist nemandi frá námi lengur en 14 daga lengist námið, sem því svarar. Sumarleyfi skal vera í samræmi við lög um orlof.

II. KAFLI

Starfsréttindi og starfssvið.

14. gr.

Rétt til þess að starfa sem sjúkraliði hér á landi og kalla sig sjúkraliða hefur sá einn, sem til þess hefur fengið löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

15. gr.

Löggildingu samkv. 14. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa prófi frá Sjúkraliðaskóla Íslands eða öðru prófi, sem heilbrigðisyfirvöld viðurkenna.

16. gr.

Ráðherra getur veitt öðrum en þeim, sem 15. gr. tekur til, löggildingu eða tímabundið starfsleyfi, enda sanni viðkomandi að hann hafi menntun, sem sé sambærileg við próf úr viðurkenndum sjúkraliðaskóla skv. 15. gr.

Sjúkraliði hefur rétt til þess að vinna hjúkrunarstörf í samræmi við 17. gr. reglugerðar þessarar. Honum er því óheimilt að stunda sjálfstæð hjúkrunarstörf.

17. gr.

Sjúkraliðar skulu starfa undir stjórn hjúkrunarfræðings.

Störf sjúkraliða:

Umbúnaður. Umbúnaður og skipting á mikið veikum sjúklingum með hjúkrunarfræðingi.

Sjúklingum þvegið um andlit og hendur. Hárhirðing, munnhirðing, neðanþvottur, fótahirðing. Sjúklingar baðaðir í baðkari og í rúmi, og sé um mikið veikan sjúkling að ræða þá með hjúkrunarfræðingi.

Hitamæling. Púlstalning. Blóðþrýstingsmæling.

Varnir gegn legusárum.

Fylgst með líðan sjúklinga.

Sjúklingum hjálpað á fætur og hagrætt í stól.

Kalli sjúklinga svarað og flutt skilaboð.

Gefin og tekin bekja. Tekin og merkt sýnishorn af þvagi og saur. Gefin stólpípa.

Framreiðsla matar. Sjúklingum hagrætt fyrir og eftir máltíðir. Þeir sjúklingar mataðir, sem ekki geta borðað sjálfir.

Búið um lík.

Umbúðir gerðar.

Tekið við blómum og öðru til sjúklinga og gestum þeirra leiðbeint.

Notkun ýmissa hjálpargagna og hirðing á þeim.

Hirðing á sjúkrastofum, skolherbergjum og líni. Hreinsun ýmissa hjúkrunargagna. Hirðing á blómum sjúklinga, blómavögnum og blómaskolum.

Sjúkraliðar mega ekki taka til eða gefa lyf í sjúkrahúsum.

III. KAFLI

18. gr.

Skólanum skal heimilt að hafa námskeið fyrir sjúkraliða.

19. gr.

Kostnaður við rekstur Sjúkraliðaskóla Íslands skal greiddur úr ríkissjóði.

20. gr.

Námskeið þau, sem í gangi eru á sjúkrahúsum, við gildistöku þessarar reglugerðar, skulu fram ganga skv. fyrri reglum.

21. gr.

Á þeim stöðum, þar sem ekki reynist unnt að fá hjúkrunarfræðing til starfa, má ráða sjúkraliða til hjúkrunarstarfa um skemmri tíma og skal hann þá starfa undir stjórn læknis. Leita skal samþykkis ráðuneytisins hverju sinni.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 254 frá 29. nóvember 1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. desember 1975.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

18. desember 1975. Nr. 543.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Bolungarvíkurkaupstað.

I. KAFLI

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og ósptktir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almenningsafnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki.

svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um kvikmyndahús og önnur samkomuhús, brýr, fjárréttir, markaði og opinber uppboð, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða eða annarra samkomuhúsa eða annars staðar þar, sem almenningur kemur saman, skal fólk raða sér þannig, að sá, sem fyrstur kemur, fái fyrr aðgang og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að hafast að að óþörfu nokkuð það, sem raskar næturró manna. Enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga eða hús utan, né heldur hringja dyrabjöllu, hringja í síma eða aðhafast neitt það, sem ónáðar eða móðgar húsbændur og annað heimilisfólk eða veldur því ótta.

5. gr.

Á götum og vegum, eða þar, sem hætta stafar af, má ekki hafa leiki um hönd, ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, skautum, sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða íþróttir, sem hindra umferðina.

Einnig er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum, bifreiðum, dráttarvélum eða öðrum farartækjum, sem eru á ferð um farinn veg, eða festa við þau sleða, handvagna eða annað, sem óþægindi eða hætta getur stafað af.

6. gr.

Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða haglabyssu, af boga eða öðrum skotvopnum á eða yfir fjölfarnar götur eða vegi sem liggja í bæjarlandinu né neins staðar neðan girðinga í bænum, né heldur innan takmarka hafnarinnar, né heldur kveikja í púðri, olíu, bensíni, skoteldum eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum. Á þessum slóðum má ekki heldur framkvæma neins konar sprengingar að þarflausu né heldur kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjókögglum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara.

Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu með skotelda, ef sérstaklega stendur á, enda séu leyfi bundin við ákveðin svæði. Án leyfis lögreglustjóra má ekki tendra bál eða ganga með blys.

Nauðsynlegar sprengingar við götur, torg eða á almannafæri má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina hver framkvæmi verkið, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni má hvorki hafa í íbúðarhúsum né annars staðar þar, sem hætta stafar af.

Sprengiefni má aðeins geyma á stöðum, sem lögreglustjóri samþykkir.

7. gr.

Enginn má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, fiskúrgangi, hálmi, pappírsrusli eða öðru þess konar á almannafæri, né heldur skvetta þar vatni eða öðru, sem getur haft í för með sér hættu eða óþrifnað.

8. gr.

Enginn má ganga um dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið á eða af grímudansleik eða álfadansi. Ekki heldur í búningi, sem misbýður velsæmi eða raskar almennri reglu. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

9. gr.

Ölvuðum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga á almannafæri, skal ráðstafað á tryggilegan hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir greiða kostnað þann, sem af því leiðir. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt látbragð á almannafæri, skal ráðstafað á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá auk áfallins kostnaðar enn fremur sæta sektum eftir samþykkt þessari, fyrir röskun á allsherjarfriði, er þeir kunna að hafa valdið með ölæði sínu og ólátum.

10. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum eða sundlaugum fyrir almenning, við bryggjur Bolungarvíkurkaupstaðar, í Syðridalsvatni eða annars staðar svo nærri landi eða skipum í höfninni, að hneykslun valdi.

11. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur til að segja til nafns síns og heimilisfangs, ef lögreglan krefst þess.

12. gr.

Almenningi er skylt að hlýða skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum frá lögreglustjóra fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en lögreglustjóri á aðgang að hinum seka, að svo miklu leyti sem tjónið greiðist ekki úr ríkissjóði.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

13. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda eða umráðamanns má enginn láta fyrirberast á afgirtum svæðum, húslóðum, húsþökum, garðhliðum, tröðum eða öðrum stöðum þar sem gengið er inn í hús eða garða, eða fara inn í hús eða garða manna í óleyfi.

14. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til þess að selja vörur eða reka aðra atvinnu, og sé slíkt leyfi veitt, þá aðeins á þeim stað, sem leyfið tekur til. Börn eða unglingar yngri en 14 ára mega ekki selja vörur á almannafæri, nema með leyfi barnaverndarnefndar. Þó er börnum 8 ára eða eldri heimilt að selja blöð, merki og happdrættismiða.

15. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum Bolungarvíkurkaupstaðar eða snerta á brunaboðum, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða.

Enginn má raska eða skemma rafmagnsleiðslur eða síma. Verði einhver valdur að slíku óviljandi, skal tilkynna það þegar í stað til hlutaðeigandi stofnunar.

16. gr.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum. Byssu skal ávallt bera þannig að hlaupið snúi upp.

Gaddhrífur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotist af, má eigi flytja eftir götum eða vegum, nema svo sé um búið, að engin hætta geti stafað af.

17. gr.

Á alfaravegi má ekki leggja eða setja neitt það, sem tálmar umferðina, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga, og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsað svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá eða tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Bæjarstjórn ákveður, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar mega standa, og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

Á alfaravegi má ekki vinna neina þá vinnu, sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

18. gr.

Stéttir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Þeir sem fara um gangstéttir eða götur, skulu jafnan víkja til hægri handar.

19. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða torg Bolungarvíkurkaupstaðar eða alfaravegi hvar sem er, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnvalds. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal gæta þess, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir, með nægilega greinilegum ljósum eða endurskinsmerkjum, frá því fer að skyggja að kvöldi og þar til albjart er orðið að morgni.

Að öðru leyti gera hlutaðeigandi stjórnvöld og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slík verk dragast úr hófi fram, getur bæjarstjóri eða lögreglustjóri eða báðir í sameiningu látið ljúka verkinu og sett götur, torg og vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

20. gr.

Ekkert má hafa það í opnum gluggum, sem niður getur fallið á vegi eða götu og valdið skaða þeim er um fara, og ekki má heldur leggja eða hengja neitt það upp á hús eða hafa laust á húsum uppi, er skaða getur valdið vegfarendum, og bera eigendur og umráðamenn húsanna ábyrgð á þeim skaða er stafar af hirðuleysi þeirra í þessu efni.

21. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við því að það hrynji, eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það, eða endurbæta það svo, sem þörf gerist til þess að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg eða annarri girðingu liggur við falli eða hruni.

Nú brennur hús og mannvirki eða það er flutt burt án þess að annað sé byggt í staðinn, og er þá eiganda þess eða umráðamanni skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

22. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju eða eldri hús rifin eða byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra svo frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að afstýra hættu, farartálma eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar, sem lögreglustjóri leyfir, og má ekki liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leyfar af verkefni og annað, sem af húsbyggingunni stafar, skal eigandi færa burtu, þegar húsgerðinni er svo langt komið eða verk það, sem unnið er, að því verði við komið.

23. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við húsasmíðar eða önnur mannvirki eða viðgerðir á þeim, skal gera nægilega traust. Heimilt er lögreglunni að gera ráðstafanir hér að lútandi. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir og ætíð teknir niður að loknu verki.

24. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem nota þau, skulu vera áreiðanlegir menn. Ef slík áhöld eru skilin eftir á vinnustað, þegar vinnustaður er yfirgefinn, skal ganga frá þeim á tryggilegan hátt, svo að ekki hljótist slys af eða hætta fyrir vegfarendur.

Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi eða önnur mannvirki við alfaraveg eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirmælum lögreglunnar hér að lútandi eru á ábyrgð þess, sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

25. gr.

Bannað er að hafa þakjárn eða parta af þakjárni laust úti, og hafa eigendur ábyrgð á, að slíkt fjúki eða sé öðrum til tjóns eða meiðsla. Sama gildir um spítnarusl og annað þess háttar, sem meiðslum eða skemmdum getur valdið, ef fýkur.

26. gr.

Báta eða aðra slíka hluti, sem tálmað geta umferðinni, má aldrei setja á vegi, stræti eða annan alfaraveg eða svo nærri, að nokkur hluti þess gangi inn á veginn eða yfir hann, og getur bæjarstjóri og lögreglustjóri eða hvor um sig, látið færa slíka muni í burtu á kostnað umráðamanns, ef hann gerir það ekki sjálfur, eftir að hafa verið aðvaraður.

Bannað er að hafa þverslár, strengi eða stög, yfir vegi, götur og gangstíga, í þeirri hæð, að vegfarendum eða umferð geti stafað hætta af og heldur ekki skástög út frá staurum eða hliðum, nema tryggilega merkt með endurskinsmerkjum, þar sem lögregla samþykkir að slík stög megi vera.

27. gr.

Í fjöru má ekki skilja eftir eða kasta seglfestu, grjóti, veiðarfærum, veiðiútbúnaði eða neinu öðru, er tjóni getur valdið skipum eða bátum, eða á nokkurn hátt hindrað umferð.

III. KAFLI
Um umferð á götum.

28. gr.

Umferð um götur bæjarins skal fara eftir reglum þeim, sem settar eru í umferðarlögum, eins og þau eru á hverjum tíma.

29. gr.

Vegfarendum er skylt að hlýða tafarlaust leiðbeiningum og fyrirmælum, sem lögreglan gefur, einkum þegar farið er yfir þvera götu við gatnamót og þar sem viðvörunarmerki eru sett. Þeir sem fara akandi eða ríðandi um vegi, skulu, þá er þeir mæta einhverjum eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á hægri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götubrún eða gangstéttarbrún, sem auðið er. Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til vinstri handar, þó ekki meira en nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefur farartæki á hægri hönd. Þessi regla leysir vegfarendur þó ekki undan þeirri skyldu að sýna fyllstu varúð við vegamót, þótt þeir eigi þar umferðarréttinn.

Vegfarendum er skylt að hlýða tafarlaust leiðbeiningum og fyrirmælum, sem lögreglan setur um umferðina, hvort sem það er gert með uppfestum auglýsingum, með boðum, bendingum eða umferðarmerkjum. Þeim er og skylt að nema staðar samstundis og lögreglan gefur stöðvunarmerki.

Sérstaka varúð skal sýna í nánd við skóla, leikvelli og aðra staði, þar sem vænta má að börn séu að leik. Sömuleiðis skal skylt að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera merki fatlaðs fólks.

Þegar ökumaður lögreglubifreiðar, sjúkrabifreiðar, slökkvibifreiðar eða björgunarbifreiðar gefur hljóð- eða ljósmerki, skal öllum vegfarendum skylt að víkja úr vegi í tæka tíð. Stjórnendum ökutækja er skylt að aka til hliðar eða nema staðar. Vagnar eða sleðar með hesti fyrir mega aldrei standa á almannafæri, nema ökumaður eða annar vel hæfur maður gæti hestsins.

30. gr.

Ökuhraða bifreiða skal ávallt stilla svo, að komist verði hjá slysum og þannig að umferð um götuna sé ekki trufluð, og má ökuhraði aldrei vera meiri en 45 km á klukkustund. Þar sem bifreiðarstjóri sér skammt frá sér, í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem vegur er sleipur, þröngur og þar sem mikil umferð er, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað.

Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur, gangstéttir eða byggingar.

31. gr.

Með bifreiðar og önnur farartæki skal fara svo nærri vegarbrún eða gangstétt til hægri handar, sem auðið er. Um götuhorn skal ekið í kröppum boga, ef snúið er til hægri handar en í löngum boga ef snúið er til vinstri handar.

Á götuhornum er bannað að aka fram úr farartæki, sem á undan fer. Sömuleiðis er bannað að stöðva ökutæki á gatnamótum eða fast við þau.

Þessi ákvæði gilda einnig um hestvagna, eftir því sem við á.

32. gr.

Reiðmenn skulu ávallt gæta fyllstu varkárni á götum Bolungarvíkurkaupstaðar og ekki ríða hraðar en töltferð, og í slæmu skyggni og myrkri skulu þeir halda sig í götukanti.

Hestar sem staddir eru í kaupstaðnum, skulu ávallt hýstir um nætur.

33. gr.

Það er bannað að aka eða ríða á móti skrúðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar, meðan þær fara fram hjá.

Ef ástæða þykir til vegna umferðarhættu, getur lögreglustjóri bannað akstur, hjólreiðar eða aðra umferð um vegi eða einstakar götur.

34. gr.

Það úr hestum eða öðrum búfénaði, sem farið er með um götur kaupstaðarins, og fellur á götur, skulu umráðamenn þrífa upp og fjarlægja á sinn kostnað, strax eftir rekstur eða umferð. Verði misbrestur á, geta lögregla eða bæjaryfirvöld látið framkvæma hreinsunina á kostnað hlutaðeiganda.

35. gr.

Ljós skal jafnan tendra á bifreiðum, dráttarvélum og öðrum ökutækjum, þegar skyggja tekur og ávallt hafa þau tendruð, þegar þau eru á ferð, frá því birtu bregður að kvöldi og þangað til albjart er orðið að morgni.

Lögreglustjóri ákveður nánar um ljósanotkun bifreiða, ef þurfa þykir.

36. gr.

Ökumönnum er skylt að gæta þess, að hemlar, ljós, stýrisútbúnaður og allur öryggisútbúnaður bifreiða, dráttarvéla og annarra ökutækja sé ávallt í fullkomnu lagi.

37. gr.

Óheimilt er bifreiðastjórum að gefa hljóðmerki, nema umferðin gefi tilefni til þess.

Bifreiðastjórar og aðrir ökumenn skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að valda eigi hávaða á annan hátt. Þeim ber að sjá um, að farþegar í vögnum þeirra hafi eigi neinn hávaða, er raski friði.

Bifreiðar, bifhjól og önnur ökutæki, sem valda óeðlilegum hávaða, svo að undan er kvartað, getur lögregla tekið úr umferð, þar til viðgerð hefur farið fram.

38. gr.

Að öðru leyti skal farið eftir ákvæðum umferðarlaganna og reglugerðum þeim, sem settar eru eða settar kunna að verða samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

39. gr.

Á hverju reiðhjóli, sem notað er, skal vera bjalla, sem gefur hvellt hljóð og skulu hjólreiðamenn láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri. Glitaugu skal hafa aftan á reiðhjólum.

Skylt er hjólreiðamönnum að hafa ljósker, er snúi fram á reiðhjólum og lýsi fram undan sér, og hafa þau tendruð, er þeir eru á ferð, frá því skyggja tekur að kvöldi og þar til bjart er orðið að morgni.

Þar sem þarf sérstaka varúð má aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Á hjólunum mega aldrei vera fleiri menn en hjólin eru gerð fyrir. Skylt er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór. Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólreiðamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu, ef þörf gerist. Hjólreiðamaður skal nema staðar ef lögreglan gefur honum merki um það.

Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þeim, sem yngri er en 14 ára.

IV. KAFLI
Um friðun almenningseigna o. fl.

40. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningseignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafáhöld, rafþræðir, ljósker, bryggjuáhöld, símar, brunaboðar, björgunartæki eða annað, sem ætlað er til almenningsnota. Sama gildir um viðtækjabúnað einstakra manna.

41. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar neitt það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti, tún eða önnur mannvirki. Bannað er að klifra yfir þær eða fara í gegnum þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Enginn má á nokkurn hátt vísvitandi spilla nokkrum eignum kaupstaðarbúa. Komi slíkt fyrir, skal sá, er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, sem hann gerir.

42. gr.

Enginn má skemma, troða né spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnum, matjurtargörðum eða skrúðgörðum manna, hvort sem er girt eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur né á nokkurn hátt spilla neinu á grasreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður. Enginn má hleypa af skotvopni í eða nálægt byggð í kaupstaðnum.

43. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningastaði sína og tjaldstæði, eða þar, sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan bæjarins. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum, bréfum og matarleifum og öðru þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið vandlega í gröf eða gjótu eða flytja það burt.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.

Óheimilt er að brenna sinu eftir 1. maí ár hvert.

V. KAFLI
Um uppfestar auglýsingar.

44. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum. Auglýsingar um sjónleiki, samsöngva og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

45. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigandi taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VI. KAFLI
Um veitingastaði, samkomuhús, skemmtanir o. fl.

46. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangum um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

47. gr.

Hverjum sem hefur veitingasölu, hverju nafni, sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

48. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

49. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11.30 að kvöldi til kl. 6 að morgni, og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út ekki síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Heimilt er félögum að halda þar samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn sérstakan lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama gildir um brúðkaup og samsæti einstakra tiltekinna manna.

50. gr.

Í hverju veitingahúsi eða almennu samkomuhúsi skal eigandinn láta gera salerni og snyrtiherbergi, sem gestum er heimill aðgangur að í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktar. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu og í góðu lagi.

51. gr.

Vilji nokkur halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, íþróttasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur að, eða til að hafa veitingar á staðnum, þarf hann til þess leyfi lögreglunnar. Lögreglustjóri veitir slíkt leyfi.

Tekið skal fram um leið og leyfi er veitt, hvenær samkomunni skuli vera lokið. Einnig er heimilt að binda leyfið því skilyrði, að samkomuhúsinu (samkomustaðnum) skuli lokað fyrr en ákveðið er í 49. gr. og aðgangur ekki leyfður eftir lokunartíma.

Leyfishafa er skylt að hlýða þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræstingu og hreinlæti í húsrýminu, enda skal það ávallt nýræst, er samkoman byrjar.

Lögreglustjóri getur bundið skemmtanaleyfi þeirri kvöð, að lögreglumenn verði á skemmtistað, og haldi þeir uppi löggæslu og eftirliti á staðnum allan samkomutímann. Kostnað við löggæslu þessa greiði skemmtanahaldari að því leyti, sem hann er ekki greiddur af almannafé skv. venjulegum reglum um starf lögreglumanna.

Fari nokkuð það fram, er brýtur í bága við reglu og velsæmi, er lögregluvaldinu heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti, sem því verður við komið. Banna má mönnum, sem hafa gerst brotlegir, aðgang að samkomum.

52. gr.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20 tímabilið 1. september til 30. apríl ár hvert og ekki eftir kl. 22 tímabilið 1. maí til 31. ágúst, nema í fylgd með fullorðnum, aðstandendum sínum eða umsjónarmönnum.

Unglingar yngri en 15 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 22 tímabilið 1. september til 1. maí og eftir kl. 23 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, eða um sé að ræða beina heimferð frá skólaskemmtunum eða frá annarri viðurkenndri æskulýðsstarfsemi.

Hvers konar þjónusta við börn og ungmenni eftir löglegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustu veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin.

Ungmennum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðlum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin, að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimill aðgangur og dvöl á veitingahúsum, sem hafa leyfi til vínveitinga, eftir kl. 20, nema í fylgd með foreldrum, forráðamönnum eða maka. Veitingaleyfishafa er skylt að gæta þess, að ákvæði þetta sé haldið að viðlögðum sektum og/eða missi veitingaleyfis síns um lengri eða skemmri tíma.

Þeir sem hafa forsjá eða foreldraráð barna og ungmenna skulu að viðlögðum sektum gæta þess, að ákvæði þessarar greinar séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessu ákvæði. Útdráttur úr ákvæði þessarar greinar skal hanga á áberandi stað í öllum skólum skyldunáms, almennum veitingahúsum og samkomustöðum í lögsagnarumdæminu og sér viðkomandi barnaverndarnefnd um það ásamt lögreglu.

Bannað er að stúlkur innan 18 ára aldurs starfi á veitingahúsum og skemmtistöðum, þar sem ætla má að siðferði þeirra sé sérstök hætta búin.

Þegar sérstaklega stendur á, getur lögreglustjóri sett til bráðabirgða strangari reglur um útivist barna allt að 16 ára aldri. Lögreglustjóri getur og í sérstökum tilfellum veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar að fengnum tillögum barnaverndarnefndar.

Barnaverndarnefnd er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

53. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi bæjarstjórnar og lögreglustjóra, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertir, sem bæjarstjórn tiltekur í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktar.

Bæjarstjórn ákveður hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið, annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur veitt leyfi til einstakra sýninga og ákveður hann þá gjaldið í bæjarsjóð.

54. gr.

Ef sýndar eru opinberar myndir, sem að dómi barnaverndarnefndar eru siðspillandi, hvort sem það eru ljósmyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað

að sýna þær. Barnaverndarnefnd getur bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft vond áhrif á þau.

VII. KAFLI
Um samgöngur við skip.

55. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þess þörf, til þess að halda uppi velsæmi og góðri reglu, að banna samgöngur við erlend skip.

VIII. KAFLI
Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

56. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neysluvatni manna (hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða vatnsleiðslum eða í þróm og brunnum). Vatnsból skulu vera vel varin fyrir öllum óþrifnaði og þess stranglega gætt, að skólpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

57. gr.

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát með lifur, grút eða slori eða því líku má ekki láta standa á almannafæri, né heldur hafa nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

58. gr.

Á almannafæri má ekki kasta hræjum, slógi, ösku, sorpi, skólpi eða öðrum óhreinindum. Allt slíkt skal láta í gryfjur þær, sem mykja og annar áburður er látinn í, eða grafa með öðrum hætti. Skyldur er hver húsráðandi við götur bæjarins að sjá um, að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð kringum hún hans. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns, eða orsaka að slíkt berist á lóðina.

Hey, mó eða áburð eða annað þess konar, sem slæðist eða hrynur af flutningi á göturnar, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa samdægurs.

59. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um göturnar í lokuðum vögnum, vel þéttum. Má eigi fylla þá svo, að úr þeim hrynji, á meðan á flutningnum stendur.

60. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt má ekki hafa í nánd við götur, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, nema í gryfjum nægilega byrgðum, og skal þá hafa til þess leyfi heilbrigðisnefndar.

61. gr.

Á húshliðum eða göflum, sem vita að götum, strætum eða torgum, má ekki hengja á nagla eða festa á annan hátt neins konar fiskföng eða annað, sem óþrifnaður er að eða óþefur, og ekki má heldur hafa fisktrönur á almannafæri.

62. gr.

Við hvert sláturhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmein og þannig komið fyrir, að öruggt sé, að hundar nái ekki til að éta úr þeim. Við heimaslátrun

skal hafa á blóðvelli ílát með loki undir sull og innanmein. Að lokinni hverri slátrun skal annað hvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau, minnst fullan metra í jörðu niður. Annars skulu sláturhússstjórar og aðrir, sem við slátrun fást, fara eftir heilbrigðissamþykkt og fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

Öll innyfli búfjár, sem ekki eru nytjuð, skulu grafin eða brennd, þegar í stað að slátrun lokinni, og skal þess gætt að hundar nái ekki til þeirra.

IX. KAFLI
Um skepnuhald o. fl.

63. gr.

Alifugla, svo sem gæsir, hænsni og endur, má ekki hafa í kaupstaðnum nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar og þá aðeins utan byggðar, enda séu þeir hafðir í lokuðu byrgi eða annarri jafnöruggri vörslu. Séu alifuglar látnir ganga lausir, þrátt fyrir aðvaranir lögreglunnar, getur hún látið lóga fuglunum á kostnað eigenda eða selt þá til lúkningar á kostnaði.

64. gr.

Búfénað, svo sem hesta, nautgripi og sauðfénað, má ekki láta ganga lausan í kaupstaðnum nema hann sé í öruggri girðingu, sem lögreglan tekur gilda, svo að ágangur á land eða lóðir annarra geti eigi hlotist af.

65. gr.

Búfénað, svo sem hesta, nautgripi og sauðfé, sem er látinn ganga laus í bænum gagnstætt fyrirmælum samþykktar þessarar, skal lögreglan handsama. Einnig mega þeir, er fyrir ágangi verða, láta handsama ágangsfénað, en skýra skulu þeir lögreglunni frá því tafarlaust.

Eigendum slíks fénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun hans og fóðrun og annan kostnað, sem af slíku leiðir, og má selja búfénaðinn á opinberu uppboði til lúkningar kostnaðinum, verði fénaðurinn ekki leystur út innan sólarhrings frá því eigandinn fékk vitneskju um handsömunina, eða, ef eigi er vitað um eiganda, innan hæfilega langs tíma eftir að auglýsing um fénaðinn hefur verið birt.

Einnig skal eigandi slíks búpenings bæta allt það tjón, er hann hefur valdið.

Ef ætla má að sama skepnan valdi ítrekuðu tjóni á ræktunarlóðum í bænum, skal lögreglunni skylt að sjá svo um, að hún verði send á afrétt á kostnað eiganda, en lógað, ef því verður ekki við komið eða skepnan leitar strax aftur til bæjarins. Jafnframt sæti eigendur eða umráðamenn ágangsfénaðar sektum, ef rekja má ágang búfjár til vanrækslu þeirra.

66. gr.

Skylt er öllum að hlýða fyrirmælum bæjarstjórnar um hagbeit í landi kaupstaðarins, bæði hvernig hagbeit, upprekstri og smölun skuli hagað og gjöldum fyrir það. Á slíkum gjöldum er lögtaksréttur.

Auk ákvæða samþykktar þessarar gilda ákvæði heilbrigðissamþykktar um búfjárhald í bænum.

67. gr.

Bannað er að hafa hunda í Bolungarvíkurkaupstað. Þó má lögreglustjóri leyfa þarfahunda á lögbýlum og minkaveiðihunda, enda séu þeir undir eftirliti heilbrigðisnefndar.

Flækingshunda og hunda úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni, er lögreglumönnum heimilt að handsama og lóga þegar í stað.

Hundar, sem ráðast á menn eða skepnur eru réttdræpir.

Skylt er lögreglustjóra að hafa eftirlit með því, að hundaeigendur komi hundum sínum til lækninga samkvæmt því, sem mælt er fyrir um lækningu hunda af bandormum.

68. gr.

Flækingsketti sem enginn eigandi finnst að, skulu lögreglumenn handsama og aflífa.

X. KAFLI
Um húsnúmer o. fl.

69. gr.

Byggingarnefnd ákveður nöfn á götum og lætur festa upp töluspjöld og nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornin, þar sem þurfa þykir.

Brot gegn reglum, er bæjarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, setur um umgengni við sundlaug, skemmtigarða, kirkjugarð, leikvelli, íþróttavelli og önnur opinber svæði, varða refsingu samkvæmt samþykkt þessari. Lætur bæjarstjórn birta slíkar reglur á viðeigandi hátt.

XI. KAFLI
Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

70. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir allt lögsagnarumdæmi Bolungarvíkurkaupstaðar.

71. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

72. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum í bæjarsjóð, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn undir 15 ára aldri drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu. Hagnaður sá, sem sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í bæjarsjóð.

73. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans, samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjórinn gerir til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir bæjarsjóður, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

74. gr.

Með samþykkt þessari eru úr gildi fallin ákvæði er snerta Bolungarvík í lögreglusamþykkt fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu, nr. 161 14. júlí 1943.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur samið og sam-

þykkt samkv. lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. desember 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 544. 22. desember 1975.

REGLUGERÐ

um skyldusparnaðarskírteini.

1. gr.

Ríkissjóður viðurkennir móttöku skyldusparnaðar skv. VII. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975 með afhendingu sérstakra skyldusparnaðarskírteina, sem fjármálaráðherra gefur út f. h. ríkissjóðs.

2. gr.

Skírteini þessi skulu afhent í ársbyrjun 1976, þó ekki fyrr en viðkomandi gjaldandi hefur greitt skyldusparnað sinn að fullu, en skyldusparnaður telst ekki að fullu greiddur fyrr en fullnaðarskil hafa verið gerð á öllum þinggjöldum gjaldanda til ríkissjóðs samkvæmt þinggjaldabók ásamt þar greindum skyldusparnaði.

3. gr.

Skyldusparnaðarskírteini skulu skráð á nafn þess sem sparar og skal nafn hans, heimilisfang og nafnnúmer skráð á framhlið skírteinis. Óheimilt er að framselja eða veðsetja skyldusparnaðarskírteini.

4. gr.

Verðgildi hvers skírteinis skal vera jafnt þeirri fjárhæð, er viðkomandi gjaldanda hefur verið gert að spara skv. ákvæðum VII. kafla l. nr. 11 28. apríl 1975. Eru skírteinin í töluröð.

5. gr.

Skírteini vegna skyldusparnaðar eru lengst til 15. desember 1990 en frá 1. febrúar 1978 er eiganda í sjálfsvald sett, hvenær hann fær skírteini innleyst. Vextir eru 4% á ári frá 1. janúar 1976 að telja eða lokagreiðsludegi skyldusparnaðar ef síðar er. Vextir greiðast eftir á og í einu lagi við innlausn.

6. gr.

Við innlausn skyldusparnaðarskírteina greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti í hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. nóvember 1975 til 1. nóvember næst á undan endurgreiðslu. Sé skyldusparnaður ekki greiddur að fullu (sbr. 2. gr.) fyrr en eftir 30. júní 1976 reiknast verðbætur þó aðeins frá 1. nóvember það ár er greiðsla fer fram. Kauplagsnefnd reiknar vísitölu framfærslukostnaðar og eru núgildandi lög um hana nr. 1 frá 30. janúar 1959 og nr. 70 frá 29. nóvember 1967. Skyldusparnaðarskírteini skulu innleyst á nafnverði auk vaxta, þótt vísitala framfærslukostnaðar lækki á tímabilinu frá 1. nóvember 1975 til greiðsludags. Skírteini verða ekki innleyst að hluta.

7. gr.

Í desembermánuði ár hvert, fyrst árið 1977 skal birt í Lögbirtingablaði innlausnarverð hvers þúsunds af nafnverði skyldusparnaðarskírteina miðað við 1. nóvember það ár, 4% ársvexti frá 1. janúar 1976 og verðbætur frá 1. nóvember 1975. Hafi skyldusparnaður verið greiddur að fullu fyrir 1. janúar 1976 skal greiða innlausnarverð sem hér segir. Fyrir hvert þúsund af nafnverði skírteina, sem innleyst eru eftir 1. nóvember ár hvert, greiðist innlausnarverð miðað við 1. nóvember næst á undan innlausn, að viðbættum 4% ársvöxtum frá viðmiðunardegi til innlausnardags.

Hafi skyldusparnaður verið greiddur eftir 1. janúar 1976 verður innlausnarfjárhæð hvers skírteinis reiknuð sérstaklega í samræmi við ákvæði 5. og 6. gr.

8. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd ákvæða 6. gr. um greiðslu verðbóta á höfuðstól og vexti, skal málinu vísað til nefndar þriggja manna, er skal þannig skipuð. Fjármálaráðuneytið tilnefnir einn nefndarmann. Hæstiréttur annan, en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar. Ef breyting verður gerð á grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar, skal nefnd þessi koma saman og ákveða, hvernig vísitölur samkvæmt nýjum eða breyttum grundvelli skuli tengdar eldri vísitölum.

9. gr.

Skyldusparnaður er ekki frádráttarbær til tekjuskatts. Skyldusparnaðarskírteini eru framtalsskyld, svo og vextir og verðbætur af þeim. Að öðru leyti njóta skírteinin skattfrelsis á sama hátt og skyldusparnaður skv. III. kafla laga nr. 30 frá 12. maí 1970. Skírteinin eru þannig skatt- og útsvarsfrjáls sem eign og vextir af þeim skatt- og útsvarsfrjálsir.

10. gr.

Innlausn skyldusparnaðarskírteina fer fram hjá ríkisféhirði. Eftir 15. desember 1990 greiðast ekki vextir af skírteinum og engar verðbætur eru greiddar vegna hækkana vísitölu framfærslukostnaðar eftir 1. nóvember 1990.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 31. gr. laga nr. 11 frá 28. apríl 1975, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 22. desember 1975.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

30. desember 1975. Nr. 545.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um skyldusparnað nr. 2/1971.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Sparifé, samkvæmt 1. gr., skal lagt til hliðar á þann hátt, að kaupgreiðandi skal afhenda launþega, sem ekki er undanþegin skyldusparnaði, samkvæmt 5. gr. sbr. 7. gr., sparimerki hvert skipti, sem útborgun vinnulauna fer fram.

Félagsmálaráðuneytið getur veitt leyfi frá sparimerkjakaupum þeim aðilum sem nota skýrsluvélar við launaafgreiðslu enda fái launþeginn við hverja launaafgreiðslu ritaðar upplýsingar frá launagreiðanda um hve há skyldusparnaðarupphæðin var, sem

lögð var til hliðar af launanum og hvað upphæðin sé samtals orðin það sem af er árinu. Leyfi það sem ráðuneytið veitir þannig launagreiðanda skal við það bundið að launaafgreiðslan sé framkvæmd af tilgreindu skýrslugerðarfyrirtæki. Umsókn launagreiðanda um þvílíkt leyfi skal fylgja yfirlýsing skýrslugerðarfyrirtækisins um að það taki á sig þær skyldur og þá ábyrgð sem á það verður lagt með reglugerð þessari og með þeim skilyrðum sem ráðuneytið setur við leyfisveitinguna.

Launagreiðendum þeim sem fá leyfi ráðuneytisins til þess afgreiðsluháttar á skyldusparnað sem um getur í 2. mgr. ber að greiða Húsnæðismálastofnun ríkisins andvirði sparifjárins tafarlaust að lokinni vinnslu í skýrslugerðarfyrirtækinu. Dragist greiðslan fram yfir gjalddaga launanna skal launagreiðandinn greiða dráttarvexti af upphæðinni fyrir þann tíma sem umfram er. Með greiðslunum skal launagreiðandinn skila í þríriti skrá um launþega þá sem sparifénu er skilað fyrir. Ráðuneytið ákveður við leyfisveitinguna hvaða upplýsingar skulu vera á skrá þessari.

Skýrslugerðarfyrirtæki það sem annast launaafgreiðsluna fyrir launagreiðandann skal skila Húsnæðismálastofnun ríkisins tafarlaust að lokinni gerð launagreiðslugagnanna í skýrslugerðarfyrirtækinu skrá um launþegana með sams konar upplýsingum og þeirri, er launagreiðandanum er gert að skila með greiðslu sparifjárins. Jafnframt ber skýrslugerðarfyrirtækinu að skila Húsnæðismálastofnun ríkisins þeim upplýsingum í skýrsluvélatækri mynd sem ráðuneytið áskilur. Húsnæðismálastofnunin kveður nánar á um í hvernig skýrsluvélatækri mynd þessar upplýsingar séu.

2. gr.

8. gr. 4. mgr. orðist svo:

Vextir af sparifé teljast sparifjáreiganda frá þeim degi, sem sparimerkjablað er móttekið af póstmanni. Sé sparifé afgreitt með þeim hætti sem lýst er í 2.—4. mgr. 2. gr. skulu vextir teljast sparifjáreiganda frá gjalddaga launanna.

3. gr.

14. gr. 1. mgr. orðist svo:

Húsnæðismálastofnun ríkisins ávaxtar fé það, er henni berst samkvæmt 13. gr. Er henni berast sparimerkjabréf, sbr. 8. gr. eða skil á upplýsingum frá skýrslugerðarfyrirtæki samkvæmt 4. mgr. 2. gr., skiptir hún fénu eftir því hvar sparimerkjaeigendur eru búsettir. Sparifé þeirra, sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, skal ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins en þeirra, sem búsettir eru á lögbýlum utan kaupstaða og kauptúna í Stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands. Sérhver sparifjáreigandi, samkvæmt reglugerð þessari, fær sérreikning yfir sparifé sitt í annarri hvorri þessara deilda eftir því hvar hann er búsettur.

4. gr.

17. gr. 1. mgr. orðist svo:

Póststjórnin skal láta hlutaðeigandi skattayfirvaldi í té fyrir 28. febrúar ár hvert, upplýsingar um öll sparimerkjakaup á síðastliðnu almanaksári. Upplýsingar þessar skulu vera í því formi, sem skattayfirvöld ákveða. Á skýrslum þessum skulu vera upplýsingar, um nafn sparimerkjakaupanda, heimilisfang hans, svo og upphæð þá, sem hann hefur kaypt sparimerki fyrir á síðastliðnu ári, sbr. 4. gr. Á sama hátt lætur Húsnæðismálastjórn hlutaðeigandi skattyfirvaldi í té upplýsingar um skyldusparnaðarupphæðir þær sem afgreiddar eru með þeim hætti sem lýst er í 2.—4. mgr. 2. gr.

5. gr.

Við 18. gr. bætist 4. mgr. svohljóðandi:

Ákvæði 1.—3. mgr. þessarar greinar ná ekki til skyldusparnaðar sem afgreiddur er með þeim hætti sem lýst er í 2.—4. mgr. 2. gr. Húsnæðismálastjórn sendir hlutað-

eigandi skattyfirvaldi fyrir 28. febrúar ár hvert upplýsingar um skyldusparifjárupphæð þá sem hverjum einstökum launþega hefur verið gert að leggja til hliðar á síðastliðnu almanaksári og afgreitt var með þeim hætti sem lýst er í 2.—4. mgr. 2. gr. Skal þar tilgreint hvernig sparifjárupphæðin skiptist eftir launagreiðendum. Sams konar upplýsingar skal Húsnæðismálastjórn senda fyrir sama tíma viðkomandi launþega.

6. gr.

21. gr. orðist svo:

Allur kostnaður við sparimerki, sparimerkjabækur og framkvæmd skyldusparnaðarins greiðist úr ríkissjóði. Launagreiðendur þeir, sem um ræðir í 2.—4. mgr. 2. gr. skulu bera allan kostnað af afgreiðslu skyldusparnaðarins þar til gögn og greiðsla hefur verið afhent Húsnæðismálastjórn.

7. gr.

22. gr. orðist svo:

Skilyrði fyrir leyfisveitingu skv. 2. mgr. er að launagreiðandi skuldbindi sig til að afla sjálfskuldarábyrgðar banka og leggi fram ótvíræða ábyrgðaryfirlýsingu hans fyrir greiðslu sparifjár og kostnaðar sem launagreiðandanum verður gert að greiða samkvæmt þessari grein, verði misbrestur á því að launagreiðandi standi skil á greiðslum eða gögnum til Húsnæðismálastjórnar. Skal upphæð ábyrgðarinnar nema hið minnsta sem næst fjórðungi þeirrar heildarupphæðar, sem viðkomandi launagreiðanda ber að halda eftir af launum starfsmanna sinna skv. reglugerð þessari á síðasta almanaksári.

Húsnæðismálastjórn ber að krefja launagreiðanda um greiðslu og gera viðkomandi banka aðvart, geri launagreiðandi ekki tafarlaust skil, sbr. 3. mgr. 2. gr. Sé kröfunum ekki sinnt, skal Húsnæðismálastjórn krefja ábyrgðaraðila um greiðslu, þegar liðinn er hálfur mánuður frá gjalddaga launanna.

Eigi ríkisfyrirtæki í hlut ábyrgist fjármálaráðuneytið greiðslu til Húsnæðismálastjórnar með sama hætti og greinir í 1. og 2. mgr.

Verði misbrestur á að skýrslugerðarfyrirtækið skili réttum gögnum, skal fyrirtækið greiða Húsnæðismálastjórn allan kostnað, sem af þeim misbresti leiðir.

8. gr.

23. gr. orðist svo:

Launamiði, sem launþegi fær í hendur frá skýrslugerðarfyrirtækinu, skal svo úr garði gerður, að hann sé auðkenndur nöfnum og heimilisföngum launagreiðandans og launþegans og nafnnúmerum beggja. Jafnframt skal getið dagsetningar, þegar þar tilgreind upphæð var lögð til hliðar af launum hans og send Húsnæðismálastjórn, sem sparifé skv. reglugerð þessari.

Þannig útbúin er launamiði skýrslugerðarfyrirtækisins sönnun gagnvart Húsnæðismálastjórn um inneign viðkomandi launþega vegna skyldusparnaðar.

9. gr.

24. gr. orðist svo:

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00.

Með mál út af brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar skal farið að hætti opinberra mála.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um sérstakt tímabundið vörugjald nr. 346/1975.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald:

1. Af tollverði innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum.
2. Af verksmiðjuverði innlendrar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru, sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi.

Gjaldið skal vera 12% á tímabilinu 17. júlí 1975 til 31. desember 1975, 10% á tímabilinu 1. janúar 1976 til 31. ágúst 1976 og 6% á tímabilinu 1. september 1976 til 31. desember 1976.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þegar almenn verðlagning framleiðanda er miðuð við heildsöluverð reiknast hið sérstaka vörugjald 12%, 10% og 6%, sbr. 2. mgr. 1. gr., á 89.3% heildsöluverðsins en það svarar til 10.7%, 8.93% og 5.36% af heildsöluverði án nokkurs frádráttar á kostnaði svo sem umboðs- eða sölulaunum, afslætti eða öðrum gjöldum. Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverð án söluskatts en hið sérstaka vörugjald myndar stofn til söluskatts.

3. gr.

1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendrar framleiðslu á árinu 1975 eru tveir. Gjalddagi vörugjalds fyrir tímabilið 17. júlí til 30. september er 1. nóvember 1975 og gjalddagi vörugjalds fyrir tímabilið 1. október til 31. desember er 1. febrúar 1976. Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendrar framleiðslu á árinu 1976 eru þrír. Gjalddagi vörugjalds fyrir tímabilið 1. janúar til 30. apríl er 1. júní 1976, gjalddagi vörugjalds fyrir tímabilið 1. maí til 31. ágúst er 1. október 1976 og gjalddagi vörugjalds fyrir tímabilið 1. september til 31. desember er 1. febrúar 1977.

4. gr.

1. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hið sérstaka vörugjald skal greitt af sölu innlendrar framleiðslu frá og með 17. júlí 1975 að telja og af innfluttum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 17. júlí 1975. Skulu lækkanir á gjaldinu hinn 1. janúar 1976 og 1. september 1976 á sama hátt miðaðar við sölu frá og með greindum dagsetningum ef um innlenda framleiðslu er að ræða og töku til tollmeðferðar frá og með greindum dagsetningum sé um innfluttar vörur að ræða. Hafi innflytjandi fyrir 17. júlí 1975 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan afgreidd án greiðslu hins sérstaka vörugjalds skv. 1. gr., en þó því aðeins, að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 27. júlí 1975.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 77/1975 um sérstakt tímabundið vörugjald til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1975.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Ólafsson.

Stjórnartíðindi B 45, nr. 540—546. Útgáfudagur 19. janúar 1976.

STJÓRNARTÍÐINDI B 46 — 1975

29. desember 1975. 1081 Nr. 547.

REGLUGERÐ

um skiptingu veiðisvæða eftir veiðarfærum fyrir Suðvestur- og Vesturlandi.

1. gr.

Á tímabilinu 1. mars — 15. maí 1976 eru veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði er takmarkast af línu, sem dregin er réttvísandi suður frá Hafnarnesi að 63°32′0 N. brd. þaðan réttvísandi vestur í punkt 63°32′0 N og 22°00′0 V, þaðan í réttvísandi suður í punkt 63°25′2 N og 22°00′0 V og þaðan í vesturátt að línu, sem dregin er í réttvísandi suðvestur og í 25 sjómílur frá Reykjanesaukavita.

Þó skal skipum heimilt að veiða á svæði, er takmarkast af lengdarbaugum 21°57′0 V og 22°32′0 V innan línu, sem dregin er milli þeirra þrjár sjómílur út frá ströndinni í samræmi við ákvæði laga um veiðar með botnvörpu og flotvörpu í fiskveiðilandhelginni.

2. gr.

Frá birtingu reglugerðar þessarar til 16. maí 1976 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem markast af línu dreginni réttvísandi vestur frá Sandgerðisvita í punkt 64°02′4 N og 23°42′0 V þaðan í réttvísandi norður í punkt 64°20′0 N og 23°42′0 V og þaðan í réttvísandi austur.

3. gr.

Á tímabilinu 16. febrúar — 15. apríl eru veiðar með botnvörpu og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línum dregnum milli eftirgreindra punkta:

a. 64°51′5 N 24°13′0 V
b. 64°47′5 N 24°31′0 V
c. 65°10′0 N 24°45′5 V
d. 65°10′0 N 24°25′0 V.

4. gr.

Á eftirgreindum svæðum eru netaveiðar bannaðar allt árið:

a. Í Faxaflóa innan línu, sem dregin er úr Þormóðsskeri í Gölt.
b. Á Breiðafirði innan línu, sem dregin er úr Skor (65°24′9 N, 23°57′4 V) um suðvesturhorn Selskers í Eyrarfjall við Grundarfjörð.

5. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni eða samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

B 136

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni svo og samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. desember 1975.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

19. desember 1975. 1083 Nr. 548.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Akureyrar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 17. desember 1975 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Akureyrar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Akureyrar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 19. desember 1975.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

31. desember 1975. Nr. 549.

BÆJANÖFN

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o. fl., gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1975:

Borgarfjarðarsýsla:

Kvistur á garðyrkjubýli í landi Skrúðs, Reykholtsdalshreppi.

Dalasýsla:

Árbær á smábýli í landi Leysingjastaða, Hvammshreppi.

Vestur-Húnavatnssýsla:

Smáragil á þjónustubýli í landi Staðar, Staðarhreppi.
Syðri-Þverá II á smábýli í landi Syðri-Þverár, Þverárhreppi.

Suður-Þingeyjarsýsla:

Helgá á smábýli í landi Víðiholts, Reykjahreppi.
Byrgisholt á smábýli í landi Hafralækjar, Aðaldælahreppi.
Fitjar á þjónustubýli í landi Ártúns, Ljósavatnshreppi.

Norður-Múlasýsla:

Deildarfell í stað nafnsins Deildarlækur á nýbýli í landi Hofs, Vopnafjarðarhreppi.

Suður-Múlasýsla:

Fljótsbakki I á eignarhluta í landi Fljótsbakka, Eiðahreppi.
Fljótsbakki II á eignarhluta í landi Fljótsbakka, Eiðahreppi.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Rangárvallasýsla:

Öldutún á nýbýli í landi Miðkrika, Hvolhreppi.
Skammbeinsstaðir III á eignarhluta í landi Skammbeinsstaða, Holtahreppi.

Árnessýsla:

Mörk á nýbýli í landi Skálmholts, Villingaholtshreppi.
Stærribær II á þjónustubýli í landi Stærribæjar, Grímsneshreppi.
Skyggnisholt á iðnaðarbýli í landi Súluholts, Villingaholtshreppi.
Rein á iðnaðarbýli í landi Árbæjar III, Ölfushreppi.
Árgil á nýbýli í landi Neðradals, Biskupstungnahreppi.
Sandbakki á iðnaðarbýli í landi Forsætis I, Villingaholtshreppi.
Vatnsholt III á nýbýli í landi Vatnsholts II, Villingaholtshreppi.
Hof á nýbýli í landi Sölvholts, Hraungerðishreppi.

Kópavogur:

Elliðahvammur á nýbýli í landi Vatnsenda, Kópavogi.

Kjósarsýsla:

Sætún á nýbýli í landi Móa, Kjalarneshreppi.
Helgafell III á smábýli í landi Helgafells II, Mosfellshreppi.

Menntamálaráðuneytið, 31. desember 1975.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinsson.

Nr. 550. 31. desember 1975.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 178 9. nóvember 1959, um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga.

1. gr.

9. gr. orðist svo:
Um vinninga í 1. flokki skal dregið 10. janúar ár hvert, en í öðrum flokkum 5. hvers mánaðar. Ekki skal þó dregið á helgidögum eða laugardögum eða fyrsta virkan dag eftir helgidag eða almennan frídag. Fer dráttur þá fram næsta virkan dag þar á eftir.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, öðlast gildi 1. janúar 1976.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. desember 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu skipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 18. desember 1975 staðfest breytingu á áður staðfestu skipulagi Reykjavíkur að því er varðar eftirfarandi:

1. Lóðinni nr. 4 við Skildingatanga hefur verið breytt í tvær einbýlishúsalóðir og er hvor um sig u. þ. b. 780 m² að stærð.
2. Í stað opinberra stofnana á reit 1.251.0, milli Tónabíós og Brautarholts annars vegar og Skipholts og Laugavegar hins vegar, verði gert ráð fyrir stofnun og byggingu einkafyrirtækis.

Félagsmálaráðuneytið, 22. desember 1975.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

31. desember 1975. Nr. 552.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 41 24. mars 1956, um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Happdrættið gefur árlega út 75 000 — sjötíu og fimm þúsund — hluti í 12 flokkum. Hver hlutamiði ber áprentað númer, frá 1—75 000, og auk þess merki D. A. S., verð, síðasta endurnýjunardag, dráttardag og innlausnarfrest. Á hann skal prenta eiginhandarnafn framkvæmdastjóra happdrættisins og á honum skal vera undirskrift eða eiginhandarstimpill umboðsmannsins.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Vinningar eru samanlagt 6 000 að tölu í öllum 12 flokkum og eru samanlagt að verðmæti a. m. k. kr. 216 000 000.00 miðað við smásöluverð. Stjórn D. A. S. ákveður fjölda vinninga og verðmæti þeirra í hverjum flokki. Verðmæti vinninga að meðaltali í hverjum flokki skal vera svipað.

3. gr.

7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 4 800.00, en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 400.00. Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum þeim flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

4. gr.

9. gr. orðist svo:

Um vinninga í 1. flokki skal dregið 3. maí ár hvert, og síðan 3. hvers mánaðar, í janúar þó 8. þess mánaðar. Ekki skal þó dregið á helgidögum eða laugardögum eða

fyrsta virkan dag eftir helgidag eða almennan frídag. Fer dráttur þá fram næsta virkan dag þar á eftir.

5. gr.

1. mgr. 10. gr. orðist svo:

Áður en dregið er í 1. flokki skal leggja í hlutastokkinn 75 000 miða, sem merktir eru tölunum 1 til 75 000. Áður en dregið er í hverjum hinna síðari flokka, skal leggja í hlutastokkinn jafnmarga miða, sem síðast voru úr honum dregnir og með sömu tölum. Samtímis skal leggja í vinningastokkinn miða, sem á eru prentaðir vinningar þeir, einn á hvern miða, sem draga skal um í það skipti samkvæmt vinningaskrám, er stjórn D. A. S. semur, en happdrættisráð þarf að samþykkja.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda frá og með 1. flokki 1976.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 73 24. febrúar 1975.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. desember 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 — 1975

5. desember 1975. 1087 Nr. 553.

REGLUR

um smíði og búnað íslenskra skipa.

Hluti H.

Um stöðugleika og öryggi fiskiskipa.

EFNISYFIRLIT

I. KAFLI
Stöðugleiki.

1. gr. Svið.
2. gr. Almennar varúðarreglur.
3. gr. Útreikningur stöðugleikaboglína.
4. gr. Nauðsynleg stöðugleikagögn og mat á stöðugleika.
5. gr. Stöðugleikakröfur.
6. gr. Hallaprófun.
7. gr. Stöðugleikagögn um borð.

II. KAFLI
Útreikningur stöðugleikaboglína.

8. gr. Almennt.
9. gr. Yfirbyggingar, þilfarshús o. fl. sem athuga þarf við útreikninginn.
10. gr. Áhrif óhefts yfirborðs.
11. gr. Hleðslutilvik.
12. gr. Lágmarksákvæði vegna ísingar fiskiskipa.

III. KAFLI
Skilgreiningar og kröfur um gerð og smíði fiskiskipa.

13. gr. Skilgreiningar.
14. gr. Smíði.
15. gr. Búnaður til vatnsþéttrar lokunar.
16. gr. Austurop á skjólborði.
17. gr. Búnaður til verndar áhöfninni.
18. gr. Lestarborð og lestarstoðir.
19. gr. Gildistaka.

Viðauki.

Framkvæmd hallaprófunar.
Skýrsla um hallaprófun.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Reglur um stöðugleika og öryggi fiskiskipa.

I. KAFLI

Stöðugleiki.

1. gr.

Svið.

101. Reglur þessar eiga við ný íslensk fiskiskip, 15 metra að lengd og lengri. Reglurnar eiga einnig við gömul íslensk fiskiskip 15 metra að lengd og lengri, sem gangast undir þær breytingar eða endurbyggingar, sem munu hafa áhrif á stöðugleika þeirra.
102. Siglingamálastjóra er heimilt að krefjast stöðugleikaútreikninga af minni skipum en um getur í 101.
103. Ný eru skip talin, sem samið er um smíði á eftir gildistöku þessara reglna.
104. Siglingamálastjóri getur veitt undanþágu frá ákvæðunum í 5. grein, ef hann telur stöðugleikann á annan hátt nægjanlegan, eða verksvið skipsins á einhvern hátt takmarkað.
105. Til þess að skip teljist uppfylla kröfur um stöðugleika skulu þau einnig uppfylla þær kröfur, sem settar eru fram í III. kafla þessara reglna.
106. Siglingamálastjóra er heimilt að veita skipum 15—25 m að lengd undanþágu frá að uppfylla viss skilyrði III. kafla þegar fyrirsjáanlega er mjög erfitt að uppfylla skilyrðin, eða notagildi skipsins rýrist verulega við að þeim sé framfylgt, en notkun skipsins má þá miða við raunverulegt ástand þess.
107. Skip minni en 15 m að lengd, skulu uppfylla skilyrði III. kafla þessara reglna að því marki sem unnt er og hagkvæmt getur talist að mati siglingamálastjóra.

2. gr.

Almennar varúðarreglur.

201. Þrátt fyrir það, að ákvæðum þessara reglna sé fullnægt, getur skipi samt hvolft og skipstjóri er því engan veginn leystur undan þeirri ábyrgð, sem á honum hvílir varðandi hleðslu, sjóbúnað, búlkun farms og veiðarfæra svo og almenna forsjálni við siglingu skips.
202. Farmi skal haganlega fyrir komið þannig, að unnt sé að uppfylla stöðugleikakröfurnar og aðrar reglur varðandi hleðslu.
203. Til þess að koma í veg fyrir skrið lauss farms í lestum skipa vegna hreyfinga þeirra í sjó, skal skipta lest og þilfari hæfilega niður í stíur, ef nauðsyn þykir. Reglur um niðurskiptingu lesta og efnisstærðir lestaskilrúma eru í 18. grein.
204. Austurop skal hafa á skjólborðum og reglur um þau eru í 16. grein.

3. gr.

Útreikningur stöðugleikaboglína.

301. Aðferð og framkvæmd útreikninga á stöðugleikaboglínum skal vera í samræmi við 8.—10. grein og er háð samþykki siglingamálastjóra.

4. gr.

Nauðsynleg stöðugleikagögn og mat á stöðugleika.

401. Til þess að geta metið hvort stöðugleikakröfum sé fullnægt skal gera réttiarmsboglínur fyrir öll þau helstu hleðslutilvik, sem gera má ráð fyrir við eðlilega notkun skipsins.
402. Ef ekki eru lagðar fram nægilega sundurliðaðar upplýsingar um slík hleðslutilvik, skulu útreikningarnir gerðir fyrir föst tilvik, sem tilgreind eru í 11. grein.
403. Í öllum tilfellum skal byggja útreikningana á ákvæðunum í reglum 1102—1105.

404. Við hönnun skips skal senda Siglingamálastofnun eftirtalin gögn til athugunar og samþykktar áður en smíði er hafin:
a) Hydrostatiskar boglínur reiknaðar við hannaðan stafnhalla þar sem sýndar eru að minnsta kosti línur fyrir særými (∇, $\triangle$) hæð þungamiðju særýmis (KB) og þverskips metasenter radius (BM_T). Auk þess er siglingamálastjóra heimilt að óska eftir boglínum fyrir aðrar hydrostadiskar stærðir, teljist það nauðsynlegt.
b) Jafnhallaboglínur (cross curves) skulu dregnar upp, fyrir útreiknuð gildi, við léttskip, mestu hugsanlegu hleðslu og að minnsta kosti tvö særými þar á milli. Útreikningar skulu miðast við hannaðan stafnhalla og vera gerðir á ekki meira en 10° millibili frá 0° til 60° eða meiri halla.
c) Réttiarmsboglínur við hleðslutilvik sem rædd eru í reglum 401 og 402 og skal þá þyngdarpunktur léttskips útreiknaður eða áætlaður enda komi það fram í gögnunum hvernig hann er fundinn.
d) Önnur gögn sem telja má nauðsynleg til þess að meta stöðugleikann.

405. Að lokinni smíði skips skal gera á því hallaprófun samkvæmt 6. grein og senda Siglingamálastofnun til athugunar og samþykktar, réttiarmsboglínur við sömu hleðslutilvik og um getur í 404. c) útreiknaðar með raunverulegu særými og þyngdarpunkti fengnum við hallaprófun, auk skýrslu um hallaprófnu og annarra gagna sem telja má nauðsynleg til mats á stöðugleikanum.

406. Við smíði á systurskipi skips, hvers stöðugleikagögn hafa þegar verið send inn, athuguð og samþykkt af Siglingamálastofnun samkvæmt 404 og 405, er ekki nauðsynlegt að senda inn til samþykktar stöðugleikagögn fyrir hið nýja systurskip áður en smíði er hafin samkvæmt reglu 404. enda séu línur eins og fyrirkomulag í öllum meginatriðum líkt. Að smíði skipsins lokinni skal þó senda Siglingamálastofnun til athugunar og samþykktar hydrostadiskar boglínur og jafnhallaboglínur samkvæmt 404. a) og b) svo og réttiarmsboglínur, hallaprófunarskýrslu og önnur stöðugleikagögn samkvæmt 405.

5. gr.
Stöðugleikakröfur.

501. Fiskiskip skulu uppfylla eftirtaldar stöðugleikakröfur við öll hleðslutilvik:
a) Flöturinn undir réttiarmsboglínunni (GZ-línunni) skal ekki vera minni en 0.055 meterradianar að Θ=30° hallahorni og ekki minni en 0.09 meterradianar að Θ=40° hallaborni eða að flæðihorni, Θ_f[1]), ef það horn er minna en 40°. Auk þessa skal flöturinn undir réttiarmsboglínunni (GZ-línunni) milli hallahornanna 30° og 40° eða á milli 30° og Θ_f ef það horn er minna en 40°, ekki vera minni en 0.03 meterradianar.
b) Réttiarmurinn GZ, skal ná minnst 0.20 m við hallahorn 30° eða stærra.
c) Stærsti réttiarmur skal vera við hallahorn, sem helst er stærra en 30°, en ekki minna en 25°.
d) Byrjunarmetasenterhæðin GM_0 skal ekki vera minni en 0.35 m. Þó mega skip með heila yfirbyggingu (shelterdeck) og skip lengri en 70 m (L>70) hafa minni byrjunarmetasenterhæð í vissum tilvikum, háð mati siglingamálastjóra en aldrei minni en 0.15 m.

502. Mörkin sem nefnd eru í 501. eru lágmarksgildi, en engin hámarksgildi eru sett. Það er ráðlegt að forðast mikil umframgildi, sem kynnu að leiða til slöngvi-

1) Θ_f er horn hliðarhalla, þar sem þau op í bol, yfirbyggingum eða þilfarshúsum, sem verulega getur flætt um og ekki er unnt að loka vatnsþétt, koma undir sjó.

krafta, sem gætu orðið skipi, áhöfn, tækjum og öruggum flutningi farms til skaða.

503. Þegar veltustillir er í skipi skulu stöðugleikaútreikningarnir sýna að fyrrgreindum mörkum verði náð einnig með tækin í notkun.

504. Siglingamálastjóri getur ákveðið önnur stöðugleikamörk fyrir einstakar gerðir skipa ef hann telur það rétt og skylt.

505. Við mat á stöðugleikaútreikningum og uppfyllingu stöðugleikakrafna kann siglingamálastjóri að taka tillit til ýmissa skyldra atriða, svo sem hliðarvinds á skipum með stóru vindfangi, sjávar á þilfari, nót í blokk, togvíra í gálgum, veltueiginleika, viðtaka á skut, stærð skrúfu við lítið flotmagn afturskips, öldugangs aftan að skipi o. s. frv. eftir því sem ástæða þykir til. Ísmyndun á efri hluta skipsins skal taka til greina á öllum fiskiskipum og í útreikningum skal bætt við þunga vegna ísingar eins og sýnt er í 12. grein.

6. gr.
Hallaprófun.

601. Þegar smíði er lokið skal framkvæma hallaprófun á hverju skipi til að ákvarða raunverulegt særými og staðsetningu þungamiðju létts skips[1]).

602. Siglingamálastjóri getur veitt undanþágu frá hallaprófun einstakra skipa þegar fyrir hendi eru samþykktar niðurstöður frá hallaprófun á samskonar skipi (systurskipi) smíðuðu á sömu skipasmíðastöð eftir sömu teikningum og með sams konar búnaði.

603. Þegar hallaprófun hefur farið fram skal gera skýrslu um hana og skal hún undirrituð af þeim, sem um hana sá og fulltrúa eða eftirlitsmanni frá Siglingamálastofnuninni sem skal vera viðstaddur hallaprófunina.

604. Í viðauka þessara reglna eru leiðbeiningar um framkvæmd hallaprófunar og er til þess mælst að farið sé eftir þeim eins og unnt er. Auk þess eru sýnd dæmi um eyðublöð sem hentugt er að nota við skýrslugerð um hallaprófun.

7. gr.
Stöðugleikagögn um borð.

701. Skipstjóri hvers skips, sem þessar reglur ná til, skal fá í hendur upplýsingar, sem gera honum kleift að meta auðveldlega og örugglega stöðugleika skips síns við mismunandi aðstæður. Afrit þessara upplýsinga skal senda Siglingamálastofnuninni.

702. Stöðugleikagögn skulu að jafnaði vera eftirfarandi:

a) Stöðugleikakennilínur við almenn hleðslutilvik.

b) Upplýsingar í formi taflna eða línurita, sem gera skipstjóra fært að meta stöðugleika skips síns og staðfesta að hann sé nægur við þau hleðslutilvik, sem eru frábrugðin almennu tilvikunum. Þessar upplýsingar skulu fyrst og fremst fela í sér boglínu eða töflu þar sem tilgreind er, miðað við djúpristu, sú nauðsynlega byrjunarmetasenterhæð, sem tryggir að stöðugleikinn sé í samræmi við stöðugleikakröfurnar í reglu 501. hér að framan. Í stað GM_O má nota annað stöðugleikagildi ef hentugra þykir.

c) Leiðbeiningar um rétta notkun veltustillis og áhrif hans á stöðugleika, sé hann í skipinu.

d) Athugasemdir og leiðréttingar, sem gera þarf við byrjunarmetasenterhæðina, GM_O, vegna vökva með óheftu yfirborði.

---

1) **Létt skip** er skipið fullsmíðað með olíu og vatn á vélum og kerfum og með öllum föstum búnaði; en án íss, veiðarfæra og farms; brennsluolíu, smurolíu eða vatns í geymum; vista eða áhafnar með farangri.

II. KAFLI
Útreikningur stöðugleikaboglína.

8. gr.
Almennt.

801. Hydrostatiskar og jafnhallaboglínur skal venjulega gera við hannaðan stafnhalla. Sé stafnhalli hleðslutilviks, lag eða fyrirkomulag skipsins slíkt, að frávik frá hönnuðum stafnhalla hafi teljandi áhrif á réttiarma, þá skal taka tillit til þeirra breytinga.

802. Rúmmál skal reikna að efri fleti þilfarsklæðningar og á ytri flöt byrðings.

9. gr.
Yfirbyggingar, þilfarshús o. fl. sem athuga þarf við útreikninginn.

901. Lokaðar yfirbyggingar, sem uppfylla skilyrðin í 1309 í þessum reglum, má taka með í útreikninginn.

902. Næstu röð yfirbygginga þar fyrir ofan, lokaða á sama hátt, má einnig taka með í útreikninginn.

903. Þilfarshús á aðalþilfari (freeboard deck) má taka með í útreikninginn, ef þau uppfylla skilyrðin fyrir lokaðar yfirbyggingar, sem sett eru í reglu 1309.

904. Nú fullnægir þilfarshús ofangreindum skilyrðum, að því undanskildu, að það er ekki búið manngengum uppgangi til næsta þilfars fyrir ofan og skal þá ekki reikna það sem lokað á hinn bóginn skal telja sérhvert op á þilfarinu inni í slíku húsi lokað, jafnvel þótt enginn lokunarbúnaður sé á því. Á litlum skipum þar sem augljósum erfiðleikum er bundið að koma fyrir ofangreindum uppgangi úr þilfarshúsum má taka þau með í útreikninginn, enda takmarkist notkun skipsins við raunverulegt ástand.

905. Þilfarshús skal ekki taka með í útreikninginn nema það sé búið hurðum, sem uppfylla kröfurnar í 1502; á hinn bóginn er sérhvert op í þilfari innan þilfarshússins talið lokað, ef lokunarbúnaður þess uppfyllir kröfurnar í reglum 1503—1512.

906. Þilfarshús á þilförum ofan aðalþilfars skulu ekki tekin með í útreikningana, en op í þilför innan þeirra, má telja lokuð.

907. Yfirbyggingar og þilfarshús, sem eru ekki talin lokuð, má í sérstökum tilfellum taka með í stöðugleikaútreikningana upp að flæðihorni, að því tilskildu að það leiði ekki til snöggs né alvarlegs flæðis inn í skipið.

908. Lítil op eins og op fyrir víra eða keðjur, blakkir og akkeri og einnig op afrennslis, frárennslis og skólppípna skulu ekki vera álitin opin, þótt þau fari í kaf við hallahorn stærra en 30°. Ef þau fara í kaf við hallahorn, sem er 30° eða minna, skulu þau talin opin, ef þau, að dómi siglingamálastjóra, valda því að verulega flæði inn í skipið.

909. Lyft þilför og geymisreisnir (trunks) má taka með í útreikningana. Einnig má reikna lestarlúgur með, sé lokunarbúnaður þeirra fullnægjandi.

910. Þilfarsfarm má taka með í útreikningana eftir því, sem aðstæður leyfa. Með lestar fullar og ekki meiri þilfarsfarm en svo, að skipið mari með lægsta hluta fríðborðsþilfars í sjóskorpunni, má taka ¼ af hæð þilfarsfarms með í stöðugleikaútreikningana.

10. gr.
Áhrif óhefts yfirborðs.

1001. Við öll hleðslutilvik skal leiðrétta byrjunarmetasenterhæðina og réttiarmsboglínurnar fyrir áhrifum frá óheftu yfirborði vökva í geymum, sem ekki eru annað hvort alveg fullir eða alveg tómir.

1002. Við leiðréttingu þessa skal taka tillit til allra þeirra geyma, sem geta samtímis haft óheft yfirborð.

1003. Nákvæmni í útreikningi áhrifa óhefts yfirborðs er mikilvæg, en að jafnaði má telja það nægjanlegt að reikna nákvæmlega tregðuvægi (i) yfirborðs vökvans, samsvarandi innihaldi geymis við 0° halla skips og minnka metasenterhæð skipsins um: $\frac{\Sigma i_\gamma}{\Delta}$

þar sem Σi_γ er summan af tregðuvægi óhefts yfirborðs sinnum eðlisþungi vökva, í öllum þeim geymum sem áhrif hafa hverju sinni.

Δ er særými skips (tonn) í því tilviki, sem reiknað er.

1004. Við útreikninga fyrir skip, sem ætluð eru til flutnings á lausum síldar- eða loðnufarmi skal á sama hátt leiðrétta metasenterhæðina fyrir þeim áhrifum sem óheft yfirborð þessa lausa farms hefur, þegar lestar eru ekki alveg fullar.

11. gr.
Hleðslutilvik.

1101. Föstu hleðslutilvikin, sem vísað er til í 402 eru eftirfarandi:

a) Ástand við létt skip, fullsmíðað, með olíu og vatn á öllum vélum og kerfum og með föstum búnaði en án veiðarfæra, farms eða íss; brennsluolíu, smurolíu eða vatns í geymum; vista eða áhafnar með farangri.

b) Ástand við brottför á veiðar með olíu- og vatnsgeyma fulla, með áhöfn og allar birgðir, vistir, salt, ís, veiðarfæri o. s. frv.

c) Ástand við brottför af fiskimiðum með fulla hleðslu afla og 30% eftir af olíu, vatni, birgðum og vistum.

d) Ástand við heimkomu með fulla hleðslu afla og 10% eftir af olíu, vatni, birgðum og vistum.

e) Ástand við heimkomu með 20% af fullri hleðslu afla og 10% eftir af olíu, vatni, birgðum og vistum.

f) Fyrir það tilvik meðal hinna þriggja síðastnefndu 1101 c), d) og e), sem sýnir minnstan stöðugleika, skal að auki reikna stöðugleikann með ísingu eins og hún er skilgreind í 12. grein.

1102. Telja skal að veiðarfæri séu vot og reikna þunga þeirra sem slíkra.

1103. Í öllum atvikum skal álíta að allur farmurinn sé sömu tegundar nema slíkt sé í ósamræmi við venju eða staðreynd.

1104. Ef gera má ráð fyrir þilfarshleðslu, skal reikna tilvik í 1101 d) með henni eins og nánar er rætt í 910.

1105. Ekki skal að jafnaði reikna með sjókjölfestu við stöðugleikaútreikningana. Þó má gera það í sérstökum tilfellum og þá því aðeins, að hún sé í sérstökum þar til gerðum geymum, sem ekki eru notaðir fyrir annað.

12. gr.
Lágmarksákvæði vegna ísingar fiskiskipa.

1201. Gera skal ráð fyrir að þungi íss á hvern fermetra óvarðra þilfara og ganga sé ekki minni en 40 kg/m^2. Gera skal ráð fyrir að þungi íss á hvern fermetra hliðarmyndar þess hluta skipsins sem er ofan sjólínu, skjólborð og möstur meðreiknuð, sé ekki minni en 10 kg/m^2 fyrir hvora hlið.

1202. Þungamiðju íss skal reikna samkvæmt staðsetningu viðkomandi þilfarshluta, ganga og annarra óslitinna flata, þar sem ís getur hlaðist. Flatarmál og þungamiðju ósamhangandi flata, grindverka, staga og reiða (að undanteknum möstrum á skipum, sem ekki hafa segl), svo og flatarmál annarra smárra hluta, skal ekki

reikna en auka þess í stað heildarflatarmál hliðarmynda óslitinna flata um 5% og statiskt vægi um 10%.

1203. Ef ástæða þykir til, er siglingamálastjóra heimilt að skerpa þessi ákvæði hvort heldur er í einstökum atvikum eða almennt.

III. KAFLI

Skilgreiningar og kröfur um gerð og smíði fiskiskipa.

13. gr.

Skilgreiningar. (Sjá mynd 1)

1301. **Stöðluð vatnslína** er vatnslína samsíða grunnlínu við 85% dýpt skipsins (0.85 D), miðskipa eins og skilgreint er í 1305.

1302. **Aftari og fremri lóðlínur** skera staðlaða vatnslínu í miðlínu skipa, sem hér segir:

(i) Við innra borð byrðings í skut og við innra borð stefnisplötu í stafni á skipum með byrðing úr stáli eða öðrum málmi,

(ii) við ytra borð byrðings í skut eða ytri brún spónfars í afturstefni og ytri brún spónfars í stafni á skipum með byrðing úr tré.

(iii) Við ytra borð byrðings í skut og ytra borð stefnisplötu í stafni; eða þar sem hugsuð framlenging ytra borðs byrðings sker miðlínu skips með bjálkastefni; á skipum með byrðing úr öðrum efnum en málmi eða tré.

1303. **Lengd** skips (L) er lengd staðlaðrar vatnslínu milli aftari og fremri lóðlína. **Miðskipa** er við miðja lengd L.

1304. **Breidd** (B) er mesta breidd innan lengdar L, mæld á ytri brún banda (mótuð breidd) á málm-skipum, en að ytra borði byrðings á skipum úr öðru efni.

1305. **Dýpt** (D) er dýpt mæld lóðrétt á staðlaða vatnslínu miðskipa úti við byrðing við aðalþilfar, sem hér segir:

(i) Frá efri brún þilfarsbita að innri brún kjölplötu eða að þeim punkti þar sem innri brún byrðings sker stangarkjöl á skipum með byrðing úr málmi.

(ii) Frá efri brún þilfarsbita að ytri brún spónfars á kili á skipum með byrðing úr tré.

(iii) Frá efri brún þilfarsbita að ytri brún kjalplötu; eða að þeim punkti þar sem hugsuð framlenging ytri brúnar byrðings sker miðlínu skips með bjálka- eða kassakjöl á skipum með byrðing úr öðrum efnum en málmi eða tré.

1306. **Blokkstuðull** (C_b) er gefinn með eftirfarandi líkingu:

$$C_b = \frac{\nabla}{LBd}$$

þar sem: ∇ er rúmmál mótaðs særýmis málmskipa (mælt á ytri brún banda) en rúmmál særýmis á ytra borð byrðings á skipum úr öðrum efnum.

d er viðeigandi djúprista mæld miðskipa á efri brún kjalar á málm-skipum eða að neðri brún byrðings á skipum úr öðrum efnum, eins og skilgreint í 1305. (i), (ii) og (iii).

1307. **Aðalþilfar** er venjulega efsta heila þilfarið með fastabúnaði til vatnsþéttrar lokunar á öllum opum, á óvörðu þilfari og neðan þess.

Ef þess er óskað, má siglingamálastjóri heimila, að þilfar neðan ofannefnds þilfars verði talið aðalþilfar að því tilskildu að það sé heilt að minnsta kosti milli vélarúms og skutþils og vélarúms og stafnþils og órofið þverskips. Sé neðra þilfar talið aðalþilfar, þá skal sá hluti bolsins sem er ofan þess, talinn yfirbygging.

Þegar aðalþilfar er lyft skulu öll mál, sem miðuð eru við aðalþilfar, mæld frá lægstu línu þilfarsins og framhaldi þeirrar línu dreginni samhliða efri þilfarshlutanum.

1308. **Yfirbygging** er lokuð bygging á aðalþilfari, sem nær milli skipssúða, eða hliðar hennar eru ekki innar frá súð, en svarar 4% af breidd skipsins B.

1309. **Lokuð yfirbygging** er yfirbygging með:

a) Endaþilum og hliðum af fullnægjandi gerð.

b) Hurðum fyrir opum í þilum, ef einhver eru, samkv. kröfunum í 1502.

c) Körmum og þröskuldum ef einhverjir eru, samkvæmt kröfum í 1525—1529.

d) Fullnægjandi veðurþéttum lokunarbúnaði fyrir öllum öðrum opum í hliðum, endum eða þekju.

Lyft afturþilfar (raised quarterdeck) telst yfirbygging. Miðlyfting eða skutlyfting skal ekki talin lokuð nema áhöfninni sé séð fyrir aðgangi að vélarúmum og öðrum vinnurúmum innan þessara yfirbygginga með inngöngum, sem eru alltaf aðgengilegir þótt op í endaþilum séu lokuð.

1310. **Yfirbyggingarþilfar** er heilt þilfar, eða þilfarshluti eða þekja yfirbyggingar, þilfarshúss eða annarrar byggingar í ekki minni hæð en 1.8 meter yfir aðalþilfari.

1311. **Hæð yfirbyggingar** eða annarrar byggingar er minnsta lóðrétta fjarlægðin mæld við skipssúð eða hliðarþil frá efri brún þilfarsbita neðra þilfars að efri brún þilfarsbita yfirbyggingar eða byggingar.

1312. **Veðurþétt** þýðir að vatn eða sjór geti ekki komist inn um op hvernig sem sjólag er. (Veðurþétt þýðir þéttleika frá annarri hlið.)

1313. **Vatnsþétt** þýðir að vatn eða sjór geti hvorki komist út né inn í bygginguna við vatnssúlu upp að yfirbyggingarþilfari. (Vatnsþétt þýðir þéttleika frá báðum hliðum.)

14. gr.
Smíði.

1401. Styrkleiki bols, yfirbygginga, vélareisna, kappa og annarra bygginga, skal vera nægjanlegur til þess að standast allt fyrirsjáanlegt álag sem venjulegar aðstæður skapa í ætlaðri notkun. Uppfylla skal kröfur íslenskra reglna um smíði skipa og sérkröfur Siglingamálastofnunar ríkisins. Siglingamálastjóri má telja nægjanlegt í þessu tilliti, að skip sé smíðað og því við haldið í samræmi við reglur flokkunarfélags, sem viðurkennt er af íslensku ríkisstjórninni.

15. gr.
Búnaður til vatnsþéttrar lokunar.

1501. Op, sem vatn getur komist inn um og sett skipið í hættu skulu vera eins fá og unnt er og búin hæfum lokunarbúnaði í samræmi við þessa grein. Ef lokunarbúnaður slíkra opa er af annarri gerð eða úr öðru efni en tilgreint er í þessari grein, skal hann vera jafngildur því sem hér greinir en allur lokunarbúnaður er háður samþykki Siglingamálastofnunar.

Hurðir.

1502. Hurðir skulu vera tengdar við þilin, hafa karm og stífur svo að styrkleiki sé jafn og í óskertu þili. Unnt skal að loka þeim veðurþétt og búnaðurinn til þess skal vera gúmmíþéttingar (fast gúmmí, ekki svampgúmmí) og spennisnerlar eða annar jafngildur búnaður. Auðvelt skal vera að opna og loka frá báðum hliðum. Allur þessi búnaður er háður samþykki Siglingamálastofnunarinnar.

Lestarhlerar úr tré.

1503. Unnin þykkt lestarhlera úr tré skal vera minnst 4 mm fyrir hverja 100 mm hafs milli sæta en þó minnst 40 mm. Sæti fyrir hlerana skulu vera minnst 65 mm breið.

1504. Séu lestarhlerar úr tré, skal lestaropið gert veðurþétt með segldúk og skálkunarbúnaði. Á hvert lestarop skal nota að minnsta kosti tvöfaldan segldúk vatnsheldan, nægjanlega sterkan og úr efni samkvæmt viðurkenndum staðli. Skálkjárn og fleygar skulu falla vel og fleygar skulu vera úr seigu efni. Halli fleyganna skal ekki vera meiri en 1:6 og þynnri endinn ekki þynnri en 13 mm. Fleygeyru skulu hæfa fleygunum og ekki má vera lengra en 600 mm á milli þeirra, mælt á miðju en mest 150 mm frá hverju karmhorni. Lestarhlerana skal tryggja með stálstöng eða tréstöng eða jafngildum búnaði ofan á segldúkinn, festum við hliðar lestarkarmsins með skrúfukrókum eða öðrum öruggum búnaði. Hlera, sem eru lengri en 1.5 metrar, skal tryggja með tveimur slíkum stöngum.

Lestarhlerar úr öðru efni en tré.

1505. Styrkleika lestarhlera úr öðru efni en tré skal reikna fyrir væntanlegt raunverulegt álag, en þó aldrei minni en eftirfarandi:

1.0 tonn/m^2 fyrir 24 m. löng skip og styttri.

1.75 tonn/m^2 fyrir 100 m. löng skip og lengri.

Fyrir lengdir þar á milli skal finna þungatöluna með línulegri milligildun.

Fyrir hlera í yfirbyggingarþilfari aftar en 0.25 L frá fremri lóðlínu, má nota gildi, sem eru 75% af ofannefndu álagi.

1506. Þegar hlerar eru gerðir úr stáli, má mesta spenna í efninu reiknuð frá gildunum í 1505 margfölduð með 4.25, ekki vera meiri en lágmarksbrotþol efnisins. Við þetta álag má niðurbeyging hleranna ekki verða meiri en 0.0028 sinnum óstudd hleralengdin.

1507. Styrkleiki og stífleiki hlera, sem eru gerðir úr öðru efni en stáli, skal vera jafngildur og á stálhlera að mati siglingamálastjóra.

1508. Hlerar skulu búnir þéttingum og spennibúnaði, til þess að tryggja að þeir séu veðurþéttir eða öðrum jafngildum búnaði að mati siglingamálastjóra. Að jafnaði skal ekki vera lengra en 750 mm á milli spennibolta og mest 300 mm frá hverju horni þéttikants.

Op að vélarúmi.

1509. Op að vélarúmi skulu vera með hæfilegri umgjörð og vel lokuð af reisn með nægjanlegum styrk en ytri aðgangsop í reisnina skulu búin hurðum í samræmi við kröfur í 1502.

1510. Önnur op en aðgangsop skulu búin fasttengdum hlerum, sem unnt er að loka veðurþétt, jafnsterkum óskertri byggingunni.

Önnur op í þilför.

1511. Þar sem það er nauðsynlegt vegna fiskveiðanna má setja slétt þilfarslok, skrúfuð, læst eða lokuð á annan jafngildan hátt, og mannopslok að því tilskildu að unnt sé að loka þeim vatnsþétt. Sé þeim ekki lokað með þéttsetnum boltum, skulu þau vera fasttengd þilfari með keðju eða þvílíku. Gerð lokanna og staðsetning er háð samþykki siglingamálastjóra, sem enn fremur kann að setja að skilyrði, að þau verði ekki opnuð nema í höfn.

1512. Sterk yfirbygging, þilfarshús eða kappi með veðurþéttri hurð, eða jafngildi hennar, skal verja op í aðal- og yfirbyggingarþilfari önnur en lestarop, vélarúmsop, mannop og slétt þilfarslok. Kappar skulu vera eins nærri miðlínu skipsins og hagkvæmt getur talist.

Loftháfar (ventilatorar).

1513. Karmar loftháfa skulu vera traustbyggðir og unnt að loka þeim veðurþétt með búnaði fasttengdum loftháfnum eða aðliggjandi byggingu.

1514. Veðurþéttan lokunarbúnað þarf ekki á loftháfa, ef karmar þeirra ná meira en 4.5 m yfir aðalþilfar eða meira en 2.3 m yfir yfirbyggingarþilfar á skipum, sem eru 30 metra löng eða lengri, en 3.4 m yfir aðalþilfar, eða 1.7 m yfir yfirbyggingarþilfar á skipum, sem eru 15 m löng eða styttri. Samsvarandi skilyrði um hæð loftháfa skipa sem hafa lengd þar á milli má finna með línulegri milligildun. (Sjá jafnframt reglur frá 2. október 1969, um eldvarnir í fiskiskipum, 7. gr. A lið og 19. gr. A lið).

Loftpípur.

1515. Þegar loftpípur geyma eða annarra rúma undir þilfari ná upp fyrir aðalþilfar eða yfirbyggingarþilfar, skal óvarði hluti pípnanna vera nægjanlega traustbyggður. Fullnægjandi búnaður til lokunar opi pípnanna skal vera festur við pípuna eða aðliggjandi byggingu.

Kýraugu.

1516. Öll kýraugu á yfirbyggingum eða öðrum lokuðum byggingum á aðalþilfari skulu búin blindlokum á lömum, sem unnt er að loka vatnsþétt.

1517. Engin kýraugu skulu vera neðan aðalþilfars.

1518. Kýraugu, glerin í þeim og blindlokin skulu vera nægjanlega traustleg að mati siglingamálastjóra.

Op í skipssúð.

1519. Op í skipssúð skulu vera eins fá og samræmanlegt er gerð og réttri notkun skipsins. Lokunarbúnaður slíkra opa skal vera svo gerður, að tryggður verði vatnsþéttleiki og styrkleiki samsvarandi byrðingi umhverfis opið.

1520. Neðri brún lestar-opa í skipshlið skal ekki vera neðan aðalþilfars nema að fengnu sérstöku leyfi siglingamálastjóra.

Afrennsli, inntök og frárennsli.

1521. Sérhver frárennslispípa, sem er leidd í gegnum byrðing neðan aðalþilfars eða innan lokaðrar byggingar á aðalþilfari, skal búin sjálfvirkum einstreymisloka með virkum búnaði til lokunar frá aðgengilegum stað. Siglingamálastjóri getur leyft að sleppa slíkum loka, ef hann telur, að flæði vatns í gegnum opið geti ekki leitt til hættu og að þykkt pípanna sé nægileg.

1522. Í mönnuðu vélarúmi má stjórna á staðnum aðal- og hjálparsjóinntökum svo og frárennsli vélbúnaðar. Stjórnbúnaðurinn skal vera vel aðgengilegur og búinn vísi, sem sýnir hvort lokinn er opinn eða lokaður.

1523. Í ómönnuðu vélarúmi með fulla sjálfvirkni gilda ákvæðin í 1522 að því tilskildu að komið sé fyrir hæfum viðvörunarbúnaði, sem gefur til kynna hvort vatn safnast í rúmið eða hvort leki sé frá einhverju vökvakerfi. Ella skulu lokar fjarstýrðir frá næsta þilfari þar yfir, og á stjórnstaðnum sé vísir sem sýni hvort þeir eru opnir eða lokaðir.

1524. Allir lokar og annar búnaður festur á byrðing skal vera úr stáli, bronsi eða öðru viðurkenndu seigu efni. Allar pípur milli byrðings og loka skulu vera úr stáli nema í skipum úr öðru efni en stáli, þar getur siglingamálastjóri samþykkt notkun annarra efna.

Hæðir lestarkarma, dyraþröskulda, lofthafskarma og loftpípna.

1525. Hæð lestarkarma á aðalþilfari og framan 0.25 L framskips á yfirbyggingarþilfari skal vera minnst 600 mm yfir þilfar, en aftan 0.25 L á yfirbyggingarþilfari minnst 450 mm yfir þilfar.

1526. Siglingamálastjóri getur leyft lægri lestarkarma en segir í 1525 og jafnvel að sleppa þeim algerlega þar sem slíkt er nauðsynlegt vegna veiða eða annarrar notkunar skipsins. Slíkum lestaropum skal loka með fastboltuðum stálhlerum eða hlerum með gúmmíþéttingum, lömum og snerlum og þegar um er að ræða lestarop, sem opna þarf á sjó úti skal tryggt að unnt sé að loka því fljótt og veðurþétt. Teikningar af öllum slíkum umbúnaði skal senda Siglingamálastofnun til samþykktar.

1527. Þröskuldshæð þeirra dyra á köppum, yfirbyggingum, þilfarshúsum og vélareisnum, sem liggja beint út á þilfar, opið fyrir veðri og sjó, skal vera minnst 600 mm yfir þilfar, á aðalþilfari og framan 0.25 L framskips á yfirbyggingarþilfari, en aftan 0.25 L á yfirbyggingarþilfari minnst 380 mm yfir þilfar.

1528. Karmhæðir lofthafa skulu vera minnst 900 mm yfir þilfar á aðalþilfari og framan 0.25 L á yfirbyggingarþilfari, og minnst 760 mm yfir þilfar á yfirbyggingarþilfari aftan 0.25 L, á skipum, sem eru 30 m eða lengri, en minnst 760 mm yfir aðalþilfari og framan 0.25 L á yfirbyggingarþilfari og minnst 450 mm yfir yfirbyggingarþilfari aftan 0.25 L á skipum, sem eru 15 m löng eða styttri. Samsvarandi skilyrði um karmhæðir lofthafa skipa sem hafa lengd þar á milli má finna með línulegri milligildun. Karmhæð lofthafa frá vélarúmi skal vera eins mikil og raunsætt og hentugt þykir og skal vera háð mati og samþykkt siglingamálastjóra.

1529. Hæð loftpípna yfir þilfar að opi, sem vatn getur runnið inn um, skal vera minnst 760 mm á aðalþilfari og 450 mm á yfirbyggingarþilfari. Siglingamálastjóri getur leyft lægri loftpípur, ef full hæð hindrar eðlilegar fiskveiðar þó að því tilskildu að lokunarbúnaðurinn sé í engu skertur.

16. gr.

Ausurop á skjólborði.

1601. Á skipum þar sem skjólborð óvarins þilfarshluta mynda brunna skulu ausurop (A), á hvorri skipshlið fyrir hvern brunn á aðalþilfari, vera minnst eins og gefið er í eftirfarandi jöfnum:

Þar sem lengd (l) brunnsins (hliðarskjólborðs) er 20 metrar eða minna,
$A = 0.7 + 0.035\ l$ fermetrar.

Þar sem lengd (l) er yfir 20 metra
$A = 0.07\ l$ fermetrar.

l þarf ekki að reiknast meira en 0.7 L.

Sé skjólborð yfir 1.2 metrar á hæð að meðaltali, skal stækka ausurop um 0.004 fermetra á hvern lengdarmeter brunns fyrir hverja 0.1 metra hækkun skjólborðs. Sé skjólborð undir 0.9 metrar á hæð að meðaltali, má minnka ausurop um 0.004 fermetra á hvern lengdarmeter brunns fyrir hverja 0.1 metra lækkun skjólborðs.

1602. Siglingamálastjóri getur krafist stærri ausuropa en ákveðið er í 1601. þar sem sérstök ástæða þykir til.

1603. Siglingamálastjóri getur leyft að stærð ausuropa á yfirbyggingarþilfari sé minni eða allt að helmingi þess flatarmáls (A) sem er fengið í reglu 1601.

1604. Ausuropum skal komið þannig fyrir eftir lengd skipsins að þau veiti sem fljótasta og öruggasta losun vatns af þilfarinu. Lægri brún ausuropa skal vera eins nærri þilfari og aðstæður leyfa.

1605. Austurop skulu helst vera án hlera og aðeins með rimlum. Séu austurop með hlerum skulu þeir vera sjálfopnandi út, og án læsingabúnaðar. Austurop með hlerum, skulu einnig hafa rimla sé opið hærra en 300 mm.
Millibil milli rimla skal ekki vera minna en 50 mm og ekki meira en 230 mm.

1606. Síldarruðningsop skulu ekki reiknuð með austuropum og mega vera með læstum hlerum. Lokunarbúnaður þeirra skal vera af viðurkenndri gerð og opnanlegur frá bátaþilfari eða öðrum jafn aðgengilegum stað.

1607. Geymslurekkum fyrir veiðarfæri og veiðarfærum skal þannig fyrir komið á þilfari, að eðlileg not austuropanna verði ekki skert.

1608. Vegna ísingarhættu skulu hlerar og annar varnarbúnaður vera losanlegur til þess að auðvelda ísruðning. Frágangur og búnaður er háður samþykki siglingamálastjóra.

17. gr.

Búnaður til verndar áhöfninni.

1701. Nauðsynleg skjólborð eða handrið skal setja um öll opin þilför og yfirbyggingarþilför. Hæð skjólborða eða handriða skal vera minnst 1.0 metri yfir þilfar. Siglingamálastjóri getur leyft lægri skjólborð ef nauðsynlegt er vegna fiskveiða og öryggi áhafnar er tryggt á annan hátt.

1702. Bilið undir neðstu rim handriða skal ekki vera meira en 230 mm og milli annarra rima ekki meira en 380 mm. Á skipum með ávala þröm skal setja handriðið á slétta hluta þilfarsins. Handrið skulu vera án skarpra odda, brúna, kverka eða horna og vera nægjanlega sterk, og örugglega fest.

1703. Til verndar áhöfninni skal koma fyrir nægjanlegum handriðum, bjarglínum, gangbrúm eða neðanþilfarsgöngum til þess að auðvelda gang að og frá íbúðum, vélarúmi og öðrum vinnustöðum. Handrið skal setja á öll þilfarshús og vélareisnir, og ofan á stýrishús og önnur þilfarshús þar sem umgangs má vænta.

1704. Á skuttogurum skal setja hurðir, grindur eða annan heppilegan lokunarbúnað við efri enda skutrennu í jafnhæð við aðliggjandi skjólborð. Koma skal fyrir keðju eða öðru til þess að mynda vörn þvert fyrir rennuna þegar hurðin eða lokunarbúnaðurinn er opinn. Einnig skal setja festingar fyrir líflínur áhafnar.

1705. Þar sem hæð lestarkarma eða karma annarra þilfarsopa er minni en 450 mm, skal setja upp handrið þegar þessi op eru höfð opin vegna vinnu við þau eða umferðar um þau. Þessi handrið skulu vera minnst 900 mm há og mega vera lausar stoðir í þar til gerðum grópum og kaðall, keðja eða vír á milli. Þessara handriða er þó ekki krafist við op sem eru aðeins opin stutta stund í einu t. d. til þess að hleypa niður fiski.

1706. Þilfarsfarmi skal þannig fyrir komið að hann hindri ekki:
a) Vinnu áhafnar á þilfari og aðgang að íbúðum eða vélarúmi.
b) Afrennsli vatns af þilfari.
c) Stjórnun lokunarbúnaðar, stjórnloka o. þ. h.

18. gr.

Lestarborð og lestarstoðir.

Skilgreining.

1801. Lestum, sem ætlaðar eru fyrir ísaðan fisk í kössum eingöngu, þarf ekki að skipta með þver- né langskilrúmum nema eigandi óski þess.

1802. Lestum, sem ætlaðar eru til flutnings á lausum farmi eins og síld til bræðslu, má skipta með föstum stálþilum í hólf, sem eru mest 3 m á breidd og 9 metrar á lengd. Styrkleika þilanna má finna af smíðareglum fyrir slík stálþil. Teikningar af lestarfyrirkomulagi og þilum eru háðar samþykki Siglingamálastofnunar. Við stöðugleikaútreikninga á skipum þannig búnum, skal reikna með óheftu yfirborði farms í lestum sbr. 1004.

1803. Lestum fyrir lausan fisk að öðru leyti en að ofan greinir skal skipta í stíur, bæði vegna meðferðar á fiski og sjóhæfni skipsins. Lengd stíuborða skal jafnan vera 1—1.5 m en sé þess óskað að hafa borð lengri en 1.7 m skal sækja um leyfi til þess til siglingamálastjóra og tilgreina ástæðu.

1804. Eftirfarandi reglur gilda um uppstillt lestarskilrúm við flutning á lausum fiski í lest. Miðað er við að borð og stoðir myndi stíur og þoli fulla hleðslu frá annarri hliðinni, þ. e. a. s. önnur stían tóm, en hin full.

1805. Í reglum þessum eru eftirfarandi tákn notuð:
(Sjá Mynd 2).

W = mótstöðuvægi í cm^3 um x—x.
I = tregðuvægi í cm^4 um x—x.
t = þykkt lestarborða úr tré í cm.
a = breidd lestarborða í cm.
s = mesta þverskipsfjarlægð milli tveggja langskipsskilrúma eða stoðaraða í m. (Mælt úr miðri stoð í miðja stoð).
b = mesta langskipsfjarlægð milli tveggja næstu þverskipsskilrúma eða stoðaraða í m. (Mælt úr miðri stoð í miðja stoð).
h = mesta lóðrétta hæð stoðar í m.

Lestarstoðir.

1806. Lestarstoðir skulu jafnan vera úr stáli eða áli, með stífleika sbr. reglu 1807. Lestarstoðir úr stáli skulu vera sandblásnar og zinkhúðaðar (heitgalvaniseraðar), plasthúðaðar eða ryðvarðar á annan hátt jafngóðan, að dómi siglingamálastjóra. Lestarstoðir úr áli skulu vera úr sjóþolinni ál-blöndu með brotþol minnst 25 kp/mm^2 og þanstuðul minnst 7000 kp/mm^2.

1807. Minnsta mótstöðuvægi lestarstoða úr stáli skal vera:

$$W = 4\ sbh^2\ cm^3.$$

Minnsta tregðuvægi lestarstoða úr áli skal vera:

$$I = 50\ sbh^2\sqrt{h}\ cm^4.$$

Enn fremur skal mótstöðuvægi lestarstoða úr áli ekki vera minna en:

$$W = 7\ sbh^2\ cm^3.$$

1808. Dýpt borðraufa í lestarstoðum skal vera minnst 50 mm en þó ekki undir $16 \cdot h$ mm þegar hæð lestarstoðanna er 3.2 m eða meiri. Breidd raufanna skal vera minnst 3 mm meiri en þykkt lestarborðanna. Enn fremur skulu hliðar raufanna hafa nægilegan styrkleika miðað við borðlengd og ekki vera þynnri en 5 mm.

1809. Festingar lestarstoða skulu vera rafsoðnar við bol stálskipa og stoðirnar boltaðar á þær. Fastar stoðir skulu að auki uppfylla kröfur um efni og styrkleika samkvæmt smíðareglum.

Lestarborð úr tré.

1810. Lestarborð úr tré skulu ekki vera þynnri en sýnt er með eftirfarandi líkingu og er miðað við unna þykkt:

$$t = \sqrt{8\ b^2s}\ cm \text{ fyrir langskipsborð.}$$

$$t = \sqrt{8\ bs^2}\ cm \text{ fyrir þverskipsborð.}$$

1811. Efni í lestarborð skal vera góð og heilbrigð fura, en ef notaður er harðviður með meiri styrkleika og betri mótstöðu gegn fúa má þynna borðin um allt að 12.5%.

1812. Lestarborð úr tré skulu lökkuð reglulega.

Lestarborð úr áli.

1813. Minnsta tregðuvægi lestarborða úr áli skal vera:

$$I = 0.17\ ab^3s\ cm^4 \text{ fyrir langskipsborð.}$$

$$I = 0.17\ abs^3\ cm^4 \text{ fyrir þverskipsborð.}$$

Tregðuvægið reiknast um ás x—x (sjá skýringarmyndir).

Tregðuvægið skal ekki fengið með því að gera borðin óeðlilega efnisþunn og þverskurðinn mjög þykkan. Mótstöðuvægið skal ekki vera minna en eftirfarandi:

$W = 0.5\ I\ cm^3$.

1814. Lestarborðin skulu vera úr sjóþolinni álblöndu með brotþol 25 kp/mm², eða meira.

Almennt.

1815. Lestarborðin skulu ná svo þétt upp undir þilfar sem unnt er. Milli þeirra stoða sem mynda raðir langskips næst lúgum skal í skipum, sem flytja lausa síld eða loðnu, setja plötu, sem nær þétt upp að þilfari og er boltuð í stoðirnar innanverðar. Efsta lestarborðið skal ná upp á plötuna (skarast við hana), og skal læst, þannig að það geti ekki lyfst óviljandi né losnað.

1816. Dýpt borðraufa á þilum skal vera minnst 50 mm, en þó 16 h mm, þegar dýpt lestar er 3.2 m eða meiri.

1817. Fyrirkomulag og styrkleiki stoða og lestarborða er háð samþykki siglingamálastjóra og skal á nýjum skipum og á eldri skipum, þar sem breytingar eru gerðar, senda inn teikningar til samþykktar áður en smíði eða breyting er hafin. Teikningar skulu gefa upplýsingar um stærð og fyrirkomulag lestar. Einnig þverskurðarteikningar, styrkleikaútreikninga og nákvæmar upplýsingar um efni í lestarstoðum og lestarborðum.

Námsefni á undirbúningsnámskeiðum og sérnámskeiðum ákveður stjórn skólans að fengnu samþykki Iðnfræðsluráðs.

69. gr.

Lengd hverrar kennslustundar og fjölda þeirra í hverri námsgrein skal miða við að ná þeim heildarstundafjölda, sem gert er ráð fyrir í námsskrá. Vikulegur kennslutími nema má ekki fara fram úr 40 klukkustundum á viku, og að jafnaði skal ekki kenna hverjum nema lengur en 8 klukkustundir dag hvern.

70. gr.

Nemendur í hverri bekkjardeild séu að jafnaði 24—26, eigi fleiri en 30 og aldrei færri en 10, nema um kennslu í sérgreinum sé að ræða.

Þegar nemendafjöldi leyfir, skal nemendum sömu iðngreinar skipað saman í bekkjardeild, en ella skal skipa saman nemendum skyldra iðngreina, eftir því sem kostur er á.

XI. KAFLI

Verknámsskólar. Markmið. Inntökuskilyrði.

71. gr.

Verknámsskólar iðnaðarins veita fræðslu verklega og bóklega um undirstöðuatriði iðnaðarstarfa. Kennslan skal miða að því, að nemendur öðlist staðgóða þekkingu á vélum og verkfærum, sem um er að tefla og efnum, sem úr er unnið, jafnframt því sem áhersla skal lögð á þjálfun þeirra í starfi á kerfisbundinn hátt með það að markmiði, að nemendur verði sem hæfastir til starfs í starfsgrein sinni að loknu námi.

72. gr.

Inntökuskilyrði í verknámsskóla skulu vera:

1. Að nemandi hafi náð 15 ára aldri.
2. Að nemandi hafi lokið stöðluðu eða samræmdu gagnfræðaprófi eða öðru sambærilegu prófi, að mati menntamálaráðuneytisins. Ákvæði þetta tekur gildi 1. september 1976.

73. gr.

Verknámsskólar skulu starfa frá 1. september til 31. maí ár hvert, og skal námstími vera 32 kennsluvikur að viðbættum prófum. Kennsla skal miða að undirbúningi undir iðnnám, annað tækninám og iðnaðarstörf. Ráðuneytið getur heimilað, ef sérstaklega stendur á, að skipta megi starstíma verknámsskóla í tvö námstímabil, enda sé hvort eigi skemmra en 16 kennsluvikur auk prófa, svo að náð verði fullum kennslustundafjölda samkvæmt námsskrá.

74. gr.

Námstímanum skal varið sem næst að jöfnu milli bóknáms og verknáms. Í bóknámsgreinum skal miða kennslu við námsskrá 2. áfanga (1. og 2. bekkjar) iðnskóla, sbr. 63. gr. og 67. gr.

75. gr.

Verklegt nám fer fram í vinnustofum skólanna. Í þeim greinum, þar sem nemendafjöldi er nægur, má miða kennsluna við einstaka iðngrein, en ella við flokk skyldra greina. Í verknámi skulu nemendur ekki vera fleiri en 12 til 15 í námshópi, og skal við það miðað að skipta bekkjardeildum í tvennt ef fjölmennari eru.

76. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs, að starfrækja skuli framhaldsdeildir við verknámsskóla í einstökum iðngreinum.

Í iðngreinum, þar sem erfitt er að koma við námi á vinnustað, má á sama hátt ákveða að námið fari að öllu leyti fram í verknámsskóla með framhaldsdeild, enda hafi skólinn hæfa meistara í þjónustu sinni. Í þessum tilvikum ber skólanum að sjá svo um, að nemandinn hafi að námstíma loknum, hlotið hæfilega æfingu í öllum störfum, er iðngreinin tekur til venjum samkvæmt og hafi lært meðferð, hirðingu og beitingu allra áhalda, sem tíðkuð eru í iðngreininni.

Um námstíma í framhaldsdeild, námsefni og námstilhögun gilda ákvæði 80. gr.

77. gr.

Nemendur, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá verknámsskóla, skulu eiga rétt til styttingar á námstíma sínum, ef þeir ráðast í iðnnám hjá meistara eða iðnfyrirtæki, svo sem segir í 8. gr. reglugerðar þessarar.

78. gr.

Ráðherra ákveður að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs, hvaða iðngreinar eða flokkar skyldra greina skuli kenndar við hvern verknámsskóla um sig, og er óheimilt að fjölga verknámsgreinum, nema að fengnu samþykki ráðherra.

Þegar um er að ræða nám eða námskeið fyrir starfsfólk verksmiðjuiðnaðar eða aðra tæknistarfsemi, skipar Iðnfræðsluráð fræðslunefndir frá hlutaðeigandi aðilum, samanber 4. gr. Fræðslunefndin leggur fram námsáætlun fyrir starfsgreinar til umsagnar Iðnfræðsluráðs og ákvörðunar ráðherra.

XII. KAFLI

Um kennslu og námsefni í verknámsskóla.

79. gr.

Í verknámsskóla skal kennslan bæði vera bókleg og verkleg, og gilda um hana reglur, er hér fara á eftir.

80. gr.

Verkleg kennsla fari fram eftir námsreglum, sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs. Námsreglur skulu miðast við einstaka iðngrein eða flokk skyldra iðngreina.

Í námsreglum skal í meginatriðum sagt fyrir um, í hverju verknámið skuli fólgið, hve miklum tíma skuli varið til kennslu í hverjum verkþætti fyrir sig og í hvaða röð kennsla og þjálfun skuli veitt í einstökum verkþáttum.

Kennslu í verknámsgreinum skal haga þannig, að hún sé í sem mestu samræmi við þau vinnubrögð, sem tíðkast á vinnustað í viðkomandi grein.

Auk þess að kennsla fari fram eftir námsskrá, ber að leggja áherslu á, að nemendur vinni skipulega og nái sem fyrst eðlilegum vinnuhraða.

Strax og telja má, að nemendur hafi tileinkað sér undirstöðuatriði verknámsins, skal haft eftirlit með þeim tíma, sem nemendur nota til úrlausnar verkefna. Þar sem slíkt á við, skulu nemendur vandir á að nota vinnuseðla og kennt að útfylla þá.

Eftir því sem við verður komið og slíkt brýtur ekki í bága við kennslu og námsefni, skal áhersla lögð á hagnýt verkefni, t. d. smíði á verkfærum og búnaði fyrir skólana eða söluvarning, ef um slíkt getur verið að ræða.

Í verknámi skal hafa kennsluna samfellda og sem mest í samræmi við það sem tíðkast á vinnustað.

Heimilt er að hafa 10 mínútna hlé eftir 2 samfelldar kennslustundir, en að öðru leyti skal veita matar- og kaffihlé sem mest í samræmi við þær reglur, sem gilda í viðkomandi iðngrein, eftir því sem við verður komið.

81. gr.

Nú samþykkir ráðuneytið, að verknámsskóli starfræki framhaldsdeildir, þar sem iðnnám til sveinsprófs fari fram að fullu, og skal þá kennslu hagað þannig, að hún sé í svo miklu samræmi við starfshætti á vinnustað sem unnt er. Er skólanum heimilt í þessu skyni að ráðstafa nemanda til þjálfunar á vinnustað undir eftirliti skólans samkvæmt nánari fyrirmælum Iðnfræðsluráðs.

82. gr.

Í verknámsskólum skal lögð áhersla á að kynna nemendum gildandi reglur um öryggi og slysavarnir á vinnustað.

83. gr.

Bókleg kennsla fari fram eftir námsskrá, sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs.

Í eins árs verknámsskóla skal miðað við, að námsefni samsvari námsskrá 2. áfanga (1. og 2. bekkjar) iðnskóla. Um námsefni í framhaldsnámskeiðum setur ráðuneytið sérreglur að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs.

Í verkefni til sveinsprófs skal námsefni í bóklegum greinum a. m. k. samsvara námsskrá til burtfararprófs úr iðnskóla.

84. gr.

Verknámsskólar leggja nemendum til efni og verkfæri til verknámsins.

Nemendur leggja sér til vinnuklæði í samræmi við þær reglur, sem skólinn setur.

Munir og önnur verðmæti, sem framleidd eru í vinnustofum skólanna, eru eign þeirra, en heimilt skal nemendum að eignast þá muni, sem þeir gera sjálfir, gegn greiðslu efniskostnaðar. Á þetta einkum við um verkfæri, sem nemendur hafa framleitt og geta haft þýðingu fyrir áframhaldandi starf þeirra.

Að öðru leyti ráðstafar stjórn skólanna framleiðslu þeirra.

Nú selur framhaldsdeild verknámsskóla út vinnu nemenda, og er þá skólanum heimilt að greiða nemendum kaup. Verði ágreiningur um kaupfjárhæðina, sker Iðnfræðsluráð úr.

Verknámsskólar greiða slysatryggingariðgjald fyrir þá nemendur sína, sem ekki eru á námssamningi hjá meistara, samanber 23. gr. reglugerðar þessarar.

Skylt er nemendum að inna af höndum í þágu skólans viðhald og viðgerðir á tækjum og búnaði skólans í allt að 2 vikur af starfstíma skólans.

XIII. KAFLI

Sérskólar einstakra iðngreina.

85. gr.

Sérskólar teljast þeir skólar, sem ráðuneytið viðurkennir, að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs, til þess að veita fræðslu. bóklega og verklega, nemendum einstakra iðngreina.

86. gr.

Um inntökuskilyrði, námsefni, námsskrá, próf og aðra tilhögun námsins, gilda ákvæði reglugerðar þessarar, eftir því sem við á.

87. gr.

Þessir sérskólar eru viðurkenndir:

a. Hótel- og veitingaskóli Íslands, fyrir nemendur í matreiðslu og framreiðslu. Sjá ennfremur lög nr. 6/1971.
b. Garðyrkjuskóli ríkisins að Reykjum í Ölfusi, fyrir nemendur í skrúðgarðyrkju.
c. Vélskóli Íslands, fyrir nemendur í málmiðnaðargreinum, sbr. reglugerð um vélstjórnanám nr. 200/1974.

XIV. KAFLI
Meistaraskólar. Markmið. Inntökuskilyrði.

88. gr.

Meistaraskóla skal starfrækja í Reykjavík.

Við aðra skóla, sem um ræðir í 60. gr. reglugerðar þessarar, má einnig starfrækja meistaraskóla að fengnu samþykki ráðherra, sem jafnframt ákveður að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs, til hvaða iðngreina kennsla skuli taka.

89. gr.

Meistaraskólar veita fræðslu, verklega og bóklega, þeim, sem búa sig undir meistarapróf, löggildingu, sé hennar krafist í viðkomandi iðngrein, eða verkstjórn í iðnaði.

Kennsluna má miða við einstaka iðngrein eða flokk skyldra iðngreina.

90. gr.

Skilyrði til inngöngu í meistaraskóla er, að viðkomandi hafi lokið sveinsprófi í hlutaðeigandi iðngrein. Krefjast má ákveðinnar lágmarkseinkunnar úr iðnskóla og verklegu prófi (sveinsprófi).

Lágmarkseinkunn, sé hennar krafist, skal ákveðin af ráðherra að fengnum tillögum viðkomandi fræðslunefndar.

91. gr.

Kennslugreinar skulu m. a. vera þessar:

1. Íslensk verslunarbréf og vélritun.
2. Stærðfræði og kostnaðarreikningur.
3. Bókfærsla og rekstrarhagfræði.
4. Enska.
5. Eðlis- og efnafræði.
6. Iðn- og verslunarréttur og vinnulöggjöf.
7. Slysavarnir og hjálp í viðlögum.
8. Verkstjórn og vinnuhagræðing.
9. Iðnfræði, bókleg og verkleg, varðandi þá iðngrein, sem um er að tefla.

92. gr.

Kennslan í bóknámsgreinum fer fram eftir námsskrá, sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs.

93. gr.

Verkleg kennsla fer fram í vinnustofum og tilraunastofum. Skal einkum lögð áhersla á að kynna nýjungar og sérstakar vinnuaðferðir, að því er snertir vélar, verkfæri, áhöld og efni, og skal um námsefni taka sérstakt tillit til þarfa iðngreinanna.

94. gr.

Námi lýkur með prófi, og nefnist það meistarapróf.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs og fulltrúa viðkomandi iðngreinar, ákveðið, að meistarapróf skuli vera skilyrði fyrir veitingu meistarabréfs í löggiltri iðngrein.

95. gr.

Um próf, einkunnagjöf og annað, sem ekki er tekið fram sérstaklega, gilda að öðru leyti ákvæði þessarar reglugerðar, eftir því sem við getur átt.

96. gr.

Skólinn starfar sem eins árs skóli með 44 stunda kennsluviku, 7—8 mánuði. Heimilt er þó, að skólinn starfi í tveimur eða þremur áföngum með samsvarandi heildarnámstíma.

XV. KAFLI
Um próf.

97. gr.

Í verknámsskólum skal halda burtfararpróf í bóknámsgreinum að loknu kennslutímabili. Í verknámsgreinum skal við burtfararpróf gefa einkunnir fyrir þau verkefni, sem nemandi hefur skilað á kennslutímabili. Heimilt er þó að hafa sérstök próf í verknámsgreinum.

98. gr.

Í iðnskólum skal halda próf að loknu námi í hverjum áfanga, þó er heimilt að meta vinnu nemenda til einkunna í einstökum greinum. Lokapróf í þeim greinum sem ekki eru kenndar í síðari áföngum skulu teljast til burtfararprófs. Heimilt er að veita nemendum undanþágu frá áfangaprófi, ef sérstakar ástæður mæla með því að mati kennararáðs.

99. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður hvenær og í hvaða almennum námsgreinum skuli haldin samræmd próf, en í faggreinum Iðnfræðsluráð, samanber 67. grein og 68. grein.

100. gr.

Fullnaðareinkunnir skal flokka sem hér segir:

5.0 til 5.9 skal telja þriðju einkunn.
6.0 til 7.2 skal telja aðra einkunn.
7.3 til 8.9 skal telja fyrstu einkunn.
9.0 til 10.0 skal telja ágætiseinkunn.

101. gr.

Öll próf í bóknámsgreinum skulu að jafnaði vera skrifleg, nema í erlendum málum skulu þau ávallt vera skrifleg og munnleg. Einkunn skal gefa í heilum tölum frá 1 til 10, og aðaleinkunn skal ekki reikna út nema fyrir burtfararpróf. Aðaleinkunn skal reikna með einum aukastaf. Til að standast próf í almennum námsgreinum þarf einkunnina 4 hið lægsta, en í öllum teikningum, verknámi, sérgreinum og aðaleinkunn 5 hið lægsta.

Ráðuneytið setur reglur um ástundun og þar tilheyrandi einkunnagjöf.

Aðaleinkunn skal reikna út eftir hlutfalli kennslustundafjölda í kennslugreinum.

Kennarar skólans skulu gefa nemendum einkunnir í lok hvers áfanga, hver í sinni grein. Nefnast þær áfangaeinkunnir og eru dómur um kunnáttu nemanda, framfarir og afköst.

102. gr.

Fullnaðareinkunn í hverri námsgrein er áfangaeinkunn plús tvisvar sinnum prófeinkunn deilt með þrem í samtölu þeirra.

Kennararáð getur samþykkt að flytja nemendur með háa áfangaeinkunn í tveim námsgreinum eða fleiri próflaust upp úr áfanga í þeirri eða þeim námsgreinum. Þetta gildir þó ekki um teikningar og ekki um burtfararpróf.

103. gr.

Nú stenst nemandi ekki próf í helmingi námsgreina á áfangaprófi eða burtfararprófi og skal hann þá setjast í sama áfanga aftur, vilji hann halda áfram námi og taka próf að nýju. Nái hann prófi í helmingi námsgreina eða fleiri, en ekki öllum má hann taka það sem á vantar, eða einstakar greinar þess, þegar próf eru haldin við skólann síðar.

104. gr.

Ekki má nemandi hefja nám í síðari áfanga, fyrr en hann hefur lokið prófum úr hinum fyrri áfanga, nema kennararáð samþykki og teljast þá áfangaeinkunnir í þeim námsgreinum, sem próf er fellt niður í, með í prófinu.

Nú kemur nemandi til burtfararprófs og hefur próf frá öðrum skóla, er sýnir eins mikla eða meiri kunnáttu í einni eða fleiri prófgreinum en heimtuð er til prófsins, og er þá heimilt að sleppa honum við próf í þeim greinum og telja einkunnir hans í hinu fyrra prófi til burtfararprófsins, en leggja skal hann fram skilríki fyrir kunnáttu sinni.

105. gr.

Nú vill nemandi þreyta áfangapróf við iðnskóla án þess að hafa stundað þar nám og skal hann þá, áður en til prófs kemur, færa sönnur á að hann hafi að mati skólans lært allt það sem námskrá mælir fyrir um og gera grein fyrir hverrar kennslu hann hafi notið.

Á teikningum og öðrum verklegum æfingum skal ekki krafist síðri frágangs en af reglulegum nemendum skólans.

106. gr.

Utanskólanemendur skulu greiða prófgjöld, sem menntamálaráðuneytið ákveður að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar. Renna þau í ríkissjóð.

107. gr.

Við skriflegt próf má nota þau gögn ein, sem skólastjóri leyfir. Nemendur, sem staðnir eru að því að nota óleyfileg gögn eða hafa rangt við í prófum, hafa fyrirgert rétti til þess að ljúka prófi í það sinn. Skal minna nemendur á þetta ákvæði, áður en próf hefst.

108. gr.

Í hverjum skóla skal vera prófbók eða spjaldskrá, og skal rita í hana allar einkunnir við áfangapróf og burtfararpróf, fullnaðareinkunn og einkunn fyrir ástundun og hegðun.

109. gr.

Við burtfararpróf dæma hlutaðeigandi kennarar og prófdómarar um úrlausnir. Skal vera einn prófdómari í hverri grein, skipaður af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra. Í þeim greinum, sem Iðnfræðsluráð ákveður ekki prófverkefni, velja prófdómendur verkefni prófanna í samráði við kennara og afhenda þau skólastjóra í tæka tíð.

Að loknu skriflegu prófi tekur kennari við úrlausnum, leiðréttir þær og dæmir, en síðar prófdómari, og koma þeir sér saman um einkunn.

Ef ágreiningur verður um einkunn, skal taka meðaltal af einkunnagjöf kennara og prófdómara.

110. gr.

Að loknu burtfararprófi skal afhenda nemendum þeim, sem staðist hafa prófið, brottfararskírteini með árituðum einkunnum fyrir hverja námsgrein ásamt fullnaðareinkunn. Prófskírteini skal einnig láta nemendum í té með árituðum einkunnum fyrir hverja námsgrein í áfangaprófi.

111. gr.

Í lok hvers kennslutímabils skal skrá í vinnubók nemandans (iðnnámsbók), sbr. 28. gr., hve oft nemandann hefur vantað í skólann í viðkomandi áfanga og af hvaða ástæðum, svo og hve oft hann hefur mætt of seint.

XVI. KAFLI
Um aga og reglur.

112. gr.

Agi skólans skal miða að því að halda uppi reglu og efla með nemendum iðjusemi og prúðmennsku. Skulu kennarar og nemendur leitast við í sameiningu að glæða heilbrigðan anda í skólanum.

113. gr.

Nemendur skulu í skólum gæta fyllstu reglusemi í hvívetna. Áfengi má eigi hafa um hönd í húsakynnum skólanna. Brjóti nemendur gegn þessu, skal skólastjóri vanda um við þá og áminna og gera forráðamönnum þeirra viðvart um brotið. Skipist nemendur eigi við endurtekna áminningu, ber að víkja hinum brotlegu úr skóla.

Komi kennari til starfa undir áhrifum áfengis, neyti hann þess í hibýlum skólans eða vanræki störf sakir vínneyslu, ber skólastjóra að gera ráðuneytinu viðvart, og mun slík hegðun látin varða stöðumissi.

114. gr.

Nú gerist nemandi á annan hátt brotlegur við reglugerð skólanna eða starfsreglur. Skulu kennarar þá vanda um við hann eða tilkynna skólastjóra, ef brotið er alvarlegt. Skipist nemandi ekki við slíkar umvandanir kennara eða skólastjóra, getur skólastjóri vikið honum úr skóla um stundarsakir eða til fulls, og skal þá kennararáð og skólanefnd hafa fjallað um málið. Tilkynna skal meistara nemanda áður um brotið.

XVI. KAFLI
Um skólastjóra og kennara.

115. gr.

Tala fastra kennara fer eftir ákvæðum laga, en vinnutími þeirra og launakjör eftir gildandi kjarasamningum opinberra starfsmanna á hverjum tíma.

116. gr.

Skólum með 10 bekkjardeildum á skólaárinu eða fleiri má að fengnu samþykki ráðherra skipta í faggreinadeildir, enda séu eigi færri en 130 nemendur í hverri.

Þar sem deildarskipting á sér stað, getur ráðherra skipað einn yfirkennara fyrir hverja deild.

Með samþykki ráðherra má annaðhvort ákveða yfirkennurum aukaþóknun eða færri kennslustundir.

117. gr.

Ráðherra setur eða skipar skólastjóra og fasta kennara að fengnum tillögum viðkomandi skólanefndar. Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar.

Ráðherra setur skólastjórum og kennurum erindisbréf, þar sem kveðið skal á um starfssvið þeirra, réttindi og skyldur.

118. gr.

Um menntun skólastjóra og kennara í almennum bóknámsgreinum gilda sömu reglur sem um skólastjóra og kennara gagnfræðaskóla, eftir því sem við getur átt. Í sérgreinum skulu þó kennarar að jafnaði vera með próf í tæknifræði.

Kennarar í verknámsgreinum skulu hafa meistararéttindi í þeirri iðngrein, sem um er að tefla.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði um sérmenntun kennara að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs.

119. gr.

Í lok hvers skólaárs ber skólastjóra að senda fullnægjandi skýrslu í 2 eintökum um skólahaldið til skrifstofu Iðnfræðsluráðs.

120. gr.

Nú verður hlé á kennslu frá prófi og þar til næsta námskeið byrjar eða af öðrum ástæðum, og eiga þá hvorki stundakennarar né fastakennarar kröfu á kaupi fyrir stundakennslu eða yfirvinnu fyrir þann tíma.

121. gr.

Fela má fastakennurum aukastörf í þágu skólans eftir nánara samkomulagi við skólastjóra, svo sem umsjón með söfnum skólans, eftirlit með nemendum í frímínútum og á samkomum nemenda og aðstoð við félagsstarfsemi í skólanum. Heimilt er skólastjóra með samþykki ráðuneytisins að fækka skyldustundum kennara, ef slík aukastörf verða mikil og koma misjafnt niður.

122. gr.

Ráðherra ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

123. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda ráðherra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Ef ráðherra telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hann veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum skal þó veitt slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal send ráðuneytinu með árs fyrirvara, og veitir það kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárinu skuli varið, en allir verða þeir að gefa því fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd ársorlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

124. gr.

Fastir kennarar skóla mynda, ásamt skólastjóra, kennararáð, og er skólastjóri formaður þess.

Í skólum, þar sem fastir kennarar eru fimm eða fleiri, skal kennararáð myndað af yfirkennurum (deildarkennurum) ásamt skólastjóra og fulltrúa skólastjóra.

Hlutverk kennararáðs er að vera skólastjórn til ráðuneytis um málefni skólans, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglum, sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs.

XVIII. KAFLI

Um skólanefndir og stjórn iðnfræðsluskóla.

125. gr.

Við iðnskóla, verknámsskóla og meistaraskóla er 5 manna skólanefnd.

Nú eru öll þessi skólastig starfrækt við einn og sama skóla, og skal þá vera ein sameiginleg skólanefnd.

126. gr.

Ráðherra skipar skólanefnd til fjögurra ára í senn, nema fulltrúa nemenda til tveggja ára. Skulu þrír skipaðir eftir reglum, sem ráðherra setur samkvæmt tillögum bæjarstjórna og sýslunefnda, sem aðild eiga að iðnfræðsluskóla skólaumdæmis.

Fulltrúi nemenda skal skipaður að fengnum tillögum Iðnnemasambands Íslands, sem leita skal samráðs við félög nemenda á hlutaðeigandi stað.

Hinn fimmta skipar ráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Varamenn skulu valdir á sama hátt.

Í Reykjavík tilnefnir borgarstjórn þrjá skólanefndarmenn. Sama gildir annars staðar, ef eitt sveitarfélag stendur að rekstri skóla. Að minnsta kosti tveir þeirra, sem sveitarfélög tilnefna í skólanefnd, skulu vera iðnlærðir.

127. gr.

Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn hvers skóla, hefur umsjón með kennslu, aga, umgengni og sér um eignir skólans. Fastir kennarar skólans skulu vera honum til aðstoðar í starfi hans, eftir því sem aðstæður leyfa, sbr. 124. gr.

XIX. KAFLI

Um fjármál.

128. gr.

Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar iðnfræðsluskóla, en hlutaðeigandi sveitarsjóðir hvers skólaumdæmis, samanber 60. gr., helming, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum nr. 49/1967 7. og 11. gr.

Nú verður ekki samkomulag milli allra sveitarfélaga í skólaumdæmi um aðild að iðnfræðsluskóla, og getur þá ráðherra heimilað því sveitarfélagi, þar sem skólasetur hefur verið ákveðið samkvæmt 60. gr. að standa einu eða ásamt fleiri að skólanum á móti ríkissjóði. Iðnfræðsluráð annast fyrir menntamálaráðuneytið athuganir á byggingarþörf og gerð framkvæmdaáætlana um skólabyggingar á iðnfræðsluskólastiginu.

129. gr.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður, — sveitarsjóðir, ef fleiri en eitt sveitarfélag standa að skóla, greiða rekstrarkostnað iðnfræðsluskóla í samræmi við lög nr. 49/1967 eftir því sem við getur átt.

Standi sveitarfélag ekki að iðnfræðsluskóla, skal það greiða námsvistargjald til þeirra skóla, sem nemendur úr sveitarfélaginu sækja. Sveitarfélag nemenda telst í þessu sambandi lögheimili þess atvinnurekstrar, er nemandinn stundar iðnnám við.

Stundi nemandinn nám við verknámsskóla iðnaðarins án þess að vera kominn á námssamning hjá meistara, skal lögheimilissveit nemandans greiða námsvistargjaldið. Á sama hátt ber sveitarfélagi að greiða námsvistargjald, ef nemendur úr sveitarfélaginu verða að sækja skóla annars umdæmis, vegna þess að iðngreinin er ekki kennd í skólaumdæmi sveitarfélagsins.

Námsvistargjald samkvæmt reglugerð þessari er fullt framlag sveitarfélags samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, svo og greiðsla, miðað við eðlilega afskrift stofnkostnaðar samkvæmt 128. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður árlega námsvistargjald að fengnum sameiginlegum tillögum þeirra sveitarstjórna, sem að rekstri viðkomandi skóla standa.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sbr. lög nr. 69/1962, annast uppgjör námsvistargjalds samkvæmt þessari grein milli þeirra sveitarfélaga, sem í hlut eiga hverju

sinni, af framlagi sjóðsins til þess sveitarfélags, sem inna á greiðslu af hendi, enda hafi viðkomandi sveitarstjórn samþykkt greiðsluskyldu sína.

Ráðherra ákveður skólagjald í iðnskólum og meistaraskólum svo og þátttöku nemanda í verknámsskólum í efniskostnaði að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs.

Gjöld þessi svo og hreinar tekjur af skólaverkstæðum og skólavinnustofum koma til frádráttar rekstrarkostnaði, áður en honum er skipt.

XX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

130. gr.

Nú fatlast iðnnemi andlega eða líkamlega, meðan á námstíma stendur, eða hefur fatlast þannig, þegar reglugerð þessi öðlast gildi, að hann telst ekki fær um að ljúka iðnskólanámi, en telst fullgildur verkamaður í sumum greinum iðnarinnar og skal þá Iðnfræðsluráð að fengnum tillögum fulltrúa viðkomandi iðngreinar og áliti trúnaðarlæknis, gera tillögu til ráðuneytisins um það, hvort heimila megi hlutaðeigandi að þreyta verklegt próf án réttar til meistarabréfs, og tekur ráðuneytið ákvörðun um það að fengnum þeim tillögum.

Nú sækir maður, sem ekki hefur iðnréttindi, um starfsréttindi í iðngrein, og getur þá menntamálaráðuneytið veitt heimild til, að umsækjandi fái að ganga undir verklegt sveinspróf eingöngu, án þess að viðkomandi ljúki brottfararprófi frá iðnskóla, enda liggi fyrir:

a. Umsögn sveinafélags í iðngreininni á búsetusvæði umsækjenda, ef það er ekki fyrir hendi, þá umsögn viðkomandi landssamtaka.
b. Umsögn Iðnfræðsluráðs.
c. Umsögn meistara í iðninni, sem umsækjandi hefur starfað hjá.
d. Vottorð, sem sanni, að umsækjandi hafi unnið við iðnina í a. m. k. 10 ár.

Ef umsækjandi stenst prófið, skal gefa út honum til handa sveinsbréf, sem veitir ekki rétt til meistarabréfs síðar.

131. gr.

Það varðar sektum, ef ekki liggur þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum, að:

1. Taka nemanda til náms gagnstætt ákvæðum laga um iðnfræðslu nr. 68 frá 11. maí 1966 og reglugerðar þessarar.
2. Brjóta gegn ákvæðum framangreindra laga og reglugerðar þessarar um daglegan vinnutíma nemanda.
3. Vanrækja að láta nemanda stunda skólanám.
4. Koma ósæmilega fram við nemanda.
5. Óhlýðnast fyrirmælum iðnfulltrúa eða Iðnfræðsluráðs um kennslu nemanda.

Sektir skulu renna í ríkissjóð. Mál út af brotum þessum skulu rekin að hætti opinberra mála.

132. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 68 11. maí 1966, um iðnfræðslu, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um iðnfræðslu nr. 268 27. mars 1974.

Í menntamálaráðuneytinu, 1. október 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Stjórnartíðindi B 48, nr. 553—554. Útgáfudagur 9. apríl 1976.

1137 Nr. 555.

AUGLÝSING

frá Vörumerkjaskrárritara, Reykjavík.

I. Vörumerki skráseit árið 1975.

Skrás. 1975, nr. 1. **Skráningard. 22. janúar 1975.**

T 272/1974. Tilkynnt 7. ágúst 1974, kl. 9.00.

Talurit

C. C. L. Systems Limited, Cabco House, Ewell Road, Surbiton, Surrey, Englandi.
Umboðsmaður: Faktor Company, Reykjavík.
Allar vörur í alþj.fl. 6. (Fl. 6).

Skrás. 1975, nr. 2. **Skráningard. 22. janúar 1975.**

T 283/1974. Tilkynnt 16. ágúst 1974, kl. 13.20.

PONY

Ford Motor Company Limited, Eagle Way, Brentwood, Essex CM13 3BW, Englandi.
Umboðsmaður: Páll Pálmason, lögfr., Þingholtsstræti 29, Rvík.
Vélknúin ökutæki og hluta og búnað þeirra. (Fl. 12).

Samkv. forgangsréttarákv. Parísarsamþ. nýtur merkið verndar hér á landi frá 25. mars 1974.

Skrás. 1975, nr. 3. **Skráningard. 22. janúar 1975.**

T 284/1974. Tilkynnt 16. ágúst 1974, kl. 13.20.

FIESTA

Ford Motor Company Limited, Eagle Way, Brentwood, Essex CM13 3BW, Englandi.
Umboðsmaður: Páll Pálmason, lögfr., Þingholtsstræti 29, Rvík.
Vélknúin ökutæki og hluta og búnað þeirra. (Fl. 12).

Samkv. forgangsréttarákv. Parísarsamþ. nýtur merkið verndar hér á landi frá 25. mars 1974.

B 143

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Skrás. 1975, nr. 4. Skráningard. 22. janúar 1975.

T 293/1974. Tilkynnt 28. ágúst 1974, kl. 14.30.

Rombouts

Koffie F. Rombouts N.V., 16—40 Rudolfstraat, B-2000 Antwerpen, Belgíu.

Umboðsmaður: S. Sigurjónsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Rvík.

Kaffi, einkum óunnið og brennt kaffi, malað kaffi, kaffiduft, kaffikjarna, kaffiseyði, kaffi án kaffeins, kaffikjarna, brennt bygg, malt og önnur efni, sem koma í stað kaffis, gervikaffi, te, te-duft; kókó, kókó-duft, sykur og svokallað „speculaas"-kex. (Fl. 30).

Skrás. 1975, nr. 5. Skráningard. 22. janúar 1975.

T 303/1974. Tilkynnt 11. sept. 1974, kl. 10.00.

IBELO

Ibelo-Metallwarenfabrik Hermann Zahn, KG 6 Frankfurt am Main, Gutleutstr. 131, Þýskalandi.

Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.

Vasa- og borðkveikjara, einkum hálf- eða full-sjálfvirka. (Fl. 34).

Skrás. 1975, nr. 6. Skráningard. 22. janúar 1975.
T 304/1974. Tilkynnt 12. sept. 1974, kl. 11.00.

apartotel

José MELIA SINISTERRA, O'Donnell 47, MADRID, Spáni.
Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Gistihúsa- og hótelþjónusta. (Fl. 42).

Skrás. 1975, nr. 7. Skráningard. 22. janúar 1975.
T 316/1974. Tilkynnt 27. sept. 1974, kl. 1974.

ELANONE

A.H. Robins Company, Incorporated, 1407 Cummings Drive, Richmond, Virginia 23220, Bandaríkjunum.
Umboðsmaður: Árni Björnsson, cand. polit., Reykjavík.
Lyfjablöndur, einkum róandi lyf. (Fl. 5).

Skrás. 1975, nr. 8. Skráningard. 22. janúar 1975.
T 319/1974. Tilkynnt 8. okt. 1974, kl. 14.14.

SESAM

Aksjeselskapet Freia, Johan Throne Holsts Plass 1, Oslo, Noregi.
Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Allar vörur í 30. flokki. (Fl. 30).

Skrás. 1975, nr. 9. Skráningard. 22. janúar 1975.
T 321/1974. Tilkynnt 8. okt. 1974, kl. 14.14.

AESCULAP

Aesculap-Werke Aktiengesellschaft, vormals Jetter & Scheerer, 72 Tuttlingen, Þýskalandi.
Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Áhöld, tæki og verkfæri til nota við tauga-skurðlækningar, skurðlækningar, til læknisfræðilegra og heilbrigðisnota, til nota við tannlækningar, dýralækningar og húsdýrahald. (Fl. 10).

Skrás. 1975, nr. 10. Skráningard. 22. janúar 1975.
T 322/1974. Tilkynnt 8. okt. 1974, kl. 14.14.

Aesculap-Werke Aktiengesellschaft, vormals Jetter & Scheerer, 72 Tuttlingen, Þýskalandi.
Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Áhöld, tæki og verkfæri til nota við tauga-skurðlækningar, skurðlækningar, til læknisfræðilegra og heilbrigðisnota, til nota við tannlækningar, dýralækningar og húsdýrahald. (Fl. 10).

Skrás. 1975, nr. 11. Skráningard. 22. janúar 1975.
T 323/1974. Tilkynnt 9. okt. 1974, kl. 11.55.

LIPORE

Landstingens inköpscentral, LIC, ekonomisk förening, Svetsarvägen 20, 171 83 Solna, Svíþjóð.
Umboðsmaður: Árni Björnsson, cand. polit., Reykjavík.
Plástur og efni til sáraumbúða. (Fl. 5).

Skrás. 1975, nr. 12. Skráningard. 22. janúar 1975.
T 324/1974. Tilkynnt 10. október 1974, kl. 11.35.

spira

Á. Guðmundsson hf., Auðbrekku 57.
Umboð: Auglýsingastofan hf., Reykjavík.
Húsgögn. (Fl. 20).

Skrás. 1975, nr. 13. Skráningard. 22. janúar 1975.

T 327/1974. Tilkynnt 14. okt. 1974, kl. 9.00.

BATARO

Badische Tabakmanufaktur Roth-Händle GmbH & Co., D-7630 Lahr/Schwarzwald, Industriehof 6, Sambandslýðveldið Þýskaland.

Umboð: Faktor Company, Reykjavík.

Reykingamannavörur, þ. e. eldfæri, öskubakkar (bæði úr góðmálmum og húðaðir öðrum efnum), og eldspýtur. (Fl. 14, 34).

Samkv. forgangsréttarákv. Parísarsamþ. nýtur merkið verndar hér á landi frá 24. maí 1974.

Skrás. 1975, nr. 14. Skráningard. 22. janúar 1975.

T 328/1974. Tilkynnt 14. okt. 1974, kl. 9.00.

PILOT

Badische Tabakmanufaktur Roth-Händle GmbH & Co., D-7630 Lahr/Schwarzwald, Industriehof 6, Sambandslýðveldið Þýskaland.

Umboð: Faktor Company, Reykjavík.

Reykingamannavörur, þ. e. eldfæri, öskubakkar (bæði úr góðmálmum og húðaðir öðrum efnum), og eldspýtur. (Fl. 14, 34).

Samkv. forgangsréttarákv. Parísarsamþ. nýtur merkið verndar hér á landi frá 24. maí 1974.

Skrás. 1975, nr. 15. Skráningard. 22. janúar 1975.

T 329/1974 Tilkynnt 14. okt. 1974, kl. 9.00.

ROTH-HÄNDLE

Badische Tabakmanufaktur Roth-Händle GmbH & Co., D-7630 Lahr/Schwarzwald, Industriehof 6, Sambandslýðveldið Þýskaland.

Umboð: Faktor Company, Reykjavík.

Reykingamannavörur, þ. e. eldfæri, öskubakkar (bæði úr góðmálmum og húðaðir öðrum efnum), og eldspýtur. (Fl. 14, 34).

Samkv. forgangsréttarákv. Parísarsamþ. nýtur merkið verndar hér á landi frá 24. maí 1974.

Skrás. 1975, nr. 16. **Skráningard. 22. janúar 1975.**

T 242/1970. Tilkynnt 8. júní 1970, kl. 11.30.

ZIPLON

Yoshida Kogyo Kabushiki Kaisha, No. 1, Kanda Izumi-cho, Chiyoda-ku, Tokyo, Japan.

Umboðsmaður: Sigurgeir Sigurjónsson, Óðinsgötu 4, Rvík.

Rennilása úr málmi og plasti. (Fl. 26).

Skrás. 1975, nr. 17. **Skráningard. 22. janúar 1975.**

T 337/1974. Tilkynnt 21. október 1974, kl. 13.45.

Comprinet

BEIERSDORF AG., Unnastrasse 48, D-2000 Hamburg 20, Þýskalandi.

Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.

Teygjusokka í læknisfræðilegum tilgangi. (Fl. 10).

Skrás. 1975, nr. 18. **Skráningard. 22. janúar 1975.**

T 339/1974. Tilkynnt 22. okt. 1974, kl. 15.00.

CONTINUÉ

Continental Rubber B.V., Amsterdamseweg 45—47, AMERSFOORT, Hollandi.

Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.

Hjólbarða fyrir fólksbifreiðar, bifreiðar og vörubifreiðar; sólaða hjólbarða fyrir ökutæki. (Fl. 12).

Skrás. 1975, nr. 19. **Skráningard. 27. janúar 1975.**

T 205/1971. Tilkynnt 25. júní 1971, kl. 9.16.

LUCAS

Joseph Lucas (Industries) Limited, Great King Street, Birmingham 19, Englandi.

Umboðsmaður: Árni Björnsson, cand. polit., Reykjavík.

Rafalar og riðstraumsbreytar, ræsar fyrir fastar sprengjuhólfsvélar, sísegulrafalar, eldsneytissíur, eldsneytisgjafatæki, kveikjutæki, sem eru hlutar sprengjuhólfsvéla, tæki til að auðvelda að ræsa sprengjuhólfsvélar, stýringar á hemlaloka (Positioning actuators), dælur, vökva-, loft- og véldrifnar hraðastýringar, rafmagnsmótorar, sem teljast til 7. flokks, hlutar af öllum ofangreindum vörum. Leitarljós, fjarlægðarmælitæki, rafmagnstæki og áhöld til vísindalegra og annarra þurfa, ljósstreymistengsl (lúmentengsl), segulspólur, rafmagnstengi og tengikassar, liðar,

ampermælar (litlir) og voltmælar, rofar og rofaborð og töflur, rofakassar, stilliviðnáms-afriðlar, mótstöður, hraðatakmarkarar, volt- og straumstýringar, þéttar (rýmar), hemlar, segulspólulokar, hálfleiðnitæki, rafhlöður og hlutar af þeim, hleðslutæki fyrir rafhlöður, áfyllingartæki fyrir rafhlöður og hlutar af öllum ofangreindum vörum. Lampar og hlutar af þeim, til nota á landi, á legi og í lofti, miðstöðvar og rúðublásarar ökutækja, ljósbrotar (brothlífar) og hlutar af öllum ofangreindum vörum. Stefnuljós ökutækja, viðvörunartæki ökutækja (flautur) og rafmagnsmótorar í 12. flokki fyrir rúðuþurrkara og til að stjórna gluggum, sætum og öðrum hreyfanlegum búnaði í ökutækjum; varalokar bensíngeyma, rúðuþurrkarar, rúðuþvottatæki, speglar til að sjá aftur fyrir ökutæki, ræsar fyrir landökutæki, tæki til að auðvelda að ræsa sprengjuhólfsvélar (brennsluhreyfla), frauðpúðar til að draga úr árekstri og frauðplasthlutir innan í ökutæki, hjólhýsi og báta og hlutar af öllum ofangreindum vörum. Merki og nafnspjöld úr plasti, húsgagnavörur.
(Fl. 7, 9, 11, 12, 20).

Skrás. 1975, nr. 20. **Skráningard. 17. febrúar 1975.**

T 226/1974. Tilkynnt 21. júní 1974, kl. 14.10.

FLORILEGIUM

DECCA LIMITED, 9, Albert Embankment, London, S.E.1. Englandi.
Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson, (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Efni, svo sem skífur, bönd eða þræðir, átekið með hljóði og/eða filmuefni, sem á er innspilað hljóð- og/eða sjónvarpsefni, og áhöld og tæki til að endurspila slíkt efni. (Fl. 9).

Samkv. forgangsréttarákv. Parísarsamþ. nýtur merkið verndar hér á landi frá 4. janúar 1974.

Skrás. 1975, nr. 21. **Skráningard. 17. febrúar 1975.**

T 201/1974. Tilkynnt 6. júní 1974, kl. 9.00.


CAVATINI

PIZZA HUT, INC., 10225 East Kellogg, Wichita, Kansas 67207, Bandaríkin.
Umboð: Faktor Company, Reykjavík.
Vörur í fl. 29, 30. (Fl. 29, 30).

Samkv. forgangsréttarákv. Parísarsamþ. nýtur merkið verndar hér á landi frá janúar 1974.

Skrás. 1975, nr. 22. **Skráningard. 17. febrúar 1975.**

T 232/1974. Tilkynnt 25. júní 1974, kl. 15.15.



Kabushiki Kaisha Komatsu Seisakusho, 3—6, 2-chome, Akasaka, Minato-ku, Tokyo, Japan.
Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson, (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vélar og tæki til iðnaðar, hreyfiaflsvélar og tæki (að undanskildum þeim, sem ganga fyrir rafdrifnum vélum), vélar og tæki, sem ganga fyrir vindi og vatni, aðrar vélar og tæki, sem ekki falla undir aðra flokka, hlutar og varahlutir fyrir allar þessar vélar og tæki (að undanteknum þeim, sem falla undir aðra flokka), vélahlutar í 7. fl. Vélar og tæki til flutninga, hlutar og varahlutir til þeirra (að undanteknum þeim, sem falla undir aðra flokka) í 12. flokki. (Fl. 7, 12).

Skrás. 1975, nr. 23. **Skráningard. 17. febrúar 1975.**

T 305/1974. Tilkynnt 12. sept. kl. 14.40.

Ananaust

Verslun O. Ellingsen hf., Reykjavík.
Hvers konar verslunarrekstur og veitingastarfsemi. (Fl. 35, 42).

Skrás. 1975, nr. 24. **Skráningard. 17. febrúar 1975.**

T 320/1974. Tilkynnt 8. okt. 1974, kl. 14.10.

EO

Ermeto Armaturen GmbH, 4814 Windelsbleiche bei Bielefeld, Þýskalandi.
Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson, (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Vökvaútbúnaður, gufuútbúnaður, gasútbúnaður og þéttiloftútbúnaður.
(Fl. 11).

Skrás. 1975, nr. 25. **Skráningard. 17. febrúar 1975.**

T 326/1974. Tilkynnt 11. okt. 1974, kl. 10.25.

Donbros

Donaldson Textile Limited, Lornshill, Alloa, Clackmannanshire, Skotlandi.
Umboðsmaður: Ragnar Ólafsson, Laugavegi 18, Rvík.
Hvers konar fatnaðarvörur. (Fl. 25).

Skrás. 1975, nr. 26. **Skráningard. 17. febrúar 1975.**

T 330/1974. Tilkynnt 14. okt. 1974, kl. 15.25.

arteche

ELECTROTECNICA ARTECHE HERMANOS S.A., Avenida del Ejército 9, BILBAO, Spáni.

Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson, (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.

Áhöld og tæki, vísindaleg, siglingafræðileg, til landmælinga, raffræðileg (hér með talin loftskeytaáhöld og -tæki), til ljósmyndagerðar, til kvikmyndatöku og -sýninga og sjóntæki og -áhöld (optisk) ásamt tækjum og áhöldum til vigtunar, mælinga, merkjasendinga, eftirlits (kontrol), björgunar og kennslu, peninga og spilapeningasjálfsalar, talvélar, skráningartæki í peningakassa og reiknivélar, slökkvitæki. (Fl. 9).

Skrás. 1975, nr. 27. **Skráningard. 17. febrúar 1975.**

T 340/1974. Tilkynnt 23. okt. 1974, kl. 14.00.

UTOPAR

Philips-Duphar B.V., 151 Apollolaan, Amsterdam, Hollandi.

Umboðsmaður: Árni Björnsson, Reykjavík.

Lyf og lyfjaefni við þungunar- og legsjúkdómum. (Fl. 5).

Skrás. 1975, nr. 28. **Skráningard. 17. febrúar 1975.**

T 341/1974. Tilkynnt 24. okt. 1974, kl. 14.10.

YOKOHAMA

The Yokohama Rubber Co., Ltd., No. 36—11, Shimbashi 5-chome, Minato-ku, Tokyo, Japan.

Umboðsmaður: S. Sigurjónsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Rvík.

Flutningatæki, útbúnaður og áhöld, hluta og fylgitæki til þeirra. (Fl. 12).

Skrás. 1975, nr. 29. **Skráningard. 17. febrúar 1975.**

T 342/1974. Tilkynnt 25. okt. 1974, kl. 11.00.

„GAZELAST"

BEIERSDORF AG., D-2000 Hamburg 20, Unnastrasse 48, Þýskalandi.

Umboðsmaður: S. Sigurjónsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Rvík.

Plástur og sáraumbúðir. (Fl. 5).

Skrás. 1975, nr. 30. **Skráningard. 17. febrúar 1975.**

T 343/1974. Tilkynnt 25. okt. 1974, kl. 11.00.

„ELASTOMULL"

BEIERSDORF AG., D-2000 Hamburg 20, Unnastrasse 48, Þýskalandi.
Umboðsmaður: S. Sigurjónsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Rvík.
Plástur og sáraumbúðir. (Fl. 5).

Skrás. 1975, nr. 31. **Skráningard. 17. febrúar 1975.**

T 344/1974. Tilkynnt 25. okt. 1974, kl. 11.00.

„FIXOMULL"

BEIERSDORF AG., D-2000 Hamburg 20, Unnastrasse 48, Þýskalandi.
Umboðsmaður: S. Sigurjónsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Rvík.
Plástrar, sárabindi og sjálflímandi baðmullarefni. (Fl. 5).

Skrás. 1975, nr. 32. **Skráningard. 17. febrúar 1975.**

T 347/1974. Tilkynnt 30. okt. 1974, kl. 15.15.

UTICILLIN

Beecham Group Limited, Beecham House, Brentford, Middlesex TW8 9BD, Englandi.
Umboðsmaður: S. Sigurjónsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Rvík.
Lyfjablöndur fyrir menn og dýr. (Fl. 5).

Skrás. 1975, nr. 33. **Skráningard. 17. febrúar 1975.**

T 349/1974. Tilkynnt 31. okt. 1974, kl. 13.27.

COLT 45

The National Brewing Co., lögskráð félag í Maryland, með aðsetur í 225 North Calvert Street, Baltimore, Maryland 21202, Bandaríkjum Norður-Ameríku.
Umboðsmaður: Páll Pálmason, lögfr., Þingholtsstræti 29, Reykjavík.
Allar vörur í 32. flokki. (Fl. 32).

Skrás. 1975, nr. 34. **Skráningard. 17. febrúar 1975.**

T 351/1974. Tilkynnt 4. nóv. 1974, kl. 14.05.

BETA-CARDONE

Duncan, Flockhart & Co. Limited, 16 Wheatfield Road, Edinborg, Skotlandi.
Umboðsmaður: Axel Einarsson, Aðalstræti 6, Reykjavík.
Efnablöndur í lyf fyrir menn og dýr. (Fl. 5).

Skrás. 1975, nr. 35. **Skráningard. 17. febrúar 1975.**

T 352/1974. Tilkynnt 4. nóv. 1974, kl. 15.09.

„FAY"

BUNZL PULP & PAPER LIMITED, 21/24 Chiswell Street, London E.C. 1 Englandi.

Umboðsmaður: S. Sigurjónsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Rvík.

Pappírsvörur, þar með talið sjálflímandi límband, pappírsmunnþurrkur og pappírsvasaklútar. (Fl. 16).

Skrás. 1975, nr. 36. **Skráningard. 17. febrúar 1975.**

T 353/1974. Tilkynnt 4. nóv. 1974, kl. 15.00.

„FAYTEX"

BUNZL PULP & PAPER LIMITED, 21/24 Chiswell Street, London E.C. 1, Englandi.

Umboðsmaður: S. Sigurjónsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Rvík.

Pappírsvörur, þar með talið sjálflímandi límband, pappírsmunnþurrkur og pappírsvasaklútar. (Fl. 16).

Skrás. 1975, nr. 37. **Skráningard. 17. febrúar 1975.**

T 111/1973. Tilkynnt 8. mars 1973, kl. 13.40.



Sölumiðstöð Hraðfrystihúsanna, Reykjavík.
Hvers konar hraðfrysta framleiðslu úr fiski. (Fl. 29).
Merkið óskast skrásett í hvers konar litbrigðum og hvers konar stærðum og gerðum.

Skrás. 1975, nr. 38. **Skráningard. 17. febrúar 1975.**

T 359/1974. Tilkynnt 12. nóv. 1974, kl. 11.40.

BACTRIMELAIN

F. Hoffmann-La Roche & Co. Aktiengesellschaft, Grenzacherstrasse 124—184, Basel, Sviss.
Umboðsmaður: Páll Pálmason, lögfr., Þingholtsstræti 29, Rvík.
Lyf, dýralækningalyf og heilsuverndarlyf; barna- og sjúkrafæðu, plástra, umbúðaefni; sótthreinsunarefni; efnablöndur til útrýmingar illgresi, meindýrum og óværu. (Fl. 5).

Skrás. 1975, nr. 39. **Skráningard. 20. febrúar 1975.**

T 336/1974. Tilkynnt 17. okt. 1974, kl. 13.22.



Justerini & Brooks Ltd., 61 St. James's Street, London, S.W.I., Englandi.
Umboðsmaður: Páll Pálmason, lögfr., Þingholtsstræti 29, Reykjavík.
Whisky. (Fl. 33).


Skrás. 1975, nr. 40. **Skráningard. 20. febrúar 1975.**

T 295/1974. Tilkynnt 29. ágúst 1974, kl. 09.00.

BENVENT

The Wellcome Foundation Limited, 183 Euston Road, London N.W.1., 2BP., Englandi.
Umboðsmaður: Faktor Company, Reykjavík.
Lyfjafræðilegar og læknisfræðilegar blöndur og efni, líffræðiefni. (Fl. 5).

Skrás. 1975, nr. 41. Skráningard. 20. febrúar 1975.
T 345/1974. Tilkynnt 28. okt. 1974, kl. 11.45.



A/S Jotungruppen, Sandefjord, Noregi.
Umboðsmaður: S. Sigurjónsson (Sigurjónsson & Þór), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Allar vörur í 2. flokki. (Fl. 2).

Skrás. 1975, nr. 42. Skráningard. 20. febrúar 1975.
T 346/1974. Tilkynnt 30. okt. 1974, kl. 15.15.



The Dow Chemical Company, Midland, Michigan, Bandaríki Norður-Ameríku.
Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson (Sigurjónsson & Þór), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Efnavörur til nota í iðnaði, vísindaþarfa, rannsóknum, ljósmyndun, jarðrækt, garðrækt, skógrækt, efnavörur notaðar við framleiðslu lyfsalavara, lyfja, gervi- og uppbyggðarkvoðu, plastefni sem duft, vökvi, eða deig til nota í iðnaði, tilbúinn

áburður, eldslökkvi-efnasambönd, efnasambönd til herslu og kveikingar, efnasambönd til varðveislu matvæla, efnasambönd til sútunar, bindiefni til nota í iðnaði. Bleikiefni og önnur efnasambönd til þvotta, efnasambönd til hreinsunar, fægingar, skúrunar og slípunar, sápur, ilmvötn, rokgjarnar olíur, snyrtivörur, hárlögur, tannhirðivörur, lykteyðingarefni til líkamshirðingar. Efnablöndur til nota sem lyf, lækninga og dýralækninga, hreinlætis, fæðu fyrir börn og sjúklinga, plástrar og efni til sáraumbúða, efni til tannfyllinga, vax til tannlækninga, sótthreinsandi og lykteyðandi efni, efni til að útrýma illgresi og meindýrum. Áhöld og tæki til vísinda- og rannsóknarstofunota, til nota við ljósmyndun, ljósfræði, vigtun, mælingar, merkjagjöf, reikning, útreikning, upptöku, eftirlits, tæki og áhöld til björgunar. Áhöld og tæki til skurðlækninga, lyflækninga, tannlækninga, dýralækninga (þar með talin gervilíffæri og hlutar til þeirra). Auglýsingaþjónusta og aðstoð við viðskiptastarfsemi. Leigusala alls konar verkfæra, útbúnaðar, véla, áhalda og tækja; vísindalegar og læknisfræðilegar rannsóknir, greining, skýrslu- og ráðgefandi þjónusta, þjónusta við rannsóknarstofur og læknisfræðilega prófun, gagnaúrvinnsla.

(Fl. 1, 3, 5, 9, 10, 35, 42).

Skrás. 1975, nr. 43. **Skráningard. 20. febrúar 1975.**

T 348/1974. Tilkynnt 30. okt. 1974, kl. 15.15.



CLAIROL INCORPORATED, 345 Park Avenue, New York, New York 10022, Bandaríkin.

Umboðsmaður: S. Sigurjónsson (Sigurjónsson & Þór), Óðinsgötu 4, Reykjavík.

Allar vörur í 3. og 5. flokki. (Fl. 3, 5).

Skrás. 1975, nr. 44. **Skráningard. 20. febrúar 1975.**

T 355/1974. Tilkynnt 6. nóv. 1974, kl. 14.30.

bmp
beiersdorf
medical
programm

Beiersdorf AG., Unnastrasse 48, D—2000 Hamburg, Þýskalandi.
Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson (Sigurjónsson & Þór), Óðinsgötu 4, Rvík.
Efnablöndur til nota sem meðul, meðul handa dýrum og efnablöndur til hreinlætis, sáraumbúða, sótthreinsunarefni. Áhöld og tæki til skurðlækninga, lyflækninga, tannlækninga og dýralækninga (hér með talið gervilimir, augu og tennur).
Merkið er skráð í litum. (Fl. 5, 10).

Skrás. 1975, nr. 45. **Skráningard. 20. febrúar 1975.**

T 356/1974. Tilkynnt 12. nóv. 1974, kl. 11.22.



SPORTFATNAÐUR

Umboðsmaður: Halldór Einarsson, umboðs- og heildverslun, Sólvallagötu 9, pósthólf 1015, Reykjavík.
Flokkur 25. (Fl. 25)


Skrás. 1975, nr. 46. **Skráningard. 20. febrúar 1975.**

T 354/1974. Tilkynnt 5. nóv. 1974, kl. 9.00.

LOMOFEN

G. D. Searle & Co., Niles Avenue and Searle Parkway, Skokie, Chicago, Illinois 60680, Bandaríki Norður-Ameríku.
Umboðsmaður: Faktor Company, Reykjavík.
Allar vörur í 5. flokki. (Fl. 5).

Skrás. 1975, nr. 47. Skráningard. 20. febrúar 1975.
T 360/1974. Tilkynnt 13. nóv. 1974, kl. 10.15.



John Dewar & Sons, Limited, Inveralmond, Perth, Skotlandi, og Dewar House, Haymarket, London, S.W., Englandi.
Umboðsmaður: Axel Einarsson, hrl., Aðalstræti 6, Reykjavík.
Vín. (Fl. 33).

Skrás. 1975, nr. 48. Skráningard. 20. febrúar 1975.
T 361/1974. Tilkynnt 13. nóv. 1974, kl. 13.15.

ARTHROBID

Merck & Co., Inc., 126 E, Lincoln Avenue, Rahway, New Jersey, Bandaríkjum Norður-Ameríku.
Umboðsmaður: Páll Pálmason, lögfr., Þingholtsstræti 29, Reykjavík.
Allar vörur í 5. flokki. (Fl. 5).

Skrás. 1975, nr. 49. Skráningard. 20. febrúar 1975.
T 362/1974. Tilkynnt 13. nóv. 1974, kl. 13.15.

DOLOBID

Merck & Co., Inc., 126 E, Lincoln Avenue, Rahway, New Jersey, Bandaríkjum Norður-Ameríku.
Umboðsmaður: Páll Pálmason, lögfr., Þingholtsstræti 29, Reykjavík.
Allar vörur í 5. flokki. (Fl. 5).

Skrás. 1975, nr. 50. **Skráningard. 20. febrúar 1975.**
T 364/1974. Tilkynnt 13. nóv. 1974, kl. 15.15.

"YAGO"

BODEGAS RIOJA SANTIAGO S.A., HARO (Logrono) — Spáni.
Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson, (Sigurjónsson & Þór), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Allar tegundir af vínum, þar með talin freyðivín, brennivín, anís, brandy (konjak) og allar tegundir af líkjörum og sterkum drykkjum. (Fl. 33).

Skrás. 1975, nr. 51. **Skráningard. 20. febrúar 1975.**
T 366/1974. Tilkynnt 15. nóv. 1974, kl. 14.40.

DIANA

Diana Shoemakers Limited, Doncaster Road, Leicester, LE4 6JP, Englandi.
Umboðsmaður: Árni Björnsson, cand. polit., Reykjavík.
Skófatnaður. (Fl. 25).

Skrás. 1975, nr. 52. **Skráningard. 20. febrúar 1975.**
T 365/1974. Tilkynnt 14. nóv. 1974, kl. 9.40.



GETTY OIL COMPANY, 3810 Wilshire Boulevard, Los Angeles, California, Bandaríkjunum.
Umboðsmaður: Árni Björnsson, cand. polit., Reykjavík.
Smurningsefni, olíur, fituefni, brennsluefni og frostlögur fyrir bifreiðar og til iðnaðar og vökva framleidda fyrir bifreiðar og iðnað. (Fl. 1, 4).

Skrás. 1975, nr. 53. **Skráningard. 20. febrúar 1975.**
T 369/1974. Tilkynnt 19. nóv. 1974, kl. 14.04.



BASF Aktiengesellschaft, Carl-Bosch-Str. 38, 6700 Ludwigshafen, Þýskalandi.
Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson (Sigurjónsson & Þór), Óðinsgötu 4, Reykjavík.

